

Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra

Áfangaskýrsla II



I. BINDI

Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis:

Ágústa Edwald, Jakob Orri Jónsson, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir



FS446-06192

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík

2010

Forsíðumyndin er af fjárborg í landi Reynifells (RA-284:026)

Fornleifastofnun Íslands 2010

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Bindi

I. INNGANGUR	5
II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
III. SKÝRINGAR	9
IV. FORNLEIFASKRÁ	11
RA-282 Keldur	11
RA-283 Túnga	90
RA-284 Reynifell	96
RA-285 Þorleifstaðir.....	115
RA-286 Rauðnefsstaðir	136
RA-287 Foss	149
RA-288 Árbær	161
RA-302 Geldíngalækur.....	177
RA-303 Gunnarsholt.....	210
RA-303b Gunnarsholt (Grafarbakki).....	233

II. Bindi

IV. FORNLEIFASKRÁ (FRAMHALD)

RA-304 Brekkur	
RA-305 Kornbrekkur	
RA-306 Ketilhúshagi	
RA-307 Helluvað	
RA-307b Gröf	
RA-308 Gaddstaðir	
RA-309 Varmadalur	
RA-310 Selalækur	
RA-311 Oddi	
RA-312 Kumbli	
RA-313 Vindás	
RA-314 Strympa	
RA-315 For	

RA-316 Lángekra
RA-317 Kragi
RA-462 Stóruvellir
RA-464 Borg
RA-465 Litli-Klofi
RA-661 Fornleifar á fleiri en 1 jörð
RA-664 Hekluhraun

V. BYGGÐ Á RANGÁRVÖLLUM

VI. MINJAFLOKKAR

Bæjarhólar og bæjarstæði
Kirkjur og legstaðir
Útihús og túngarðar
Stekkir, kvíar, réttir og smalakofar
Beitarhús, sel og fjárskýli
 Beitarhús
 Sel
 Fjárskýli
Mógrafir, kolagrafir, torfrista og hellutak
Myllur
Samgönguminjar
Minjar tengdar þjóðsögum og þjóðtrú
Áveitur

VII. VARÐVEISLA OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU

HEIMILDASKRÁ

VIÐAUKI 1: HNIASKRÁR Á ISN93

VIÐAUKI 2: ÖRNEFNAKORT INGÓLFS EINARSSONAR

VIÐAUKI 3: MINJAKORT

I. Inngangur

Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra er vel á veg komin og er nú fjórum áföngum lokið af nýu. Áfangaskýrsla II kemur út í því tilefni og í henni birtist afrakstur vettvangsvinnu þriðja og fjórða áfanga, sem fram fór sumurin 2008 og 2009.

Í þriðja og fjórða áfanga skráningarinnar voru samtals skráðar 994 fornleifar; 425 árið 2008 og 569 árið 2009. Frá upphafi hafa því verið skráðar 1895 fornleifar á svæðinu. Árið 2008 voru fornleifar skráðar á eftirtöldum jörðum: Árbæ, Keldum, Tungu, Rauðnefsstöðum, Þorleifsstöðum, Stóruvöllum, Litla-Klofa og Borg. Upphaflega stóð til að skrá eingöngu samfelld svæði í gamla Rangárvallahreppi en sveitarfélagið óskaði eftir að skráningaráætlun yrði breytt til hagræðis fyrir áætlanagerð. Það var gert og jarðir í Landmannahreppi (Stóruvellir, Litli-Klofi og Borg) skráðar fyrir en ráðgert var. Árið 2009 voru fornleifar skráðar á eftirfarandi jörðum: Foss, Reynifelli, Gunnarsholti, Kornbrekkum, Brekkum, Geldingalæk, Helluvaði, Ketilhúshaga, Grafarbakka, Gröf¹, Gaddstöðum, Varmadal, Selalæk, Odda, Langekru, Kumbla, Kraga og Vindási. Með þessari skráningu lauk skráningu á jörðum í gamla Rangárvallahreppi. Auk þessara jarða voru skráðar óstaðsetjanlegar fornleifar, fornleifar á fleiri en einni jörð og fornleifar í Hekluhrauni. Fyrir mistök voru nokkrar fornleifar sem tilheyrðu jörðinni Gröf RA-307b skráðar undir Vestari-Kirkjubæ RA-277 sumarið 2007 og eru þær birtar aftur í þessari skýrslu með réttu jarðanúmeri. Eins voru fornleifar utan heimatúns Oddhóls skráðar með Oddhól RA-274 sumarið 2007 en þar sem Oddhóll var hjáleiga Odda og átti ekki land utan heimatúnsins fyrir en á 20. öld tilheyra fornleifarnar heimajörðinni, Odda, og eru því birtar aftur í þessari skýrslu með réttu jarðanúmeri. Alls eru þetta 15 fornleifar og er því heildarfjöldi fornleifa í skýrslunni 1009. Langflestar fornleifar voru skráðar í landi Keldna eða 198 minjar. Skýringin á þessum mikla minjafjölda er margþætt. Jörðin er með þeim allra stærstu í hreppnum og þótt víðar væri leitað. Mikið af heimildum eru til um jörðina og hefur varðveisla upplýsinga á staðnum verið óvenjugóð þar sem sama ættin hefur búið lengi á jörðinni. Einnig voru margar fornleifar skráðar á Geldingalæk og eru þær 103 talsins. Að jafnaði voru hins vegar skráðar 36 fornleifar á hverri jörð.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangi eru tveir kaflar um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf (2. kafli) og aðferðir við fornleifaskráningu (3. kafli). Í fjórða kafla er svo ítarleg fornleifaskrá. Í henni er skrá yfir allar

¹ Gröf og Grafarbakki eru ekki lögbýli en hafa sérstök jarðanúmer undir þeim jörðum sem þær tilheyra. Ástæða þess að jarðirnar fá sérstök númer er sú að þær eiga sér langa sögu þó að þær séu ekki lögbýli í Jarðabók Johnsens.

þekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla er yfirlit um sögu byggðar á svæðinu og samantektir um helstu minjaflokka. Að lokum eru svo niðurstöður 3. og 4. áfanga dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (6. kafli). Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða auk örnefnakorta Ingólfs Einarssonar. Minjastaðirnir eru merktir á loftmyndir af svæðinu frá Loftmyndum ehf. Örnefnakortin eru varðveitt hjá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sædís Gunnarsdóttir gerði svæðisskráningu (heimildakönnun) fyrir Rangárvallasýslu árið 1999 og vettvangsskráningin byggði á henni. Fornleifafræðingarnir Ágústa Edwald, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir skráðu minjar á vettvangi sumarið 2008 en fornleifafræðineminn Jakob Orri Jónsson aðstoðaði við skráninguna. Kristborg og Ragnheiður sáu um að skrá minjar á vettvangi sumarið 2009. Kristborg sá einnig um samantekt efnis og ritun áfangaskýrslu. Lís Rut Björnsdóttir gerði fornleifakort. Við undirbúning vettvangsrannsókna var rætt við ýmsa heimildamenn og er þeim þökkuð aðstoðin.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

- f. gamlir þingstaðir, meintir hörugar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.

III. Skýringar

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:RA-123:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður

tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá

RA-282 Keldur


60 hdr til forna en síðan 40 hdr og 1711 aðeins 20 hdr. JÁM I, 238. 1847, Kirkjustaður. Jörðin nefnd í Njálssögu XII, 71. aq. 1186: Teitr prestur Hauksson bjó Þar; Guðmundarsaga dýra, Sturlungasaga, 161. c. 1190: Jón Loftsson lét ... smíða kirkju ok klaustrhús fyrir norðan Læk, at Keldum, ok ætlaði sjálfr í at ganga, en engir urðu menn til ráðnir. - sagt að helga ætti Jóhanni baptista - þá er Jón kom til Keldna, tók hann bráðliga sótt ... e. 1197: Eptir dauða hans lét Sæmundr sonr hans um sína daga bæta fyrnd kirkjunnar ok húsanna. e. 1222: En at honum liðnum skiptu synir hans kirkjunni ok húsunum ofanteknum, sem sínum föðurarfi; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 293 c. 1200: Jarðarinnar er getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 7. [1332]: Máldagi kirkjunnar. "Paals kirkia aa keldum a fiordung j heima landi oc halft sandgil." DI II, 693 [1367]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 217 [1371]: Máldagi kirkjunnar. DI III, 264-265; DI IV, 85-86. 1547: Máldagi kirkjunnar DI XI, 542-543 1548: Fjörumörk Keldnakirkju. Kirkjan 6 hndr faðma fjöru og væru 3 hndr fyrir Krossi og 3 hndr fyrir Hallgeirsey. "Eru Eystri mörk austasta husid a minni Holldisey fast I vestanverdan minna þrijhyrning. hinu vestri mörk vestasta husid I Hallgeirsey ber I Þrijhyrningsháls austanverdan þar sem hann ber lægstan. er það hinn stærri Þrijhyrningur." DI XI, 630. [1491-1518]: Máldagi kirkjunnar. "Kirkia sancti pauli apostoli a keldum a nv alla iordina stockalæk." DI VII, 40. [1553]: Máldagi DI XII, 654 1575: Máldagi DI XV, 662-663: Landnámsjörðin Sandgil innan marka Keldna. ÍF I, 356. "Heimildir um elstu byggð á Keldum er að finna í Njálssögu þar sem sagt er frá Ingjaldi Höskuldssyni er þar bjó fyrir og eftir 1000, en elsta samtímaheimild sem getur bæjarins er kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 og litlu yngri eru Oddaverjaþáttur í Biskupasögum og Guðmundarsaga dýra í Sturlungu. ... á síðari hluta 12. aldar er Jón Loftsson í Odda var eigandi jarðarinnar. Sæmundur í Odda, sonur Jóns, hefur erfð jörðina eftir hann og átti hann þar bú sem frilla hans, Keldna-Valgerður stjórnadi, en að Sæmundi látum kom jörðin í hlut Hálfðanar á Keldum sonar hans. Árið 1332 var kirkjan á Keldum orðin eigandi að fjórðungi heimalands. Líkur benda til þess að Óli Svarthöfðason prestur í Odda hafi átt Keldur á síðari hluta 14. aldar og má vera að hann hafi verið niðji Hálfans Sæmundssonar og jörðin gengið í erfðir. Fyrir 30. maí 1434 hefur Oddur Þórðarson, leppur lögmaður á Ósi í Bolungavík eignast Keldur því þann dag á Mýrum í Dýrafirði gaf hann dóttursyni sínum Skúla Loftssyni "jörðina Keldur er stendur í króki millum Rangá." Eiríkur Þorsteinsson sem bjó á Keldum langan aldur hefur vafalaust átt jörðina og dóttir hans Steinunn erfð hana því 1. ágúst 1546 seldi maður Steinunnar Þorleifur Pálsson lögmaður á Skarði á Skarðsströnd, Birni syni sínum Keldur með samþykki konu sinnar. Sonar Björns, Eiríkur á Keldum, hefur síðan eignast jörðina og við skipti eftir hann 11. sept 1614 kom hún í hlut sonar hans Torfa á Keldum. Guðmundur á Keldum, sonur Torfa, átti jörðina, er hann lést og við skipti eftir hann 3. júní 1670 erfði hana sonur hans Jón á Keldum. Jón átti Keldur til æviloka 1681 en þá erfði Torfi bróðir hans jörðina. Torfi lést árið 1700 en að honum látum giftist ekkja hans Kristín Jónsdóttir Sigurði Sigurðssyni í Eyjum í Kjós og var hann eigandi Keldna 1711." VS: Rangvellingabók, 199. Tunga og Króktún hjáleigur í JÁM en Króktún var komið í eyði 1803. Skógarítök eru í Bjölfelli að vestan í Næfurholtslandi og á Næfurholtsjörðu í Bakkaskógi og Filtingaholt og Sandholti í Landmannahrepi. Jörðin á einnig fjörustúf í Hallgeirseyjarlandi, ekki er vitað hvort ítökin tilheyrir jörðinni eða kirkjunni. JÁM I, 238-239 1840: "Kirkjan á Keldum á fjórðung í heimalandi og jarðirnar Stokkalæk, Reynifell, Rauðnefsstaði, 1/2 Sandgil (nú í eyði) og Kornbrekkur og þessi ítök: Torfskurð í Strandarjörð neðri, hellunám í Kirkjubæjarlandi eystra, 6 hndrða fjöru er liggur fyrir Krossi og Hallgeirsey, Fitjaskóg fyrir norðan Mógil, afrétt í Norðurkinn (þessi 2 síðastnefndu ítök vita menn varla, hvar eru)." SSR, 157-158. "Jörðin er hin víðlendasta í Rangárvallarhreppi, en aðeins hluti af landi hennar gróinn og er það mest mólendi og hraun, gott til sauðfjárbeitar. Mikill hluti Keldnaland er blásið hraun og er mestur hluti þess innan sandgræðslugirðingar, nú nokkuð tekin að gróa ..." SB V, 78

1711: "Túni og högum spillir sandur, sem á fýkur í veðrum. Engjar eru ekki fyrir utan teig nokkurn eður engjapláts í Þykkvabæjar landi, kallað Keldna engi ..." JÁM I, 239 1840: "Útigangur hinn besti fyrir sauðfé og landrymi afar mikið. Heyskapur er þar líka nokkur í góðum árum, einkum melaslægjur. Jörðin liggur undir miklum áföllum af sandi og gengur víða af sér, en aftur sumsstaðar grær upp og batnar." SSR, 155. Endurmat Keldna 1884: "Það sem eftir er af túni jarðarinnar liggur nú fyrir bráðri eyðingu. - Öll landareignin fyrir norðan og austan bæinn er nú um hásumarið eins og svart sandhaf yfir að líta og hvergi með hreinni grasrót, á stöku stöðum eru nokkrir sundurslitnir meðli vaxnir blettir á stangli og sandspilltar grastóir hingað og þangað. Á svonefndu Eldiviðarhrauni er hagaspilda mestpart vaxinn mosa og lyngi, en er undirorpin sandblástri bæði að austan og sunnan. Líka er ennþá nokkuð haglendi á hinni svokölluðu Réttahæði og Knafhólahæði, en á báðum stöðum, þó einkum þeim síðarnefnda, er það rótlítið, sandspillt og liggur bersýnilega fyrir bráðri eyðingu. Hagblettir eru líka suður við Rangá, fyrir austan Keldnalæk. Öll þessi landareign er orðin kvistlaus að kalla. Króktúnsheiði milli Keldnalækjar og Stokkalækjar er nokkuð spillt á tveim stöðum og lítur út fyrir að þau spjöll fari vaxandi. Land hjáleigunnar Tungu er óspillt ennþá." VS: Rangvellingabók 203-204. Fasteignamat 1940:

"Tún: Þurrlegt og slétt. Jarðvegur: Sendinn og harður. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar, snöggar, þurrar. Beitiland: Mjög víðlent mólendi og hraun gróin og blásin. Gott fyrir sauðfé og allgott fyrir gripi." VS: Rangvellingabók, 203.-204. "En ekki eru nytjar þessa lands í hlutfalli verið stærðina. Meginhluti þess eru blásin hraun og öræfi. Graslendið, sem heita má, er aðeins eftir fremst í landareigninni, þar sem ár og lækir hlífa; örlítið brot af því, sem áður var. Túnið er geiri sem gengur úr í sandauðnina, blásið langt fram með því til beggja hliða. Tilvera þess er mannhendinni að þakka. Síðla á 19. öld og 20. hefur það margoft verið þakið sandfönnum, og ekið af því hundruðum vagna af sandi, og mætti segja, að það hefði næstum verið teigalagt með skóflu. 1882-8 og 1917 munu mestu sandárin. Þá brunuðu sandfannirnar fram af öllum hæðadrögum í túninu og mannvirkjum, húsum, tröðum, gördum o.s. frv. En lík barátta hefir staðið lengur. Árið 1682 er farið að fjúka á Keldnatúnið. Síðan mun það stöðugt, þó áraskefti sjeu að. Hundrað árum síðar, 1787, eru sandfannirnar orðnar óviðráðanlegar undir gördunum, þó hreinsað sje oft á ári; og enn hundrað árum síðar, 1882-8, þá yfirlíkur að öllu með innhaga. ... Fram að þeim tíma (um 1880) var enn mikið af heiðalöndum innanvert við lækinn. Var það afbrigðagott beitiland, vaxið kjarnmiklu grasi, allskonar lyngjurtum, hnjúhám víðirunnum og grávíði, birki á stöku stað. En nú er það allt horfið á braut." HS: Árbók 1937-1939, 114.

RA-282:001 *Keldur* bæjarhóll bústaður

63°49.296N 20°04.430V



Gamli bærinn á Keldum er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Hann er sunnan núverandi bæjarhúsa á jörðinni, fast norðan og vestan við kirkjugarð 002.

Sunnan við bæinn rennur bæjarlækurinn og handan hans eru slétt tún. Norðan við bæinn er malarplan og innkeyrsla að núverandi bæjar- og útihúsum.

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar um Keldur á Rangárvöllum segir: "Elzta úttekkt á Keldum, sem nú þekktist, er frá 1817, þá er Páll Guðmundsson tók þar við ábúð af móður sinni, og er þannig, í ágripi: 1. Baðstofa 4 stafgólf, 8 stafir stuttir, 2 langir, 5 sperrur, 2 bitar, syllur

og áfellur. Langfjalir móti rúmunum í innsta stafgólfi, þar er fjalagólf og þil fyrir með læstri hurð, þar er og fjala-árefti, en raftar með hellu í þekju á hinum stafgólfunum þremur. Aths. [...] Enginn gluggi er nefndur, en lítill gluggi mun þá hafa verið á (austur?) gafhláðinu, í hjóna herberginu, og sennilega skjágluggaugu á þekju yfir rúmunum í hinum hlutanum, þiljulausa. 2. Göng, frá baðstofu (til bæjardyra). Þvertré tvö með dvergum og mænitröðu, langraftar og viðartröð gamalt. Hurð á járnum og 1 fjöl við hvorn dyrastaf, en annan þeirra vantar. Baðstofa og göng stæðileg að viðum og veggjum. 3. Búr, 3 1/2 stafgólf, 6 álnir á vídd, 10 langstafir, 5 bitar og sperrur, syllur og áfellur, langbönd og reisifjöl á öllu húsinu, en sloppin af mæniás öðrumegin. Af austurgafhláði er staura upprefti í innstu sperru. Þil og læst hurð fyrir húsinu. Reisifjölin er feyskin og sperrur hallast lítið



Gamli bærinn 001 og kirkjan 002 á Keldum, horft til norðausturs

eitt inn á við. Veggir stæðilegir. Ofanálag 4 rd. 4. Skáli, 3 stafgólf. 5 1/2 alin á vídd, 8 langstafir og 4 bitar og sperrur, syllur og áfellur, langbönd tvö á hlið og mæniás tvöfaldur, reisifjöl á öllu húsinu, þil undir bita með hurð, en án hurðar yfir bita. Stafirnir fremstu eru fúnir að neðan, af mold úr veggjum. Reisifjölin er fúnir undir tveimur gluggum, 4 fjalir, 1 langband svignað og lítið bilað. Stafur einn hefur gengið inn að neðan og veggur fallinn í einu stafgólfi öðru megin. Álag 6 rd. [...] 5. Önd og bæjardyr, með lofti 3 1/2 faðmur á lengd, 3 1/2 alin á vídd, 6 stafir, 5 bitar (1 veikur og stuttur). Súð á 3 sperrum á dyralofti, en reisifjöl yfir öndinni, með 4 langtrjám að norðan og 2 krókrtrjám á móti, langbönd 3 á hlið, mæniás og stuttraftar. Þil með læstri hurð er fyrir dyralofti og standþil á frumstafni, með lokaðri hurð og glerglugga á loftinu. Þiljað er kringum loftstigan, með hurð á járnum. Húsið er stæðilegt. [...] Næsta úttekkt er 16 árum síðar [1833] [...] 1. "Baðstofa, sem nú er brúkuð fyrir eldhús," 4 stafgólf, 10 álnir á lengd og rúmur faðmur á vídd, 6 langstafir og 4 stuttir. Yfirgerðin slík sem áður. Húsið stæðilegt. - Stærðin mun lík og áður, en breytt hefur húsinu verið og byggt upp, eins og stafirnir

sýna, er áður voru 2 langir og 8 stuttir. 2. Göng 1 1/2 faðmur á lengd, uppgerð sama og áður. Veggur bilaður. Álag 5 fiskar. 3. Búr, eins, gallað. Álag 60 fiskar. 4. Skáli, sömuleiðis. Álag 25 fiskar. 5. Önd og bæjardyr, stigaumbúnaður bilaður. Álag 15 fiskar. [...] Baðstofan, sem hér er svo kölluð, en orðin að eldhúsi er ennþá, ásamt göngunum á sama stað og með líku lagi. Gluggaborur 2, litlar mjög, voru þar fyrst í mínu minni, á suðurþekju og vesturgafli. Nú einn dálítið stærri, vestanvert. Við vesturgافل, upp frá göngunum, sem eru móti miðjum bæjardyrum, er útskot til norðurs, rúmlega 1 ferfaðmur, þar eru tvenn hlóð, með stórum öskustóm undir, og 2 strompar yfir." Í úttekt Brynjúlfs Jónssonar á bænum á Keldum í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá árinu 1900 segir: "Á Keldum á Rangárvöllum er enn til forn skáli frammi í bænum. Hann snýr frá austri til vesturs, en bærinn snýr móti suðri, og ganga bæjardyrnar inn í suðurhlið skálans. Er sá hluti hans, sem austur gengur frá dyrunum, nú notaður fyrir búr, en vesturhlutinn er hafður fyrir göng til stofu. Bæði búrið og göngin eru skilin frá bæjardyrnum með þili, þar á eru dyr, aðrar inn í göngin, hinar inn í búrið, hvorar móti öðrum, og eru bogamyndaðar að ofan. Bæjardyrnar eru 5 1/4 al., á lengd, 3 1/2 al. á vídd inn þangað, sem skálaþilin taka við, en milli þeirra er 4 1/2 al., sem er eiginlega hluti úr lengd skálans. Austurendi skálans, sem nú er búr, er 6 al. langir, en sá hluti, sem hafður er fyrir göng, er 6 1/2 al. langur. Hæð undir bita er 3 al. 10 þuml, en lengd bita 6 al., á þykkt eru bitar nær 8 þuml. Undir endum þeirra eru stafir mjög digrir. Baktill að ofan eru greyptar í þá syllur, 10 þuml. breiðar, og nær 3 þuml. þykkar með nótu að neðan til að greypa þiljur í. Risið er gjört með sperrum og eru kjálkarnir nálæga 4 al. langir, 8 1/2 þuml. breiðir og um 3 1/3 þuml. þykkir. Bitar, syllur og sperrukjálkar eru með kýlingarstrikum. Ofan á syllunum uppi við ræfið eru áfellur, viðlíka breiðar og syllurnar sjálfar. Langbönd hafa áður verið greypt í sperrukjálkana, en liggja nú utan á þeim, en reisifjöl þar ofan á í stað súðar. Loft er í þeim hluta skálans sem fyrir göng er hafður, og eru nál. 3 ál til mælis af loftinu. Í búrinu er ekki loft nú. Af því eigi þarf svo víð göng sem skálinn er víður, er gjört skilrúm eftir þeim hluta hans, og eru göngin með norðurveggnum, en sunnanmegin hefir verið hafður vefstaður. Er þar gluggi á veggnum og skilrúmið þannig opið, að hann ber líka birtu í göngin. Við vesturenda hans er þil og dyr til stofunnar, sem auðvitað er. Sagt er, að hann hafi áður náð miklu lengra vestur, og hafi verið tekið af honum og viðirnir fluttir að Barkarstöðum. Allir viðir skálans eru eintómt rekatré og eru enn ófúnir, jafnvel reisifjölin. Vita menn þó ekki, hve gamlir þeir eru, því þó skálann hafi þurft að endurbæta að veggjum eða þekju, hafa sömu viðir ávalt verið notaðir áfram; vita menn eigi til, að í þá hafi verið bætt nema 1 bita í búrið. Er sá bita auðþekktur, því hann er óheflaður og á honum ártalið, þá er hann var látinn þar, nl. 1789. Og í landsskjálftanum 1896 brotnaði sperra og var önnur ný látin í staðinn og ártalið skorði á hana. - Þó sú gerð, sem skálinn hefir nú, sé að líkindum eigi hin upprunalega, þá er hún þó mjög gömul og ber vott um það, hve bygging var traust og vönduð fyrrum." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir um Keldnabæinn: "Bærinn stendur nálæga á miðju túni. Bæjarröndin er 53 m. á lengd; snúa 7 hús, íbúðir og skemmur, stöfnum fram (skálinn langs við). Íbúðin er undir jární, en önnur hús árefti og hellu, með vallgrónum þekjum. Öll er byggingin rammyggileg. Að baki þeirra er Húsagarðurinn [185], samhliða skálanum, baka-til, er gömul baðstofufóft; hefur verið gengið beint inn úr bæjardyrnum. Ekkert gripahús er nálægt bænum. Húsabærinn náði áður töluvert lengra austur." Í rannsóknaskýrslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1999 segir um bæinn: "Nýja hús: Árið 1937 byggðu Lýður Skúlason og Jónína Jónsdóttir nýtt íbúðarhús úr timbri, alklæddu bárujární og varð Vesturskemman þá að lúta í lægra haldi og var rifin. Árið 1985 festi Þjóðminjasafnið kaup á Nýja húsi og á árunum 1992 og 1997 fóru fram umfangsmiklar viðgerðir á því. Það þjónar nú sem aðstaða fyrir vinnumenn þá sem sinna uppbyggingunni á Keldum [árið 2008 var húsið nýtt sem aðstaða fyrir safnvörð og leiðsögumann]. Baðstofa: Páll Guðmundsson (1817-28) mun fyrstur hafa byggð baðstofu við vesturenda skálans, þar sem baðstofan er nú. Húsið er tvílyft og er sjálf baðstofan á efri hæðinni; loftbaðstofa. Á neðri hæðinni er stofa, gestaherbergi og svokallað Piltaherbergi, en þar sváfu vinnumenn. Árið 1891 var hún öll endurbyggð. Stiginn upp í baðstofu var þá færður að austurhliðinni, nýr og járnfóðraður, en áður hafði hann verið vestan megin þar sem gestaherbergið er nú. Þá var Vesturskemman sem staðið hafði fast samhliða vesturvegg baðstofunnar færð til vesturs og sameinuð útielldhúsinu, sem stóð fast vestan við skemmuna. Útielldhúsið var þá rífið. Við þetta myndaðist sund milli baðstofunnar og Vesturskemmu. Þá voru gluggarnir settir á gestaherbergið og Piltaherbergið í vesturvegginn. Torfpallur, sem verið hafði undir gluggum í stofunni, var tekinn burt og sett standþil niður í gólfhæð. Uppi var norðurgafhláð baðstofunnar rífið en gaflinn þiljaður þess í stað og settur í hann gluggi. Glugginn uppi við vesturvegginn var stækkaður en þar undir var kaffiborðið sett. Hjörtur snikkari smíðaði baðstofuna að mestu leyti og rúmstæðin voru smíðuð á ný. Við þessar framkvæmdir árið 1891 var þekjan járnklædd og sennilega hafa báðir stafarnir verið klæddir jární árið 1910 og kom það í stað listapils áður. Baðstofan er að heita má óbreytt síðan. Vesturveggur og austurveggur í Piltaherbergi voru mjög farnir að riðlast. Í Piltaherberginu var veggurinn genginn inn í þilin. Gera þurfti við þiljur, fúa undir stoðum, gólfbita, bæði í Piltaherbergi og inni í stofu, og báða stafnana vegna fúa. Skáli, bæjardyr og búr: Skálinn ásamt bæjardyrum og búrinu er óhætt að segja að séu elstu hús landsins. Í Þorlákssögu helga er sagt frá því að Jón Loftsson hafi látið smíða kirkju og klausturhús fyrir norðan læk á Keldum. Allt fram á síðustu öld sáust leifar af bæjarrústum sunnan við lækinn, en nú er þar aðeins lítill bali eftir [150]. Það má því ímynda sér að fyrst þá hafi skáli verið byggður norðan við læk og standi nú á þeim stað sem hann var upphaflega settur. Við fornleifarannsókn sumarið 1998 var tekið snið í gegnum þveran skálann þar sem jarðgöngin tengjast honum. Gólflogin ná um 1,40 m niður

og er það neðsta sennilega frá 12.-13. öld. Jarðgöngin munu tilheyra þessu gólflagi. Elstu gólfín í skálanum á Keldum bera merki þess að á þeim voru svokallaðir innstafir, þ.e. tvær stoðaraðir, sín hvoru megin við miðju hússins, gangvegur á milli þeirra, en set upp við veggina. Grindin hefur því verið með ásauppgerð, sennilega þriggja ása, með vaglbita og dverg. Slík grindagerð hefur tíðkast á Þjóðveldisöld, allt frá landnámi Nú er Keldnaskáli hins vegar með sperruþaki sem er talin yngri gerð. [...] Hlóðaeldhús: Fljótlega eftir að Páll Guðmundsson byggði baðstofu sína vestan við skálann hefur gömlu baðstofunni sem þá var, verið breytt í hlóðaeldhús. [...] Útielldhús, sem stóð allt til 1891, hefur þá misst hlutverk sitt. [...] Innsta stafgólfið hefur verið þiljað af, líklega fyrir húsbændur. Hús þetta er enn með svipuðu lagi og það hafði þegar það var notað sem baðstofa. Í vesturendanum er útskot til norðurs og þar voru hlaðnar tvennar hlóðir [sbr. úttekt að framan]. Um 1880 var gerð renna eftir endilöngum göngunum til þess að fá undirblástur inn í aðal öskustóna. Austurhluti hússins er nefnd Taðstál, en þar var geymd þurrkuð kúamykja sem notuð var sem brenni. Taðinu var komið í hús gegnum op innst á norðurþekjunni. Eldhús þetta var notað fyrir eldamennsku allt til 1914, eða þar til Skúli Guðmundsson lét útbúa nýtt eldhús í vesturenda skálans. [...] Árið 1957 hrundi þessi bygging, og var hún þá endurbyggð [...] en veggirnir í göngunum að eldhúsinu voru hins vegar hlaðnir árið 1971. [...] Stóraskemma: Stóraskemma stendur næst búrinu og hefur sennilega borist til Keldna sem arfur þriðju konu Guðmundar Brynjólfssonar, Þuríðar Jónsdóttur árið 1852. Skemman mun hafa verið smíðahús föður hennar, Jóns Sigurðssonar (d. 1850). [...] Skemman var líklega sett þar sem smiðjan hafði staðið. Árið 1994 var Stóraskemma gerð upp, allir veggir hlaðnir og grindin smíðuð á ný úr rekavið. Litlaskemma: Litlaskemma gekk upphaflega undir nafninu Austurskemma. Þegar Guðmundur Brynjólfsson giftist annarri konu sinni, Guðrúnu Pálsdóttur Guðmundssonar frá Keldum árið 1833, var Austurskemman flutt frá Króktúni og sett austur fyrir bæjarhúsin, "óvíst á núverandi stað" [segir í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta Smátt.]. Litlaskemma var öll uppgerð árið 1994. [...] Smiðja: Árið 1833 þegar Guðmundur Brynjólfsson fluttist að Keldum, mun ekkert hús hafa staðið austan við búrið nema smiðjan og hefur þá sennilega staðið samföst búrinu, þar sem stóraskemma stendur nú. Við fornleifarannsókn sumarið 1997 kom í ljós að smiðjan hefur staðið tiltölulega skamma stund þar sem hún nú er [...] Smiðjan sem nú stendur var gerð upp sumarið 1997. [...] Hjallur: Hjallurinn stendur austast í bæjarröðinni og er aldur hans óviss, en hann er sennilega frá árabílinu 1834-1850. [...] Hjallurinn tók nokkrum breytingum árið 1891, en þá var ákveðið að loka norðurstafrinum. Þar var sett listapil og hleri á lamir, til þess að halda gegnumtreknum. Aður hafði verið þar rimlapil líkt og að framan. Fyrir rimlana að framan voru smíðaðir lausir hlerar. Árið 1910 var hjallinum síðan lokað alveg, er Vesturskemmuhurðin var sett fyrir dyraopið [...] Stafnpil á hjalli, smiðju og Litluskemmu voru endurnýjuð árið 1961 og tók hjallstafrinn þá verulegum breytingum. [...] Hjallurinn var síðan allur gerður upp sumarið 1997." Bænum á Keldum er vel við haldið og kemur lýsingin í rannsóknaskýrslu Þjóðminjasafnsins heim og saman við bæinn eins og hann er nú (2008), að stærð og lögun. Hann er um 53 m langur og um 15 m breiður og snýr nálega austur-vestur. Bærinn hefur látið á sjá í jarðskjálftum síðari ára, sérstaklega skemmdist hann í skjálftanum árið 2000. Bærinn er ekki á eiginlegum hól og umhverfis hann er slétt flöt. Ekkert túnakort virðist hafa verið gert á Keldum á árunum 1915-1920 eins og þekkt víðast hvar um landið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 159-161; BJ: Árbók 1900, 7-8; HS: Árbók 1937-1939, 115-116; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 8-12.

RA-282:002 kirkjugarður kirkja

63°49.293N 20°04.415V



Kirkja og kirkjugarður 002, horft til VNV

Kirkjan sem nú er á Keldum var byggð árið 1875. Hún er um 10 m sunnan við austurenda bæjarraðarinnar 001. Kirkjan er vestarlega í kirkjugarðinum.

KELDUR Á RANGÁRVÖLLUM (R) -Páli

aq. 1186: Teitr prestur Hauksson bjó Þar; Guðmundarsaga dýra, Sturlunga saga, 161 [sbr. Konungsannáll, IA 119] c. 1190: Jón Loftsson lét ... smíða kirkju ok klaustrhús fyrir norðan Læk, at Keldum, ok ætlaði sjálfir í at ganga, en engir urðu menn til ráðnir. - sagt að helga ætti Jóhanni baptista - þá er Jón kom til Keldna, tók hann bráðliga sótt [...]. e. 1197: Eptir dauða hans lét Sæmundr sonr hans um sína daga bæta fyrnd kirkjunnar ok húsanna. c. 1200: Kirknaskrá Páls, DÍ XII 7

e. 1222: En at honum liðnum skiptu synir hans kirkjunni ok húsunum ofanteknum, sem sínum föðurarfi;


Þorlákssaga yngri, Bsk I, 293.

[1332]: Keldur.

Paals kirkia aa keldum a fiordung j heima landi oc halft sandgil. vjc. j busgagni oc eina ku. messuklædi iiij oc ij

hokla lausa. ij. sloppa. alltarisklædi iiij. med dukum. kantara kapur iiij. oc lektara duk. kaleka ij. tiolld vmmhuerfis kirkiu. munnlaugar ij oc klofa. kertistikur v. oc hin vj. stor med jarn. skrin med helgum domum. krossa iiij oc lecktara. mariuskripter ij. einn glerglugg. peturs skrift oc pals skrift. kluckur vij. xiiij merkur vax oc mork reykelssis. glodarker ij. oc elldbera. baksturjarn. messufatakistu olæsta. merki ij. fontz vmbuning. cccc j bokum. Máld. DI II 693.

[1367]: xxv. Palskirchia as Keldum a fiordung j heimalandi og halftt sandgil þesse maldage er halfu leingre j Vilchinsbok. enn ber allt saman það sem badar hallda. Hítardalsbók DI III 217.



[1371]: LXVII. Kielldur.

Palskirchia ad keldum. a fiordung j heimalande og halftt sandgil. vjc j Bvsgagni oc eina kv. messuklædi fern oc. ij. hokla lausa. ij. sloppa. alltarisklædi. iiij. med dvkum. kantara kapur. iiij. oc lectara dvk. kaleika. ij. tiolld vmmhuerfis kirkiu. munnlaugar. ij. oc klofa. kiertistikur. v. oc hin sietta stor med jarn. skrinj med helgum domum. krossa. iiij. oc lectara. Mariuskripter. ij. einn glerglugg. Pieturs skript oc paals skript. kluckur. vij. xiiij. merkur vax oc mork reykelssis. glodar kier. ij. oc elldberi. baksturjarn. messuklæda kistu olæsta. merke tvo. fontz vmbuningur. cccc. j Bokum. Sira Ole lagde til. ij kyr. kross smelltann oc kaleik gylltann. vegur vel. x. aura. Hun a vmm þat framm sem j maldaga hennar er skrifad jord er Reynifell heiter sem er .xxc. og .iiij. kugilldi med sem gaf Salgierdur heitin. Jtem .v. kugilldi oc ij. hestar [+torfskurð, hellunám, fjöru, skóg og afrétt, og frekari ornamenti] portio Ecclesiae vmm næstu .xviij. är .iiij. merkur aa hveriu are. fellur nidur oll firir kirkiu vppgiord. var kirkian virð firir xxc. Vilchinsbók Máld DI III 264-265; DI IV 85-86 [JÞ telur að línan um síra Óla hafi staðið í Hítardalsbók og að hitt sé viðbót

Vilchins. Ef það væri skrifað 1397 þá ætti Hít. að vera frá 1370]

17.4.1547: Máld. DI XI 542-543

[1491-1518]: Kirchia sancti pauli apostoli a keldum a nv alla iordina stockalæk. Máld DI VII, 40 [AM 257 4to; AM Apogr. 2658]

[1553]: Máld. DI XII 654

1575: Máld. DI XV 662-663

1709: Þar er alkirkja og embættað hverja tvo helga daga að tveim hlutum við Gunnarsholt; JÁM I: 238.

8.11.1859: Stórólshvolsprestakall lagt niður og sóknin lögð undir Keldur; (PP, 62) [bréf stiftsýfirvalda].

27.2.1880: Keldna- og Stórólshvolssóknir lagðar undir Odda; (PP, 63) [lög]. Kirkjugarðurinn á Keldum er um 36x60 m stór og snýr austur-vestur. Hlið er á garðinum á miðjum vesturvegg. Kirkjan er vestarlega í garðinum og er um 6x10 m stór, bárujárnsklædd timburbygging. Suðurhlið kirkjugarðsins er girt með jarngirðingu en hlaðnir torfveggir eru á aðrar hliðar. Þeir eru hæstir um 1,5 m, að norðan. Vera má að girðingin sem nú markar suðurhlið garðsins sé ofan á eldri hleðslum sem hafi sigið enda er bratt niður að bæjarlæknum sunnan við garðinn. Garðlag um 10 m norðan við girðinguna, austast í garðinum bendir hinsvegar til þess að garðurinn hafi verið stækkaður til suðurs, að minnsta kosti austurhluti hans. Garðlagið er um 10 m langt og hlið er á því miðju með hlöðnum tröppum upp í garðinn. Garðlagið er um 1 m hátt. Engin leiði eru í nýja hluta garðsins en annars staðar eru þau þétt, þau elstu líklega fast austast við kirkjubygginguna. Í rannsóknaskýrslu Þjóðminjasafnsins eftir Þór Hjaltalín segir: "Ásmundur Jónsson prófastur í Odda vísitaraði Keldnakirkju þann 15. september árið 1876 og lýsir þá kirkjunni á þessa leið: "Byggð 1875, öll af tvöföldu timbri, með krossbundinni, öflugri grind. Stendur á grundmúr úr góðu grjóti, sem er grafinn rúma alin niður og tekur alin yfir jörð. Lengd kirkjunnar 10 stafgólf, 15 1/2 alin inni, vídd milli þilja 8 álnir 7 þumlungar, hæð af gólfi undir loft 4 1/2 alin. Trébitar 5 undir loftinu (5 stafgólf) og 1 jarnbiti innar í miðju (með skrúfuðum róm að jarnplötum, utan veggja). Skarsúð yfir loftinu, en (súð og) hvelfing innar, með þili, hurð á hjörum við loftið og geymsluloft á skammbitum. [...] Yfir höfðu er í alla staði smíði og litur kirkjunnar sérlega fagurt og vandað. [...] Turninn er sterklega krossbundinn og rambhöld öflug fyrir klukkurnar 3. Trékross er á turninum og af toppi hans 32 fet niður að grundmúr." Kirkjan hefur tekið nokkrum breytingum síðan að Ásmundur lýsti henni. Árið 1898 var turn, þak og suðurhlið kirkjunnar klætt bárujárni og var það gert sérstaklega til varnar sandfoki. Áður þurfti að bika kirkjuna árlega vegna sandfoks. Jarðvegspykknun hefur einnig verið þar mjög hröð og nauðsynlegt að stinga frá grunni kirkjunnar svo jörðin næði ekki í timbrið. Kirkjan var síðan alklaedd járni að utan árið 1917. Keldnakirkja var bændakirkja allt til ársins 1947, að söfnuðurinn tók að sér umsjón hennar. Kirkjan er nú mjög farin að láta á sjá en fyrirhugaðar eru viðgerðir á henni sumarið 1999 undir umsjón Húsafriðunarnefndar ríkisins." Kirkjan er bárujárnsklædd og máluð og virðist vera í góðu ásigkomulagi (2008).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Konungsannáll IA 119; Sturlunga saga, 161; DI II-IV, VII, XI, XII, XV; Bsk I, 293; JÁM I, 238; PP,

RA-282:003 gripir

63°49.389N 20°04.557V

Þjóðminjasafn Íslands á sverðhnapp sem safninu barst frá Keldum. Í Kuml og haugfé segir: "Þjms. 8844: Knappur af sverði. fimmskiptur, afbrigði af S-gerð, sbr. Sverd 115, sem er þó ekki alveg eins. Frá 10. öld, sbr. Hafurbjarnastaðasverðið. - Fannst fyrir norðan svonefndan Hólavöll í túninu á Keldum, um 8 álnir neðan við grasrót, en áfok er þarna mikið." Óljóst er hvar nákvæmur fundarstaður var en samkvæmt lýsingu er líklegt að hann hafi verið skammt norðan við Hólavöll, um 40 m suðvestan við þar sem túngarður 026 endar norðan við Hólavöll og um 200 m norðvestan við gamla bæinn 001.

Norðan við Hólavöll er allt blásið í hraun og er hár bakki upp á Hólavöllinn til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: KEKH, 328

RA-282:004 gripir

Tvö blýmet hafa fundist í landi Keldna, ekki er ljóst hvar þau hafa fundist eða hvort þau voru á sama stað og því ekki unnt að staðsetja þau. Um þau segir í bókinni Kuml og haugfé: "Þjms. 6871. Blýmet, nær teningsmyndað, 18.217 gr. Þjms. 7247. Blýmet, sívalt, kollótt að ofan, 7.185 gr."

Heimildir: KEKH, 414

RA-282:005 Knafahólar kuml legstaður

63°51.127N 20°03.977V

Í bókinni Kuml og haugfé eftir Kristján Eldjárn stendur: "Á hinu mikla uppblástrarsvæði norður af Keldum standa fimm strýtumyndaðir hólar, sem heita Knafahólar (í daglegu tali ætíð kallaðir Knæfhólar). Víða í nánd við þá hafa áður verið bæir, þó að nú séu þar eyðisandar." Þar fundust mannabein og gripir sem benda til þess að þar hafi verið kuml úr heiðni. Nákvæm staðsetning kumlsins er ekki þekkt og svæðið umhverfis Knafahóla er um 1 km í þvermál. Hnit var tekið á hól á miðju svæðinu, um 3,43 km NNV við bæ 001 og um 350 m norðan við sögustað 102.

Á Knafahólaheiði er nú uppblásið hraun og sandar. Lúpína vex þar í breiðum. Í Kuml og haugfé stendur ennfremur: "Í ferðabók sinni segja Eggerts Ólafsson og Bjarni Pálsson svo frá: "Hlutaskaaler eller Lodskaale blever brugte her i Norden i de hedenske Tiider: deri laae smaa Afguds-Billeder, hvoraf Eierne spaaede eller søgte at efterforske tilkommende Ting. Saadant et Par Skaale, dog den eene noget beskadiget, blevet fundet ved Knævahole paa Rangaarvalle, kort fra Kiælde-Præstegaard, omtrend fo 30 Aar siden, hvilke vi have faaet til Eie. De vare af stærkt forgyldt Messing, og dobbeltle, med udpukklet, giennemskaaret Arbeide. Paa Fodret, som var støbt, sad kiendeligt Aftryk af fiint Lærret, og neder i Bunden var en breed Ring lodded fast, uden Tvil for at trække et Baand der igiennem. Forbenævnte gamle Skrift, Nials-Saga (Cap. 57), mælder, at Gunnar af Hlidarenda blev, henved Aar 990, eller lidet før, overfalden af 30 af hans Fiender, da han med hans tvende Brødre reiste forbi Knævhole. Den eene af disse blev ihjelslagen, og 14 af de andre. Det riimeligste er, at disse Broder, at hans døde Legeme blev ført dafra. Stedet, hvor Skaalene fandtes, er en Hob af smæltede Smaasteene; der laae og nogle Menneskebeen, som vare meget fortærede." Hlutimir, sem hér er lýst, eru sýnilega kúptar nælur. Vafalaust sýnist hér vera um að ræða konukuml úr heiðni: grjóthruga uppblásin, með leifum af mannabeinum og skrautgripum konu. Þegar Eggert Ólafson druknaði á Breiðafirði 1768, fórust með honum ýmsir forngripir, og hafa nælurnar frá Knafahólum getað verið meðal þeirra. Fráleitt er að nefna kuml þetta í sambandi við Rangárbardaga. Heimildalaust er það einnig, er Kålund telur fund þennan með kumlunum við Rangá, þar sem skýrt er sagt, að gripirnir fyndust "ved Knævahole" og annað ekki. Þetta hlýtur að vera annar fundarstaður, enda byggð kringum Knafahóla fyrrum, og fundizt hafa þar í nánd forngripir í uppblæstri öðru hverju, t.d. hjalt af engilsaxnesku sverði (Þjms. 3959). En bæði í safnaukaskrá og prentuðum ritum verður vart tilhneigingar til að gera eitt úr fundunum frá Knafahólum og Rangárfundunum. Þessu veldur frásögn Njálu um fyrirsátina við Knafahóla og bardagann við Rangá, sem hvort tveggja er einn atburður, og viðleitnin til að setja allt fornt, sem á báðum stöðum finnast, í sambandi við hann".

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: KEKH, 56-57

RA-282:006 Traðarlind lind vatnsból

63°49.272N 20°04.279V

Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Niður við lækinn er Hesthúsströðin [023] og Traðarlind niður af henni." Traðarlind er tæpum 15 m austan við tóft 023, rúmum 80 m austan við Plankalind 188 og 140 m ASA við bæ 001. Rafmagnsgirðing er fast vestur af lindinni. Lindin kemur fram undan grasivöxnu túni í halla til suðvesturs.


Lindin sprettur fram undan brekku (gróinni hraunbrún) sem hallar til suðvesturs og rennur í Keldnalæk. Lindin rennur í um 4 m löngum og 3 m breiðum farvegi út í lækinn. Ofan í lindinni er járn rör sem hverfur undir bakkann og er hann því að hluta til manngerður. Líklega var þetta vatnsból fyrir Tröðina (Hesthúströðina) 023.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116-117

RA-282:007 Króktún tóft+garðlag býli

63°49.271N 20°04.695V



Austurhluti tóftar 007, horft til norðurs



Vesturhluti tóftar 007, horft til norðurs



Króktúnsgarður, horft til norðvesturs

Hjáleiga frá Keldum var nálægt túninu, í byggð 1709 en lagðist í eyði 1839. Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Króktún var hjáleiga frá Keldum; það var lagt í eyði vegna sandágangs heimajardarinnar 1839. Króktúnshúsin, er þar standa nú, voru sett í bæjarrústirnar. Útsuður af bænum (Króktúni) var Skyggir [svo] [033], nú nefndur Króktúnshóll. [...] Þvert yfir Króktúnið framarlega liggur Gerðisgarðurinn. Hann er frá því í fornöld, og nær út í hraunið fyrir utan; er það nokkur hluti garðs þess sem liggur umhverfis túnið." Í sömu heimild segir: "Girðing er framanvert við dalinn [Fagradal] frá læknum og norður að hrauni, notuð til slægja; fjárhús er innan hennar, nefnt Nýja-hús (þó það sé elzt ærhúsanna)." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Fyrsta verulega fjárhúsið fyrir fullorðið fé á Keldum, Nýjahúsið, byggði Skúli Guðmundsson 1907 fyrir vestan Króktún. Það er með jötugarði í miðju og jötum við vegg, tekur allt að 80 kindur. Er með jarnþaki og sömuleiðis hlaða inn af því fyrir 40 heyhesta. Aðfluttir nokkur hundruð hestburðir af grjóti." Í sömu bók segir: "Hesthús í Króktúni, gert upp úr skemmutótt þar, eftir 1839, mun nú horfið í hlöðuna þar. 3. Hesthús annað við hlið hins, snéru vestsuðvestur. Notað enn fyrir fé, hross eða trippi". Skúli Guðmundsson segir í handriti sínu Smæsta smátt: "1889 2. okt. Þ.J. (sk). Krókhesthús nyrðra. Rifið, þröngt, langt. Stytt um alin, víkkað, hækkað gólf (sem í hinu) c 3/4 al. hliðar stallur að sunnan sem fyr (og í hinuvar) nú c 5 al. (sjá 1904)". Skúli Lýðsson, heimildamaður, sagði að Nýja-hús væri á sama stað og býlið Króktún stóð. Stór tóft og garðlag við hana er í Króktúni fast norðaustan við Skyggni og um 210 m vestan við bæ 001. Nýja-hús (Króktúnshús) er vestast í tóftinni en samkvæmt lýsingu í bókinni Keldur á Rangárvöllum hvarf hesthús í hlöðuna sem því tilheyrði og næst austan við fjárhús og hlöðu var annað hesthús. Ekki er vitað hvaða hlutverkum önnur hólf þjónuðu. Ekki er útilokað að hús hafi verið á hólnum Skyggni, s.s. að hann sé ekki að öllu leyti náttúrulegur. Núverandi hús eru norðaustan undir Skyggni,

grjóthlaðin, að hrúni komin. Túngarður er vestan við Nýja-hús og segir um hann í bókinni Keldur á Rangárvöllum: "Króktúnsgarður. En úr því [eftir 1800] hefur verið byrjað á túngarði fyrir Króktúni, sennilega af ábúanda þar. [...] Byrjað hefur verið að sunnanverðu um svo nefnt Gerði, og haldið þá eða síðar áfram á sama stað og garður er þar enn. Er hann úr torfi vestur mótis við lambhúsin [172], á miðju túni, en úr grjóti þaðan frá að vestan og norðan að mestu." Veglegur túngarður er vestan við Króktún. Hann sést að hluta til vestan í háum bakka sem er upp á túnið. Þar hefur áfokssandur og -mold fyllt upp að innri brún garðsins og sumstaðar yfir hana.

Grasgefið svæði er milli túngarðs og Króktúnslækjar. Landið hækkar eftir því sem fjær dregur frá læknum til vesturs. Fjánhúsin og garðlagið eru í Króktúni sem nú er hagi búsmala, slétt og grösugt tún. Túngarðurinn liggur yfir mishæðótt land. Utan hans eru grösugir stórir hólur og dalir á milli þeirra en innan hans er túnið.

Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum segir: "Bærinn á Króktúni stóð á miðju túninu. Þar eru nú þrjú lambhús, hesthús og hlaða. En ekkert teljandi sést eftir af gamla bænum." Í Króktúni er skráður túngarður, fjárhús og garðlag sem stóðu á sama stað og hjáleigan. Þessar minjar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu en þær eru á svæði sem er um 175 x 70 m að stærð. Í Króktúni eru einnig skráð tvö lambhús 172 og hesthús 033 en þau mannvirki voru reist eftir að hjáleigan Króktún fór í eyði. Heildarstærð svæðis sem fjárhús A og lítið garðlag B ná yfir er 33 x 20 m og snýr svæðið austur-vestur. Fjánhúsin voru samkvæmt heimildum aðeins í vesturhluta tóftarinnar en hér verður fjallað um tóftina í heild sem fjárhús. Þakið yfir fjárhúsum og öðrum hólum er að mestu hrúnið en hangir þó enn uppi sumstaðar. Fjánhústóftin er 24 x 12 að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í 6 hól. Mesta hleðsluhæð er 2 m. Vestast eru 2 hól I og II (fjárhús) sem snúa austur-vestur, samsíða og svipað stór, um 2 x 5 m að innanmáli. Á þeim eru niðurfalld þök. Austan við þau er stórt þaklaust hól III (hlaða) sem er um 4 x 5 m að innanmáli, snýr norður-suður og er fullt af spýtnarusli. Sennilega hefur inngangur í hól III verið í suðausturhorninu og úr því hefur verið gengið inn í hól I og II. Þar austan við er hól IV, undir þaki. Það hól hefur að öllum líkindum verið hesthús, það er um 6 x 2 m að innanmáli, inngangur úr suðri, snýr norður-suður. Hól V er þar austan við, án þaks, er um 4,5 x 3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Inngangur úr norðri, hátt er niður úr inngangi. Austasta hólfið VI er undir þaki, um 6 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður, inngangur úr suðri. Tóftin er grjóthlaðin og líklega hefur torf einnig verið notað í hleðslur. Þekja er úr bárujárnmi og torfi. Þau þök sem ekki eru þegar hrúnin eru komin að hrúni. Rof er í veggjum að utanverðu við vestur- og austurstafta og víðar. Garðlag B er vestan við húsin og beygir til suðausturs meðfram hólum Skyggni. Meðfram hólum er kantur fremur en garður og hefur hann þannig verið nýttur til aðhalds. Garðurinn er 1-2 m á breidd, um 0,4 m á hæð og um 18 m langur en rof er í hann við suðvesturhorn húsanna og kann leið að hafa legið þar um en hlið á túngarðinum C er á svipuðum stað, um 40 m vestar. Túngarðurinn afmarkar norðaustur og vesturhlið Króktúns. Króktúnslækur afmarkar túnið til austurs og suðausturs en ekki sést til garðhleðslu við suðurenda túnsins. Ætla má að Gerðisgarður sem nefndur er hér að ofan sé að hluta til á sama stað og þessi garður en ekki var hægt að sjá nákvæmlega hvar. Þá er einnig möguleiki að í lýsingu sé átt við að Gerðisgarður sé hluti af garði vestan við Króktún sem skráður er sem varnargarður 026. Milli túngarðs og Króktúnslækjar er tún sem er 180 x 115 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er orðinn mjög gróinn á norðausturhliðinni, meðfram afleggjara heim að bæ. Þar sem garðurinn beygir til suðvesturs frá afleggjaranum sést aðeins ytri hlið garðsins á um 50 m löngum kafla til suðvesturs. Þaðan beygir garðurinn til suðsuðausturs og sést vel á 100 m löngum kafla en endar vestan við Skyggni, 16 m vestan við hesthús 138. Garðurinn er grjóthlaðinn en víða mjög gróinn. Hann er alls um 150 m langur, mesta hleðsluhæð er 1,1 m, sjást 5 umför. Þar sem garðurinn sést allur er hann um 0,5 m breiður. 70 m norðan við SSA-enda garðsins er um 2 m breitt op á garðinum og er líklegt að þar hafi verið hlið á honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 239-240; HS: Árbók 1937-1939, 118, 133; VG: Árbók 1953, 62; VG: Keldur á Rangárvöllum, 176-177, 181,197.

RA-282:008 *Keldnaréttir síðustu* tóft rétt 63°51.997N 20°04.836V

"Skilaréttir Rangárvallahrepps eru Reyðarvatnsréttir á Reyðarvatnshæðum. Þar hafa þær verið frá árinu 1892, voru fluttar þangað frá Eldivíðarhrauni í Keldnalandi og nefndur fram að því Keldnaréttir. Síðast var réttað þar 1892. Þá voru réttirnar að kaffærast af sandfoki og hurfu síðan að mestu í sandfönn," segir í Sunnlenskum byggðum IV. Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Í Réttahéiði stóðu Keldnarjettir síðustu fram til ársins 1892, er þær voru fluttar undan sandi í Reyðarvatnsland, ..." Réttirnar eru rúma 5 km norðan við bæ 001 og rúmum 850 VNV við Hraunskot 034. Samkvæmt Boga P. Thorarensen, heimildamanni, eiga réttirnar að sjást ennþá en talað var við hann eftir að farið var á vettvang. Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, er uppdráttur af réttunum sem Skúli Guðmundsson gerði í riti sínu Smæsta Smátt.

Réttarheiðin er nú gróin lúpínu. Hraungrýti og sandur er þó inn á milli lúpínunnar.

Við yfirferð loftmynda var hægt sjá stærð og nákvæma staðsetningu Keldnarétta. Þær eru um 23 x 20 m og snúa norður-suður. Vigfús Guðmundsson lýsir réttunum svona: "Almenningurinn þar var perulaga, breiðari í efri enda og lítið stærri en áður, ca. 12 X 5 1/4, en dilkar voru 16 og mismunandi að stærð. Nágrannabæir, oft nokkuð

margir, t.d. Bakkabæir og Oddahverfi hafa verið saman um 1 dilk." Á loftmyndinni sést móta fyrir dilkum en ekki er hægt að segja nánar til um ástand réttanna.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128; SB IV; 18; VG: Keldur á Rangárvöllum, 185.

RA-282:009 Þorgeirsvað heimild um vað

63°48.269N 20°04.241V



Þorgeirsvað 009, horft til VSV

Í Njálssögu segir af bardaga við Þorgeirsvað: "Gunnarr sér annan mann kominn í höggfæri við sik ok höggr þann banahögg, en þrífir tveim höndum atgeirinn; þá var Þorgeir Otkelsson kominn nær honum með reiddu sverði; Gunnarr snýsk at honum skjótt af mikilli reiði ok rekur í gegnum hann atgeirinn ok vegr hann á lopt ok keyrir hann út á Rangá, ok rekr hann á vaðit ofan ok festi þar á steini einum [Þorgeirssteini 054], ok heitir þar síðan Þorgeirsvað" Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir haldinu miðju, á Rangá gömlu eða Teitsvötnum nú er Þorgeirsvað, kennt við Þorgeir Otkelsson, er Gunnar á Hlíðarenda vá og kastaði á atgeirnum út í Rangá; rak þá líkið ofan á vaðið og festist þar á steini og heitir hann síðan Þorgeirssteinn [054]." Samkvæmt örnefnaupprætti af Keldum eftir Helgu

Skúladóttur var vaðið um 450 m fyrir norðan Þorgeirsstein og um 400 m norðan við vað 151.

Þar sem vaðið var eru malareyrar við ána og bakkar hennar lágir beggja vegna.

Engin ummerki vaðsins sjást við ána.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍF XII, 176; HS: Árbók 1937-1939, 120, örnefnakort af Keldum.

RA-282:010 Heimagarðurinn heimild um kálgarð

63°49.292N 20°04.445V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "[...] sunnan-við bæjarröndina vestanverða, er Heimagarðurinn (rófnagarður), en fyrir sunnan Hlaðið austarlega er Blómagarðurinn [012]." Heimagarðurinn var sunnan við vesturenda bæjarraðarinnar 001.

Þar sem garðurinn var er nú slétt flöt.

Engin ummerki garðsins sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:011 Bæjarlind lind vatnsból

63°49.282N 20°04.415V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Undan garðinum miðjum [010] kemur stór og falleg uppspretta. Bæjarlindin; þangað var sótt vatnið í bæinn, þar til það var leitt inn úr annarri lind vestast í Hlaðbrekkunni." Samkvæmt Skúla Lýðssyni á Keldum var lindin einnig nýtt til þvotta.

Grunnur götuskorningur liggur niður brekkuna að lindinni, austan við hvamminn. Vatnið rennur örugglega úr henni og hefur lindin eflaust hentað vel sem vatnsból og til þvotta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:012 Blómagarðurinn gerði

63°49.290N 20°04.419V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "[...] en sunnan-við bæjarröndina vestanverða, er Heimagarðurinn (rófnagarður) [010], en fyrir sunnan Hlaðið austarlega er Blómagarðurinn." Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir enn fremur: "1896. 22. ap. Blómagarður (hola) fyrst bygður, framán við hlaðgarð, vestan við kirkjugarð, sléttur í all fagra brekku. 1904 6 maí stækkuð vestur, blómagarðshola." Lítil garður er fast vestan við kirkjugarðinn 002, sunnan við kirkjugarðshliðið og kemur hann ágætlega heim og saman við framangreindar lýsingar. Þó er líklegt að hann hafi verið minnkaður aftur frá 1904 þar sem hann teygir sig ekki niður brekkuna að bæjarlæknum.



Blómagarðurinn 012, horft til austurs

Garðurinn er á sléttri flöt sunnan bæjar 001 og vestan kirkju 002. Garðurinn er alls um 7x4 m stór og snýr austur-vestur. Hleðslur hans eru um 1 m háar að norðan en lægri að sunnan og vestan, um 0,6 m háar. Innan garðsins er slétt grasflöt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116; SG: Smæsta smátt, 62 eftir handriti ÞH, 12

RA-282:013 *Ástulind* hleðsla vatnsból
63°49.283N 20°04.461V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Undan garðinum miðjum kemur stór og falleg uppspretta. Bæjarlindin [011]; þangað var sótt vatnið í bæinn, þar til

það var leitt inn úr annarri lind vestast í Hlaðbrekkunni. [...] Lindin er hreinsuð árlega og hlaðin upp, þar er þvegin ull, þvottur og annað því um líkt." Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt segir ennfremur: "Önnur eins [lind og Bæjarlindin 011], en minni er um 10 föðmum nær, Gengið ofan við botn hennar, og brattara að. Um tíma nefnd Ástulind, af aldraðri konu (Ástr. Guðm d. frá Hofi) sem einungis brúkaði hana. En síðar Rjómalind eptir að Rjómalindin byrjaði (19 okt - 19), til að kæla rjómann í, áður sendur var. Setti eg þá hellustiga upp þaðan í lindrgötu sukku síðar og tók upp, eptir 1920. [...] 1927. maí ... lagaði eg allar lindir. Einnig stéttina: þetta best. 3-4 hellur nýjar. Gatan einnig opt löguð; árlega, einkum í burði. - Nokkur ár - ekki mörg - um 1880, voru hlöð sett við lind og þvæli þar hitað (J.G.). Nál. Rjómalind mun átt við í Vísitazíu (Steingr.J.) [...] 1896 maí ? Hlöð V.G. upp brekkuna fyrir ofan R.búllind 3-4 áln. upp að lindargötu, úr hnaus sléttuði alla upp, fór vel 1906 25. ap. Hlöð eg hana í sama máta upp af lindinni að götu, f. vel. Fyr var þar lagað við og við, þegar brast." Ástulind eða Rjómalind er vestast í hlaðbrekkunni um 40 m vestan við Bæjarlindina 011.

Lindin kemur undan grasigróinni hlaðbrekkunni og rennur í bæjarlækinn.

Við lindina eru hleðslur við lækinn og þar er nú vatnsdæla og dæluhús, byggt inn í brekkuna. Hleðslurnar við lindina eru sunnan við dæluhúsið og mynda göng að því. Þær eru tvær samsíða um 4 umför úr torfi og grjóti. Þær eru 1-1,5 m langar, liggja norður-suður og um 1,2 m háar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116; SG: Smæsta smátt, 63-64 eftir handriti ÞH, 11

RA-282:014 *Vallartangaborgin* tóft fjárskýli

63°49.870N 20°01.419V



Vallartangaborg 014, horft til austurs



Tóft 014

Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Í Vallartanganum stendur Vallartangaborgin á hæsta hólnum, úr notkun síðan melar bljesu þar, komin að hrúni." Fjárborg er um 1,3 m norðaustur af bæ 001 og um 610 m norður af Gunnarssteini [073]. Borgin er á háum hól, líklega norðaustast á Vallartanga.

Af hólnum sem borgin er á sést vítt og breitt. Allt í kring er mjög sandblásið hraun en lúpína er farin að vaxa víða.

Fjářborgin er hringlaga, hlaðin úr hraungrjóti. Hún er vaxin mosa, lyngi og melgresi. Borgin er um 2 m í þvermál að innanmáli og um 1,8 m á hæð. Hún stendur að mestu leyti enn en þakið er hrundið og hún er því sem næst full af grjóti, sandi og gróðri. Hleðslur austan í borginni hafa einnig hrundið nokkuð. Dyragöng eru inn í hana úr vestri. Þau eru um 0,6 m á hæð og breidd og um 1 m á lengd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:015 *Heygarðurinn* heimild um hesthús

63°49.313N 20°04.335V

Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Nokkuð austur frá bænum en önnur húsþyrping; þar var Heygarðurinn með 5 samhliða desum, þar er nú hlaða, 2 hesthús og fjós. Þar er 90 m. frá bæjardyrum." Heygarðurinn er nú horfinn en var norðan við útihús 020. Nákvæm staðsetning heygarðsins er ekki þekkt en hægt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Heygarðurinn hefur verið tæpum 90 m austan við bæ 001 og tæpum 15 m norðan við rétt 016. Um 10 m fyrir austan heygarðinn er trjábeð, eða skjólbelti.

Heygarðurinn hefur verið þar sem er nú slétt, grasivaxið svæði.


Engin ummerki tófta eru á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116

RA-282:016 *Stórarétt* hleðsla rétt

63°49.309N 20°04.355V



Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Vestan undir heygarðinum [015] er Stóra-Rjettin, tekur nálægt 700 fjár." Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "[...] Og var hún hlaðin árið 1879 [...]. Þá var þar fyrir Austurrétt, sem var stækkuð. Hún lá með öllum vestur heygarði sem nú er

austurgarður Stóraréttar. Austurrétt var aflöng og tók um 250 fjár. Á miðjum vesturvegg hennar var op eða dyr. Beint á móti Austurréttinni um 15-20 m vestar stóð Vesturrétt og hafði dyr á móti hinni, og rúmaði um 400 fjár." Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt segir: "Réttir þessar hafa staðið frá ómunatíð." Réttin er rúmum 70 m austan við bæ 001 og fast austan við hesthús 020. Um 10 m fyrir vestan réttina er malarplan fyrir framan núverandi útihús og eru heyrúllur geymdar þar.

Réttin er á grasivöxnu svæði þar sem uppistandandi útihús frá bæ 001 eru. Til norðausturs er skjólbelti þar sem trjám hefur verið plantað.

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Steypt baðþró og pallur í einu horninu". Réttin snýr norður-suður, er einföld og grjóthlaðin. Hún er 20 x 10 m að stærð og innangengt er á tveimur stöðum. Einn inngangur er á miðri suðurhlið og annar í norðausturhorni. Veggirnir eru 1,1 m hæð og sjást sex umför af grjóti í þeim. Að utan eru þeir alveg grónir. Til austurs virðist hóll, eða þúst, hafa verið notaður sem veggur en heygarður 015 var einnig á þessum slóðum. Í suðvesturhorni réttarinnar er steyp baðþró, 5 x 1 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116, SG: Smæsta smátt, 38 eftir handriti ÞH, 14; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 15.

RA-282:017 *Litlarétt* heimild um rétt

63°49.307N 20°04.373V

Í grein Helgu Skúladóttur um Keldur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Litla-rjettin er nokkuð vestar [en Stórarétt 016]; tekur um 300 fjár." Ekki er vitað nákvæmlega hvar réttin stóð nema að hún var vestan við Stórarétt 016. Staðsetning Litluréttar er sýnd á uppdrætti sem Þjóðminjasafn Íslands lét gera af Keldum. Hún hefur verið nálega 60 m austan við bæ 001, um 15 m vestan við rétt 016 og um 30 m NNA við kirkju 002.

Þar sem réttin stóð er nú malarplan og vegslóði að núverandi útihúsum á Keldum. Rúllur eru geymdar þar nú (2008).

Engin ummerki réttarinnar sást á svæðinu.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116; Þjms: Keldur á Rangárvöllum (kort).

RA-282:018 tóft fjárskýli



Tóft 018, horft til norðurs



63°48.830N 20°03.360V

Um 150 m NNV við Fossdalsborg 077 og um um 140 m norðaustan við Austurheiðarborg 142 er þriðja fjárborgin á Austurheiði. Hún er um 1,2 km suðaustan frá bæ 001.

Borgin er í grónum hvammi í hæðottu landslaginu, sunnarlega á Austurheiði. Sunnar er uppblásinn sandur.

Borgin er byggð við norðurbrún hvammsins

sem hún er í. Hún er um 3x3 m stór. Borgin er

niðurgrafin um 0,8 m. Veggir hennar eru úr torfi neðst og þá hraungrýti. Borgin hefur verið topphlaðin og líklega verið klædd torfi að utan. Norðurveggurinn sem er hlaðinn við hvambrúnina er best varðveittur. Hann er um 2 m hár ef mælt er innan úr borginni og alls eru um 8 umför grjóts greinileg. Aðrir veggir eru verr varðveittir og lægri, hæstir um 1 m að utan. Dyr eru á miðjum suðurvegg borgarinnar.

Hættumat: engin hætta

RA-282:019 Austurtraðir hleðsla traðir

63°49.501N 20°04.373V



Austurtraðir 019, horft til austurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Frá heygardinum [015] liggja vel hlaðnar Traðir heim að bænum, og þaðan vestur úr túninu, byggðar 1879 frá stofni." Í rannsóknaskýrslu Þjóðminjasafnsins eftir Þór Hjaltalín segir ennfremur: "Árið 1830 var norðurveggur kirkjugarðsins [002] fyrst hlaðinn, en fyrir þann tíma markaði bæjarveggurinn [001] kirkjugarðinn að norðan. Norðurveggur austurtraðanna náði þá austur til móts við austurkirkjugarðinn, niður að "olnboga". Þar var austurhlið kirkjugarðsins, nokkuð víðara en það fyrir vestan. Stóraréttin [016] var hlaðin árið 1879, en þá voru traðirnar einnig hlaðnar frá "olnboga" og út að réttinni. Suðurveggur traðanna var þá hlaðinn, frá kirkjugarðinum og út að Austurkálgarði [050], sem var annar tveggja heimakálgarða sem verið hafa á Keldum frá því skömmu fyrir 1852. Hann var framan við Vesturhesthús og Tappakofa [020]. Þar voru ræktaðar gulrófur og rabarbari fram á miðja þessa öld. Árið 1879 voru traðirnar hlaðnar úr hnaus, en hafa síðan verið marg endurhlaðnar og að nokkru breytt um legu. Nú eru traðarveggirnir gerðir úr fjórum lögum af grjóti, með sniddu á milli. Austurtraðirnar þarf að endurhlaða, en sumarið 1998 var byrjað að hlaða upp suðurvegginn, frá olnboga og austur úr." Traðirnar liggja fast norðan við kirkjugarðsvegginn 002 til vesturs

að bæ 001 og til austurs að heygardi 015.

Traðirnar eru grasigrónar á milli bæjarlengjunnar og kirkjugarðsins.

Traðirnar eru myndaðar af kirkjugarðsveggnum að sunnan sem er hæstur um 1,2 m og af hleðslum fast sunnan við austurenda bæjarraðarinnar að norðan. Hún er um 1,1 m há. Hér og þar skín í grjót í hleðslunum sem eru að

mestu grónar. Traðirnar eru 40-50 m langar og 1-1,3 m breiðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 12

RA-282:020 Vesturhesthús hús hesthús

63°49.307N 20°09.347V



Vesturhesthús 020, horft til norðurs

Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Útihúsin í Fjóshólnum eru sum hver ævagömul og hefur Vesturhesthúsið ljósast "verið lengi til", eins og Skúli Guðmundsson orðar það. Hús þetta var notað sem reiðhestahús og rúmaði 6-7 hesta. Árið 1977 fengu hesthúsin nokkra viðgerð, en hús þetta er illa farið og er þekjan hrugin niður [...]. Tappakofinn (merkt trippahús á korti) er eitt þeirra fornu húsa sem enn standa á fjóshólnum. Húsið var notað fyrir naut en stundum fyrir folöld, sérstaklega á síðari tímum. Húsið rúmaði 2 tudda eða 2-3 folöld. Skúli Guðmundsson segir að smiðja hafi staðið þarna í fyrndinni, áður er Tappakofi og fjósið voru reist. Á mænisás kofans er að finna ártalið 1896, en þá var hann settur þar nýr eftir Suðurlandsskjálftann [...]. Árið 1912 var kofinn tekinn niður til grunna og endurgerður [...]. Fjósið á Keldum er

ekki síst forvitnilegt vegna timburgrindarinnar sem heldur því uppi, en þar er um að ræða svokallað þríásahús. Grindargerð þessa má rekja aftur í grúa forneskju og hefur ef til vill verið algengasta grindargerðin á þjóðveldisöld [...]. Fjósið á Keldum er orðin forn bygging og hefur lítið breyst frá elstu úttektinni frá 1817." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum eftir Vigfús Guðmundsson segir: "Nú er ekki minna en 50 faðma (94 m) frá bæjardyrnum gömlu að fjósdryrum [...]. Fjósið er enn í líku lagi og því er lýst í úttektum, tvístætt með 4 básum á hvora hlið, stöða og dverga uppgerð. En löngu fyrir aldamót, 1887, voru settir á það gluggar tveir litlir að framanverðu yfir dryrum, til hliðanna, og um eða eftir aldamótin hefur verið steinsteypur flór og bássteinar. Einnig þvagþró vestan við haugstæðið, sem er fram af stéttinni við fjósdryrnar, og var það allt flórad um líkt leit [...]. Tappakofi" fyrir 3-4 naut við stall, eins og í hesthúsi. Notað fyrir folöld á síðari áratugum [...]. Þarna áfast er Vesturhólshesthúsið, er í mjórri lagi, en getur rúmað 8 hesta að hliðarstalli." Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt segir: "Vesturhesthús, Reiðhestahús, mun vera elsta húsið hér. (Hólhesthús (auk Tappakofa) mun annað elsta húsið, sett í fjóstóptina gömlu, sem hafði hlöðu aftur af því þar af "hlöðubás", (dýrnar inn í hlöðuna, með fyrirhleðslu eptir niðurlagning hennar Hlöðubás var til 1884 [...]. Vesturhólshús, Tappakofi og fjósið eru sambyggð og enn undir þaki."

Kofinn er á grasivöxnum hól, Fjóshól.

Kofinn snýr austur-vestur, er um 19 x 10 m að stærð og skiptist í fjögur hólf. Erfitt var að stíka kofann nákvæmlega, ekki var hægt að komast austur og vestur fyrir hann vegna gróðurs. Ekki var heldur hægt að fara inn í kofann, hólfir voru full af spýtnabraki og öðru rusli og þak hálfhrunið. Hólf I er vestast í kofanum og er svokallað Vesturhesthús. Hólfið er 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er enn undir þaki, er um 2,5 m á hæð og ekki er innangengt í önnur hólf. Dyr eru á miðri vesturhlið, þær eru 1,5 m á hæð og sjást átta umför af grjóti í þeim og inni í hólfinu sjálfu. Ekki var farið inn í hólfið sem er hrörlegt og þak hrunið niður að hluta. Kofinn er alveg gróinn að utan. Hólf II er austan við hólf I og er svokallaður Tappakofi. Hólfið er um 7x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru á miðri suðurhlið en ekki virðist vera innangengt í önnur hólf. Dýrnar eru um 1,3 m á hæð og þar sjást fimm umför af grjóti inni í hólfinu. Kofinn er um 3 m á hæð, grasivaxinn og hvergi glittir í grjót að utanverðu. Bárujárn er undir torfi í þakinu og sjást hellusteinar yfir dryrum. Hurðajárn sjást utan á hurðinni. Ekki virðist vera gluggi á tóftinni eða hann er þá sokkinn í sinu og gras. Hólf III er austan við hólf II í kofanum og er svokallað Fjós. Hólfið er um 7x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þak hólfins er um 3 m á hæð og eru veggir alveg gróinir að utan. Dyr eru á miðri suðurhlið, eru um 1,2 m á hæð og sjást sex umför af grjóti í þeim. Hólf IV er austast í kofanum og er ekki undir þaki. Þetta var steypur hlaða en ekki hefur verið innangengt á milli hólfna. Hlaðan er 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hægt að sjá hvar dyr hafa verið en veggirnir eru um 1,5 m á hæð. Hlaðan er grasivaxin og ekki sést hversu djúp hún hefur verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 16; SG, Smæsta smátt, 17 eftir handriti ÞH, 14; HS: Árbók 1937-1939, 123; VG: Keldur á Rangárvöllum, 168

RA-282:021 Fjósalind lind vatnsból

63°49.288N 20°04.248V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Austurtún liggur austur af heygardinum; fyrir því miðju er Fljósalindin og Fjósalautin upp af henni. Í lindina var sótt vatn í fjósið áður en vatnsleiðslan kom, Fjóshóllinn 022 er fyrir austan fjósið [...]. Lindin er um 155 m austan við bæ 001 og tæpum

50 m norðaustan við Tröðina 023. Rafmagnsgirðing er 10 m fyrir norðaustan og austan lindina.

Lindin er fyrir neðan grasivaxið tún sem liggur í halla til suðurs að Keldnalæk. Í túninu eru náttúrulegir hólar og hæðir.

Lindin kemur fram undan Austurtúni og rennur í Keldnalæk. Lindin hefur grafið sér farveg að læknum sem er um 20 m langur, 2 m djúpur og liggur norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116



Fjósalind 021, horft til norðausturs

RA-282:022 *Hólhesthúsið* hús hesthús
63°49.304N 20°04.312V



Hólshesthúsið 022, horft til norðvesturs

Hann er 4 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðri suðurhlið. Þær eru 1,2 m á hæð en ekki var hægt að komast inn. Tréhurð er ennþá í hurðaopinu og grjót er byrjað að hrynja inni í hesthúsinu. Veggir hússins eru 2 m háir en húsið stendur sunnan í hól. Norðurveggur hússins eru grafinn inn í hólinn. Að utan er kofinn gróinn, að innan sjást sjö umför af grjóti í veggjunum. Það mótar fyrir götu heim að dyrum hesthússins og er hún um 4 m löng.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 18.

RA-282:023 *Tröðin* hús hesthús

63°49.271N 20°04.292V



Tröðin 023, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Niður við lækinn er hesthúsströðin og Traðarlind [006] niður af henni." Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Hesthús hafa verið af ýmsu tagi. Orðið hrossatröð er gamalt í málinu. Hross voru stundum tröðuð um nætur, innan girðingar, til verndar slægjulöndum. Tröð var einnig notað um hesthús, stundum með opnu ræfri að einhverju leyti, en þannig var Tröðin á Keldum. Tröðin var byggð árið 1882 fyrir 6-7 hross og var "gert yfir horn í kring um allt á veggjarpalla með hellu af veggjum, "tröð", og var þannig stórt op í miðju. Timbrið var sótt í Hraunborgirnar, sem þá voru rifnar. Árið 1915 var Tröðinni breytt nokkuð. Þá var hún hækkuð og gerð upp eins og Hólhesthús [022]. Er timburverkið með þeim hætti að tveir þverbitar liggja veggja

á milli (á stoðum við vesturvegg Hólhesthúss). Ofan á þeim eru tveir ásar það nærri veggjunum að leggja má hellur af veggjum ofan á þá. Ofan á ásunum er næsti þverbiti, sem heldur uppi næstu ásaröð. Ofan á þessari ásaröð er þriðji og efsti þverbitinn og heldur hann uppi mæniásnum. Hér er því um að ræða fimm ása og hvíla ásnarnir á þremur þverbitum. Milli þverbita eru dvergar í miðjunni. Þetta sama ár var gatið stóra í miðjunni minnkað og breytt í lítið bagga innfallsgat. Tröðin er hrúnin að hluta og veggir eru mjög farnir að ganga inn." Tröðin er 125 m suðaustan við bæ 001 og um 60 m norðaustan við hesthúskofa 022. Keldnalækur rennur um 20 m sunnan við hesthúsið.

Tröðin stendur í grónu og sléttu túni sem hallar lítillega til suðurs að Keldnalæk.

Kofinn er 6 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er gerður út torfi, grjóti og timbri. Kofinn er á lágum hól og byggður inn í hann til norðurs. Hann er ennþá undir þaki og sést opið á þakinu enn. Dyrnar eru um 1,3 m á

hæð. Veggirnir eru 2 m á hæð og inngangur er á miðri suðurhlið. Að utan er kofinn alveg gróinn en að innan sjást átta umför af grjóti í veggjunum og strengur er á milli þeirra. Ekki eru gluggar á kofanum. Ekki var hægt að komast inn í kofann vegna hruns úr þakinu. Kofinn hefur að öllum líkindum verið hringhlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116-117; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 23.

RA-282:024 *Tóft* heimild um heygard

63°49.278N 20°04.325V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Upp á balanum fyrir vestan Tröðina [023] er kringlóttur kálgarður, sem heitir Tóft - Byggður 1895." Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt segir enn fremur: "1850 eða þar um, hefur önnur hlöðutópt verið bygd austar á nefinu, til landsuðurs, fyrir vestan Tröðina [...], þar sem nú er kartöflugarður, holunn [...]. Hún hefur verið nál. 15 fet í kross, sirkilmynduð, prýðilega hlaðin; sléttir blágrýtissteinar munu hafa verið þar úr nefinu, með tröppum, út í ytri hleðslu, norðvestan í hana að ganga. Sett þar vegna þrengsla í heygardi, sem stundum var yfirfullur af heyi, og þarna skaðlaust af túni að taka; 36 faðma suður af fjósi. Mér þætti ekki ólíklegt að þetta hefði gerst eptir að Austurtúnsgarðurinn [026] var byggður að stofni 1849 (...), en áður en G.B. misti miðkonu sína, Guðrínu Pálsd., 18. jan. 1852. - Aldrei hefur tóptin komist upp, /ytri hleðsla lítið yfir alin í mínu minni), Um orsakir hef eg ekki heyrð, og ervitt hefur verið þar til að ná upp grjóti úr klöppunum. - Grjótið var síðan, af piltum, smámsaman tekið í lækjarstöpla sem árlega þurftu viðgjörðar, má þó vera að eitthvað sé eptir neðst af því. Síðar setti eg (P.J.) tóptina í kartöflugarð, er mold og sandur höfðu að nokkru fyllt hana upp, hlóð grasi innan í jörð niðri [...]. 1925 18. ap. Hlaðin upp og hækkaður Hóla-garður vestan Tröð [019], tekur víðast upp úr jörð. Steinalög ofan, á sem fyr og gaddavír um langt skeið. Uppskeran var með allra besta móti 1927, fékk aldrei vor-sumar né haust kast - varð um 10 tunnur (sekkur 2-3 af því) dto 1928." Heygarðurinn var tæpum 100 m austan við bæ 001 og rúmunum 30 m vestan við Tröðina 023.

Vestan við Tröðina 023 er gróið svæði vaxið háu grasi að slóða sem liggur yfir bæjarlækinn og suður á Framtún. Engin ummerki hleðslna sjást í háu grasinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117; SG: Smæsta smátt, 24, 48 eftir handriti ÞH,

RA-282:025 heimild um leið

63°49.370N 20°04.222V



Leið 025, horft til norðvesturs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Austurtún og Upptún takmarkast af langri laut, sem liggur heim undir heygard. Þar var heimreiðin af uppbæjum, norðan-að og austan-að (Dagverðarnesi og Árbæ o.s.frv.), fram undir árið 1890, þá var lautin eitt flag, sem gróf út frá sjer á allar hliðar; nú er hún grædd upp út að túngarði."

Leiðin liggur í langri laut, grasi gróinni. Hún er innan túns eins og það er nú (2008).

Lautin liggur í suðvestur-norðaustur frá grjóthlöðnum túngarði 026 skammt sunnan og austan nýlegs íbúðarhúss og langleiðina heim að gamla bænum 001. Leiðin frá túngarði að trjálundi ofan við gömlu úthúsin 020

er um 120 m löng. Ekki sjást götur í lautinni og framhald á leiðinni frá trjálundi er ekki sýnileg. Lautin er um 5-10 m breið. Ekki er að sjá að lautin sé manngerð að neinu leyti en kann að hafa dýpkað af mikilli umferð í langan tíma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:026 *Austurtúnsgarður* garðlag varnargarður

63°49.348N 20°04.146V

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Austurtúnsgarður. Hann er næst fyrsti varnargarðurinn við Keldnatúnið, frá s.l. öld. Guðmundur Brynjólfsson byggði hann 1849, fyrir öllu Austurtúni (sem ekki sést til að heiman), frá gamla skarði Dagverðarness og Árbæjargötu [025] í norðaustur frá bænum, og niður að Austurbotnalæk, yfir 60 fm. og 2 álnir á hæð. Garðurinn var hlaðinn úr grjóti, tvíhlaðinn að meirihluta, en einhlaðinn efst. Síðar í efri endann, móts við hæðina þar, til varnar jafnframt við bakkabroti. Þar er garði þeim haldið við síðan, með



Garðlag 026, horft til vesturs

aðburði grjóts eftir því sem meir blæs undan. En þegar niður á óblásna barðið kemur, er garðurinn sokkinn, og gjörsamlega gróið yfir hann að neðanverðu." Í sömu bók segir um sandvarnargarð sem síðar var reistur á svipuðum stað: "Tók hann [Skúli Guðmundsson] fljótt til starfa í ráðsmannsstöðunni og beitti sér fyrir því að hlaða grjótgarða mikla, tvíhlaðna og mörg hundruð metra á lengd, ofan við túnið. Að mestu leyti þannig setta í pörtum, að endar þeirra ganga ofurlítið á misvíxl, en mjótt hlið milli. Og þénar til þess, að í hættulegustu landnyrðingsveðrum, skríði vikur og mól áfram með öllum garðinum framhá túninu. En í landsyntum veðrum strjúkist sandurinn úr dyngjunum innan garðs út um hliðin. Hjálpaði þetta mikið meðan mestur var sandbylur frá landnyrðings átt." Þar segir einnig: "Sandvarnargarðana fyrrnefndu má líka telja með túngörðum, því þeir voru örugg vörn fyrir öllu Upptúninu. Síðar bætti Skúli Guðmundsson við löngum grjótgarði fyrir norðvestan og vestan Hólavöllinn". Að líkindum á þessi lýsing í sömu bók við um varnar- og túngarð umhverfis Austurtúnið: "Þetta djúpa og breiða heimreiðarskarð lá opið fyrir landnyrðings-sandhafinu, svo að vorið 1882 náði gárinn frá




Garðlag 026, horft til norðvesturs

því gegnum túnið, allt heim með heygarði [015]. Varð því alveg óhjákvæmilegt að loka þeirri leið. Og var þá hlaðinn í skarðið allt, nokkra tugi faðma (1882 eða 3) tvíhlaðinn grjótgarður [026], fullar 4 álnir á hæð, þar sem hann var hæstur. Nú sést aðeins ofan á hann." Túngarðurinn er meðfram Austur- og Upptúni að austan- og norðanverðu. Frá bæ 001 er styst að garðinum til norðvesturs, eða um 200 m. Með Austurtúngarði er skráð garðlag og rétt sem eru meðfram heimreið suðvestan við Hólavöll (sjá 027 og 144) og garður sem liggur vestan við Króktún 007 og túngarðinn þar og er líklegt að hafi verið hlaðinn til varnar túninu og/eða sem túngarður. Að lokum er lítið garðlag sem er sunnan við Króktún og liggur yfir Keldnalæk neðan við Framtúnið skráð á þetta númer. Þessir garðar eru ekki samtengdir nú en hafa að öllum líkindum verið það á einhverjum tíma. Eftir að vettvangsvinnu var lokið kom út skýrsla hjá Landgræðslu ríkisins 2008 um grjótgarða í landgræðslu. Í skýrslunni er kort af Keldum þar sem Skúli Lýðsson hefur merkt inn á garðlög nærri bæ og tímasett þau.

Garðarnir liggja að mestu umhverfis gróin tún um allhæðótt svæði. Utan garða er uppblásið hraun.

Austurtúngarður

afmarkar norður- og norðausturhlið túns sem er norðaustan við bæ 001. Samtals afmarkar túngarðurinn svæði sem er um 340 x 70 m og snýr norðvestur-suðaustur. Til norðausturs frá bæ sést garðurinn fyrst í brekku austur af Austurtúni og heldur áfram til norðurs í brekkubrúninni, grjóthlaðinn. Mögulega er þetta hluti elsta garðsins sem hlaðinn var 1849. Þegar kemur austur fyrir Löngulaut 025 verður garðurinn greinilegri og þar er hann ekki lengur í brekkubrún. Það er garðurinn sem Skúli Guðmundsson hlóð um 1890. Mikil sandalda er upp að utanverðum garðinum, austur af Löngulaut, jafnhá garði. Op eru á garðinum á 6 stöðum. Á milli opanna eru 40-80 m, styst er á milli þeirra nyrst og lengist eftir því sem dregur suðaustar. Opin hafa verið gerð af yfirlögðu ráði og eru þannig að hleðslan er slitin sundur og færð utar en þó eru garðendarnir látnir skarast þannig að myndast stutt og mjó göng. Eins og segir í bókinni Keldur á Rangárvöllum var þetta gert í þeim tilgangi að varna ágangi sands á túnið en hefur einnig getað gegnt hlutverki hliða. Greinilegasta hliðið er norðaustan við endann á Löngulaut 025, þar er opið 0,5 m breitt og göngin um 1,5 m löng. Ýmist hefur áfoksjarðvegur safnast upp að innri eða ytri brún garðsins. Mesta hleðsluhæð á garðinum er 1,3 m, 9 umfö, og breidd garðsins er mest 1,5 m. Garðurinn endar norðan við Hólavöll þar sem við tekur blásið hraunholt. Heildarlengd sýnilegs garðs er um 350 m. Skömmu áður en hann endar liggur þvergarður af honum nánast upp í brún á Hólavelli, niðurfallinn, um 2 m breið grjótdreif þar sem garðurinn er breiðastur. Hann er um 17 m langur og liggur norður-suður. Elsti garðurinn umhverfis túnið, frá 1849, sást að litlu leyti á vettvangi en af loftmynd má sjá að hann er litlu utar en garðurinn sem hlaðinn var 1890 og beygir utan við Hólavöll til suðvesturs. Á korti af Keldum í skýrslu Landgræðslunnar, sem áður er nefnd, eru sýnd þrjú samtengd akurgerði sem tengjast elsta garðinum. Akurgerðin eru talin vera frá tímabilinu 1200-1400. Ekki sást til þessara akurgerða á vettvangi. Garðlag og rétt suðvestan við Hólavöll eru um 130 m suðvestan við þar sem Austurtúngarðurinn endar við Hólavöll. Samkvæmt korti Skúla Lýðssonar er þessi hluti garðsins og réttin frá 1930. Garðlagið er 70 m langt og liggur austur-vestur. Það liggur niður brekku sem hallar til vesturs frá náttúrulegum kletti. Það er gert úr einfaldri



steinaröð og sjást fjögur umför. Garðlagið er 0,5 m hátt. Sambyggð rétt er sunnan við garðlagið. Réttin er 15 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Inngangur í réttina er á miðri vesturhlið. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og sjást fjögur umför. Hún er einföld og garðlagið myndar norðurhlið hennar. Garðurinn vestan við Króktún er um 125 m suðvestan við áðurnefnda rétt. Samkvæmt korti Skúla Lýðssonar er þessi hluti garðsins frá 1834. Hann er um 100 m langur og hlykkjast austur-vestur. Garðurinn er um 0,4 m á hæð og hlaðinn úr hraungrýti. Hann er gerður úr einfaldri steinaröð og sjást tvö umför. Þessi garður hefur að líkindum verið reistur sem sandvarnargarður en hann er 50-80 m vestan við túngarð Króktúns 007. Að lokum er garðlag sem liggur frá austri til vesturs sunnan við Króktún, niður að Keldnalæk og heldur áfram frá honum á hinum bakkanum, neðan við Framtún. Garðurinn er alls um 150 m langur, grjóthlaðinn. Hann er víðast einföld til tvöföld steinaröð (0,5 m á breidd) og eitt til tvö umför (0,5 m á hæð). Samkvæmt korti Skúla Lýðssonar er þessi garður frá 1834. Nú er hann orðinn lítilfjörlegur og leifar staura og vírgirðingar sjást á honum og við hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 109, 195, 198, 203; Landgræðsla ríkisins 2008, 21

RA-282:027 *Hólavallavarða* varða

63°49.371N 20°04.557V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Hólavöllur er einkar fagur, eggsljettur; sjer þaðan til hafs. Á hólnum hæst uppi er varða mikil, hringhlaðin, mannhæðarhá, hol að innan." Varðan er rúmum 90 m norðan við Vesturtraðir 163 og um 180 m norðan við bæ 001. Að sögn Skúla Lýðssonar, heimildamanns, er varðan ævafor og kenningar uppi um að hún hefði verið varðturn á landnámsöld. Hólavöllur er hæsti hóllinn á svæðinu og er víðsýnt af honum. Þar sést yfir alla Rangárvelli og alveg til sjávar.



Hólavallavarða 027, horft til vesturs

Varðan stendur á háum, náttúrulegum hól á mörkum grasivaxins túns og hrauns sem byrjað er að gróa. Hann er grasivaxinn og sléttur.

Varðan er 1,4 m á hæð og hringlaga. Botn, eða grunnur, vörðunnar er 2 m og og mjókkar hún upp. Grunnurinn virðist jafnframt vera gerður út torfi og ofan á hann eru hlaðin 10 umför af grjóti. Varðan er hringhlaðin og hol að innan. Hún er um 0,5 m í þvermál og einn maður kemst vel þar fyrir. Ekkert hrun er í kringum vörðuna enda hefur hún líklega verið endurhlaðin í gegnum tíðina. Skúli og faðir hans hlóðu vörðuna m.a. upp. Varðan er á Hólavelli sem er um 10-15 m hár hóll, sléttur að ofan og snarbrattur að sunnan, austan og vestan. Norðurhlið hólsins er aflíðandi niður. Hóllinn er greinilega manngerður að hluta og svo brattur þess vegna. Að sögn Skúla Lýðssonar hefur torf verið borið í rofabörð á honum og lag hans þannig til komið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:028 *Stöðull* heimild um kvíar

63°49.327N 20°04.447V

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, segir: "Áður en farið var að mjólka ær í færíkvíum, voru byggðar til þess sérstakar kvíaréttir. Eru þær auðþekktar á því að þær eru langar, en varla yfir 6-7 fet á breidd, svo mjólka mætti í 2 röðum. Hafa blásið upp og sést leifar slíkra á 4 stöðum við Keldnatún: suðvestan á Hólavelli [...]. En allt er þetta nú að mestu leyti horfið, og alveg óvíst um aldurinn." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir enn fremur: "Sljettan fyrir norðan bæinn er nefnd Flöt og krikinn milli hennar og Hólavallar Stöðull. Kýrnar voru mjólkaðar þar, til 1920, þá var hann að mestu ógróinn, með háum bakkabrotum." Stöðullinn hefur verið um það bil þar sem fjósið á Keldum er nú (2008).

Norðan og norðvestan við fjósið er gróin hlíð Hólavallar en í aðrar áttir er malarplan.

Engin ummerki eldri mannvirkja sjást í nágrenni fjóssins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117; VG: Keldur á Rangárvöllum, 190-191

RA-282:029 *Mylna* hús mylla

63°19.325N 20°04.546V



Mylla 029, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Hólavallabrekkan er sunnan-í Hólavellinum [...]. Í botninum stendur enn gömul Mylna." Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafnsins eftir Þór Hjaltalín segir: "Páll Guðmundsson bóndi á Keldum 1817-1828 hefur sennilega verið fyrstur til að reisa myllu til kornmölunar á bænum. Hann mun hafa byggt eina slíka [161] við fjóslindina [021] í Austurtúninu. Þar þvarr vatnið og myllan varð ónothæf. Guðmundur Brynjólfsson hóf búskap á Keldum árið 1833 og bjó á Keldum 50 ár. Hann reisti nýja myllu [162] fyrir

vestan bæinn,

við

norðausturhorn

Króktúnsins. Vatnspurrð hefur alla tíð valdið nokkrum vanda við starfrækslu myllanna. Árið 1870 var hún færð til norðurs um 7-8 faðma og hefur staðið þar síðan. Árið 1895 var myllan rifin til grunna og endurgerð. Mylla þessi var starfrækt allt til ársins 1916." Í bréfi Skúla Guðmundssonar til Matthíasar Þórðarsonar frá 22. október 1938 segir enn fremur: "Mylna í V[estur]botnum (fyrir í Fjósalýnd), byggð 1869-1873, þykir bæjarprýði, með snotru þili, nú hrörlegt mjög, nema að yfirgerð. Látin lifa sér til húðar síðan stríðsárin (1914), er rúgur hætti að flytjast, þraut hana þá og vatn 2-3 ár." Myllan er við botn Hólavallabrekku er fast sunnan við heimreið að Keldum, um 110 m VNV við bæ 001.

Myllan er í grasshvammi þar sem uppspretta kemur undan Hólavelli og rennur í bæjarlækinn. Hvammurinn er gróinn og blautur.

Myllan er um 4x3 m stór og snýr nær austur-vestur. Mylluveggirnir eru þykkir og grjóthlaðnir en suðurgافل hennar er úr timbri. Timbursperrur eru í þakinu sem er þakið torfi. Myllan er um 2 m há upp í rjáfur en veggir hennar eru hæstir um 1,2 m. Lítill hlaðinn garður eða stífla er sunnan við mylluna út í bæjarlækinn. Hann er um 3 m langur og um 0,6 m breiður, til vesturs út frá honum liggur svo um 7 m langur og um 0,3 m hár garður á vesturbakka lækjarins. Hann er um 0,5 m breiður. Gardarnir tengjast líklega notkun myllunnar og hafa hugsanlega verið reistir til að tryggja vatnsflæði til hennar.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 7; Skúli Guðmundsson: Bréf til Matthíasar Þórðarsonar 22. okt.1938 eftir handriti ÞH, 2.

RA-282:030 *Mariubrunnur* lind vatnsból

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fram af lækjarbotninum koma upp nokkrar lindir. Fremst er Mariubrunnur." Mariubrunnur er tvær lindir sem koma undan Tanganum fyrir vestan bæ 001. Þær eru rétt sunnan við vesturbotna Keldnalækjar. Lindirnar eru um 20 m sunnan við Vesturtraðir 163 og tæpum 80 m vestan við bæ 001.

Lindirnar spretta undan sléttu og grasivöxnu túni sem hallar til suðurs að Keldnalæk. Þetta tún kallast Tanginn. Lindirnar eru vestan við túnið og renna í Keldnalæk.

Í grein Helgu Skúladóttur segir: "Frá honum er sagt í Biskupasögum. Guðm. góði Hólabiskup á að hafa vígt hann. Vatn hans var notað til lækninga, er ein jarteinasagan um hann í Biskupasögunum. Nú í seinni tíð hefur trúin að mátt hans vaknað aftur, og þykir vatn hans einkum gott til augnlækninga (þó ekki fái blindir sýn). [...] í botni Mariubrunns, mittisdjúpt, á að vera móbergshella með 18 götum, sem vatnið bolar upp um." Mariubrunnur er í raun tvær lindir sem sameinast og



63°49.306N 20°04.543V



Lind 030, horft til norðausturs

renna í Keldnalæk. Þær koma undan brekku, eða bakka Keldnalækjar, og renna í 5 m löngum farvegi í lækinn. Niður á vatnsyfirborðið er um 0,7 m og eru þeir 0,6 m á breidd. Á milli lindanna eru um 2,5 m. Lindirnar eru náttúrulegar sem og farvegir þeirra og engin mannaverk sjást á þessu svæði sem er 18 x 14 m og snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117-118

RA-282:031 *Stöplarnir* hleðsla kvíar

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Stöplarnir, nýju og gömlu, eru í Krókatúnslæk fremst í Tanga. Þeir voru hlaðnir fyrir kvíær, sem voru mjólkaðar í færirkvíum fremst í honum (síðast 1920)." Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt, stendur: "Opt þurfti að endurbæta þá, gróf undan þeim, og jöguðust til, sem ekki er nefn (eins og mfl.) Eptir að Króktún [007] var lagt í eyði 1839, mun G.B. bráðlega hafa sett grjóttöppla í Króktúns læk fyrir miðju túni, milli bæja og borð á lækinn. Var það beinna og þægilegra til allra athafna. Lagðist þó sú leið niður fyrir mitt minni, en var endurbætt um 1880 af J.G. - Um líkt leyti, eða litlu síðar, fann Guðríður systir gullhring í læknum við stöplana, sem G.B. hafði mist við hleðslu þar. Þekki hann af gyldri (feitri) hönd, var hann þá kominn í rúmið, og bar 2 hringi saman eptir það. Guðr. gaf hann 2 kr. í fundarlaun. Öðrum hring tindi hann". Stöplarnir er um 45 m SSV við bæ 001. Ekki er vitað hvar kvíarnar voru nákvæmlega en í Keldnalæk er hleðsla. Hún gæti mögulega verið tengslum við þær. Keldnalækur rennur austur-vestur fremst í Tanganum og nú (2008) fara kýr yfir lækinn á þessum slóðum.

Kvíarnar voru í sléttu og grasivöxnu túni.

Hleðslan er 3 m löng, 2 m breidd og gengur út úr vesturbakkanum. Hún er gróin og ekki sést í skýrar hleðslur. Það glittir einnig í grjótdreif ofan í læknum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117-118, SG: Smæsta smátt, 201-202 eftir handriti ÞH, 87.

63°49.215N 20°04.625V



Hleðsla 031, horft til suðurs

RA-282:032 *Örlygsvað* hleðsla vað



Hleðsla 032, horft til norðurs

mögulega úr þessari hleðslu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

63°49.275N 20°04.608V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Örlygsvað mætti kannske nefna í Tanga, upp við brekku austan-megin; ber það nafn síðan Borgarættin var leikin hjer 1919." Keldnalækurinn rennur til norðurs á þessum slóðum og skilur á milli Króktúns og Tangans. Vaðið er þar á milli og hefur mögulega verið notað af þeim sem áttu leið á Tungugötu 129, Oddaveg 085 eða á leið til Króktúns 007. Vaðið er um 150 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 80 m norðan við Maríubrunn 030. Vaðið er í grasivöxnu túni með náttúrulegum hólum og hæðum.

Engar götur sjást liggja að vaðinu. Á svæðinu sést þó steinadreif sem fer út í lækinn. Úr austurbakka lækjarins gengur hleðsla, um 1,5 m á lengd og 0,7 m á breidd. Hún er gróin og því ekki hægt að sjá skýr umför. Grjótdreifin er

RA-282:033 *Skyggfir* huldufólksbústaður huldufólksbústaður

63°49.261N 20°04.726V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Útsuður frá bænum (Króktúni) var Skyggfir, nú nefndur Króktúnshóll. Í hólum á að búa huldufólk." Hóllinn er um 170 m vestan við Maríubrunn 030 og um 240 m vestan við bæ 001.

Hóllinn er í grasivöxnu túni með náttúrulegum hólrimum. Hraunklettur standa hér og þar upp úr túninu.

Skyggfir er náttúrulegur hóll í Króktúni. Hann er 65 x 15 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur og 6 m hár. Hóllinn er flatur að ofan og eflaust manngerður að hluta eða mannvirki hafa staðið þar. Ekki sjást steinar né

önnur ummerki um mannvirki í hólnum. Hliðar hólsins eru brattar og sléttar. Norðurhlið hólsins er þverhnýpt og bakki sést þar í grasinu. Vesturhlið hólsins er nánast ferhyrnd og regluleg. Hóllinn mjókkar til suðurs og endar í nokkurs konar hala.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:034 Hraunkot þúst býli

63°51.578N 20°04.375V



Þúst 034, horft til norðvesturs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Hraunkot er þriðja eyðijörð í Keldnakirkju landi, sem nú er so haldið. Hefur löngu fyrir elstu manna minni lagst í eyði. Þar sjest mikið til girðinga og tóftabrota af grjóti, líka merki túnstæðis. Þetta pláts þykir ómögulegt byggjast kunni vegna slægju- og vatnsleysis." Í grein Helgu Skúladóttur stendur: "Landnorður af hólum sjást rústir af eyðibýlinu Hraunkoti; sennilega sami bær og Undir-Hrauni (Dipl). Ókunnugt er, hve nær það fór í eyði; blástur hefir ekki eyðilagt það, heldur slægna- og vatns-leysi." Í Rangvellingabók stendur: "Hraunkot hét bær er stóð á lágum hól spölkorn vestsuðvestur frá Sauðanefi á Eldiviðarhrauni og lítið eitt norðaustur frá Hraunshól og því skammt frá því sem talið er að bærinn Hraun [164] hafi staðið. Er það innan núverandi landamerkj

Keldna." Bæjarstæðið er 4,24 km SSV við bæ 001 og 3,6 km suðvestan við Reyðarvatnsveg 184.

Bæjarstæðið er í uppblásnu hrauni. Þar vex lúpína, melgresi og mosi.

Í greininni Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Rústir þessa býlis skoðaði ég bezt 1944. Litu þær þannig út: Bærinn hefir staðið á lágum hól eða bala, sem ekki er stærri en byggðarleifar. Eftir næstum örfok er þar að byrja gróður og smáhnjótar, þéttir yfir rústunum. Sést þó móta fyrir stærð og lagi byggingarinnar, er verið hefir ein og samfelld, frá austri til vesturs, alls að lengd um 66 fet, og virðist vera um 12 fet á breidd að innannáli, en kann þó að hafa verið minna. Greinilega sést fyrir beinum vegg enda milli að norðanverðu, og fyrir þvervegg um 6 fet á þykkt frá vestur enda. Gætu þetta verið leifar af fjósi og hlöðu eða útikofum, þó að líkara sé nú einni heild. Austan þverveggjarins er líklegt að verið hafi bæjardyr og eldhús, og bæjarhús sjálft austast. Túngarður hefir verið hlaðinn úr grjóti að nokkru leyti kring um kotið, og mótar fyrir honum í krókum og hlykkjum, að mestu leyti umhverfis. Túnið allt, að rústunum meðtöldum, hefir þó ekki verið yfir 1 2/3 dagsláttu, eða slægt tún varla 1 1/2 dagsláttu." Á svæðinu er hóll þar sem líklegt er að mannvistarlæg sé að finna undir sverði og garðlag þar rétt hjá. Hóllinn A er 15x10 m og snýr austur-vestur. Hann er um 1,5 m á hæð og vaxinn mosa og melgresi. Hóllinn er grónari en umhverfið og sker sig þar úr. Miðað við lýsingar á staðháttum hér fyrir ofan er þetta líklega bæjarhóllinn þó að engar hleðslur sjáist í honum. Garðlag B liggur sunnan við hólinn. Hann sést sem regluleg steinadreif í hrauninu. Garðlagið er gert úr einfaldri steinaröð og sést eitt umfar. Það liggur sunnan og suðvestan við hólinn, það er þó ógreinilegt á köflum. Ekki sást til annarra mannvirkja né þústa á svæðinu sem er uppblásið.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: JÁM I, 234-235, 278; HS: Árbók 1937-1939, 129; VS: Rangvellingabók, 188; VG: Árbók 1951-1952, 107-108

RA-282:035 heimild um traðir

63°49.210N 20°04.399V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Framtúnið er túnið nefnt fyrir sunnan lækinn. Til er sögn um það, að bærinn hafi staðið þar fyrst [036], og er bent á upphækkun á miðju túninu í því sambandi. Því til sönnunar sást til gamalla geila (traða ?) fram um 1880, er allt fylltist af sandi, og Framtúnslambhúsin, er þar standa nú [037], voru sett á gamlar rústir 1884." Þrír lágir hólar eru í túninu sunnan við lambhús og sunnan við þá er dálítil lægð eða renna að Króktúnslæk til vesturs, sem kann að vera þar sem geilar eða traðir hafa verið. Rennan er um 175 m SSA við bæ 001.

Sléttað tún.

Rennan er mjög grunn, 0,2-0,4 m djúp, er um 2 m breið og 20 m löng, liggur austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:036 Keldur (eldri bær?) bæjarhóll bústaður

63°49.216N 20°04.405V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Framtúnið er túnið nefnt fyrir sunnan lækinn. Til er sögn um það, að bærinn hafi staðið þar fyrst, og er bent á upphækkun á miðju túninu

í því sambandi. Því til sönnunar sást til gamalla geila (traða ?) [035] fram um 1880, er allt fylltist af sandi, og Framtúnslambhúsin, er þar standa nú [037], voru sett á gamlar rústir 1884." Samkvæmt heimildamanni er þessi staður um 150 m sunnan við bæ 001 og um 90 m norðan við Framtúnslambhús 037, þar sem upphækkun er í túninu.

Þrír lágir hólar eru í túninu sunnan við lambhús og sunnan við þá er dálítill lægð eða renna að Króktúnslæk til vesturs. Túnið er hér að öðru leyti slétt.

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók segir einnig: "En aðallega mun stuðzt við ummæli Þorlákssögu helga, hinnar yngri, er segir að Jón Loftsson hafi látið byggja kirkju og klausturshús fyrir norðan læk. En má vera, að það stafi af ókunnleika söguritari, því þar er ljótara bæjarstæði, nema þá skilyrði hafi upphaflega verið betri fyrir framan lækinn - skógminna." Hæðirnar í túninu gefa mögulega til kynna mannvistarleifar undir sverði en þær eru mjög lágar og kunna að vera náttúrulegar. Svæðið sem hólarnir eru á er um 30x15 m og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð hólanna er á bilinu 0,5-1 m en þeir eru mjög aflíðandi.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118

RA-282:037 Framtúnslambhús hús lambhús



Framtúnslambhús 037, horft til suðurs



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Framtúnið er túnið nefnt fyrir sunnan lækinn. Til er sögn um það, að bærinn hafi staðið þar fyrst, og er bent á upphækkun á miðju túninu í því sambandi [sjá 036]. Því til sönnunar sást til gamalla geila (traða ?) [035] fram um 1880, er allt fylltist af sandi, og Framtúnslambhúsin, er þar standa nú, voru sett á gamlar rústir 1884. [...] Á móts við bæjarlækinn eru Gömlu-lambhúsin. Þau voru flutt undan sandi heimar 1884." Tvískipt lambhús undir þaki eru um 60 m sunnan við gamla bæinn 001, um 20 m sunnan við bæjarlækinn.

Húsið er í sléttu túni.

Lambhúsin eru 8 x 6 m að stærð og snúa austur-vestur. Hólfín tvö í húsinu eru jafnstór, 4 x 2 m að innanmáli og snúa norður-suður. Dyr eru á þeim til norðurs. Húsið er allt gróið að utan nema á norðurstafni en þar sést grjóthleðsla upp fyrir dyr og ofan á þeim er torfhláðið upp í mæni. Viðarbútur skilur að grjót og torf í dyrunum. Nokkuð mikið rof er í torfinu í norðurgaflinum. Við innanverða langveggi hólfanna eru leifar af gördum. Þakgrindin er úr viði og eru flatar steinhellur ofan á henni og svo torf þar ofaná. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 9 umfór í suðurgafl í austara hólfinu. Gardarnir í hólfunum eru þannig gerðir að einföld röð af grjóti er á gólfi, um 0,3 m frá veggjum og þar ofaná er löng viðarfjöl sett upp á rönd á brún steinaraðarinnar og stífað af með litlum spýtum við veggina. Dyrnar inn í hólfín eru lágar, um 1,1 m á hæð en vel manngengt er inni í hólfunum sjálfum, um 2 m eru upp í mæni. Austurgarðinn í vestara hólfinu er heillegastur og stendur eins og lýst er að framan. Gengið er beint inn í hólfín, þau eru ekki niðurgrafín.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118




Tóft 038D, horft til austurs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Melakot hefur heitir fjórða eyðijörðin ogso í Keldnakirkjulandi. Engi veit nær þetta býli hefur eyðilagst, þar sjest nokkuð til tóftarbrota, en miklu minna en í Hraunkoti [034]. Kann ekki byggjast vegna sömu orsaka og segir um Hraunkot." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Melakot, eyðibær, mun draga nafn af víðimelum. Í Melakoti er nokkur túnblettur, sem þó er klofinn í tvennt af sandgára." Samkvæmt friðlýsingaskrá eru þessar minjar friðlýstar í landi Keldna: "Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs [288:002, er í landi Árbæjar], [S]andgils [I-III 080-082], Melakots og Keldnakots [119]". Í grein eftir Vigfús Guðmundsson í Árbók 1951-1952 segir: "Melakot hefir verið 4-5 km austur frá fjárskýlinu, síðastnefnda [091], og nærri 5 km suður frá Skarðs- eða Selsundsfjalli. Bærinn hefir staðið á bala, nokkuð hátt, á fögrum stað og mjög viðsýnum. En undir jarðvegstorfu, mjög þykkri virðist nú (1936-44) vera falin aðal-bæjarrústin, og er grastorfa nokkuð stór í líðandi halla þar vestur af. [...] Upp frá þessum stöðum að norðanverðu eru greinilega leifar akurgerða." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Túninu hallar mót suðri og hefur bæjarstæðið verið fallett. Rústir eru þar miklar." Melakot er fyrir ofan farveg Sandgilju til móts við Skotavöll. Það er 1,8-1,9 km norðan við Tröllaskóg 288:002 og um 8,3 km norðaustan við Keldur 001.

Leifar býlisins eru á hrygg sem snýr norðaustur-suðvestur, blásinn að mestu. Leifarnar eru staðsettar norðaustan við og í framhaldi af miklu rofabarði. Mikil rofabörð eru sunnan og suðvestan við rústirnar. Framan við rústir og rofabarð er mikið sandskarð og svo annað rofabarð, geysimikið, hallar mót suðri, grasi gróíð og þau bæði. Að öðru leyti er lítið um gróður á þessum stað.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum segir: "Austast á sléttu er eitt þeirra [akurgerða], óreglulegur ferhyrningur, um 18-19 faðmar á þrjár hliðar, en 10 faðmar á vesturhlið. Milli rústanna fyrrnefndu og rofbakkans á hólnum sést garðlag, 16 faðmar á lengd, er kynni að vera norðurhliðin á öðru akurgerði. Norður frá hólnum munu og sjást leifar af tveimur gerðum, í litlum vesturhalla. Sést þar á stöku stað greinilega steinn yfir steini, í einfaldri grjóthledslu, en lögun og lengd sést ekki." Í Rangvellingabók segir: "Melkot hét bæ er stóð norðan Sandgilju, á bala sunnan í hraunbrún um fimm kílómetra norðvestur frá Tröllaskógi [288:002]." Í grein eftir Helga Þorláksson um byggð við Heklu telur hann þetta býli hafa verið í byggð til 1510. Minjarnar eru á svæði sem er um 50 x 35 m og snýr austur-vestur. Á svæðinu sjást leifar af fjórum mannvirkjum og einu garðlagi og fá minjarnar bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er vestast á svæðinu og er einna greinilegust af minjunum sem eru á svæðinu. Þar má greina gróna vegg, mjög útflatta. Tóftin er um 18 x 14 m, snýr austur-vestur. Hún skiptist í 3 hólf sem öll snúa norður-suður. Vestasta hólfíð er 2 x 5 m að innanmáli, miðhólfíð er 3 x 5 m en austasta hólfíð er mjög uppblásið og um 4 x 2 m að innanmáli. Þar austan við má enn sjá veggjaleifar og grjótdreif. Norðurhluti tóftarinnar er að mestu uppblásinn en sjá má grjótdreif sem liggur í framhaldi af vesturúttvegg, beygir til suðausturs og hefur sennilega verið norðurúttveggur. Fáum metrum austan við tóft A er tóft B á lágum hól. Þar er tóft að mestu blásin en sér í leifar af torfi í norðurvegg. Tóft B er um 8 x 8 að utanmáli. Í brekkubrún um 2 m austan við þessa tóft eru sennilega veggjaleifar, steinaröð greinileg, liggur í NNV að litlum hól með mögulegum húsaleifum (sjá hól C). Hóll C er um 10 x 10 m að stærð og efst á honum er mikið af grjóti, sérstaklega á svæði sem er um 2 x 4 m, liggur í ASA-VNV. Þar austan við, um 12 m, er enn einn hóllinn með hleðsluleifum D. Hóllinn er um 16 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Á hólum má greina vegg mannvirkis sem er um 4 x 7 m að stærð, snýr austur-vestur og út frá norðurlangvegg er steinaröð til norðurs, um 6 m. Austan við tóft B er neðan við brekkuna steinaröð E sem liggur í horn, er 3-4 m úr norðaustri, beygir þá til suðausturs 10-12 m. Líklega er þetta leifar túngarðs eða gerðis. Líkur eru til þess að fleiri



mannvirkjaleifar séu hér í grenndinni t.d. norðvestan við svæðið en ekki óbyggjandi. Dýrabein sáust á stöku stað. Mikið er af hraungrýti á öllu svæðinu og eitthvað af flötum hellusteinum. Víðast eru hleðslur alveg horfnar eða útflattar en mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Ekki sást til meintra akurgerða norðan við svæðið.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM I, 235, 278; HS: Árbók 1937-1939, 125-126; Friðlýsingarskrá, 67; VG: Árbók 1951-1952, 109; HP: "Byggð við Heklu", 150-152; VS: Rangvellingsbók, 278

RA-282:039 *Framtúnsgarður* garðlag varnargarður 63°49.208N 20°04.259V



Garðlag 039, horft til norðausturs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sunnan við Framtúnshólinn, til austanáttar, var Framtúnsgarðurinn." Skúli Guðmundsson fjallar um Framtúnsgarð, nýja, í handriti sínu Smæsta smátt: "Framtúnsgarður, nýi. Eptir að skurðurinn ónýttist, bæði sem tún og sandvörn, var smám saman snúið sér að því að hlaða garð til sandvarnar, fyrir suðaustan Framtún, vestu sandáttinni. Þannig: Frá landnorðri til útsuðurs, svo fokið gæti undan honum í landnyrðingum. En þar gekk það illa. Stóra Kastmölin, vikurinn, hlóðst að honum í kúf innangarðs, og sat þar mjög föst. Fyrst, um vorið, voru þó aðeins settar vörður, með vírstreng á, og stólpar við hliðið [...]." Norðausturendi garðsins er um 220 m suðaustan við bæ 001.

Garðurinn skilur að flatlent Framtúnið og túnblett sunnan

við það og er sem ósleginn hryggur á milli túnanna.

Garðurinn liggur norðaustur-suðvestur, um 130 m langur þar sem hann sést og um 2 m breiður, útflattur að mestu en á köflum sést í grjót í honum í ytri brún. Við suðvesturenda garðsins er dálítill grjóthruða og þar er hann sýnilega hæstur, um 0,6 m. Á korti Skúla Lýðssonar sem birtist í skýrslu Landgræðslunnar 2008 er garðurinn sýndur beygja til VNV að Keldnalæk frá suðvesturenda garðsins. Samkvæmt kortinu er garðurinn frá árinu 1820.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118-119; SG: Smæsta smátt, 107 eftir handriti ÞH, 76; Landgræðsla ríkisins 2008, 21

RA-282:040 *Framtúnstréttin* heimild um rétt 63°49.200N 20°04.289V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sunnan við Framtúnshólinn, til austanáttar, var Framtúnsgarðurinn [039]. Innan-við hann, austarlega, var Framtúnstréttin [...]." Innan við Framtúnsgarð 039, norðvestan við hann, er nú ræktað tún. Gengið var með garðinum að innanverðu en ekki sáust ummerki réttar. Réttin hefur líklega verið um 30 m suðvestan við norðausturenda garðsins í austanverðum túnjaðrinum þar sem ekið er inn á túnið.

Á þessum slóðum er dálítill lægð í túninu og snarrótartoppar í henni en engin ummerki eru um réttina og hefur hún væntanlega horfið við ræktun túna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118-119

RA-282:041 *Framtúnstöðullinn* örnefni kvíar 63°49.192N 20°04.239V

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Áður en farið var að mjólka ær í færíkviðum, voru byggðar til þess sérstakar kvíaréttir. Eru þær auðþekktar á því að þær eru langar, en varla yfir 6-7 fet á breidd, svo mjólka mætti í 2 röðum. Hafa blásið upp og sést leifar slíkra á 4 stöðum við Keldnatún [...] Austarlega á Framtúni. En allt er þetta nú að mestu leyti horfið, og alveg óvíst um aldurinn. Vafalaust þó mjög gamlar á 2 fyrirnefndu stöðunum [028, 174], því þær hafa verið á grunnum jarðvegi. Hinar líklega mikið yngri, og ekki stórar á Framtúninu, 25 x 6 fet, eða fyrir svo sem 50 ær". Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sunnan við Framtúnshólinn, til austanáttar, var Framtúnsgarðurinn [039]. Innan-við hann, austarlega, var Framtúnstréttin [040] og austar utan garðs Framtúnstöðullinn." Stöðullinn var um 250 m suðaustan við bæ 001, austan við Framtúnsgarðinn 039 og meinta staðsetningu réttar 040.

Suðaustan við Framtúnsgarðinn 039 er tún sem snýr suðvestur-norðaustur, meðfram öllum garðinum. Austan við garðinn og túnið er nokkuð sléttlent sunnan lækjar en vegaslóði innan girðinga liggur suður frá læknum, skammt austan við norðausturenda Framtúnsgarðsins.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 118-119; VG: Keldur á Rangárvöllum, 190-191

RA-282:042 tóft

63°48.849N 20°03.802V




Tóft 042, horft til norðurs

hugsanlega hefur hún verið beitarhús en einnig má vera að hey hafi verið geymd í tóftinni. Staðsetning hennar kemur ágætlega heim og saman við dagbókarfærslu Skúla Guðmundssonar í Smæsta smátt þar sem hann nefnir Austurheiðarhlöðu, byggða 1909. Þar segir: "1909. 16 sept. sk. Austurheiðarhlaða að stofni - grafið 16 hlaðið 25 sept. aptur 9 nóv. 1 hella yfir inntaki stór - sauðu sett fyrir norðan bergið, grafið fyrir (hey úti í Nesi 128 hestar) 28 hlaðið, girt yfir með 1. spítu (9 nóv.) og hellu tók 3-4 hesta, grjót í dyrarm og þar innfallið. 1920 bls 28" Ekki er hægt að fullyrða að tóftin sé Austurheiðarhlaða þar sem örnefnið Austurheiði nær yfir stórt svæði og margir staðir koma til greina. Hlaðan er því skráð sérstaklega annarsstaðar (sjá fornleif 170).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 26 eftir handriti ÞH, 51.



RA-282:043 Skurður renna

63°49.146N 20°04.412V



Renna 043, horft til norðvesturs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir sunnan túnið vestarlega, utan-við forna torfgarðinn [líklega er hér átt við Móagarðinn 045 en hann hefur sennilega verið sunnan við þessa fornleif], rennur smá lind, sem heitir Skurður. Hann var grafinn frá syðsta lækjarbotninum vestur í læk af núverandi ábúanda, Sk[úla]. G[udmundssyni]. eftir aldamót, til varnar sandfoki." Austurendi skurðarins er um 50 m í vestur frá suðvesturenda Framtúnsgarði 039, um 280 m sunnan við bæ 001.

Grasgefinn mói sunnan við Framtún.

Skurðurinn er gamall og þurr að mestu en vatn rennur úr honum þegar nær dregur Keldnalæk. Hann liggur austur-vestur en beygir til norðvesturs þar sem vatn fer að sjást í honum nærri læknum. Breidd skurðar er um

1-3 m og hann er um 1-2 m á dýpt, grynstur austast. Hann er um 64 m langur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:044 Hlíðarvað nýja heimild um vað

63°48.604N 20°03.315V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Forn vegur [661:010] liggur yfir hólmann austarlega og upp úr austanvert við túnið, sennilega úr miðhlíð [Fljótshlíðar] til upp- og út-sveita." Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "1875 eða þar um: Hlódum við Siggí vörður fram að Hlíðarvaði nýja á Rangá austarlega á Austur haldi, vegna þess að Hlíðarvað, fyrir ofan Haldið [175] var ófært." Í örnefnaskrá Reynifells segir: "Fyrir austan Teitsvatnavað, sem er á veginum milli Keldna og Króksbæja, er Nefið. Standa þar gamlar fjárborgir, sem heita Nefjaborgir [284:026]." Af lýsingu á staðsetningu Teitsvatnavaðs að dæma var það á sama stað og Hlíðarvað nýja. Gata liggur með brún Austurheiðar að vestan til

norðurs að bæ, 001, og til suðurs að Rangá. Hlíðarvað nýja hefur líklega verið um 310 m suðvestan við Hlíðarvað eldra 175 en nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt. Áin er straumþung á þeim slóðum sem vaðið var og því ólíklegt að það sé fært.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119; SG: Smæsta smátt, 210, 211 eftir handriti ÞH, 82

RA-282:045 *Móagarðurinn* garðlag túngarður

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Móinn liggur suður-af Framtúni, frá heiðarbrúninni og vestur að læknum. [...] Á Móanum er fornmannagarður, Móagarðurinn, enn óblásinn; er það nokkur hluti garðs þess, er umlukt hefur túnið." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir um fornan garð í landi Keldna sem að líkindum er sá sami og Móagarðurinn: "Túngarðurinn virðist hafa verið tvíhlaðinn, að miklu leyti úr grjóti og nokkur hundruð faðma á lengd. Byrjaður móts við útnorðurhornið á Króktúni, legið laust vestan við Hólavöll, steinsnari norður fyrir hann og í líkri eða meiri fjarlægð fyrir norðan núverandi garða, allt austur að Sandgiljugljúfri við Austurbotna. Innan við garðlag þetta sáust nokkrar þvergirðingar - áður en sandurinn í núverandi blöðkuhólum haldi þær - líklega einhlaðnar. Ekki er nokkur vafi, að garðar þessir eru miklu eldri en frá túngarðaleysinu 1787. Og ef þessar þvergirðingar hafa verið akurgarðar, þeim til skjóls, sem mér þykir líklegra en fjárbæli (náthagar), þá eru þeir varla yngri en frá 13. eða 14. öld. En sem sandvörn óþekkt og óþörf fyrir en á 16. eða 17. öld. Úr garðarústum þessum var borið grjót mikið í sandgarðana um 1890." Að sögn Skúla Lýðssonar sést ennþá til garðlagsins en það sé nánast ógreinilegt fyrir ókunnuga.

Svæðið er slétt og uppblásið. Þar er nú lítt gróinn melur.

Farið var nokkrum sinnum yfir Móann, eftir jeppaslóða og fótgangandi á nokkrum stöðum. Skráningarmenn sáu ekki ummerki garðsins á vettvangi en þess ber að geta að ekki reyndist unnt að fara um hluta svæðisins undir Austurheiðarbrún vegna lausagöngu nautgripa. Skúli sá sér ekki fært að fara með skráningarmönnum að garðinum. Garðurinn sést ekki á loftmynd. Móinn er allstórt svæði og ekki reyndist unnt að staðsetja garðinn með innan við 50 m skekkju. Eftir að vettvangsvinnu lauk kom út skýrsla Landgræðslu ríkisins 2008 um grjótgarða í landgræðslu. Í skýrslunni er kort af Keldum þar sem Skúli Guðmundsson hefur merkt inn á garðlög nærri bæ og tímasett þau. Á kortið merkir Skúli garð sem hann telur vera frá 1000 eða 1190-1197. Ekki er ljóst hvað styður þá aldursgreiningu en líklega er það sami garður og Móagarðurinn. Á kortinu er garðurinn sýndur liggja til norðvesturs frá Rangá eystri að Króktúni 007, þaðan áfram til norðvesturs áður en það beygir til norðausturs og heldur þeirri stefnu á alllögum kafla áður en það beygir aftur niður til suðausturs að Rangá eystri. Í skýrslunni segir þetta um garðinn: "Um 1193 var t.d. hlaðinn meira en 6 kílómetra langur grjótgarður umhverfis Keldnajörðina til austurs að Eystri-Rangá í því skyni að verja hafraakra gegn búfjárbreit. Núverandi bóndi á Keldum, Skúli Lýðsson, telur að garður sem Skúli Guðmundsson hlóð 1890 [026] hafi tengst þessum forna garði. Lítið ber á honum nú, m. a. vegna þess að landið hefur verið hærra þegar garðurinn var gerður og hann hefur verið hlaðinn á þykkum, frjósömum jarðvegi. Þá hefur grjótið með tímanum dreifst frá upprunalegum stað [...] vegna jarðvegseyðingar, annarrar nýtingar á grjótinu og síðar vegna röskunar á yfirborði landsins af völdum landbúnaðarvéla og annarra tækja." (Skýrsla Landhelgisgæslunnar, bls. 17.)

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119; VG: Keldur á Rangárvöllum, ; Landgræðsla ríkisins 2008, 17

RA-282:046 heimild um áveitu

63°49.315N 20°04.047V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Um 1760 var áveita fyrir Móann, Keldna- og Hólma-lækir teknir upp í botni; fyrirhleðsla sjest enn, þó að Sandgiljan hafi nú rutt mestu í burtu. Slægjurnar voru þá á Móanum. Um 1870 var aðeins mjór gári niður brúnina; sást þá áveituskurður austur með henni, einnig sást til hans fyrir ofan Stórahólma efst. Það lítur út fyrir, að hjer hafi verið gerðar stórfelldar jarðarbætur fyr á tímum; geysimiklir áveituskurðir bera þess merki, þar sem bæði Rangá og lækurinn á tveim stöðum hafa verið teknir upp og bægt af braut sinni yfir heiðar og móa, einnig Sandgilju; sjást líka fyrirhleðslugarðar, auk hins mikla vörzlugarðs er umlukti túnið. Mundi engum einstökum kleift að ráðast í aðrar eins framkvæmdir. Eru þær sennilega frá fornöld meðan vinnukraftur var ódýr og dugnaður nógur." Þegar svæðið í Austurbotnum var skoðað sáust engin merki um fyrirhleðslu eða áveituskurð.

Svæðið er grasivaxið og lindir spretta þar upp undan hraunbrún. Til norðurs er uppblásið hraun, í austur er lítt gróin hraunbrún og til suðurs er grasivaxið tún.

Engin ummerki um áveituna sáust á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119-20

RA-282:047 *Grjótvað* heimild um vað

63°48.944N 20°04.639V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Vestur við lækinn, þar sem hann tekur stefnu til vesturs, eru klettir nokkrir í þyrpingu, nefndir Grjót; Grjótvað er hjá þeim. Nú er það

ófært." Dálítillægð er milli hraunhóla við eystri lækjarbakkann. Á nyrðri hólnum er lítill rétt, Grjótarétt 118. Þar kann Grjótavað að hafa verið en ekki sést til þess. Um 20 m eru frá vaðinu að réttinni 118.

Bratt er niður að ánni á þessum stað en ekki langt, síður bratt er upp á vesturbakkann. Á vesturbakkanum sjást götur nokkrar, e.t.v. skepnugötur (sjá 048). Lækurinn er nokkuð djúpur og straumþungur og litlar flúðir eru ofar í læknum.

Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var en líklegt er að fé hafi verið rekið yfir það úr haga í Króktúnsheiði og ef til vill í Grjótarétt 118.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:048 gata leið 63°48.940N 20°04.700V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Vestur við lækinn, þar sem hann tekur stefnu til vesturs, eru klettir nokkrir í þyrpingu, nefndur Grjót; Grjótvað [047] er hjá þeim. Nú er það ófært. eru þar háar brekkur að til beggja hliða. Til gamalla gatna sást í brekkunum fyrir vestan lækinn áður en Móinn bljes og fyllti misjöfnurnar." Ógreinilegar götur sjást í brekkunni vestan við lækinn, sennilega skepnugötur. Þær eru um 715 m suðvestan við bæ 001.

Götur liggja í grasi gróinni brekku vestan við Keldnalæk.

Óvíst er hvaðan þessi leið hefur legið til Keldna, ef til vill frá stekki 127 eða Bugrúst 128 en einnig getur verið að hún hafi legið frá Stokkalæk eða Tungu. Göturnar eru ógreinilegar, 3-5 rásir sem stefna á Grjótvað. Þær sjást í brekkunni á um 30 m löngum kafla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119

RA-282:049 heimild um áveitu

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fram undir aldamót 1900 voru Teitsvötnin er þau komu móts við Austurhlaðið, alfaravegur Rangár, en smá-áll rann þá milli haldanna, en í miklum leysingum á veturna gróf hún sig dýpra niður, og nú hefur hún algjörlega skilið Austurhaldið frá landareign Keldna. Er þar þur eyri milli Rangár og Teitsvatns, þar sem hún fjell áður. Líklegast hefur áin lagzt í gamla áveituskurði yfir höldin; benda til þess skurðir miklir í Vestur-haldinu og Skarð á miðjum Móa." Á vettvangi sást ekki til þessara skurða og telja má líklegt að þeir hafi fyllst af völdum uppblásturs.

Svæðið er uppblásið og er þar nú lítt gróinn melur.

Engin ummerki áveituskurðanna sást á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 119-120

RA-282:050 Austurgarður heimild um kálgarð 63°49.300N 20°04.334V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fram af heygarðinum [015] er kálgarður, sem nefndur er Austurgarður." Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Vesturgarður [116] var um 180 m² að flatarmáli en Austurkálgarður var nokkru minni. Í báðum gördunum voru ræktaðar gulrófur og rabarbari. Austurkálgarður var sléttaður árið 1949". Í skýrslunni segir enn fremur: "Árið 1830 [...]. Suðurveggur traðanna [024] var þá hlaðinn, frá kirkjugarðinum [002] og út að Austurkálgarði, sem var annar tveggja heimakálgarða sem hafa verið á Keldum frá því skömmu fyrir 1852. Hann var framan við Vesturhólshús [020] og Tappakofa [020]. Þar voru ræktaðar gulrófur og rabarbari fram á miðja þessa öld." Kálgarðurinn er nú horfinn. Rafmagnsgirðing er um 10 m fyrir vestan og sunnan svæðið sem kálgarðurinn var á. Austurgarður var tæpum 80 m austan við bæ 001 og rúmum 60 m norðvestan við Tröð 024. Þar sem kálgarðurinn var er nú slétt og grasivaxið svæði. Engin ummerki kálgarðsins sjást á vettvangi.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 116; ÞH: Rannsóknarskýrslur Þmjs 1, 12

RA-282:051 Haldborgin tóft fjárskýli 63°48.129N 20°05.238V



Tóft 051, horft til suðurs



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Nokkur örnefni eru í höldunum: Haldsporður heitir syðsta taglið í Vesturhaldi; stendur þar Haldborgin." Borgin er 2,3 km sunnan við bæ 001 þar sem Rangá eystri mætir Keldnalæk.

Haldborgin er norðvestan við Haldfoss á grónu svæði sem einkennist af hæðarbungum og dældum á milli. Vestan við borgina er djúp dæld sem snýr norður-suður. Til annarra átta frá borginni eru smáþýfðar og lágar dældir í landinu.

Borgin er 6 x 5 m að stærð, snýr austur-vestur, og er inngangur inn í hana úr norðri. Mesta hleðsluhæð utanmáls er 1,2 m. Borgin er grjóthlaðin en vel gróin að utan. Hleðslur sjást að innan en austurveggurinn er að falla inn í hana og dýrnar eru niðurfaltnar. Vestan og sunnan við borgina eru dældir og brúnir sem kunna að vera leifar mannvirkja en er óljóst. Um 7 m vestan við inngang í borgina, neðst í dældinni sem er þar er lítil grjóthrúga, um 1,5 x 1 m að stærð, hlutverk óþekkt. Ekki er víða grjót að sjá í kringum borgina að öðru leyti og stingur því grjóthrúgan í stúf.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120

RA-282:052 Haldvað heimild um vað

63°48.226N 20°05.294V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Nokkru ofar [en Haldborg 051] með læknum er allhár hóll, nefndur Haldhóll. Syðsta-lind sprettur upp undan honum; í henni er smá-hólmi, víðivaxinn. Þá er Miðlind og Efstalind efst. Milli fremri linda er Haldvað. Nú er það að vísu úr sögunni, en að því liggur mikið af gömlum götum svo auðsjeð er, að það hefir verið tíðfarið fyrrum." Vaðið er líklega um 2,1 km suðvestan við bæ 001 og 190 m norðnorðvestan við Haldborgina 051.

Á þessum slóðum eru grónir bakkar meðfram lygnum Keldnalæk skömmu áður en hann sameinast Eystri-Rangá. Gengið er út frá því að átt sé við Syðstu- og Miðlindir þegar talað er um fremri lindir. Líklegur staður fyrir vað á milli þeirra er við mosa og lyngi gróna eyri sem skagar fram í lækinn milli lindanna. Bakkinn Keldnamegin til norðurs er ekki hár, ekki eru augljósar götur hér en ofar (norðar) með læknum sjást greinilegar götur á kafla. Ekki eru hér flúðir og áin ekki mjög straumhörð eða djúp. Ekki eru skýr merki um vað annað en göturnar upp frá því á leið 053 sem að líkindum hefur legið milli Keldna og Fljótshlíðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120

RA-282:053 gata leið

63°48.233N 20°05.277V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Nokkru ofar [en Haldborgin 051] með læknum er allhár hóll, nefndur Haldhóll. Syðsta-lind sprettur upp undan honum; í henni er smá-hólmi, víðivaxinn. Þá er Miðlind og Efstalind efst. Milli fremri linda er Haldvað [052]. Nú er það að vísu úr sögunni, en að því liggur mikið af gömlum götum svo auðsjeð er, að það hefir verið tíðfarið fyrrum." Í grein Skúla Guðmundssonar, Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu, í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1928 segir: "Haldfossvað



Leið 053, horft til norðvesturs

[152] nefni ég syðsta vaðið, fremst við Austurhaldið, ofan við fossinn. Það er um 340-360 m. neðar en hið síðastnefnda [151]. Frá ómuna-tíð hefir vaðið aldrei verið notað af ferðamönnum, en einhvern tíma í fyrndinni hefir verið þar fjölfarin vegur. Sýna það fornar götur, norðvestan-við ána; þar skiftist vegurinn; lá annar strax yfir í Vesturhaldið [053], 8 götur, upp eftir því og líklega um hið vestara hlið hins mikla Móagarðs [045] heim að Keldum o.s.frv." Líklega er hér um sömu leiðina að ræða en notast hefur verið við Haldfossvað og Haldvað jöfnum höndum eða á ólíkum tímum. Hinn hluti leiðarinnar sem nefndur er hjá Skúla er skráður á leið 661:010. Götur sjást á um 70 m löngum kafla, um 20 m norðaustan við Haldvað 052. Götur sjást einnig meðfram Keldnalæk um 580 m sunnan við bæ 001 í sömu stefnu og fyrrnefndar götur og eru miklar líkur á því að þær tilheyri sömu leið.

Götur sjást annars vegar sunnarlega í landi Keldna þar sem er hæðótt en sléttlent graslendi. Hins vegar sjást götur á lækjarbakka sem er gróinn að hluta.

Þessi leið greinist frá leið 661:010 við Haldfossvað 152 eða Haldvað 052 og liggur heim að Keldum og ef til vill áfram til norðvesturs. Frá meintu Haldvaði 052 liggja götur meðfram bakka Keldnalækjar, greinilegar á kafla, sjást fyrst um 20 m norðaustan við vaðið. Þar liggur leiðin í dæld en greinist svo í 3-5 mjóar götur, breiðastar um 0,5 m, á svæði sem er 5-10 m breitt. Eftir því sem fjær dregur vaðinu verða göturnar óskýrari. Kaflinn sem göturnar sjást nokkuð skýrt á er um 70 m langur. 1,3 km norðaustan við þessar götur sjást aftur götur þar sem Keldnalækur beygir til vesturs. Þær liggja úr suðri til norðurs frá litlum tanga ofan við Móann. Þar í tanganum eru nú flög sem verið er að rækta og tún og sést leiðin ekki þar. Leiðinni er fylgt til norðurs frá beygjunni á læknum að hraunbrún við bakkann. Gatan er um 1m á breidd og um 0,2-0,5 m djúp. Leiðin er farin af skepnum og eru á kafla nokkrir samliggjandi mjóir stúgar, ógrónir. Þegar komið er í hraunið (Grjótin), verður leiðin ógreinileg. Þar er holmói og grýtt. Hættir að sjást norðan við dálítinn hraunhól út í ána þar sem bakkinn fer að lækka. Göturnar sjást á 280 m löngum kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120; SG: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 6

RA-282:054 Þorgeirssteinn sögustaður

63°48.151N 20°04.754V



Þorgeirssteinn 054, horft til suðvesturs

Í Njálssögu segir af bardaga við Þorgeirsvað 009: "Gunnarr sér annan mann kominn í höggfæri við sik ok högg þann banahögg, en þrífir tveim höndum atgeirinn; þá var Þorgeir Otkelsson kominn nær honum með reiddu sverði; Gunnarr snýsk at honum skjótt af mikilli reiði ok rekur í gegnum hann atgeirinn ok vegr hann á lopt ok keyrir hann út á Rangá, ok rekr hann á vaðit ofan ok festi þar á steini einum, ok heitir þar síðan Þorgeirsvað [009]". Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir haldinu miðju, á Rangá gömlu eða Teitsvötnum nú er Þorgeirsvað [009], kennt við Þorgeir Otkelsson, er Gunnar á Hlíðarenda vá og kastaði á atgeirnum út í Rangá; rak þá líkið ofan á vaðið og festist þar á steini og heitir hann síðan Þorgeirssteinn." Þorgeirssteinn er í Eystri Rangá um 70 m neðan, vestan við vað 151 og um 450 m

sunnan við Þorgeirsvað 009.

Steinninn stendur upp úr straumharðri ánni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍF XII, 176; HS: Árbók 1937-1939, 120;

RA-282:055 Skógarmannavað heimild um vað

63°48.372N 20°04.022V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937-1939 segir: "Skógarmannavað er nokkru ofar [en Þorgeirssteinn 054] og Eyrarvað [056] efst, nú í þjóðbraut." Í grein Sigurðar Guðmundssonar í Árbók fornleifafélagsins frá 1928 segir ennfremur: "Skógarmannavað er 230-280 m ofar en Þorgeirsvað [009]. Það lagðist niður að mestu leyti um hríð [...]. Fyrir neðan þetta vað og að Þorgeirsvaði liggja móbergsklappir, nær 190 m að lengd og um 1 1/2-2 m að hæð." Skógarmannavað er 230-50 m austan við Þorgeirsvað 009 og um 1,75 km SSA við bæ 001.

Þar sem vaðið er eru malareyrar í ánni. Suðurbakki hennar er lágur og gróinn en norðurbakkinn er brattur og blásinn með sandsteinsklöppum.

Engar götur eða troðningar sjást liggja að vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120; SG: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 5

RA-282:056 Eyrarvað heimild um vað

63°48.482N 20°03.571V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Skógarmannavað er nokkru

ofar [en Þorgeirssteinn 054] og Eyrarvað efst, nú í þjóðbraut." Í grein eftir Skúla Guðmundsson í Árbók 1928 segir: "Efst er Reynifellsvað [149], undir fossinum. [...], þá Eyrarvað, nú akvegur; mun vera seinni tíma vað [...]." Á sama stað segir "Eyrarvað eða -vöð hefir jafnan verið mjög breytileg; það er þar sem áin fór að slá sér út, fyrir ofan Austurhald. Um það er ætíð farið yfir Teitsvötin í öðru lagi. - Um þessi efri vöð, Reynifellsvað og Eyrarvað, hygg ég að lítið sé nú að segja í forsögulegu tilliti, og líklega hefir ekki verið fært á Eyrarvaði meðan óbrotið land lá að ánni vestan megin og hún var þar í nokkrum þrengslum; enda engar fornar götur að henni austan-megin." Eyrarvað eða -vöð voru líklega á svæði sem er um 590 m suðvestan við Fossdalsrétt 069 og um 1,7 km suðaustan við bæ 001.

Vöðin voru við norðausturenda Austurhaldsins og er þar allþykk jarðvegstorfa sem tekur við af grýttum mel þar norðan og vestan við en áin rann þar um tíma. Við norðausturenda Austurhalds eru miklar grjóteyrar, grónar að hluta. Áin er ekki ýkja breið.

Fram kemur hér að ofan að leiðin sem farin var um Eyrarvað hafi ekki verið ýkja gömul en hún hefur verið akfær og er hún sýnd sem slóði á herforingjaráðskorti. Sá slóði liggur frá Þorleifsstöðum [285:001], framhá Hrappsstöðum [285:008] og Reynifelli [284:001] og svo áfram til Keldna, sést af loftmynd. Slóðinn er að hluta til á eldri leið sem lá milli þessara bæja frá Rauðnefsstöðum að Keldum og áfram 661:027. Ekki sjást ummerki um vað eða götur á þessum slóðum í landi Keldna. Austan við ána í landi Reynifells má sjá djúpar götur sem líklega eru leifar þjóðbrautarinnar sem minnst er á í örnefnalýsingu og lá yfir vaðið. Þær liggja til austurs. Skammt norðan við göturnar er heilleg fjárborg með trjágróður á toppnum, önnur tveggja Nefjaborga 284:026 í landi Reynifells.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120; SG: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 4, 8; Herforingjaráðskort, blað 48, 58

RA-282:057 Austurhaldhúsin tóft beitarhús

63°48.277N 20°04.590V



Tóft 057, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Skógarmannavað [055] er nokkru ofar [en Þorgeirssteinn 054] og Eyrarvað [056] efst, nú í þjóðbraut. Austurhaldhúsin eru í miðju haldi." Tóftir Austurhaldshúsanna eru um 1,9 km sunnan við bæ 001 og 150-200 m norðan við Rangá.


Tóftirnar eru í sléttu túni.

Tóftirnar og lágur hóll, hugsanlega leifar eldra mannvirkis, eru á um 50x30 m stóru svæði sem snýr norður suður. Tóftirnar eru af einum fjárhúsum og eru þær norðar, að hluta undir þaki. Fjárhúsin eru um 10x7 m stór og snúa norður-suður. Þau eru

þrískipt. Hólf A er í suðausturhorninu. Það er um 3x2 m stórt að innanmáli og snýr eins og húsið. Dyr eru á hólfinu á miðjum suðurvegg þess. Hólf B er fast vestan við hólf A. Það er undir þaki. Veggir hólfins eru grjóthlaðnir en þakið er úr bárujárni og með torfþekju. Hólf B er um 2x2 m stórt að innanmáli með dyrum á miðjum suðurvegg. Hólf C er sunnan við hólf A og hólf B. Það er niðurgrafið hlöðuhólf. Hólfid er um 5x3 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Engar dyr eru á hólfi C. Það er um 1,5 m djúpt. Vel sér í grjóthleðslur í tóftinni, innan í henni en þær eru að mestu grónar að utan. Hleðslurnar eru hæstar um 1,1 m. Um 30 m sunnan við tóftina er ílangur, lágur hóll í sléttu túninu þar sem hugsanlega leynast mannvistarleifar undir sverði. Hóllinn er um 30x12 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m hár þar sem hann er hæstur. Hvergi sér í grjót í hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 120




RA-282:058 Lambhúshóll tóft lambhús

63°49.448N 20°04.080V



Tóft 058, horft til norðurs



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Lambhúshóll er á brúninni fyrir ofan Austurbotnana; sjer þar til tóftarbrota." Norðvestur af Austurbotnum er langur hóll sem snýr austur-vestur og við austurendann hækkar hann talsvert og klettadrangur stendur út úr honum til suðurs. Vestarlega í brekku hólsins mót suðri er gróið grasi en norðan við er allt blásið niður í hraun. Í þessum gróðurbletti má sjá móta óljóst fyrir tóft en aðeins sjást nokkrar þúfur. Tóftin er um 220 m norðan við Vörðuhól 059 og 430 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er á litlum grónum grasbala á löngum og lágum hól. Allt í kring er blásið hraun en uppspretta í Austurbotnum er skammt sunnan við tóftina.

Tóftin er um 3 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m. Norður- og suðurveggir eru horfnir. Austur og vesturveggir sjást og mögulega veggur sem skiptir tóftinni í tvö hólf. Það vestara er 4 x 0,5 m að innanmáli og það austara er 4 x 1 m að innanmáli. Tóftin hallar mót suðri.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:059 Vörðuhóll varða

63°49.336N 20°03.980V



Varða 059, horft til austurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Upp á brún að sjá í Þríhyrning er all-hár hóll með vörðu, sem heitir Vörðuhóll." Varðan er 390 m austur af bæ 001. Hún stendur á litlum hól uppi á hraunbrún, hún sést vel og ber við Þríhyrning.

Austan við Vörðuhól er gróðurlaust hraun og sandblásið. Vestan við er Keldnalækurinn og grænir balar og tún.

Varðan er gróin í botninn og er breið þar en mjókkar upp. Hún er líklega hlaðin á stóran stein. Varðan er um 1,3 m í þvermál og um 1,3 m á hæð, sjást 5 umför. Hún er hlaðin úr hraungryti sem er skófum og mosa vaxið. Varðan virðist nokkuð fornleg. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:060 garðlag stekkur

63°49.312N 20°04.013V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Vestur af honum [Vörðuhól 059] í brúninni er Stekkjartúnshvammur." Stekkurinn er rúmum 180 m austan við vörðuhól 059, um 240 m austan við Hólshesthús 022 og tæpum 400 m austan við bæ 001. Garðlagið liggur eftir hraunbrún en gera má ráð fyrir að stekkurinn hafi verið í grasivöxnum hvammi þar fyrir neðan en hann er nú horfin. Austurbotnar Keldnalækjar eru fast vestan við hvamminn.

Garðlagið liggur eftir uppblásinni hraunbrún. Til vesturs er gróið tún þar sem Keldnalækur kemur upp.

"Páll Guðmundsson, bóndi á Keldum, áður-nefndur,



Garðlag 060, horft til austurs

byggði þar stekk með túngarði og fjekk verðlaun fyrir," segir í grein Helgu Skúladóttur. Ekki sést lengur til stekkjans en garðlagið sést ennþá. Garðlagið er um 40 m langt, 0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Það er gert úr einfaldri steinaröð og sjást fjögur umför í því. Garðlagið hefur verið hærra, fleiri umför standa ennþá að hluta til. Það mætti halda að vörður hafi verið hlaðnar í garðlagið þar sem svo er. Að stórum hluta sjást bara tvö umför af grjóti í garðlaginu. Garðlagið liggur eftir hraunbrún fyrir austan austurbotna Keldnalækjar. Eftir að vettvangsvinnu lauk kom út skýrsla Landgræðslu ríkisins 2008 um grjótgarða í landgræðslu. Í skýrslunni er kort af Keldum þar sem Skúli Guðmundsson hefur merkt inn á garðlög nærri bæ og tímasett þau. Það garðlag sem hér er skráð er samkvæmt því frá 1905. Páll Guðmundsson er byggði stekkin dó 1828 þannig að ef garðlagið er rétt tímasett er það yngra en minjar um stekkin sem eru þá væntanlega horfnar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121; Landgræðsla ríkisins 2008, 21

RA-282:061 *Innrivörðuhóll* örnefni

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Land-norður af honum [060] er Innrivörðuhóll eða Innrivarða, eins og hóllinn er kallaður. Þar hafa staðið 2 lambhús [062] " Staðsetning örnefnanna í lýsingunni er óþekkt. Þrívörðuheidi og fremsti hluti Sandgiljusléttu eru þó í norðaustur frá Stekkjartúnshvammi 060. Telja má líklegt að Innrivörðuhól sé þar að finna. Gengið var um svæðið þar sem mikið er um uppblásna hraunhóla en ekki tókst að staðsetja Innrivörðuhól.

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:062 heimild um lambhús

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Land-norður af honum [Stekkjartúnshvammi 060] er Innrivörðuhóll eða Innrivarða, eins og hóllinn er kallaður. Þar hafa staðið 2 lambhús." Staðsetning örnefnanna í lýsingunni er óþekkt. Þrívörðuheidi og fremsti hluti Sandgiljusléttu eru þó í norðaustur frá Stekkjartúnshvammi 060. Telja má líklegt að Innrivörðuhól og lambhúsin sé þar að finna. Gengið var um svæðið þar sem mikið er um uppblásna hraunhóla en ekki tókst að staðsetja lambhúsin. Telja verður líklegt að lambhúsin hafi verið sambyggð eða á sama stað.

Engin ummerki lambhúsanna sáust á vettvangi.

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:063 *Þverbrekknaborgir* heimild um fjárskýli

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Þverbrekknaborg fyrir ofan hraun í Knæfhólaheidi var byggð upp úr 1860. Hún eyddist með heiðinni... Og enn voru byggðar borgir tvær á síðustu árum Guðmundar Brynjólfssonar. Þverbrekknaborgin syðri, 1880..." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Þverbrekknaborgir voru byggðar 1864-1865." Á svæðinu hafa greinilega verið nokkrar fjárborgir auk hlöðu 176. Þverbrekkur eru merktar inn á kort Helgu Skúladóttur. Svæðið norðan og vestan Knafahóla var skoðað án þess að sæist til fjárborganna.

Á svæðinu er uppblásið hraun með lúpínubreiðum. Upp úr þeim standa hraunhólar og er svæðið mishæðótt.

Engin ummerki fjárborganna sáust á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 175-176; HS: Árbók 1937-1939, 129

RA-282:064 *Þrívörðuhóll* varða



Vörður 064, horft til vesturs

63°49.446N 20°02.853V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Hrosshagi var þar góður umhverfis [Innrivörðuhól 061] í tíð Guðmundar Brynjólfssonar [...] Inn af þeim hól er Lómurinn. Fornmannagarður [045] liggur að honum. Landnorður af honum er allmikill hóll, sem heitir Þrívörðuhóll. Er hann kenndur við þrjú vörðubrot, er standa á honum. Umhverfis hann er Þrívörðuheidi." Þrívörðuhóll er nokkuð hár og langur hólhryggur sem snýr austur-vestur. Sést víða af honum, m.a. heim að bæ 001 en þangað eru 1,3 km til suðvesturs.

Þrívörðuhóll er gróðurlaus og grýttur og eru á honum hraunkollar sem standa upp úr honum. Gróðurleifar sjást í dalverpum sunnan og norðan við hólinn en annars er hraunheidið allt í kring, gróðurlítill og grýtt.

Tvær vörður eru nú (2008) sýnilegar á Þrívörðuhól. Vörðuleifar eru austarlega á hólnum. Þar eru nokkrir steinar ofan á hraunkolli. Samanlögð er hæðin 0,8 m en hleðslan sjálf er 0,5 m á hæð og þvermálið 1,5 m, en mikið af

grjóti hefur hrunið úr vörðunni til austurs. 15 m vestar er önnur varða, mjög svipuð að gerð. Steinum er hlaðið utan í klöpp sem stendur upp úr hólnum. Hleðslan nær ekki upp fyrir klöppina sem er um 1,2 m á hæð. Saman er klöpp og varða um 1 x 1,5 m að grunnfleti og snýr norður-suður. Hrunið hefur nokkuð úr vörðunni. Ekki er hægt að sjá aðra vörðu á hólnum en til vesturs verður stórgryttara. Suðaustan við austari vörðuna er stór klapparkollur en ekki er hægt að sjá hleðslu á honum eða við hann. Þar kann þriðja varðan að hafa staðið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar á hólnum voru hlaðnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:065 heimild um lambhús

63°49.444N 20°02.815V

"Austan í hólnum [Þrívörðuhól 064] voru Lambhúsin fram yfir miðja 19. öld, er þau voru flutt undan sandi á Framtún (Gömlu-lambhús) [037]." Líklegt er að Lambhúsin hafi verið um 1,4 km norðaustan við bæ 001.

Austan í Þrívörðuhól er allt blásið í sand en nokkrir grastoppur sjást þar í halla til suðausturs. Norðaustan við Þrívörðuhól er lítill grasigróinn hóll en engar minjar að sjá á honum. Efst í honum er dálítið grjót og hafa Lambhúsin líklega verið þar.

Engin ummerki um lambhúsið sást á vettvangi.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:066 tóft útihús

63°51.899N 19°56.372V



Tóft 066, horft til suðausturs



Einföld tóft er um 8,2 km austan við bæ 001. Hún er um 160

m sunnan við útihús 070 og 1,5 km norðan við Tröllaskóg 288:002. Tóftin er norðvestan undir sandblásinni hraunbrún Herjólfshéiðar.

Á svæðinu er svoláttill mosagróður en annars bara sandur og hraungrýti.

Tóftin er á um 0,4 m háum hól og er einföld. Hóllinn er uppblásinn og eru einungis undirstöður austurveggs skýrar. Að öðru leyti sést tóftin sem grjótdreif í sandinum. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er um 5 x 4 m að stærð. Veggirnir eru um 0,1 m á hæð og gerðir úr hraungrýti. Ekki sést hvar inngangur var inn í tóftina. Hóllinn er stærri en tóftin og sést steinadreif í honum öllum. Mögulega hefur tóftin verið stærri og hóllinn markar útlínur hennar. Þessi tóft er líklega útihús frá Melakoti 038 sem er tæpum 350 m norðar. Mikill uppblástur hefur greinilega verið á svæðinu, það sést vel á grastorfunni sem varðveist hefur norðan við tóft 070 sem er tæpum 200 m norðar. Það hefur á milli 1-1,5 m af jarðvegi blásið í burtu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

RA-282:067 garðlag

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Hjá hólnum [Þrívörðuhól 064] er einnig gamall skjólgarður fyrir hesta." Ekki sást ummerki um skjólgarð hjá Þrívörðuhól og óvíst hvar hann hefur verið nákvæmlega.

Uppblásið hraun.

Ekki sást til minja á vettvangi.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:068 Langalág renna áveita

63°49.134N 20°02.900V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Eftir heiðinni [Austurheiði?] liggur laut, sem vera mun gamall áveituskurður yfir Móann, úr Rangá frá Árholti. Lautin er

kölluð Langalág." Langalág liggur norðaustur-suðvestur eftir Austurheiði og er rúmir 900 m að lengd og 20 m þar sem hún er breiðust.

Langalág liggur norðaustur-suðvestur eftir gróinni heiði. Þar er gras, mosi og náttúrulegar hæðir og lægðir.

Það sést til rennunnar eftir allri Austurheiði. Rennan er um 20 m breið og 3 m djúp. Bakkarnir hennar eru aflíðandi og telja verður líklegt að hér sé um náttúrulegan ár- eða lækjarfarveg að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:069 *Fossdalsréttin* hleðsla rétt

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir austan brúnarhornið við ána er Fossdalsrjettin." Réttin er skammt vestan við Keldnafoss á Rangá eystri þar sem nútíma varnargarður liggur frá Austurheiði að Austurhaldi. Réttin er 1,4 km suðaustan við bæ 001.

Hár kletthamar umlykur réttina á þrjá vegu en hún er opin til suðurs og að hluta til austurs. Sunnan við réttina er dálítill gróin eyri sem nær að varnargarði.



Renna 068, horft til austurs




Rétt 069, horft til suðurs



Rétt 068, horft til norðvesturs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók segir ennfremur: "Hún er að mestu náttúrusmið, skipt í þrjár rjettir, og mun taka um tvö þúsund fjár. Árið 1875 eða 1876 voru allir Keldnahagarnir smalaðir fyrir slátturinn til upprekstrar á fjall og allt rekið í Fossdalsrjett, og var þá talið úr henni allt að 2,400. Var hún þá vel full. Innsta réttin heitir Stekkur. Þar var fært frá, þar til fráferur lögðust niður 1920, og baðað lengi. Baðpallurinn er nærri sjálfgerður. Nú er fje safnað þar til rúninga, austan lækjar. Rjettin er sérkennileg og fögur, blágrýtishamraborg, að miklu leyti á þrjá vegu." Réttin er mest 15 x 7 m að innanmáli og skiptist í þrjú hólf. Hún snýr norður-suður. Innsta og nyrsta hólfíð A er umlukkið klettum og í botni þess er einnig klöpp. Mesta innanmál þess er 7 x 5 m. Það er opið til suðurs og eru leifar hleðslu við suðvesturklettavegg. Stór björg skilja að hólf A og B

sem er í miðið. Ofan á björgin hafa verið settir stórir steinar austarlega til að loka betur af hólf A. Hólf B er um 7 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í því miðju er gryfja, um 2,5 x 1,5 m stór og snýr hún norðaustur-suðvestur. Í henni er stórt bjarg og mikið af grjóti ofan í henni, stóru og smáu. Leifar af hleðslum liggja frá gryfjunni að ánni við mörk hólf A og B. Í veggnum sem skilur að hólf B og C eru torfleifar. Hólf C er 7 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op inn í réttina er á suðurútvegg þess hólf, er um 0,5 m breitt. Hólf C er grjóthlaðið og eru



Rétt 069


steinaraðir í botni þess, einfaldar úr flötum steinum, ekki hlaðið. Mesta hleðsluhæð í réttinni er um 0,6 m en hleðslur eru mjög niður fallnar, sérstaklega í austurvegg, við ána.

Hættumat: hætta, vegna landbrots


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 121

RA-282:070 tóft

63°51.985N 19°56.411V



Tóft 070, horft til norðvesturs



Einföld tóft er 8,25 km NNA við bæ 001, um 1,7

km norðan við Tröllaskóg 288:002 og 5,9 km suðaustan við við réttir 292:003. Um 30 m til norðurs er stór og gróin torfa sem skiptist í tvennt af rofabarði. Melakot 038 er norðarlega á þessari torfu, tæpum 200 m norðar. Grýttur árfarvegur Sandgilju er fast sunnan við tóftina. Þessi tóft hefur mögulega tilheyrt Melakoti.

Tóftin er á uppblásnu svæði þar sem mikið er af sandi og hraungrýti. Gras og mosi vex á stöku stað.

Tóftin er á uppblásnum hól og sést grjótdreif í honum. Tóftin er 8 x 5 m að stærð, er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru úr hraungrýti en vel er mögulegt að einnig hafi verið torf í veggjum upprunalega þó það sé nú horfið vegna uppblásturs en tóftin er mikið röskuð sökum hans. Suðausturveggur tóftarinnar er opinn eða sá veggur horfinn vegna uppblásturs. Líklegt að þar hafi verið inngangur. Í vesturvegg sjást þrjú umför af grjóti og er hann 0,5 m á hæð. Norðurveggurinn er álfka honum og greinilegur. Suður- og vesturveggur tóftarinnar eru ógreinilegir og sjást sem grjótdreif í sandinum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

RA-282:071 Vígi þjóðsaga vígi

63°48.910N 20°03.130V

"Vígið eða Einvígi, eins og það er venjulega nefnt, er einkennilegt klettabelti, sem gengur langt út í ána vestan megin og þrengir mjög að henni." segir í grein Helgu Skúladóttur. Vígið er um 1,25 km suðaustan við bæ 001 og um 265 m suðaustan við fjárskýli 018. Á þessum slóðum rennur Eystri-Rangá til suðurs en tekur þarna krappa beygju til austurs. Áin rennur síðan áfram til suðurs í átt að Reynifellsfossi sem einnig gekk undir nafninu Keldnafoss.

Gróin heiði er beggja megin við ána.

"Segja munnmæli, að þarna hafi þeir skotizt á spjótum, Flosi og Ingjaldur, eftir Njáls-brennu. En fræðimönnum, sem hafa rannsakað það mál finnst það ólíklegt, vegna óhagstæðra aðstæðna og úrleiðis fyrir Flosa til Þríhyrnings ..." segir í grein Helgu Skúladóttur.

Klettabeltið er um 30 m langt, 1,5 m hátt og lækkar til austurs. Klettabeltið er mun lengra vestan við ána eða um 30 m. Austan við ána er það einungis um 2-3 m. Áin hefur grafið sig í gegnum klettana og gert um 4 m lagt skarð þar sem hún fer yfir klettana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122



Vígi 071, horft til vesturs

RA-282:072 heimild um draug

63°49.271N 20°04.074V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Í austurbotnum koma upp margar uppsprettur, mynda þær Stórahólma. Segja munnmæli að þar eigi að vera útburður og að ýli hátt í honum fyrir óveður". Stórhólmi liggur fyrir sunnan Austurbotna og meðfram hraunbrún Þrívörðu- og Austurheiðar. Þetta svæði er nokkuð stórt og ekki er vitað hvar eða hvort draugasagan tengist ákveðnum stað.

Svæðið er grasivaxið og slétt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 117

RA-282:073 *Gunnarssteinn* sögustaður



Gunnarssteinn 073, horft til norðvesturs

Steinninn er á bökkum Eystri-Rangár, er nokkuð brattur á alla kanta og sker sig úr umhverfi sínu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122-123; ÍF XII bindi, 156.

RA-282:074 *Holtsvað* heimild um vað



Vað 074, horft til suðurs

Gunnarssteinn 073 og um 2,7 km ANA við bæ 001.

Bakkar árinna eru stórgrýttir og blásnir að norðan en grónir að sunnan.

Hér er áin stórgrýtt og straumhörð svo að vaðið er ófært. Sunnan við ána má greina litla lægð í bakkann þar sem farið hefur verið upp úr ánni þegar vaðið var farið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123; VG: Árbók 1927, 13.

RA-282:075 heimild um leið

63°49.518N 20°01.120V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Þar, undir Áholtsbrún, hefur verið vað [074] á ánni; sáust þar gamlar götur í hæfilega blásnum jarðvegi."

Þar sem göturnar lágu við vað 074 er nú uppblásinn grýttur melur.

Engin ummerki gatna sjást á þessum stað. Samkvæmt Helgu Skúladóttur lágu þær úr Innhlíð um uppsveitir til Þingvalla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:076 *Ártúnsrúst* þúst býli

63°49.566N 20°01.237V



Þúst 076, horft til suðurs

skammt norðan við Rangá eystri, um 2,7 km norðaustan við bæ 001 og um 180 m suðvestan við kuml 148. Uppblásið landsvæði milli Fjallabaksleiðar syðri og Rangár eystri, vestan undir holtsbrún.

Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum segir: "Nú er það hóll, sem rústin er á, og grjót oltið úr, því allt er þar gjörblásið í kring, spölkorn frá ánni, sunnan við Árbæjargötu [661:029]. Skáli hefir verið þar með hliðarvegg móti suðri, eftir helztu líkindum 24 fet á lengd, en varla yfir 7 fet á vídd, og litlar eða engar útbyggingar. Litlar leifar mannabyggða að öðru leyti hafa fundizt þar." Hóllinn sem býlið hefur líklega verið á er blásinn og lágur og um 18 x 10 m að stærð. Hann snýr austur-vestur og er um 2-2,5 m á hæð. Ekki er hægt að sjá nein merki um byggingar á hólnum eða í kringum hann ef frá er talin þúst 104 sem er um 125 m norðaustan við hólinn og var skráð sérstaklega, en víða á hólnum er aðflutt grjót, slétt og flatt, ólíkt hraungrýtinu sem er á hólnum og allt í kringum hann.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123; VG: Árbók 1951-1952, 125; KEKH, 56; VS: Rangvellingabók, 531

RA-282:077 *Fossdalsborg* tóft fjárskýli



Tóft 077, horft til norðvesturs

hlaðin úr hraungrýti. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,7 m. Borgin hefur að öllum líkindum verið stungin niður en hún er nú full af grjóti og torfi sem hefur hrunið úr veggjum og þekju. Timburstaur og flöt grjóthella eru í hruninu. Staurinn hefur eflaust haldið þakinu uppi og hellan verið yfir dyrunum. Dyr borgarinnar eru ekki greinilegar en hafa hugsanlega verið í suðausturhorni hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 176; HS: Árbók 1937-1939, 122

RA-282:078 *Steinkuvarða* varða óþekkt

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Á sljettunni miðri [Sandgíljusléttu] er Hálfímaklettur; þaðan er hálfími frá bænum; og Steinkuvarða, er hún kennd við vinnukonu


Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Undir Árholtinu er bæjarrúst; nafn óþekkt, nefnd Ártúnsrúst." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Árholt. Nafnlaust býli, jafnóknugt og fornlegt og Árbrún [288:026]. Það hefir verið á bala fyrir neðan brún, er Árholtbrún heitir, og liggur þvert norður frá Rangá, miðsvegar milli Keldna og Árbæjar, í Keldnalandi og hálftrar klukkustundar gang þaðan." Í Kuml og haugfé segir: "Loks er svo þess að geta að miðja vegu milli kumlaleifanna við Gunnarsstein [148] og í Árholtbrún [288:006] eru bæjarrústir fornlegar." Í Rangvellingabók segir: "Vestan við Árholtbrún stuttan spöl frá Eystri-Rangá og innan núverandi landamerkjá Keldna eru rústir forns bæjar." Líklega hefur býlið sem hér um ræðir verið á eða við blásinn hól á blásnum mel,

63°48.762N 20°03.268V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "[...] fram undan sauðakumlinu [018]; standa Sauðaborgirnar á brúnum dalanna." Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, segir ennfremur: "Fossdalsborg, nærri brúninni, vestsuðvestur af Keldnafossi í Rangá, byggði Guðmundur Brynjólfsson líka að stofni, eins og hinar, á árunum 1866-8. Hún er enn til." Fossdalsborg er um 55 m vestan við Fossdalsrétt 069 og um 1,4 km suðaustan við bæ 001.

Borgin er á gróinni hæðarbrún vestan við Fossdal. Sunnan við hana er sandur að Austurhaldi.

Borgartóftin er um 4x6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld og



á Keldum og ber það nafn síðan, að þarna voru melaslægjur fyrir nálægt 50 árum." Ekki sást til vörðunnar á vettvangi. Svæðið er slétt og þar vex mikið af lúpínu. Þegar Fjallabaksleið syðri er ekin er farið nánast í gegnum miðja Sandgiljúslettú og sást ekki varða þar né þegar ekið var eftir Sléttunni í átt að Sandgili 080. Ef rétt er að varðan hafi verið um hálf tíma frá bæ ætti hún að vera nálægt veginum. Hraunklettur eru þó á stöku stað en engin varða.

Sangiljúsletta er slétt, sendin og vaxin lúpínu. Hraunklettur standa upp úr sandinum á stöku stað.

Ekki sást til vörðunnar á vettvangi. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en gæti mögulega hafa verið samgöngubót.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:079 heimild um rétt

63°50.910N 20°00.321V

Í grein Helgu Skúladóttur um örnefni á Keldum segir: "Fyrir innan Sandgiljúslettú er gljúfur í árfarveginum, nefnt Þrengsli. Eftir kláðaniðurskurðinn um 1860 voru byggðar þar almenningsrjettir fyrir hreppinn og rjettað þar í eitt ár, til varúðar gegn smitun í aðalrjettum ..." Talið er að réttin hafi verið í Sandgiljum nálægt Sandgili I 080 og II 081. Líklega hefur réttin verið um 4,5 km norðaustur af bæ 001.

Árfarvegurinn liggur meðfram hraunhrygg til vesturs en sandsletta er til austurs og standa upp úr henni á stöku stað hraungrýti. Mest af svæðinu er ógróið en mosi hefur vaxið á hraunið og melgresi og lúpína skotið rötum í sandslettunni.

Ekkert sést til fornleifar, hugsanlega vegna rofs eða vatnsaga.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 123

RA-282:080 Sandgil I tóftaþyrping býli

63°51.045N 20°00.033V



Meint bæjarstæði Sandgils I 080A, horft til austurs



Sandgil er landnámsjörð sem getið er í Landnámabók: "Kolli hét maðr, son Óttars ballar; hann nam land fyrir austan Reyðarvatn ok Stotkalæk fyrir vestan Rangá ok Tröllaskóg ok bjó at sandgili." Jarðarinnar getið í Njálu. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju. Í máldaga Keldnakirkju frá 1371 stendur: Kirkjan á Keldum á hálf Sandgil. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Lagðist í eyði fyrir 19 árum af blásturssandi. Eigandi er kirkjan að Keldum. ... Hús öll eru í burt og tóftir fullar af sandi. Þar með tún alt sandi kafið. Högum spillir blásturssandi. ... Fyrir vatnsból hefur brunur brúkast nær byggíngin hjelst nú er hann kafinn sandi og þykir vansjeð vatn mundi þar nást, þó til væri grafið." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sandgil forna er landnámsjörð. Kolur Óttarsson byggði þar fyrstur; hann nam land fyrir ofan Reyðarvatn og Stokkalæk og vestan Tröllaskógar. Bærinn hefur staðið á fögrum stað í viki milli tveggja hraunbrúna, Laufflatar og Lægriksóhraunsbrúna." Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Slægjur eru engar nema nokkuð af blöðku, þá þó aðeins er vel vegglur uppá nýting." Vigfús Guðmundsson segir Sandgil hafa verið flutt tvisvar og því séu til þrjú bæjarstæði. Sandgil I er elsta bæjarstæðið og er það um er 1,9 km norðvestan við Litlaskóg 288:003, um 2,4 km suðaustan við Markhólarúst 098 og 4,86 km ANA við bæ 001. Farvegur Sandgilju rennur 60 m fyrir austan bæjarstæðið.

Bæjarstæðið er í uppblásnu hrauni. Þar er nú sandur, hraungrýti og melgresi. Hraungrýti og -drangar standa víða upp úr sandinum.

FRIDLÝSTAR FORNMINJAR. Í Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Bæjarrústin sjálf er nú hulin undir stórri, þykkri torfu að mestu leyti. Þó sést grjót og beinarusl að nv. og norðan. Norður frá bæjartorfunni vestarlega sjást leifar af tveim nálægum húsarústum, svo úthrundum, að ekki verða mældar. Hjá annarri eru

viðarkol og líkindi til smiðju. Þar austur af, ofarlega í brúninni, er gleggri hústótt í nokkrum halla og dyr á gafli til sv., en 8x16 fet að innanmáli. ... Uppi í hábrún vestan við Sandgilju eru leifar af kofum tveimur, litlum og samhliða, sem nú verða ekki mældir. Kofarnir hafa verið (geitakofar) í litlum slakka og halla mót suðaustri, lítið eitt ofar en móts við kofarústirnar tvær nýnefndu. Á hamrabrún, bak við kofa þessa, hefir byrjað varnargarður mikill. Stefnir hann fyrst í vestlæga átt lítinn spöl og nokkuð upp fyrir hábrúnina, beygir svo ssv. niður eftir um langan veg og viðlíka langt frá brúninni, og hefir að líkindum endar með sama móti á hamrabrún þar um bil, sem neðra gljúfrið byrjar - móts við aðrar rústir ... óglöggt sést garðstæðið, með grjótleifum hér og þar. Er það ómælt, en vafalaust nokkur hundruð metra á lengd. Laust vestur frá garðlagi þessu að neðanverðu, austast í laufflatahrauni, er grjótdreif úr kofa, sem vel mátti vera fjárborg frá keldnaseli. Mjög nærri farvegi að austanverðu sést greinilega fyrir túngirðingu úr grjóti víst að nokkru, 25 faðma vestan í rústahólnum og svo 40 f áfram þaðan niður eftir, en 35 f. ofar upp í horn. Að norðan sést ógleggra, stuttan spöl, upp á austurbhrúnina, utan kofarústar, en svo sést víða fyrri garðlagi, er nemur hundruðum faðma suður eftir hábrúninni. - Vera mátti og torfgarður um þvert að sunnanverðu á flatlendinu, þó að nú sjáist ekki merki þess." Í grein Helgu Skúladóttur segir jafnframt: "Áin Sandgilja fjell fram milli þeirra, meðfram bænum að vestan, sennilega í sandgili eins og nafnið bendir til. Engjar hafa líklega legið beggja megin ár, sýna það varnargarðar miklir, er en sjást. Sandgil fór í eyði 1692 af sandi." Rústasvæðið er um 200 x 100 m stórt og sjást mannvistaleifar á fimm stöðum. Bæjarstæði A er að öllum líkindum undir stórra melgresistorfu sem er um 50 x 15 m að stærð, 5 m á hæð og snýr austur-vestur. Á torfunni vex mosi og melgresi. Norðurbakki torfunnar er brattur og er að myndast rofabarð þar. Til suðurs fjarar hóllinn út. Ekkert sést til bæjarhúsanna né hleðslna í torfunni. Þúst B er 35 m norðaustan við þúst A. Hún er 11x10 m, 0,5 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sjást skýrar hleðslur í þústinni þar sem hún er uppblásin. Í sandinum sjést þó grjótdreif og mótar óljóst fyrir útlínunum hennar. Þetta er hleðslugrjót, hellusteinar og hraungrýti. Brot úr sleggju fannst á milli þústar A og B. Þústin er í aflíðandi brekku til suðvesturs í átt að farvegi Sandgilju. Fast austan við þústina eru dýrabein, aðallega tennur, að blása upp. Þetta eru lítil brot sem liggja dreift um sandinn. Tóft C er rúmum 40 m austan við þúst B. Tóftin er 9x5 m og snýr suðvestur-norðaustur. Eitt umfar af grjóti sést í veggjum sem eru 0,2 m á hæð. Líklega er þetta botn veggjanna sem sjást. Tóftin er opin til suðurs eða sú hlið hefur blásið burtu. Inngangur hefur líklega verið þar. Þúst D er 17 m norðvestan við tóft C. Hún er 0,7 m á hæð og vaxin melgresi. Þústin er 8x5 m og snýr suðvestur-norðaustur. Í hliðum þústarinnar glittir í hleðslur en þær eru ekki skýrar en hægt að sjá útlínur þústarinnar. Ofan á þústinni sjást mögulega tvö umför af grjóti. Um 20 m norðan við þústir C og D liggur garðlag E. Það er óljóst og sigið, það rétt mótar fyrir einni steinaröð. Það afmarkar svæði sem er um 63 x 20 m að stærð. Það liggur frá austri til vesturs en sveigir til SSV við farveg Sandgilju og endar skömmu síðar. Fyrir sunnan þúst A þar sem farvegur Sandgilju kemur úr lágu gili hefur mögulega verið sjötta mannvirkið á svæðinu, sem fékk bókstafinn F. Þar er steinadreif í sandinum og mögulega hleðslugrjót.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: ÍF I; 356; ÍF XII, 147; DI III, 264-265; JÁM I, 235; HS: Árbók 1937-1939, 123-124; VG: Árbók 1951-1952, 115; Friðlýsingarskrá, 67


RA-282:081 Sandgil II tóft+garðlag býli
 Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók um örnefni á Keldum segir: "Sandgil yngra, eða flutt, stóð sunnar, vestan í Lágaskógshraunsbrún; enn í byggð 1760." Vigfús Guðmundsson telur að Sandgil hafi verið flutt tvisvar sinnum, og því eru bæjarstæðin samkvæmt því þrjú. Sandgil II er um 4,8 km norðaustur af bæ 001. Sandgil I 080, er um 200 m norðar en Sandgil II og Sandgil III 082 er um 700 m sunnar en Sandgil II. Bæjarstæðið er um 50 m fyrir austan gamlan, uppbornaðan árfarveg. Allt í kring er mikið um rof og hraunlendi og vex lúpína á víð og dreif. Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni í Árbók 1951-1952: "Aðalrústin er á blásnum hól, sem þó er ekki stærri en hún tekur yfir. Virðast þar hafa verið þrjú hús í röð og snúið öll til suðlægrar áttar, en stærðin innanmáls líklegast þannig, Austasta húsið 8x14 fet, svo 8 (?)x6 fet og vestast 10 (?)x17 fet. Veggir þykkir hafa verið milli húsanna, svo að rústalengdin öll er 10 faðmar. Sunnan við hól þennan hafa verið hús tvö sérstæð, líklega með dyr á suðurgöflum, og vestra húsið stærra, allt að 9x17 fet. Ekkert markvert hefir fundizt nýlega í rústum þessum. Túnið þarna innan girðingar hefir varla getað verið yfir 1 1/2 dagsláttu, en algirt að klettabrún í nyrðri hólnum við farveginn. Má rekja 50 faðma garðlag að austanverðu, um 20 faðma að sunnan og 50 faðma líka að vestan. Frá þeim garðlagsenda, við klettana, eru 28 faðmar að rústum, 10 faðmar milli þeirra og garðlags að austan." Ummerki á þessum slóðum eru

63°50.951N 20°00.000V



Tóft 081A, horft til suðurs

nú mjög óljós. Þó má sjá óljósar rústir á tveimur stöðum, á svæði sem er samtals 45 x 32 m stórt og snýr austur-vestur. Tóft A er áberandi greinilegust (á hólnum) en má vel vera að áður hafi verið þrjár tóftir á þessum slóðum eins og Vigfús lýsir. Tóft A er um 10x14 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 0,1 m. Tóftin er einföld og úr torfi og grjóti. Ekki er greinanlegt op. Garður hefur legið til vesturs frá suðurvegg tóftar A, um 25 m að lengd. Líkt og með sjálfar húsaleifarnar er aðeins um grjótraðir að ræða. Garðurinn virðist hafa verið um 22 m langur, stefnt í vestur, og þá beygt til suðurs og legið um 6 m áður en hann verður alveg ógreinilegur. Um 40 m sunnar eru óljósar tóftir B. Tóftirnar eru líklega af öðru af þeim tveimur húsum sem Vigfús Guðmundsson lýsir á þessum slóðum en engin ummerki sjást um hitt. Tóftirnar eru reyndar óverulegar, aðeins nokkrir steinar í röð. Leifarnar eru um 14 x 7 m að stærð og snúa austur-vestur.



Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: Árbók 1951-1952, 116-117

RA-282:082 Sandgil III þúst býli



Þúst 082, horft til norðurs

63°50.570N 19°59.879V



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sandgil yngra (yngsta) eða flutt, stóð sunnar, vestan í Lágaskógshraunsbrún; enn í byggð 1760." Vigfús

Guðmundsson segir Sandgil hafa verið flutt tvisvar, og samkvæmt því eru bæjarstæðin þrjú. Bæjarstæðið er um 960 m sunnan við Sandgil I 080 og rúmum 680 m sunnan við Sandgil II. Bærinn var um 4,4 km austan við bæ 001 og 1,4 km norðvestan við Litlaskóg 288:003.

Bæjarstæðið er í grasvaxinni hraunbrún. Þar er sandur, lyng og grýttir hólar umhverfis. Allt svæðið hefur blásið upp og er að byrja að gróa aftur.

FRIDLÝSTAR FORNMINJAR. "Bæjarstæði þetta var drjúgan spöl sa. en Sandgil I, uppi á sömu brún, Skógarhraunsbrún lægri, sem er bak við gamla býlið, og er þar á mjóu, nokkuð löngu brúnamefi, grýttu og sendnu, með grastætlum. Rústirnar eru grjótdreif ein, um 30 faðmar á lengd upp eftir nefinu, en 4-8 faðmar á breidd. Húsaskil sjást engin, því að undan þeim er blásið. En líkur eru til, að bærinn hafi staðið fremst, en fjósið efst," segir í grein Vigfúsar Guðmundssonar. Afar óveruleg ummerki bæjarstæðis sjást á þessum slóðum. Ekki sést til eiginlegra tófta, þústa eða mannvirkja á svæðinu. Það eina sem sést er steinadreif í aflíðandi brekku til vesturs niður hraunbrún. Svæðið er 9x7 m og snýr austur-vestur. Hraungrýti og dýrabein eru á svæðinu, aðallega þó tennur úr stórgripum. Grjótið gefur heldur ekki til kynna hversu stórar byggingarnar hafa verið eða hversu margar. Allt svæðið hefur blásið upp og tóftirnar með.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: Árbók 1951-1952, 117

RA-282:083 Skógarhraunsrúst þúst býli

63°51.062N 19°58.928V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Uppi við hærri brún er Stóra-Skógslágarmyni. Norðar, undir sömu brún, er Skógarhraunsrúst; að líkindum eyðibær, nafn óþekkt." Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók fornleifafélagsins frá 1951-52 segir enn fremur: "Í austur frá Sandgili I [080], laust neðan við efri Skógshraunsbrúnina er rúst mikil og óvenju löng, full 50 fet og um 9 fet á vídd, eftir því sem grjótdreif sýnir." Þá segir í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt: "Í Skógshrauni

lægri, suðvestur af Herjólfshéiði, undir brúninni, suðvestur af vörðunni [085] sem er upp á brúninni, nál. takmörkum Herjólfshéiðar og herra Skógshrauns (Mælingarvarða Björns Gunnlaugssonar?) c 40 fet í kross (Mælingabók mín bls. 7). Þar hefur verið meiri bygging, máske bær, þar hefur löngum verið hulið að miklu leyti, af hrúaldur hnjóta gróðri og sandfyllu verður því ekki nú (25 feb. 1927) fyllilega á kveðið um bæjarstæði þar". Um 900 m austan við Sandgil I 080 og 30-40 m norðvestan undir efri Skógarhraunsbrún er uppblásin rústahóll. Hann er um 5,6 km norðaustan við bæ 001.



Þúst 083, horft til suðurs

hæstur um 0,8 m. Mikið grjótt er í honum, mest hraungrýti en hugsanlega er eitthvað af því aðflutt. Þó engar hleðslur séu greinilegar á hólnum liggur grjótið með nokkuð reglulegum hætti með brúnum hans svo líklegt verður að teljast að mannaverk séu á.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: Árbók 1951-1952, 118; SG: Smæsta smátt, 1 eftir handriti ÞH, 54.

RA-282:084 heimild um heystæði

63°50.818N 19°59.063V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Uppi við hærri brún er Stóra-Skóglágarmyni. Norðar, undir sömu brún, er Skógarhraunsrúst [083]; að líkindum eyðibær, nafn óþekkt. Þrjár hringar, stórir, eru fyrir suðvestan rústina." Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók fornleifafélagsins frá 1951-52 segir enn fremur: "Á heldur stærra flatlendi, sunnar, suðvestur með sömu brún [og 083], voru þrjár gjafahringir eða fjárskýli, óvenju stórir á mælikvarða síðustu alda ...Skýlin eru hvert nærri öðru. Öll eru þau hringlaga og mælast 24-30 fet í þvermál að innanverðu, eftir því sem grjótdreif sýna, sem hrúnið hafa meira út en inn að því er virðist." Gengið var með Skógarhraunsbrúninni til suðurs og vesturs frá Skógarhraunsrúst 083 um hálfan kílómeter. Þar er flatlendi með stórgrýttum hraunborgum vöxnum lúpínu og melgróðri. Engin ummerki gjafahringja sáust á svæðinu.

Ummerki gjafahringjanna hafa líklega horfið við uppblástur eða við seinni tíma landgræðslu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: Árbók 1951-1952, 119

RA-282:085 *Oddavegur* heimild um leið

63°49.281N 20°04.754V

Skúli Guðmundsson segir í Smæsta smátt: "1905. 5. júlí Eg Eir Páll Vegabót að Odda. Hlóðum hnaus vörður frá Lambhaga síki til Odda og 1 að Fögrubrekku vaði (Kafli Odda) og fl.? Hrest upp vörður á Sandi ("að Odda alla leið") - 18. júlí. "Ruddum veginn út braut." Líkl að "ldum (og við, nefnt annars)." Vegabæturnar sem nefndar eru í tilvísuninni eru að líkindum ekki í landi Keldna en í sama handriti segir einnig: Í Smæsta smátt segir: "1880-3. var fyrst varðaður vegur, af Sig. og Sk., til "tbug (svo) (Hofs og Stokkalækjar vegur), fyrir norðan Króktúnsheiðar jaðar, sem þá var eini vegurinn ríðandi mönnum. Þá var enn allmikið stykki af heiðinni, um miðjan jaðar, fyrir norðan veginn. á þá bakka bárum við grjótt í vörðurnar. - Nú eru þær löngu fallnar í djúpum blástur og mest af norður bökkunum uppblásnir og fallnir, og talsvert sunnan við veginn." Samkvæmt uppdretti með grein Helgu Skúladóttur um örnefni í landi Keldna kom Oddavegur úr suðvestri yfir Króktúnsheiðina og gegnum Króktún heim að Keldum 001 og er það að öllum líkindum sami vegur og Hofs- og Stokkalækjarvegur. Vestan og suðvestan við Króktún eru grösugir stórir hólar og dalir á milli þeirra.


Ekki sést til leiðarinnar þar sem hún var skoðuð suðvestan við Króktún en þó getur verið að hún hafi legið um hlið á túngarði Króktúns 007. Ekki er útilokað að til leiðarinnar sjáist annarsstaðar í landi Keldna á milli Króktúns og aðalvegur sem liggur að Stokkalæk og áfram til suðurs. Þess má geta að í landi Stokkalækjar eru skráðar götur 281:018 og vað 281:017 sem líklegt er að hafi verið á sömu leið. Ekki sást heldur til varða á leiðinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 211, 213 eftir handriti ÞH, 83, 88;

RA-282:086 þúst

63°49.196N 20°05.378V



Púst 086, horft til vesturs

Um 800 m vestan við bæ 001 og um 30 m sunnan við veg milli Stokkalækjar og Keldna, er uppblásinn hóll með tóftarbroti. Hóllinn er um 580 m VSV við Króktúnshól 007.

Hóllinn er á hálfgrónum mel.

Á hólnum, sem er um 3 m hárr, er einfalt tóftarbrot sem er um 5x10 m stórt og snýr austur-vestur. Hóllinn er blásinn og tóftarbrotið er ógreinilegt og fullt af sandi. Hleðslur þess eru um 0,5 m hárar, víða rofnar. Á einum stað sér í grjóti í tóftarbrotinu. Hóllinn sem tóftarbrotið er á er að öllum líkindum að mestu náttúrulegur þó eflaust leynist einhver mannvistarlög undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

RA-282:087 Pálssteinn þjóðsaga landamerki

63°53.359N 19°58.236V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Í vesturátt frá Torfunum eru Löngubrekkur, háar og fagrar grasbrekkur. Löngubrekkuhóll er uppi á hábrekkunni. Nokkru austar er Pálssteinn, í mörkum afréttar, Dagverðarness, Kots og Keldna. Hann er allstór, klofinn í tvennt, sjest af Austurtúni. Til er þjóðsaga um uppruna nafns hans: Einu sinni var bóndi í Haukadal, er Páll het. Hann var þjófgefinn og lagðist út í helli, sem er þar skammt frá bænum. En er menn urðu varir, hvar hann var, flýði hann til Pálssteins og heldur þar til í klettaskorunni." Pálssteinn sést víða að úr landi Keldna og skagar upp úr hrauninu. Ekki eru mannaverk á steininum samkvæmt þjóðsögunni en hann var ekki rannsakaður á vettvangi.

Pálssteinn stendur í mosavöxnu hrauni.

Náttúrulegur klettur eða hraundrangi sem stendur upp úr hrauninu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126

RA-282:088 heimild um kolagröf

63°53.140N 20°00.273V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Kolviðarhraun liggur um hagamörk Keldna og Dagverðarness. Eins og nafnið bendir til, hefur þar verið skógi vaxið og gert til kola; sjást þar enn margar kolagryfjur." Á svæðinu sem er VSV við Pálssteinshraun sást ekki til kolagrafa. Hraunbrúin er nú vaxin mosa og grasi. Kolviðarhraun nær einnig í land Dagverðarness, 292:005, en ekki fundust heldur kolagrafir þar þegar leitað var að þeim við aðalskráningu þar sumarið 2006.

Svæðið er mosavaxið en hraun stendur víða upp úr mosanum.

Engin ummerki kolagrafanna sást á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126

RA-282:089 Húsagötuhammur örnefni leið

63°51.118N 21°15.954V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir sunnan og vestan Hlíðargötuhammur, í suðurbrún Eldiviðarhrauns, er Hrafnasteinslág og Húsagötuhammur. Örnefnið Húsagötuhammur bendir til þess að leið hafi legið nærri hvamminum en ekki er vitað hvert eða hvaðan hún lá. Mikill lúpínugróður vex í áður blásnu hrauni sunnan undir hraunbrún.

Ekki sást til gatna eða annarra vísbendinga um leið á svæðinu við skoðun.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

RA-282:090 Húsagötuhammur heimild um hesthús

63°51.976N 20°02.434V


Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir sunnan og vestan Hlíðargötuhvamm, í suðurbrún Eldiviðarhrauns, er Hrafnasteinslág og Húsagötuhvammur. Þar voru töluverðar byggingar, fastar kvíar, tvíhlaðnar, fyrir 100 fjár, og hesthús; nú eru þær sokknar á kaf í sandi." Húsagötuhvammur er 5,2 km norðaustur frá bæ 001. Þessar minjar eru mjög langt frá bæ og því vaknar sú spurning hvort þær hafi tilheyrð öðru býli. Ekki eru til neinar upplýsingar um hvaða býli það hefur getað verið. Um 1,7 km er í næsta þekktu býli innan Keldna sem er Hraunkot 034. 1,6 km eru suður að Keldnaseli gamla 106. Þá er enn ótalið býlið Hraun 164 sem Vigfús Guðmundsson telur líklegt að hafi staðið suðvestan undir Eldiviðarhraunsbrún, eða um 800 m vestan við Húsagötuhvamm, en staðsetning þess er ekki þekkt. Hvammarnir við suðurbrún Eldiviðarhrauns hafa blásið og fyllst af sandi. Þar vex nú víða lúpína. Húsagötuhvammur er djúpur og nokkuð breiður, opinn til suðausturs. Ekki er hægt að sjá nein merki um mannvirki vegna rofs og lúpínugróðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 127; VG: Árbók 1951-1952, 106

RA-282:091 tóft fjárskýli

63°51.666N 20°02.591V



Í grein eftir Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir vestan hann [090] eru Smáhvammarnir. Suður af þeim er borg- fjárhringur, 40 fet í þvermál, tvíhlaðinn, mikil hleðsla. [...] Í Axarhrauni, dálítið uppi á brúninni, er fjárhringur tvíhlaðinn úr grjóti, 10 feta þykkur og á að gizka axlarhár, tvídyraður, norður og suður; þvermál 44 fet í kross." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Fjárbyrgi eða gjafahringur mikill og óvenju stór. Hann er á flötum hól rétt hjá og sa. frá hærri vörðuhól, dálítið upp frá Axarhraunsbrúninni, í suðaustur frá Sauðanefi, viðlíka langt frá því og Hraunkotið [034]." Skúli Guðmundsson segir í Smæsta smátt: "Í Axarhrauni, fyrir sunnan Markhólstungur, vestarlega, dálítið upp á brúninni, (austur af vörðu [169] sem þar er) tvíhlaðin úr grjóti, c 10 feta þykkur á að giska axlar hár, tvídyraður, til norðurs og suðurs, 44 fet í kross." Lýsingarnar sem hér eru að framan eiga að líkindum allar við um sömu fjárborgina. Fjárskýlið er norðaustan undir flötum hól, um 220 m SSA við vörðu 169, er suður af Smáhvömmum. Það er um 4,6 km norðaustur af bæ 001. Staðsetning þessa byrgis, eða gerðis, passar nokkuð vel við lýsingar

á staðsetningu fjárbyrgisins en hafa ber í huga að Axarhraun er viðamikilið. Ekki er útilokað að byrgið sem hér er skráð sé náttúrulegt.

Gróðurlitlar og uppblásnar hraunbreiður með vikursandi.

Í Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Byrgið er alveg hringlaga, með dyrum mót suðvestri. Tvíhlaðið hefir það verið, úr grjóti og torfi, og allt að 40 fetum í kross að innanmáli. Laglegur hópur, 300-400 fjár, gat staðið þar inni, og eigi þarf að ætla, að kotbóndi hafi átt slíka hjörð." Hóllinn sem byrgið stendur við er fremur hár og veggir hafa legið í hálfhring frá honum til norðausturs á báða bóga. Dyr virðast vera í norðvestur. Þetta mannvirki er mjög niðurfallið og blásið. Veggirnir líkjast grjóthryggjum og innan þeirra er stór laut. Innanmálið er um 20 x 14 m, snýr norður-suður. Innan hringsins er sandur. Veggir eru ógreinilegir til norðurs. Rofaskarð er milli hólsins og veggjar við austurenda hólsins og kann þar að hafa verið inngangur. Mikilið magn af grjóti er í hryggjunum sem mynda hringinn en það er einnig að segja um næsta nágrenni. Ekki sést móta fyrir hleðslum en mesta hæð veggja er um 1,3 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 127, 129; VG: Árbók 1951-1952, 108; SG: Smæsta smátt, 1 eftir handriti ÞH, 54.



Tóft 091, horft til suðvesturs

RA-282:092 Keldnaréttir heimild um rétt

63°51.923N 20°03.597V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sauðanef gengur lengst til

vesturs af Eldiviðarhrauni. Vestan-undir því nefi, við götuna [115] að Koti [RA-291], stóðu almenningsrjettir fyrir hreppinn fram yfir aldamót 1800 (nálægt 1820). Hjetu þær Keldnarjettir." Réttirnar eru um einum kílómetri austan við Keldnaréttir síðustu 008. Ekki er vitað nákvæmlega hver réttirnar stóðu þar sem engin ummerki þeirra sjást á yfirborði. Bogi Thorarensen, heimildamaður, taldi að þær hefðu verið þar sem hnitíð var tekið. Á þessu svæði er nú verið að sá lúpínu á vegum Landgræðslunnar.

Svæðið er uppblásið og sandur um allt. Þar vex nú mikið af lúpínu, mosa og lyngi.

Engin ummerki réttanna sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 127

RA-282:093 heimild um fjárskýli

63°52.162N 20°03.398V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Gömul fjárborg, byggð 1885, rifin 1896 (Sauðanefsborg), er milli bugsins og nefins." Sauðanef gengur lengst til vesturs af Eldiviðarhrauni. Bogi Thorarensen taldi að fjárborgin hefði staðið uppi á Sauðanefi. Fjárborgin var um 1,2 km NNA af Keldnaréttum síðustu 008 og um 5,5 km norðan við bæ 001.

Fjárborgin stóð upp á norðvesturbrún Eldiviðarhrauns. Brúnin er uppblásin með mosagróðri.

Engin ummerki fjárborgarinnar sást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:094 Grákarl varða

63°49.423N 20°05.028V



Varða 094, horft til suðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Nokkuð austar með götunni [181] er Grákarl, stór, grár klettur, með vörðu." Varðan er rúmum 500 m norðvestan við hesthús 086 og tæpum 550 m VNV við bæ 001. Núverandi malarvegur að Keldum er um 25 m norðan við vörðuna og rafmagnsgirðing er fast norðan við hana.

Varðan er á grónu hrauni. Svæðið hefur blásið upp en er nú vaxið grasi og mosa. Hraundrangar og -klettur standa víða upp úr sverði.

Varðan er á náttúrulegum kletti. Hann er um 1,7 m hár, sléttur og um 2,5 m langur. Kletturinn er sléttur og sker sig úr á svæðinu. Varðan er um 0,7 m á hæð og 0,5 m í þvermál. Hún er ennþá uppistandandi og sjást fimm umför af grjóti í henni. Það er vaxið skófum.

Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:095 heimild um kvíar

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum eftir Vigfús Guðmundsson stendur: "Prennar kvíar aðrar og stærri hafa verið eigi langt suðaustur frá túninu: 1. Við brúnina fyrir sunnan Stórahólma". Kvíarnar hafa verið á sömu slóðum og stekkur 060, lambhús 058 og kvíar 195 og 126 en ekki sést til þeirra. Heimildir um þær komu reyndar í ljós eftir að að skráningu á þessu svæði var lokið þannig að ekki var leitað að þeim sérstaklega.

Úfin og uppblásinni hraunbrún er þar sem stekkjartún 060 Páls er. Til vesturs er gróið tún þar sem Keldnalækur kemur upp en til suðurs grasivaxið tún.

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 191.

RA-282:096 Rjettarheiðarborg heimild um fjárskýli

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Gömul fjárborg, byggð 1881, var spölkorn fyrir framan rjettirnar [008] (Rjettarheiðarborg); rifin aftur 1896, ásamt síðustu Seltungnaborginni [097]; taldi þar þó engin skepna, allt þar umhverfis var orðið svart af sandi." Svæðið þar sem borgin á að hafa verið er uppblásið en nú er þar lúpína í stórum breiðum.

Svæðið sem kallast Réttarheiði er uppblásið hraun vaxið lúpínu með stórum sandflákum.

Engin ummerki fjárborgarinnar sást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128

RA-282:097 *Seltunguborg* heimild um fjárskýli

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Gömul fjárborg (096), byggð 1881, var spölkorn fyrir framan rjettirnar [008] (Rjettaheiðarborg); rifin aftur 1896, ásamt síðustu Seltungnaborginni; taldi þar þó engin skepna, allt þar umhverfis var orðið svart af sandi... Síðast voru þar sex sauðaborgir byggðar frá 1798-1840." Nákvæm staðsetning Seltunguborgar er ekki þekkt. Gera má þó ráð fyrir að þær hafi verið í Seltungum sem eru merktar inn á kort Helgu Skúladóttur, Keldnasel yngra [100] og eldra [106] eru í Seltungum. Líklegt er að engin ummerki fjárborganna sjáist þar sem þær voru rifnar niður.

Engin ummerki borgarinnar sáust á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128, 130.

RA-282:098 *Markhólarúst* tóft býli



Tóft 098, horft til vesturs

fyrir vestan ána; mun Keldnaselsland hafa náð þangað. Rústin er spölkorn austur frá hólnum, en þó fyrir vestan ána. eru þar miklar byggingarleifar, svo auðséð er að þar hefir bær verið og eyðst af sandfoki fyrir löngu. Annað vita menn ekki um bæ þennan." Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1951-1952 segir: "Þarna sést vel fyrir túngarði að ofanverðu, en að neðan hefir Sandgilja, með brún sinni snarbrattri og klettabelti að suðaustan, verið til varnar.... Uppi við túngarðinn, vestar miðju, er mikil rúst með bakhliðina bæði sem túngarð og húsagarð. Rúst þessi er fyrirferðarmikil...." Bæjarstæðið er tæpa 400 m suðvestan við áveitugarð 099, 1,2 km vestan við tóft 070 og 7,23 km austan við bæ 001.

Tóftin er í uppblásnu hrauni með náttúrulegum hólum og klettum. Sandur er á svæðinu og lúpína vex þar í breiðum.

Aðeins sést nú ein rúst á þessum stað. Farvegur Sandgilju er um 70 m fyrir suðaustan tóftina. Á milli þeirra er uppblásið barð sem byrjað er að gróa aftur. Tóftin er 9 x 6 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Hún er á náttúrulegum hól sem hallar til vesturs. Veggirnir eru úr hraungrýti en til vesturs er hóllinn notaður. Þeir eru 0,3 m á hæð og sjást tvönn umför af grjóti í þeim. Telja má víst að þetta sé ekki tóftin úr örnefnalýsingum heldur líklega útihúsrúst sem tilheyrði býlinu. Engar leifar bæjartóftar eða -hóls sjást nú á svæðinu né túngarðs.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 128; VS: Rangvellingabók, 531; VG: Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum, Árbók 1951-52, 111; BJ: Árbók 1898, 20.


RA-282:099 garðlag áveita

63°52.030N 19°57.422V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir norðan rústina [098] er gamall vatnsveitugarður, fyr nefndur ...hlaðinn úr

63°51.867N 19°57.806V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Austast á tungunum er bæjarrúst er Brynjólfur frá Minna-Núpi nefndi Markhólarúst; annars er bæjarnefnið óþekkt." Í Rangvellingabók stendur: "Á norðurbrún Sandgilju um einn kílómetra suðvestur frá Melkoti [038] og innan núverandi landamerka Keldna eru rústir allmiklar. Í ritum þar sem getið var eyðibýla á Rangárvöllum var rúst þessi fyrrum kölluð Markhólarúst. Þar hefur fundist kléberg sem er talið öruggt merki fornrar mannaþyngdar." Í grein Brynjúlfs Jónssonar, Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu stendur: "Markhólarúst verður að kenna við Markhól, af því að annað örnefni er ekki nær, en hið rétta nafn er týnt. Markhóll er norður frá Sandgili



Garðlag 099, horft til norðurs

grjóti fyrri Sandgilju." Garðlagið er 7,62 km ANA við bæ 001, rúnum 900 m vestan við tóft 070 og um 970 m norðvestan við tóft 066. Það er hraunbrún 50 m fyrir norðan garðlagið.

Garðlagið liggur í uppblásnu hrauni. Þar er sandur, hraungrýti og melgresi vex á stöku stað.

Garðlagið liggur til vesturs frá farvegi Sandgilju og tekur áin beygju til norðurs við það. Garðlagið er 73 m langt, 0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Mest sjást fjögur umför af grjóti. Á breiddina virðist það vera þríhlaðið. Garðlagið er úr hraungrýti sem er lítið mosavaxið. Garðlagið er áberandi í umhverfinu.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126, 128

RA-282:100 *Keldnasel yngra* þúst býli

63°51.290N 20°03.146V



Þúst 100F, horft til vesturs



metrar

Þústir 100

Í grein Helgu Skúladóttir um örnefni á Keldum segir: "Seltungur liggja upp og inn brúnina fyrir austan Knafahóla, austur með Axarhrauni á sömu brún. Þar voru óblásin víðilönd til 1882. Nú eru þær alveg gróðurlausar, og illreitt yfir þær, vegna grjótna og hola, sem huldar eru af mold og sandi. Keldnasel yngra stóð vestarlega á þeim (eitt ár). Síðast voru þar sex sauðaborgir byggðar frá 1798 til 1840. Notaðar frá Keldum til 1882, þá fór allt í sand." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Hér er nú í tæpasta lagi talandi um eyðibýli, því að einungis 1 eða 2 ár hefir þar verið búandi [...]. Eigi er annað vitanlegt um vatnsból þar en í hinu selinu, enda var þar skammt á milli og í sömu fjarlægð frá Keldum. Býli þetta stóð þó hærra en hitt, uppi á Seltungnabrúninni rétt vestast. Og er sú brún laust austan við Knæfhóla [...]" Keldnasel yngra hefur að öllum líkindum verið um 3,8 m norðaustan við bæ 001 og um 1 km norðvestan við Keldnasel eldra 106. Óljósar leifar fjárskýlanna sjást á sama stað og Keldnasel yngra var.

Blásið hraun og sandur uppi á hæðóttri hraunbrún. Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum segir; "Bæjarkompu, eldhúskytru og fjósmynd mun Jón Jónsson hafa byggt þar. [...] Bær þessi var notaður á eftir fyrir fjárhús [...] var því breytt í borg og nefnt Húsborgin. Á sama hátt varð til Fjósborgin. Og alls voru þar sex borgir fram á mín æskuár. Voru þær hlaðnar úr góðu hraungrýti að innan, nærri topphlaðnar, en þó með stuttum mænisás, röftum og yfirgerð, en snidda að utan, alveg hringlaga. Þær stóðu á hólum eða böllum með litlum dyrum til útnorðuráttar; festi því ekki fönn við þær [...]. Borgir þessar voru fremur litlar, 11-13 fet í þvermál. Gátu tekið 40-60 sauðfjár hver. Allar blésu þær sundur og hrundu í rústir upp úr og eftir sumarmálaveðrið mikla 1882. Blásið var þar af hólum öllum niður í hraun árið 1944, en borganna, og lautir fullar af sandi." Allnokkrar mannvirkjaleifar er að sjá á svæði sem er um 65 x 50 m að stærð og snýr austur-vestur. Helsta vísbendingin um að í blásnu hrauninu hafi verið mannvirki eru aðfluttir, flatir hellusteinar á dreif á fjórum lágum hæðum en gróðurtorfur eru á tveimur hólum til viðbótar. Staðirnir eru aðgreindir með bókstöfum A-F. Hóll A er norðaustast á svæðinu, hann er fremur lítil en er enn gróinn að hluta. Hann er um 7 x 7 m að stærð og á honum efst er lítil, óljós hleðsla, um 1 x 1,5 að stærð og snýr hún norðaustur-suðvestur. Hóllinn er um 2 m á hæð og hleðslan er um 0,5 m á hæð. Fast norðvestan við A er hóll B, um 10 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur og er hann flatur að ofan og lágur. Hann er nær allur eyddur en á honum sést laust hraungrýti og flatir hellusteinar. 25 m norðvestan við hól B er svipaður hóll C. Hann er 10 m í þvermál og er að öðru leyti eins og B. 35 m suðaustan við hól A er hraungrýtishóll D og sjást í honum flatir hellusteinar á svæði sem er 7 x 7 m að stærð. 25 m norðvestan við þennan hól er hóll E. hann er 20 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Nyrst í honum eru óljós merki um grjóthleðslu, 4 x 3 m að stærð, snýr austur-vestur, er um 0,2 m á hæð. Hleðslan er mjög gróin. Sunnan við

hleðsluna, á hólnum, er mikið um mosa og melgresisgróður á dálítilli bungu sem er um 10 x 10 m að stærð en ekki er hægt að sjá hleðslur eða útlínur veggja. Hóll E er stærstur og sá sem síst er eyddur. Hátt er fram af honum til vesturs, um 3 m. Ef til vill hefur sel og síðar býli staðið á þessum hól en af heimildum að dæma hafa bæjarhúsin fengið önnur hlutverk eftir að byggð lagðist af. Um 35 m norðvestan við E er hóll F. Hann er lágur og eyddur en þar er mikið magn af flötum hellusteinum innan um hraungrýti. Hóllinn er um 10 m í þvermál og vestast í honum má sjá óljósar veggjaleifar, torf og grjót.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129-130; VG: Árbók 1951-1952, 113

RA-282:101 Vörðuhóll varða samgöngubót

63°51.225N 20°04.152V



Varða 101, horft til vesturs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Suðvestast á heiðinni er Kubbhóll, í mörkum milli Keldna og Reyðarvatns, og Fjánhóll nokkru austar. "Knæfhólar" eða Knafarhólar, eins og þeir eru nefndir í Njálu, eru austast í heiðinni. Þeir eru 5 að tölu og gnæfa yfir umhverfið; hefur verið getið til, að af þeim sökum hafi nafn þeirra upphaflega verið Gnæfhólar. Norðvestasti hóllinn heitir Vörðuhóll." Vörðuhóll er um 240 m norðan við kuml 005, rúmum 550 m norðvestan við sögustað 102 og 3,6 km NNV við bæ 001.

Vörðuhóll er í uppblásnu hrauni með lúpínubreiðum.

Vörðuhóll er um 5 hár, brattur hraunhóll. Hóllinn er lítið gróinn en lúpínubreiður vaxa neðst í honum. Efst á hólnum er varða hlaðin úr hraungrýti. Hún er 0,5 m á hæð,

1 m í þvermál og fimm umföer af grjóti sjást í henni. Varðan hefur eflaust verið notuð til samgöngubóta á Kotsvegi 115 enda sést hún víða að.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129

RA-282:102 sögustaður vígi

63°51.055N 20°03.583V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Í einum þeirra [hólanna sjá 101], þeim vestri við götuna að Koti [115], sat Starkarður undan Þríhyrningi fyrir Gunnari á Hlíðarenda en Gunnar hleypti undan að Rangá. Í hólnum sjest enn votta fyrir laut, þótt nú sje hún full af sandi." Við Knafahóla var ein þekktasta fyrisát Íslendingasagnanna sem frá segir í Njálssögu, þegar 30 manna lið sat fyrir Gunnari og Kolskeggi". Við Kotsveg standa tveir af Knafahólunum. Hraunkot er 1,2 km til norðurs og bær 001 er 3,35 km til suðvesturs. Vestari hóllinn er 5-6 m á hæð og er úr hrauni. Hnit var tekið í austurhlið vestari hólans en engin laut var sjáanleg í hvorugum hólanna.

Uppblásið hraun með lúpínubreiðum, melgresi og sandi.

Engin ummerki fyrisátursins eru sjáanleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129; Bjarki Bjarnason: Njálslóðir, 47-48; ÍF XII, 157-160

RA-282:103 heimild um heygarð

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Lítið fyrir austan austasta "Knæfhólinn" [sjá 102] er gjafahringur." Svæðið fyrir austan Knafahóla var gengið án þess að sæist til heygarðsins.

Á svæðinu er nú (júlí 2008) uppblásið hraun með nokkuð af grjóti, sandi og lítið af melgresi.

Engin ummerki heygarðsins sáust á yfirborði og líklegt að hann hafi blásið burtu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 129

RA-282:104 þúst

63°49.607N 20°01.118V

Bogi P. Thorarensen, heimildamaður frá Helluvaði, man eftir undirstöðusteinum húsa og flötum hellusteinum við Fjallabaksleið syðri eins og hún liggur nú (2008), í brekku mót vestri upp á Árholtið. Afar ógreinilegar byggingaleifar má sjá á þessum stað, um 10 m norðan við Fjallabaksleið, um 125 m norðaustan við Ártúnstrúst 076 og um 2,8 km norðaustan við Keldur 001.

Norðaustan við minjarnar er dálítill hóll, blásinn og gróðurlaus fyrir utan lúpínu sem vex þar nú. Stór hraunklöpp er beint austur af minjum, um 15 m ofar í brekkunni.

Mjög óljóst má greina útlínur veggja mannvirkis sem snýr austur-vestur á þessum stað og er um 7 x 4 m að stærð. Minjarnar eru allar mjög blásnar eins og landslagið í kring, lítill sem enginn gróður og sandur víða. Greina má undirstöðusteina úr hraungrýti í veggjum mannvirkisins og aðflutt grjót, líklega úr ánni sem rennur hér sunnan við. Lítil brot af hellugrjóti má sjá vestast í mannvirkinu og stórgripatönn er hér skammt vestan við. Gaddavírsgirðing liggur ofan á norðurvegg mannvirkisins. SSV við mannvirkið er einnig aðflutt grjót á dreif í brekkunni, þar sem enn er dálítill jarðvegur eftir en lítill sem enginn gróður.

Ef til vill hefur þetta mannvirki tengst býlinu Ártúnsrúst 076 en ómögulegt er um það að segja.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: VG: Árbók 1951-1952, 108



Þúst 104, horft til ANA

RA-282:105 *Digravarða* varða

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Austarlega á þeim [sjá 100] stendur Digravarða uppi á hæð, landmælingavarða Björns Gunnlaugssonar." Varðan er merkt inn á kort Helgu Skúladóttur austarlega í Seltungunum. Kortið er ekki í réttum hlutföllum og því sýnir það bara grófa staðsetningu. Varðan sást ekki á vettvangi, hvorki þegar farið var í Seltungur né þegar Sandgilsbæjarstæðin [080, 081, 082] voru skráð. Á svæðinu er mikið af hraunklettum og því erfitt að leita af sér allan grun.

Hraunbrúnin frá Sandgili og austur í Seltungur er lítt gróin og úfin. Hraunklettar og -drangar standa víða upp og líkjast vörðum. Ekki sást til neinna mannvirkja á svæðinu.

Engin ummerki vörðunnar sáust á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 130

RA-282:106 *Keldnasel gamla* tóft+garðlag býli

63°51.106N 20°01.948V




Tóft 106, horft til austurs



Garðlag 106, horft til norðurs

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1702 segir: "Málnytu beit á sumur er mjög örðug og langt í burt, hefur til forna út í högum jarðarinnar selstaða brúkast, en ei í manna minni, verður nú og ekki brúkuð sökum vatnsleysis." Í grein Helgu Skúladóttur segir: "Keldnasel gamla stóð sunnan í Seltungnabrún, austarlega, þar sem nú gengur lengst fram. Þar mun hafa verið selstaða frá Keldum og byggt svo upp úr því. Undan sandi hefur það verið flutt vestur á brúnina. Jarðabók Árna Magnússonar nefnir ekki býli þarna, og hefur það því byggzt síðar. Þar fór í eyði 1782-83." Skammt sunnan við hraunbrún er dálítill þúst á hól og garðlag þar sem Keldnasel gamla hefur að líkindum staðið. Það er um 3,7 km norðaustur af bæ 001 og 1,6 km vestan við Sandgil I 080.

Blásið og sendið hraun þar sem afar lítill gróður er orðinn eftir. Minjarnar eru í halla mót suðri og standa allhátt í hrauninu. Suðaustan við hólinn er gróðurlítill dalur niður á lægra hraun. Norðan og norðaustan við hólinn þar sem bærinn hefur staðið er lítið dalverpi afmarkað af hraunkömbum á allar hliðar nema til suðausturs þar sem hólinn er. Frá minjunum sést um langan veg til suðurs.



Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum segir: "Bóndinn eini, sem þekktist í Seli þessu, var Guðmundur Erlendsson og bjó þar yfir 20 ár til 1780. Hann var mesti dugnaðarmaður, fátækur í fyrstu, en varð síðar auðugur bóndi á Keldum og keypti þá jafnframt jörðina. [...] Eigi hefir sézt aðgreining húsa í bæjarrústum þessum, því að bæði er hleðslugrjót oltið út og gróið yfir miðpart þeirra. Að fyrirferð er rústin 70 fet á lengd, en breiddin óviss. Fyrir norðurhliðinni sést nokkurn veginn, og fyrir hústótt, er tekur 4 fet upp fyrir aðalhliðina, 5 fet á vídd inni, er gæti verið leifar af eldhúsi gegnt bæjardyrum. Tún hefir verið þar bæði fyrir ofan bæinn og að neðanverðu, helzt vestan til. Hefir það verið umgirt með grjóti að mestu, trúlegast af Guðmundi, og að stærð á þriðju dagsláttu. Vestur frá túninu að neðanverðu eru rústir tvær saman, jafnhliða og jafnstórar. Þær virðast vera 30 fet á lengd og 6 fet á vídd. Lítur út fyrir, að þar hafi verið kvíar og gátu tekið til samans yfir 100 ær. Borgarrúst hefir líka sézt þar lengra frá bænum. Gárinn milli tungnanna hefir eyðilagð býlið." Í Rangvellingabók segir: "Bærinn Keldnasel finnst fyrst

nefndur í prestverkabók séra Orms Snorrasonar árið 1751. Hann stóð "vestan við nefið sem lengst skagar niður úr Seltungubrúninni, milli og dálítið nær Knæfurhólum en Sandgili forna." [...] Keldnasel lagðist í eyði um eða laust eftir 1780. Aftur var byggð upp tekin í Keldnaseli 1798 og bær þá reistur skammt frá hinum fyrri [sennilega er hér átt við Keldnasel yngra 100]. Þessi bær var ekki í byggð nema eitt ár, en lagðist í eyði 1799." Heildarstærð minjasvæðisins er um 100 x 35 m og snýr það austur-vestur. Bæjarstæðið hefur líklega verið uppi á hól, þeim eina í nágrenninu sem er gróinn að nokkru leyti. Á hólnum er gróin þúst, aðallega vex þar melgresi, elfting og mosi. Hóllinn er um 15 x 30 m að stærð, snýr austur-vestur. Hátt er niður af hólnum til suðurs og suðausturs, um 4 m, en til norðurs er hóllinn um 0,5 m á hæð. Ekki er hægt að sjá útlínur veggja í hólnum en þó má ef til vill greina hlaðinn vegg í austurenda þar sem rof er komið í hólinn. Þar má sjá móta fyrir rými sem er um 2 x 4 m að stærð, snýr austur-vestur. Það er 0,1-0,2 m á dýpt. Annað er óljóst á hólnum. Skammt vestan við hóllinn, um 80 m, eru leifar garðlags sem liggur frá brekkubrún í norðri til suðurs og er sá kaflur um 35 m langur, þá sést garðurinn óljóst beygja til norðausturs og er þar 4 m langur en hverfur í hraun og sand. Garðurinn er nokkuð gróinn á nyrðri helmingi en annarsstaðar sést í grjót. Garðurinn myndar hrygg í landslagið og er sæmilega gróið austan við hann en sandur er upp við hann vestan megin. Breidd garðsins er 1-1,2 m og mesta hleðsluhæð er 0,2-0,3 m. Heildarlengd garðsins er um 40 m.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM I, 239; HS: Árbók 1937-1939, 130; VS: Rangvellingabók, 198; VG: Árbók 1951-1952, 113

RA-282:107 heimild um hlöðu

63°49.307N 20°04.306V

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "Allt útlit er fyrir að í gamla daga, ef ekki í fornöld, hafi verið hlaða niðurgrafinn í Fjóshólinn, á bak við gamla Fjósið, nú bak við Hólshesthús [022] (bls 17, 23) Á að gizka allt að 36 fet á lengd og 20 fet á breidd, - þar er enn brynningar laut fyrir kúr á vetrum. Hún er nú um 1 1/2 al 2 dýpt, en hefur grynknað mikið í mínu minni, því opt hefur drifið, eða dregist yfir hana og stundum sandfannir, sem að mestu hafa hreinsaðar verið." Hlaðan er tæpa 10 m norðaustan við Hólshesthús 022 og rúma 100 m austan við bæ 001. Hlaðan hefur verið fast norðaustan við hólshesthús og fast austan við hlöðu 109.

Þar sem hlaðan stóð er slétt, grasivaxið svæði í austurhluta fjóshóls. Engar vísbendingar sjást á yfirborði um hvar hlaðan stóð, mögulega vegna uppfyllingar og rasks á svæðinu.

Engin ummerki hlöðunnar eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 24 eftir handriti ÞH, 23.

RA-282:108 heimild um landamerki

63°48.367N 20°05.386V

Á korti af Keldum sem birtist í skýrslu Landgræðslu ríkisins 2008 um grjótgarða í landgræðslu hefur Skúli Lýðsson, bóndi á Keldum, merkt inn garðlag sem hefur mögulega skilið á milli lands Tungu RA-283 og Keldna. Upplýsingar um garðinn lágu ekki fyrir þegar farið var á vettvang og ekki sást til hans á vettvangi.

Garðurinn er í hæðottum og grösugum móa þar sem landið milli Stokkalækjar og Keldnalækjar er mjóst.

Garðurinn er um 105 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Samkvæmt korti Skúla er garðurinn frá 1730. Ekki er hægt að segja meira um garðinn án þess að skoða hann á vettvangi. Líklegt er að hann sé mjög siginn og gróinn fyrst hann sást ekki á vettvangi 2008. Vegar slóði að Tungu liggur yfir garðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landgræðsla ríkisins 2008, 21

RA-282:109 Heimahláðan tóft hlaða

63°49.307N 20°04.322V



Heimahláðan 109, horft til norðvesturs

Skúli Guðmundsson segir í handriti sínu Smæsta smátt: "Stóra heimahláðan var síðan byggð sjö árum síðar, eða árið 1899. 18.-22 júlí setti Hjörtur þakið, grind, móleður, sperrur, langbönd, járn. Ég smíðaði hlera og hurð. Járníð, plötur 3ja álna, kostuðu þá kr. 1,50 hver í Ingólfi. Það ár komst það lægst og billegast þar, víst austan fjalls. [...] Sperrur voru á hverjum þrem álnum, flestar úr rekaplönkum frá 1893. 1 forláta rekatréssperra úr Múlakirkju."

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "1897, byggði Skúli Guðmundsson á sínum vegum Heimahlöðuna stóru, í heygardinum á bak við fjósið, án þess þó að innangengt sé þar á milli. Hún er með 6 álna háum grjóttveggjum og járnþaki, rúmar 650 heyhesta. Reiddir voru í hlöðuna 778 hestburðir af grjóti, og í heydesunum var grafið niður um 3 álnir. Kom þar upp enginn

steinn eða óhreyfð mold, heldur einungis desamold. Sýnir gamlan heygard þar. Hlaðinn er þægilegur stígi til uppgöngu um dyrnar á vesturstafni. Er þess og full þörf, því enn þarf að bera fram á, eins og áður," Hlaðan er 10 m suðaustan við Hólshesthús 022 og 15 m vestan við hlöðutóft 107.

Fyrir sunnan, austan og vestan hlöðuna er grasivaxið svæði. Trjábeð er fast norðan við tóftina, líklega skjólbelti. Hlaðan er í suðausturhlið náttúrulegs hóls, Fjóshóls, fast sunnan við tóftir 020 og Hólshesthús 022. Hún er 12x6 m að stærð. Hlaðan er ennþá undir þaki og gerð úr grjóti, torfi, timbri og bárujárn. Hlaðan er mest 3,5 m á hæð. Veggirnir eru 1,4 m og sjást átta umför af grjóti í þeim. Þakstöðirnir eru gerðar úr timbri og þakið hefur verið með bárujárn. Inngangur er á miðri vesturhlið og eru dyrnar 1,4 m á hæð. Ekki var hægt að fara inn í hlöðuna, hún var full af timbri og öðru rusli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 170-171; SG: Smæsta smátt, 24-25 eftir handriti ÞH, 25.

RA-282:110 Matarhóll heimild um áfangastað

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Vestarlega á þeim miðjum [Blöðkumelumum], suðvestur af Fjánhól, í Knafahólaheiði, er all-hár hóll, er heitir Matarhóll, síðan engjafólk hafðist þar við." Ekki er vitað nákvæmlega hvar Matarhóll er né heldur Fjánhóll. Á svæðinu er mikið af náttúrulegum hraunhólum. Knafahólaheiði var öll gengin án þess að finna Matarhól.

Matarhóll er á blásinni heiði þar sem nú vex melgresi og lúpína. Mikið er af náttúrulegum hraunhólum þar.

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:111 heimild um leið

Í grein Helgu Skúladóttur um örnefni í landi Keldna segir: "Fram undan brún [sjá 110] er Jónshóll, Imbuhóll og Þuruhóll. Þessir hólar eru kenndir við börn Guðmundar Brynjólfssonar á Keldum. Smalavegur þeirra var á nefnda hóla, að sitja fyrir rennslisfje á meðan karlmennirnir fóru í lengri leitirnar. Þessir hólar heita einu nafni Vörðuhólar [114]." Leiðin hefur legið frá bæ 001 að vörðu á Þuruhól 114 sem er 710 m NNV af bæ 001 og ef til vill eitthvað áfram til norðvesturs.

Vörðuhólar eru í blásnu hrauni með svörtum sandi. Nokkur uppgræðsla er þó komin af stað á þessu svæði og vex þar nokkuð af lúpínu og lítilsháttar af öðrum gróðri.

Ekki sást til leiðarinnar á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:112 heimild um fjárskýli

Í grein Helgu Skúladóttur um örnefni í landi Keldna segir: "Vestur-af Jónshól [sjá 114] er Hraunborgarhóll. Þar voru þrjár fjárborgir byggðar 1840 fram til 1882, þá toppfylltust þær af sandi."

Blásið hraun með svörtum sandi. Nokkur uppgræðsla er þó komin af stað á þessu svæði og vex þar nokkuð af lúpínu og lítilsháttar af öðrum gróðri.

Ekki sást til minja á vettvangi og ekki hægt að staðsetja þær með vissu með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131

RA-282:113 Vesturhraunsborg heimild um fjárskýli

"Nokkru austar [en Krummaklettur] uppi á brúninni er Borgarklettur. Hann hlaut það nafn af fjárborg, er byggð var við hann um 1920, fyrir kindur að standa í (er gengu í melum)." Nákvæm staðsetning fjarborgarinnar er ekki þekkt. Svæðið umhverfis Kippingsdali var skoðað sem og Vörðuhólar 114 og Lágahraun. Ekkert fannst sem bent gæti til staðsetningar borgarinnar.

Á svæðinu er uppblásið hraun með melgresi og hraungrýti.

Engin ummerki fjarborgarinnar voru sjáanleg á yfirborði og ekki var unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:114 Vörðuhólar varða samgöngubót 63°49.668N 20°04.668V



Varða 114, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fram undan brún [sjá 110] er Jónshóll, Imbuhóll og Þuruhóll. Þessir hólar eru kenndir við börn Guðmundar Brynjólfssonar á Keldum. Smalavegur þeirra var á nefnda hóla, að sitja fyrir rennslisfje [...]. Þessir hólar heita einu nafni Vörðuhólar. [...] Þuruhóll er í hánorður af bænum, uppi á brún. Stór hóll með vörðu (áður nefndur)." Lítið vörðubrot er á nokkuð háum, einstæðum og gróðurlausum hól, líklega Þuruhól, um 710 m NNV af bæ 001. Ekki sáust vörður á fleiri hólum meðfram hraunbrúninni.

Hóllinn er í blásnu hrauni og sendnu sem verið er að græða upp með lúpínu og ýmsum öðrum gróðri. Efst í hólnum er rauðamöl en hún sést ekki víða á þessum slóðum.

Vörðubrotið er um 0,5 m í þvermál og er um 0,4 m á hæð. Varðan er mosagróin neðst og grjót virðist hafa hrunið úr henni. Varðan var hlaðin við smalaveg og hefur því verið samgöngubót og vísað á veginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131-132

RA-282:115 Kotsvegur gata leið 63°49.837N 20°04.546V



Leið 115, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Kotsvegur liggur þvert yfir hraunið [...]. Við götuna, nokkuð ofarlega í hrauninu, eru vörðurnar mjög þjettar á kafla og heita einu nafni Þjettuvörður, og sunnan þeirra er klettur með skoru í gegn og vörðu á, sem heitir Klofakerling. Kerling er nokkru vestar, klettur á hól með vörðu. [...] Við Dagverðarnessgötuna [annað nafn á Kotsvegi], fremst á brún, situr Draugur." Kotsgata/Dagverðarnessgata lá frá Keldum að Dagverðarnesi og áfram til norðurs og eru margar vörður sem varða leiðina. Leiðinni var fylgt þaðan sem vísbendingar um hana sjást fyrst, um 300 m norðan við vörðu á Þuruhól 114 og að Knafahólum en þar hætta að sjást vörður og þar er mikill lúpínugróður. Vegabætur hafa verið gerðar

á leiðinni. Í Smæsta smátt segir: "1925. 12. júní (Eg og fl. ruddum og vörðuðum norður hraun upp fyrir Fornaréttarsand. Mikið vott fyrir framan Knæfhóla moldir þar langt fram og bætt við vörður margar nýjar. Vel varðað þar og Knæfhólaheiðin (moldir)." Sú leið sem hér er skráð er hluti af einum helsta alfaravegi um Keldnasókn á 19. öld. Leiðinni er lýst þannig í lýsingu Keldnasóknar: "a) Yfir Rangá hina ytri hjá Svínhaga austur yfir Krókahraun að Koti, þaðan að Dagverðarnesi og suður hjá Knafahólum að Keldum." Aðrir hlutar leiðarinnar hafa verið skráðir í landi Dagverðarness (Keldnagötur 292:025), Kots (Svínhagagata 291:010 og 291:017) og Svínhaga (Kotsgötur 298:018).

Leiðin liggur um allflatlent hraun þegar upp á fyrstu hraunbrún er komið en hraunið er allt blásið og sendið en nokkur uppgræðsla hefur orðið næst byggð.

Leiðinni var fylgt á 2,5 km löngum kafla og voru vörður víða á henni og mjög þétt á kafla. Syðst á leiðinni er

lítill og þröngur dalur þar sem vex melgresi og líklegt er að farið hafi verið um hann áleiðis á leiðina. Annarsstaðar er ekki gróður á leiðinni en mikill sandur hefur víða safnast í götuna og því erfitt að gera sér grein fyrir dýpt og breidd en gatan virðist víðast vera 0,5-1 m á breidd. Varða fannst ekki á Draugi fremst á brún en Kerling, Klofakerling og 14 aðrar vörður voru skráðar á leiðinni. Nýleg hófaför voru á stærstum hluta leiðarinnar. Klofakerling er mikið hjarg og er einn stakur steinn uppi á henni og hefur varðan því hrundið. Við Klofakerlingu beygir leiðin nokkuð til vesturs að Keldum en kann að hafa haldið áfram til suðurs eða suðausturs að Árbæ og öðrum bæjum austan við Keldur. Varðan Kerling er um 1 m í þvermál að grunnfleti en mjókkar upp og er um 1 m á hæð. Líklega má telja 8 vörður til Þéttuvarða en þær varða 550 m langan kafla og er er bilið milli varðanna þar 60-110 m. Um vörðurnar má almennt segja að þær eru beggja vegna við leiðina og eru margar hlaðnar ofan á kletta í sandinum. Hæstu vörðurnar eru 1,5-2 m á hæð með undirstöðuklettinum og breiðastar eru þær 1-1,5 m í þvermál. Vörðurnar eru minnstar syðst og nyrst á þeim hluta leiðarinnar sem fylgt var.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131, 132; Skúli Guðmundsson: "Smæsta smátt", 215 eftir handriti ÞH 80; SSR, 156-157.

RA-282:116 Vesturkálgarður heimild um kálgarð 63°49.293N 20°04.465V

Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Vesturgarður var um 180 m² að flatarmáli en Austurkálgarður [050] var nokkru minni. Í báðum görðunum voru ræktaðar gulrófur og rabarbari. Austurkálgarður var sléttaður árið 1949 og sama ár var Vesturkálgarðurinn stytur mjög, um nærri helming, að vestanverðu og við það hvarf hlið á norðurvegg hans... Til þess að garðarnir fylltust ekki af vatni voru höfð á þeim vatnsaugu. Á vesturkálgarði var augað sunnan í garðinum... Árið 1977 var hann loks endanlega sléttaður." Kálgarðurinn var um 30 m vestan við bæ 001 og rúmum 150 m norðvestan við Hólavallavörðu 027.

Þar sem kálgarðurinn var er nú slétt grasivaxið svæði og vegarslóði niður á Tanga.

Engin ummerki kálgarðsins sjást lengur á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 24-25.

RA-282:117 heimild um smiðju 63°49.305N 20°04.332V

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "Smiðja hefur í fornöld verið undir svaðinu (tröðum) milli Austur kálgarðs [050] og Tappakofastétt [020], undir þeim byggingum, snúið í útsuður. Sett þar, fyrir alla núverandi bygging, c. alin í jörð eða meira. Máske sett bygð Skóginn úfyfir ofan lækú (Biskupas l.) meðan bærinn var fyrir framan hann". Ekki er vitað nákvæmlega hver smiðjan stóð. Hún var skammt austan við Fjóshól 020 og um 20 m suðaustan af Litlurétt 017. Smiðjan var undir eða fast sunnan við Tappakofa sem er einn af uppistandandi útihúsum á Keldum.


Smiðjan er í sléttu, grasivöxnu svæði fast austan við Fjóshól.

Engin ummerki smiðjunnar sást á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 19.

RA-282:118 Grjótarétt tóft rétt 63°48.951N 20°04.625V



Tóft 118, horft til suðurs

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "1870-1874. Við "Grjótin" c 300 faðma, (falin) hér suður með læknum (austan), settum við (Sig. og Sk) smá rétt milli kletta, til að reka í "úrganginn", sem var það fé er ekki gekk út í réttum og sett var í úvögtun...Nú er réttin, löngu síðan ekki notuð enda fylltist hún nokkru síðar af sandi, við gárablastur vestur Móann." Grjótaréttin er milli hraunstrýta fast austan við Keldnalæk, 50-60 m norðan við þar sem hann tekur á sig

sveig til vesturs. Réttin er um 655 m sunnan við bæ 001.

Réttin er í hálfgrönu hrauni við lækinn.

Réttin er einföld og lítil, um 5x5 m stór. Hún er hlaðin upp við jarðfast grjótt sem myndar vesturhlið hennar og norðvesturhorn. Réttin er hlaðin úr hraungrýti og hleðslur hennar eru hæstar um 0,5 m. Jarðfasta grjótið er um 1-1,2 m hátt. Réttin er opin til norðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 40.

RA-282:119 *Keldnakot* þúst býli

63°49.615N 20°05.663V

Helga Skúladóttir segir í grein sinni: "Keldnakot hjet býli fyrir norðan hólinn. Þar sjer til allmikilla bygginga og túngarðs. Þar er nú allt blásið umhverfis fyrir ævalöngu. Um miðja 15. öld var býlið í byggð. Þess er getið í Biskupaánnál Jóns Egilssonar." Í grein Brynjúlfs Jónssonar segir: "Keldnakot ... stóð svo sem stekkarveg vestur frá bænum, við upptök Stokkalækjar. Stóð bærinn fyrir austan lækjarbotninn og sjást þar rústirnar ..." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum eftir Vigfús Guðmundsson segir: "Þær [rústirnar] eru vestast í Keldnalandi, 1 1/3 km í norðurhallt vestur frá Keldum, norðan við uppsprettu Stokkalækjar." Í Friðlýsingarskrá stendur: "Rústir eyðibýlanna Tröllaskógs [288:002], [S]andgils [080, 081, 082], Melakots [038] og Keldnakots." Keldnakot er um 1,2 km norðvestan við bæ 001 og um 30 m sunnan við núverandi malarveg að Keldum. Vírgirðing liggur fast norðan við hólinn.

Keldnakot er í uppblásnum mel nálægt malarvegi að Keldum. Þar er sandur með hraungrýti og lítið um gróður. Þar vex helst blóðberg, mosi og svipaður gróður. Elín Ósk Hreiðarsdóttir sem gert hefur rannsókn á íslenskum perlum sagði að tvær perlur hefðu borist Þjóðminjasafni Íslands sem fundist hafa við uppblástur í Keldnakoti. Önnur er rafperla sem erfitt er að aldursgreina en hin er glerperla sem klárlega er af víkingaaldargerð, líklega frá seinni hluta 10. aldar.



Þúst 119A, horft til ANA


FRIDLÝSTAR FORNMINJAR. Í grein eftir Vigfús Guðmundsson í Árbók 1951-1952 segir: "Frá einni uppsprettu lækjarins eru ekki nema 33 faðmar upp á lítinn hól, að bæjarrústunum. Sýnist líklegt, að þar hafi verið skálabygging löng með millivegg og framhlið til ssv., um 8 faðmar á lengd og næstum 2 faðmar á vídd. Bæjardyr hafa verið vestan við miðja framhlið; sést það af mósteinum, sem hafa verið lagaðir í dyrakampana, en annars er hraungrjótt í byggingaleifunum. Við skálann að norðanverðu hefir verið einhver útbygging, en ekki stór. Á öðrum litlum hól, vatnsvegarlengdinni vestar, hefir staðið fjós og hlaðan eða annað hús. Hafa þau verið sambyggð og snúið eins og skálinn. Ef ekki jafnvíð, þá litlu mjórri. Fjósið að austanverðu 4 faðmar á lengd, tvístætt og fyrir 12 gripi. Hitt húsið 2 1/2 faðmur á lengd, allt að innanmáli, en vafi þó um fulla vissu veggjanna.

Dyrnar virðast hafa verið út til beggja enda. Fyrir aldamótin varð vart við moldarleifar þarna í túninu og á fleiri stöðum, en nú er allt sandi fyllt. Í gilskoru við lækinn hefir sézt rétt, fyrir austan bæjarvatnsbólið, þegar mikið leysingavatn rífur sér þar farveg aftur og er þar jafnan slétt yfir alla hleðslu af sandi. - Frá fjósinu hefir vatnsvegurinn verið viðlíka langur og frá bænum, í aðra ágæta uppsprettu. Túnið hefir getið verið allt að 8 dagslattu ... Garðurinn hefir líklega verið úr torfi að mestu leyti, og gætu því hafa náð allt niður að læk á báðar hliðar, þótt nú sjáist engin merki til þess. ... Lengd garðsins má þannig rekja um 160 faðma a.m.k.. Og þar að auki sést fyrir 60 föðmum af garði, sem legið hefir að heiman, þvert upp eftir miðju túninu." Í Rangvellingabók stendur: "Keldnakot stóð vestast í landi Keldna, við uppsprettu Stokkalækjar þar sem heitir Lágahraun. Séra Jón Egilsson í Hrepphólum, sem fæddur var 1548 og lifði til 1636, getur í Biskupaánnálum sínum um málsháttin að svo megi spilla Dagverðarnesi að ekki verið betra en Keldnakot, og er það elsta ritaða heimild sem til er um þennan fund, en í rústum hans hefir fundist kléberg sem er talsvert öruggt merki fornrar byggðar." Svæðið er 110 x 25 m stórt. Á því sjást nú (2008) tvær þústir. Þúst A er 30 x 15 m stór og snýr austur-vestur. Hún er um 2 m há, er uppblásin með steinadreif og mosa. Dýrabein sjást þar inn á milli og virðast þau vera vel varðveitt. Ekki sést móta fyrir hleðslum né öðru sem bendir til mannvirkja. Veggirnir virðast hafa verið úr hraungrýti. Þúst B er 60 m vestan við þúst A. Þar sést ekkert nema uppblásinn melur og steinadreif. Þústin er minni, um 10 x 7 m stór, snýr norðvestur-suðaustur og 1,5 m á hæð. Ekki sáust aðrar þústir á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132; Friðlýsingarskrá, 67; VS: Rangvellingabók, 198; BJ: Árbók 1898, 19; VG: Árbók 1951-1952, 130-131

RA-282:120 varða



Varða og garðlag 120, horft til norðurs

63°49.622N 20°05.779V

Varða og garðlag eru um 100 m norðvestan við Keldnakot 119 og 1,26 km norðvestan við bæ 001. Varðan er 15 m fyrir norðan malarveg að Keldum.

Varðan er í uppblásnu hrauni með melgresi og sandi. Lágahraunsbrún er 100 m til vesturs með lúpínubreiðum.

Á svæði sem er 5 x 1,5 m stórt er varða og garðlag. Varðan er 1,5 x 1 m að stærð og 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr hraungrýti og sjást fimm umför af grjóti í henni. Varðan var líklega stærri, grjótdreif er 3 m til suðurs af henni. Út frá vörðunni gengur hleðsla 5 m til suðurs. Hún er 0,4 m á hæð og sést einföld steinaröð í henni. Það gæti mögulega verið hluti af varnargörðum sem hlaðnir voru víða á Keldum undir lok 19. aldar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:121 Hornvarða varða samgöngubót



Varða 121, horft til suðurs

63°49.690N 20°05.839V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Hraunið fyrir vestan það að öldunum og hraunbrúninni heitir Lágahraun. Fyrir austan það er stór varða við veginn, kölluð Hornvarða." Varðan er 1,33 km norðvestan við bæ 001 og um 530 m suðaustan við Reyðarvatnsveg 184.

Varðan stendur á hraunbrún. Þar inn á milli er uppblásinn melur með hraungrýti, melgresi, blóðbergi og mosa.

Varðan er 0,5 m á hæð og er á klett sem er um 0,6 m hár. Í vörðunni sjást fjögur umför af steinum. Fast austan við vörðuna er skarð í hraunbrúninni og lá Reyðarvatnsvegur 184 mögulega þar í gegn. Þó er ekki hægt að segja það með vissu því ekki er vitað hvar hann kom niður úr Kippingsdölum. Á þessum

stað er eina skarðið í hraunbrún Lágahrauns sem bendir til þess að vegurinn hafi verið hér.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:122 Gildruhóll varða refagildra

63°49.323N 20°05.903V



Grjótdreif 122A, horft til VNV



Grjótdreif 122B, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Gildruhóll er móbergsalda vestur við lækinn. Þar er allt blásið umhverfis. Suðvestan í hólnum eru rústir af bæ [123]." Tvær grjótdreifar eru á Gildruhól, nyrst og syðst uppi á háhólnum. Hóllinn er örblásin melalda.


Nyrðri grjótdreifin, A, er um 3x2 m stór og snýr norður-suður, ekkert sérstakt lag er á dreifinni sem er einungis eitt umfar. Hún er um 1,2 km norðvestan við bæ 001. Syðri grjótdreifin, B, er um 80 m sunnan við A. Hún er lögulegri og hærri, vaxin berjalynghi. B er um 3x2 m stór og snýr NA-SV, hún er um 0,3 m há. Af lögun og staðsetningu grjótdreifanna að dæma er ólíklegt að þær séu leifar gildra, líkt og örnefnið gæti bent til, en líklegra er að þær séu leifar varða, hugsanlega frá þeim tíma er bærinn, 123, suðvestan í hólnum var í byggð. Þá má vera að hóllinn hafi hlotið nafn sitt af bænum fremur en að þar hafi verið gildirur. Gengið var um hólinn og engar aðrar mannvistarleifar eru að finna á honum eða við hann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132

RA-282:123 *Gildruhólsrúst* hleðsla býli

63°49.285N 20°06.019V



Hleðsla 123, horft til ANA

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Gildruhóll er móbergssalda vestur við lækinn. Þar er allt blásið umhverfis. Suðvestan í hólnum eru rústir af bæ. Gildruhólsrúst; nafn óþekkt. Útsýnið þaðan er lítið og lokað; hefir því bæjarnafnið getað verið Gildra." Í Rangvellingabók segir ennfremur: "Austan Stokkalækjar um 1,5 km vestur frá Keldum og innan landamerkja þeirrar jarðar er forn jökulalda sem Gildruhóll heitir. Suðvestan undir öldunni skammt frá læknum eru rústir sem líkur eru taldar á að séu leifar bæjar." Vestan undir Gildruhól sunnanverðum er hálfgróið svæði sem er að fara á kaf í sand. Það er um 1,3 km norðvestan við bæ 001. Á svæðinu er grjót á víð og dreif og þar má á einum stað sjá stutta hleðslu ef vel er að gáð.

Hleðslan og grjótdreifin eru á hálfgrónu svæði vestan undir Gildruhól. Umhverfis svæðis er svartur sandur sem sækir á gróðurinn.

Hleðslan er einföld, eitt umfar - fjórir steinar í röð með flata hlið til suðurs. Hún er um 2 m löng og snýr VSV-ANA. Hleðslan er líklega síðustu greinilegu leifar bæjarins sem kallaður hefur verið Gildra. Bærinn hefur staðið ofan í dal, austan Stokkalækjar, sem er myndaður af Gildruhóli að austan og norðan, Potthóli að vestan og Gildruhrauni að sunnan.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 132-133; VS: Rangvellingabók, 531

RA-282:124 *Jarðborg* hús fjárskýli

63°49.113N 20°05.815V



Fjárskýli 124, horft til suðurs



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir:

"Gildruhólshraun liggur suðvestur-af hólnum

[Gildruhól, sjá 122,123]. Það er nú heldur í uppgróningi; fjárborg stendur þar, byggð 1902, nefnd Jarðborg." Jarðborg er um 360 m sunnan við Gildru 123 og um 1,2 km vestan við bæ 001. Hún er vestarlega í suðurjaðri Gildruhólshrauns, um 30 m norðan við veg sem liggur milli Stokkalækjar og Keldna.

Borgin er á grónum grasbala í suðurjaðri hálfgróins hrauns.

Borgin er að hluta undir þaki. Hún er um 2 m há, hlaðin norðan í hraunborg. Borgin er nær hringlaga, um 6x6 m stór. Dyr eru á borginni á norðurvegg hennar, þær eru um 0,7 m háar. Hleðslur borgarinnar í dyrunum eru

fjórfoldar að þykkt, um 1,5 m breiðar. Borgin er topphlaðin úr hraungrjóti. Toppurinn er styrktur með viðarröftum. Þakið er úr hellublöðum og þakið torfi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:125 heimild um kvíar

63°49.189N 20°04.772V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fyrir sunnan Króktún [007] er Króktúnslaut. Þar var um skeið stekkjartún og síðan mjaltastöðull frá Keldum, austan og neðan við kálgarðinn, sem nú er." Króktúnslaut er sunnan við kálgarð 193.

Lautin er grasigróin og slétt í botninn.

Engar hleðsluleifar eru í Króktúnslaut. Hugsanlega hafa þar verið hafðar færiskvíar þegar mjólkað var en einnig má vera að lautin hafi myndað náttúrulegt aðhald þegar stíað var frá og við mjaltir. Ef eitthvert mannvirki hefur verið í lautinni er það nú með öllu horfið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:126 heimild um kvíar

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum stendur: "Þrennar kvíar aðrar og stærri hafa verið eigi langt suðaustur frá túninu... 3. þar hærra og lítið sunnar, suður frá Vörðuhólum [059], stórar kvíar." Kvíarnar hafa verið á sömu slóðum og stekkur 060, kvíar 095 og 195 en þær sáust ekki. Að sögn Skúla Lýðssonar voru kvíar undir hraunbrún Þrívörðuheidar, nokkuð fyrir sunnan austurbotna og eru það mögulega þessar kvíar.

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 191.


RA-282:127 tóft stekkur

63°48.926N 20°04.011V



Tóft 127, horft til norðvesturs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sunnan í heiðarbrúninni, móti Austurbug sem er austan lækjar, er undirlendi með læknum, sem heitir Litlu-Bugur; þar var síðasta stekkjartún Króktúns [sjá 007]." Á undirlendi við brekkurætur um 40 m norðan við Keldnalæk þar sem hann rennur í bug til vesturs er tóft. Hún er um 750 m suðvestan við bæ 001, um 650 m sunnan við Króktún 007 og um 54 m SSV við kálgarð 193. Tóftin er á sléttu



grasivaxinni flöt við lækinn.

Tóftin og aðrekgarður við hana eru á svæði sem er um 10x7 m stórt og snýr norður-suður. Tóftin er einföld um 7x6 m stór og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðjum suðurvegg hennar. Út frá austurveggnum gengur garðbútur um 4 m til suðurs, líklega aðrekgarður inn í stekkin. Hvergi sér í grjóti í hleðslum tóftarinnar né garðsins, sem eru signar. Þær eru hæstar um 0,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133

RA-282:128 Bugrúst tóft+garðlag býli


63°48.979N 20°05.020V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-39 segir: "Vestar er Stóri-Bugur. Þar er eyðibýli, Bugrúst, og sjer til töluverða bygginga. Nafnið er óþekkt." Bugrúst er um 760 m suðvestan við bæ 001 og um 200 m ANA við stekkjartóft 127.

Tóftir býlisins og garðlags umhverfis þær eru á grasigrónu undirlendi norðan Keldnalækjar þar sem hann beygir til suðurs eftir að hafa tekið á sig sveigju.



Tóft og garðlag 128, horft til austurs



Vigfús Guðmundsson lýsir rústunum í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1953 á eftirfarandi hátt: "Í Stórabug efst og austast, er svo gömul bæjarrúst, að engin heimild, sem þekkest kann að nefna. Hún er í skjóli fyrir austan- og norðan-áttum, þar hefir aldrei blásið upp. Þótt þarna hljóti að vera djúpur jarðvegur, eftir gróður og áfok af mold og sandi um aldir, sést þar ótvírætt og furðu glögg fyrir bæjarleifum og þeim ekki litlum. ... Þó má sjá, að þar hefir verið löng bygging frá norðri til suðurs, en fremur mjó. Samfelld hefir hún verið allt að 12 föðum að lengd og 3-6 faðmar breiddin, en skipt í fimm afhýsi. Efsta rústin er stærst og dýpst, sýnist því vera leifar af heyllöðubyggingu og svo sem 24x10 fet innan veggja, en næsta rúst 15x12 fet (fjósíð?). Fremri rústirnar eru ennþá ógreinilegri, og sleppi ég því getgátu um stærð þeirra. Laust vestan-við efri enda þessarar löngu byggingar hefir verið stakur kofi. Allt í kringum bæinn og mjög nærri honum að norðanverðu, hefir verið afgirt tún, um 2 1/4 dagsláttur að stærð. Líklega úr torfi einungis, sem þó hefir ekki blásið, heldur gróið niður í flatan hrygg. En svo lítið út, sem að miklu síðar hafi átt að stækka túnið, með því að hlaða garða frá báðum neðri hornum túngarðsins, niður að læknum. ... Ekki þykir mér líklegt, að upphaf þessa býlis sé yngri en fram á 14. öld, eða til Svartadaða í hæsta lagi rétt eftir 1400, þótt sú tilgáta sýnist, ef til vill, ennþá hæpnari, og þá sennilega sömuleiðis, að Bugur hafi verið lagður í eyði áður en Króktún [007] og Tunga [283:001] urðu byggð býli. Með öðru þeirra í byggð og enn síður báðum gat Bugur ekki verið svo stórt býli, sem rúst þess virðist benda til." Tóft býlisins og garðlagið sem er umhverfis hana eru á svæði sem er alls um 75x65 m stórt og snýr norður-suður. Stærsta og greinilegasta tóftin er í norðausturhorni garðlagsins, þar er tóftarhóll sem er um 20x10 m stór og snýr suðvestur-norðaustur. Hann er um 2 m hár þar sem hann er hæstur. Þrjár dældir eru í hólnum sem eflaust eru leifar hólfaskiptingar. Hólf A er nyrst. Það er um 2x6 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er um 0,8 m djúpt. Engar dyr eru greinilegar á því. Hólf B er sunnan við það. Það er um 4x2 m stórt að innanmáli og um 0,5 m djúpt. Engar dyr eru greinilegar á því heldur. Hólf C er syðst. Það er stærst um 8x5 m stórt og snýr norður-suður. Hólf C er um 0,5 m djúpt. Engar dyr eru greinanlegar á því fremur en hinum hólfunum. Hvergi sér í grjóti tóftarhólnum. Í norðvesturhorni garðlagsins er um 10x5 m stór hól sem snýr SA-NV. Hann er um 1 m hár. Engar hleðslur eru greinanlegar á honum en líklegt er að hann sé myndaður af uppsöfnuðum mannvistarlögum. Garðlagið afmarkar tóftasvæðið sem er um 75x65 m stórt. Garðlagið er nokkuð sigið en þó enn vel greinilegt. Það er hæst um 1 m að innan en mun lægra, 0,3-0,4 m hátt ef mælt er að utan. Götur (sjá 129) liggja samhliða vesturhlíð garðlagsins og skera það að hluta og er líklegt að hlið hafi verið á því til vesturs. Óskýrari götur liggja einnig þvert yfir svæðið frá suðaustri til norðvesturs. Þær eru líklega yngri en bærinn en ólíklegt er að leið hafi legið þvert yfir tún Buga þegar þeir voru í byggð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133; VG: Árbók 1953, 62-63.

RA-282:129 Tungugata gata leið

63°48.983N 20°05.096V

Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1840 segir um alfaraleiðir: "Yfir Rangá hina ytri hjá Þingskálum [RA-300] austur yfir Víkingslækjarhraun hjá Steinkrossi [RA-290], suður hjá Knafahólum yfir Keldnahraun að Keldum [661:005]. Þaðan liggur aftur vegur suður hjá Tungu [RA-283] og yfir Rangá hina eystri á Tunguvaði [283:008] að Velli [RA-248] í Breiðabólstaðarsókn og annar vegur [661:010] frá Keldum austur yfir Rangá á Reynifells eða Þorgeirsvaði [282:008] suður að Vatnsdal [RA-213] í Breiðabólstaðarsókn." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Heiðin uppaf Bugnum austan gatna, heim að Nefinu áður-nefndu er öll nefnd Nef í daglegu tali." Síðar í sömu grein stendur: "Skammt fyrir framan Garðinn [Vírrettina 282:133] er Djúpalaút. Fyrir austan hana er gjafahringur, geysistór [282:141]. Grjóthóll er hóll nefndur við Tungugötuna; stendur þar allmikið af grjóti og klettum upp úr." Tungugata er merkt á kort Helgu Skúladóttur og liggur frá Keldum 001, suður yfir Króktúnsheiði og að bæ Tungu 283:001. Leiðin var skoðuð í

landi Keldna sumarið 2008. Hún liggur fast austan við og undir núverandi vegarslóða á Tunguheiði. Tungugata liggur fast vestan við og vestan í garðlagi Bugrústar 282:128. Þetta eru líklega þær götur sem afmarka Nefið.

Göturnar liggja um gróið hæðótt svæði.

Gatan hlykkjast norðaustur-suðvestur frá Keldum 001 að Tungu 283:001. Hún sést vel við Bugrúst 282:128 og þaðan má fylgja þeim til suðurs í Tunguna. Einnig má fylgja þeim til norðurs í átt að Króktúni 007, um 150 m, þar sem þær greinast. Þar sem göturnar eru greinilegastar eru um 3-4 samhlíða skorningar sem eru um 0,1 m djúpir. Leiðin er um 2 m breið og sjást þrjár rásir. Þær eru 15 cm djúpar og alveg grónar. Gatan er þó röskuð að hluta, vegslóði liggur eftir götunni að stórum hluta. Það er greinilegt að gatan hefur legið ofan á náttúrulegum hólum í túninu og lítið er um brekkur á henni miðað við hversu hæðótt svæði er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133-134; SSR. 157




Leið 129, horft til norðurs

RA-282:130 tóft



Tóft 130, horft til norðurs



63°51.109N 20°02.985V

Ógreinileg tóft er frammi á suðurbrún Axarhrauns, austan við Knafahóla, um 850 m vestur af Gamla-Keldnaseli 106 og um 3,6 km norðaustan við bæ 001.

Blásið hraun og svartur sandur með stöku gróðurtorfu.

Ferkantaður gróðurkragi er í sandfylltri laut á hraunbrún. Ummerkin virðast síðustu leifar siginnar tóftar en ekki er hægt að útiloka að um náttúrumyndun sé að ræða. Meint tóft er um 12 x 5 m að utanmáli og snýr norður-suður.

Mögulegt er að op hafi verið er á suðurgafli. Ekki sést í grjóthleðslur en veggir eru um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Ekkert er vitað um hlutverk meintrar tóftar.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

RA-282:131 *Vörðuhóll* örnefni

63°48.651N 20°05.161V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Varnargirðing [133] liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga [177] og austur að læk, í Vörðuhólinn; vestan í honum stendur Vírhúsið [132] (ærhús) og skammt vestar Vírrjettin [133]." Vörðuhóll er 1,33 km suðvestan við bæ 001, um 20 m norðan við tóft 132 og um 15 m norðan við garðlag 138. Keldnalækur rennur fast austan við Vörðuhól. Um 10 m til vesturs er annar hóll, um 4 m hár, en þeir eru báðir náttúrulegir

Vörðuhóll er í gróinni heiði með náttúrulegum hólum og lægðum.

Hóllinn er 3 m hár og aflíðandi til vesturs. Til austurs er hóllinn snarbrattur og með klettabelti. Einnig rennur Keldnalækur þar fast upp við hólinn. Engin ummerki vörðu er að sjá á hólnum né annarra mannvirkja en tóftar 132.

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133-134

RA-282:132 *Vírhús* tóft fjárhús

63°48.647N 20°05.194V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Varnargirðing [133] liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga [177] og austur að læk, í Vörðuhólinn [131]; vestan í honum stendur Vírhúsið (ærhús) og skammt vestar Vírrjettin [133]. Þar er rekið saman til rúnings á vorin vestan lækjar; hvort tveggja ung örnefni. Gerði var hlaðið og girt úr frá rjettardyrnum til hægðarauka við innrekstur." Vírhús eru 1,35




Tóft 132, horft til suðurs

km suðvestan við bæ 001, um 105 m austan við rétt 133 og um 30 m vestan við garðlag 138.


Fjárhúsið er í gróinni heiði með náttúrulegum hólum og lægðum. Tóftin er 10 x 7 m og snýr austur-vestur og er tvískipt. Hólf I er vestar, er 6 x 7 m að innanmáli og inngangur á miðri vesturhlið. Jata liggur eftir hólfinu endilöngu. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og fimm umför af grjóti sjást í þeim. Bárujárn og torf hefur verið í þaki og það hrúnið inn í tóftina. Hólf II er austan við hólf I, er 7 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þetta hefur líklega verið hlaða þar sem það er niðurgrafið. Grunnflöturinn er 0,6 m lægri en í hólfi A. Veggirnir eru 2 m á hæð og sjást átta umför af grjóti í þeim. Tóftin er byggð inn í hól sem myndar austurvegg í hólfi B. Líklega hefur verið innangengt á milli hólfa þó ekki sé það skýrt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133-134



RA-282:133 *Vírréttin* tóft+garðlag rétt



63°48.675N 20°05.311V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Varnargirðing liggur þvert yfir heiðina, frá Gamla Steinboga [177] og austur að læk, í Vörðuhólinn [131]; vestan í honum stendur Vírhúsið (ærhús) [132] og skammt vestar Vírréttin. Þar er rekið saman til rúnings á vorin vestan lækjar; hvort tveggja ung ornefni. Gerði var hlaðið og girt úr frá rjettardyrnum til hægðarauka við innrekstur... Fyrir ofan það [137] er Draugabólsbrekka, grösug, enda slegin, þó bratt sje að reiða upp úr

henni. Krókgilið skerst lengst til suðausturs. Þar var hlaðinn varnargarður milli lækjanna fyrri hluta síðustu aldar ..." Réttin er 1,35 km suðvestan við bæ 001 og liggur fast sunnan við garðlag 138. Girðing liggur meðfram garðlaginu á kafla.



Tóft 133, horft til suðvesturs



Garðlag 133, horft til austurs

Vírrétt og Garðurinn eru í gróinni heiði með náttúrulegum hólum og lægðum.

Garðlagið hlykkjast frá austri til vesturs frá Stokkalæk að Keldnalæk. Hann liggur yfir Tunguheiði og afmarkar hana. Garðlagið er um 500 m langt og 0,4 m á hæð. Garðlagið er gert úr tvöfaldri steinaröð en ekki sjást skýr umför. Það er 0,3 m á breidd og alveg gróið. Vírrétt 133 liggur fast upp að varnargarðinum og myndar hann norðurvegg hennar. Garðlagið endar austan til í Vörðuhól 131, alveg við Keldnalæk. Réttin er tvískipt og er á milli náttúrulegra hóla. Hún er 46 x 23 m að stærð og snýr austur-vestur. Það má segja að hún sé tígullaga. Hólf I er vestar, er 33 x 23 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er í norðausturhorni en annar inngangur er 3 m fyrir norðan hinn fyrri úr hólfi II. Veggirnir eru 0,8 m á hæð og alveg grónir af mosa. Hvergi sést í grjót eða hleðslur. Náttúrulegur hóll er innan réttarinnar um 4 m til norðvesturs frá hólfi II. Úr austurhlið hólfsins liggur 13 m löng hleðsla sem gerir eiginlega þriðja hólfið. Þetta er mögulega gerðið sem talað er um í örnefnalýsingu.

Hólf II er 13 x 7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóti í þeim. Inngangur er í norðausturhorni inn í hólf I. Annar inngangur er er í norðvesturhorni. Girðing hefur verið meðfram veggjunum innan í hólfinu og verið hærri en þeir. Leifar af gaddavír sjást ennþá inni í hólfinu. Norðurveggur réttarinnar er garðlag 138.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133-134

RA-282:134 heimild um kvíar

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Þrennar kvíar aðrar og stærri hafa verið eigi langt suðaustur frá túninu...2. Uppi af stekkatúni Páls, fyrrnefnda [060], " Kvíarnar voru á sömu slóðum og stekkur 060, lambhús 058 og Vörðuhóll 059 en fundust ekki þegar gengið var um svæðið. Mögulegt er að kvíarnar hafi verið enn sunnar en ekki var gengið langt suður fyrir Vörðuhóla.

Úfin og uppblásin hraunbrún er þar sem stekkjartún 060 Páls er. Til vesturs er gróið tún þar sem Keldnalækur kemur upp. Þrívörðuheiði er til austurs.

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 191.

RA-282:135 heimild um kvíar

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, stendur: " Kvíar litlar hafa einnig verið við túnin í Tungu [283:012] og Króktúni [125]. En þar hefur stekkurinn verið færður síðar frá túni, fram í Litlabug, við Keldnalækinn þar sem hann tekur vestlæga stefnu- með Stórabug vestar, en Austurbug austan lækjarins".


Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 191.

RA-282:136 Króktúnsból gryfja beitarhús

63°48.697N 20°05.778V



Gryfja 136, horft til suðvesturs



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Frá Steinboganum fellur Stokkalækur fram milli hrauns og öldu í djúpu gili, Króktúnsgili. Keldna-megin eru brekkurnar

allar grónar og undirsamlega fallegar. ... Þær heita Bólabrekkur, kenndar við smából. Skúti [135] er efst uppi af Gamla-Steinboga. Þá Króktúnsból eða Gamlaból; það er hraunból og var notað fyrir fjárhús, en hrundi fyrir nokkrum árum." Ekkert hraun sést á þessum slóðum og í Bólabrekkum er blágrýti og móberg þannig að líklega á Helga við að Króktúnsból hafi verið hlaðið úr hraungrýti frekar en að það hafi verið hraunhellir. Um 15 m suðaustur af Litlabóli 137 er lítil gryfja sem líklega er leifar af Króktúnsbóli. Gryfjan er beint upp af Gamla-Steinboga 177, rúmum 20 m suðaustan við hann og 1,6 km suðvestan við bæ 001.

Gryfjan er í grasi gróinni og allbrattri brekku sem myndar nokkurs konar dæld, er líklega Draugabólsbrekka ofan við Draugaból 137. Brekkan hallar niður að Stokkalæk til NNV.

Hæst er upp úr gryfjunni til suðurs, um 1,7 m. Gryfjan er um 2,5 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Bárújárnsleifar sjást í botni gryfjunnar. Rof er í suðurbrún hennar og hrunið hefur úr suðurvegg hennar en hrunið er gróið. Ekki sjást hleðslur í gryfjunni eða steinar umhverfis hana.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:137 Litlaból hellir fjárskýli

63°48.706N 20°05.787V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Frá Steinboganum fellur Stokkalækur fram milli hrauns og öldu í djúpu gili, Króktúnsgili. Keldna-megin eru brekkurnar allar grónar og undirsamlega fallegar. [...] Þær heita Bólabrekkur, kenndar við smából." Þar segir einnig: "Syðst er Litlaból eða Draugaból; mun nafn það stafa af dimmuni sem í því er. Það er neðarlega í gili og er höggvið úr í móbergið, fallið niður innst." Grunnur móbergsskúti er skammt ofan við suðurenda Gamla-Steinboga 177 sem að öllum líkindum er Draugaból. Skútinn er um 1,6 km suðvestan við bæ 001.



Hellir 137, horft til suðurs

Skútinn er neðarlega í brattri brekku, Draugabólsbrekku, þar sem Stokkalækurinn beygir til suðausturs. Nokkuð grýtt er umhverfis skútann en gróðursælt.

"Bólið var fyrst stungið út í tíð Þuríðar Jónsdóttur, húsfreyju á Keldum (frá 1852, dáið 1898), árið 1894, líklega aldrei fyrir; var þá 3/4 alin; þá var sett geilin inn í bólið, því þá voru flest fjárskýli fyrir innan bæinn gjörsamlega af." Skútinn er um 5 m langur og mesta breidd er um 1 m. Framan við hann til vesturs er móbergsklettur sem kann að hafa hrunið úr þakinu. Nú er varla hægt að tala um að þak sé á skútanum en mosavaxin brún slútir yfir ef staðið er þétt upp við móbergsvegginn. Skútinn snýr norðaustur-suðvestur. Ekki


sjást neinar hleðslur eða augljós mannaverk á eða við skútann.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:138 tóft hesthús

63°49.245N 20°04.719V



Tóft 138, horft til vesturs

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, segir: "Kofi langt suðvestar, við Króktúnshólinn, gamall folaldakofi, lítill og leiðinlegur (Huldúfolk í hólum!). Var þó notaður um sinn og nokkuð stækkaður." Tóftin er 31 m sunnan við Skyggni 033 og 245 m vestan við bæ 001.

Tóftin er í grasivöxnu túni með náttúrulegum hólrímum og lægðum.

Á svæðinu sem er 12 x 8 m og snýr norður-suður er ein tóft undir þaki og önnur ógreinilegri tóft þar fast fyrir norðan. Tóft A er í raun torfkofi undir þaki. Hann er 4x3 m stór og snýr norður-suður. Kofinn er um 2 m á hæð. Dynnar eru á miðri suðurhlíð og eru 1,4 m á hæð. Ekki var hægt að fara inn í tóftina þar sem hún hefur verið fyllt af spýtabraki og öðru rusli. Þó sáu sex umför af hleðslum í veggjum. Að utan er tóftin alveg gróin. Tóftin er í suðurhlíð á hólríma og er norðurveggurinn byggður inn í hann. Tóftin er gerð úr torfi og grjóti. Tóft B er 2 x 2,5 m stór og er dæld eða laut í hlíð hólrímans. Hún er 1,5 m norðan við tóft A. Ekki er skýrt hvort að tóftirnar voru sambyggðar eða ekki. Einnig gæti þetta verið hlaðan sem minnst er á hér fyrir ofan. Dældin er 1 m djúp og veggir hennar grónir. Hvergi sést skýr hleðsla né glitta í grjót. Tóftin er ofan á hólrímanum sem er þarna um 3 m á hæð. Ekki sést heldur inngangur inn í tóftina. Önnur dæld er 2 m fyrir norðaustan tóft B. Hún er 1x2 m og þar glittir í grjót. Líklegt að mannvist sé hér undir sverði en ekki hægt að fullyrða að það sé hluti af tóft B nema með rannsókn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ; SG: Smæsta smátt, 18 eftir handriti ÞH, 53.

RA-282:139 renna áveita

63°48.341N 20°05.375V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Tunguheiðin liggur fyrir framan Garðinn [133], milli Stokkalækjar og Keldnalækjar, og svo Rangá og er sjálf varin af þeim. Gamlir áveituskurðir liggja um hana þvert og endilagt." Ekki sjást skýr ummerki um áveituskurði milli Garðsins 133 hjá Vírhúsinu og Tungu 283:001 en þar er þó einn greinanlegur vatnsfarvegur sem kann að vera manngerður um 1,9 km suðvestan við bæ 001.



Renna 139, horft til austurs

Milli Garðsins og Tungu er allsléttent og grasi gróið. Farvegurinn er þurr og gróinn. Hann liggur frá austri til vesturs frá Keldnalækjarbakka þar sem Tungan er hvað mjóst milli Stokkalækjar og Keldnalækjar og um sléttendið milli hólaklasa þar sem hann fer undir jeppaslóða. Farvegurinn er 300-400 m langur og liggur að miklu leyti meðfram sama jeppaslóða. Breiðastur er farvegurinn um 15 m og víða alldjúpur, dýpstur um 1,5 m. Ekki er víst að farvegurinn sé manngerður. Ekki sást til annarra áveituskurða á svæðinu en líklegt er að þverskurðir hafi verið mjóir og grunnir og hafa þeir að líkindum fyllst af sandi og framburði úr læknum og gróið upp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:140 hleðsla áveita

63°48.337N 20°05.283V



Hleðsla 140 í Keldnalæk, horft til austurs



Hleðsla 140 á vesturbakka Keldnalækjar, horft til vesturs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Tunguheiðin liggur fyrir framan Garðinn [133], milli Stokkalækjar og Keldnalækjar og svo Rangá og er sjálf varin af þeim. Gamlir áveituskurðir liggja um hana þvert og endilagt. Keldnalækur var tekinn upp fyrir ofan Garð, sjer þar til fyrirhleðslu vestan-megin." Hleðslan er um 250 m sunnan við leið 142 og fjárhús 132 er 580 m norðaustar. Hleðslan er um 1,9 km suðvestan við bæ 001.

Hleðslan er í miðjum Keldnalæk. Á svæðinu eru bakkar lækjarins um 2 m háir og aflíðandi. Að læknum, frá bökkunum, er um 5 m slétt svæði.

Einu mannvistarleifarar, milli Stokkalækjar og Keldnalækjar, var að finna í Keldnalæknum sjálfum. Þær minna reyndar ekki lengur á dæmigerðar áveituleifar en þó er líklegt að ummerkin séu síðustu leifar áveitunnar. Í miðjum Keldnalæk er um 6 m langur og 0,5 m breiður hólmi sem líklega er manngerður. Hólminn er grasivaxinn og sést glitta í hleðslu undir vatnsyfirborði í hólmanum. Hleðslan kemur upp á yfirborðið á nokkrum stöðum. Gróður hamlar því að hægt sé að greina nákvæmt útlit hleðslu. Hleðslan liggur norður-suður niður eftir læknum en er ekki þvert á hann. Á vesturbakka lækjarins er hrúnin hleðsla en ekki sjást skýr tengsl á milli þeirra. Hún er 3 m löng og sést sem dreif á lækjarbakkanum. Hún liggur austur-vestur og hefur ekki sömu stefnu og sú fyrri. Á svæðinu liggur áin í 90° horn og bakkarnir að henni eru um 3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:141 tóft heygarður

63°48.643N 20°05.293V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Skammt fyrir framan Garðinn [133] er Djúpalaut. Fyrir austan hana er gjafahringur, geysistór." Gjafahringurinn er um 60 m sunnan við Vírréttina 133 en 1,4 km suðvestan við bæ 001. Um 10 m austar er Tungugata 142.

Heygarðurinn er á gróinni heiði með náttúrulegum hólum og hæðum.

Heygarðurinn er 16 x 11 m að stærð, einfaldur og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð og alveg




Tóft 141, horft til suðvesturs

grónir af mosa. Hvergi glittir í hleðslur í honum. Til austurs er heygardurinn byggður inn í hól og er þar í halla. Hvergi sést inngangur inn í hann né virðist hafa verið þak á gjafahringnum. Í honum miðjum er upphækkun, um 2 x 3 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134

RA-282:142 Austurheiðarborg tóft fjarskýli
63°48.776N 20°03.473V



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939-39 segir: "... fram undan sauðakumlinu [018]; standa Sauðaborgirnar á brúnum dalanna." Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt, segir ennfremur: "1901 1. nóv. Sk. Austurheiðarborg vestri að stofni 10 fet í kross, lögð undirstaða 8 sm. 1. des. Reif eg (einn) upp grjót í heilt lag, vel axlar hátt, og hlóð það, frá kl. 2-5 f.m., við tunglsljós, og náði í morgun kaffið (39 ára). Er 100 faðma fyrir vestan Fossdalsborg (bls. 10). Tyrfd." Austurheiðarborg er um 115

m vestan við Fossdalsborg 077 og um 1,24 km suðaustan við bæ 001. Borgin er á grónu hæðóttu svæði. Sunnan við hana er upplásinn sandur.

Borgartóftin er um 5x4 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Dyr hafa verið á henni á miðjum norðvesturvegg en nú er hrundið fyrir þær. Borgin er hlaðin úr hraungrýti með torfi í neðstu umförum. Suðvesturveggurinn stendur hæstur, alls fjögur umför. Hann er um 1 m hár. Suðvesturveggurinn er bogadreginn og hleðslan hallar inn að miðju borgarinnar svo hún hefur líklega verið topphlaðin. Timburstaur er ofan í borginni og styður við vegginn. Borgin hefur líklega verið að hluta niðurgráfin en ekki er nú full af veggjarhruni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122; SG: Smæsta smátt, 13 eftir handriti ÞH, 60.

RA-282:143 örnefni áfangastaður

63°52.238N 20°03.367V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Sauðanef gengur lengst til vesturs af Eldiviðarhrauni. Vestan-undir því nefi, við götuna [115] að Koti [RA-291], stóðu almenningrjettir fyrir hreppinn fram yfir aldamót 1800 (nálægt 1820) [092]... Skammt norðar með brúninni er Rjettarbugur, fallegur hvammur, enn óblásinn, en naumast mun þess langt að bíða, að hann blási. Sandurinn er farinn að teygjast fram á brúnina. Þar er áningarstaður uppþæja til og frá kirkjunni." Rjettarbugur er tæpa 1,3 km norðaustan við réttir 008 og rúma 5,5 km norðan við bæ 001.

Rjettarbugur er sléttur og vaxinn grasi og lúpínu.

Ekki sáust nein ummerki um áningarstað. Parna er þó stórt vik í hraunbrúnina, um 70 m breitt og var þar áð. Svæðið er óblásið og gróið.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126.

RA-282:144 Hóll heimild um býli

63°49.382N 20°04.549V

Í Jarsteinabók Guðmundar biskups segir: "Jón hét bóndi, er bjó at Hóli á Rangárvöllum." Í Rangvellingabók segir um þennan bæ: "Í jarsteinabók Guðmundar biskups góða er getið um bæ sem Hóll hét og virðist hafa verið á Rangárvöllum á fyrsta hluta 14. aldar. Þess hefur verið getið til að hann hafi staðið á háum hól sem er norðvestast í Keldnatúni er Hólavöllur heitir, en þar hefur orðið vart bæjarrústa." Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Hóll eða Hólar. Þetta er enn gervinafnið, notað um rústir sem blásið hefir upp austan í stærsta og hæsta hólnum í Keldnatúni, að norðvestanverðu. Hóllinn er víðlendur og mishæðóttur, en heitir þó einu nafni Hólavöllur." Hólavöllur er 190 m norðvestan við bæ 001, vestan við íbúðarhús núverandi ábúenda.

Hólavöllur er hóll sem er mjög sléttur að ofan og var hann í hættu um tíma vegna sandfoks og upplásturs. Rofabörð voru stungin niður og tyrfd og þess vegna er hóllinn eins sléttur og raun ber vitni. Hátt barð er fram af



Tóft 142, horft í SSV

hólnum til norðurs og vesturs en hann er aflíðandi til suðausturs. Sunnan í hólnum er líka hátt barð og skarð milli hans og annars hóls vestan við núverandi fjós sem telst sennilega tilheyra Hólavelli.

Í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum segir: "Ekki virðist enn hafa sézt nema nokkuð af rústum þessum, sem komu í ljós fyrir meira en hálfri öld, undan mjög háum rofabakka, en þá allt útflennt og ógreinilegt. En þar hjá sjást aska og talsvert af jaxla- og beinabrotum og vottur af málm, sem bendir allt á bæjarleifar." Hafi rústir Hóla verið á þessum slóðum hafa þær blásið burt; ekki sjást leifar þeirra á hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bsk I, 611; VS: Rangvellingabók, 187; VG: Árbók 1951-1952, 129

RA-282:145 heimild um myllu

63°49.305N 20°04.446V

Í handriti Þórs Hjaltalín segir: "Vindmylla (norðan við baðstofu)". Ekki er vitað hvar myllan stóð nákvæmlega. Þó er líklegt að hún hafi verið innan Húsagarðs [185]. Þar er þúst sem mögulega gætu verið leifar myllunnar. Þó er ekki hægt að fullyrða það, búast má við að mannvist sé í og undir húsagarðinum vegna nálægðar við bæ. Fast norðan við húsagarðinn er malarplan fyrir sunnan núverandi útihús. Myllan var um 10 m sunnan við húsagarðinn og tæpum 30 m norðan við bæ 001.

Slétt og grasivaxið svæði.

Engin ummerki vindmyllunnar sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÞH: Handrit að fornleifaskrá fyrir Keldur, 21.

RA-282:146 álagablettur

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Skammt frá Gamla steinboganum [177], framanvert við vírinn, er þúfa, sem er alveg eins og leiði, í eggslétru laut, er snýr norður og suður. Segja munnmæli, að ekki megi grafa í hana; sje það gjört, þá eigi bærinn heima að brenna." Gengið var um talsvert stórt svæði meðfram garðinum hjá Vírhúsum 132 beggja vegna að Gamla steinboga en ekki var hægt að staðsetja þúfuna með óyggjandi hætti.

Mjög hæðótt landslag og mikill fjöldi lauta er á þessu svæði. Sumar lautirnar hafa blásið upp og gróið aftur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 134 nmgr. 1.

RA-282:147 heimild um leið

63°51.940N 19°56.369V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Melakot [038] er fyrir ofan farveginn móts við Skotvöll. Á Skotvelli sáust 8 götur samhliða í hæfilega blásnum jarðvegi, er legið hafa milli Tröllaskógs [288:002] og Melkots." Skotvöllur er sunnan við þurran farveg Sandgilju sem runnið hefur undir gríðarstóru rofabarði neðan við Melakot 038 (sunnan við). Nú er völlumurinn örfoka sand- og grjótmelur, sléttur fyrir utan nokkrar bungur. Ekki sést til gatna á honum.

Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 126

RA-282:148 kuml legstaður

63°49.589N 20°01.453V

Í bókinni Kuml og haugfé segir: "Lengi hafa menn vitað, að leifar fornra kumla eru skammt frá Rangá eystri, um 2,5 km austur frá Keldum. Kuml þessi hafa orðið fyrirferðarmikil í íslenskum fornleifaritum, sökum þess að þau hafa verið sett í samband við bardaga Gunnars á Hlíðarenda, er óvinir hans gerðu honum fyrirrátt við Knafahóla (um 990). Land er nú gjörblásið þarna svo og kumlin öll." Samkvæmt uppdætti í sömu bók hafa fundist kuml á tveimur stöðum nærri Rangá eystri á landamerkjum Árbæjar og Keldna. Kumlin sem voru á Árbrún í landi Árbæjar og nær Rangá eru skráð með Árbæ 288:006 en hinn fundarstaðurinn hefur verið um 95 m norðan við Gunnarsstein 073 og um 180 m norðvestan við býlið Ártúnarúst/Árholt 076. Líklega hefur kumlið verið frá því býli en það er um 2,5 km norðaustan við bæ 001.

Þar sem kumlin fundust eru lágir hraunhólar, blásnir og sendnir en verið er að græða upp svæðið með lúpínu. Er norðan við Fjallabaksleið syðri.

FRÍÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í bókinni Kuml og haugfé er samantekt á heimildum um kumlin við Eystri-Rangá: "Séra Halldór Magnússon, prestur til Keldnaþinga, ritar svo í fornleifaskýrslu 1818: "Í Árbæjar landareign, Keldna sókn, eru kallaðar Fjallmannabrúnir og í þeim einn hvammur eður vík, sem kallað var Haugsvík, en sást þó ei merki til, að þar væri haugur eður fornmannaleiði; en hér um 1800 blés þar uppi mold og sand, og þá komu þar upp bein af 5 mönnum, sem voru mjög rotin orðin; ekkert hefur þar fémett fundizt af vopnum eður öðru." [Óvist er hvort þessi lýsing á við um kumlin í landi Árbæjar 288:006 eða Keldna]. Árbær [RA-288] er eyðibýli fyrir ofan Keldur. Örnefnið Haugsvík er nú glatað, og virðist einnig örnefnið Fjallmannabrúnir. Sennilegt mun þó, að það sé einmitt þar, sem nú heitir Árholtbrún, og stafi nafnið af því, að Fjallabaksvegur lá þarna um. Kæmi það vel saman við þá sennilegu tilgátu Kálunds, að Haugsvík sé einmitt bali

sá, sem er fyrir neðan Árhóltsbrún, en hún liggur þvert norður frá Rangá, miðs vegar milli Keldna og Árbæjar. Mannabein þau, er séra Halldór nefnir, mega þá með sterkum líkindum teljast til Rangárkumla. [...] Páll Sigurðsson í Árkvörn virðist hins vegar hafa séð kumlin sjálfur. Hann skrifar svo um 1870: "Ofar með Rangá, nokkru fyrir ofan Keldur, eru dysjar tvær, vestan megin hennar, og er önnur minni; en sú litlu ofan eða fjær ánni. Dysjar þessar eru nú blásnar mjög eins og landið þar í kring, grjótið í þeim er vatnsorfið og auðsjáanlega borið upp úr ánni. Á þessum stað við Rangá barðist Gunnar með bræðrum sínum við Egil í Sandgili og þá undan Þríhyrningi. Í dysjum þessum hafa og fundizt mörg mannabein fram að þessum tíma, en nú er loftið búið að leysa þau flest upp; þó fundust í minni dysinni nokkrir jaxlar sumarið 1861; sú dysin, sem fjær er ánni, hefur minni verið, sem sagt var, og er ei ólíklegt, að Egill og synir hans og þeir bræður undan Þríhyrningi, sem féllu í bardaganum, hafi þar heygðir verið, og kannske Þórir austmaður, mágur Egils. Í dys þessari hafa fundizt bein af 5 eða 6 mönnum, en fleiri í hinni. Í kringum 1780 reið Jón Ísleiksson fálkafangari, sem þá bjó í Árkvörn í Fljótshlíð og síðar Eyvindarmúla, út á Rangárvelli til fálkaveiða; þá kom hann að dysjum þessum og skoðaði þær, og þá sá hann þar mörg mannabein, sem þá voru að blása upp úr dysjunum; þar sá hann í minni dysinni höfuðskel, er honum þótti stór vera, og..." Kálund hafði einnig sjálfur séð kumlin: "...mere end to kan ikke med bestemthed påvises. De er opførte af vandslide fra åen hentede sten hinanden; man har derved - i løbet af de sidste 100 år- fundet adskillige menneskeben her; navnlig i den sydligste og største af disse dysser synes flere mennesker at have været begravede." Þetta mun vera skilmerkileg lýsing, og frásögnin um mannabeinin er staðfest, því að árið 1876 komu til safnsins fúnar beinaleifar frá þessum stað, leggjabrot og flísar (Þjms. 1116), og 1883 kom brot af stórgripslegg, og mun því hestur vera heygður þarna. Árið 1883 fékk safnið lítið og ógerðarlegt spjót (Þjms. 2446), er fannst "nær dysjunum", og járnmeil með hringum og svipum í frá sama stað (Þjms. 2447). Þá segir Sigurður Vigfússon í safnaukaskrá: "Þar er gjörsamlega uppblásið og ekki annað en hraun og sandur, en þar eru glögg kennimerki; dysjarnar eru tvær; grjótið í þeim eru veltisteinar stórir og smáir, teknir úr ánni og næsta ólíkir því hraungrjóti, sem þar er; hér fundust og nýlega tvö spjót önnur, en sem voru svo ryðbrunnin, að þau dattu í sundur; hér hafa fundizt margir hlutir fyrri og síðar." Þessi lýsing kumlanna kemur vel heim við lýsingu Kálunds, og munu þær báðar réttar. Sama ár kom hestfjötur (Þjms. 2452) frá sama stað til safnsins sagður hafa fundizt í annarri dysinni. Þá getur Sigurður Vigfússon þess í safnaukaskrá, að í kumlinu hafi einnig fundizt 7-8 boruð skeifa: "[...] hún var svo ryðbrunnin, að hún hékk naumast saman." Aldrei kom þessi skeifa til safnsins, og víst hefur hún ekki verið úr kumlunum, þótt rétt kunnir að vera, að hún hafi fundizt þar í grennd. Af forngripum hefur síðan komið stakt hringameil (Þjms. 6020) og kinga (skrauthengi) úr bronsi (Þjms. 12384, sjá bls. 324-25, 143. mynd). Skúli Guðmundsson á Keldum hefur og lýst kumlunum. Einnig hann telur kumlin tvö, hvort á sínum hól, með 32 m millibili. [...] Helga Skúladóttir segir í örnefnalýsingu sinni: "Skammt frá steininum (þ.e. Gunnarsstein) sjást enn Dysin á smáhólum sitt hvoru megin Fjallabaksvegar, sem nefna má í þessu samhengi. Hann var fyrrum höfuðleið skaftfellskra bænda til kaupstaða, Eyrarbakka og Reykjavíkur." Loks segir Skúli Guðmundsson, að tæpum 1 km austar hafi blásið upp hauskúpu mikla. Ég svipaðist um á þessum slóðum 1948, en Gísli Gestsson gerði lýsingu og staðaruppdrátt 1954 (7. mynd). Ennþá sér til kumlanna. Með tilliti til ummæla fyrri manna, sem greind hafa verið hér að framan, virðist mega segja eftirfarandi um staðinn og kumlin: Gunnarssteinn eða Gunnarsklettur er 1-2 m hár steinn rétt við Rangá, vestur af Árhóltsbrún. Nafn steinsins er sennilega mjög ungt, úr því að þess er hvorki getið í fornleifaskýrslunni frá 1818 né hjá Kálund. Á lágum hraunhólum, 70-100 m norður af steininum, sjást vatnsnúnir hnullungar (8. mynd), aðallega þar sem merkt er I og II í uppdrætti, en einnig við III og IV, og þar fann Gísli Gestsson hrossatennur 1954. Þetta eru leifar kumlanna tveggja, sem nægilega er lýst hér að framan. Verða þær lýsingar trauðlega rengdar um, að fleiri en einn maður hafi verið heygður í hvoru kumli. Líklega er átt við sama beinafundinn í fornleifaskýrslunni og grein Páls Sigurðssonar, og mega þau bein vel hafa verið úr þessum kumlum. Hestur eða hestar hafa verið heygðir þarna, og sýnir það eitt, að kumlin eru úr heiðnum sið. Forngripir þeir, sem safnið hafur smá saman eignast frá þessum slóðum, eiga að hafa fundizt í þessum kumlum, allir nema beinhólkurinn. Fundarvitneskja um þá er því miður ófullkomin. Járnmeilin (Þjms. 2447) eru af gerð, sem grunur leikur á, að ekki hafi verið til í heiðnum sið, og munu því varla vera úr kumlunum. Um hina hlutina er ekki ástæða til að efast, að fornir séu. [...] Ber sífellt að minnast, að á þessu uppblástrasvæði, sem áður var gróið og byggt, geta fundizt hlutir nærri kumlaleifum, þótt þeir hafi ekki verið í kumlunum upphaflega. Loks er þess svo að geta, að miðju vega milli kumlleifanna við Gunnarsstein og Árhóltsbrún eru bæjarrústir fornlegar [282:076] (Árbók 1951-52, bls. 125). Mættu kumlin öll hæglega vera frá þeim bæ, ef byggður var í heiðni, svo sem vel má vera." Líklega hafa kumlin verið á lágu holti sem liggur í norður-suður, blásið í grjót. Mikið af lúpínu vex á holtinu og allt í kring. Ekki sáust nein ummerki um kumlin en gróður bygði sýn og kunna enn að sjást vatnsorfnir steinar á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: KEKH, 52-56; Friðlýsingarskrá, 67

RA-282:149 *Reynifellsvað* heimild um vað

63°48.724N 20°03.213V

Í Íslenskum sögustöðum eftir Kálund segir: "Mjög er eðlileg leið Gunnars yfir Rangá, þegar hann er á heimleið fram hjá Knafahólum. Ein af leiðum þeirra sem heima eiga á efri hluta Rangárvalla, er yfir Reynifellsvað (fyrir

austan Keldur) [leiðin milli Keldna og Reynifells er skráð á fornleif 661:027] [...]. Í Smæsta smátt segir: "1880 eða þar um, verði ári á Reynifelli með V.m. sínum vegabót vestan ár að Reynifellsvaði, fossvaðinu, því eina sem brúkað var milli Reynifells og Keldna. [...] Þá grófst vaðið niður - sem lengi var ágætt - og grýttist." Reynifellsfoss (Keldnafoss) er fast norðan við vaðið og rétt 069 er um 50 m fyrir suðvestan það. Vaðið er um 1,5 km norðvestan við bæ 001. Engin ummerki um götur sjást að vaðinu eða hvar farið var helst yfir. Vegslóði er á vesturbakka árinna en hann er nýr og gæti mögulega verið varnargarður líka.

Lítið grónir malarflákar eru beggja vegna við ána þar sem vaðið var. Austan við ána er gróin heiðarbrún en uppblásið svæði vestan við hana.

Engin ummerki vaðsins sjást á vettvangi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: KK I, 165; SG, Smæsta smátt, 210-211 eftir handriti ÞH, 81.

RA-282:150 *klaustur* heimild um 63°49.296N 20°04.430V

Í Íslenskum fornritum II stendur: "Jón Loftsson lét ... smíða kirkju ok klaustrhús fyrir norðan Læk, at Keldum, ok ætlaði sjálfir í at ganga, en engir urðu menn til ráðnir." Í grein Matthíasar Þórðarsonar, Klaustrið að Keldum, í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1909 segir: Eftir sögunni að dæma hefir Jón látið smíða klausturhúsin fyrir andlát Þorláks byskups, en það varð 23. des. 1193. Ennfremur segir sagan að þá er Jón kom til Keldna tók hann bráðlega sótt þá er leiddi hann til bana, en Jón Loftsson andaðist 1. nóv. 1197 eða nær 4 árum síðar en Þorlákur byskup. Klaustrið hefir því getað verið búið að standa, að minnsta kosti 4-5 ár þá er Jón féll frá. Nú segir ennfremur að Sæmundur sonur hans hafi látið "bæta fyrnd kirkjunnar og húsanna" (þ.e. Klausturhúsanna) um sína daga, en Sæmundur lifði föður sinn fjórðung aldar og dó 7. nóv. 1222 ... Klaustrið má þá hafa staðið um 30 ár. ... Fyrir ofan bæinn á Keldum fanst fyrir mörgum árum fornt innsigli ... Innsigli Sveins príors Pálssonar. Þessa Sveins príors Pálssonar finst hvergi getið svo kunnugt sé. Virðist það nær óyggjandi að hann hafi verið príor Keldnaklausturs og ef til vill hinn eini príor, er þar hefir verið." Staðsetning klaustursins að Keldum er ekki þekkt en líklegt þykir að það hafi staðið þar sem skálinn í gamla bænum 001 er norðan lækjar en þegar það hafi verið byggt hafi bærinn verið sunnan lækjar, sjá 037.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: MP: Árbók 1909, 32-33; ÍF II, 180.

RA-282:151 heimild um vað

63°48.161N 20°04.681V



Vað 151, horft til suðurs

Sigurður Guðmundsson nefnir vað á Rangá, rétt ofan við Þorgeirsstein 054 í grein sinni, Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu, í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1928. Þar segir: "Rétt fyrir ofan Þorgeirsstein [054] (um 55 m.) hefir verið vað á áni og nokkur umferð þar ... En ég hygg að ekki komi til mála að ætla bardagann þar ... Trúað gæti ég því, að einmitt þetta vað hafi fengið nafnið Þorgeirsvað eftir að líkið festi á steininum, og að Njála segði einmitt hér laukrjett frá; en bardaginn ætla ég að þó vafalaust hafi verið, svo sem áður segir ... um það vað, sem talið hefir verið og nefnt Þorgeirsvað á síðar tímum [sjá 009]" Vaðið er um 70 m ofan, austan, við Þorgeirsstein 054 og um 230 m SSV við Austurhaldshús 057. Vaðið er um 415 m neðan, suðvestan, við Þorgeirsvað 009.

Þar sem vaðið er eru grynningar í áni og hún þó nokkuð straumhörð. Norðan hennar er kvos í gróinn brattan bakkann þar sem riðið hefur verið að vaðinu. Að sunnan er árbakkinn lágur en hækkar bratt upp í Haldið.

Engin ummerki leiðar sjást við vaðið og ekki ljóst á hvaða leið fólk hefir riðið ána á þessum stað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 6

RA-282:152 *Haldfossvað* heimild um vað

63°48.097N 20°05.163V

Í grein Skúla Guðmundssonar, Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu, í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1928 segir: "Haldfossvað nefni ég syðsta vaðið, fremst við Austurhaldið, ofan við fossinn. Það er um 340-360 m. neðar en hið síðastnefnda [151]. Frá ómuna-tíð hefir vaðið aldrei verið notað af ferðamönnum, en einhvern tíma í fyrndinni hefir verið þar fjölfarin vegur. Sýna það fornar götur, norðvestan-við ána; þar skiftist vegurinn; lá annar strax yfir í Vesturhaldið [053], 8 götur, upp eftir því og líklega um hið vestara hlið hins mikla Móagarðs [045] heim að Keldum o.s.frv. [...] En hin grein



Vað 152, horft til suðvesturs

vegarins [Þessi leið er í grunninn sú sama og 661:010 en hefur legið yfir ólík vöð á ólíkum tímum] hefir legið upp Austurhaldið vestanvert, 6 götur; þær munu hafa legið upp á Rangárvöllu hið efra, upp að Sandgili [080], Árbæ [288:001], Tröllaskógi [288:002] o.s.frv., og líklega að nokkru leyti heim að Keldum, um hið eystra hlið Mógagarðsins, að Dagverðarnesi [292:001] og áfram. Nú hefir Rangá brotið göturnar að mestu af fremst í Austurhaldi og koma þær fram aftur ofar í því." Merki um vað sjást skammt ofan við Haldfoss, um 85 m suðaustan við Haldborgina 051.

Frá vaðinu er dálítið skarð sem myndast hefur í gróinn bakkann milli árinna og gjárinna milli Austur- og Vesturhalds. Við vaðið ofan við fossinn er áin breið og nokkuð straumhörd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: "Nokkur örnefni og staðhættir í Njálu" Árbók 1928, 6

RA-282:153 gata vað

63°49.536N 20°01.424V



Vað 153, horft til vesturs

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum eftir Vigfús Guðmundsson stendur: "Vað hefur líka verið fyrir á öldum og vegur fyrir neðan Árholtið, ofan við Gunnarsstein". Vaðið er um 30 m sunnan við Gunnarsstein 073 og um 2,5 km austan við bæ 001. Gata sést beggja megin á bökkum Eystri-Rangár sem notuð er bæði af hrossum og bílum. Ekki er vitað hvaða leið lá hér yfir. Vaðið liggur í grýttum og sandifylltum bökkum Eystri-Rangár í uppblásnu hrauni.

Vaðið liggur þvert yfir Eystri-Rangá sem rennur til suðvesturs á svæðinu. Hjólför sjást að ánni sem og slóð eftir hesta. Gatan er 3 m á breidd og hverfur saman við Fjallabaksleið syðri, eins og hún liggur nú. Ekki sést hvert leiðin liggur á syðri bakkannum. Áin er um 8 m 10 m breið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 11

RA-282:154 Hlíðarréttir heimild um rétt

Skúli Guðmundsson segir í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1932: "Ekki heldur Hlíðarréttir þar, enda eru þær að eins frá síðustu öldum. Þær voru til landsuðurs af syðsta horni á Réttarhól, suður af Kirkjulækjarslóðum." Bogi Thorarensen, heimildamaður sem vel er kunnugur á þessum slóðum, kannaðist ekki við örnefnið né réttir í Keldnahrauni eða þar um kring. Engar réttir eru sunnan við bæ. Staðsetning Hlíðarréttar er því óþekkt.

Engin ummerki réttarinnar sjást.

Heimildir: SG: Árbók 1932, 31

RA-282:155 heimild um leið

Í Smæsta smátt segir: "Fyrir austan Kippingsdali var og ruddur örmjór vegur á grjóthrygg og varða hjá, eins og að Krumma. Eg man ekki að nefna fleiri ár, en vissulega voru opnar ruddir og varðaðir vegir í vestur- og norðurhrauni, því alltaf blésu þeir upp og grjótið vildi hrynja inn á þá, sem voru lægri en yfirborð utan vega. Umferð var og mikil orsök þess, og allra vest fóru viðardrögur með norðurveg, t.d. reknir 10 í einu (Vatnsdal) úr Hvolhrepp og Landeyjum báðum og fjöru timbur frá Land presti og sfrv." Nákvæm staðsetning leiðarinnar og vörðunnar var ekki þekkt né heldur örnefnið Krummi. Það er einkennilegur klettur sem átti að vera rétt við Kippingsdali. Svæðið umhverfis Kippingsdal, Lágahraun og að landamerkjum við Reyðarvatn var skoðað og ekki sást til minjanna.

Uppblásið og úfið hraun. Melgresi og mosi vex á stöku stað.

Engin ummerki leiðarinnar sást á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 211-212 eftir handriti ÞH, 87.

RA-282:156 garðlag


Í grein Helgu Skúladóttir um örnefni á Keldum segir: "Upp-af Guðmundar-hnubbum [nálægt 081] (suðvestast) er það nefnt Ósljetta. Sunnan í henni er skjólgarður, hlaðinn frá Árbæ eftir miðja 19. öld." Út frá grein Helgu Skúladóttur má ætla að skjólgarðurinn hafi verið um 5 km norðaustur af bæ 001.

Ósljettan er líklega hraunbreiða um 50m austur af Sandgili II, númer 081, en einnig gæti nafnið átt við sandauðn suður af 081 en upp úr henni skýtur hraungrýti kollinum á mörgum stöðum. Mest megnis er svæðið ógróið en mosi hefur vaxið á hraunið og melgresi og lúpína skotið rótum í sandinum.

Gengið var suður frá 081 en ómögulegt reyndist að staðsetja Guðmundar-hnubba eða Ósljéttuna og því fannst garðurinn ekki.


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124

RA-282:157 þúst



Þúst 157, horft til vesturs

63°50.171N 19°58.643V



Um 540 m SSA við bæjarstæði Litlaskógar í landi Árbæjar 288:003 og um 1,4 km VSV við bæjarstæði Sandgils III, 082, er tóftarhóll. Hann er um 60 m norðan við girðingaslóða sem liggur frá veginum að Árbæ til vesturs út í hraunið. Tóftarhóllinn er

grasigróinn í grónu hrauni.

Hóllinn er um 9x6 m stór og snýr austur-vestur. Hann er um 1 m hár þar sem hann er hæstur. Austast á hólnum er um 1 m löng hleðsla, 2 umför, um 0, 3 m há. Hleðslan er líklega síðustu leifar þess mannvirkis sem hefur staðið á hólnum. Hlutverk þess er ekki þekkt en hugsanlega hefur hér verið heygardur eða jafnvel stekkur frá Litlaskógi.

Hættumat: hættu, vegna uppblásturs

RA-282:158 Herjólfsheiðarvarða varða



Varða 158, horft til vesturs

63°51.785N 19°56.118V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Norðurhluti Skógarhrauns heitir Herjólfsheiði: "heiði" hefur haldizt í nafninu, þó nú sje apalhraun. Þar er smávarða, jafnvel hlaðin af Birni Gunnlaugssyni, nefnd Herjólfsheiðarvarða." Norðarlega í miðju hrauni er vörðubrot á hól sem er hvað hæstur í heiðinni. Varðan er um 580 m suðaustan við Melakot 038 og um 1,3 km norðvestan við Tröllaskóg 288:002. Varðan er um 8,2 km norðaustan við bæ 001.

Allt í kringum vörðuna er úfið og gróðurlaust hraun og sandur. Varðan er hlaðin á litla hraunklökk, er um 0,6 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Aðeins eru fáir stórir steinar í vörðunni. Af hólnum sést vítt um, að Melkoti og rétt grillir í Tröllaskóg. Ekki er vitað um hlutverk þessarar vörðu en ef til vill hefur hún vísað

á leið milli Tröllaskógs og Melakots. Ef það er rétt að varðan hafi verið hlaðin af Birni Gunnlaugssyni hefur hún ef til vill verið í tengslum við kortagerð hans á fyrri hluta 19. aldar, löngu eftir að bæirnir lögðust í eyði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124

RA-282:159 heimild um býli

63°50.751N 19°58.988V

Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1951-52 segir: "Austan við skýli þessi [sjá 084] og dálítið lengra frá en bilin milli þeirra, nærri brúninni, eru rústir tvær, óljósar og minni ... Þar hefir líka verið ræktað tún umhverfis, líklega stærra en á hinum staðnum [083]. Enda sést þarna betur fyrir grjóti úr túngarði að neðanverðu. Er hann hlykkjótur með beygju til beggja enda í áttina að brúninni, og það er samfelld sást, mældist 120 faðmar." Gengið var til suðvesturs frá Skógarhraunsrúst 083 bæði ofan á hraunbrúnni og á láglendinu neðan hennar. Um 580 m SSV við tóft 083 er hálfgróinn blettur sem hugsanlega er það tún sem Vigfús vísar til. Bletturinn er ASA við láglendið þar sem talið er að gjafahringirnir hafi verið, sbr. 084. Ekki sér til túngarðs né tófta við blettinn en hann er eina svæðið sem kemur til greina á þessum slóðum. Tóftirnar og garðlagið hafa hugsanlega horfið við uppblástur.

Hættumat: hættu, vegna uppblásturs

Heimildir: VG: Árbók 1951-1952, 119

RA-282:160 Stöðulvegur vegur leið

63°49.215N 20°04.673V

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "Framan úr Króktúnslaut ... - suðaustan við núverandi kartóflugarða - var vegalengdin á vestri stöplum í Tanga ... upp flötina nokkuð fyrir vestan kálgar (í

nú verandi hlið að bæjardyrum 144 faðmar. En um eystri stöppla Tangans ... (þar brá venju 2 ár af 3ur) 158 faðmar og úr Krókt.laut um Króktúnsborð 150 faðmar. Frá Króktúnsborði heim að bæjardyrum - [hér er letur á næstu 3 orðum máð svo ólæsilegt er] - mælt 25. maí 1939, með mæliskapti, - [aftur 1 orð ólæsilegt.] Af Króktúnsstöðli gamla 90 faðmar ... 97 faðmar þar við má bæta 7 f. fyrir vestan hliðið, því vegna þrengsla milli Hólavallar og Króktúns, varð ekki mjólkað nær því. Af Framtúnsstöðli 172)." Vegaslóði liggur frá heimreið að Keldum inn á Krókstún [sjá 007] niður í Djúpulaut, austan kartöflugarðs 193 og upp úr lautinni áfram til suðurs. Slóðinn hefur verið ekinn í seinni tíð en er líklega á sömu slóðum og Stöðulvegurinn frá Keldum sem hefur legið að stekk 125 og áfram til suðurs að Töngunum 031.

Vegurinn liggur um gróin tún.

Vegaslóðinn hefur verið ekinn. Hann er um 2 m breiður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 200 eftir handriti ÞH, 87

RA-282:161 *Myllukofi* heimild um myllu

63°49.285N 20°04.253V

Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir:

"Páll Guðmundsson bóndi á Keldum 1817-1828 hefur sennilega verið fyrstur til að reisa myllu til kornmölunar á bænum. Hann mun hafa byggt eina slíka við fjósalindina [021] í austurtúninu. Þar þverr vatnið og myllan varð ónothæf. " Myllan var um 150 m vestan við bæ 001 og um 7 m vestan við lind 021. Nákvæm staðsetning myllunnar er ekki þekkt en moldarflag er í túninu við fjósalind. Flagið er 4 x 5 m en ekki sjást hleðslur né grjót í því, en líklegast hefur myllan verið á þessum slóðum

Myllan hefur verið í aflíðandi, grasivaxinni brekku til suðurs að Keldnalæk. Brekkan er í túni með náttúrulegum hólum og hæðum.

Engin ummerki myllunnar sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-282:162 heimild um myllu

63°49.319N 20°04.535V

Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Páll Guðmundsson bóndi á Keldum 1817-1828 hefur sennilega verið fyrstur til að reisa myllu til kornmölunar á bænum. Hann mun hafa byggt eina slíka við fjóslindina [021] í Austurtúninu [161]. Þar þvarr vatnið og myllan varð ónothæf. Guðmundur Brynjólfsson hóf búskap á Keldum árið 1833 og bjó á Keldum 50 ár. Hann reisti nýja myllu fyrir vestan bæinn, við norðausturhorn Króktúnsins. Vatnspurrð hefur alla tíð valdið nokkrum vanda við starfrækslu myllanna. Árið 1870 var hún færð til norðurs um 7-8 faðma og hefur staðið þar síðan [sjá 029]."

Þar sem myllan var áður en hún var færð á núverandi stað (sjá 029) er grasivaxinn hvammur við Keldnalæk.

Engin ummerki myllunnar sjást í hvamminum enda hefur byggingarefni hennar eflaust verið endurnýtt í nýja mylluhúsið þegar myllan var færð um 1870.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, bls. 7.

RA-282:163 *Vesturtraðir* vegur traðir

63°49.298N 20°04.481V

Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Við lok 19. aldar var fyrst farið að hlaða Vesturtraðirnar. Áður var þetta "að miklu leyti ein gata með troðningum um kring (SG, bls. 30-32)". Árið 1903 var traðargarðurinn í fyrsta sinn hlaðinn niður fyrir brekku og vestur að lindinni og voru notaðir hnausar í hleðsluna ... Vesturtraðirnar voru allar uppgrónar vorið 1997 og var grafið upp úr þeim og þær endurhlaðnar þá um sumarið." Traðirnar liggja vestur frá bæ 001 niður aflíðandi brekku. Þær eru greinilegar, enda endurgerðar.

Fast norður við traðirnar er grasbali að malarplani fyrir framan núverandi útihús. Til suðurs er grasivaxið tún.

Traðirnar eru 2 m breiðar og 1 m á hæð. Mól er í botni þeirra. Þær eru um 60 m langar og sveigja til norðurs við Maríubrunn 030 og sameinast Botnavegi 181 um 50 m norðaustar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Leið 160, horft til norðurs



Vesturtraðir 163, horft til suðurs

Heimildir: ÞH: Rannóknarskýrslur Þjms 1, 1999: bls. 7-8.

RA-282:164 *Hraun* bæjarstæði býli 63°51.892N 20°03.419V
Í grein eftir Vigfús Guðmundsson í Árbók 1951-1952 segir: "Hraun ("under hraune"). Svo er nefnd jörð ein í elztu máldögum Oddakirkju, og er hún þangað gjaldskyld, eins og aðrar meðaljarðir á Rangárvöllum. En hér er sá ljóður á, að nú veit enginn með vissu, hvar bær þessi hefir staðið eða hvar átt land. Og þetta er víst gleymt og glatað 1711. Jarðabókin nefnir ekki Hraun, nema síðast í svonefndri "undirvísun", og á þá leið, að gera Hraunkot að Hrauni. [...] Kýs eg helzt að benda til rústa Hrauns-sérstaklega sökum landrýmis-á jaðri mjög gamals gára indir hraunbrún í Keldnalandi, sem nú er mjög sandi orpinn. Staður sá er nálægt 5 km norður frá Keldum og 3 km suður frá Dagverðarnesi [RA-292], fyrir austan götuna milli þessara bæja [115]. Heitir þar Sauðanef og er suðvesturhornið á hrauni því er Eldiviðarhraun heitir. Hjá nefi þessu var byggð fjárborg ný [092] 1885 [...] Hvenær Hraun lagðist í eyði, verður ekki vitað með vissu, en líklegt er, að það hafi orðið eigi allöngu eftir sölu fyrrnefndu, 1549."

Hraunið suðvestan við Eldiviðarhraun er blásið en verið er að græða það upp með lúpínu. Dálítill gróðurrama er meðfram hraunbrúninni þar sem býlið hefur mögulega getað verið.

Staðsetning býlis þessa er ókunn og ekki sáust ummerki um það á vettvangi á þeim stað sem Vigfús taldi býlið hafa staðið á. Ekki er því hægt að segja hvort fjárborgin sem byggð var 1885 sé á sama stað eða skammt frá býlinu. Þess má geta að um 800 m austan við Sauðanef er svokallaður Húsagötuhvammur 090 við suðurbrún Eldiviðarhrauns. Um þann stað segir í grein Helgu Skúladóttur í Árbók 1937-1939: "Þar voru töluverðar byggingar, fastar kvíar, tvíhlaðnar, fyrir 100 fjár, og hesthús; nú eru þær sokknar á kaf í sandi." Ekki eru frekari upplýsingar um þessar minjar, aldur þeirra eða frá hvaða býli þær hafa verið. Möguleiki er á því að þær tengist Hrauni en þær eru nokkuð langt frá þeim stað sem Vigfús taldi býlið geta verið á.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: VG: Árbók 1951-1952, 105-107

RA-282:165 heimild um varnargarð

Í Smæsta smátt segir: "Varnarg. vestan Króktún. Fyrir vestan Króktún hafa, til sandvarna, verið hlaðnir 2 garðstubbir í skörð milli bakka. Eystri c. 3 faðma, vestri c 2 f.. Þeir voru 15-16 faðma fyrir framan norðurshorn Króktúns, verklega hlaðnir, sá vestri nær faðmi sunnar. Þeir voru að mestu leyti austan við núverandi bílveg. Smábakki var að þeim í mínu minni (1866-70). Líklega hlaðnir af G.B. (?). - Löngu eptir gjörblástur þar langt fram, var grjótið smátt og smátt tekið í Króktúns garðinn, og það síðasta, stærsta, 1907, í kampa Nýjahússins." Nákvæm staðsetning varnargarðanna er ekki þekkt en þeir voru líklega norðvestan við varnargarð 026 og austan við malarveg sem liggur m.a. að Stokkalæk. Engin ummerki þeirra sáust á vettvangi þar sem grjótið úr þeim var tekið. Króktúnið var allt skoðað án þess að finna ummerki um varnargarðana og bakkana sem þeir lágu á milli. Þar sem garðlagið var er nú gróið hraun. Hraundrangar og sandur eru á svæðinu.

Engin ummerki varnargarða sáust á vettvangi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 115 eftir handriti ÞH, 78.

RA-282:166 *Litlahólmavað* heimild um vað

Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt, segir: "1889.... Sama ár var nýr vegur lagður]af gömlu Árbæjar veg [661:029] fyrir framan Þrívörðuhól [064], mest eptir moldarlautum, stefnu fyrir sunnan Lækjarbotna til Litla Hólma vaðs". Engin ummerki sáust um Litlahólmavað á yfirborði né vitað hvar það var nákvæmlega.

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 212, eftir handriti ÞH, 88.

RA-282:167 varða samgöngubót

Í handriti Skúla Guðmundssonar Smæsta smátt segir: "Um líkt leyti [1880-83] setti Siggí (o.fl.?) vörður á nokkur brúnanef, talsvert fyrir austan Reyðarvatnsveg [184], að taldri þörf Reyðvetninga, líklega fyrir gangandi menn (upp af Kóngshólshrauni). Svæðið frá Lágahrauni að bæ var gengið án þess að vörðurnar myndust. Mikið er af hraunhólum og -klettum eru á svæðinu en engar vörður á þeim.

Á svæðinu er uppblásið og úfið hraun. Melgresi og mosagróður eru inn á milli uppblásinna hraunfláka.

Engin ummerki um vörðunar voru sjáanleg á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 211 eftir handriti Þórs Hjaltalín, bls. 80

RA-282:168 varða samgöngubót

63°49.858N 20°06.242V



Varða 168, horft til norðurs

Í Smæsta smátt stendur: "Þá [1880-83] voru þegar komnar vörður á Stórhálsi til Kippingsdala." Ekki er vitað hvar Stórháls var en líklegt er að ein af þessum vörðum sjáist enn. Hún er 120 m austan við Reyðarvatnsveg 184, rúma 450 m norðvestan við vörðu 121 og 1,82 km norðvestan við bæ 001.

Varðan er í uppblásnu hrauni sem er vaxið melgresi og mosagróðri.

Varðan stendur á náttúrulegum klett sem er 0,7 m á hæð. Sjálf varðan er 0,5 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóti í henni. Hún er hlaðin úr hraungrýti og er það ekki mosavaxið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Smæsta smátt 211 eftir handriti Þórs Hjaltalíns, 80.

RA-282:169 varða samgöngubót

63°51.768N 20°02.662V



Varða 169, horft til vesturs

Skúli Guðmundsson segir í Smæsta smátt: "Axahraun var líka varða, og rutt sunnan vert, norðan Knæfhólaheiði. Vörður voru einnig hlaðnar upp og fjölgað. Jón hlóð vörðu á Grákoll og Drang, það gerði eg einnig." Varða er norðarlega í Axarhrauni, um 430 m suðvestan við Húsagötuhvamm 090 og um 950 m norðnorðaustan Keldnasel yngra 100. Ekki er ljóst á hvaða leið þessi varða hefur verið en hún hefur sennilega ekki verið á Kotsvegi 115 þar sem sú leið virðist eingöngu vera meðfram Axarhrauni og síðan Eldiviðarhrauni.

Varðan er á háum hraunhól í gróðurlitlu og sandblásnu hrauninu.

Varðan er um 1 m í þvermál og um 1 m á hæð. Grunnur vörðunnar er nokkuð stór steinn og svo eru 2 umför af stóru og

meðlstóru hraungrýti. Grjótið er lítt mosavaxið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 211 eftir handriti Þórs Hjaltalíns, 80.

RA-282:170 Austurheiðarhlaða heimild um hlöðu

Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt segir: "1909. 16 sept. sk. Austurheiðarhlaða að stofni - grafið 16 hlaðið 25 sept. aptur 9 nóv. 1 hella yfir inntaki stór - sauðu sett fyrir norðan bergið, grafið fyrir (hey úti í Nesi 128 hestar) 28 hlaðið, girt yfir með 1. spítu (9 nóv.) og hellu tók 3-4 hesta, grjót í dyrarm og þar innfallið." Staðsetning Austurheiðarhlöðu er ekki þekkt. Mögulegt er að tóft 042 sé í raun hlaðan en ekki er hægt að fullyrða um það. Austurheiðin var gengin, vítt og breitt, frá mounum að vestan og austur eftir, en engar tóftir eða ummerki Austurheiðarhlöðu fundust.

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 26, eftir handriti ÞH, 51.

RA-282:171 Austurhaldsrétt heimild um rétt

63°48.465N 20°03.634V

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, segir: "[...] [Austurhaldsrétt] byggð um 1880 í grónu jarðfalli, fremst í Austurhaldi, við Rangá. Lömbin voru höfð þar á haustin, og rekin að réttinni til að taka skurðarlömb, 6-8 vikulega (í viðbót við 8 sauði eða 12 ær). Eftir aldamótin breytti Rangá svo farvegi að hún rann öll fyrir vestan Austurhaldið, svo lömbin fóru þaðan fyrirstöðulaust upp í Reynifellshaga. Síðan er réttin ónothæf orðin, því lömbunum er beitt á Tunguland vegna farvegsbreytingar árinna." Áin rennur nú við austurenda haldsins, ofan við það, líkt og hún gerði áður en farvegurinn breyttist um aldamótin. Engin rétt fannst við vettvangsskoðun við ána austan undir haldinu. Líklegt er að hún hafi horfið í ána þegar farvegur hennar breyttist á nýjan leik. Réttin hefur að öllum líkindum verið 350-400 m austan, ofan, við Skógarmannaá 055 við austurenda Austurhalds.

Austurhaldið er grasi gróid svæði við ána en bakkar hennar eru sendnir og víða grýttir fast við ána.

Ekkert sést lengur til Austurhaldsréttar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 188.

RA-282:172 Krókatúnslambhús heimild um lambhús

63°49.293N 20°04.666V

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Skömmu eftir það [1839] byggði hann [Guðmundur Brynjólfsson] þar norðan við bæjarstæðið [Krókatún 007] 2 lambhús, sem þó hafa líklega ekki verið með jötum fyrst í stað" Skúli Guðmundsson segir í handriti sínu "Á næsta ári (1884) tók Jón Guðmundsson bæði lambhúsin í Krókatúni til grunna, færði þau til á hærri grundvöll, því að hin eldri grundvöllur og gólf var horfinn ofan í jarðhækkunina, eins og allt annað á sandjörðum. Þarf því oft að taka hús, vegg og garða einungis til upphækkunar, þó stæðileg sýnist að öðru leyti. Lambhús þessi voru byggð á sama hátt og á Framtúni [Sbr. 037]. Jafn víð, 7 fet milli jötubálka, en nokkuð stærri, tóku milli 30 og 40 lömb hvort" Ekki er vitað hvar lambhúsin voru nákvæmlega norðan við bæjarstæðið. Þar er hólrími sem liggur í hálfhring og hafa þau líklega staðið á eða við hann.

Hólrímminn er um 70 m norðaustan við Skyggni 033 og 190 m VNV við bæ 001.

Engin ummerki fjárhúsanna sáust á svæðinu.

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 170-171; SG: Smæsta smátt, 26 eftir handriti ÞH, 49.

RA-282:173 heimild um rétt

63°49.329N 20°03.948V

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "c 1910 eða þar um var Réttar ómynd sett austan í Vörðuhólinn [059], í urðina sunnan undir hömrinum, gerði Eiríkur, mest að því, sem sjálfboði, fékk okkar hjálp síðast, lítið notuð og þá helst til að ná kind eða kindum úr ef á lá. Gekk afar illa að, þó tré dyruð væri, hélt og illa fé, snar bratt helst ei uppi og fyrir nokkru eyðilögð (1907)." Réttin var um 400 m austan við bæ 001 og um 30 m suðaustan vörðu á Vörðuhól 059.

Líklegur staður fyrir réttina er sunnan undir blágrýtisklettum sem skera sig úr frá hraungrýtinu sem annars er allt í kring. Þar er dálítill laut, full af sandi og vex þar dálítið af melgresi og öðrum gróðri.

Ekki sást til réttarinnar á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 40 eftir handriti ÞH, 65.

RA-282:174 heimild um kvíar

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, segir: "Áður en farið var að mjólka ær í færíkviðum, voru byggðar til þess sérstakar kvíaréttir. Eru þær auðþekktar á því að þær eru langar, en varla yfir 6-7 fet á breidd, svo mjólka mætti í 2 röðum. Hafa blásið upp og sést leifar slíkra á 4 stöðum við Keldnatún:...norðan túnbarðs". Ekki er vitað hvar þessar kvíar voru þar sem nánari lýsingu á staðháttum er ekki að finna. Gera má þó ráð fyrir að þær hafi verið norðan við bæ 001. Á vettvangi sást ekki til tófta sem gætu verið kvíar.

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 191.

RA-282:175 *Hlíðarvað eldra* heimild um vað

63°48.604N 20°03.315V

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "1875 eða þar um: Hlóðum við Siggí vörður fram að Hlíðarvaði nýja [044] á Rangá austarlega á Austur haldi, vegna þess að Hlíðarvað, fyrir ofan Haldið var ófært." Hlíðarvað fyrir ofan haldið hefur líklega verið um 800 m ASA við Hlíðarvað nýja 044 og um 300 m norðaustan við Eyrarvað 056. Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt og engin ummerki þess sáust á þessum slóðum enda hefur áin verið mjög breytileg á þessum stað. Vaðið hefur verið notað af vegfarendum um Hlíðarveg 661:010.

Þar sem vaðið var eru malareyrar við ána.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 210 eftir handriti ÞH, 82.

RA-282:176 heimild um hlöðu

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Fyrsta frækorn að hlöðu var kumbl eitt lítið, með þaki og hurð, fyrir svo sem 10 heyhesta. Jón Guðmundsson, ráðsmaður föður síns og móður, byggði það vorið 1883 (fremur en 1882?) við svonefndar Þverbrekkur, norðvestarlega í Knæfhlólaheiði. Var þá um sumarið (1883) slegið þar í kring á 7 hesta og látið í kumlið. Sauðaborg [077, 142] var þá enn þarna, eigi langt frá, en sauðir voru fáir, 60-70, eftir fellinn, og var markmiðið að halda þeim til haga á þessum fjarlægga snepli, sem þá var eftir af miklum og góðum sauðahögum, meðan þess væri nokkur kostur. En sauðirnir vildu þá sækja fram í heimahaga. Þetta varð þó ekki langt viðsetur, því eftir 4 ár (1887) var sögu kumblsins lokið, og sótt heytugga sú, sem þá var í því, vegna þess að þá var umhverfið allt komið í svartan sand." Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "1883 eða líkl. 1882 (fyr en bók mín byrjar 21 okt þar ár) Þ.J., J.G., heyhús að stofni í Knæfhlólaheiði, þverbrekkum = vistinn og frúman undir þeim á litlum hól sirkil myndað, með yfirgarð og hurð á hengi járn, tók 7-8 hesta ? Sett til að taka á halda sandum þur við eptir fellirinn. Þá voru þeir fremur fáir (70?) og hlíkrað betur; var þó með erviðismunum; sóttu fram. - 1887. sótt hey í kumlið (hlöðuna) rusl á 5 hesta það hafa hlóðirnar sem frá var sokkin í sand (eptir 4 ár, 14. ap. Hafi það vorið 1882, hefur verið reitt þangað af engjum (Jón fór á milli). - En 1883 6 ág. var slegið þar í kring, síðkvöld á 7 hesta (hirt 9.) og látið í kumlið." Telja má líklegt að hlaðan hafi verið nálægt Þverbrekkunaborgum 063. Þverbrekkur eru merktar inn á kort Helgu Skúladóttur. Svæðið norðan og vestan Knafahóla var skoðað án þess að sæist til hlöðunnar.

Á svæðinu er uppblásið hraun með lúpínubreiðum. Upp úr þeim standa hraunhólar og er svæðið mishæðótt.

Engin ummerki hlöðunnar sáust á vettvangi.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 170; SG: Smæsta smátt, 24-25 eftir handriti ÞH, 47; HS: Árbók 1937-1939, 140.

RA-282:177 *Gamli steinbogi* náttúrumin brú

63°48.703N 20°05.802V

Í grein Helgu Sigurðardóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir: "Útbugshóll er fyrir ofan Útbuginn, en

hann liggur yzt og er lágt nes við Stokkalæk. Útbugsvað [Útbungsvað 281:017] er á yzta tanga, en Stokkalækjarvað eða Prestsvað [281:019] var það nefnt, þá er prestur sat á Stokkalæk; er á veginum að Stokkalæk. Skammt fyrir framan vaðið er steinboginn nýi [178]. Lækurinn rennur þar fram í þrengslum, svo hægt er að hlaupa yfir. Páll Guðmundsson (áður nefndur bóndi á Keldum) sprengdi með púðri bjarg úr hömrnum fyrir ofan og myndaði veg fyrir lækinn þarna, eftir að Gamli steinboginn klofnaði og varð ófær. Lækurinn rann þarna undir móbergshamra og myndaði steinboga." Gamli steinbogi er við foss í Stokkalæk þar sem lækurinn beygir til suðausturs, 90 m suðvestan við Garðinn 133 og um 205 m suðaustan við Steinbogann nýja 178.



Gamli steinbogi 177, horft til suðvesturs

Stokkalækjarmegin er gróðurlaus sandalda með móbergslögum efst en Keldnamegin eru hraunbrúnir og grasi grónar brekkur. Ótal lækir renna undan brekkunum í Stokkalækinn.

Gamli steinbogi var brú sem gríðarstórt móbergsbjarg myndaði yfir lækinn. Nú er brúin brotin og þrjú stór móbergsbjörg eru í læknum. Brúin hefur líklega verið um 20-30 m löng og um 3 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133.

RA-282:178 Steinboginn nýi mannvirki brú

63°48.756N 20°06.022V



Brú 178, horft til suðurs

"Útbugshóll er fyrir ofan Útbuginn, en hann liggur yzt og er lágt nes við Stokkalæk. Útbugsvað [Útbungsvað 281:017] er á yzta tanga, en Stokkalækjarvað eða Prestsvað [281:019] var það nefnt, þá er prestur sat á Stokkalæk; er á veginum að Stokkalæk. Skammt fyrir framan vaðið er steinboginn nýi. Lækurinn rennur þar fram í þrengslum, svo hægt er að hlaupa yfir. Páll Guðmundsson (áður nefndur bóndi á Keldum) sprengdi með púðri bjarg úr hömrnum fyrir ofan og myndaði veg fyrir lækinn þarna, eftir að Gamli steinboginn [177] klofnaði og varð ófær. Lækurinn rann þarna undir móbergshamra og myndaði steinboga." Nýi Steinbogi er um 200 m norðvestan við Gamla steinboga 177. Við Steinbogann nýja rennur lækurinn í mjóum farvegi. Austan við hann eru miklar klappir í brekkunni niður að

læknum. Stór björg hafa fallið niður úr klöppinni og í miðjan farveg lækjarins og er hægt að hoppa af þeim yfir á hinn bakkann þar sem móbergsnef skagar fram. Grasi grónar brekkur eru beggja vegna lækjarins á þessum stað. Björgin sem fallin eru í lækinn skiptasta í þrjú hluta og eru saman um 5 x 3 m að stærð og um 2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 133.

RA-282:179 varða

63°49.423N 20°04.646V

Varða er tæpa 300 m norðvestan við bæ 001. Hún er í vesturhlíð Hólavallar á lágum hól.

Varðan er í grasivöxnu hrauni. Hraundrangar og steinar standa víða upp úr sverði.

Varðan er neðarlega í brekku sem hallar til vesturs. Hún er á grónum hraunkletti og er tæpur 1 m á hæð. Hraunkletturinn er um 0,4 m á hæð og hallar niður brekkuna. Fimm umför af grjóti sjást í vörðunni sem er um 0,7 m í þvermál. Varðan er heil og grjóthlaðin. Mosi og skófir eru farnar að vaxa á grjótinu. Ekki er hægt að geta sér til um tilgang vörðunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Varða 179, horft til norðurs

RA-282:180 gata leið

63°48.892N 20°05.559V

Á loftmynd sést leið sem liggur frá Steinboganum nýja 178 um Króktúnsheiði heim að bæ 001. Þessi leið hefur að líkindum verið messuleið frá Stokkalæk að Keldum og tengist hún leið 281:021 í landi Stokkalækjar.

Leiðin liggur um gróið lághólótt svæði.

Leiðin sást ekki á vettvangi en er skráð af loftmynd. Á loftmynd er leiðin allgreinileg, liggur frá Steinbogunum nýja á Stokkalæk til norðausturs að Keldum en sameinast Tungugötu 129 skammt norðan við Bugrúst 128.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-282:181 Botnavegur heimild um leið 63°49.328N 20°04.605V

Í handritinu Smæsta smátt stendur: "Botnavegur, akvegur jarðföll (stöðull). Vegur í botnum er ofan við Króktún og lækjarbotnana þar fyrir austan, sunnan undir Hólavelli. Hliðið til Botnavegar hefur í fyrstu ljósast verið við útn. horn Króktúns, á móts við Upptúnsгарðinn [sjá 026] þar, fyrir vestan Hólavöll. Þegar þar blés allt upp norðanmegin, hefur það verið fært austur, miðjavega austur að læk. þar settir kampar sunnan vegin, en hlaðið á klett (síðar brotinn að nokkru) norðanmegin. Þaðan lá einfaldur grjótagarður [sjá 026] (6-7 faðma) (199) upp brunahrauns nefið að Hólavallarrofi - Grasbakka-kápu Hólavallar - þar var stöðullinn [028] fyrir vestan til 1904 - og svo fyrir sunnan Framtúnshlið [041], torfgarðsins [039] þar, fyrst í mínu minni." Þar sem Botnavegur var er nú malarvegur heim að Keldum úr vestri. Vegurinn hefur legið austur-vestur en engin ummerki hans sjást nú. Vegurinn er teiknaður inn á kort Helgu Skúladóttur.

Vegurinn liggur eftir grónum túnum, fast norðan undir náttúrulegum hól.

Engin ummerki eldri vegar sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 55 eftir handriti Þórs Hjaltalín, 84; HS: Árbók 1937-1939, kort

RA-282:182 gata leið 63°49.263N 20°02.466V



Leið 182, horft til austurs

Í handriti Skúla Guðmundssonar, Smæsta smátt, segir: "1889.... Sama ár var nýr vegur lagður]af gömlu Árbæjar veg [661:029] fyrir framan Þrívörðuhól [064], mest eptir moldarlautum, stefnu fyrir sunnan Lækjarbotna til Litla Hólma vaðs [166]. Verkið lítið að vörðum (leiðbeining) og ruðningi. Þessi vegur var aðeins notaður lítinn tíma. árbærinn féll í eyði og Fossmenn fóru bráðlega fram Austurheiði, þó lengri væri, og fyrir vestan Hamarslág niður að Móa." Á herforingjaráðskorti er slóði frá Fossi, framhjá Árbæ en skammt frá Gunnarssteini beygir leiðin til suðvesturs eftir Austurheiðinni og kemur á Hlíðarveg 661:010 þar sem hann er meðfram Austurheiðarbrúninni. Hluti leiðarinnar er á sama stað og Fjallabaksvegur fremri 661:021 á milli Árbæjar og Gunnarssteins. Götur sjást í Austurheiðinni sem hafa verið á leið milli Keldna og Foss. Götur liggja meðfram Eystri-Rangá um 50 m vestan við ána.

Leiðin liggur eftir mosavaxinni og þýfðri heiði. Það eru náttúrulegir og grónir hólar. Leiðin liggur einnig í uppblásnu og úfnu hrauni. Þar er lítið um gróður.

Gatan liggur austur-vestur úr landi Árbæjar að Keldum. Hún er greinileg eftir allri Austurheiði og fellur undir núverandi malarveg við landamörk Árbæjar. Á Austurheiði sjást 12-20 rásir og er

svæðið um 10 m breitt. Rásirnar eru 0,1 m djúpar, alveg grónar og mjög greinilegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 212 eftir handriti Þórs Hjaltalín 88; Herforingjaráðskort, blað 48

RA-282:183 garðlag varnargarður

63°49.510N 20°05.132V

Í Smæsta smátt segir: "Garður frá Kirkjuhólslæk, Stokkalæk. Liggur fyrir austan Lágahraun, fyrir sunnan Hraunbrún og austur að Dagverðarnes götu [115], að útnorðurs horni "sandgræðslu girðingar - til útnorðurs af Hólavelli. Hlaðinn frá brekkunni að vestan: (Hæð c 2 fet)". Garðlagið liggur austur- vestur um 100 m norðan við núverandi veg að Keldum og sést vel. Það er beygir til norðvesturs sunnan við veginn að Keldum.

Garðlagið liggur í grónu hrauni sem er vaxið melgresi og mosa. Svæðið hefur blásið upp en er að gróa aftur.

Garðlagið liggur austur-vestur frá Kirkjuhólslæk til austurs í átt að Keldum. Það er um 600 m langt, 0,3 m á hæð og 0,2 m breitt. Núverandi vegur að Fjallabaksleið syðri sker garðlagið ásamt



Garðlag 183, horft til austurs

malarvegi að Keldum. Garðlagið hverfur síðan í sand fyrir vestan Hólavöll. Líklega er þetta einn af mörgum varnargörðum sem Skúli Guðmundsson hlóð nálægt aldamótunum 1900 en án frekari heimilda er erfitt að staðfesta það. Þó er garðlagið einfalt og ekki hlið á því til að hleypa sandinum í gegnum. Garðlagið er sigið og hefur líklega verið hærra. Samkvæmt korti Skúla Lýðssonar af gördum í landi Keldna sem birtist í skýrslu Landgræðslunnar 2008 er þessi garður frá 1926-1928.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 114 eftir handriti ÞH, 77; Landgræðsla ríkisins 2008, 21

RA-282:184 *Reyðarvatnsvegur* heimild um leið

63°49.821N 20°06.362V

Í grein Helgu Skúladóttur segir: "Kippingsdalir liggja milli hrauns og alda. Um 1870-80 voru þeir einn grasi grónir. Árið 1872 fótbrotnaði þar Þuríður Ásmundsdóttir, prófasts í Odda, í háum götubökkum. Hún var að ríða í brúðkaupsveizlu frá Keldum að Reyðarvatni (en vegurinn lá þá þar); tók þá prestur spjöldin af handbókinni og batt við." Ekki er vitað nákvæmlega hvar í Kippingsdölum leiðin lá. Mögulega má greina hluta leiðarinnar í sandblásnum jarðveginum en það er mjög óljóst. Götubakkarnir hafa hreinlega blásið burtu.

Sandblásnir melar og hraun. Þar vex melgresi víða.

Engin merki leiðarinnar sáust á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs


Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 131.

RA-282:185 *Húsagarður* gerði

63°49.302N 20°04.405V



Gerði 185, horft til austurs



Gerði 185

Í Rannsóknarskýrslu Þjóðminjasafns Íslands eftir Þór Hjaltalín segir: "Frásagnir Skúla Guðmundssonar af viðgerðum og framkvæmdum við húsagarðinn ná aftur til ársins 1888, en þá hlóð hann garðinn austan við hjallinn og norður að olnboga. Jafnan segist hann hafa hlaðið úr grjóti og sniddu. Það sem vekur mesta athygli er hæð sú sem á garðinum hefur verið. Þegar garðurinn var hlaðinn á árunum 1920-1923 voru í honum sex lög af hvoru, sniddu og grjóti. Árið 1891 þegar Vesturskemman [001] var tekin upp og sameinað útielhdúsinu [001] voru settar nýjar dyr vestan á móti, innst í skemmu og hlaðið þar um kring húsag. með kömpum. Þ.e. húsagarðurinn hefur myndað vesturvegg skemmunnar og voru þar settar dyr innarlega í skemmunni. Skemman var notuð undir hrúta og kallar

Skúli dyr þessar hrútaskemmudyr. Þegar grafið var fyrir vegg þessum var komið niður á smiðjutóft forna sem þar er vestan við húsinn. Árið 1896 þegar hlaðið var norðan við hrútaskemmudyr voru hlaðnar þar tröppur eða tátillar, upp á garðinn. Hlið var sett á norður húsagarðinn árið 1901 svo aka mætti vögnum þar inn. Síðan allt mikið léttara, segir Skúli. Innkeyrsla þessi er enn í garðinum austarlega. Húsagarðurinn er sokkinn mjög, og er langt frá þeirri hæð sem hann áður hafði. Áætlað er að endurhlaða garðinn í fulla hæð". Húsagarður er um 25 m norðan við bæ 001 og rúmum 50 m vestan við Litlurétt 016.

Húsagarðurinn liggur í sléttu, grasivöxnu svæði aftan við bæ 001.

Húsagarðurinn afmarkar svæði sem er um 45 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Í austurenda beygir hann til suðurs. Veggirnir eru 1,2 m á hæð og alveg grónir. Hvergi sést í grjóti. Hlið er í norðausturhorni garðsins. Skúli Guðmundsson lýsir Húsagarði vel í handriti sínu Smæsta smátt: "Húsagarður. Húsag. var dittað að, austur garði og v. eptir því sem blés, aldrei hreifð undirstaða í mínu minni, voru því næsta setnir og hrörlegir. 1884 (J.G.) um haust Reiddir á garðin 54

hestar (minnir mig) grjót, þegar heyin komu í garðinn. 1887 16. sept. (Slegið upp í rosa 16): Tekinn sama dm - mikið hey úti - allur norðurgarður hleypt upp um c 3/4 al, keyrður sandur í sokkið yfir (í Nesi) 20 sleðar úr Austurrétt [016], sem nóg var í eptir vetrar sand-austur. Settur beinn var í olnboga bak við húsatættur, sitt lag af hvoru steinum og sniddu (Mikið hey enn úti Grafanesi og Varmadalsbogum hirt síðast 28-29 sept). Klár 21 sm., hár og snildarlegur.* * Aldrei vissi eg hlið á Húsag. líklega húsa vegna og sandburðar streng; gegnum hlið. Eldiviður borinn á baki í pokum upp planku í taðstól, en skánar kláfur, pokar, settir á garðinn og bornir þaðan. dto hey þegar þar var. Eg hafði garðinn mun lægri (c 2 áln) rétt austast til hins sama. 1887 22 sept (fimmtud. í 23

v.s.) Tekin allur austur veggur fram að olnboga bak við hjallinn sett út landnorðurs horn, svo beinn yrði sokkið c 3/4 al., mokað upp mold mikil til að fá í garðinn upp og sett í sokkið allt að 50 skippund af sandi úr tröðum (austur), eða allt að 20 þúsund to: Reiddir 14 hestar grjóts, hlaðin sett lag af hvoru. Snildarlega. klár 22 okt. Torf og kekkir reiddir á þá. Klár 22 okt. (Sbr 221). 1888 19 sept (mikið hey úti) Tekin austurgarður, austan Hjall að olnboga (að nýju stykki) sokkinn líkt og hinir, og svo eins hlaðin. (Eg hlóð jafnan grjót og sniddu reiddir í hann 9. hestar grjót. 1891 júní-júlí Þegar vesturskemman var tekin upp (frá Baðstofunni að vestan) og sund eptir en færð yfir í útelldhúsið, það lengt og hækkað upp (úr niðurgöngum í það að sunnann), þá voru settar nýjr dyr vestan á móti, innst í skemmu (=Hrútakofa og Hrossastaðadyr) og hlaðið þar um kring húsa g. með kömpum. Þá var grafið í hæðina fyrir vestan Húsagarð - var það smiðjulopt forn mjög - til að fá dyrahæð þar inn (bls 19, úttekt 79, 84-85. 93). Jón Þórðarson b Árbæ var vel heilan dag að aka mold þaðan í jarðfallið næsta fyrir vestan, sunnan flötina, s.á. tyrft yfir innst (nú allt löngu tyrft. (1896 23. júní Hlaðið stykki vestan, norðan við Hrútnask. dyr, settar tröppur þar fyrst: stig, tátilla. 1895 25 sept Reitt grjót ofan á Húsag 54 hestar, þá sigin og Blásin, en mikið hey þar, 5 hey. 1901 30. ap. Sett fyrst hlið á norður Húsag til innteymslu (og fyrir vagna síðan allt mikið léttara. (opnað hlið fyrir sundin?). 1904 30 sept Settur vír fyrst á Húsag ca til 1920 - ekki síðan. 1911 11 ap. Hlaðinn Húsag. veggur frá að vestan. frá tröðum að Hrútaskemmu dyrum. stendur en vel. Tyrðar 29. með jarðfalli í 2. sinn (bls 55) stóð til 1937 þá upptekin. 1913 8. ap. Tekinn veggur milli bæjardyr og stóruskemmu (Búrveggur), settar stigatröppur - hljóp í gadd - Klár 28 s.m. fór vel (sjá 192. 1920 27. sept. Húsag. að vestan norður hluti á horn (sjá 1896) Sokkinn í sokkuband c 3/4 al hlaðin úr steinum og sniddi á víxl. (sama tíma og V. Kálg vestan) fór vel, stendur enn. 1920 11. des Húsag norður garður allur tekin, sokkin yfir fet og í hnélið, eptir 33 ár (fall 3/4 al). Eknir 9 vagnar af sandi í sokkið. 31. lagði eg fyrst hornstein og fl. í Landnorðurshorn, ogallt lagið sitt af hvoru. 12. febr. 1922 bygt neðsta lag sitt af hvoru, grjót og snidda, 15, annað þar. 16. 3. þar (laga) 18 feb 4 lög af grjoti 6 lög grjót. Kekkir móti sól í Húsag. urðu grænir í ap. Tyrður 2 maí (1921. Snildarlegur. 1921 22. nóv. Húsag. austurg. frá horni norðan, að olnboga bak við Hjallinn. Keyrðir 9 vagnar í sokkið 1/2 alin (fet). Reiddir 40 kekkir (ristur í sniddu) = 4 vagnar út hann blásinn. Hlaðinn 28 og 3 des klár, utan torf, tyrður 31 maí (mikil mold í hann og í austurgarðinn tekin úr V. rétt. (15 torfur ofan á) 5 lög af grjoti prýðilegur. 1923 19. marz á Góuprælinn Húsag. austan Hjall að olnboga (nýja stykki) senn enginn klaki. 23. upphlaðijj. útyrður 7. apríl. Snirtilegur 6 lög af hvoru. 1927 22. marz (1. Einmáðað) Tekinn allur veggur frá stórusk. að **Hættumat**: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÞH: Rannsóknarskýrslur Þjms 1, 7-8; SG: Smæsta smátt, 48-50 eftir handriti ÞH, 7-8.

RA-282:186 Kirkjustígur gata leið

63°49.293N 20°04.423V



Leið 186, horft til austurs

Í Smæsta smátt segir: "Hlaðið austanvert, vildi opt grafast niður í brekkunni niður að lind, allt upp undir st. skemmu og kkkjugarð. Olli helst skemdum í áfrefðum, þegar vatn í leysingum af Upptúni, náði að falla heim traðir og opt bar við. Var því stór hella, með stöpul undir, á kkkju stígnum, er stundum valt um af undirgrepti. Þetta var þó fyllt nokkuð upp við tækifæri. 1880-4 Setti J.G. fyrst gangstíg verulegan út að sáluhliði, í sömu gerð og enn er c 5-5 1/2 feta breiðan, með steinum að, og hellu næst stétt (bls 37). Enginn garður var fyrir framan hlaðið, til verndar Varpa eða brekkunni þar fyrir austan; þar efst var grjót. og helluhrúa. [...] 1919. vorið, Mokað allt hlað, lagaður kkkjugarðsvegur, frá bæjarstétt, um og innfyrir sáluhliði (16. ág. koma fylminga fólk (24) fóru 21. og 22. ág.), svo hefur opt verið gert og síðast 1926. 1931 9. maí setti blágrýtis tröppu að kkkju-stétt, fjós 11 ár. [...]1894. lagaði eg kkkju stétt, frá bæjardyrum að Sáluhliði, eptir að blómagarðsveggur var hlaðin sunnan við hana. Opt endurbætti eg hana, einkum fyrir meiriháttar brúðför 1939. 29. ap. Eg laga kkkju stétt fyrir utan sáluhlið, skipti um lökustu steina, færði hana upp og inn um 6-8 þuml mest, og dyttaði að með grasi. Er enn 2 álma breið Litlu síðar stykkið heim að stétt, fært inn að norðan og vestan (jaskað af umferð) sett beint og dyttað að með grasi." Kirkjustígurinn

sést enn og liggur heim að bæ 001.

Kirkjustígur liggur eftir sléttri grasflöt og inn í kirkjugarðinn sem einnig er grasivaxin.

Kirkjustígur liggur frá kirkjugarðinum til vesturs í átt til bæjardyranna. Á um 7 m kafla frá kirkjugarðinum sést glitta í nokkra steina, en þeir eru sokknir. Blómagarðurinn er fast sunnan við stígin og eru steinarnir greinilegastir þar. Stígurinn er 0,4 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: SG:Smæsta smátt, 61-62, 237 eftir handriti ÞH, 9.

RA-282:187 tóft fjárskýli



Tóft 187, horft til suðurs

63°49.368N 20°02.303V



Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939-39 segir: "Fyrir austan Innra-láglendi er Hestasteinn, stór klettur,

sem hestar munu hafa hamað undir í óveðrum. Nú er fjárborg reist upp við klettinn." Tóft fjárborgarinnar er um 1,7 km austan við bæ 001, 30-50 m NNV við Rangá.

Tóftin er á grónu hraunholti fast sunnan við Hestastein sem er stórt grettistak.

Tóftin er einföld um 4x6 m stór og snýr austur-vestur. Dyr eru á henni á miðjum norðurvegg. Tóftin er grjóthlaðin og standa hleðslurnar hestar um 1 m. Hella er yfir dyrunum svo líklegt er að þak hafi einhvern tíma verið á tóftinni og hún verið gott skjól fyrir fé.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 122

RA-282:188 Plankalind lind vatnsból

63°49.267N 20°04.376V

Í Smæsta smátt segir: "Hin þriðja uppspretta er austust [Ástulind og Rjómalind 013], fyrir austan balann fagra. Allar koma þær undan kirkjugarði." Plankalind er um 70 m suðaustan við bæ 001 og um 60 m sunnan við Kirkjustíg 186.

Slétt, grasivaxið svæði sunnan við kirkjugarð. Svæðið er gróið og aflíðandi í átt að læknum.

Lindin rennur eftir um 3 m löngum farvegi út í Keldnalæk. Lindin rennur til suðvesturs og er 0,4 m á breidd. Hún er djúp, eða 1,5 m þar sem hún kemur upp. Plankalind er náttúruleg lind og heiti hennar dregið af Framtúnsplankanum 189.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 63 eftir handriti ÞH, 11.

RA-282:189 Framtúnsplankinn hleðsla brú

63°49.269N 20°04.384V



Hleðsla 189, horft til VSV

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Versti þröskuldurinn á leið okkar [í lambhúsin 037] var borðið á læknum, sem þá var stærri en nú, stór og straumharður. Borðið var eitt, langt og nokkuð klökkt, en líklega við 10 þuml. (26 rm.) á breidd. Þegar stormur var eða hálka, urðum við að skríða borðið á hnjánum og ýta meisnum á undan okkur." Í Smæsta smátt segir: "NB 1893 var planka árið. Á Keldnak.fjöru rak þá fulla 30 plankar. Til Keldnahlut Þ.J. kom 3/4 eða 22 plankar (31 ap. reknir 31 planki). Stóri plankinn (á læk til 1926) 8 áln. 14 þuml. breiður 3 þ.þykkur vóg heim kominn c 18 1/2 fjórðung, annar eins 6? áln. vóg c 17 fjórðunga = c 350 to". Brúin hefur verið um 60 m suðaustan við bæ 001 og 7,5 m suðvestan við lind 188. Beggja vegna lækjarins eru slétt og gróin svæði. Að sunnan

er brattur bakki niður að læknum en að norðan er hún aflíðandi.

Beggja vegna lækjarins eru grasivaxnar brekkur. Þær eru vaxnar háu grasi.

Brúin er nú horfin. Enn má þó sjá um 2 m langar hleðslur sem ganga út í lækinn að sunnan og norðan. Þær eru um 1,5 m háar. Plankinn hefur legið á milli þeirra. Í hleðslunum sjást fjögur umför af grjóti og líklegt að torf hafi einnig verið notað. Á milli hleðslanna eru um 2 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 61 eftir handriti ÞH, 11-12; VG: Keldur á Rangárvöllum, 172.

RA-282:190 heimild um varnargarð

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "Garður fyrir ofan Stórahólma. 1908 5. júní Hlaðinn garður (af flestu bæjarfólki) fyrir ofan Stórahólma, 30 faðma (að brattri brún) á lengd, einhlaðinn, með vírstrent á steinum, settur uppi á Austurheiðarbrún (löngu blásin), milli lækjabotna, til varnar gripum og einkum til varnar Hólmanum, sem nærri var af." Enginn garður, né leifar af hleðslum voru greinanlegar á vettvangi á Austurheiðarbrún, ofan (austan) við túnin á Stórahólma.

Brúnir Austurheiðar eru grónar sem og túnin vestan við hana. Að sunnan og vestan er ber sandur og að norðaustan er hraun.

Ekki var unnt að ákvarða nákvæma staðsetningu varnargarðsins sem heimilisfólkið á Keldum hlóð í byrjun 20. aldar, samkvæmt Skúla Guðmundssyni.

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 111 eftir handriti ÞH, 74.

RA-282:191 heimild um varnargarð

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "1885. 14. okt. Hlaðinn einfaldur garður í Sauðaskarð, norðarlega úr aðbornu grjóti c 11 f. að lengd, hæð c 3 fet. Þar kom garðurinn síðar. Hrúgaðist sandur upp innan við hann, sem rótaðist heim á túnið í veðrum eptir áttum (var hliðlaus). Skarðið var gári, sem mjókkaði og grynntist upp á túnið, enda árlega borið rusl í það; var því gott og bukku laust fyrir rekstrafé. Þar var enginn garður... Í Götuskarði var einfaldur garður, sokkinn, fallinn, og um hliðið gjör fallinn, útflattur. 2 okt. s.á. endurbætti eg hann og lengdi austur um c 2 faðma þar sem bakkinn var blásinn burtu frá enda garðsins." Margir varnargarðar hafa verið hlaðnir umhverfis túnin á Keldum til að varna sandfoki á þau. Nokkrir slíkir garðar eru skráðir undir sérstökum númerum: 026, 039, 165, 183 og 190. Þeir garðar sem nefndir eru í tilvísuninni hér að ofan eru að líkindum hlaðnir til að varna sandfoki inn á Austurtúnið en þó er það ekki fullljóst. Varnar- og túngarður umhverfis það tún er skráður á númer 026 en þessir garðar sem hér eru nefndir eru hafðir saman á sérnúmeri þar sem ekki er vissa um að þeir hafi verið hluti af garði 026.

Staðsetning varnargarðanna er ekki kunn en þeir garðar sem sáust á vettvangi voru allir skráðir sérstaklega. Ef til vill eru þessir garðar því skráðir á önnur númer.

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 85 eftir handriti ÞH, 73.

RA-282:192 heimild um kartöflugarður

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "1899 var hlaðið austan við Haugsstaði kartöflugarð fyrst, úrgangi af Stóru Hlöðreimi. 6 faðma. 1910 15. júní Sett í 2. sinn fyrir ofan tún í 9 1/4 dis, 4 faðma. Vírgirt, hlaðið undir. spratt ekki, og hætt þar við; talsverður áburður." Ekki er vitað hvar kartöflugarðuin var nákvæmlega en þó má gera ráð fyrir að hann hafi verið nálægt bæ.

Engin ummerki kartöflugarðsins sáust á vettvangi.

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 48 eftir handriti ÞH, 69; Vigfús Guðmundsson: Keldur á Rangárvöllum,

RA-282:193 Stórigarður gerði kartöflugarður




Gerði 193, horft til suðurs

af honum 14. okt. - 1901 sett í 1/2 garðinn - 1902 sett í 3/4 garðsins, 1903 sett fyrst í hann allan = 25. maí. 11. des. Eg tímdi ekki að taka túnið undir garðinn: Kirkju - eða Hlaðbrekku, sem eru skínandi fagrar. Þessi garður hefur reynst einna best, aldri brugðist, óþjár. - Þar voru pælar en þó falletur dalur sunnan í móti neðarlega." Kartöflugarðurinn er í gróinni hlíð sem veit mót suðri. Hann er 20-30 m vestan við Keldnalæk og um 260 m suðvestan

63°49.213N 20°04.694V

Í bók Vigfúsar Guðmundssonar, Keldur á Rangárvöllum, segir: "En 1900 gerði hann [Skúli Guðmundsson] nýjan stóran garð sunnan við Króktún, í brekku þar mót suðri. Gafst vel fyrir kartöflur og notaður síðan". Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir ennfremur: "1900 25 maí Formaður Stóri garður vestan, fyrir framan Króktún Hlaðin, við Krókt. garð úr hnaus og 16. júní reitt grjót á hann ofan 160 hesta.

Pælt upp talsvert



Gerði 193

við bæ 001.

Garðurinn er í gróinni brekku vestan Keldnalækjar.

Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann er um 20x16 m stór og snýr austur-vestur. Hleðslur hans eru signar og breiðar, hæstar um 1 m og um 2 m breiðar. Garðurinn er opinn til suðurs, neðst í brekkunni. Norðurhlið hans, efst, er nokkuð rofin og kúagata sker austurhlið hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 193; SG: Smæsta smátt, 48 eftir handriti ÞH, 69.

RA-282:194 heimild um smiðju

63°49.303N 20°04.463V

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "Smiðja önnur hefur verið, yngri, fyrir vestan núverandi bæjarrönd. Hún hefur verið utan húsagarðs [185] - eins og enn er - og vestust húsa þar fyrr og síðar. Hún mun vera gömul en þó stórum yngri en hin [117]; all miklar tóptarleifar. Nánari lýsing hennar: úttekt 84." Ekki er vitað nákvæmlega hvar smiðjan stóð vestan bæinn 001 en líklega hefur hún verið um 30 m vestar. Engar leifar um hana sjást á yfirborði. Um 20 m til suðurs er grasivaxið tún.

Á svæðinu þar sem smiðjan stóð er nú slétt malarplan, fast vestan við timburhúsið.

Engin ummerki smiðjunnar sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 19 eftir handriti ÞH, 16.

RA-282:195 heimild um kvíar

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Áður en farið var að mjólka ær í færíkvíum, voru byggðar til þess sérstakar kvíaréttir. Eru þær auðþekktar á því að þær eru langar, en varla yfir 6-7 fet á breidd, svo mjólka mætti í 2 röðum. Hafa blásið upp og sést leifar slíkra á 4 stöðum við Keldnatún:... í Stórahólma." Stórahólmi er fyrir sunnan Austurbotna og vestan hraunjaðar Þrívörðuheiðar. Ekki sást til tófta á þessu svæði við vettvangsathugun. Svæðið er grasivaxið en úfin hraunbrún er þar til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 190-191

RA-282:196 hleðsla rétt

63°49.588N 20°05.736V



Hleðsla 196, horft til norðvesturs

Í handriti Skúla Guðmundssonar frá Keldum, Smæsta smátt, segir: "Byrgi Lambabyrgi voru nokkur norður af Kirkjuhól, undir klettum í hraunbrúninni austan ldur (líkl. 1. í Gildruhálshrauni, undir kletti, austarlega), þau hlaðin á ný eða notuð upp af sandi, brúkuð fyrir fráfarulömb að nóttu áður en rekin voru til fjalls, setið yfir þeim, heftum, í Kirkjuhólsmesi frá Keldum og Stokkalæk í sameiningu. Þetta lengi gert og fram á mitt minni." Svæðið við Kirkjuhól er um 1,2 km norðvestan við bæ 001.

Mikil og þétt lúpínubreiða vex á hraunbrúninni norðan Kirkjuhóls og birkitré og aspir vaxa við rætur hans við upptök Stokkalækjar.

Leifar, sem líklega eru af þeim byrgjum sem Skúli nefnir, fundust á tveimur stöðum við vettvangsskoðun. Staðirnir eru á svæði sem er um 75x30 m stórt og snýr norðvestur-

suðaustur, norðaustan við Kirkjuhól. Gengið var frá Kirkjuhól suður að Gildruhól 122 og Jarðborg 124 og þaðan til austurs að vegi og tilbaka til suðurs og norður að Kirkjuhól til að leita af fleiri hugsanlegum stöðum, en án árangurs. Í lúpínubreiðunni í hrauninu, austan Kirkjuhóls, er talsvert af hraungrýti upp við stóran, jarðfastan stein. Hraungrýtið er um 1,2 km norðvestan við bæ 001. Ekki er hægt að greina byggingarlag á hraungrýtinu fyrir gróðri en það hefur að öllum líkindum verið borið þangað. Um 60 m NNV við þar sem hraungrjótið stendur upp úr lúpínubreiðunni er lítil hleðsla upp við stein á berum mel. Hún er um 10 m vestan við veg milli Keldna og Reyðarvatns. Hleðslan er sunnan við steininn. Hún er einföld, snýr norður-suður, um 0,6 m löng og um 0,7 m há, alls þrjú umföer grjóts. Sunnan við steininn og hleðsluna er grjótdreif sem hugsanlega hefur hrunið úr hleðslunni.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: SG: Smæsta smátt, 40 eftir handriti ÞH, 65.

RA-282:197 garðlag

63°18.924N 20°03.918V

Garðlag liggur nálægt mörkum Austurheiðar og Þrívörðuheiðar, tæpum 50 m norðan við girðingu sem liggur upp á milli heiðanna.

Garðlagið liggur niður gróna hraunbrún sem hallar til vesturs. Fyrir norðan garðlagið er grasivaxinn hvammur eða vik í hraunbrúnina.

Garðlagið snýr austur-vestur og liggur niður grasivaxna brekku neðan við hraunbrún (Þrívörðuheidi). Það er um 50 m langt, 0,5 m á breidd og og 0,4 m á hæð. Garðlagið liggur í sveig. Að austan endar það í náttúrulegum kletti. Ekki sjást umför í garðlaginu, það er alveg gróið. Ekki er hægt að geta sér til um hlutverk garðlagsins. Í skýrslu Landgræðslu ríkisins 2008 um grjótgærða í landgræðslu er kort af Keldum þar sem Skúli Guðmundsson hefur merkt inn á garðlög nærri bæ og tímasett þau. Það garðlag sem hér er skráð er tímasett til ársins 1905.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landgræðsla ríkisins 2008, 21



Garðlag 197, horft til vesturs

RA-282:198 heimild um áveitu

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Vatnsveita úr Sandgilju. Sandgilja er áður nefnd, uppsprettulind í Vatnafjöllum, og hefir runnið alla leið fram í Austurbotna Keldnalækjar. Hún hefir verið eina vatnsbólíð í Sandgili [080] og ef til vill í Melakoti [038] líka, þó að bæði væri langur og erfiður vatnsvegur. ... Niður undan túninu [Í Melakoti] þar hefir verið gerð fyrirhleðsla mikil til vatnsveitu." Svæðið fyrir neðan Melakot var skoðað sem og farvegur Sandgilju. Ekki sást til fyrirhleðslu á þessum stað en tvær tóftir fundust hins vegar sjá 066 og 070. Minjarnar hafa líklega horfið vegna uppblásturs. Svæðið er uppblásið, þar er hraun og lítið um gróður. Farvegur Sandgilju er grýttur og sker sig úr umhverfinu þar sem grjótið þar er öðruvísi en í hrauninu.

Vigfús Guðmundsson segir í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum: "Byrjar fyrirhleðslan á 24 föðmum í sjálfum farveginum, hverfur svo á 7 föðmum í sjálfum farveginum, og kemur svo aftur í ljós með grjóthleðsluleifum á litlum kafla. Hverfur aftur á 30 föðmum en svo kemur í sömu beinu stefnu til vesturs 60 faðma löng fyrirhleðsla, þykk með fláa, úr stórum steinum að utanverðu, er enn sjást á bletti óhreyfðir í 2-4 lögum. Hleðslan öll (hátt á 2. hundrað faðmar) hefir verið á líkri hæð, en farið þó lækkandi vestast, og virðist þar vatna spottakorn að hól, til þess að mjótt lín, sem hlaut að safnast við garðinn, næði framráðs norðan við hólinn."

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs


Heimildir: VG: Árbók 1951-1952, 109-110

RA-283 Tunga

Hjáleiga Keldna, árið 1711 segir að byggð hafi staðið lengur en í 100 ár. JÁM I, 240. "Tunga var hjáleiga frá Keldum, fjórðungur þeirrar jarðar að dýrleika. Bærinn stóð í tungu þeirri er Eystri-Rangá og Stokkalækur mynda, á bakka Eystri-Rangá skammt fyrir ofan Tungufoss. Tungu er fyrst getið í manntalinu 1703 ..." VS: Rangvellingabók, 447. "Tunga var syðsti bærinn í Keldnalandi. Hún var hjáleiga frá Keldum og byggð fyrst 1611, en lögð úr byggð 1876, vegna sandgangs heimajarðarinnar; annars er land það, er Tunga hafði, óblásið." HS: Árbók 1937-1939, 135.

1840: "Útigangur góður, en heyskapur lítill, gengur ei mikið af sér." SSR, 155. "Tungutúnið er afgirt, sléttað fyrir nokkrum árum, og er slegið í ærhúsin þar." HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:001 Tunga bæjarhóll bústaður



63°48.069N 20°06.217V

"Bærinn stóð litlu ofar en á miðri tungunni, alveg við Rangá, og var hún vatnsbólið, en brekka nokkuð há og erfið að ánni. Að síðustu var kálgarður framan við bæinn á árbakkanum, sem áin hefir nú að mestu eytt smátt og smátt, með svarfi sínu neðst úr brekkunni. [...] Tættur bæjarrústanna (sem mig minnir að væru skemma og bæjardyr með litlum þiljum og baðstofa með glugga á torfgaflhlaði til suðuráttar, búr og eldhús innar og heygarður að baki en fjós og hesthús vestan við) eru nú allar umturnaðar, því að í staðinn hafa þar og rétt hjá verið byggð ærhús og hlaða," segir í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1953. Bæjarhóll Tungu er fast við Rangá eystri, frammi á árbakkanum, á miðri tungunni, syðst. Hann er um 2,7 km suðvestan við gamla Keldnabæinn 282:001. Samkvæmt grein Helgu Skúladóttur í Árbók 1937-1939 var Tunga var lögð í eyði árið 1876 og lögð

undir Keldur vegna sandgangs.

Túnið umhverfis bæjarhólinn er mjög grasgefið og tiltölulega slétt. Hólar og hæðir eru til allra átta utan túns nema til suðurs þar sem áin rennur. Af bæjarhólnum sér nokkuð vítt, þó ekki heim að Keldum.

Á bæjarhólnum má sjá óljósar leifar síðasta torfbæjarins sem er nú vart meira en óljós hólfi eða dældir í yfirborðið (sjá B-I). Að auki hafa fjárhús með hlöðu verið byggð í bæjarhólinn eftir að bærinn fór úr notkun og hefur eitthvað af gamla bænum þannig verið endurnýtt. Rústirnar ná yfir svæði sem er 32 x 32 m stórt. Hér hefst lýsingin á fjárhúsunum en þar á eftir er hverju hólfi lýst. Fjárhús og hvert hólfi fær hér bókstaf til aðgreiningar. Bæjarhólinn sjálfur er um 24 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er um 3 m á hæð og er líklega að mestu leyti manngerður.

Fjárhús og hlaða, A, eru á norðurhlið bæjarhólsins. Þau eru samtals 9 x 6,5 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Hlaðan er grafin inn í bæjarhólinn og er innangengt í hana úr fjárhúsum. Hún er um 4 x 2 m að innanmáli, grjóthlaðin og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 1,8 m. Fjárhúsin standa að hluta út úr bæjarhólnum og eru að utanmáli 7 x 7 m. Einn garði er í miðjum fjárhúsum og skiptir þeim í tvær krær. Garðinn er um 1 m á breidd og 4 m á lengd, snýr norðvestur-suðaustur. Dyraop er á fjárhúsunum framan við



Bæjarhóll Tungu 001, horft til suðurs

garðann til norðnorðvesturs. Fjórhusveggir eru grjóthlaðnir og er hraungrýti í hleðslum en flatar blágrýtishellur hafa verið í þökum auk bárujárns. Óljóst er hvort torf hafi einnig verið notað í vegg. Hólf B er skammt sunnan við A. Það er um 3 x 3 m að innanmáli. Hólfid er nokkuð óljóst en þó eru veggir skýrir til suðausturs og suðvesturs. Suðaustan við hólf B er lítið hólf C inn í hólbrekkuna sem hallar til suðurs. Það er um 2,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Þröng göng liggja úr suðri í hólf E, F og G. Hólf F er syðst og snýr austur-vestur. Það er um 3 x 1,5 m að innanmáli, opið er úr því til vesturs. Hólf E er samsíða hólf F, er 1 x 3 m að innanmáli og op er úr því til suðurs, við vesturendann. Hólf G er vestan við E og F, snýr norður-suður. Það er um 4 x 2 m að innanmáli og mjótt op er úr því í suðausturhorni. Hólf H er áþekkt hólf B, það er óljóst en greina má vegg til suðurs og suðausturs. Það er um 4 x 4 m að innanmáli. Neðan við hólf H til norðurs er flatur stallur J og þaðan er stutt niður á tún. Hólf I er ofarlega í hólbrekkunni vestanverðri, er um 2 x 1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Grjóthleðslur sjást í austurgafli. Suðurveggur þessa hólfis er ekki sýnilegur og er líklega grafinn inn í hólina að einhverju leyti. Vestan við bæjarhólinn er gerði eða kálgarður K sem er skráð með honum. Það er um 24 x 11 m að utanmáli en bæjarhólinn er nýttur sem austurveggur að mestu leyti. Mesta hleðsluhæð í gerðinu er um 0,3 m og veggir eru um 1,5-2 m á breidd. Suðvestan við bæjarhólinn eru leifar af garðlagi á árbakkanum D. Það liggur um 7 m til norðvesturs og beygir við suðvesturhorn bæjarhóls til suðurs og liggur 3 m í þá átt. Í horninu þar og að ánni er um 1,5 m djúpt niður á flatan blett sem er um 2 x 2 m. Annað af garðinum hefur horfið vegna rofs. Óljóst framhald er á garðinum til austsuðausturs en þar er hann líkastur kanti. Mesta hleðsluhæð utanmáls á garðlaginu er um 0,5 m. Miðað við lýsingu Vigfúsar Guðmundssonar er líklegt að hólf C hafi verið skemma, hólf F búr, hólf E eldhús og hólf G baðstofa. Hólf B og eða H gætu verið heygardar en óvíst er með hesthús og fjós, hvar þau hafa verið. Garðlag D eru leifar af kálgarði sem Vigfús minnst á. Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Tunguborg, hlaðin 1890 í bæjarrústum eða heygardi Tungu, í stað kofa þar. Rifin 1932.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: VG: Árbók 1953, 63-64; HS: Árbók 1937-1939, 135; VG: Keldur á Rangárvöllum, 176

RA-283:002 tóft fjárskýli

63°48.056N 20°06.309V



Tóft 002, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Fjórhringur gamall er fyrir vestan bæinn; var hann innangarðs, er túngarðurinn [003] var hlaðinn 1836-39 af Höskuldi Einarssyni, bónda þar." Um 70 m vestan við bæjarhól 001 er hringlaga hól með greinilegri laut í og líklegt að það sé fjórhringurinn sem Helga Sigurðardóttir talar um. Ólíklegt er að fjórhringurinn hafi verið hlaðinn eftir að byggð hófst í Tungu ef bærinn þar hefur alltaf verið á sama stað, en ekki eru heimildir um annað. Í


grein Helgu kemur fram á sama stað að Tunga hafi verið byggð sem hjáleiga Keldna árið 1611. Ef fjórhringurinn hefur upphaflega verið frá Keldum eru miklar líkur á því að hann sé mjög gamall en hann er um 2,8 km suðvestur af bænum á Keldum 282:001.

Fjórhringurinn er í sléttu túni.

Innanmál lautarinnar er um 15 x 10 m og snýr hún norður-suður. Ekki eru augljós mannaverk á hólum en þó kunna að hafa verið hlaðnar upp brúnir á honum til að mynda hringinn. Hæstar eru brúnirnar til austurs og vesturs en lægstar til suðurs. Þar hefur mögulega verið inngangur í hringinn. Hóllinn stendur nærri árbakka Eystri-Rangár í vesturjaðri túnsins. Hæstar eru brúnir lautarinnar um 0,6 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135



RA-283:003 garðlag túngarður

63°48.114N 20°06.355V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939-1939 segir: "Fjórhringur gamall [002] er fyrir vestan bæinn [001]; var hann innangarðs, er túngarðurinn var hlaðinn 1836-39 af Höskuldi Einarssyni, bónda þar." Vigfús Guðmundsson segir um sama garð í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1953: "Girt var túnið með torfgarði á 19. öld." Garðurinn sést enn og liggur í boga í kringum bæjarhólinn


001. Hann sést fyrst norðan við bíslóða, um 70 m norðaustan við bæjarhólinn. Garðurinn liggur um tiltölulega sléttlent og grösugt svæði.




Tóft 003A við garðlag, horft til norðurs



Garðlag 003, horft til vesturs



Tóft 003A og búst 003B



Gróf 003C

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 375 x 140 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Hvergi sést í grjóti í túngarðinum sem er algróinn. Garðurinn er víða 1,2-2 m á breidd og er um 0,7 m á hæð utanmáls en víðast er hann lægri innanmáls. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum þar sem götur liggja í gegnum hann eftir skepnur og menn. Á einum stað liggur bíslóði yfir garðinn. Frá bæjarhólum liggur garðurinn til norðvesturs að tvískiptri tóft A sem er um 120 m norðvestan við bæjarhól 001 og er hér skráð með

garðinum þar sem hún er sambyggð honum. Frá tóftinni verður garðurinn greinilegri og liggur um sléttara svæði. Tóftin er 7 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Svo virðist sem op sé úr syðra hólfinu í suðvesturhorni en ekki er ljóst hvar gengið hefur verið inn í nyrðra hólfið. Syðra hólfið er 1 x 1 m að innanmáli og nyrðra hólfið er 2 x 1 m, snýr austur-vestur. Um 2 m norðvestan við tóftina er hringlaga þúst B sem er um 3 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Líklegt er að þar leynist mannvistarleifar. Um 115 m suðvestur af tóftinni er regluleg gróf innan túngarðs sem liggur í boga frá suðaustri til norðurs og endar aftur við garðinn og fær bókstafinn C. Breiðast er svæðið um 10 m suðvestast og um 40 m langt, snýr norður-suður. Grófin er um 0,1-0,3 m á breidd og við suðurendann má sjá móta fyrir garðlagi. Líklegast er að e.k. aðhald eða rétt hafi verið á þessum stað. Girðingarstaurar eru við norðvesturendann á þessu mannvirki. Frá grófinni til suðausturs er þvergarður sem skiptir túninu í tvennt. Garðurinn liggur niður að árbakka og er um 90 m langur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135; VG: Árbók 1953, 54

RA-283:004 Tunguból hellir fjárhús

63°47.926N 20°06.771V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Tungubólshvammur er milli Fossa og Tungubóls, sem er klappað út í móbergsöldu, og var notað fyrir fjárhús áður en jötuhausin komu." Tunguból er um 130 m suðaustan við fjósflöt 006 og tæpum 200 m sunnan við áveitu 007. Fast til vesturs er snarbrött brekka, um 20 m há, niður að Eystri-Rangá.

Tunguból er efst í snarbratti og grasivaxinn móbergsöldu. Ekki sést mikið í móbergið nema rétt í kringum bólið. Um Tunguból segir í grein Helgu Skúladóttur: "Það er hlaðið fyrir framan það, og það tók um 120 fjár." Opið á Tungubóli er ekki áberandi og fyrirhleðslan felur það að mestu. Það er 6 m langt og tæpir 2 m á hæð. Munninn snýr til vesturs. Hellirinn er um 12 m langur og snýr austur-vestur. Hann er eins og hálfhringur í laginu og lofthæðin fer lækkandi. Innst í hellinum er hún um 0,5 m. Segja má að lofthæðin lækki í stöllum. Í miðjum hellinum eru steinar sem mögulega gætu hafa verið jata en hún er þá hrunin nú. Út frá þeim steinum virðist hafa verið hleðsla til suðurs. Hún er þó mjög óskýr. Ekki sjást ummerki um garða inni í hellinum. Ekki voru greinileg merki um mannvist í hellinum eða för eftir áhöld í veggjum en það gæti líka verið um að kenna lélegu skyggni þar inni. Fyrirhleðslan fyrir framan hellinn er grasivaxin og alveg gróin. Ekki sáust merki um grjót í henni. Hún er sitt hvoru megin við hellismunnann og op í henni miðri. Tunguból er greinilega enn notað af kindum sem mögulega gæti haft áhrif á lofthæðina þar sem ekki hefur verið stungið út úr því lengi. Fyrirhleðslan er um 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:005 heimild um stekk

63°47.889N 20°06.743V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Syðst undir móbergshömrur fyrir sunnan Tunguból, var síðasti stekkur frá Tungu. Nú er bergið hrúnið þar og yfir gróið, sjest nálega ekki." Á milli Tungufoss og Tungubóls er hvammur. Hann er um 40 m langur, 15 m breiður, sléttur, grasivaxinn og lækur rennur eftir honum. Til austurs, norðurs og suðurs er snarbrött brekka en Eystri-Rangá rennur til vesturs. Það er erfitt að komast að svæðinu þar sem snarbratt er allt umhverfis en stekkurinn var líklega á þessum stað. Stekkurinn var um 550 m SSV við bæ 001 og tæpa 80 m sunnan við Tunguból 004. Engin ummerki um stekk sáust þegar horft var yfir svæðið frá Tungubóli og gengið var þar niður.

Grasivaxin brekka með litlum lækjarsprænum og gili. Brekkurnar eru vestari endi á mikilli móbergsöldu.

Engin ummerki um stekk sáust á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:006 *Fjósaflötin* örnefni fjós

63°47.974N 20°06.892V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Dalurinn fyrir norðan veginn, milli hrauns og öldu, norðan í móti, heitir Gapi. Fyrir framan hann er Fjósaflötin. Hún liggur á móbergsöldu, sljettlend að ofan, en með háum bakkabrotum, einkum að sunnan frá ánni." Af lýsingu í örnefnaskrá má leiða líkum að því að Fjósaflötin hafi verið norðan við Eystri-Rangá, á milli árbakkans og gróinnar hraunbrúnar sem bærinn stendur á. Þetta er tæpum 700 m austan við vað 008 og tæpum 600 m vestan við bæ 001.

Fjósaflötin er slétt, grasivaxið og stórt svæði. Þar eru náttúrulegir og lágir hólar á stöku stað.

Engar tóftir var að sjá á svæðinu sem er um 300 m breitt og 100 m langt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:007 renna áveita

63°48.005N 20°06.905V



Renna 007, horft til norðurs

Í grein Helgu Skúladóttur sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1937-1939 segir: "Á flötinni [006] sjer til mikilla áveituskurða frá fyrri tíð, - framhald þeirra úr heiðinni." Hnit var tekið tæpa 750 m vestan við Tunguvað 008 3,08 km suðvestan við Keldur 282:001. Fjósaflötin er slétt en á nokkrum stöðum mótar fyrir rennum eða gömlum lækjarfarvegum. Til suðvesturs eru 20-30 m háir móbergshamrar niður í Eystri-Rangá en til austurs er 10 m há hraunbrún sem markar Tunguheiði.

Svæðið er slétt, með lágum, náttúrulegum hólum á stöku stað.

Á svæði sem er um 140 x 40 m stórt og snýr austur-vestur eru skráðar tvær rennur. Báðar voru þær um 0,4 m á dýpt og mest um þriggja metra breiðar. Renna A er um 65 m löng og liggur til vesturs. Renna B er norðvestan við rennu A og er um 25 m löng. Á svæðinu eru einnig tveir farvegir, allt að 120 m langir og allt að þriggja metra breiðir. Þeir liggja eftir endilagri heiðinni og sjást eflaust á loftmynd. Þeir eru að öllum líkindum náttúrulegir, líklega gamlir árfarvegir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:008 *Tunguvað* heimild um vað

63°47.865N 20°07.693V

Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937-1939 segir: "Skammt fyrir ofan Fiskármynni er Tunguvað, alldjúpt, en lyngt." Vaðið er um 1,3 km VSV við bæ 001 og tæpa 700 m VSV við Fjósafliót 006. Ekki sést nein gata að vaðinu eða á svæðinu í kring. Líklegt er að Tungugata 282:129 hafi legið yfir þetta vað. Rangá rennur til þarna til vesturs og er um 40 m breið. Ármótin eru þarna skammt fyrir neðan.

Engin ummerki vaðsins sáust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 135

RA-283:009 garðlag

63°48.097N 20°06.201V

Garðlag er innan túngarðs 003, um 50 m norðaustan við bæjarhólinn 001.

Garðurinn liggur yfir einn hól og svo heldur hann áfram á sléttum velli. Innan garðsins er mikil grasspretta en

minni utan hans að túngarði 003.


Garðlagið liggur úr suðaustri til suðvesturs. Suðausturendinn er um 35 m vestan við suðausturenda túngarðs 003. Við þann enda er dálítið rof í hólnum sem garðurinn liggur frá og sést þar í grjóti í garðinum. Garðurinn endar í túninu við hólarað sem tekur við í boga til vesturs. Garðlagið er um 85 m langt, það er 0,5-1 m á breidd og mesta hleðsluhæð er 0,5 m utanmáls. Hlutverk þessa garðlags er ekki ljóst en ef til vill er hann hluti af eldri túngarði eða vörslugarði innan túnsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-283:010 Tunguhús tóft fjárhús
63°48.084N 20°06.278V



Tóft 010, horft til suðvesturs



RA-283:011 tóft útihús



Tóft 011, horft til norðurs

RA-283:012 tóft kvíar

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Kvíar litlar hafa líka verið við túnin í Tungu og Króktúni." Kvíarnar sjást enn og eru um 30 m suðaustan við garðlag 011 og rúma 270 m suðvestan við bæ 001. Þær hafa verið innan heimatúnsins 003.

Kvíarnar eru í sléttum móa með náttúrulegum hólum og mosa.

Tóftin snýr austur-vestur og er 9 x 5 m stór. Hún er tvískipt og er í svolitlum halla til vesturs. Hólf I er 3 x 1,5 m



Garðlag 009, horft til suðvesturs

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum

segir: "[...] Tunguhús vestur á túninu, 1928, 10

álna langt með jötum í miðju og út við vegg, járnþak. Hlaðan stækkuð og sambyggð við húsið 1931." Tóftin er um 500 m austan við Tunguból 004 og rúmum 50 m N við bæ 001.

Tóftin er í grasivöxnu túni með náttúrulegum hólum og hæðum.

Tóftin er 12 x 6 m og gerð úr torfi, grjóti, bárujárni og timbri. Hún snýr austur-vestur og er byggð inn í náttúrulegan hól sem notaður er fyrir norðurvegg. Tóftin er tvískipt. Hólf I er vestar, er 9 x 6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlíð, veggirnir eru 1 m á hæð og það sjást fjögur umfór. Grjóthlaðinn garður liggur eftir endilöngu hólfinu og hlaðnar jötur við báða vegg. Líklega hefur verið innangengt í hólf II þó að það sé ekki skýrt. Þakhellur liggja ofan á veggjunum og inni í hólfi II. Bæði jata og garðar eru grasivaxin. Hólf II er austan við hólf I, er 6 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er niðurgrafið, grunnflöturinn er um 1 m lægri en í hólfi I. Veggirnir eru 1,8 m á hæð og sést í fjögur umfór. Ekki er greinilegur inngangur í hólfið. Töluverð hrun, aðallega eru þakhellur inni í hólfinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 177

63°47.988N 20°06.450V

Útihús er um 230 m suðvestan við Tunguhús 010 og um tæpa 250 m suðvestan við bæ 001.

Útihúsið er í sléttri heiði sem vaxin er mosategundum og grasi.

Tóftin er 4 x 3 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Hleðslurnar eru signar, um 0,3 m á hæð. Tóftin er á lágum hól. Hún er gróin og ekki sést móta fyrir hleðslum né grjóti. Tóftin er opin til suðurs og verið inngangur þar.

Hættumat: engin hætta


63°47.961N 20°06.450V

að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3 m háir og hvergi sést í grjót. Hólfið hefur líklega verið opið til suðurs en það er óskýrt. Hólf II er norðan við hólf I, er 9 x 2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki virðist vera innangengt á milli hólfa en dyr eru á vesturhlið. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og alveg grónir. Hvergi sést grjót.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VG: Keldur á Rangárvöllum, 191

RA-283:013 tóft útihús
63°48.046N 20°06.331V




Tóft 013, horft til norðurs

hefur líklega verið á miðri norðurhlið. Tóftin er í suðvesturhlið náttúrulegs hól.

Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi, gæti hafa verið geymsla, kartöflukofi, heystæði o.s.frv. Hún er niðurgráfin að hluta.

Hættumat: engin hætta



Tóft 012


Útihús

er um 80 m suðaustan við garðlag 011 og um 100 m norðaustan við bæ 001. Það hefur verið innan heimatúnsins í Tungu.

Tóftin er í sléttu, grasivöxnu túni með mosagróðri. Náttúrulegir hólar eru víða í túninu.

Tóftin er 3 x 3 m að stærð, einföld og veggirnir eru 0,4 m á hæð og mosavaxnir. Hvergi sjást skýrar hleðslur né grjót í þeim. Ekki sést móta fyrir skýrum inngangi en hann

Túnakort fyrir Reynifell




RA-284 Reynifell

20 hdr 1711, bænhús var á jörðinni. Keldukirkjueign. "Jörðin Reynifell finnst fyrst nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað í Fljótshlíð sem talinn er frá 1332 [DI II, 687-689.]. [Nefnd í máldaga Keldnakirkju frá 1371 DI III, 264-265] Um eigendur Reynifells finnst það fyrst að árið 1397 var það orðið eign Keldnakirkju, gefið henni af Salgerði (Svarthöfðadóttur)." "Jörðin á afrétt [RA-663 Laufaleitir] eins og aðrar jarðir í hreppnum og á hún skóg í Keldnakirkjuskógi." Rangvellingabók, 359. "Land Reynifells er að mestu gróið hraun og mólendi, ágætt til sauðfjárbeitar, en nokkur hluti landareignarinnar er þó bert hraun og blásið." SB V, 77

1711: "Högum spillir blásturssandur. Túninu grandar mól og gjót í stórviðrum." JÁM I, 231. SSR 1840: "Útígangur bregst sjaldan fyrir sauðfé á vetrum. Heyskapur alls enginn utantúns." VS: Rangvellingabók, 359. Jarðamat 1849: "Tún góð, engjar engar. Sauðhagar hinir bestu en fyrir kýr og hross mjög litlir sumar og vetur." VS: Rangvellingabók, 359. Úttektabók 1882: "Þessi hefur hvorki slægjur né stórgripahaga, en góða hagbeit fyrir sauðfé einkum á vetrum, sem þó eru talsvert blásnir og spilltir af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 359-360 1917: Tún 6,4 ha, þar af 3,5 ha slétt, garðar 982 m². 1940: "Tún: Greiðfært. Jarðvegur: Grunnur. Engjar: Reytingur á dreif um haga. Beitiland: Mjög víðlent, hraun, mólendi og fjallendi, ágætt til sauðfjárbeitar, sæmilegt fyrir kýr, en lakara fyrir hross. Jörðin nokkuð skemmd af uppblástri en hafin græðsla." VS: Rangvellingabók, 359-360

RA-284:001 Reynifell bæjarhöll bústaður



63°48.157N 19°59.489V
Bæjarhöllinn á Reynifelli er norðan undir hlíðum Reynifellsöldu í grónu, hæðottu túni. Búið var á Reynifelli til ársins 1981 og var nýtt íbúðarhús byggt á bæjarhólnum árið 1935. Það var rífið eftir að Reynifell fór í eyði. Ekki er vitað til annars en að bærinn hafi alltaf staðið á sama stað. Umhverfis bæjarhöllinn er heimatúnið. Til suðurs er Reynifellsaldan og til annarra átta utan túns er allgróið hraun. Bæjarhöllinn er um 48x17 m að stærð og snýr austur-vestur. Á bæjarhólnum öllum er mikil

bæjartóft sem skiptist í mörg hólf og mannvirki. Bæjarhóllinn er lágur og ekki er að sjá að minjarnar sem á honum eru séu ofar en næsta umhverfi þeirra. Að húsabaki, þar sem hlaðinn er hár garður, er hóllinn um 1,7 m hár. Bæjartóftin og mannvirki henni tengd eru á svæði sem er um 48x22 m að stærð og snýr eins og hóllinn. Hverju hólfu í tóftinni og mannvirki er hér gefinn tölustafur til aðgreiningar. Smiðja I var austast á bæjarhólnum, þar vestan við var hjallur II en hlutverk hólfu III þar vestan við er óljóst. Þar kann að hafa verið einvers konar skemma. Þá tekur við gryfja með steypuhröngli og mun síðasta íbúðarhúsið hafa staðið þar IV en það var timburhús, byggt árið 1935, eins og áður segir. Þar vestan við er hlaða V, steipt og hlaðin, þá hólf VI sem var hjallur. Sunnan við hjall VI er steipt súrheysgryfja VII. Austan við hjall V eru Austustu hesthús VIII, sem svo voru kölluð, þá fjós IX og hesthús X vestast. Norðan við fjósið er steipt haughús XI og áfast því til norðurs er hesthústóft XII. Garður XIII er að húsabaki frá gryfju IV að fjósi IX. Í austurbrún garðsins er dálítill dæld XIV og virðist þar hafa verið einhvers konar mannvirki. Hólf I, II og III eru samtengd en eru slitin frá bæjarhúsaröðinni eftir að íbúðarhúsið var rífið. Þessi hluti bæjarhúsanna er grjóthlaðinn, um 10x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf I er um 6x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á norðurgafli og hefur að líkindum verið tréþil þar sem og í hólfum II og III. Hólf II er um 5x1,5 m að innanmáli



Bæjarhóll Reynifells 001, horft til suðurs



Hesthús 001X, horft til suðurs

og snýr norður-suður. Víða sjást grjóthleðslur en fallið hefur inn í hólfu úr þaki og veggjum. Hólf III er um 6,5x1,5 m að stærð og snýr norður-suður, op er á því til norðurs. Þetta síðastnefnda hólf er mun ógreinilegra en fyrnefnd hólf. Á mynd af bænum í Sunnlenskum byggðum virðast norðurgافل og þak þessa hólfu vera úr bárujárni. leyfar af grunnu íbúðarhúss IV eru fast þar vestan við og er þar steypuhröngli í grunnu sem er um 6x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Frá efstu brún bæjarhóls hallar lítilla til norðurs að grunninum og er þar í hallanum smábýft og gróið yfir frekari byggingarleifar íbúðarhússins. Um 8 m sunnan við grunninn er dæld XIV sem er um 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hryggur er í miðri lægðinni, óljóst er hvaða mannvirki hefur verið þarna. Mesta dýpt dældar er um 0,3 m og mesta hæð hryggjar í henni miðri er um 0,3

m. Hlaða V er vestan við IV og er grunnur hennar að miklu leyti fullur af steypuhröngli. Hlaðan er um 10x4 m að innanmáli og hefur að líkindum verið steiptur grunnur í henni og veggir hlaðnir. Þá er hjallur VI, grjóthlaðinn, um 2x4 m að innanmáli. Hann snýr norður-suður og er ekki veggur í norðurgafli hólfu þar sem hefur verið tréþil. Þar fast sunnan við er steipt súrheysgryfja VII frá tíð Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns, og minnst hann þess að langt var niður á ösku sem kom upp við gerð gryfjunnar. Hún er um 2,5 m á kant innanmáls. Op virðist vera úr súrheysgryfjunni til austurs í hlöðu V. Ef haldið er áfram til vesturs er þar hesthús VIII sem er um 2x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Dyr inn í hólfu eru enn óhrundar á norður-langhlið. Þá er fjósið IX sem er 5x4 m að innanmáli, snýr norður-suður. Mikið af hrúni er í því og steypubrot norðan við það en enginn norðurveggur er á hólfinu. Fast norðan við fjósið er haughús XI, um 5x2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er niðurgafið og er vítt op á vesturenda þess og tvö lítil op ofarlega á suðurvegg. Flatt, steipt þak er á húsinu. Áfast því til norðurs er hesthústóft XII, grjóthlaðin, sem er um 2x3 m að innanmáli. Vestan við fjósið er hesthús X sem er um 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tvennar dyr eru á því til norðurs og eru þær vestari enn uppistandandi. Að húsabaki er garður XIII en innri brún hans (nyrðri) sést lítið nema í vesturenda. Hann er að mestu gróinn en þó sést í grjóti á stöku stað. Hann er hæstur um 1,7 m eins og áður sagði en hæstu hleðslur í húsum eru um 2 m innanmáls, 10 umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; SB, 77

RA-284:002 heimild um bænhus

63°48.175N 19°59.455V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir: "Heyrt segjast menn hafa að til forna hafi hjer bænhus (hálfkirkja) verið, og líka sjást þar merki til af girðing í kringum hússtæðið, en engi veit nær bænhusið er af fallið". Ekki er vitað hvar bænhusið hefur staðið en líkur eru til þess að það hafi verið eigi alllangt frá bæ og var það staðsett á bæjarhól þar sem nú er dálítill flöt, 15 m norðaustan við austustu hús á bæjarhólnum 001.

Bænhusið hefur að líkindum staðið nærri bæ í hæðóttu túni.

Engar leifar bænhusins sjást nú.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: JÁM I, 230

RA-284:003 tóft hesthus

63°48.215N 19°59.622V



Tóft 003, horft til suðvesturs



Tóft 003

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m norðvestan við bæ 001. Tóft er enn vel greinileg.

Tóftin er í grónu hæðóttu túni, fast suðvestan við bíslóða heim við bæ, um 10 m sunnan við túngarð 032.


Tóftin er einföld, grjóthlaðin og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er hlaðin norðaustan í hólrana og sést í hleðslur að innanverðu. Hún er um 5x3 m að stærð og mesta hleðsluhæð er um 1,6 m. Tóftin er opin til norðausturs. Timbur og torf hefur hrunið inn í hana úr þaki. Alls sjást 8 umför af hleðslu. Tóftin var fyrrum hesthus sem síðar var breytt í geymslu fyrir Ferguson dráttarvél og þá voru dyrnar breikkaðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:004 tóft útihús

63°48.151N 19°59.628V



Tóft 004



Tóft 004, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m vestan við bæ 001. Þar sést enn tóft.

Tóftin er á allháum hól í hæðóttu túni, skammt norðan við brekkurætur Reynifellsöldu.

Tóftin er einföld og grjóthlaðin, snýr austur-vestur og er op er á henni til vesturs. Tóftin er um 3x4 m að stærð og mesta hleðsluhæð er um 0,9 m. Inni í tóftinni er hrun úr þaki; torf, viðarleifar og grjót. Einnig er í tóftinni þykk járnplata, mögulega af eldaveil. Ekki er vitað um hlutverk tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:005 hús útihús

63°48.209N 19°59.548V



Hús 005, horft til suðurs



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m norðan við bæ 001. Þar er enn grjóthlaðið hús undir þaki.

Í grónu hæðóttu túni um 40 m sunnan við túngarð 032.


Húsið er hlaðið norðan í dálítinn hólrana sem snýr austur-vestur. Það er eitt hólf og dyr eru á því til norðurs. Það er um 3x4 m að stærð og snýr norður-suður. Húsið er um 2,2 m á hæð og eru veggir að utanverðu um 1,2 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Innst í húsinu er set, um 0,5 m á hæð og um 0,3 m á breidd. Suðurgafli er hlaðinn upp í mæni og eru þar 10 umföer af hleðslu sýnileg. Dyrnar eru um 1,2 m á hæð og eru um 0,5 m á breidd. Innanmálið er um 2x2 m. Ekki er vitað hvert hlutverk hússins var.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:006 tóft útihús

63°48.189N 19°59.337V



Tóft 006, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m norðaustan við bæ 001. Þar er nú sýnileg tóft.

Tóftin er í grónu, hæðóttu túni.

Tóftin er einföld, grjóthlaðin og snýr austur-vestur. Hún er um 4x5 m að stærð og op er á henni til vesturs.

Mesta hleðsluhæð í tóftinni er um 1,5 m og sjást mest 7 umföer af hleðslu í innanverðri tóftinni. Þakið hefur hrunið inn í tóftina og hálfyllir hana. Ekki er lengur vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:007 tóft lambhús

63°48.162N 19°59.334V



Tóft 007, horft til suðvesturs



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m austan við bæ 001. Samkvæmt Ásgeiri Tómassyni, heimildamanni, var lambhús þarna og sést tóft þess enn.

Tóftin er í grónu, hæðóttu túni.

Tóftin er

grjóthlaðin, tvískipt og allgróin. Hún er um 7x13 m að stærð og


mesta hleðsluhæð er um 1,1 m. Hún snýr norðaustur-suðvestur. 9 umför eru sýnileg í innanverðum veggjum. Norðaustara hólfíð A er um 6x5 m að innanmáli, snýr eins og tóftin. Á suðvesturlangvegg eru leifar af hleðslu undir jötu og viðarleifar af jötunni sjálfri, Engar hleðslur eru á norðausturgafli. Hólf B er um 5x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Hrúnið hefur inn í hólfíð og ekki eru greinilegar hleðslur á norðvesturhlíð þar sem inngangur hefur verið. Tóftin er sú stærsta í túninu fyrir utan bæjartóftina og líklegt er að hún hafi verið fjárhús miðað við stærð. Ef til vill hefur tóftin haft það hlutverk áður en farið var að nota hana sem lambhús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:008 tóftir stekkur

63°48.083N 19°58.946V



Tóftir 008A-C, horft til norðurs



Tóft 008D og garðlag E, horft til norðvesturs

Fjórar tóftir eru saman í þyrpingu fast sunnan við gróna hraunbrún um 250 m austan við bæ 001. Að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns, var þetta að öllum líkindum stekkur eða kvíar sem fallnar voru úr notkun fyrir hans minni. Tóftirnar eru um 310 m suðvestan við stöðul 031.

Tóftirnar eru í grasivöxnu dalverpi, fast sunnan við gróna hraunbrún. Fjórar tóftir og garðlag eru á svæði sem er 75x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær eru sunnan undir gróinni hraunbrún í dalverpi sem liggur til suðvesturs að Fiská. Tóft A er austust. Hún er 7x5 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er sigin, veggirnir eru um 0,5 m á hæð og alveg grónir. Grjóthleðslur sjást þó í norðvesturhorni tóftarinnar. Þar er veggurinn um 0,8 m há og sjást þrjú umför af grjóti. Ekki sést skýr inngangur inn í tóftina. Tóft B er um 3 m vestan við tóft A. Tóftin er 6x5 m, er einföld og snýr austur-vestur. Ekki sést skýr inngangur í tóftina en veggirnir eru grónir og um 0,7 m á hæð. Það glittir aðeins í grjót á austurhlíð. Tóft C er um 4 m vestan við tóft B. Hún er um 4x4 m að stærð, er einföld og nokkuð hringlaga. Ekki sést skýr inngangur í tóftina en veggirnir eru um 0,5 m á hæð og alveg grónir. Mögulega mótar fyrir inngangi á norðurhlíð, það er þó mjög óskýrt. Fyrir norðan tóftir A og B, er

jarðrask. Þar hefur verið stungið um 5x5 m stórt svæði í hraunbrúnina og er það grasivaxið og slétt að innan. Tengslin á milli tóftanna og þessa mannvirkis eru ekki skýr, mögulega hefur hér verið aðhald fyrir fé. Tóft D er tæpum 55 m norðvestan við tóft C. Hún er sigin og mosavaxin. Hún er um 5x5 m að stærð og nánast egglega. Veggirnir eru um 0,2 m á hæð. Hvergi mótar fyrir hleðslum en dæld, um 3x3 m, er í henni miðri. Mögulega mótar fyrir inngangi á miðri norðurhlíð. Um 20 m langt garðlag E gengur til austurs úr tóftinni og endar við tungu sem gengur úr hraunbrúninni, skammt vestan við tóft C. Það er um 0,3 m hátt og alveg gróið.

Hættumat: engin hætta

RA-284:009 tóft


63°48.250N 19°59.470V

Tóft er skammt utan túngarðs 032, um 175 m norðan við bæ 001.

Tóftin er í grónum móa, austan við allháan hól og standa steinar upp úr honum.



Tóft 009, horft til norðurs



Tóftin er gróin, er um 10x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin virðist vera byggð í dæld sem þarna var fyrir og er ytri brún veggja ekki greinileg nema syðst. Hæstu hleðslur eru um 0,4 m, ekki sést í grjóti en það finnst fyrir því undir sverði. Tóftin mjókkar til norðausturs og kann að vera að í þeim enda hafi verið lítið hól. Ekki er vitað fyrir víst hvaða tilgangi þessi tóft hefur þjónað en mögulega hafa þarna verið kvíar og er það aðallega staðsetning tóftarinnar og lögum sem bendir til þess.

Hættumat: engin hættu

RA-284:010 *Stekkjatún* örnefni stekkur

"Í heiðinni er smábrún, sem liggur norður og suður, nefnd Holubrún. Austur af henni og Fremridal er Stekkjatúnið og Stekkjatúnsbrún fyrir norðan og austan það," segir í örnefnalýsingu. Ásgeir Tómasson, heimildamaður, kannaðist ekki við stekk á þessu svæði og engin tóft fannst þrátt fyrir leit.

Hæðótt heiði sem gróin er að mestu en víða eru blásnir hólkollar.

Stórt svæði var gengið frá kvíum/stekk 008 að merkjum móti Þorleifsstöðum RA-285 en engar leifar um stekk fundust.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Reynifell, 2

RA-284:011 *Vörðuhóll* varða samgöngubót

63°48.146N 19°58.727V



Varða 011, horft til norðurs

"Vörðuhóll heitir hæsti hólinn fyrir austan túnið og Stóristeinn norðan hans," segir í örnefnalýsingu. Varða er á Vörðuhól um 630 m austan við bæ 001.

Vörðuhóll er á mörkum Norðurhrauns og Miðvaðshrauns (Miðvað 039) eða heiðarinnar milli hrauna. Heiðin er gróið mólendi en hraunin eru mosavaxin.

Varðan er niðurfallin og er um 1,2 m í þvermál að grunnfleti og um 0,5 m á hæð. Varðan er nokkuð sokkin og steinar skófum vaxnir, gæti verið gömul. Varðan hefur að líkindum varðað leið 661:027 milli Þorleifsstaða RA-285 og Reynifells og stendur skammt norðan við jeppaslóða og reiðgötur á þeirri leið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Reynifell, 2-3

RA-284:012 *Strákseldhús* heimild um eldhús

"Strákseldhús, svo er nefnd kofatóft milli Norðurhrauns og Fjánhólsheiðar, sem liggur norður af því," segir í örnefnalýsingu. Allstórt svæði var gengið milli Norðurhrauns og Fjánhólsheiðar í leit af kofanum en ekki sáust leifar af kofatóftinni.

Blásið hraun með svörtum sandi. Til suðurs er Norðurhraun, mosavaxið, og til suðurs er Fjánhólsheiði þar sem enn er nokkur gróðurforfa.

Engar leifar kofans fundust og er líklegt að hann sé horfinn undir sand.

Hættumat: hættu, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Reynifell, 2-3

RA-284:013 *Melavarða* heimild

"Suður af hólnum [Fjánhól] er Melavarða og Melavörðuhraun umhverfis, útsuður af Fjánhólsheiði," segir í örnefnaskrá. Allstórt svæði var gengið um Melavörðuhraun sunnan Fjánhóls sem er afgerandi í annars uppblásnu hraunlendi. Í Melavörðuhrauni er fjöldinn allur af hraunnibbum en ekki var hægt að sjá að nein þeirra væri varða eða vörðubrot. Áhersla var lögð á að skoða svæðið sunnan Fjánhóls eins og lýsingin bendir til.

Melavörðuhraun er uppblásið og sendið hraun.

Melavarða fannst ekki á vettvangi og er líklegt að hún sé horfin undir sand eða niðurfalinn og ekki hægt að greina hana frá öðru hraungrýti í umhverfinu.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs


Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:014 tóftir útihús

63°48.137N 19°59.845V



Tóftir 014, horft til suðurs



Tóftir og garðlag 014

Þrjár tóftir og garðlag eru skammt vestan við túngarð 032 og um 60 m austan við veg sem liggur inn Vatnsdal. Tóftirnar eru um 300 m vestan við bæ 001 og um 215 m norðvestan við vörðu 022. Tóftirnar eru utan gamla heimatúnsins. Tóftirnar eru í grasivöxnu og sléttu túni. Grunnt er niður á hraun undir túninu og sést glitta í hraungrýti hér og þar.

Tóftirnar og garðlagið eru á svæði sem er samtals um 60x55 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er vestust. Hún er um 6 m í þvermál, er einföld og gróin. Tóftin er hringlaga og hvergi mótár fyrir dyrum. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð og hvergi glittir í stein. Tóft B er um 5 m fyrir austan tóft A. Hún er um 4x4 m að stærð, er einföld og veggirnir um 0,4 m á hæð. Inngangur er á miðri norðurhlið en ekki mótár skýrt fyrir hólfinu sjálfu vegna þess að grjóti hefur verið hrúgað þar inn. Það hefur eflaust verið gert við túnahreinsun. Veggirnir eru alveg gróinir og hvergi sést glitta í grjót. Á milli tófta A og B er dæld um 4x3 m að stærð og um 0,3 m djúp og má vera að hún sé signar leifar af öðru hólfi. Tóft C er um 1,5 m austan við tóft B. Hún er sigin, veggirnir eru um 0,4 m á hæð og er gróin. Tóftin er skeifulaga, um 5x5 m að stærð og er einföld. Hvergi sést glitta í grjót og hún virðist opin til vesturs. Líklegt má telja að tóftir B og C hafi verið sama tóftin upphaflega en tengslin á milli þeirra horfin. Um 40 m fyrir vestan tóftirnar liggur garðlag D. Það er um 60 m langt og liggur suðaustur-norðvestur. Það er sigið, um 0,4 m á hæð og sjást tvö umför af grjóti. Garðlagið er grjóthlaðið og gæti mögulega hafa verið hluti af túngarði 032 á einhverjum tímamarki og þá verið hluti af heimatúninu. Telja verður líklegt að tóftirnar hafi verið útihús, vegna nálægðar við bæ 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:015 Krókborgir tóftir fjárskýli

63°49.234N 20°01.798V



Fjárborg 015A, horft til suðurs



Fjárborg 015B, horft til SSA

"Krókhóll er í landsuður af honum [Króknum]. Toppflaðnar fjárborgir eru á Króknum, kenndar við hann og kallaðar Krókborgir," segir í örnefnalýsingu.

Borgirnar eru fjórar talsins, hafa allar sitt nafn og kallast Norður-, Hey-, Mið- og Syðstaborg að sögn Ásgeirs

Tómassonar, heimildamanns. Þær standa á gróinni hraunbrún og sjást vel. Það er nýlega búið að gera Norður- og Heyborg upp en Ásgeir vissi ekki hver stóð fyrir því. Krókborgir eru 550-600 m norðaustan við Norðurborgir 020 og um 2,8 km norðvestan við bæ 001. Sumarbústaðahverfi er fyrir sunnan borgirnar, uppi á hraunbrúninni.


Fjárborgirnar eru nyrst á gróinni hraunbrún sem snýr austur-vestur. Brúnin er grasvaxin, með lyngi, víði og birki.



Fjárborg 015C, horft til suðurs



Fjárborg 015D, horft til SSV



Fjórar fjárborgir eru á svæði sem er um 230x80 m og snýr austur-vestur. Fá þær bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni sem fylgir. Norðurborg A er nyrst og snýr NNA-SSV. Hún hefur nýlega verið endurhlaðin. Borgin er 7x6 m að stærð, einföld og um 2,5 m á hæð. Hún er topphlaðin. Að utan er hún gróin og rétt glittir í um fjögur umför af grjóthleðslu í veggjum á stöku stað. Að innan sjást 11 umför, timburstaurar og hellur eru í gólfinu.


Timburstoðir eru einnig í þakinu. Borgin stendur fremst (nyrst) á gróinni hraunbrúninni. Heyborg B er um 60 m fyrir sunnan Norðurborg A. Hún er 4x3 m að utanmáli, snýr austur-vestur og er um 2 m á hæð. Að utan er hún gróin. Það er búið að gera borgina upp og er hún topphlaðin. Gólfhlötur borgarinnar er niðurgrafinn, um 1 m er niður í botn hennar. Að innan sjást milli 10-15 umför af hleðslu. Borgin hefur greinilega verið notuð undir hey líkt og nafnið gefur til kynna. Miðborg C er um 100 m sunnan við Heyborg B. Borgin snýr suðvestur-norðaustur. Dyr eru á miðri norðurhlið og sést timbur þar enn. Borgin er fallin niður og er norður- og norðausturhlið borgarinnar röskuð. Að utan er borgin gróin en að innan sjást níu umför af grjóthleðslu. Borgin er hringlaga og hefur verið topphlaðin. Ekki mótast fyrir neinu braki innan í borginni. Veggirnir eru um 2 m á hæð og gerðir úr hraungrýti. Borgin stendur fremst á gróinni hraunbrún. Syðstaborg D er rúmum 100 m vestan við Miðborg C. Hún er 5x5 m á stærð, er einföld og topphlaðin. Inngangur er á miðri norðurhlið og þak borgarinnar er hrundið. Veggirnir eru um 1,7 m á hæð. Að utan eru þeir gróinir og sjást bara fjögur umför en að innan sjást átta umför. Timburstoðir eru í dyrum og er bárujárn og fleira rusl hefur verið sett inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:016 Skothústorfa þúst skotbyrgi

63°49.189N 20°00.463V



Þúst 016, horft til vesturs

"Skothústorfa er móts við Ásholtið [svo]," segir í örnefnalýsingu. leifar af skotbyrgi eru um 2,1 km norðan við bæ 001.

Byrgið er suðvestarlega á háum hól sem er snarbrattur til norðausturs, niður að Rangá eystri, móts

við Árholt. Hóllinn er nokkuð flatlendur að ofan, vaxinn grasi og víði. Sumarbústaðaland er til norðvesturs.

Byrgið er hrundið og nær algróið. Ofan á því er hundapúfa. Það er þúst sem er um 1,5 m í þvermál og mesta hæð er um 0,7 m. Lítillega sést í grjót í austanverðri þústinni, tvöfalda steinaröð sem er um 1 m á lengd og snýr austur-vestur. Suðaustan í þústinni er allstór steinn sem byrgið hefur verið hlaðið við.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 3

RA-284:017 *Orustuhóll* örnefni

63°49.419N 20°01.510V

"1930 var sett sandgræðslugirðing umhverfis hættulegasta blásturinn, svo vonandi er Hólminum borgið. Orustuhóll er á mótis við Vallartanga í Keldulandi," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða hóll Orustuhóll er en líklegt er að hann hafi verið sunnan við Vallartangaborg 282:014. Orustuhóll var um 2,8 km sunnan við bæ 001 og um 400 m norðaustan við Krókborgir 015. Brú yfir Eystri-Rangá er á þessum slóðum og malarvegur að Reynifelli og áfram inn Vatnsdal. Hér ekki að sjá eiginlegan hól, heldur liggur gróin og mishæðött hraunbrún meðfram Eystri-Rangá.

Á mótis við Vallartanga er gróin hraunbrún og uppblásið svæði sem byrjað er að gróa aftur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:018 *Fjósatunga* örnefni fjós

63°48.174N 19°59.419V

"Fjósatunga er á Austurtúni, er sennilegt, að fjós hafi staðið þar fyrrum," segir í örnefnalýsingu. Erfitt er að segja til um hvar Fjósatunga er í Austurtúninu. Líklegast hefur hún þó verið nærri því þar sem bíslóði (sem liggur um túnið) er nú, um 40 m austan við bæ 001, norðan við Smiðjulág (sjá 029).

Fremur flatlent svæði í túninu. Smiðjuhóll 029 er til suðurs og annar hóll til norðurs.

Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:019 þúst traðir

63°48.217N 19°59.421V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru traðir heim að bæ 001 úr norðaustri. Búið er að jafna yfir traðirnar en þó sjást merki þeirra í grónu túninu.

Traðirnar lágu um hæðött tún.

Ógróið grjót er í túngarðinum þaðan sem traðirnar lágu að bænum og frá þeim stað sést bunga í túninu, um 3 m breið og um 30 m löng. Hæst er hún á norðvesturkanti eða um 0,4 m. Þaðan sést ekki til þeirra að bæ. Gróið er yfir bunguna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



Þúst 019, horft til norðausturs

RA-284:020 *Norðurborgir* tóftir fjárskýli

63°48.964N 20°02.063V



Fjársborg 020A, horft til norðurs




Fjársborg 020C, horft til norðausturs



Fjársborg 020B, horft til NNA

"Þar sem sandurinn fellur fram af brúninni niður í Lághólminn heitir Breiðavík. Litlu sunnar í brúninni eru Ytri-Skjól milli Breiðavíks og Borgarhvamms, sem dregur nafn af fjársborgum, sem standa þar í brúninni," segir í örnefnalýsingu. Hér er að öllum líkindum átt við svokallaðar Norðurborgir að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns. Þar eru hringlaga fjársborgir sem stóðu



við vik sem gengur til norðurs frá uppblásnum hraungára. Borgirnar eru nú í grasivöxnu túni, innan lóðamarka sem tilheyrir sumarbústað. Norðurborgir eru um 2,6 km vestan við bæ 001 og um 1,2 km sunnan við Suðurborg 044.

Norðurborgir eru við hvamm sem gengur til austurs inn í hraunbrún. Að sunnan er hraunbrúnn uppblásinn en gróin til norðurs. Í grónu brúninni vex gras, mosi, lyng og víðir.



Þrjár hraunborgir eru á svæði sem er um 130x20 m að stærð og snýr norður-suður. Fjárborg A stendur enn. Borgin er topphlaðin og hringlaga. Hún snýr austur-vestur, er einföld og 6x6 m að stærð. Dyr inn í borgina eru á miðjum vesturvegg og hefur verið timburrammi í þeim. Að utan eru veggirnir gróinir en þar sjást þrjú umför af hraungrýti. Að innan sjást átta umför af grjóti. Borgin er opin að ofan og hluti þaksins hefur hrunið niður. Veggirnir eru um 2,4 m á hæð. Timburstöðir liggja inni í borginni og þaksteinar. Hún er vestarlega á gróinni hraunbrún norðan við hvamm eða vik. Tóft B er um 110 m sunnan við tóft A. Tóftin stendur niðri í hvamminum, undir norðurbrún hans. Hvammurinn er blásinn og mold, hraungrýti og gróinir flákar eru í honum. Tóftin er útfloft og einungis undirstöður hennar sjást nú. Hún hefur verið topphlaðin og verið á lágum náttúrulegum hól. Hóllinn er um 0,5 m á hæð. Inngangur hefur líklega verið á miðri austurhlið en erfitt er að staðfesta það vegna þess hversu tóftin er sigrin. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og eitt umfar af grjóti sést í þeim. Lyng, víðir og mosi vex ofan á tóftinni og er hún ógreinileg úr fjarlægð. Tóft C er um 13 m austan við tóft B og rúmum 100 m norðaustan við tóft A. Tóftin er einnig ofan í hvamminum líkt og tóft B. Hún hefur verið um 5 m í þvermál en ekki er hægt að segja til um inngang vegna þess að borgin er útfloft. Hún hefur líklega verið topphlaðin, það sjást einungis undirstöður hennar sem virðast vera hringhlaðnar. Tóftin er á lágum, náttúrulegum hól sem er um 0,6 m á hæð. Hún er vaxin lyngi, mosa og grasi. Veggirnir eru um 0,4 m hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:021 tóftir beitarhús

63°48.249N 20°03.784V



Tvær tóftir, líklega af beitarhúsum, eru um 3,5 km vestan við bæ 001 og um 450 m suðvestan við Nefjaborgir 026.

Tóftirnar eru í grónum móa á brúnum vestan Rangár eystri, mótis við Austurhald í landi Keldna RA-282. Allhált er niður af brún á undirlendið en við brekkurætur eru lækir sem renna meðfram þeim í Rangá eystri. Uppblástursgárar eru fast suðaustan við vestari tóftina og slíkir gárar eru víðar á svæðinu.

Tóftirnar tvær eru á svæði sem er um 60x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Norðvestast á svæðinu er tóft A, hún er um 7x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er tvískipt og skiptir grjótgardur henni í miðju. Ekki sést í grjóthleðslur að utanverðu en veggir eru um 1 m á hæð. Að innan má sjá 7 umför af grjóthleðslu. Dyr eru til norðvesturs, samfallnar. Gardinn er um 0,3 m að breidd og um 0,2 m á hæð. Hvor kró er um 1 m breið og um 5 m löng en nokkuð hefur fallið inn í tóftina úr veggjum. Aftan við hana til suðausturs eru leifar heystæðis sem er um 3x5 m stórt og snýr suðvestur-norðaustur. Tóft B er um 50 m norðan við tóft A. Hún er einföld,



Tóft 021A, horft til norðurs



Tóft 021B, horft til norðausturs

um 3x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grafin inn í langan hólrana sem snýr norðvestur-suðaustur. Dyr eru til suðvesturs, næstum samfallnar. Tóftin er grjóthlaðin en ekki sést í hleðslur nema að innan og eru þar 9 umför. Langveggir tóftarinnar eru mjög niðurfallnir, mesta hleðsluhæð er um 1,3 m utanmáls. Gardinn í tóft A gefur til kynna að þarna hafi verið beitarhús.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Reynifell, 4

RA-284:022 varða

63°48.082N 19°59.616V

Varða er um 170 m suðvestan við bæ 001 og um 90 m suðvestan við brunn 034. Varðan stendur í norðurhlið

Reynifellsöldu og sést vel frá bæ 001.

Umhverfis vörðuna er melur, lítt gróinn. Þar er hraungrýti og mosapúfur á stöku stað.

Varðan er hrunin og og sést grjót úr henni liggja á melnum. Nú sjást þrjú umför af grjóti í vörðunni og er hún um 0,5 m á hæð. Hún er um 1 m í þvermál. Grjótið er mosa og skófum vaxið. Það er að öllum líkindum langt síðan varðan hrundi, grjótið úr henni er mosavaxið í melnum. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 4



Varða 022, horft til vesturs

RA-284:023 varða



Varða 023A, horft til suðausturs



Varða 023B, horft til suðurs

63°48.032N 19°59.433V

Tvær vörður eru uppi á Reynifellsöldu, um 250 m sunnan við bæ 001 og rúmum 170 m suðaustan við vörðu 022.

Vörðurnar standa á grýttum mel. Mosi, lambgras og víðir vaxa þar í litlum torfum.

Tvær vörður eru svæði sem er um 68 x20 m og snýr austur-vestur. Fá þær báðar bókstaf til aðgreiningar. Varða A er norðvestar. Hún er hrunin og liggur steinadreif úr henni á melnum. Varðan er um 1,5 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Það sjást þrjú umför af grjóti í vörðunni. Grjótið er mosa og skófum vaxið. Varða B er um 65 m suðaustan við vörðu A. Hún stendur enn og er um 1 m á hæð. Sex umför af grjóti sjást í vörðunni og er hún um 1,2 m í þvermál. Grjótið er vaxið

skófum og mosa. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.


Hættumat: hætta

RA-284:024 tóft rétt



Rétt 024, horft til suðurs

63°48.308N 19°59.126V



Rétt er við Fögrubrekku um 400 m norðaustan við bæ 001.

Réttin er vestast í dálitlum hvammi í Norðurhrauni. Hvammurinn er grasi gróinn en hraunið er annars mosavaxið og sker hvammurinn sig úr umhverfinu.

Tóftin er grjóthlaðin og skiptist í þrjú greinileg hólfi. Hún er um 15x13 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestasta hólfið I er um 11x6 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gengt er úr því í hólfi II í austurenda sem er um 9x6 m að innanmáli og snýr eins. Sunnan við þessi hólfi er hólfi III sem er um 5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er afmarkað af stórum klettum að miklu leyti og stór klettur er einnig í suðvesturhorni tóftarinnar. Ekki er að sjá op inn í síðastnefnda hólfið. Op er inn í réttina á miðjum vesturvegg. Í hólfi I og II má óljóst greina einfaldar grjótraðir sem gróid er yfir og hefur skipt þeim frekar upp. Í hólfi I er lítið hólfi í norðvesturhorni sem er um 1x1 m að innanmáli og þar austan við er óljóst hólfi sem er um 3x4 m og snýr austur-vestur. Í hólfi II er einnig lítið hólfi í norðausturhorni sem er um 1x1 m að innanmáli og sunnan við það er óljóst hólfi sem er um 1,5x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggjabreidd í tóftinni er 0,5-1 m en hleðslur eru víðast fallnar. Þar sem þær eru hæstar eru þær um 0,6 m á hæð og mest sjást 3 umför.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:025 tóft

63°48.229N 19°59.483V



Tóft 025, horft til austurs



Lítill tóft er um 130 m norðan við bæ 001, um 5 m utan við túngarð 032.

Tóftin er í grónum móa milli túngarðs og jeppaslóða að Þorleifsstöðum RA-285.

Tóftin er einföld, um 5x3 m að stærð, snýr

austur-vestur. Við austurgafli er stór strýtulaga steinn sem myndar þann vegg. Suðurveggur er ógreinilegur og er óvíst að hann hafi verið. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m, ekki sést í grjóti. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi tóftin var byggð en mögulega hafa hér verið kvíar og bendir staðsetning tóftarinnar og lögun hennar til þess.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:026 Nefjaborgir tóftir fjárskýli

63°48.492N 20°03.354V



Fjárborg 026A, horft til suðausturs




"Fyrir austan Teitsvatnavað [282:044], sem er á veginum milli Keldna [RA-282] og Króksbæja er Nefið. Standa þar gamlar fjárborgir, sem heita Nefjaborgir, og eru þær nú að mestu fallnar," segir í örnefnalýsingu. Nefjaborgir eru tvær borgir. Þær eru um 3,2 km norðvestan við bæ 001.

Borgirnar eru í brúnum suðaustan Rangár eystri, allbratt er niður að ánni úr þeirri sem er norðaustar. Allt um kring er gróið mólendi og góður hagi.

Borgirnar eru á svæði sem er um 120x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Norðaustari borgin A er uppperð að því er virðist, hún



Fjárborg 026B, horft til vesturs



stendur enn og er heilleg en þó er lítillaga hrúnið úr henni að norðaustanverðu. Kindur leita enn skjóls í henni. Hún er hringhlaðin, úr grjóti, er um 4 m í þvermál. Dyr eru á henni til norðvesturs, þær eru um 0,5 m breiðar og um 0,7 m á hæð. Að innanverðu má sjá 7 umför hleðslu og er borgin er hlaðin nánast alveg upp í topp en reft er yfir og blíkk sett þar ofan á flatt þak og torf þar yfir. Borgin mjókkar upp. Að utan er borgin allgróin og á þakinu vex víðir. Mesta hæð utanmáls er um 2,5 m. Borgin er hlaðin við stóran klett sem er norðan við dyrnar. Framan við dyrnar er dálítið af lausu grjóti. Borg B er nær öll niðurfalinn, grjóthlaðin. Hún er um 115 m suðvestan við borg A. Borgin er hringhlaðin við tvö stór björg. Hún er um 3 m í þvermál og hæstu hleðslur eru um 1,5 m, að innan sjást 7 umför. Utanmáls eru hleðslur hæstar um 1,2 m. Dyr eru á borginni til norðurs, eru þær samansignar en ekki samfallnar. Þær eru um 0,7 á hæð og um 0,3 á breidd.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:027 Sellækur örnefni sel

63°48.537N 20°03.081V

"Sellækur heitir lítill lækur, sem fellur þarna í Teitsvötnin, og Selhólar upp af læknum," segir í örnefnalýsingu. Ásgeir Tómasson, heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið Sellækur eða Selhólar. Hann sagði að nokkrir lækir væru á þessu svæði en einhverjir þeirra væru nú horfnir. Tveir litlir lækir falla í Eystri-Rangá þar nú (júní 2009) og er líklegt að annar þeirra sé Sellækur. Selhólar eru um 2,8 km ASA við bæ 001 og 1,1 km vestan við Norðurborgir 020.

Sellækur rennur undan gróinni hraunbrún. Uppi á brúninni er mikið um hóla vaxna lyngi, mosa og víði. Gengið var um alla Selhólana en engin ummerki sels sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:028 Grjótkvíar náttúrumin kvíar 63°48.049N 20°03.943V



Grjótkvíar 028, horft til vesturs

"Við Fiská, suður við Árgilsstaðamörk, eru svonefndar Grjótkvíar, nokkuð austar er Drápshvammur," segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar eru um 3,5 km vestan við bæ 001 og 2,3 km suðvestan við Norðurborgir 020. Grjótkvíar eru náttúruleg hraun sprunga sem hefur mögulega verið notuð sem kvíar en þó er hún svo langt frá bæ að það verður að teljast ólíklegt. Nafnið hefur sprungan fengið vegna líkinda við kvíar.

Sprungan er í grónu hrauni, skammt norðan við Fiskárgil. Sprungan er gróin, þar vex mosi og gras.

Hraunsprungan er um 30 m löng og 4 m breið og liggur austur-vestur. Veggir sprungunnar eru um 2 m á hæð til austurs en lækka til vesturs, þar eru þeir um 0,3 m á hæð. Engar hleðslur eru að sjá við enda sprungunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 5

RA-284:029 Smiðjuhóll örnefni smiðja 63°48.155N 19°59.439V

"Í Austurtúni er Stelpulág, hóll fyrir austan bæinn heitir Smiðjuhóll og lautin fyrir norðan hann Smiðjulág," segir í örnefnalýsingu. Smiðjuhóll er fast suðaustan við smiðju í bæjartóft á bæjarhól 001 en kann að draga nafn af eldri smiðju.

Hóllinn er í hæðóttu túni.

Hóllinn er allstór, hann er um 18x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er hæstur um 2 m, til ASA. Dálítill lægð er eftir hólnum frá norðvestri til suðausturs. Ekki er að sjá leifar af byggingum á hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:030 frásögn fjós 63°48.187N 19°59.588V


Ásgeir Tómasson, heimildamaður, man eftir fjósi á hól í túninu um 100 m norðvestur af bæ 001.

Fjósið stóð í hæðóttu túni, vestan við vegarslóða heim að bæ 001.

Ekki sést til minja á hólnum en hann er um 15x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er 1,5-2 m á hæð. Grasi gróin kinn er í hólnum norðanverðum og norðan við hana er dálítill brún niður í lægð milli þessa hóls og næsta norðan við. Ef til vill er þessi kinn Fjósatunga 018.

Hættumat: engin hætta

RA-284:031 Stöðull þúst kvíar 63°48.111N 19°59.341V



Þúst 031



Þúst 031, horft til suðurs

"Upp í Öldunni, að austan, innangarð[s] [032], er Stöðull nefndur," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns, var hætt að nota stöðulinn löngu áður en hann kom að Reynifelli en hann fæddist þar árið 1929. Stöðullinn er um 150 m suðaustan við bæ 001 og 110 m norðan við Ullarenni 033.

Kvíarnar eru í grasivöxnu túni. Þær eru í halla til norðurs, niður af Reynifellsöldu sem rís sunnan við þær.

Þar sem kvíarnar voru er nú afar óljós tóft eða dæld í túninu. Dældin er alveg gróin og hvergi glittir í grjóti. Dældin er 15x7 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Dældin skiptist í þrjú hólf og hefur verið grafin inn í hlíðina. Hólf 1 er nyrst og greinilegast. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er opið til norðurs. Annar inngangur er á miðri suðurhlíð, inn í hólf 2. Veggirnir eru um 0,5 m á hæð. Hólf 2 er fyrir sunnan hólf 1. Það er um 6x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það mótar fyrir norður- og suðurvegg en að öðru leyti er hólfíð niðurgrafið. Inngangur er á norðurhlíð úr hólf 1 og annar á miðri suðurhlíð, inn í hólf 3. Hólfíð er í litlum halla til norðurs. Dældin er um 1 m á dýpt. Hólf 3 er syðst í tóftinni. Það stendur hæst og er ógreinilegt. Einn inngangur er inn í hólfíð, á miðjum suðurvegg úr hólf 2. Það mótar ekki fyrir veggjum heldur sést það einungis sem dæld, um 0,3 m á dýpt.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:032 tóft+garðlag túngarður



Réttartóft og túngarður 032, horft til vesturs



"Upp í Öldunni, að austan, innangarð[s], er Stöðull [031] nefndur," segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn sést enn og

liggur umhverfis gamla heimatúnið. Rétt er sambyggð honum við norðvesturhorn. Vegur að Þorleifsstöðum RA-285 og Rauðnefsstöðum RA-286 liggur um 15 m fyrir norðan túngarðinn en Vatnsdalsvegur liggur um 20 m fyrir vestan hann.

Túngarðurinn liggur niður malaröldu sem hallar til norðurs. Innan hans er slétt, grasivaxið tún en gróið hraun utan hans.

Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 450x180 m að stærð og snýr austur-vestur. Túngarðurinn er á milli 0,2-2 m á hæð, grjóthlaðinn, gróinn, og girt hefur verið ofan á hann. Fimm umför af grjóti sjást mest í veggjunum. Túngarðurinn er rofinn af malarvegum á þremur stöðum og ágangur skepna hefur einnig gert rof í hann á nokkrum stöðum. Túngarðurinn hefur áður náð lengra til suðurs en sýnt er á túnakorti og sjást leifar þess enn. Túngarðurinn er U-laga en suðurhlíð hans er nú horfin. Að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns, var notast við gaddavír í hlíðum Reynifellsöldu. Uppi í suðausturhlíð Reynifellsöldu er túngarðurinn siginn og sjást einungis einn og einn steinn standa upp úr sverði. Þegar komið er niður ölduna og meðfram veginum að Þorleifsstöðum er túngarðurinn um 1,5 m á hæð, 2,5 á breidd og gróinn. Þar glittir einungis í steina á stöku stað. Þar sem túngarðurinn beygir síðan til suðvesturs, við Vatnsdalsveg er hann um 0,4 m á hæð og grjóthlaðinn. Þar sjást mest tvö umför af grjóti. Sambyggða réttin er 40x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í fjögur hólf. Hólf I er vestast í tóftinni. Það er 13x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Túngarðurinn liggur eftir suðurhlíð hólfins. Hólfíð er grjóthlaðið. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóti í þeim. Tvennar dyr eru á hólfinu. Aðrar þeirra eru á vesturhlíð en hinar í suðausturhorni, inn í hólf II. Fyllt hefur verið í dyrnar með grjóti. Hólf II er austan við hólf I. Það er 7x6 m að innanmáli. Suðurveggur er stunginn inn í náttúrulegan hól sem er innan túns. Veggirnir eru grónir og 1,2 m á hæð. Það sést í 4 umför af hraungrýti í þeim. Þrennar dyr eru á hólfinu, einar á vesturhlíð úr hólf I, aðrar á austurhlíð í hólf 3 og þær þriðju í norðvesturhorni hólfins. Austurveggurinn er nokkuð raskaður og hefur fallið inn í hólfíð og innganginn í hólf 3. Hólf 3 er austan við hólf II. Það er 8 x 6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóti í þeim. Suðurveggurinn er stunginn inn í náttúrulegan hól og hlaðið þar meðfram. Tvennar dyr eru á hólfinu, aðrar á vesturvegg úr hólf II og hinar í norðausturhorni inn í hólf IV. Þar er steipt fjárbað, nokkurn veginn á milli hólfanna. Túngarðurinn er norðurveggur hólfins. Hólf IV er austan við hólf III. Það er 4x4 m að innanmáli og grunnflötur þess er um 0,6 m hærri en í hinum hólfunum. Steipt fjárbað afmarkar það í vesturinnangi en annar inngangur er í norðausturhorni. Túngarðurinn afmarkar norðurhlíðina og sú syðri er stunginn í náttúrulegan hól.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:033 Ullarenni örnefni þvottastaður

63°47.684N 19°58.732V

"Upp af bænum heitir Ullarenni. Hefur ull verið breidd þar til þerris," segir í örnefnalýsingu. Um 230 m fyrir

sunnan bæ 001 og um 80 m austan við vörður 023, uppi í norðurhlíð Reynifellsöldu eru móbergsklettur og á þeim slóðum var Ullarenni. Ullin var breidd til þerris þar eftir að hafa verið þvegin í Fiská, austan við Nautahyl að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns. Nautahylur er um 850 m SSA við Ullarenni, sunnan Reynifellsöldu og ullin því borin langa leið til þurrkunar.

Norðurhlíðar Reynifellsöldu eru að mestu leyti grýttur melur og grónar torfur. Hér eru lágir móbergsklettur á svæði sem er um 10 m í þvermál. Norðurbakkar Fiskár eru sléttir og ógrónir ármelar.

Við Fiská sjást engin ummerki þvottastaðarins. Þar eru ógrónir ármelar og áin fremur grunn. Móbergsklettarnir, sem ganga undir nafninu Ullarenni, eru um 1,5 m á lengd, 0,4 m á hæð og vindblásnir. Þetta eru einu móbergsklettarnir sunnan við bæ 001 og hefur því verið töluverður gangur frá Fiská og upp á ölduna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:034 brunnur brunnur 63°48.123N 19°59.548V

"Í Vesturtúni er Brunntunga, kennd við brunn, sem nú er hætt að nota öðruvísi en til vatnsleiðslu heim," segir í örnefnalýsingu. Brunnurinn er norðan við Reynifellsöldu, um 80 m suðvestan við bæ 001 og um 170 m vestan við Stöðul 031.

Brunnurinn er í sléttu, grasivöxnu túni í litlum halla til norðurs. Reynifellsalda hefst um 5 m sunnan við brunninn og er hún þýfð og mosavaxin.

Byggt hefur verið yfir brunninn og hann fylltur. Brunnurinn var hlaðinn og nokkuð djúpur að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns. Vatnsleiðsla liggur til norðurs úr brunninum og sést vatn flæða upp úr henni við töft 031 nokkuð norðar. Yfir brunninum er 2x2 m grastorfa og glittir í grjót í austurhlíð hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:035 Vesturgerði örnefni 63°48.207N 19°59.626V

"Norður í túninu er Leynirinn, djúpur og fallegur dalur. Vesturgerði er fyrir vestan hann, en Austurgerði [036] fyrir austan," segir í örnefnalýsingu. Laut er suðvestan við töft 003 og er líklegt að það sé Vesturgerði en Ásgeir Tómasson man að það var kallað Árnagerði en engar hleðslur voru umhverfis það.

Vesturgerði er laut í grónu, hæðóttu túni.

Ekki sést til minja. Lautin er um 15x5 m að innanverðu og um 1,5 m djúp. Snýr suðaustur-norðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:036 Austurgerði örnefni 63°48.197N 19°59.417V

"Norður í túninu er Leynirinn, djúpur og fallegur dalur. Vesturgerði [035] er fyrir vestan hann, en Austurgerði fyrir austan," segir í örnefnalýsingu. Líklegt er að gerði þetta hafi verið um 100 m norðaustan við bæ 001.

Austurgerði er laut í grónu og hæðóttu túni.

Ekki sést til Austurgerðis í túninu en líklegt er að það hafi verið þar sem nú er allstór laut fast suðaustan við traðir 019. Óvíst er að gerði hafi verið hlaðið. Lautin er ekki mjög afgerandi, er um 14x6 m að innanmáli og um 0,7 m djúp, snýr suðaustur-norðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 6

RA-284:037 Flosahellir sögustaður útilegumannabústaður 63°47.132N 19°58.598V

"Flosatorfa heitir gras- og mosatorfa hátt upp í fjallinu [Þríhyrningi], milli vestri hornanna. Þar eru kindur oft á sumrin, þó torfan virðist næsta ógrasgefin og um það bil snarbrött. Flosahellir mun eins og Flosatorfa vera kennd við Brennu-Flosa," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns, er Flosahellir uppi við miðhorn Þríhyrnings, efst í fjallinu. Hann hafði aðeins einu sinni komið þangað og sagði það vera hægt en erfiðara væri að komast til baka. Flosahellir sést greinilega þegar horft er til suðurs upp í miðhorn Þríhyrnings frá bæ 001. Hellirinn er rúma 2 km SSA við bæ 001 og um 1,7 km VNV við Holt 040.

Norðurhlíðar Þríhyrnings eru brattar og ekki er með góðu móti hægt að komast þar upp. Hlíðarnar eru grasivaxnar en klettabelti við toppinn. Til þess að fara upp að Flosahelli verður að fara upp suðurhlíðar fjallsins og feta sig að hellinum að norðan.

"Hellir þessi er í nípunni á miðhorni, og verður tæpast eða ekki í hann komizt. Í hellinum á að vera kista mikil, full af gulli. Segir sagan, að Flosi hafi komið því þar fyrir og mælt svo um, að enginn skyldi í hann komast, nema hann væri fyrst búinn að ala sig á nýmjólk í 20 ár. Einn maður kvað hafa reynt það, en var svo bráðlátur, að hann fór þangað eftir 19 1/2 ár. Hann gat líka snúið lyklinum jafn marga snúninga og árin voru mörg, en þá stóð allt fast. Önnur sögn hermír, að öðrum hafi tekizt að opna kistuna, en hún hafi þá, þegar til kom, verið full af grálaufi. Í gremju sinni tók hann þá vettling sinn fullan til þess að hafa til sýnis, er niður kæmi. En er hann hvoldi úr vellingnum, reyndist hvert lauf skínandi silfurpeningur." Ekki var farið í Flosahelli en samkvæmt

heimildamanni sést hellirinn þó enn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 7-8

RA-284:038 gata leið 43°48.148N 19°59.963V



Leið 038, horft til suðvesturs

Frá malarvegi vestan við bæ 001 sjást götur liggja til suðvesturs, líklega þær sömu og eru á Herforingjaráðskorti og liggja frá Reynifelli á leiðina sem liggur austur með norðanverðu Vatnsdalsfjalli 661:017 að Þorgeirsvaði 282:009, Hofi RA-279/RA-280 og Kirkjubæ RA-277/RA-278.

Göturnar liggja um gróinn móa en mosavaxið hraun er lengra til suðurs og norðurs.

Göturnar eru á svæði sem er um 8 m breitt og eru 8-10 rákir samliggjandi þar sem leiðin var skoðuð. Skorningarnir eru víðast um 0,2 m breiðir og 0,1-0,3 m djúpir. Göturnar eru grónar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort

RA-284:039 *Miðvað* heimild um vað

63°47.745N 19°58.470V

"Innri-Palltorfa myndar odda milli Nauthylsgils og Innra-Palltorfugils. Falla þau saman, innanvert við torfuna, og heitir þá Bólgil af tveimur smáskútum, sem eru í því. Næsta torfa inn af henni heitir Miðvaðstorfa. Hún er mjög breið að neðan," segir í örnefnalýsingu. "Austur af Öldu er Fremri-Dalur og Hraunkall austur af honum, en hraunið heitir Miðvaðshraun, kennt við Miðvað á Fiská," segir í örnefnalýsingu. Miðvað er um 1,1 km suðaustan við bæ 001.

Háir bakkar eru beggja vegna við ána og grjóteyri mikil er í árfarveginum við norðurbakkann.

Vaðið sést ekki greinilega en götur 045 sem liggja um Miðvaðshraun liggja að því. Mikil grjóteyri er í árfarveginum þar sem vaðið er og frá henni er farið yfir grunna ána, um 15 m breiða og er komið í gil milli torfa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynifell, 8, 2

RA-284:040 *Holt* bæjarstaði býli

63°47.457N 20°00.604V



Bæjarstaði Holts 040, horft til norðurs

"Í Njálssögu er getið um bæinn Holt og lá leiðin frá Bergþórshvoli [RA-133] þangað við garð á Sámsstöðum [RA-218], en að öðru leyti verður ekki af sögunni ráðið hvar sá bær stóð og engar aðrar fornar heimildir geta hans. Við suðvesturhorn Reynifellsöldu um 1 1/2 km suðvestur frá Reynifelli eru fornar bæjarrústir og hefur verið álitid að þar hafi bærinn Holt staðið, enda kemur það ekki illa heim við frásögn sögunnar," segir í Rangvellingabók. Ummerkin eru friðlýst og í Friðlýsingarskrá stendur: "Holts-rúst sunnan í Reynisfells-öldu." Holt er um 1,6 km suðvestan við bæ 001 og 1,4 km suðvestan við vörðu 022. Einu ummerki bæjarins er steinadreif úr hraungrýti á uppblásnum ármel.

Holt er sunnan undir hvammi sem gengur til suðurs niður úr Reynifellsöldu. Moldarflag er í hvamminum en fyrir sunnan

hann er grjótmelur. Þar vex mosi og lyng í flákum á sandi.

Brynjúlfur Jónsson segir í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1898: "Rústin er hleðslugrjótsbreiða mikil, sem mestöll liggur á moldar undirlagi. Suðausturendi hennar er horfinn í árburð úr Fiská ..." Sigurður Vigfússon fjallaði um Holt í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888-1892. Þar segir: "Norður undan vestra parti Þríhyrnings er stórt grjótholt. Það er sem lágt fell. Sunnan í því er alt uppblásið og láglendið eytt af Fiská. Þar sunnan í holtinu er mikið grjót saman borið, sem auðsjáanlega er tekið úr hrauninu þar fyrir neðan. Þetta grjót er því ekki líkt því, sem þar er. Þar sést á tveimur stöðum votta fyrir hleðslu og slíkum kennimerkjum. Hér lítur því út fyrir að vera hafi bær til forna, enn að hann hafi lagzt af, þegar tók að blása upp og Fiská að eyðileggja. [...] Hér mun Holt hafa staðið, þar sem Hródný bjó og Höskuldur Njálsson." Á svæði sem er um 20x20 m að stærð og er í hvammi, er hraungrýti, móberg og árgrjót. Hvergi sést þarna móta fyrir skýrum hleðslum, þakhellum eða öðru sem bendir til mannvirkja á svæðinu. Svæðið hefur raskast vegna uppblásturs og landbrots. Greinilegt er að hraungrýtið er aðflutt úr hrauni fyrir vestan Reynifellsöldu. Með góðum vilja má þó á einum stað mögulega sjá leifar af hleðslu. Þar eru um 10 steinar í beinni röð en þetta er þó afar óljóst.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: VS: Rangvellingabók, 185; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67; SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 47; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898,

RA-284:041 varða landamerki

63°47.527N 20°00.523V



Varða 041, horft til suðurs

Í landamerkjalyngu frá 1890 sem birt er í Rangvellingabók segir: "Norðaustasta horn Þríhyrnings er hagamark milli Reynifells og Þorleifsstaða [RA-285], þaðan eftir fjallinu í vestasta horn Þríhyrnings, þaðan beina línu í vörðu þá sem stendur syðst á Reynifellsöldu, niður að Fiská." Varðan er um 1,4 km suðvestan við bæ 001.

Varðan stendur sunnarlega á Reynifellsöldu, á mosavöxnu sléttlendi. Varðan er niðurfalinn. Hún er um 0,8 m í þvermál og er um 0,4 m á hæð. Hún er nokkuð gróin neðst en grjót er ekki mjög skófum vaxið. Ef til vill hefur verið túnt úr vörðunni í minni grjóthrígu sem er um 1 m suðvestan við hana.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS: Rangvellingabók, 359

RA-284:042 gerði kálgarður



Kálgarður 042, horft til norðurs



63°48.177N 19°59.494V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stór kálgarður, um 30x40 m að stærð, fast norðan við bæ 001. Sá kálgarður er horfinn en minni kálgarður var gerður á svipuðum stað og sést hann enn.

Kálgarðurinn er í grónu og hólóttu túni.

Garðurinn er 15 m á kant, grjóthlaðinn og gróinn en það sést í hleðslur á utanverðum SSV- og ASA-veggjum. Rof er í garðinn við norðausturhorn hans en


líklega hefur verið gengt inn í hann um op við suðvesturhorn. Í innanverðu suðausturhorni er gróin hleðsla sem myndar lítið hólf. Hleðslan er um 2x3 m að stærð og snýr VNV-ASA. Innan hennar er hólf sem er um 1 m á kant. Mesta hleðsluhæð garðsins er um 0,7 m. Í kálgarðinum voru ræktaðar kartöflur og rófur í tíð Ásgeirs Tómassonar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-284:043 tóftir beitarhús

63°48.242N 20°02.125V



Beitarhús eru um 2,2 km vestan við bæ 001. Minjarnar virðast ekki ýkja gamlar, líklegt er að þær séu hlaðnar á 20. öld en ekki fengust upplýsingar um aldur þeirra.

Minjarnar eru við brún þar sem dálítill skorningur er í hana til austurs. Til vesturs er hæðótt mólendi fram á næstu brún við Rangá.

Tvær tóftir eru á svæði sem er um 35x26 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun hér á eftir. Tóft A stendur neðan við brúnir og er enn undir þaki þó að rof sé komið í það. Það er um 5x5 m að stærð og um 2,2 m eru upp í mæni að utanverðu en hleðsluhæðin er um 1,5 m. Sperrupak er á húsinu og blick lagt á þverspýtur, hraungrýti þar ofan á og tyrft eða hefur gróið yfir. Að utan sést í mæninn, og járníð. Húsið er gróið að innan. Dyr eru á húsinu til norðvesturs, eru þær manngengar, um 1,3 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Húsið er að innanmáli um 2x3 m en meðfram langveggjum eru jötuleifar. Hlaðin er brík sem er um 0,2 á hæð og breidd og



Tóft 043A, horft til suðausturs



Tóft 043B, horft til suðausturs

Þar ofan á eru lögð tvö viðarborð hvert á annað, upp á rönd. Að innan sjást 11 umför í veggjum. Tóft B er um 25 m suðvestar en hús A, uppi á brún. Hún er um 13x9 m að stærð, snýr austur-vestur. Tóftin skiptist í þrjú hólf, I og II og III. Hólf I er um 8x5 m að

stærð, snýr eins og tóft, hólf II er um 5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft, er fullt af grjóti, ekki er inngangur í það sýnilegur. Hólf III er sennilega heytóft sem er um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á tóftinni til vesturs. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1 m. Innanmáls sjást 6 umför. Bárujárn, grjót og víður eru í hölfum I og II, einkum hólf I. Um 7 m vestan við tóft B er óljósar leifar af vegg C sem er um 3 m á lengd, 0,8 m á breidd og 0,4 m á hæð. Hann liggur norður-suður niður halla í brekku. Austan við vegginn er dálítill gróf í brekkunni sem er um 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 2 m vestan við vegg C er dálítill gryfja og fast við hana ógreinilegar veggjaleifar D. Gryfjan er um 2,5x1,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og er um 0,5 m djúp. Veggurinn er bjúglaga, um 3,5 m langur, 0,6 m á breidd og um 0,3 m á hæð.


Hættumat: engin hætta

RA-284:044 Suðurborg tóft fjárskýli

63°48.320N 20°02.179V



Suðurborg 044, horft til austurs



Fjárborg er um 2,05 km VNV við bæ 001 og um 1,1 km suðvestan við Norðurborgir 020. Þessi fjárborg kallaðist Suðurborg að sögn Ásgeirs Tómassonar, heimildamanns. Fjárborgin er um 40 m austan við slóða sem liggur til suðurs og vestan til í gróinni hraunbrún.

Fjárborgin er vestarlega í gróinni hraunbrún og er grasivaxinn hvammur fyrir vestan tóftina. Hraunbrúnin er vaxin lyngi, víði og mosa.

Suðurborg er 5x4 m að stærð, er einföld, gerð úr hraungrýti og topphlaðin. Þak borgarinnar er fallið niður en að öðru leyti stendur hún enn. Að utan er borgin gróin en það sést víða glitta í steina. Að innan sjást átta umför af hraungrýti. Inngangur hefur verið á miðri

vesturhlið en fyllt hefur verið upp í hann með grjóti, eflaust til varnar sauðfé. Fjárborgin er um 2,1 m á hæð þar sem hún er hæst.

Hættumat: engin hætta

RA-284:045 gata leið

63°47.833N 19°58.639V



Leið 045, horft til NNV

Götur sjást austan við Reynifellið og liggja þær að Miðvaði 039. Götur eru um 900 m suðaustan við bæ 001. Óvíst er hvert leiðin lá en hún hefur mögulega legið frá Reynifelli til Fljótshlíðar. Ásgeir Tómasson, heimildamaður, mundi ekki eftir því að leið þessi væri farin til annars en að reka fé á beit í Þríhyrningi.


Götur liggja um uppblásið hraun sem hefur gróið aftur að miklu leyti.

Götur sjást á alllögum kafla og eru á um 10 m breiðu svæði, sumar enn ógrónar. Þær eru um 10 talsins þegar mest er og eru um 0,2 m á dýpt og breidd. Stefna gatnanna er NNV-SSA. Um 215 m norðvestan við Miðvað 039 liggur jeppaslóði yfir þær í stefnuna austur-vestur. Svo virðist sem sumar gatnanna beygi einnig á þá leið

áleiðis að Þorleifsstöðum RA-285.

Hættumat: engin hættu

Túnakort fyrir Þorleifsstaði




RA-285 Þorleifsstaðir

20 hdr 1711, bænhus var á jörðinni. JÁM I, 231. "Elsta heimild um Þorleifsstaði er máldagi Oddakirkju frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88], og er því ókunnugt við hvaða Þorleif jörðin er kennd. [1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689.] Þorleifsstaðir fóru í eyði árið 1947. Fyrsti eigandi Þorleifsstaða sem þekktist var Eiríkur Björnsson á Keldum, en að honum látnum 1614 erfði Ástríður dóttir hans jörðina. Næsti eigandi Þorleifsstaða sem vitað er um var Daði Jónsson í Haga í Gnúpverjahreppi sem seldi Brynjólfi Sveinssyni biskupi jörðina 15. jan. 1660 ... Markús Bjarnason á Stokkseyri eignaðist átta hundruð í Þorleifsstöðum og seldi þau 16. maí 1677 Jóni Vigfússyni sýslumanni á Stórolfshvoli. Árið 1695 var eigandi hálftrar jarðarinnar (10 hundraða) Magnús Kortsson lögréttumaður á Árbæ í Holtum. Að honum látnum erfði sonur hans Magnús á Villingavatni þennan helming Þorleifsstaða ... Hinn helming Þorleifsstaða átti 1695 Þórdís Þorvaldsdóttir ekkja ..." VS: Rangvellingabók, 521-522. Eyðibýlið Hrappsstaðir árið 1711, gæti verið sömu Hrappsstaðir og nefndir eru í Njálu XII, 220. "Engjaítak segjast menn af gömlum mönnum heyrt hafa jörðunni eignað í Torfastaða landi í Fljótshlíð, sem kallað hafi verið Þorleifsstaða teigur, en ekki hefur það brúkað verið í manna minni." JÁM I, 232. "Þorleifsstaðir lögðust í eyði 1947. Land jarðarinnar er að stórum hluta gróið fjalllendi en að öðru leyti gróið hraun og mólendi og er það allt gott beitiland fyrri sauðfé." SB V, 76

1711: "Engjum spillir grjótt, sem í leysingum á vetur stórlega uppá berst. Högum grandar blástur. Líka er peningi hætt fyrir giljum." JÁM I, 232 1840: "Landgott er þar við vetrarhart. Heyskapur mikill eftir sem hér er að gera. Liggur ekki undir áföllum." SSR, 155. 1917: Tún 5,5 ha, þar af 2 ha slétt, garðar 570 m². Fasteignamat 1940: "Tún. Greiðfært. Jarðvegur: Grunnur á hrauni. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar, þurrlendir. Beitiland: Víðlent fjallendi og gróið hraun." VS: Rangvellingabók, 523

RA-285:001 Þorleifsstaðir bæjarhóll bústaður 63°48.144N 19°54.803V
Bæjarstaði Þorleifsstaða er þar sem Fiská rennur úr gili, við vesturenda gilsins. Vegur 661:027 liggur frá Reynifelli alveg upp að bakhlið bæjarhússins og áfram í gegnum túnið að Rauðnefsstöðum. Jörðin fór í eyði árið 1947.

Grasi gróin tún eru á þessum slóðum. Talsvert er um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt umhverfis. Fiská rennur sunnan við túnið. Mikið er af heillegum rústum í túninu.



Bæjarhóllinn er vel greinilegur. Hann er um 50 x 35 m stór og snýr austur-vestur og er um 1 m á hæð. Bæjartóftin sjálf, með áföstum kálgarði, er um 47 x 20 m stór, snýr austur-vestur og snýr framhlið til suðurs að Fiská. Vel má sjá grjóthleðslur í öllum hólfulum bæjarins og eru þær hæstu um 1,7 m. Vestast á bænum er áfastur kálgarður sem notaður var af seinustu ábúendum, en eldri kálgarður á þessum slóðum er skráður sérstaklega undir númeri 031. Bæjartóftin skiptist í nýu hól og kálgarð. Áfasti kálgarðurinn (A) er um 12 x 12 m að stærð. Næst



Vesturhluti bæjartóftar Porleifsstaða, horft til norðurs

honum til austurs, suðvestan megin í bænum er lítið innskot (B), um 2 x 1 m að innanmáli norður-suður, fyllt með rusli. Op er á því til suðurs. Austur af (B) er hól (C) sem er 5 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður og var geymsla. Op er á því til suðurs. Austur af (C) er hól (D) sem er 5 x 2 m að innanmáli og var hlóðældhús. Milli þess og baðstofunnar (E) var gangur, um 3 m langur og 1 m breiður. Baðstofan var um 10 x 8 m stór og snýr norður-suður. Steyptur kjallari er í austurenda hennar. Kjallarinn er um 6 x 3 m og 2 m að dýpt en mikið er hrúnið í hann. Norðan við og fyrir ofan baðstofuna er um 0,05 m lægð í hólinn og virðist sem þar hafi verið hluti hennar. Austur af baðstofunni er hól (F) um 8 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður og mjög mikið hrúnið í það. Veggir þess eru þó steyptir að hluta. Austast í þessari röð hólf (G), um 6 x 3 m að innanmáli og

snýr norður-suður. Þetta hól er steypt að talsverðu leyti, sérstaklega suðurhlutinn, en það er allt hrúnið. Ágúst Sæmundsson, heimildamaður, segir að álög liggi á norðurgafli fjóssins og að ekki megi breyta honum. Ekki þekkti hann til um hvað gerðist ef honum væri breytt eða hver setti þessi álög. Tvö hólf eru norðan við fjósið, í norðaustur hluta bæjarins, og mun það sem er nær fjósinu vera hesthús (H) en hitt heygeymsla (I). Hesthúsið er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur með dyr til norðurs. Heygeymslan er um 3 x 3 m að innanmáli, með dyr til austurs. Norður af innskoti (B) sem áður er nefnt og upp við kálgarðinn (A) er annað innskot, um 4 x 1 m að stærð og snýr norður-suður með dyr til norðurs. Engin skýr mörk eru á norðurhlið bæjarins heldur hverfur hann inn í bæjarhóllinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:002 heimild um bænhús

63°48.142N 19°54.828V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Heyrt segjast menn hafa hjer hafi fyrrum bænhús verið, en ekkert er þar víst annað en að hús hefur verið á jörðunni í manna minni í kirkju formi." Nú er staðsetning bænhúss alveg týnd. Ágúst Sæmundsson, heimildamaður, hafði aldrei heyrt minnst á örnefni sem gætu tengst húsinu og ekki vissi hann til að menn hefðu nokkru sinni komið niður á mannabein í námunda við bæinn. Í túninu er mikið af tóftum en engin þeirra minnir á bænhús og því er lítið hægt að segja um staðsetningu þess annað en að líklegast verður að telja að það hafi verið á eða við bæjarhól.

Grasi gróin tún eru á þessum slóðum. Talsvert er um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt umhverfis. Fiská rennur sunnan við túnið. Mikið er af heillegum rústum í túninu.

Engar leifar bænhúss sjást á yfirborði og ekki er lengur vitað hvar það stóð í túninu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM I, 231

RA-285:003 Strympa tóft fjárhús

63°48.161N 19°54.863V

Um 60 m norðan frá bænum 001 er merkt hús inn á túnakort frá 1917.



Tóft 003, horft til austurs

Tóft hússins er enn greinileg í vesturhlíð hæðar.

Grasi gróid tún, nokkuð um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt. Fiská rennur sunnan við túnið.


Húsið var sauðahús og reykkofi. Tóftin er um 4 x 3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggir eru mest um 1,65 m og virðist sem að aðeins þakið og hluti úr vesturvegg (hjá dyrunum) séu hrunin. Hrunið hefur inn í tóftina en þar dafnar gróður vel. Tóftin er byggð inn í hlíðina úr grjóti og torfi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:004 tóft útihús

63°48.191N 19°54.848V



Tóft 004, horft til austurs

lögunnar sinnar og hæðar og sker sig úr umhverfinu. Hún er um 5 x 7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru mest um 40 cm á hæð. Tóftin er tvískipt, syðra hólfið (A) er um 4 x 3 m að innanmáli og vel greinilegt, en það nyrðra (B) mun ógreinilegra og 3-4 x 1 m að innanmáli. Dyr hafa verið á norðurhlíð tóftarinnar á hólfi (A) en ekki er greinilegt op á hólfi (B) eða milli hólfa. Tóftin er út torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:005 heimild um útihús

63°48.203N 19°54.729V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m norðaustur af bæ 001 en engar leifar þess sjást lengur.

Mói fyrir norðan túnin.

Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum. Ágúst Sæmundsson og faðir hans breyttu túnunum um 1930 og er hugsanlegt að það sé ástæða þess að nú lendir þessi fornleif utan túns. Móinn norðan túnsins er frekar illa farinn og hugsanlegt að samblanda rofs og gróðurs hafi algjörlega eyðilagt útihúsið.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:006 tóft útihús

63°48.196N 19°54.686V



Tóft 006, horft til austurs



Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 130 m norðaustur af bæ 001. Þar sést enn (2008) tóft um 5 m suðvestan við túngarð 020.

Tóftin er í hólóttu en graslendu túni en norðaustan við tóftina taka við móar.

Tóftin er mjög heilleg, um 15 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í þrjú hólfa. Öll snúa þau suðaustur-norðvestur, með dyr á norðvesturhlíð en engin op á milli hólfa. Miðjuhólf tóftarinnar er niðurgrafið og veggir hlaðnir þaðan upp svo samtals er gröfturinn og veggurinn um 3 m að


hæð. Aðrir veggir eru um 1,5 m að hæð. Miðjuhólfið er um 4 x 6,5 m að innanmáli. Syðsta hólfið er um 3,5 x 6,5 m að innanmáli en nyrsta hólfið er um 2 x 6,5 m að innanmáli. Talsvert hrun er í öllum hólfunum en grjóthleðslur sjást mjög greinilega. Tóftin er úr torfi og grjóti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:007 tóft útihús

63°48.153N 19°54.696V



Tóft 007, horft til austurs

Vesturveggur hennar hefur hrúnið inn í tóftina sem er vel gróin að innan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 90 m austur af bæ 001. Tóft hússins er enn greinileg ofan gilmunna við Fiská.

Grasi gróid tún, nokkuð um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt. Fiská rennur sunnan við túnið.

Tóftin er vel greinileg, byggð úr torfi og grjóti og byggð inn í brekkuna. Tóftin er um 6 x 5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggheðslur eru mest um 2 m á hæð. Op er á miðjum vesturvegg tóftar.

RA-285:008 Hrappstadir tóft býli

63°47.909N 19°56.378V




Tóft 008, horft til vesturs

Í Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar segir: "Hreppstader (Smidiunes) er pláts nokkurt í Þorleifsstaða landi kallað, sem meinast í gamaldaga hafi bygt verið, og líka sjást þar merki til af rústum og girðingum, en enginn veit að segja nær eða hvar fyrir bygggingin af fjell. Kann ekki aftur byggjast vegna grass- og slægjuleysis." Á öðrum stað í sama riti segir: "Á millum Þorleifsstaða og Reynifells við Fiskaá eru nefndir Hrafnstader (ei ólíkara að Hreppstadir heiti, þar Njála nefnir bústað Hrapps því nafni)." Hrappstadir eru um 1,36 km vestur af bæ 001.

Hrappstadir eru syðst og fremst á Stóra-Smiðjunesi sem er grasi gróid nes. Sunnar eru malarflatar og Fiská. Í aðrar áttir eru móar.

FRIDLÝSTAR FORNMINJAR. Hrappstadir eru friðlýstar fornleifar. Í Friðlýsingaskrá segir: "Hrappstadarústir í Hrappstadanesi (Smíðju-nesi) norðanmegin Fiskár, móti norðurhorni Þríhyrnings." "Hrappsstadir kallast bæjarrúst í landi Þorleifsstaða þar sem heitir Smíðjunes, en það er láglandi vestan Fiskár norðnorðvestur af Þríhyrningi. ... Bærinn Hrappsstadir er nefndur í Njálu og virðist Þráinn Sigfússon á Grjóta þá hafa átt landið." Í riti Kristians Kálunds um íslenska sögustaði segir: "... þar eru tóftir, margar gamlar girðingar og gerði." Í greininni Rannsóknir sögustaða segir enn fremur: "Svo sem bæjarleið inn með Fiská, norðan undir Þríhyrningi, þar sem hann er hæstr, eru ákaflega miklar tóftarústir, fornar og stórar, og miklar girðingar, sem enda sýnist vera varnargarðar. Hér hefir því auðsjáanlega verið stórbýli. Þetta hygg eg [SV] verið hafa bæ Starkarðar ... Þessar rústir heita nú á Hrappsstöðum." Brynjúlfur Jónsson segir í grein sinni: "Heitir sá krókur Hrappsstaðanes. Í því er girðing mikil og í girðingunni vestarlega er bæjarrúst, nál. 20 fðm. löng og nál. 10 faðma breidd (að meðtöldum húsagarði). ... Nokkrum föðmum ofar er rúst af fjósi og heygardi. Er fjóstóftin rúmlega 8 faðm. að lengd og heygardurinn 8




faðm. að lengd og breidd, en honum er skift í tvent með þvergarði. Löngum spól vestar í girðingunni er önnur rúst, sem mér sýnist líklegast að verið hafi kot; þó getur raunar verið, að það séu fénaðarhúsatóftir, t.a.m. tvö fjárhús, heytóft og stekkur með lambakró." Af þessum bæ er aðeins eftir ein tóft en hugsanlegt er að Fiská hafi brotið land á þessum stað og hrífsað eitthvað af Hrappsstöðum með sér. Sjá má af gróðurfari líklega staðsetningu túngarðsins en hann sést ekki lengur. Tóftin sést ágætlega en er mjög sigin og erfitt er að greina innri skipan hólfa. Tóftin er um 26 x 10 m að stærð, snýr austur-vestur og virðist eingöngu úr torfi. Eitt hólf er greinanlegt í suðvestur horni tóftarinnar en það er mjög óskýrt. Virðist hólfíð vera um 4 x 3 m að innanmáli, norður-suður, með dyr til suðvesturs. Ólíklegt er að þetta sé sjálf bæjartóftin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM I, 231; Friðlýsingarskrá, 67; VS: Rangvellingabók, 187; KK I, 172; JÁM I, 278; SV: "Rannsóknir sögustaða" Árbók 1888-1892, 47-48; BJ: Árbók 1898, 22

RA-285:009 tóftir



Tóft 009, horft til suðurs

63°48.077N 19°56.700V

Í Rangvellingabók segir: "Smíðjunes er láglendi vestan Fiskár, norðnorðvestur af Þríhyrningi. Vestast í því og innan sama garðlags og umlykur tún á Hrappsstöðum [sjá 008] eru húsarústir fjórar, allvænar, sem Vigfús Guðmundsson frá Keldum tekur ekki ólíklegt að séu bæjarrústir, en geti þó verið leifar

útihúsa frá Hrappsstöðum." Tóftirnar eru um 200 m beint austur af því þar sem vegurinn 661:027 frá Reynifelli að Þorleifsstöðum beygir í suður

í átt að Fiská og liggur niður bratta í átt að Þorleifsstöðum. Þær eru um 1,56 km vestur af bæ 001 og um 400 m norður af Hrappsstöðum 008.

Í kring eru móar. Sunnar er deiglent en til norðurs eru mosavaxin hraun.

Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum: "Nærri vestast í nesi þessu [Smíðjunesi], innan garðs, um 20 faðma suður frá honum [008?], eru húsarústir fjórar, samanbyggðar og svo stórar, að vel gátu hæft hverju meðalbýli. Vegna þess hefi eg leyft mér að tölusetja þær sem sjálfstætt býli, annaðhvort í bróðerni með búendum á Hrappsstöðum eða á eftir þeim. En mögulegt er þó, að þarna hafi verið einhver útihús frá stóra býlinu, og þá helzt peningahús.. ... Húsin hafa staðið saman nálægt því í ferhyrning, tvö frammar og tvö að baki. Fremri húsin sýnast jafnvíð inni, 9 fet, og lík að lengd, 24-26 fet, en þó tekur vestra húsið nærri 2 faðma lengra fram með þykku gafflhaði og þykkur veggur á milli. Dyr sýnast vera sunnan á báðum, en austan á eystra bakhúsinu (12x15 fet), og húsin öll aðskilin með þykkum veggjum tvöföldum. Hitt bakhúsið sýnist um 13 fet á lengd og 6 á vidd og líklega innangengt í það, en dyr ekki sýnilegar." Um er að ræða eina tóft sem skiptist í fjögur hólf. Tóftin er sigin og er um 20 x 12 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur sem og öll hólf hennar. Erfitt er að fullyrða um stærð hólfanna vegna hve sigin tóftin. Hólfíð í norðausturhluta hennar virðist þó um 3 x 5 m að innanmáli, hólfíð í norðurhluta hennar er áþekkt eða um 3 x 5 m. Það hólf sem er norðurvestast er um 3 x 7 m að innanmáli og suðurhólfíð um 4 x 10 m.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: VS: Rangvellingabók, 532; VG: Árbók 1951-1952, 127-128

RA-285:010 Þorleifsstaðahellir hellir fjárhús

63°48.201N 18°54.466V



Hellir 010, horft til norðurs



Hellir 010, horft til suðurs

"Á Þorleifsstöðum er hellir, sem notaður var sem fjárhús meðan búið var þar. Hann er í Fiskárgilinu vestan árinna, rétt ofar en þar sem bærinn var," segir í Sunnlenskum byggðum. Hellirinn telst til friðlýstra fornleifa. Í friðlýsingarskrá segir: "Hellir manngerður skamt fyrir innan bæinn, í gljúfursbrún við Fiská. Sbr. Árb.1905: 52-53." Hellirinn er um 300 m ANA við bæ 001 og um 10 m sunnan við lambhús 045. Hellismunninn er fast við árgilsbakkann.

Hellirinn er á grónum árgilsbakka Fiskár.

FRÍDLÝSTAR FORNMINJAR. Í bókinni Manngerðir hellar segir um hellinn á Þorleifsstöðum:

"Þorleifsstaðahellir er í gilbarmi Fiskár, steinsnar fyrir ofan rústir bæjarhúsanna á Þorleifsstöðum. Hellirinn er grafinn í sendið smásteinótt móberg sem kemur fram undan hraunjaðrinum sem Fiská rennur niður með. Móbergið er beggja vegna gilsins og það er ekki harðara en svo að áin hefur átt auðvelt með að rjúfa það. Hellirinn er í hraunviki við ána svo hann gengur ekki inn undir hraunið sjálft. Móbergið er lítillega lagskipt og dálítið er um fylltar sprungur í því. Smáleki er í hellinum fremst. Hann er í góðu lagi þótt opinn standi fyrir veðri og vindum. Sárálítið hrun hefur orðið úr hellisloftinu. Engin forskáli er að helli þessum enda varla pláss fyrir hann því skammt frá munnanum er brött brekka niður að Fiská. Í stað forskála hefur verið hlaðinn veggur úr torfi og grjóti upp að munnanum og á honum eru dyr. Nú hefur veggurinn gengið saman þannig að nokkurt bil er frá ystu brún hans og upp í hellisrjáfrið. Vera má að þetta bil hafi verið klætt með jærnplötum en leifar þeirra sjást í veggjabrotunum. Hvelving hellisins er regluleg og bogalaga og hækkar í stórum dráttum eftir því sem innar dregur. Hellirinn er mjóstur um miðjuna og víkkar fram til opsins en þó meira inn til endans. Þótt bergið geti ekki kallast hart hefur það verið seinunnið með handverkfærum, meitil- og axarför sjást enn um allan hellinn. Við op hellisins er útskot vinstra megin. Það gæti auðveldlegast verið hluti af náttúrulegum skúta sem upphaflega var þarna. Allur er hellirinn mjög fornlegur. Innsti hluti hans virðist nokkru yngri en framparturinn því þar sjást för eftir meitla og axir skýrar en annars staðar í hellinum. Mikið er um för eftir bita og sperrur, naglar standa enn víða í veggjum. Innst í hellinum, fast framan við strompinn, eru för eftir tréþil sem ætti hafa náð til lofts og hólfað af innst tvo metra hellisins. Þetta hefur verið hlaða, en hún hefur tekið drjúgt af heyi því þarna er hellirinn bæði víðastur og hæstur og að auki kemst dágóð tugga fyrir í strompinum en hann er mikið mannvort. Móbergsþykktin þar í þakinu er 60-70 cm en síðan kemur vönduð hraungrýtis- og móbergshleðsla sem er víðust neðst og töluvert víðari en opið í móberginu. Hún er borghlaðin upp svo opið í hana efst er 50 cm vítt og lokað með hellum. Úti fyrir er strompurinn sem fallega hringhlaðin þúfa með gati í kollinn. Fast sunnan við hana er kofatótt [lambhús 045], 4x6 m² að utanmáli en 4,5x2,0 að innan, með dyr mót suðri, veggir stæðilegir, 2,0-2,5 m háir úr tóft. Dyrnar eru að byrja að síga saman, en mikil hellar er yfir þeim. Hleðslan í tóftargaflinum virðist vera hluti af stromphleðslunni. Sæmundur Jónsson bjó á Þorleifsstöðum 1918-1944. Þegar hann hóf búskap voru hvergi fjárhús á efstu bæjum á Rangárvöllum. Fjárnborgir voru til handa fé, en á Þorleifsstöðum var hellirinn. Fénu var alltaf gefið á stalla við kuml eða heybyrgi. Jötur voru ekki í borgunum og reyndar ekki í Þorleifsstaðahelli heldur. Sæmundur setti jötur í hellinn 1920. Þar eru þær enn meðfram veggjum beggja megin. Neðri hlutinn af bálkunum er hlaðinn úr ýmsu grjóti en jötubotninn er steypdur. Þar ofan á hafa verið trégrindur en lítið er orðið eftir af þeim nema einstaka stoðir. Bálkarnir eru að mestu hlaðnir úr sams konar grjóti og er í hellisveggjunum þótt þar megi finna harðari steintegundir, hraun eða jafnvel vatnsnúið grjót. Þorleifsstaðahellir tók 80 fjár að jötum. Sæmundur gróf einnig lokræsi í gólfið til að veita burt leka. Hellur sem enn sjást á gólfinu eru leifar ræsisins. Dýrlingsmyndin. Brynjúlfur frá Minna-Núpi kom í Þorleifsstaðahelli og skrifaði um hann í Árbók Fornleifafélagsins 1905. Athygli hans beindist þá mest að "dýrlingsmyndinni" í hellinum. Matthías Þórðarson skoðaði hellinn rúmum áratug síðar. Skrif þeirra um myndina sýna hve mismunandi augum þessir menn litu oft hlutina. Brynjúlfur segir: "Hið merkilegasta við hann er þó það, að úthöggvin mynd í umgjörð hefir verið á vestur-veggnum, nál. 4 3/4 al. frá gaflinum. Því miður er myndin nú eigi heil; burt er fallið höfuð líkneskjunnar og alt ofan á brjóst. Neðri hlutinn er hreinn, en nokkuð máður, því þar hefir verið sett jata með hellisveggnum og hafa horn kindanna nuddast við myndina. Þó sér enn fyrir kviðar-bungunni og klæðafellingum niður frá henni, einnig fyrir kápübörnum báðum megin til hliða. Umgjörðin er alheil og nokkurn vegin glögg. Hæð hennar er 2 al., en breidd út á brúnir 3/4 al. Hún er fallega bogamynduð að ofan og svo breiðar stoðir undir, nær 2 þuml. breiðar. Svo segir Böðvar bóndi Jónsson á Þorleifsstöðum, að í æsku hans var myndin heil, að því er hann bezt gat séð. En svo fór hann þaðan og var mörg ár annarsstaðar. Þá er hann kom aftur, tók hann eftir skemmdinni, sem myndin hafði orðið fyrir. En enginn gat sagt honum, hvernig það hafði atvikast. Mestar líkur þykja mér til, að manna höndum sé um að kenna, þó eg geti ekki fullyrt það. En hvernig sem á skemmdinni stendur, er að henni mikill skaði. Því af umgjörðinni og því, sem eftir er af myndinni, er helzt að ráða, að það hafi verið dýrlingsmynd og gæti þá enn bent til Papa." ... Matthías Þórðarson afgreiddi dýrlingsmyndina í fáum orðum. "Ca. 1 m frá stalli er á syðri veggnum "mynd" sú, er Br. J. getur um. Hún er nokkuð á ská, umgjörðin sporbaugsmynduð, lengd 1,15 m, breidd 53 cm Mun þetta vera náttúrunnar verk, en ekki manna". Að okkar mati er myndaumgjörðin ekki náttúrulegt verk, enda vandséð hvernig slíkt megi verða innan á tilhöggnum vegg. Þetta er sporöskjulagaður upphleyptur móbergsrammi, eilítið hallandi, 52x110 cm, en neðsti hluti myndarinnar hverfur bak við jötuna. Ramminn rís vel frá veggnum, einkum neðst, víða 10-15 cm, en efst er myndflöturinn sjálfur höggvinn dýpra inn í vegginn. Engin mynd er á því sem nú sést í rammanum; ekkert er því samt til fyrirstöðu að þar hafi verið einhverskonar myndverk en það hefur legið undir ágangi hornprúðra sauða og ógætinna manna. Það er erfitt að vísa á bug frásögn Böðvars bónda á Þorleifsstöðum að þarna hafi verið mannsmynd og Matthías Þórðarson rökstyður ekki niðurstöðu sína." Hlaðið hefur verið fyrir hellismunnann og dyr myndaðar inn í hann. Hleðslan er um 1 m há og um 2 m breið, austur-vestur, fyrir munnann. Hellirinn sjálfur er um 13x4 m stór, snýr norður-suður. Hann er um 2 m hár, upp í loft, þar sem hann er hæstur. Í norðvesturhorni hellisins er vel hlaðinn strompur upp úr hellisþakinu. Hann er alls um 2,5 m hár, topphlaðinn og þakinn torfi að utan. Strompurinn myndar, líkt og segir í Manngerðum hellum, austurhlið lambhústóftar 045. Á hellisgólfinu, fyrir neðan strompinn, hefur verið ruslað

saman eldstæði, en það er nýlegt. Jötur eru með báðum langveggjum hellisins, þær eru hlaðnar með steyptri plötu efst. Jöturnar eru um 0,5 m háar og um 0,4 m breiðar. Ágúst Sæmundsson sagði frá því að faðir hans [Sæmundur Jónsson] hafi byggt jöturnar í hellinum en að strompurinn væri forn. Víða hefur verið klappað í hellisvegginn en það er mest ólæsilegt. Sporöskjulagaði ramminn um myndina sem Brynjúlfur og Matthías lýsa er enn greinilegur en engin mynd er nú greinilega innan hans. Hellirinn var í notkun þar til að búskap var hætt á Þorleifsstöðum árið 1947.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB V, 14; Manngerðir hellar, 218-222; Friðlýsingarskrá, 67

RA-285:011 Þjófahellir hellir útilegumannabústaður

63°47.250N 19°54.446V



Hellir 011, horft til vesturs

"Í Þorleifsstaðalandi, í gili sunnan við svo nefnt Þjófholt, er hellir sem vart verður fundinn nema af kunnugum. Þar héldu til tveir útileguþjófar og er hellirinn kenndur við þá og nefndur Þjófahellir. Menn þessir hétu Þórður og Ögmundur Björnssynir. Þeir voru teknir af lífi á Þingskálalþingi árið 1744. Var þar síðasta aftaka er þar fór fram," segir í Sunnlenskum byggðum V. "Innra-Þjófholtsgil og Þjófholt eru við Þjófá. Fremst í Þjófholti er hár klettur, sem heitir Standur. Hann er klofinn frá sjálfu holtinu neðan frá jörð og upp úr, 7-8 m á hæð. Þjófholtsgil, Fremra- er framan við holtið. Þjófahellir er í brekkunni á móts við Stand," segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er 1,7 km fyrir norðaustan bæ 001 og 1,5 km norðan við túngarð 058.

Hellirinn er ofarlega í bröttu gili. Hlíðin er vaxin grasi og

mosa með stöku klettum.

Erfitt er að greina op hellisins fyrr en staðið er beint fyrir framan það. Kindastígar liggja í gilbrekkunni og liggja að hellinum sem er greinilega afdrep kinda. Op hellisins er hulið af klettadranga þegar komið er að honum. Opíð er um 0,7 m á hæð og verður að skríða þar inn. Opíð er í snarbrattri brekku til austurs. Grunnflötur hellisins er um 5x5 m en bálkur er þar fyrir aftan. Hægt er að standa uppréttur í hellinum, lofthæðin er um 2 m þar sem hún er hæst. Hægt er að sitja á bálkinum. Erfitt var að skoða hellinn nákvæmlega vegna myrkurs. Að sögn Ágústs Sæmundssonar var lofthæðin meiri inni í hellinum en má vera að kindatað hafi fyllt hafi upp í hann á síðustu árum. Hellirinn er nokkuð hringlaga og náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: SB V, 14; Ö-Þorleifsstaðir, 2

RA-285:012 hellir fjárskýli

63°48.201N 19°54.458V



Hellir 012A, horft til vesturs



"Þá eru á Þorleifsstöðum nokkrir skútar sem kindum var gefið í en geta tæpast talist til hella,"

segir í Sunnlenskum byggðum. Í Manngerðum hellum segir enn fremur: "Skútar. Lítil skúti, líklega að mestu náttúruverk, er við hliðina á Þorleifsstaðahelli og skilur grjóthleðsla þá að. Fyrir framan hann er hlaðinn garður úr torfi og grjóti og eru á honum dyr. Trúlega hefur þetta verið hrútakofi þeirra Þorleifsstaðabænda. Þar fyrir ofan er annar skúti með svipuðum umbúnaði en hann er þó líklega að mestu manngerður því grunnur hans og hvelving eru mjög regluleg. Enn innar er náttúrugerður stór skúti. Þar má sjá leifar af fjárbaði sem steypst hefur verið innst í honum, en það er nú að mestu fullt af taði og mold. Fleiri rústir eru inn með gílinu en þær eru allar mjög ógreinilegar. Ekki eru fleiri hellar þarna, ef frá eru taldir nokkrir náttúrulegir skútar handan árinna." Hlaðið hefur verið fyrir þrjá hellisskúta austan við Þorleifsstaðahelli. Vestasti skútinn er um 6 m austan við Þorleifsstaðahelli 010 en sá austasti um 30 m austan við fjárhellinn.

Hleðslurnar eru undir klettabrún á grónum gilsbakka Fiskár.

Hleðslurnar, A,B, og C eru á svæði sem er alls um 40x10 m stórt og snýr nær austur-vestur. Hleðsla A er vestast. Hún er um 8 m löng austur-vestur, fyrir skúta sem er um 8x4 m stór og snýr eins. Skútinn er lágur, hæstur um 1 m. Hleðslan er úr torfi og grjóti, hún er hæst um 0,8 m. Dyr eru á hleðslunni miðri, inn í skútann. Hleðsla B er fast austan við hleðslu A. Hún er um 7 m löng, austur-vestur, fyrir skúta sem er um 7x5 m stór og snýr eins. Hleðslan er úr torfi og grjóti og stendur hæst um 0,5 m. Dyr eru á hleðslunni inn í skútann, vestast. Hleðsla C er um 13 m austan við hleðslu B. Hún er um 10 m löng austur-vestur, fyrir skúta sem er um 9x5 m stór og snýr eins. Skútinn er opinn til vesturs. Hleðslan er úr torfi og grjóti og er hæst um 1,5 m. Austast í skútanum er steipt fjárbað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB V, 14; Manngerðir hellar, 218-222

RA-285:013 Þorleifsborgir tóftir fjárskýli

63°49.152N 19°57.030V



Fjárborg 013A, horft til suðurs




Fjárborg 013B, horft til austurs



Fjárborg 013C, horft til vesturs



Fjárborg 013D, horft til suðurs



"Mosar heitir flatlendið frá brúnum og út að Rangá, Melar út með Rangá vestanvert við Mosa; þar eru gamlar borgartóftir," segir í örnefnalýsingu. Fjórar fjárborgir eru á grasbala 100-150 m sunnan við Rangá og um 2,6 km norðvestan við bæ 001.

Borgirnar eru á grónum grasbala, vestan við Mosana. Umhverfis þær er upplásið hraun.

Borgirnar eru á svæði sem er alls um 24x14 m stórt og snýr austur-vestur. Þær eru í mjög misjöfnu ástandi en allar svipaðar að gerð, kringlóttar að grunnfleti og topphlaðnar. Borg A er best varðveitt. Hún er syðst á svæðinu. Borgin

er um 5 m í þvermál. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,6 m ef mælt er að utan en meiri hluti þekjunnar hefur hrunið inn í borgina og fyllt hana svo hleðslur hennar eru einungis um 0,7 m háar ef mælt er að innan. Dyr eru á borginni til norðvesturs. Borg B er um 15 m vestan við A. Hún er einnig um 5 m í þvermál og hleðslur hennar standa hæstar um 1,3 m. Þekjan hefur hrunið inn borgina og fyllt hana að hluta. Dyr eru á henni til norðurs.

Borg C er fast austan við borg B. Hún er minni, eða um 3 m í þvermál. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,1 m. Dyr eru á henni til norðurs. Borg D er um 5 m norðvestan við borg A. Hún er, líkt og borg A og B, um 5 m í þvermál. Hleðslur borgarinnar eru einungis um 0,3 m háar, 2 umför og ljóst að annað hvort hefur hún aldrei verið fullgerð eða grjót hefur verið tekið úr henni og notað í hinar borgirnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:014 *Stóragerði* gerði 63°48.106N 19°55.052V
"Stóragerði, Litlagerði [015] og Nýjagerði [016] eru öll í túninu og eru öll eldri og yngri útfærslur á túninu," segir í örnefnalýsingu. Stóragerði er um 220 m vestan við bæ 001.

Stóragerði var innan túns vestan við bæ.

Á Stóragerði sést aðeins sá veggur sem liggur norður-suður milli túngarða 057, til norðurs, og 058, til suðurs. Gerðið er greinilegt og vegghleðslan er mest um 0,3 m og er mjög sigin. Hvorki sést grjót í hleðslu né op á gerðinu. Veggurinn er um 60 m langur og um 2 m breiður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:015 *Litlagerði* gerði 63°48.126N 19°54.975V
"Stóragerði [014], Litlagerði og Nýjagerði [016] eru öll í túninu og eru öll eldri og yngri útfærslur á túninu," segir í örnefnalýsingu. Litlagerði er um 150 m vestur af bæ 001, milli hans og Stóragerðis 014.

Í túni vestan við bæinn.

Gerðið er sjáanlegt þar sem vegur 661:027 að bænum liggur yfir það. Þaðan má greina gerðið í um 20 m til suðurs áður en það beygir í um 90° til austurs. Gerðið hverfur eftir 15 m. Gerðishleðslan er um 2 m að breidd en nánast alveg útflött, aðeins um 0,1 m á hæð þar sem alhæst er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:016 *Nýjagerði* örnefni túngarður
"Stóragerði [014], Litlagerði [015] og Nýjagerði eru öll í túninu og eru öll eldri og yngri útfærslur á túninu," segir í örnefnalýsingu. Ágúst Sæmundsson kannaðist ekki við örnefnið. Hann taldi þó líklegt að Nýjagerði hafi verið við Stóragerði 014 og Litlagerði 015. Allt svæðið umhverfis bæ 001 sem var innan túns var gengið og hvergi sáust minjar sem gætu verið hluti af Nýjagerði.

Engin ummerki um Nýjagerði fundust á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:017 *Stöðull* örnefni kvíar 63°48.139N 19°55.014V
"Stöðull heitir fremst í túninu og Mói suðvestur með Fiská," segir í örnefnalýsingu. Svæðið fyrir norðan Stóragerði 014 var kallað Stöðull að sögn Ágústs Sæmundssonar. Á svæðinu mótar hvorki fyrir tóftum né öðrum mannvirkjum. Stöðullinn var um 170 m vestan við bæ 001.

Þar sem stöðullinn var er nú slétt, grasivaxið tún.

Engin ummerki mannvirkja á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:018 *Djúpavað* heimild um vað 63°47.860N 19°55.768V
"Djúpavað heitir vað á Fiská, þar sem Þjófá rennur í hana. Djúpavaðstangi við Fiská aðeins innan við Þjófá," segir í örnefnalýsingu. Djúpavað er um 400 m suðvestur af bæ 001.

Vaðið var á Fiská sem rennur í gegnum graslendi á þessum slóðum en malarbakkar eru við ána.

Ekki sjást greinileg merki vaðsins eða slóðar að því.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:019 *Smiðjunes* örnefni smiðja 63°48.085N 19°56.721V
"Hrafnstaðatangi, eða Raff[n]sstaðatangi, er norður af Hrafnatanga. Smiðjunes þar vestur frá, Smiðjunesbrún er í suðvestur frá Smiðjunesi," segir í örnefnalýsingu. Á þessum slóðum fannst aðeins ein tóft 009 og er vel mögulegt að smiðjutóftin hafi verið á sama stað. Ef ekki, virðast leifar um hana alveg horfnar. Svæðið er um 200 m beint austur af því þar sem vegur 661:027 frá Reynifelli að Þorleifsstöðum beygir í átt að Fiská og liggur niður bratta í átt að Þorleifsstöðum, sem er um 1,56 km austur af 019.

Litla Smiðjunes er mólent. Sunnan þess er deiglendi en norðar eru mosavaxin hraun.

Engar aðrar tóftir en 009 er að finna á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ó-Þorleifsstaðir, 1

RA-285:020 *Eldri túngarður* garðlag túngarður 63°48.171N 19°54.589V

Leifar af tveimur túngörðum sjást á Þorleifsstöðum. Sá garður sem er eldri hefst á sama stað og sá yngri 029, 170 m austur af bænum 001, við akveginn inn að Rauðnefsstöðum.


Grasi gróin tún eru á þessum slóðum. Talsvert er um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt umhverfis. Fiská rennur sunnan við túnið.

Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann er um 1 m að breidd og 1 m að hæð. Garðurinn markar af um 550 x 120 m stórt svæði og liggur til norðausturs. Garðurinn liggur um 50-70 m sunnan við þann yngri 029 í um 50 m en þá hverfur hann. Garðurinn birtist svo aftur um 70 m norðar og liggur þá í vestur. Garðurinn beygir svo aflíðandi í suður. Um 230 m suðvestar beygir hann svo aftur til vesturs. Þannig heldur hann áfram í 320 m þar til hann endar í gerði við rétt sambyggða túngarði 029.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-285:021 *Einarsborgir* tóftir fjárskýli

63°48.095N 19°57.397V



Fjársborg 021A, horft til suðurs



Fjársborg 021C, horft til suðurs



Fjársborg 021B, horft til suðurs

"Skyggvir heitir stór hóll við götuna [661:027] fram að Reynifelli. Við þann hól eru borgir, nefndar Einarsborgir," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn Skyggvir er um 2,23 km vestur af bæ 001 og er um 20 m beint norður og upp af vegi 661:027.

Graslendi og melar eru allt í kringum Skyggvi en mosavaxið hraun tekur svo við til norðurs.

Á og við Einarsborgir eru þrjár tóftir, á 120 x 90 m stóru svæði sem snýr austur-vestur. Austasta tóftin, A, er um 100 m austur af Skyggvi. Hún er nánast hringlaga og 5 m í þvermál. Tóftin er byggð úr torfi og hraungrýti. Veggir hennar eru mjög greinilegir, um 1m háir og hafa lítið hrúnið og op er á norðurhlið þeirra. Svo virðist sem fyllt hafi verið upp í tóftina. Vestasta tóftin, B, er um 20 m vestur af Skyggvi og um 120 m vestur af A. Hún er ferhyrningslaga, um 5 x 8 m stór og snýr norður-suður. Op er á norðurhlið hennar. Hún er úr torfi og hraungrýti og sjást hleðslur greinilega þó mikil gróska sé innan hennar. Hrun er sjáanlegt bæði innan tóftarinnar og utan hennar en veggir eru mest um 1,9 m. Þessi tóft er af fjárhúsum. Nyrsta tóftin, C, er um 90 m norður af Skyggvi

og er mjög lík borg A sem áður er lýst. Hún er um 90 m norður af B. Tóftin er hringlaga og um 5 m í þvermál. Þessi tóft er aðeins um 0,6 m há og ekki hefur verið fyllt í hana, ólíkt A. Op er á norðurhlið. Hrun er bæði utan tóftarinnar og innan hennar. Þessi tóft er af heygeymslu. Vel er gróið innan tóftarinnar og utan hennar en um 2 m norðan við hana tekur við ógróið svæði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1-2

RA-285:022 Háaból hleðsla rétt

63°47.486N 19°56.163V




Hleðsla 022, horft til SSV

"Efst í Hamragili er Háaból, en neðst, sunnan megin Nefból," segir í örnefnalýsingu. Nefból er náttúrulegur hellisskúti samkvæmt Ágústi Sæmundssyni og er hann því ekki skráður en hlaðið hefur verið fyrir Háaból og lítil rétt mynduð á gilbrúninni. Réttin er um 420 m SSV við rétt í Hrafnagili 050 og um 240 m ofan, sunnan, við Veitu, sjá 038. Háaból er um 1,7 km suðvestan við bæ 001.

Réttin er á gróinni syllu ofarlega í gilbrún Hamragils.

Austar hallar landi bratt niður að ánni sem



rennur í gilinu og að vestan eru brattar hlíðar Þríhyrnings.


Réttin er um 5x3 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er einföld, hlaðin á lítilli syllu í gilinu ofarlega, vestarlega, sunnan við lágan hellisskúta. Hleðslurnar eru úr grjóti, mest 4 umför, með torfi ofan á. Þær eru hæstar um 1,2 m. Dyr eru á miðjum austurvegg réttarinnar en þar fyrir framan er rétt hægt að fóta sig þar sem bratt er niður á ánni sem rennur í gilinu. Skútinn er mjög lágur en virðist vera nokkuð djúpur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 2

RA-285:023 hleðsla rétt

63°48.111N 19°55.255V



Rétt 023, horft til VSV

Rétt er um 200 m vestan við Stöðul 017, tæpa 250 m norðvestan við akra 037 og um 375 m vestan við bæ 001. Tóftin er á mörkum hrauns og gróins túns.

Réttin er í grónu mosavöxnu hrauni sem hefur blásið upp. Hraungrýti stendur víða upp úr sverði og sandur inn á milli.

Réttin er 19 x 9 m stór og snýr austur-vestur. Hún er gerð úr hraungrýti og eru veggirnir um 1,6 m á hæð. Suðurhliðin er þó náttúruleg, þar er hlaðið meðfram grónum bakka upp við hraunbrún. Réttin skiptist í þrjú hólf. Hólf I er austast í tóftinni, er 9 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er í norðurhorni inn í hólf II. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást

sex umför af grjóti í þeim. Hólf II er vestan við hólf I, er 8 x 7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 1,6 m á hæð og sjást sjö umför af grjóti þar. Tveir inngangar eru í hólfinu, sá fyrri í hólf I sem áður var lýst. Annar inngangur í hólf III er í norðurhorni. Hólf III er vestan við hólf II, er 9 x 8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,3 m á hæð og sjást fjögur umför.

Hættumat: engin hætta

RA-285:024 hleðsla rétt

63°48.221N 19°54.403V

"Smágil heita öll giln frá Maragili og fram að Holtsmýri. Í fremstu Smágiljum efst er Votikrókur, en Holtsmýri



Hleðsla 024. horft til vesturs

Vestur. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru báðir um 4 m langir og um 0,4 m háir. Dyr eru nyrst á báðum veggjahleðslunum inn í réttina. Réttin er að öllum líkindum ekki fornleif í lagalegum skilningi þar sem miðað er við minjar 100 ára og eldri. Þar sem hún er byggð úr torfi og grjóti er hún til vitnis um forna byggingarhefð og búskaparhætti og er því skráð hér.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

heitir mýrin, sem liggur niður að Fiská móts við Bólafoss," segir í örnefnalýsingu. Hlaðin rétt á milli kletta er neðan, vestan við Bólafoss, uppi í hlíðinni. Norðan við þá brún sem hellar 012 og Þorleifsstaðahellir 010 eru sunnan undir. Hleðslan er tæpum 650 m austan við Þorleifsstaðahelli 010.

Réttin er á grösugum bakka Fiskárgils.

Ágúst Sæmundsson, fæddur 1923, sagði að bróðir sinn hafi byggt þessa rétt. Hún er gerð úr tveimur veggjahleðslum sem liggja norður-suður á milli kletta. Hleðslurnar og klettarnir mynda rétt sem er um 12x5 m stór og snýr austur-



Hleðsla 024

RA-285:025 *Torfrófa* örnefni rista

63°48.018N 19°54.575V

"Smágil heita öll gilin frá Maragili og fram að Holtsmýri. Í fremstu Smágiljum efst er Votikrókur, en Holtsmýri heitir mýrin, sem liggur niður að Fiská móts við Bólafoss [sjá 024]. Torfrófa; Stekkjagil [026] liggur frá henni í Fiská," segir í örnefnalýsingu. Torfrófa er flatlent mosavaxið svæði norðan og austan við Stekkjargil (sjá 026), sunnan Fiskár. Torfrófa er um 300 m SSA við bæ 001.

Torfrófa er votlend, vaxin mosa og berjalyngi.


Engin ummerki torfristu sáust í Torfrófu. Líklegt er að þaðan hafi einhvern tíma fengist ágætis rista en ummerki torfristu gróa fljótt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:026 *Stekkjagil* tóft stekkur

63°48.062N 19°54.141V



Tóft 026



Tóft 026, horft til suðurs

"Smágil heita öll gilin frá Maragili og fram að Holtsmýri. Í fremstu Smágiljum efst er Votikrókur, en Holtsmýri heitir mýrin, sem liggur niður að Fiská móts við Bólafoss [sjá 024]. Torfrófa [025]; Stekkjagil liggur frá henni í Fiská," segir í örnefnalýsingu. Efst, syðst, í Stekkjargili er lítil þúst. Hún er um 560 m suðaustan við bæ 001 og um 370 m suðaustan við helli 010.

Þústin er í votlendum hvammi. Vestan við hana er Holtsmýri en norðar og austar er sléttur völlur að Fiská.

Þústin er vaxin berjalyngi og mosa og sker sig úr umhverfinu sem er vaxið grasi og starargróðri. Engar skýrar hleðslur eru á þústinni en tverr óskýrar dældir í henni benda til að hún hafi verið tvískipt. Þústin er um 7x4 m stór og snýr norðvestur-suðaustur, hún er um 0,5 m há. Ágúst Sæmundsson, fæddur 1923, og uppallinn á Þorleifsstöðum kannaðist vel við örnefnið Stekkjargil en minntist ekki neinna stekkjárústa við gilið. Þústin er mjög sigin og eflaust langt síðan stekkjað var þar síðast.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:027 tóft útihús

63°48.149N 19°54.982V



Tóft 027, horft til austurs



Tóft er um 70 m vestur af bæ 001 í heimatúninu. Tún hækkar til norðurs en þar er talsvert af hólum. Tóftin er á mörkum hóla og túns í svolitlum halla. Tóftin er 7 x 5 m að stærð, einföld, og snýr austur-vestur. Frá austurgafli hennar gengur garður upp til norðurs en beygir til

vesturs eftir um 1 m. Tóftin er greinileg, úr torfi og grjóti en grjóthleðslur sjást vel innan í tóftinni. Innanmál tóftarinnar er um 5 x 3 m. Op hefur verið á vesturgafli tóftarinnar en þar hefur hrúnið mikið úr henni. Veggir eru annars mest 2 m á hæð. Tóftin hefur án efa verið e.k. útihús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:028 *Hjáleigubakki* örnefni býli

63°48.245N 19°53.691V

"Hjáleigubakki og Hjáleigugil eru innst í Reynifellsstykki," segir í örnefnalýsingu. Reynifellsstykki er skiki í landi Þorleifsstaða, austan bæjar, handan Fiskár, sem tilheyrði Reynifelli. Svæðið er um 950 m austan við bæ 001.

Hjáleigubakki er þýft, votlent graslendi, innst, norðaustast, í Reynifellsstykki

Engar tóftir, þústir eða annað sem gæti bent til hjáleigu fundust á vettvangi á Hjáleigubakka eða við Hjáleigugil.

Ágúst Sæmundsson, fæddur 1923 og uppalinn á Þorleifsstöðum kannaðist ekki við að þar hafi verið rústir.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3

RA-285:029 *Yngri túngarður*

tóft+garðlag túngarður

63°48.148N 19°55.134V



Yngri túngarðurinn hefst á sama stað og sá eldri, um 170 m austur af bænum 001, við akveginn inn að Rauðnefsstöðum. Sambyggð rétt er um 270 m vestur af bænum 001 og er gerði byggt við réttina. Réttin var hlaðin um 1930.

Norðvestan við túnið taka við melar og svo ógróið hraun en tún eru suðaustan við réttina. Grasi gróin tún eru á þessum slóðum. Talsvert er um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt umhverfis. Fiská rennur sunnan við túnið.

Garðurinn markar af um 390 x 320 m svæði sem eru tún Þorleifsstaða og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er um 1 m að hæð og breidd, vel gróinn og hlaðinn úr torfi og grjóti. Garðinn má fyrst greina hjá eldri garði 020. Þaðan liggur hann í um 200 m norður en um helmingur þeirrar hliðar er aðeins grjóthleðsla. Eftir 200 m til norðurs beygir garðurinn til vesturs og liggur svo 320 m áður en hann beygir til suðurs. Á þessum slóðum er eyða í garðinn á um 30 m kafla. Um 110 m suður af horni túngarðs liggur vegur 661:027 í gegnum garðinn. Um 250 m suður af sama horni skiptist garðurinn. Annar armurinn heldur áfram til suðurs í 140 m í viðbót, að bökkum Fiskárinnar og þá til austurs. Hinn armurinn liggur til austurs. Frá hliðinu liggur garðurinn í um 320 m að bænum 001. Garðurinn hefur verið girtur til norðurs, austurs og frá norðvestur horninu til réttarinnar. Þessi garður var hlaðinn um 1930 og telst því ekki til fornleifa í lögbundnum skilningi þar sem miðað er við mannvirki 100

ára og eldri. Hann byggir hins vegar á fornri byggingarhefð og -efni og er því skráður sem fornleif hér. Sambyggða réttin er um 20 x 12 m stór og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og eru hleðslur mest um 1,5 m á hæð. Réttin er tvískipt og er innra hólfið, sem er norðar, um 5 x 4 m að innanmáli. Það snýr norður-suður. Ytra hólfið, sem er sunnar er 11 x 8 m að innanmáli og snýr eins og það innra. Dyr eru milli hólfaanna upp við túngarðinn, á nyrðri vegg ytra hólfsins, og inn í ytra hólfið frá gerðinu um 4 m frá túngarðinum, á syðri vegg hólfsins. Lítið sem ekkert er um hrun í réttinni sem hefur verið girt ofan á veggjunum. Gerði er byggt sunnan við réttina og er það um 40 x 30 m að stærð. Það er einnig úr torfi og grjóti og eru hleðslur þess



Garðlag 029, horft til vesturs



Tóft 029, horft til vesturs

mest um 50 cm á hæð. Hleðslur í réttinni sjást mjög vel en gerðið eru hleðslur alveg grónar. Á nokkrum stöðum eru op eða eyður í gerðið. Gerðið telst ekki til fornleifa í lagalegum skilningi (þar sem miðað er við mannvirki 100 ára og eldri) en var byggt í anda eldri byggingarstíls og úr slíku efni og er því hér skráð með fornleifum.

Hættumat: engin hætta

RA-285:030 *Heyvaðsflöt* örnefni vað

63°48.319N 19°53.613V

"Stóristeinn er við Fiská austan megin, framarlega móts við túnið. Heyvaðsflöt er vestan við Fiská. Heyvaðsflatahraun þar framar, austan við ána," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var um 1 km austur af bæ 001. Heyvaðsflötin er grasivaxin flöt við Fiská.

Ekki sjást merki um vaðið sjálft né leið að Fiskánni en hún er nokkuð lygnari á þessum stað en annarsstaðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 3-4

RA-285:031 *Fjósabali* heimild um kálgarð

63°48.137N 19°54.803V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við bæinn 001 og var aðeins gangvegur á milli. Kálgarðurinn var á sléttu sem kallast Fjósabali.

Grasi gróin tún eru á þessum slóðum. Talsvert er um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt umhverfis. Fiská rennur sunnan við túnið.

Kálgarðurinn er nú horfinn en samkvæmt túnakorti frá 1917 hefur hann náð frá tröðunum 036 til enda bæjarins 001. Þannig má ætla að hann hafi verið um 20 m langur og um 10-15 m breiður. Seinustu ábúendur létu slétta kálgarðinn og byggja annan við enda bæjarins (sjá 001). Nafnið Fjósflöt gæti bent til að fjós hefði verið á þessum slóðum þó e.t.v. sé líklegast að sléttan hafi einfaldlega dregið nafn sitt af fjósinu sem var í bæjarþyrpingunni (sjá 001).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:032 *Borgilssteinn* frásögn huldufólksbústaður

63°48.566N 19°56.026V

Þorgilssteinn er um 200 m vestan við Borgartóft 035 í Borgarvíki og 1,3 m norðvestan við bæ 001. Steinninn er stórt grettistak. Ágúst Sæmundsson, fæddur 1923 og uppalinn á Þorleifsstöðum, sagði frá því að fólk hafi talið sig sjá ljós í steininum og talið að huldufólk byggi þar.

Steinninn er í mosavöxnum móa. Vestan við hann er blásið hraun.

Steinninn er gríðarstór um 7 m langur austur-vestur, um 2 m breiður og rúmlega 2 m hár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:033 gata leið

63°48.257N 19°54.739V

"Hundavörðuhólar eru beggja megin við Skollagróf, við götuna, sem liggur að Fossi," segir í örnefnalýsingu. Gata frá Þorleifsstöðum að Fossi liggur norðan við túngarðinn 058, norðan tóftar 006, yfir Skollalág, milli Hundavörðuhóla, sunnan við Grákall (grettistak) og niður í Grákallsvík. Hundavörðuhólar hafa hugsanlega hlotið nafn sitt af því að þeir vörðuðu leiðina milli Þorleifsstaða og Foss en ekki er um eiginlegar vörður að ræða heldur eru þeir klettadrýli sem standa upp úr móanum.

Gatan liggur úr túninu á Þorleifsstöðum um grasivaxinn móa og gróið hraun.



Leið 033, horft til norðurs

Gatan er greinileg langleiðina frá Þorleifsstöðum niður í Grákallsvík, þar sem hún hverfur. Mest sjást um 3-4 skorningar en allvíða er einungis um 1-2 djúpa skorninga að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:034 *Byrgisvík* örnefni BYRGI

"Byrgisvík heitir hvammur inn í brúnina vestur af Litla-Grákalli," segir í örnefnalýsingu. Leið 033 frá Þorleifsstöðum að Fossi var gengin að Grákolli og niður Grákallsvík. Á þessum slóðum eru allmörg vik inn í hraunbrúnina en engar hleðslur fundust í þeim eða önnur mannvirki. Ágúst Sæmundsson, fæddur 1923 og uppallinn á Þorleifsstöðum, kannaðist ekki við örnefni Byrgisvík né að byrgi hafi verið á þessum slóðum.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4

RA-285:035 *Borgartóft* tóft fjárskýli



Borgartóft 035, horft til austurs



63°48.532N 19°55.803V

"Borgarvík er sunnan í brúnina; þar í smánefi er Borgartóft," segir í örnefnalýsingu Þorleifsstaða. Í örnefnalýsingu Rauðnefsstaða segir ennfremur: "Vestar Brúnir, 3ja hraunbrúnin úr Heklu neðan frá, grösug brún með mörgum vikum. Messuvík, Litlavík, Borgarvík og Grákollsvík." Borgartóftin í Borgarvíki er um 200 m

austan við Þorgilsstein 032 og um 1,1 km norðvestan við bæ 001.

Borgin er á grónu nefi, nyrst og vestast í Borgarvíkinu. Vestar eru mosavaxnar flatir, Mosarnir.

Borgartóftin er einföld, nær hringlaga, um 7x5 m stór og snýr suðaustur-norðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og hraungrýti. Dyr eru á henni til vesturs og dyrahellan rétt hangir yfir þeim. Borgin hefur verið topphlaðin en nú hafa hleðslurnar að mestu leyti hrunið ofan í hana. Þær eru hæstar um 0,7 m háar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 4; Ö-Rauðnefsstaðir, 9.

RA-285:036 gata traðir

63°48.116N 19°54.802V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir frá bænum 001 suður að Fiská.

Grasi gróin tún eru á þessum slóðum. Talsvert er um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt umhverfis. Fiská rennur sunnan við túnið.

Traðirnar lágu frá bænum 001, þar sem hlaðið er beggja vegna þeirra, og suður að Fiská. Þar verða þær að ökuslóða sem liggur meðfram túngarði 058. Norðaustur af bænum 001 eru traðirnar einfaldur hestaslóði sem sameinast svo vegi 661:027. Traðirnar eru um 20 m langar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-285:037 hleðsla akur

63°48.030N 19°55.018V

Akurléifar eru friðlýstar í landi Þorleifsstaða. Um þær segir í Friðlýsingaskrá: "Sáðgirðingar tvær fyrir neðan túnið, samfastar." Lítið er nú eftir af þessum leifum en þó sést enn sæmilega skýrt garðlag á svæðinu og mögulega mótur fyrir fleirum. Garðlagið er um 70 m fyrir norðan Fiská, tæpum 300 m suðvestan við bæ 001 og túngarður 056 er skammt norðar.

Garðlögin eru í grónum móa. Hann er vaxinn mosa og grösom. **FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR.** Brynjúlfur Jónsson skoðaði gerðin í lok 19. aldar. Í grein hans í Árbók segir: "Nú í sumar (1894) sá ég fyrir neðan túnið á Þorleifsstöðum tvær girðingar, sem líta út fyrir að vera sams konar. Þær eru samfastar, aðskildar með garði. Þeim hallar mót suðri og er einn garður fyrir báðum að neðan, en að ofan tekur eystri girðingin lengra upp eftir. Hún er öll stærri; nál. 10 föm. upp og ofan, en 12



Hleðsla 037, horft til vesturs

fðm. frá austri til vesturs. Vestri girðingin er um 8 fðm. á hvorn veg. Smátóftir eru í suðausturhornum veggja. Í vesturgirðingunni er hún 3 fðm. á hvern veg, en í austurgirðingunni er hún vel 3 fðm. vestur með niðurgarðinum, en aðeins 2 fðm. breið, og svo er að sjá sem hún skiftist í tvo hluta. Auk þess er austan við austurgirðinguna löng og mjög girðing, heldur óglögg: Hún er varla 2 fðm. breið, en hér um bil 7 fðm. löng (upp og ofan). Hér getur nú ekki verið um skjólkvívar að ræða. ... Mér datt því í hug, að þetta væri fornir náthagar og smátóftirnar í hornunum mjaltakvíatóftir. ... Komst ég að þeirri niðurstöðu að girðingarnar hefði án efa verið akrar, eða einhvers konar sáðreitir, og smátóftirnar gróðrastúur, vermireitir eða þess háttar." Nú (2008) er svæðið mjög þýft og allar hleðslur sokknar og úflattar. Þar sést þó eitt garðlag greinilega. Það er um 5 m langt, 0,3 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það er mosavaxið og sokkið. Það liggur austur-vestur. Önnur garðlög eru mögulega á svæðinu, það sjást beinar línur í þýfinu og sem bakkar í jarðveginum. Ágúst Sæmundsson taldi að minjarnar væru rétt, kálgarður eða akrar. Svæðið var álíka sokkið og þýft eins og þegar hann bjó á Þorleifsstöðum. Mögulegt er að mannvirki á þessu svæði mætti greina betur snemma vors, áður en gróður nær sér á strik.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Friðlýsingarskrá, 67; BJ: "Forn gerði hjá Þorleifsstöðum." Árbók 1905, 55-56

RA-285:038 *Veita* heimild um áveitu

63°47.616N 19°56.133V



Veita 038, horft til norðausturs

Í grein Helgu Skúladóttur um örnefni í Þríhyrningi í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1933-36 segir: "Fyrir vestan hólinn [Flaghólinn] er Flaghólgil; það liggur ofan- úr fjallinu og niður að Fiská, gróið að neðanverðu. En austur af honum eru mýrardrög, og sér þar til gamalla veitustokka. Hefir mýrin hlotið nafnið Veitan af þeim jarðarbotum." Veitustokkarnir eru friðlýstar fornleifar. Í friðlýsingarskrá segir: "Vatnsveituminjar á Veitu og Harðavelli [040] norðaustanundir Þríhyrningi." Veitan er um 800 m suðaustan við Mótanga 039 og um 1,5 km VSV við bæ 001.

Veitan er alltórt mýrarsvæði vaxið grasi og starargróðri, efst, suðvestast í henni renna kræklóttar mýrarsprænur.

FRÍDLÝSTAR FORNMINJAR. Ekki sér til veitustokka í Veitunni. Áveituminjarnar hafa líklega horfið í gróður eða fyllst af framburði

mýrarlækja í tímans rás.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Friðlýsingarskrá, 67; HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 21-22.

RA-285:039 *Mótangi* náma mógrafir

63°47.845N 19°56.981V



Mógrafir 039, horft til vesturs

Í grein Helgu Skúladóttur um örnefni í Þríhyrningi í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1933-36 segir: "Með Fiská er sléttlendur og þurr grasvöllur, sem heitir Harðivöllur. ... Á Harðavelli er mótak, og er mórinn 9 stungulög, en mjög djúpt er niður að honum. Tanginn sem mórinn er tekinn í, nefnist Mótangi." Mótangi er í suðurhlíð Þríhyrnings við Fiská á móts við stóra Smiðjunes, 019, norðan ár. Enn sér móta fyrir mógröfum um 1,9 km VSV við bæ 001.

Mógrafirnar eru fast við árbakkann. Sunnan þeirra er sléttur, gróinn völlur í hlíðum Þríhyrnings en handan, norðan, árinna eru hálfgrónar eyrar.

Árbakkinn er 3-4 m hár í Mótanga. Grafirnar eru á um 60x20 m stóru svæði sem snýr austur-vestur. Þær eru um 5 samhlíða, 1,5-2 m djúpar. Grafirnar eru að hluta fallnar saman,

óreglulegar og þýfðar líkt og árbakkinn er á þessum slóðum. Ágúst Sæmundsson hélt að mór hafi verið tekinn í Mótanga þar til á fjórða áratug 20. aldar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 21

RA-285:040 *Harðivöllur* heimild um áveitu

63°47.809N 19°56.949V

"Með Fiská er sléttlendur og þurr grasvöllur, sem heitir Harðivöllur. Þar sér til gamalla veitustokka," segir í grein Helgu Skúladóttur um örnefni í Þríhyrningi í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1933-36. Veitustokkarnir eru friðlýstar fornleifar. Í friðlýsingarskrá segir: "Vatnsveituminjar á Veitu [038] og Harðavelli norðaustanundir Þríhyrningi." Harðivöllur er um 800 m norðvestan við Veitu 038 og tæpum 2 km vestan við bæ 001.

Völlurinn er sléttur og gróinn með stórum björgum næst fjallinu. FRIDLÝSTAR FORNMINJAR. Engin ummerki veitustokka sjást á Harðavelli. Syðst á velli, næst fjallinu eru bugður sem þó eru líklega grónar skriður fremur en grónir veitustokkar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Friðlýsingarskrá, 67; HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 21

RA-285:041 gata leið
63°48.185N 19°54.505V

Vagngötur liggja frá bæ á Þorleifsstöðum 001 til austurs að Rauðnefsstöðum 286:001. Götuskorningar greinast frá vagnveginum suður að Þorleifsstaðahelli 010.

Göturnar liggja á grasivöxnu svæði.

Vagnvegurinn hefur verið keyrður á síðari tímum og er nú tvö djúp hljólför, en greina má reiðgötur samhliða honum sumstaðar. Gatan sem liggur frá veginum niður að hellinum er einfaldur stígur.

Hættumat: engin hætta

RA-285:042 frásögn vað

Ágúst Sæmundsson, fæddur 1923 og uppalinn á Þorleifsstöðum sagði frá vaði á Fiská, ofan, austan við Heybandfoss og vestan við vað við Heybandsflatir 030 þar sem einnig var farið yfir ána með heybandslestir frá engjum sunnan árinna og að bæ 001.

Á þessum slóðum rennur áin í grónu gili, bakkar hennar eru lágir en hækka bratt upp úr gilinu.

Þar sem vaðið var er malareyri í ánni og hún fremur grunn. Sunnan ár má sjá kindaslóða skáhallt upp úr gilinu, e.t.v. þar sem heybandslestin hefur komið niður að ánni. Engin ummerki leiðarinnar sjást norðan árinna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 22

RA-285:043 Þorleifsstaðaból heimild um fjárskýli

"Niður af þeim [Smérbrekkum austan í fjallinu], en suður af Veitunni er Þorleifsstaðaból. Það er allstórt, tekur um 100 fjár; voru þar hafðar kindur frá Þorleifsstöðum, einkum framan af vetri, fram á síðustu ár," segir í grein Helgu Skúladóttur um örnefni í Þríhyrningi í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1933-36. Gengið var í austurhlíðum Þríhyrnings, yfir Veituna 038 og suður yfir Smérbrekkur með gilinu. Ekkert mannvirki sem passar við lýsingu Helgu Skúladóttur fannst á þessum slóðum. Rétt 050 er austan við Veituna, ekki sunnan við hana, og Háaból 022 er sunnan, ofan, við Smérbrekkur. Þessi mannvirki eru einnig bæði of lítil til að 100 fjár hafi rúmast í þeim. Allnokkrir skútar eru í árgiljunum í austurhluta Þríhyrnings en hvergi sáust hleðslur við þá sem gætu bent til að svo margt fé hafi verið haft þar. Helga Skúladóttir gæti hugsanlega átt við réttirnar á Hrafnsefinu, sjá 049.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: HS: "Örnefni í Þríhyrningi" Árbók 1933-1936, 22

RA-285:044 tóft útihús



Tóft 044, horft til austurs



63°48.148N 19°54.736V

Tóft er um 230 m austan við Stöðul 017, um 430 m austan við rétt 023 og rúmum 50 m austan við bæ 001. Tóftin er í aflíðandi brekku niður til vesturs á háum, náttúrulegum hól innan túns. Ágúst Sæmundsson man eftir þessum tófum greinilegri en þær eru nú (2008) og hafa þær sigið mikið á undanförunum áratugum. Tóftin er í sléttu, grónu túni. Þar vex mosi, gras og lyng.


Tóftin er ógreinileg, þýfð og hleðslurnar útflattar. Hún er 7 x 5 m hvergi glittir í hleðslu né grjótt. Ekki

að tærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og

mótar heldur fyrir inngangi en hann hefur líklega verið á vesturhlíð. Tóftin er mosavaxin og hefur líklega verið e.k. útihús.

Hættumat: engin hætta

RA-285:045 tóft lambhús



Tóft 045, horft til austurs

63°48.206N 19°54.472V

Við götuslóða 041, þar sem hann liggur niður að helli 010, er lambhústóft. Hún er um 300 m ANA við bæ 001, á árgilsbrúninni.

Lambhústóftin er á gróinni brún árgilsins.

Tóftin er um 9x8 m stór og snýr austur-vestur. Hún er einföld með dyrum sunnarlega á vesturvegg. Vel sér í grjóti í tóftinni mest 10 umfö.

Dyrahella hangir yfir dyrunum. Ekki sér í grjóti utan á tóftinni þar sem hleðslurnar eru grónar. Hleðslurnar eru hæstar um 1,3 m háar að utan en um 1,7 m háar að innan þar

sem tóftin er niðurgráfin um 0,4 m. Tóftin er fast vestan við stromphleðsluna úr hellinum 010.

Hættumat: engin hætta

RA-285:046 Iðuhóll varða samgöngubót

63°48.265N 19°54.349V

Varða er á Iðuhól um 150 m norðaustan við helli 010 og um 435 m norðaustan við bæ 001, ofan, suðvestan við Iðufoss í Fiská.

Varðan er á mosavöxnu holti um 20 m sunnan við veg 041 að Rauðnefsstöðum. Umhverfis hana eru mosavaxin klapparholt.

Varðan er hlaðin úr hraungrýti. Hún er um 0,8 m há og um 1,2 m á kant. Varðan er allfornleg en hrúnið hefur úr henni til suðvesturs. Hún hefur líklega verið byggð sem samgöngubót og hugsanlega varðað leiðina milli Þorleifsstaða og Rauðnefsstaða 041.

Hættumat: engin hætta




Varða 046, horft til suðausturs

RA-285:047 tóft hlaða



Tóft 047, horft til austurs



63°48.295N 19°54.421V

Heykumlstóft er um 80 m norðvestan við vörðu á Iðuhól 046 og um 420 m norðvestan við bæ 001.

Tóftin er á grasi- og mosavöxnu ójöfnu svæði. Norðvestar er mosavaxið hraun.

Tóftin er um 7x7 m stór, með opi á miðjum vesturvegg. Tóftin er gráfin vestan inn í lítinn hól og hlaðið hefur verið upp með stungunni. Hleðslan er greinilegust í

norðurveggnum, 2-3 umfö grjóts en annarsstaðar hefur gróið yfir hleðslurnar. Hleðslurnar í norðurveggnum eru hæstar um 0,3 m ef mælt er að utan en um 1 m háar ef mælt er innan úr tóftinni.

Hættumat: engin hætta

RA-285:048 tóft fjárskýli

63°47.619N 19°55.562V

Tóft er um 100 m suðaustan við fjárborgir 049, um 1,1 km norðvestan við Þjófahelli 011 og um 1,2 km suðvestan við bæ 001.

Þjófagil er fast austan við tóftina og er hún í miklum halla.

Tóftin er í grasvaxinni fjallshlíð sem hallar til austurs að Þjófá.




Tóft 048, horft til norðurs

Tóftin er í gróinni brekku sem hallar til austurs að Þjófagili. Hún er hringhlaðin, er einföld og 5 x 4 m að stærð. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og signir. Inngangur er á miðri suðurhlið. Hvergi sjást skýrar hleðslur en það glittir lítillega í grjót inni í tóftinni. Þetta hefur að öllum líkindum verið fjárborg. Tóftin er þýfð.

Hættumat: engin hætta


RA-285:049 Hrauntangaborg tóftir fjárskýli
63°47.653N 19°55.669V



Tóftir 049

Tóftir eru um 880 m suðvestan við akra 037, um 1,2 km norðan við helli Þjófahelli 011 og um 1,2 km suðvestan við bæ 001. Tóftirnar eru á sléttum grasbala í fjallshlíð sem hallar til austurs. Náttúruleg lind er um 4 m fyrir sunnan tóft A. Tóftirnar eru af fjárborgum sem voru í notkun á mismunandi tíma. Grasivaxin fjallshlíð sem hallar til norðausturs. Þar er aðallega gras, mosi og lyng. Á svæðinu sem er 50 x 40 m stórt og snýr norður-suður eru fjórar tóftir. Tóft A er í norðausturhorni svæðisins. Hún er 7 x 6 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Inngangur er á miðjum norðurvegg og grjóthlaðnir garðar meðfram veggjum. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og töluvert hefur hrunið úr þeim inn í tóftina. Bárujárnsþak hefur verið á tóftinni sem var notuð fram til um 1940. Veggir tóftarinnar hafa hallað inn og var hún mögulega hringhlaðin. Tóft B er tæpum 50 m sunnan við tóft A. Hún er 5 x 4 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri norðurhlið. Garði virðist hafa verið meðfram austurvegg en gæti einnig mögulega verið hrun. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og engar hleðslur sjáanlegar. Tóft C er rúmum 35 m sunnan við A en rúmum 20 m norðvestan við B. Hún 4 x 3 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til norðurs og veggir eru 0,4 m á hæð. Þeir eru alveg grónir. Tóft D er 3 m vestan við tóft A og var líklega heystæði. Hún er 7 x 4 m stór og er einföld. Op hefur verið á hana á miðri norðurhlið. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir.

Hættumat: engin hætta



Tóft 048

Tóftir eru um 880 m suðvestan við akra 037, um 1,2 km norðan við helli Þjófahelli 011 og um 1,2 km suðvestan við bæ 001. Tóftirnar eru á sléttum grasbala í fjallshlíð sem hallar til austurs. Náttúruleg lind er um 4 m fyrir sunnan tóft A. Tóftirnar eru af fjárborgum sem voru í notkun á mismunandi tíma. Grasivaxin fjallshlíð sem hallar til norðausturs. Þar er aðallega gras, mosi og lyng.

Á svæðinu sem er 50 x 40 m stórt og snýr norður-suður eru fjórar tóftir. Tóft A er í norðausturhorni svæðisins. Hún er 7 x 6 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Inngangur er á miðjum norðurvegg og grjóthlaðnir garðar meðfram veggjum. Veggirnir eru 1,5 m á hæð og töluvert hefur hrunið úr þeim inn í tóftina. Bárujárnsþak hefur verið á tóftinni sem var notuð fram til um 1940. Veggir tóftarinnar hafa hallað inn og var hún mögulega hringhlaðin. Tóft B er tæpum 50 m sunnan við tóft A. Hún er 5 x 4 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri norðurhlið.

Garði virðist hafa verið meðfram austurvegg en gæti einnig mögulega verið hrun. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og engar hleðslur sjáanlegar. Tóft C er rúmum 35 m sunnan við A en rúmum 20 m norðvestan við B. Hún 4 x 3 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til norðurs og veggir eru 0,4 m á hæð. Þeir eru alveg grónir. Tóft D er 3 m vestan við tóft A og var líklega heystæði. Hún er 7 x 4 m stór og er einföld. Op hefur verið á hana á miðri norðurhlið. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir.


Garði virðist hafa verið meðfram austurvegg en gæti einnig mögulega verið hrun. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og engar hleðslur sjáanlegar. Tóft C er rúmum 35 m sunnan við A en rúmum 20 m norðvestan við B. Hún 4 x 3 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til norðurs og veggir eru 0,4 m á hæð. Þeir eru alveg grónir. Tóft D er 3 m vestan við tóft A og var líklega heystæði. Hún er 7 x 4 m stór og er einföld. Op hefur verið á hana á miðri norðurhlið. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir.

Garði virðist hafa verið meðfram austurvegg en gæti einnig mögulega verið hrun. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og engar hleðslur sjáanlegar. Tóft C er rúmum 35 m sunnan við A en rúmum 20 m norðvestan við B. Hún 4 x 3 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til norðurs og veggir eru 0,4 m á hæð. Þeir eru alveg grónir. Tóft D er 3 m vestan við tóft A og var líklega heystæði. Hún er 7 x 4 m stór og er einföld. Op hefur verið á hana á miðri norðurhlið. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir.



Tóftir 049, horft til norðvesturs

RA-285:050 hleðsla rétt



Hleðsla 050



Hleðsla 050, horft til norðausturs

er óskýrt og hvergi sér í grjót í hleðslum þess. Ekkert op er greinilegt á því. Nyrðra hólfíð er um 11x6 m stórt með opi í norðvesturhorni, við klettavegginn. Vel sér í grjót innan í nyrðra hólfínu, mest 3 umför.

63°47.701N 19°55.996V

Um 1,3 km suðvestan við bæ 001 er hlaðin rétt. Réttin er neðst, nyrst í gili við Hrafná, um 300 m sunnan við ármótin.

Réttin er í þröngu gili neðst, nyrst áður en það breikkar að Fiská.


Réttin er fast vestan við ána. Hún er tvískipt um 17x6 m stór og snýr nær norður-suður. Vesturveggur hennar er árgilsveggurinn. Hleðslur réttarinnar eru hæstar um 1m. Syðra hólf réttarinnar er minna, um 6x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það

Hættumat: engin hætta

RA-285:051 tóft smalakofi



Tóft 051, horft til suðurs



63°47.016N 19°54.599V

Smalakofi er á Geitafelli um 2,1 km sunnan við bæ 001 og um 450 m sunnan við Þjófahelli 011.


Smalakofinn er á mosavöxnu, hálfgrónu Geitafelli sem er aflöng bunga um 100 m neðan, norðan við brún þar sem lönd Fljótshlíðar og Rangvellinga mætast. Fellið er mjög grýtt, þakið flötum móbergshellum.

Kofinn er hlaðinn úr hellum úr fellinu, norðan við stóran stein.

Hann er einfaldur um 2x2 m stór, opinn til norðurs. Hleðslur kofans eru hæstar um 0,9 m háar. Þær standa vel en talsvert hefur þó hrúnið úr austurvegnum inn í kofann. Mjög víðsýnt er af Geitafelli yfir lönd Þorleifsstaða.

Hættumat: engin hætta

RA-285:052 þúst



Þúst 052, horft til austurs

63°48.035N 19°54.436V

Um 360 m suðaustan við bæ 001 er þúst og hringlaga gerði umhverfis hana. Þústin er um 250 m vestan við stekkjarrúst 026.


Þústin er á mosavaxinni Torfrófunni 025, norðan og austan við Stekkjargil.

Gerðið er um 15 m í þvermál, mosavaxið og sigið, um 0,2 m hátt, mælt að innan, en ógreinilegt að utan. Þústin er norðaustast í


gerðinu. Hún er um 10x5 m stór og snýr nær austur-vestur. Hún er um 0,5 m há. Þústin er einföld og engar dyr eða op er greinilegt á henni. Minjarnar eru allfornlegar og mjög signar. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en hugsanlega hafa verið beitarhús eða stekkjartún á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

RA-285:053 tóftir



Tóft 053A og þúst 053B



Tóft 053C

63°47.998N 19°54.669V



Tóft 053A, horft til norðausturs

Tvær tóftir og stór þúst eru um 400 m suðvestan við helli 010 og um 280 m SSA við bæ 001.

Tóftin og þústin eru á grónu svæði sunnan Fiskár.

Tóftirnar og þústin eru á svæði sem er um 100x30 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er skýrust. Hún er austast, um 50 m austan við þúst B. Tóftin er þrískipt, um 12x5 m stór og snýr norður-suður. Hólf I er í tóftinni miðri. Það er stærst, um 5x3 m stórt að innanmáli og snýr eins og tóftin. Dyr eru á því norðarlega á vesturvegg. Hólf II er sunnan við hólf I. Það er um 4x1 m stórt að innanmáli, snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs. Hólf III er norðan við hólf I. Það er um 3x1 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er opið til austurs og vesturs. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,8 m háar, hvergi sér í grjóti í þeim. Þúst B er um 50 m

vestan við A. Hún er um 16x8 m stór og um 1,5 m há. Engar skýrar hleðslur eru á henni en þar hefur án efa einhvern tíma verið mannvirki. Tóft C er um 50 m suðvestan við þúst B. Hún er tvískipt um 9x4 m stór og snýr nálega suðaustur-norðvestur. Nyrðra hólfið er stærra. Það er um 4x3 m stórt að innanmáli. Dyr eru út úr tóftinni á miðjum norðvesturvegg hólsins og inn í minna hólfið á milliveggnum miðjum. Syðra hólfið er um 3x3 m stórt að innanmáli. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 0,4 m, hvergi sér í grjóti í þeim. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en hugsanlega hafa hér verið beitarhús frá Þorleifsstöðum en tóftirnar eru helst til of nálægt bæ til að hægt sé að fullyrða að svo sé.

Hættumat: engin hætta

RA-285:054 gata leið
63°48.096N 19°54.333V

Talsverðar götur liggja frá tóftum 053 til norðausturs, norðan við þúst 052.

Göturnar liggja um mosavaxið svæði.

Göturnar eru mjög skýrar í mesta mosanum en hverfa smám saman til beggja átta. Mest sjást um 10-15 skorningar á um 20 m breiðu bili. Skorningarnir eru flestir 0,1-0,15 m djúpir. Göturnar hafa hugsanlega legið frá Reynivöllum í stykkið sem tilheyrði þeirri jörð á Hjáleigubakka, sjá 028.

Hættumat: engin hætta




Leið 054, horft til suðvesturs

RA-285:055 tóft útihús



Tóft 055, horft til austurs



63°48.177N 19°54.776V

Tóft er á hól sem rís úr túni um 70 m norðan við bæ 001.


Grasi gróin tún eru á þessum slóðum. Talsvert er um aflíðandi hæðir í norður- og austurenda túnsins en annars slétt umhverfis. Fiská rennur sunnan við túnið.

Tóftin er 4 x 3 m að stærð, er einföld, og snýr austur-vestur. Hún er greinileg og er hlaðin úr torfi og grjóti. Veggheðslur hennar eru mest um 1 m að hæð. Talsvert hrun

er innan í henni og er þar talsverð gróska. Tóftin hefur líklegast verið e.k. útihús.

Hættumat: engin hætta

Túnakort fyrir Rauðnefsstaði




RA-286 Rauðnefsstaðir

20 hdr. 1711, Keldnakirkjueign. JÁM I 232. Mun vera landnámsjörðin Fors sem nefnd er í Landnámu. "Landnámabók segir "Hrólfur rauðskeggur hét maður, hann nam Hólmslönd öll milli Fiskár og Rangár og bjó að Forsi, hans börn voru þau Þorsteinn rauðnefur er þar bjó síðan og "Þóra - " Þetta mun vera elsta heimild sem til er um jörðina Rauðnefsstaði og samkvæmt þessu er hún landnámsjörð sem upphaflega hefur heitið Fors ... Rauðnefsstaðir koma annars ekki fyrir með því nafni fyrr en 1641 í visitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar á Keldum." VS: Rangvellingabók, 339. Í eyði frá 1947. "Land hennar er að stórum hluta gróið fjalllendi en annar hluti landareignar er gróið hraun og mólendi. Er það allt gott beutiland fyrir sauðfé." SB V, 75

1711: "Engjum spillir mold og grjót í vatnaleysingum." JÁM I, 233. Jarðamat 1849. "Tún lítið en gott, engjar sæmilegar. Sauðhagar miklir og góðir, en vetrarríki mikið. Gripagagn gott á sumri." Úttektabók 1882: "Þessi jörð hefur nokkrar slægjur og góða sumarhaga, en vetrarheit er fremur lítilfjörleg enda talsvert spilt af blástrum og sandfoki." VS: Rangvellingabók, 340

1917: Tún 3,6 ha, þar af 1,6 ha slétt, garðar 710 m² Fasteignamat 1940. "Tún: Þurrhent, 1/3 vélfært, hitt greiðfært. Jarðvegur: Grunnt á grjót. Engjar: Reytingssamar, greiðfærar, 1/3 vallendi, 2/3 myrgresi. Beutiland: Mjög víðlent fjallendi og gróið hraun. Gott fyrir allan fénað. Ókostir: Mikill ágangur af afréttarfé." VS: Rangvellingabók, 340



Bæjarhóll Rauðnefsstaða 001, horft til norðurs

Bæjarhóll Rauðnefsstaða er í miðju túni jarðarinnar, vestan Fiskár. Jörðin hefur verið í eyði síðan 1947. Hóllinn er í grónu túni.

Bæjarhóll Rauðnefsstaða er um 40x26 m stór og snýr norður-suður. Hann er hæstur frá suðri um 1,2 m hár en rennur inn í landið til norðurs. Ljóst er að byggingar hafa lengi staðið á þessum stað. Bæjartóft síðasta bæjarins á Rauðnefsstöðum er nyrst og austast á hólnum og kálgarðsleifar 022 eru fast sunnan við hana. Tóftin er um 28x18 m stór og snýr austur-vestur. Hún er úr torfi, grjóti og steinsteypu. Tóftin skiptist í fimm aðalhólf. Hólf I er syðst og vestast, það er um 8x8 m stórt að innanmáli. Hlaðinn kjallari er í miðju hólfinu. Hann er um 8x4 m stór. Hólfíð er opið til suðurs þar sem hefur verið timburgafl. Hólf II er austan við hólf I, það er einnig með hlöðnum kjallara. Hólfíð er um 12x8 m stórt að innanmáli, snýr austur-vestur. Kjallarinn er austast í hólfinu, hann er um 6x8 m stór og snýr norður-suður. Norðurveggur hólfinsins er steinsteypur sem og grunnur suðurveggjarins sem hefur verið úr timbri. Hólf III er norðan við hólf II. Það er alls um 6x6 m stórt. Veggir þess eru allir steinsteyptir og að hrúni komnir. Hólfíð skiptist í þrjá hluta, A, B, og C með misháum steypum veggjum. Hlutarnir eru allir of litlir til að unnt hafi verið að hafast við í þeim. Dyr eru á hluta B til norðurs úr úr hólfinu og gluggi er á norðurvegg hluta C. Hluti C er niðurgrafinn, um 2 m og hefur líklega verið haughús. Hólf IV er norðan við hólf I. Það er úr torfi og grjóti um 4x4 m stórt að innanmáli. Dyr eru á miðjum suðurvegg þess, en þó hefur líklega ekki verið gengt þaðan í hólf I sem er neðar á bæjarhólnum. Hólf V er norðan við hólf IV. Það er um 6x2 m stórt og snýr austur-vestur. Hólfíð er opið til austurs. Jata er upp við norðurvegg þess svo augljóst er að það hefur verið skepnuhús. Steypt fjárbað er um 2 m norðvestan við bæjartóftina.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:002 tóft hesthús



Tóft 002, horft til suðausturs



63°48.695N 19°52.774V

Útihús er merkt á túnakort Rauðnefsstaða frá 1917 um 40 m NNA við bæ 001. Tóftin er fast austan við traðir 023.

Tóftin er í grónu túni Rauðnefsstaða.

Tóftin er um 8x4 m stór, einföld og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðjum suðurvegg hennar og jötur eru með skammveggjum

hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,1 m háar og jöturnar um 0,5 m háar. Norðurhlið tóftarinnar hefur verið stungin inn í hlíðina ofan hennar og hlaðið hefur verið upp með stungunni. Tóftin hefur að öllum líkindum verið hesthús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:003 heimild um útihús

63°48.162N 19°54.863V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m vestur af bæ 001.

Útihúsið hefur verið í grónu túni Rauðnefsstaða.
Ekki sést til fornleifa á yfirborði.
Hættumat: engin hættu
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:004 heimild um útihús 63°48.191N 19°54.848V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 210 m suðvestur af bæ 001.
Útihúsið hefur verið í grónu túni Rauðnefsstaða.
Ekki sést til fornleifa á yfirborði.
Hættumat: engin hættu
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:005 heimild um útihús 63°48.203N 19°54.729V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 170 m suðvestur af bæ 001.
Útihúsið hefur verið í grónu túni Rauðnefsstaða.
Ekki sést til fornleifa á yfirborði.
Hættumat: engin hættu
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:006 heimild um útihús 63°48.196N 19°54.686V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 210 m suðvestur af bæ 001.
Útihúsið hefur verið í grónu túni Rauðnefsstaða.
Ekki sést til fornleifa á yfirborði.
Hættumat: engin hættu
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:007 heimild um útihús 63°48.153N 19°54.696V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 230 m suðvestur af bæ 001.
Útihúsið hefur verið í grónu túni Rauðnefsstaða.
Ekki sést til fornleifa á yfirborði.
Hættumat: engin hættu
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:008 heimild um útihús 63°47.909N 19°36.378V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 230 m suðvestur af bæ 001.
Útihúsið hefur verið í grónu túni Rauðnefsstaða.
Ekki sést til fornleifa á yfirborði.
Hættumat: engin hættu
Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:009 *Leifðafoss* þjóðsaga



Leifðafoss 009, horft til austurs

63°48.711N 19°52.602V

Í Íslenskum sögustöðum Kristians Kaalund segir: "Hrólfur rauðskeggur nam Hólmslönd öll og bjó á Fossi. Hans son var Þorsteinn rauðnefur, sem bjó þar síðan. Þorsteinn var mikill blótmaður, hann blótaði fossinn, og skyldi bera allar leifar á fossinn; þá nótt sem hann andaðist, rak allt hans fé í fossinn. Bærinn Foss, sem fyrr var nefndur, hlýtur að vera sá er nú heitir Rauðnefsstaðir austast í tungunni, og í samræmi við það er, að fossinn sem Þorsteinn blótaði, er fossinn í Fiská fast við tún á Rauðnefsstöðum." Í neðanmálgrein við þessa lýsingu segir ennfremur: "Allstórir fossar eru þó í Rangá, (en fossar í Fiská eru allir litlir); efstur er sá sem bærinn Foss er kenndur við, hinum megin við ána, en í sóknalýsingu Keldna nefna sumir hann Rauðnefsstaðafoss, og mætti því láta leiðast til að telja

blótfossinn þar. Það er þó naumast líklegt. Frásögnin um leifar sem skyldi daglega kasta í fossinn, sýnist reist á því, að hann hafi verið rétt við bæinn." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir: "Rétt fyrir innan bæinn á Rauðnefsstöðum er fossinn, sem fé Þorsteins hrakti í. Hann heitir enn í dag Leifðafoss. Það nafn stafar af því, að Þorsteinn lét bera allar matarleifar (leifðir) í fossinn. Þannig lagað blót hefir án efa haft þann tilgang, að lokka silung í hylinn undir fossinum." Leifðafoss er um 170 m norðaustan við bæ 001. Fossinn fellur í þröngu hamragljúfri eftir að áin hefur tekið á sig sveig til suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: KK 1, 171-72; BJ: "Forn gerði hjá Rauðnefsstöðum o.fl." Árbók 1905, 57.

RA-286:010 *Ból* heimild um fjárskýli

"Vestan Vondugilja, norðan í Rauðnefsstaðafjalli, en það er samnefni alls fjallsins, heita fyrst Fláar, mosavaxin hlíð. Þar neðst í hlíðinni er Ból, við Valagilið, sem gæti rúmað 100 kindur," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnalýsingu ætti ból þetta að vera um 5 til 6 km aust-norðaustur af bæ 001, austur af Rauðnefsstaðafjalli.

Stóra-Valagil er breitt, um 200 m í það breiðasta. Í botninn er ógróin steinabreiða meðfram á sem rennur í gilinu en í hlíðunum eru grasi grónar flatir.

Gengið var meðfram Rauðnefsstaðafjalli frá Stigagili og upp Stóra-Valagil en ekki fannst hellirinn. Raunar er ólíklegt að hann teljist til fornleifa þar sem hann er hugsanlega náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 2-3

RA-286:011 hellir fjárskýli

"Vestar [en 010] niður úr hlíðinni kemur Steðjagil, alldjúpt hamragil, þar er hellir, samnefndur gilinu, nálægt 1,5 m á hæð, mundi taka alt að 40 kindur," segir í örnefnalýsingu. Gengið var meðfram Rauðnefsstaðafjalli frá Stigagili og upp Stóra-Valagil en ekki fannst hellirinn. Raunar er óvíst hvort hann ætti að telja til fornleifa enda getur þess ekki í örnefnaskrá að nokkur mannaverk hafi verið á honum. Hér er þó staðurinn látinn njóta vafans og talinn með í fornleifaskrá.

Stóra-Valagil er breitt, um 200 m í það breiðasta. Í botninn er ógróin steinabreiða meðfram á sem rennur í gilinu en í hlíðunum eru grasi grónar flatir. Vestur af Stóra-Valagili sameinast áin úr gilinu Rangá en landslagið er annars eins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 3

RA-286:012 *Gráflöt* heimild um tjaldstæði

63°50.152N 19°49.487V

"Innst með hlíðunum heitir Gráflöt, þar var tjaldstaður austanmanna á meðan þeir fóru með ullina til Eyrarbakka," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnalýsingu og Ágústi Sæmundssyni, heimildamanni er Gráflöt um 3,85 km austan við bæ 001, sunnan við Eystri-Rangá, beint á móti Hafrafelli við eystri fjallsenda þess.

Gráflöt er stór flöt, melgróin og standa hraunklappir upp úr á mörgum stöðum.

Engar mannvistarleifar eru greinilegar á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 3

RA-286:013 *Brattastígur* örnefni leið

"Suðvestan við Kálfatunguöldu er Kálfatunga, algrösug og allstór tunga, er gengur svo niður í odd á milli tveggja gilja, er heita Nyrðra- og Syðra-Kálfatungugil. ... Í nyrðra gilinu fórust (hröpuðu) 2 vinnumenn Þorgilsar á Rauðnefsstöðum, nálægt svonefndum Góðadal, mjög grösugu dalverpi, Brattastígur," segir í örnefnalýsingu. Um 1,5 km austur af bæ 001 er Stigagil sem Fiská rennur úr. Þar innaf eru Kálfatungugil.

Stigagil er djúpt gil, um 60 m djúpt, þverhnipt og um 20 m breitt. Meðfram Stigagilinu, sitt hvoru megin eru grasigrónar hlíðar en á einstaka stöðum má sjá rofabörð. Fjöldi minni gilja liggja í Stigagilið og eru ár og lækir í mörgum þeirra.

Gengið var upp Stigagilið en engar leifar Bröttustíga fundust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 5

RA-286:014 garðlag vörslugarður

63°48.919N 19°52.237V



Garðlag 014, horft til austurs

"Í því [Stigagili] eru geysihár hamrar, 30-40 mannh(æðir). Um það rennur Fiská niður úr fjallinu. Síðan eftir breiðum eyrum vestur undir Rangá (160m á milli ána, þar er grjótgarður á milli)," segir í örnefnalýsingu. Grjótgarðurinn liggur á milli ána, Fiskár og Rangár. Hann er um 650 m norðaustan við bæ 001.

Garðurinn liggur í hálfgrónu hrauni.

Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti. Hann liggur norður-suður og er alls um 95 m langur. Garðurinn er hæstur um 1 m hár, 4-5 umför, en talsvert hefur hrunið úr honum á köflum. Um 20 m norðan við suðurenda garðsins er sem hlið hafi verið á honum. Það er um 1 m breitt. Hlutverk garðsins er ekki þekkt en hann hefur líklega varnað

túnum á Rauðnefsstöðum ágangi fjár af afrétti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 5-6

RA-286:015 *Þarastígur* örnefni leið

"Þar eru þessi nöfn ofan til, sunnan við Syðra-Kálfatungugil [013]: Þarastígur yfir gilið ..." segir í örnefnalýsingu. Um 1,5 km austur af bæ 001 er Stigagil sem Fiská rennur úr. Þar innaf eru Kálfatungugil.

Stigagil er djúpt gil, um 60 m djúpt, þverhnipt og um 20 m breitt. Meðfram Stigagilinu, sitt hvoru megin eru grasigrónar hlíðar en á einstaka stöðum má sjá rofabörð. Fjöldi minni gilja liggja í Stigagilið og eru ár og lækir í mörgum þeirra.

Gengið var upp Stigagilið en ekki fundust ummerki um Þarastíg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 6

RA-286:016 garðlag

63°48.799N 19°51.999V

Um 680 m austur af bæ 001 er garður sem liggur þvert yfir Rauðnefsstaðaland frá Fiská til Góðadals, garðurinn er nálægt norðausturmerkjum Rauðnefsstaða, sunnan ár.

Garðurinn liggur í gegnum hraunlendi, mela og graslendi.

Garðurinn liggur frá Fiská í norðri til Góðadals í suðri, þvert yfir Rauðnefsstaðaland eins og áður segir. Á þeirri leið, sem er um 1 km að lengd, liggur hann fyrir nokkur gil og því hugsanlegt að hér sé um vörslugarð að ræða.


Garðurinn er mest um 1 m að breidd og 0,5 m að hæð. Hann er úr torfi og hraungrýti. Garðurinn hefst við Fiská í norðri og liggur til suðurs vestan við Fiská í um 220 m en beygir þá til austurs eftir hraunhrygg þar sem hann liggur í um 20 m áður en hann beygir til suðurs. Þessi nyrsti partur er ekki eiginlegur garður heldur þyrping steina, líklega til að styðja við girðingastaura og því hugsanlegt að þar hafi verið girðing, annaðhvort ofan á torfgarði sem er horfinn eða í staðinn fyrir torfgarð. Til suðurs heldur hann áfram í um 130 m en hverfur þá á 10 m kafla. Þar sem hann verður aftur greinilegur liggur hann í suðvestur, samtals í um 260 m. Þar beygir hann til suðurs, þar sem lækur sker garðinn. Eftir um 100 m lækkar garðurinn verulega og verður ógreinilegur en heldur áfram í 370 m í viðbót áður en hann beygir þá til austurs, upp á Rauðnefsstaðarfjallið og endar þar eftir um 360 m. Um 100 m austan við þar sem garðurinn hverfur birtist hann aftur en svo virðist sem Fiská hafi svorfið hluta garðsins í burtu. Þar sem hann byrjar aftur liggur hann til austurs, meðfram munna Stigagils, í um 150 m þangað til hann skiptir sér og fer annar armurinn til suðurs, upp á Rauðnefsstaðarfjallið en hinn fer áfram til austur í um 90 m í viðbót. Til norðurs liggur hann í um 120 m og skiptist þar aftur. Þar liggur hann norðvestur-suðaustur. Sá hluti sem þarna greinist til suðurs heldur áfram í 70 m í viðbót og hverfur þar. Sá hluti sem liggur til norðvesturs er um 50 m langur en hverfur svo einnig. Þessi garður hefur því legið frá Fiská að Stigagili og til suðurs, fyrir gilin sunnan Stigagil. Mikið er horfið af garðinum, meðal annars vegna áhrifa Fiskár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 6

RA-286:017 *Akurgerði* tóft+garðlag rétt

63°48.605N 19°52.814V



"Á milli Sauðhaga og Seyla heitir Holt, bungumynduð hæð, austan við Fiská, gegnt bænum. Vallendi og mýri. Þar er réttin hans Rauðnefs eftir rannsókn Br[ynjúlfs] J[ónssonar], en Matthías Þórðarson kallar hana Akurgerði. En hvort sem réttara er, þá mun gerði þetta hafa tekið um 4400 fjár," segir í örnefnalýsingu.

Gerðið er friðlýst fornleif. Í friðlýsingarskrá segir: "Gömul gerði og tóftir austanmegin Fiskár gegnt bænum og nokkur austar og ofar." Akurgerði er fast suðaustan við Fiská, um 115 m sunnan við bæ 001.

Gerðið er í gróinni brekku sem hallar til norðurs að Fiská.

FRIDLÝSTAR FORNMINJAR. Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1905 segir: "En austanmegin árinna á móts við bæinn er forn girðing, sem sagt er að sé fjárrétt Þorsteins rauðnefs. Hún er ferhyrmd og nál. 18 fðm. á hvorn veg. Neðan við hana er snarbratt að ánni og er auðséð, að þar hefir áður verið bakki efst, en er nú uppgrönn. Girðingin liggur fast fram á brúnina, og það svo að parturinn að neðanverðu hefir brotnað af. Hann vantar alveg, en meðan girðingin var notuð, hefir hann víst ekki vantað, án hans var hún ekki held. Hvort sem hún hefir verið fjárrétt Þorsteins eða ekki, þá hefir hún á sínum tíma verið höfð fyrir náttþaga. Í henni er löng og örmjó tóft upp við efri garðinn, og getur hún ekki verið annað en mjaltarkvíatóft. Hún er ekki mjög fornleg að sjá, en garðar girðingarinnar eru miklu fornlegri." Gerðið er U-laga, lágt og sigið, opið til norðvesturs að ánni. Það er alls um 30x30 m stórt. Hleðslur gerðisins eru hæstar um 0,3 m og um 1 m breiðar. Syðst fyrir gerðinu miðju, upp við suðurvegg þess er lítil tóft. Hún er um 4x3 m stór og snýr norðvesturs-suðaustur. Suðurveggur tóftarinnar er suðurveggur gerðisins og verður ekki í fljótu bragði séð að hún sé yngri en gerðið sjálft. Hleðslur tóftarinnar eru ívið hærri en hleðslur gerðisins, um 0,4 m háar. Tóftin er opin til norðvesturs, líkt og gerðið. Hvergi sér í grjóti hleðslum tóftarinnar sem eru grónar og signar, líkt og hleðslur gerðisins sjálfs.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7; BJ: "Forn gerði hjá Rauðnefsstöðum o.fl" Árbók 1905, 56-57; Friðlýsingarskrá, 57.


RA-286:018 Stekkatún tóft+garðlag stekkur

63°48.568N 19°52.731V



Stekkatún 018. horft til suðurs

Brynjúlfur Jónsson minnst á stekkjartóftirnar í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1905 þegar hann lýsir gerðinu norðan Akurgerðis, 017. Þá er stekkurinn enn í notkun. Í grein hans í Árbók segir um gerðið: "Hún er nál. 40 fðm. breið og aðalhluti hennar nál. 60 fðm. langur (upp eftir talið), en þar fyrir ofan taka við margar, óreglulegar smágirðingar. Þær auka næstum þriðjungu við girðinguna. Norðurhlíðargarðurinn verður neðan til að grænum bala, sem auðsjáanlega er rústabunga; enda standa ofan á henni margar nýlegar stekkjartóftir og einn stekkur sem enn er notaður. Hygg ég varla, að öll þessi rústabunga sé eftir stekki, heldur sýnist mér líta út fyrir, að hér hafi á sínum tíma staðið bær. Sú ætlan styrkist við það, að neðan við norðvesturhorn girðingarinnar er sérstök tóft



forn, sem eigi getur stafar frá stekki, heldur svarar stærð hennar og lögun því að þar hafi verið hesthús fyrir 1 hest eða 2, og hefði það þá varla tilheyrð bænum fyrir vestan ána. Smágerðin líta út fyrir að vera útræðslugerði, og bendir það einnig til hins sama... Nokkru austar og ofar [en Akurgerði 017], - því landinu hallar að ánni - er önnur girðing, miklu stærri." "Skammt þar frá [Akurgerði 017] eru gamlar réttartættur, kallaðar Stekkatún," segir í örnefnalýsingu. Gerðið er friðlýst. Í friðlýsingarskrá segir: "Gömul gerði og tóftir austanmegin Fiskár gegnt bænum og nokkur austar og ofar." Gerðið er um 200 m sunnan við bæ 001.

Tóftirnar eru í gróinni brekku sem hallar til vesturs og suðurs að Fiská. Gerðið C er um 5 m sunnan við Akurgerði 017 (þ.e. norðvestur horn þessa gerðis er um 5 m norðan við suðausturhorn Akurgerðis 017). Gerðið er um 45x70 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur. Það er opið til norðausturs, upp í mót, við stekkjartóftirnar. Gerðið er mjög svipað Akurgerði 017 að lögun og gerð. Hleðslur þess eru lágar og signar um 0,5 m háar og um 1 m breiðar. Hvergi sér í grjóti í þeim. Hlutverk gerðisins er ekki þekkt en ekki er hægt að útiloka að það hafi verið umhverfis bæjartóftir sem stekkur var síðar byggður á líkt og Brynjúlfur Jónsson getur sér til um. Tóftirnar eru á svæði sem er alls um 23x10 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er suðaustur. Hún er þrískipt um 14x10 m stór og snýr austur-vestur. Hólf I er nyrst í tóftinni. Það er um 12x4 m stórt að innanmáli með opi syðst á austurvegg og snýr eins og tóftinni. Hólf II og III eru sunnan við hólf I. Hólf II er austur. Það er um 4x4 m stórt að innanmáli með opi austast á norðurvegg. Hólf III er um 8x4 m stórt að innanmáli og snýr austur-vestur með opi á miðjum suðurvegg. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1 m, hvergi sér í grjóti í þeim. Þær eru allþykkar og ljóst að þær hafa sigið töluvert þó þær séu ennþá vel greinilegar. Tóft B er um 15 m norðvestan við

tóft A, við norðvestur horn gerðisins. Hún er tvískipt um 12x6 m stór og snýr nálega norður-suður. Hólf I er norðar, það er um 8x3 m stórt og snýr eins og tóftin, það er opið til norðurs. Hólf II er sunnar, það er um 2x2 m stórt með op á miðjum suðurvegg. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,7 m háar, hvergi sér í grjóti í þeim. Tóft B er líklega stekkurinn sem Brynjúlfur nefnir í lýsingu sinni frá 1905. Tóft A gæti verið tóftin sem hann getur sér til um að sé af hesthúsi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7; Friðlýsingarskrá, 67; BJ: "Forn gerði hjá Rauðnefsstöðum o.fl" Árbók 1905, 56-57

RA-286:019 *Lambhúsvað* heimild um vað

63°48.470N 19°53.119V

"Næst [eftir Stekkatún, 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað, Kúavakir [021], Heybandsvað [285:042]," segir í örnefnalýsingu. Lambhúsvað er á Fiská, um 70 sunnan við Suðrhús í Lambhústúni 020. Vaðið er um 460 m SSV við bæ 001.

Við Lambhúsvað er malareyri við ána að sunnan, að norðan er árbakkinn lágur og gróinn.


Kindaslóði liggur að vaðinu að norðan, skálhallt niður frá Suðrhúsum 020. Enginn slóði er hinsvegar greinilegur norðan árinna á malareyrinni. Vaðið hefur verið farið þegar leið hefur legið úr Lambhústúni og yfir Fiská út á engjar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:020 *Suðrhús* tóftir lambhús

63°48.509N 19°53.127V



Tóft 020A, horft til suðurs



Tóft 020B, horft til suðurs



Tóft 020C, horft til suðurs

"Suður af túninu heitir Rani, grasrani með 2 flögum. Austur af honum Suðrhús, mjög gamlar tættur. Er þar nú tún í kring, Þórðargerði (nýtt)," segir í örnefnalýsingu. Suðrhús voru lambhús og sjást rústir þeirra enn um 370 m vestur af bæ 001. Á þeim stað eru tóftir sem saman eru nefndar Suðrhús, um 10 m suður af veginum að Rauðnefsstöðum.

Þórðargerði er um 420 m vestur af bæ 001 og vegurinn að Rauðnefsstöðum liggur norðan við gerðið.

Grasgróin tún eru í kringum tóftir og til austurs frá þeim. Graslendi er til vesturs og norðurs en Fiskáin til suðurs. Gerðið er í suðvesturhorni túns.

Grasgróið tún er til austurs, graslendi til vesturs og norðurs og Fiská til suðurs.

Innan garðlags sem afmarkar svæði sem er um 190 x 40 m stórt eru þrjár tóftir og gerði. Vestasta tóftin, A, er um 30 m vestur af tóft B sem er í miðið. Tóft A er um 4 x 7 m stór og snýr norður-suður. Op er á norðurvegg tóftar sem er einföld. Veggir hennar eru mest um 1,2 m á hæð. Tóftin er hlaðin úr torfi og hraungrýti, vel gróin að innan en hleðslur sjást vel. Nokkuð hefur hrunið inn í hana, mest úr norðurvegg. Tóft B er um 5 x 10 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er einnig hlaðin úr torfi og grjóti en er ekki eins vel gróin og tóft A þó meira hrun sé í henni heldur en þeirri síðarnefndu. Op er

á norðurvegg tóftarinnar og veggir eru mest um 1,5 m á hæð. Austasta tóftin, C, er um 20 m austur af tóft B. Hún er um 2 x 3 m að stærð, snýr norður-suður. Tóftin er einföld og er op á henni til norðurs. Hún er mjög vel gróin,

svo ekki sést í grjóthleðslur en tóftin hefur verið hlaðin torfi og grjóti. Hún virðist eldri en hinar tvær og eru veggir hennar aðeins um 50 cm á hæð. Gerðið D er vestan við Tóft A. Það er um 30 x 12 m að stærð, einfalt og snýr norður-suður. Op eru á því bæði í norðaustur horni og í suðvestur horni en hugsanlegt er að þau séu tilkomin vegna ágangs fjár. Mjög óslétt er innan þess, hátt til miðju en lækkar til norðurs og suðurs, sérstaklega til suðvesturs. Gerðishleðslan er mest um 0,4 m há og 1 m þykk og er gerðið hlaðið úr torfi og grjóti. Ekki er vitað í hvaða tilgangi gerðið var hlaðið en líklegast verður að telja að það hafi verið e.k. vörslugarður eða náthagi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:021 *Kúavakir* heimild um vað

63°48.434N 19°53.168V

"Næst [eftir Stekkatún 018] tekur við Fiská. Vöð Lambhúsvað [019], Kúavakir, Heybandsvað [285:042]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er fullljóst hvar vaðið Kúavakir er á Fiská en það hefur verið austan við Heybandsvað 285:042 og vestan við Lambhúsvað 019.

Á þessum slóðum eru malareyrar að ánni að norðan en gróinn grasbakki að sunnan. Áin er með grynna móti á þessu svæði og stórir steinar standa upp úr henni. Hún er því vel fær.

Engin ummerki gatna sjást á þessu svæði við ána. Ágúst Sæmundsson, sem ólst upp á Þorleifsstöðum, næsta bæ við Rauðnefsstaðir minnst þess ekki að kýr hafi verið reknar yfir Fiská í haga og kannaðist ekki við örnefnið Kúavakir.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 7

RA-286:022 gerði kálgarður

63°48.665N 19°52.817V



Gerði 022, horft til suðvesturs



Þrískiptur kálgarður er merktur á túnakort Rauðnefsstaða frá 1917, sunnan við bæ 001. Þar er nú hlaðið gerði úr torfi og grjóti um 1 m sunnan við vesturenda bæjartóftarinnar 001.

Gerðið er á grónum bæjarhólnum sunnanverðum. Gerðið er einfalt, um 13x23 m stórt og snýr austur-vestur.

Það er hlaðið úr torfi og grjóti. Hleðslur þess eru hæstar um 0,7 m en norðurveggurinn er lægri, aðeins um 0,3 m hár. Hvergi sér í grjót í honum líkt og annarsstaðar í gerðinu. Ekkert hlið er á gerðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:023 gata traðir

63°48.658N 19°52.783V



Traðir 023, horft til suðvesturs

Traðir liggja með suðausturhluta túngarðs 024, utan hans, til norðurs, austan við bæ 001 og norður úr túni, við tóft 002. Þær sjást einnig liggja til suðvesturs meðfram kálgarði 022 og út úr túni.

Traðirnar liggja við mörk gróins túns.

Traðirnar liggja frá suðvestri til norðurs og eru um 120 m langar. Túngarður 024 markar norður- og vesturmörk traðanna en austur- og suðurveggur þeirra er hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann er um 0,2 m hár, um 1-2 umför. Traðirnar eru um 2 m breiðar. Fyrir sunnan tún voru traðirnar um 20 m langar og hafa endað við Fiská.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-286:024 garðlag túngarður

63°48.635N 19°52.823V

Hlaðinn túngarður umlykur túnið á Rauðnefsstöðum.

Garðlagið liggur umhverfis gróið tún.

Garðlagið afmarkar svæði sem er um 520x200 m stórt og snýr austur-vestur. Garðurinn liggur frá bæ 001 norður að tóft 002 þaðan til vesturs og suður um Leyni og með vesturmörkum túns og þaðan til norðausturs að bæ 001. Túnið vestan bæjar er ekki girt en leifar túngarðsins eru nyrst í því, vestan traða 023, þaðan sem það liggur til

vesturs um 200 m og þá til suðvesturs að Fiská, um 60 m. Túngarðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann er hæstur um 1,1 m, ef mælt er að utan, en lægri að innan um 0,5-0,6 m. Lítið gerði er í túngarðinum á vesturhlið hans. Það er um 8x12 m stórt og snýr norður-suður. Hlutverk þess er ekki þekkt en þar hefur hugsanlega verið lítil heimilisrétt.

Hættumat: engin hætta

RA-286:025 varða
63°48.973N 19°54.321V



Varða 025, horft til norðurs

Um 1,37 km norðvestan við bæ 001 er varða í heiðarbrúninni við Rangá. Hún er um 1,2 km vestan við kvíatóft 032.

Varðan er á mosavöxnu, grýttu holti.

Varðan er hlaðin úr hraungrýti. Hún er um 1,5x1 m stór að grunnfleti og snýr austur-vestur.

Varðan er um 1,2 m há. Hún hefur hugsanlega verið reist sem leiðarvarða við leið frá bæ 001 í Brúnagerði 034 en ekki er hægt að fullyrða það þar sem engar skýrar götur eru við hana.

Hættumat: engin hætta



Garðlag 024, horft til VSV

RA-286:026 Draugaskúti örnefni draugur

63°48.762N 19°52.601V



Draugaskúti 026, horft til norðausturs

"Norðar en nípan er Draugaskúti, geipistór steinn með dálitlum skúta," segir í örnefnalýsingu. Draugaskúti er um 90 m NNA við nípunna við Leifðafoss 009 og um 230 m norðaustan við bæ 001.

Skútinn er norðan við Fiská í hömrum, efst í árgilinu.

Í örnefnalýsingu segir enn fremur: "Þorgils ætlaði að fara að hlaða fyrir skútann (bólið), en kerlingin í nípunni sagði honum að hætta og hann gerði það." Engar hleðslur eru við Draugaskúta sem er lítill skúti við tvö stór björg. Skútinn dregur nafn sitt líklega af draugagangi í eða við hann en engar sögur hafa varðveist um það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:027 þúst legstaður

63°48.673N 19°52.771V



Þúst 027, horft til suðausturs

"Austan við bæinn er mjög stór þúfa (smáhaugur). Þar á Rauðnefur að vera heygður," segir í örnefnalýsingu. Meintur haugur Rauðnefs er um 1,5 m norðaustan við bæjartóft 001, fast austan við traðir 023.

Þúfan er í grónu túni.

Þúfan er regluleg að lögun, nær ferhyrnd, um 4x4 m stór. Hún er á lágum hól sem er um 7x10 m stór og snýr austur-vestur. Þúfan er um 0,6 m há en hóllinn er alls um 1,2 m hár ef mælt er frá suðri, að norðan rennur hann inn í landið svo hann er vart greinilegur. Ekki er hægt segja til um líkindi þess að Rauðnefur hvíli í þúfunni. Mannaverk eru á henni en segja má að aðrar skýringar s.s. signar útihúsarústir séu líklegri skýring en legstaður þó ekkert sé hægt að

fullyrða um slíkt án ítarlegri rannsóknna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8


RA-286:028 Fjóshóll þúst fjós

63°48.663N 19°52.876V

"Heitir svo í túninu, Fjóshóll, gamlar fjósatættur," segir í örnefnalýsingu. Fjóshóll er um 50 m vestur af bæ 001.

Í grónu túni Rauðnefsstaða.

Á Fjóshól er gömul og mjög sigin þúst sem er 11 X 15 m stór og snýr norður-suður. Vegghleðslur eru hvergi hærra en 5 cm. Ekki er hægt að greina



innveggi eða op á þústinni en hóllinn sjálfur er um 19 x 20 m stór.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:029 tóft útihús

63°48.628N 19°52.974V



Tóft 029, horft til suðurs



Tóft, líklega af útihúsi, er um 160 m vestan við bæ 001, upp við túngarðinn 024. Tóftin er í grónu túni Rauðnefsstaða. Tóftin er 18 x 9 m stór og snýr austur-vestur. Hún er mjög greinileg og er hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir eru mest um 2 m að hæð.


Talsvert hefur hrunið af veggjum inn í tóftina. Grjóthleðslur er enn greinilegar þó ágætlega sé hún gróin. Tóftin skiptist upp í fjögur hólf og eru op á þeim öllum til norðurs en engin op milli hólfanna. Öll hólfín snúa norður-suður. Vestasta hólfíð (A) er um 4 x 2 m að innanmáli. Vestara miðhólfíð (B) er 5 x 3 m að innanmáli sem og austara miðhólfíð (C). Austasta hólfíð (D) er 4 x 5 að innmáli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:030 tóft útihús

63°48.592N 19°52.982V



Tóft 030, horft til suðausturs

Tvískipt tóft, sem líklega var útihús, er um 210 m suðvestur af bæ 001.

Tóftin er í grónu túni Rauðnefsstaða.

Tóftin er um 12 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólf en er alveg opin til norðurs. Veggir eru mest um 2 m á hæð. Tóftin er vel gróin að innan en grjóthleðslur eru þó greinilegar. Tóftin er byggð utan í hól og því er austurveggur hennar ekki greinilegur. Vestara hólfíð (A) er 6 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður.

Eystra hólfíð (B) er 5 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 8

RA-286:031 tóft útihús


63°48.701N 19°52.932V

Tóft er í Leyni, um 120 m norðvestan við bæ 001 og um 10 m vestan við gerði 033. Tóftin hefur verið innan túns.

Tóftin er í brattri austur- og suðurhlíð Leynis sem er djúp lág við norðurmörk túns á Rauðnefsstöðum, hún er í botni lágarrinnar.

Tóftin er um 10 m vestan við gerðið. Hún er einföld, um 3x12 m stór og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðjum vesturvegg hennar. Tóftin hefur verið stungin ofan í jarðveginn en engar skýrar hleðslur eru við stunguna. Tóftin hefur hugsanlega verið kvíar og gerðið heimilisrétt.

Hættumat: engin hætta




RA-286:032 Kvíhólahraun tóftir kvíar

63°48.916N 19°52.814V

"Norður af heiðinni, að Rangá, er Kvíhólahraun, minna gróið. Þar eru Stóri-Kvíahóll og Syðri-Kvíahóll, geysiháir grjóthólar með smágróðri og mosa, en mest grjót," segir í örnefnalýsingu. Vestan undir Stóra-Kvíhól eru þrjár tóftir. Tóftirnar eru um 300 m norðan við fjárhústóft 035 og um 450 m norðan við bæ 001.

Tóftirnar eru í grasigróinni brekku við vesturrætur Kvíhólsins. Vestan við þær eru grjóthólar og hálfgróið hraun.

Tóftirnar eru á svæði sem er alls um 30x10 m stórt og snýr norður-suður. Tóft A er á miðju svæðinu. Hún er um



Tóft 032B, horft til norðvesturs

7x5 m stór, snýr norður-suður. Tóftin er mjög sigin. Hleðslur hennar eru hæstar um 0,3 m og hún virðist vera tvískipt. Hólfin eru mjög áþekkt að stærð og eru bæði opin til vesturs. Á tveimur stöðum glittir í grjót í tóftinni. Tóft B er um 5 m norðan við tóft A. Hún er af fjárborg sem þekjan hefur fallið ofan í. Borgin er einföld, hringlaga, um 1,5 m

í þvermál. Borgin hefur líklega verið niðurgrafin en dyrahella, sem enn rétt hangir yfir dyrunum er einungis um 0,3 m frá yfirborði. Um 2 umför grjóts má greina í hleðslum borgarinnar sem eru hæstar um 0,6 m. Austan og vestan við borgina hefur jarðvegur verið stunginn upp og lítið gerði, um 5x5 m stórt myndað. Stungan er um 0,6 m djúp. Tóft C er um

20 m SSV við tóft A. Hún er líkt og tóft B, af fjárborg. Tóftin er um 5x3 m stór og snýr austur-vestur. Hún er niðurgrafin og vel sér í grjót í hleðslum hennar í suður- og vesturvegg. Hleðslurnar eru um 0,6 m háar ef mælt er innan úr tóftinni en einungis um 0,1 m háar ef mælt er að utan. Fjárborgartóftirnar, B og C eru hugsanlega yngri en tóft A. Hlutverk hennar er ekki þekkt en af örnefni hólanna að dæma má vera að þar hafi verið kvíar frá Rauðnefsstöðum. Þær eru þó fulllangt frá bæ og margir aðrir staðir, nær bæ, hafa án efa hentað betur.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:033 gerði



Gerði 033, horft til ASA

63°48.701N 19°52.932V



Gerði 033

Hlaðið gerði er í Leyni um 5 m sunnan við þar sem túngarður 024 liggur niður í lautina og hefur verið innan túns. Gerðið er um 120 m norðvestan við bæ 001.

Gerðið er í brattri austur- og suðurhlíð Leynis sem er djúp lág við norðurmörk

túns á Rauðnefsstöðum.

Gerðið er einfalt um 19x15 m stórt og snýr austur-vestur. Op er á því nyrst á vesturvegg. Gerðið hefur verið stungið niður í brekkuna með austur- og suðurhlíð lágurinnar og svo hefur verið hlaðið upp með stungunni. Hleðslan er úr torfi og grjóti, hæst um 0,8 m. Vestur- og norðurhlíðar gerðisins eru einnig hlaðnar úr torfi og grjóti. Þar eru þær hæstar um 1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9


RA-286:034 Brúnagerði tóft+garðlag beitarhús

63°49.051N 19°54.924V

"Vestar Brúnir, 3ja hraunbrúnin úr Heklu neðan frá, grösug brún með mörgum víkum. Messuvík, Litlavík, Borgarvík [sjá 285:034] og Grákollsvík. Þar er nýtt fjárhústún, Brúnagerði," segir í örnefnalýsingu. Brúnagerði er um 1,9 km VNV við bæ 001, um 250 m sunnan við Foss 287:001, norðan Rangár.

Brúnagerði er norðan og vestan við gróna hraunbrúnina á sléttri grasflöt sunnan Rangár.

Fjórar tóftir og ein þúst eru innan garðlags í Brúnagerði á svæði sem er um 80x30 m stórt og snýr suðaustur-norðvestur. Tóft A er syðst fyrir miðju gerðinu. Hún er um 6x4 m stór og snýr norður-suður. Tóftin er einföld, grafinn inn í hraunbrúnina og hlaðið hefur verið upp með stungunni. Hleðslur tóftarinnar eru um 1,5 m háar þegar þær eru mældar innan úr tóftinni en um 1,1 m háar þegar mælt er að utan. Op er á miðjum norðurvegg tóftarinnar. Vel sér í grjót í hleðslum tóftarinnar að innan, mest um 4 umför. Tóft B er um 5 m norðan við tóft A. Hún er um 9x6 m stór, einföld, og snýr austur-vestur með opi nyrst á austurvegg. Tóftin er að hluta niðurgrafin og eru hleðslur hennar um 2 m háar að innan en um 1,2 m háar að utan. Jötur eru með langveggjum tóftarinnar.



Tóftir 034 innan gerðis, horft til norðvesturs

Vel sér í grjóti í hleðslum tóftarinnar, mest um 5 umför. Bárújárnsbrak úr þaki tóftarinnar er ofan á veggjum og inni í tóftinni. Tóft C er um 2 m vestan við tóft B. Hún er um 10x6 m stór, einföld og snýr norður-suður. Op er á miðjum norðurvegg hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,2 og vel sér í grjóthleðslur, mest 5 umför. Tóft D er um 10 m suðaustan við tóft C. Hún er um 6x5 m stór, einföld, og snýr norður-suður. Dyr eru á miðjum norðurvegg hennar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,2 m og vel sér í grjóti í þeim, mest 5 umför. Bárújárnsbrak úr þaki tóftarinnar er við hana. Lág þúst er á milli tófta C og D innan garðlagsins. Hún er einföld, um 8x2 m stór og snýr norður-suður. Þústin er hæst um 0,5 m. Allar tóftirnar, A-D og þústin eru enn fremur á lágum hól innan garðlagsins sem gefur sterklega til kynna að beitarhús hafi lengi verið á þessum stað eða jafnvel býli. Garðlagið sem umlykur tóftirnar er hæst um 1 m, hvergi sér í grjóti í því. Op eru á garðlaginu á tveimur stöðum. Sunnarlega á vesturvegg, við tóft A og nyrst á vesturvegg.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:035 tóft fjárhús



Tóft 035, horft til ANA

63°48.756N 19°52.793V



Tóft er fast norðan við norðurmörk túns á Rauðnefsstöðum, við túngarð 024. Hún er um 150 m norðan við bæ 001.

Tóftin er á grasivöxnu svæði norðan túns. Norðar er hálfgróið Kvíhólhraunið.

Tóftin er þrískípt. Hún er um 22x14 m stór og snýr norður-suður. Hólf I er syðst, fast upp við túngarð 024 sem myndar suðurhlíð þess. Hleðslur þess eru lægri en hinna hólfanna, um 0,7 m. Ekkert op er á hólfinu sem hugsanlega hefur verið gerði aftan við hólf II og III og líklega ekki verið undir þaki. Hólf II og III eru norðan við hólf I. Suðurveggur þeirra beggja er að hluta stunginn inn í náttúrulega brekku, sunnan tóftarinnar, sem veit mót norðri. Hólf II er austar, op er á því syðst á austurvegg auk þess sem gengt hefur verið í hólf III nyrst á milliveggnum. Hólf III er samsíða hólf II. Dyr eru syðst á vesturvegg þess og svo virðist sem jötur hafi verið með vesturveggnum. Allvíða sér í grjóti í tóftinni, mest 5 umför. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,2 m. Talsvert af grófum vikri er inn í tóftinni sem að öllum líkindum hefur verið fjárhús.

Hættumat: engin hætta

RA-286:036 Fossvað heimild um vað

63°49.137N 19°55.168V

"Vöð á Rangá: Árbæjarvað [288:014], Fossvað, Illugavað [037] og Dalavað [038] á Valá." segir í örnefnalýsingu. Leið 661:029 liggur um sendna kvos við Rangá og yfir hana á Fossvaði. Það er um 230 m norðvestan við Brúnagerði 034, suðvestan við Foss 287:001.

Áin er nokkuð djúp og straumhörð á þessum stað. Stórgrýtt eyri er í henni við suðurbakkann.

Vaðið er ófært nú en annað vað er austar í Þorleifsstaðalandi á mótis við Foss og það hefur verið farið í seinni tíð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9



Vað 036, horft til norðurs

RA-286:037 *Illugavað* heimild um vað

"Vöð á Rangá: Árbæjarvað [288:014], Fossvað [036], Illugavað og Dalavað [038] á Valá," segir í örnefnalýsingu. Rangáin frá því þar sem hún er næst Fiskánni, um 1 km norðaustur af bæ 001 liggur um djúpt og þröngt gil sem hefst um um 4 km aust-norðaustur af bæ 001. Illugavað var á milli Fossvaðs 036 og Dalavaðs 038 og samkvæmt því þyrfti Illugavað helst að vera einhversstaðar í giliinu.

Gilið sem Rangá rennur um er grýtt og þverhnipt en milli þess og, fyrst, Fiskár, og, austar, Rauðnefsstaðafjalls eru grasigrónar hlíðar og hæðir með rofabörðum á stöku stað.

Gengið var frá Lambadal í austri að staðnum þar sem Fiská og Rangá eru næst hvorri annarri en ekki fundust ummerki um Illugavað, né götu sem gæti hafa legið að því. Hugsanlega var Illugavað fyrir austan gilið sem Rangá rennur um. Illugavað hefur líklega verið farið þegar farið var á afrétt frá Rauðnefsstöðum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

RA-286:038 *Dalavað* heimild um vað

63°50.187N 19°47.720V

"Vöð á Rangá: Árbæjarvað [288:014], Fossvað [036], Illugavað [037] og Dalavað á Valá," segir í örnefnalýsingu. Dalavað var um 5 km aust-norðaustur af bæ 001.


Vaðið er líklega á Valánni þar sem stórar malarflatir eru við hana. Á þessum stað er áin er aðeins lygnari og breiðari en annarstaðar.

Ekki eru greinilegar neinar götur yfir vaðið á þessum stað en ökuslóði er norðan Valárinnar á tungu milli hennar og Rangár. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var en líklega hefur það verið farið þegar farið var úr uppsveitum Rangárvallahrepps á afrétt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Rauðnefsstaðir, 9

Túnakort fyrir Foss



RA-287 Foss

10 hdr., 1711. "Bærinn Foss finnst fyrst nefndur í kaupbréfi frá árinu 1546. Árið 1700 var jörðin í eyði og svo var enn 1703 ... Fyrsti eigandi Foss sem þekktist, var Þorleifur Pálsson lögmaður á Skarði á Skarðsströnd, er seldi syni sínum Birni á Keldum jörðina 1. ágúst 1546. Eftir Björn hefur sonur hans Eiríkur á Keldur erfð Foss og við skipti eftir hann 11. sept. 1614 gekk jörðin í arf til sonar hans Torfa á Keldum. Guðmundur á Keldum, sonur Torfa, átti Foss er hann lést og við skipti eftir hann 3. júní 1670 kom jörðin í hlut sonar hans Jóns á Keldum. Ekkja Jóns, Helga Gísladóttir, giftist aftur Bjarna Sigurðssyni í Heynesi og hefur Foss þannig komist í eigu hans. Bjarni í Heynesi seldi Ásgeiri Ólafssyni á Mófellsstöðum og systur hans Steinunni hálfan Foss 5. ágúst 1688 og fyrir 1695 hafa þau eignast hinn helminginn því það ár áttu þau alla jörðina. Steinunn Ólafsdóttir seldi Sigurði Sigurðssyni alþingisskrifara síðar í Saurbæ hálfan Foss fimm hundruð að dýrleika 11. sept 1703 .." VS: Rangvellingabók, 91-92. "Foss lagðist í eyði 1968. Verulegur hluti af landi jarðarinnar er uppblásin hraun eða hálfgróin en graslendið er mólendi að mestum hluta. Landið er gott til sauðfjárbeitar og skjólgott." SB V, 74. "Í Landnámu segir að Þorsteinn rauðnefur hafi byggt á Fossi, en það er ekki sá bær, sem nú ber nafnið Foss, heldur eru það Rauðnefsstaðir. Bærinn fékk nafn Þorsteins rauðnefs eftir hans dag, en Fossnafnið hefur flutt út yfir ána, þar sem nú stendur hann." Ö-Foss, 1.


SSR 1840: "Útigangur hinn besti, heyskapur enginn utanhúss, nema lítið eitt af melaslægjum. Liggur undir áföllum af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 92. Úttektabók 1882: "Þessi jörð er alveg slægjulaus, en hefur áður haft fremur góða haga fyrir sauðfé, en sem nú eru að miklu leyti uppblásnir og eyddir af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 92-93 1917: Tún 2,3 ha, þar af 0,8 ha slétt, garðar 446 m² 1940: "Tún: Sæmilegt, þurrilent, greiðfært. Engjar: Engar. beitiland: Víðlent mólendi og uppgróður. Hraun. Ágætt til sauðfjárbeitar og haustbeitar fyrir hross, að öðru léleg gripabeit. Ókostir: Mikill ágangur af afréttarfé. Nokkur hætta af sandfoki." VS: Rangvellingabók, 92-93

RA-287:001 Foss bæjarhóll bústaður

63°49.206N 19°55.027V

Árið 1917 stóð bærinn 001 samkvæmt túnakorti í því sem næst í miðju gamla heimatúninu. Bæjarhóllinn er um 30 m norðvestan við Eystri-Rangá og liggur malarvegur heim að bænum úr vestri. Núverandi íbúðarhús var byggt beint ofan í gamla bæjarstæðið árið 1937. Ekki er ábúð lengur á bænum, hér er nú vinsæll áningarstaður hestamanna og boðið upp á gistingu bæði fyrir menn og hross. Á mynd í Sunnlenskum byggðum frá árinu 1987

sést íbúðarhúsið og skemman þar fyrir austan. Skemman er nú horfin.



Hólf 1 í bæjartóft Foss, horft til norðurs


Sunnlenskum byggðum V, líklega verið fjárhús og hlaða. Þar er nú malarplan með grilli og grjóti sem hrúgað hefur verið upp úr bæjarhúsunum. Traðir 024 eru fast austan við þennan vegg. Hleðsla 6 er norðar en hleðsla 5, er 18 m löng og snýr austur-vestur. Hún gæti verið hluti af fyrrnefndu útihúsi en engin skýr tengsl eru á milli hleðslna 5 og 6. Gæti einnig hafa markað norðurvegg gamla bæjarins, heygards eða kálgarðs. Hleðslan fjarar út til vesturs. Það glittir víða í steina í hleðslunni en engin skýr

Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 74

RA-287:002 tóft útihús



Tóft 002, horft til austurs



umhverfis útihúsið. Túnið er lítið þýft og stutt niður á hraun.

Tóftin er um 11x6 m að stærð, er einföld og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru mest um 1,5 m háir. Grjóthleðslur sjást greinilega innan í tóftinni en hún er algróin að utan. Innan í tóftinni stendur út úr

Grasivaxið tún með lágum, náttúrulegum hólum er umhverfis bæjarhólinn. Túnið er lítið þýft og stutt niður á hraun.

Bæjarhólinn er 37x17 m að stærð og snýr austur-vestur. Til norðurs er hann 1,8 m á hæð en fjarar út til vesturs. Suðurmörk hólins sjást ekki, þar er nú slétt malarplan fyrir bíla. Til austurs er náttúrulegur hóll fast upp við bæjarhólinn en líklegt er að þar sé einnig mannvist að finna undir sverði. Bæjarhólinn er grasivaxinn og á honum miðjum sést eitt mannvirki, leyfar gamla bæjarins. Tóftir gamla bæjarins eru 33x13 m að stærð og snúa austur-vestur. Tóftinni hefur verið raskað með byggingum en fjögur hólf og garðlag eru enn greinileg, eitt þeirra er ennþá undir þaki. Hólf 1, eða nánar tiltekið kofi, er suðvestast, er 8x6 m að stærð og snýr norður-suður. Kofinn var líklega hesthús eða fjós. Hann er gerður úr torfi, grjóti, steypu og bárujári. Lofthæðin er um 3 m og veggirnir 1,8 m á hæð. 16 umför af grjóti sjást í veggjum og strengur er á milli grjóthleðslnanna í honum. Steypt gólf er í kofanum og stúur hafa greinilega verið sitt hvoru megin við gang sem liggur eftir því endilöngu. Hliðarnar sjást ekki, þær hafa líklega verið úr timbri. Þakið er úr bárujári og eru fjórar timburstödir undir því. Dyrnar eru 1,5 m á hæð. Hólf 2 er austan við kofa 1. Þar hefur verið steypdur í bæjarhólinn ferhyrningur með torfhleðslu umhverfis. Hlutverk hans er óvíst, líkist helst rotþró. Ferhyrningurinn er 2x4 m, um 1 m á hæð og snýr norður-suður. Hólf 3 er norðan við hólf 1, er 5x4 m og snýr austur-vestur. Veggirnir eru grónir og 0,2 m á hæð. Norðurhlið hólfsins er röskuð og nánast horfin. Þetta gæti mögulega hafa verið rétt eða kálgarður þar sem ekkert þak virðist hafa verið á hólfinu. Inngangur er á austurhlið, úr hólfi 4. Austan við hólf 3 er hólf 4. Það er 6x5 m og snýr austur-vestur. Þak úr bárujári hefur verið yfir hólfinu og inngangur er á miðri norðurhlið og annar á miðri vesturhlið sem áður hefur verið lýst. Veggirnir eru 1,6 m á hæð og sjást þrjú umför í þeim. Töluvert hefur hrunið inn í hólfið. Austan við núverandi íbúðarhús eru tvær hleðslur. Sú syðri, hleðsla 5, er 10x11 m að stærð og liggur í 90° horn. Hleðslan er 2 m á hæð og sjást fimm umför af grjóti í henni. Hleðslan tilheyrir bæjarhúsunum og sjást þau á mynd í

63°49.190N 19°54.954V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 30 m austur af bæ 001 og um 125 m norðvestan við útihús 004. Hér er greinileg tóft útihúss. Á túnakortinu er útihúsið tvískipt, líklega hefur verið sambyggður kálgarður norðan við það.


Grasivaxið tún með lágum, náttúrulegum hólum er

suðurveggnum líkt og bekkur, 0,4 m breiður og 0,3 m hár. Hugsanlega er það garði og tóftin því fjárhús. Í miðri tóftinni er líkt og hafi verið veggur en hann er horfinn og sést aðeins steinadreif eftir. Hún er um 0,3 m breið og er þvert á tóftina. Tvennar dyr eru á tóftinni, á sitthvorum enda norðurhliðarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:003 tóft útihús



Tóft 003, horft til austurs

63°49.205N 19°55.055V

Útihús er merkt rúmum 20 m vestan við bæ 001 og tæpum 80 m sunnan við útihús 004 inn á túnakort frá 1917.

Grasivaxið tún með náttúrulegum hólum og hæðum er umhverfis útihúsið. Túnið er lítið þýft og stutt niður á hraun.

Útihúsið er 5x6 m að stærð, er einfalt og snýr norður-suður. Veggirnir eru útflattir, aðeins um 0,3 m á hæð. Hvergi sést glitta í grjóti eða hleðslur í þeim. Í norðausturhorni útihússins er

steypt svæði, um 1x1 m að stærð. Tilgangur þess er óljós. Tóftin hefur líklega verið tvískipt eða garði hefur verið í henni, þar sem það mótar fyrir hleðslu eftir henni endilangri. Telja verður líklegt að þetta hafi því verið fjárhús. Tóftin er opin til suðurs og þar hefur verið inngangur eða timburþil.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:004 þúst útihús



Þúst 004, horft til norðausturs



63°49.246N 19°55.078V

Um 85 m NNV við bæ 001 er grjótdreif í grónu túni, líklega leyfar útihúss sem sýnt er á þessum slóðum á túnakorti frá 1917.

Dreifin er í ójöfnu túni, norðan við óreglulega dæld.


Dreifin er um 4x3 m stór sem snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustan við hana er upptraðkaður blettur en suðvestan við hana er óregluleg dæld, hugsanlega leifar af niðurgrofnu hólfu. Grjótdreifin er óregluleg og ekkert sérstakt

hleðslulag er á grjótinu sem er þó augljóslega ættað úr hleðslu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:005 tóft útihús



Tóft 005, horft til norðurs

63°49.266N 19°55.097V

Á túnakort frá 1917 er sýnt útihús um 40 m norðan við grjótdreif 004 og um 120 m NNV við bæ 001.

Tóftin er í sléttu en ójöfnu túni.


Tóftin er um 10x5 m stór, einföld, snýr norður-suður. Dyr eru á miðjum suðurvegg hennar. Talsvert hefur hrunið úr veggjum tóftarinnar en hugsanlega hafa verið jötur með langveggjum. Vel sér í grjóti í hleðslum tóftarinnar sem eru hæstar um 1,2 m. Aðeins glittir í bárujárn í norðvesturhorni tóftarinnar sem er líklega úr þaki hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:006 tóft útihús



Tóft 006, horft til norðausturs



63°49.254N 19°55.150V

Tóft af útihúsi og gerði eru um 35 m vestan við útihús 005 og um 130 m norðvestan við bæ 001. Útihúsið er sýnt á túnakorti frá 1917. Tóftin og gerðið eru í sléttu en ójöfnu túni. Tóftin og gerðið eru á svæði sem er um 12x12 m stórt. Tóftin er í norðvestur horni gerðisins. Hún er um 8x5 m stór og snýr

austur-vestur. Tóftin er opin til vesturs, út úr gerðinu. Vel sér í grjóti í hleðslum hennar, mest 5 umför. Þær eru hæstar um 1,2 m háar. Gerðið er um 12x12 m stórt. Hleðslur þess eru lægri en tóftarinnar, einungis um 0,4 m háar. Vel sér í grjóti í þeim. Hlið er á gerðinu sunnarlega á austurhlið. Um 5 m sunnan við tóftina er dæld innan gerðisins. Hún er um 4x3 m stór, snýr austur-vestur. Dældin er um 0,9 m djúp, líklega leifar einhverskonar hólfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:007 kuml legstaður

63°51.384N 19°53.617V

Á árunum 1880-90 fundust leifar af kumli í Laufahvammí. Líklega er Laufahvammur breiður og stór hvammur undir hraunbrúnni austur af Skógsöldu, um 4,2 km norðaustan við bæ 001 og um 1,9 km austan við Tröllaskóg 288:002.

Laufahvammur er allvíður, opin til norðausturs. Nokkuð hátt er upp í hvamminn og er hann flatlendur en til vesturs og norðurs eru blásnir hólur. Hvammurinn er allur blásinn í sand og hraun. Litlir snjóskafar voru í honum enn 11. júní 2009.

Um kumlfund í Laufahvammí segir í bókinni Kumli og haugfé: "Laufahvammur er örnefni í Hrauninu skammt austur frá Skógsöldu, en suðvestast á henni eru rústirnar af Tröllaskógi [288:002], hinum forna eyðibæ. Fyrir 1880 var þarna blöðkuslæggja, en á árunum 1880-90 blés landið upp, og fundust þar þá leyfar af kumli. Haugfé er þetta: 3333. Öxi, lítil og ólöguleg, líkust leikfangi, aðeins 8 sm fyrir egg. Fannst 1886.

3334. Spjót, 15,5 sm að l., mjög einkennasnautt. Fannst 1887 ásamt með mannsbeinagrind. Bæði eru vopnin einkennilega smá og veigalíti (9. mynd). Í safnaukaskrá segir Sigurður Vigfússon, að þau séu frá Fossi, enda er hann næsti bær við, en þó er allt eins líklegt, að sá, sem þarna hefur verið heygður, hafi verið frá Tröllaskógi, og réttast er að kenna fundinn aðeins við örnefnið. Skýrsla um fundinn er í bréfi Boga lækni Péturssyni í Kirkjubæ. Spjótíð "stóð upp á endann hjá hauskúpu af manni; þar var líka (að finnandi hélt) að mestu "complet" beinagrind af manni. Engin sást steinlegging kringum beinin, en svo virðist sem maðurinn hefði legið frá norðri til suðurs, en samt svo sem hann hefði ekki legið flatur, heldur eins og boginn í keng." Líklega á að skilja þessi ummæli um hof þannig, að höfuð hafi verið í suðurenda kumlsins, en víst er það ekki. Aths. Í safnaukaskrá 1893 segir Pálmi Pálsson frá þremur gripum, sem fundust 1892 í svonefndum Laufahvammí norður af Fossi á Rangárvöllum. "Þar höfðu áður fundizt öxi og spjót", og er hér eflaust átt við Þjms. 3333-3334. Gripir þessir eru ístað úr jární, brýnisbrot og hnífsoddur (Þjms. 3936-38). Að vísu er engin bæjarrúst í Laufahvammí, en þó er varhugavert að telja þessa gripi til kumlsins, því að ístaðið er af þektri miðaldagerð." Engin ummerki um kumlið sáust á vettvangi og nákvæm staðsetning þess ókunn.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: KEKH, 41-42

RA-287:008 varða
63°49.490N 19°53.212V

"Sunnarlega í henni [Heiðinni] í útsuður af St(óra)-Skyggni er Hnífildalur, fallegur og grösugur (þar á að hafa drepist sauður, er Hnífill hét). Suður af honum er smáhóll með vörðu, kallaður Innri-Vörður [...]," segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 1,6 km austur af bæ 001. Varðan er á allháum hól, strýtulaga í nokkuð gróinni heiði. Mjór dalur liggur frá vörðunni til norðurs og kann það að vera Hnífildalur. Varðan



Varða 008, horft til suðurs

stendur mjög hátt í landslaginu og af henni sést um víðan völlum, m.a. að beitarhúsum 014 og yngri beitarhúsum 020 til norðvesturs en einnig sést að Selflöt 013.

Varðan er hlaðin sunnan á lítinn klett og er hún uppmjó en í grunninn er hún um 1,2x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Málin eru gefin upp með klettinum sem hún er hlaðin á. Mesta hæð er um 1,2 m og sjást 4 umför. Varðan er veikbyggð og kann að hafa verið hlaðin upp eftir að hafa hrundið en gróin hundapúfa er fast austan við hana og þar í má sjá laust grjót. Grjótið í vörðunni er lítt skófum vaxið, a.m.k. það sem er efst. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ef til vill hefur hún varðað leið að seli á Selflöt 013 eða markað útsýnisstað fyrir smala.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:009 Sandvarða varða

63°49.166N 19°53.955V



Varða 009, horft til norðvesturs

"Sunnarlega í henni [Heiðinni] í útsuður af St(óra)-Skyggni er Hnífildalur, fallegur og grösugur (þar á að hafa drepist sauður, er Hnífill hét). Suður af honum er smáhóll með vörðu [008], kallaður Innri-Vörður, nokkuð vestar er Langihóll, grasigróinn að sunnan. Skammt sunnar er kringlóttur sandhóll, með vörðubroti, nefndur Sandvarða," segir í örnefnalýsingu. Varða er um 880 m austan við bæ 001.

Varðan er á blásnum hraunhól og er mikið blásið í kringum hann en nokkurt graslendi er til norðvesturs þar sem stekkur 010 er.

Varðan er hrúnin. Eftir stendur grjóthrúga, yst er stórgrýti en inni í henni er smærra grjót. Hrúgan er um 1,3 m í þvermál og er um 1,1 m á hæð. Enn sjást 2 umför. Óvíst er í hvaða tilgangi hún hefur verið

hlaðin en mögulega hefur hún vísað á stekkin eða heim að bæ 001.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:010 tóft stekkur

63°49.213N 19°54.145V



Tóft 010, horft til vesturs



"Beint vestur af Sandvörðu [009] eru tveir hólar. Heitir sá nyrðri Sandbóla. Þar var stekkur og stíað fram yfir aldamót, en var hætt vegna þess, hvað erfitt var að reka féð inn. Stóð réttin í laut, en féð sótti á brekkuna, svo var hún flutt að ánni [017]," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 720 m austan við bæ 001 og

tæpum 400 m suðaustan við Stóruvörðu 012. Stekkurinn er í laut sem snýr austur-vestur á milli gróinna hraunhóla.

Stekkurinn er í grónu hrauni. Á svæðinu er mikið um hraunhóla, lautir á milli þeirra og hraungrýtishóla.


Stekkurinn er 25x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Tvö hólf eru í stekkinum. Hólf 1 er vestar. Það er 4x4 m að innanmáli og nánast egglega. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóti í þeim. Stór klettur er notaður sem hluti af norðurvegg. Kletturinn er um 1,6 m á hæð. Inngangur er í norðausturhorni, inn í hólf 2. Hólf 2 er um 10x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfíð er opið til vesturs og hefur féð verið rekið þar inn. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sjást fjögur umför í þeim. Náttúrulegur klettur er notaður sem hluti af norðurvegg. Hólfíð er raskað til vesturs vegna jarðfalls sem þar hefur orðið. Það sést að hleðslur hafa hrundið ofan í það og tengsl við garðlag sem liggur til suðurs frá hólf 2 hefur rofnað. Garðlagið er um 4 m á lengd og hefur verið

sambyggt stekknunum. Norðurveggur stekkjans gengur um 10 m út frá stekknunum og hefur hann ásamt hinu garðlaginu verið notaðir til innrekstrar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:011 tóft



Tóft 011, horft til SSA

63°49.217N 19°54.869V

Einföld tóft er um 130 m austan við bæ 001, rétt utan túns.

Tóftin er í hæðottum móa skammt utan túns, fast sunnan við bíslóða sem liggur frá bæ til austurs.

Tóftin er einföld og mjög gróin, ekki sést í grjóthleðslur. Hleðslur eru mjög signar en sjást þar sem þær eru hæstar við inngang í

NNV-enda, um 0,5 m á hæð. Tóftin er um 3x3 m að stærð. Hún stendur í halla og kann að hafa verið grafin inn í brekkuna að hluta. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tóftin hefur þjónað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Foss, 2

RA-287:012 Stórarvarða varða



Varða 012, horft til austurs

63°49.271N 19°54.604V

"Fremst í heiðinni er nefnd Heiðarbrún og er hún austur af bænum, á henni er hóll með vörðu og heitir hann Stórarvarða," segir í örnefnalýsingu. Stórarvarða er um 360 austan við bæ 001 og um 90 m austan við Stekk 017.

Varðan er vestarlega á mosa- og lyngivaxinni hraunbrún.

Stórarvarða er á náttúrulegum kletti, sem er um 1 m á hæð. Varðan sjálf er um 0,4 m á hæð og hlaðin úr hraungrýti. Hún er um 1 m í þvermál og þrjú umför af grjóti sjást í henni. Toppur vörðunnar er hruninn og liggur grjótdreif umhverfis klettinn. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Foss, 2-3

RA-287:013 Selflöt heimild um sel

63°49.984N 19°51.149V

"Vestan undir Hraunhálsi er grasgróin flöt, sem heitir Selflöt, þar var haft í seli frá Fossi áður fyrr. Hafa sézt þar tættur til þessa," segir í örnefnalýsingu. Selið var um 3,2 km austur af bæ 001 og 1,4 km austur frá beitarhúsum 014. Á svæði sem er um 200x100 m stórt, sunnan undir Selfjalli, er grasflöt sundurskorin af rofabökkum. Flötin er víðfeðm, snýr austur-vestur og kjörinn selstaður. Þar sést ekki lengur til tófta nú. Telja má líklegt að tóftir selsins hafi fyllst af sandi eða blásið í burtu.

Selflöt er grasvaxin og slétt. Þar eru rofaflákar og blæs sandurinn mikið upp á flötina.

Engin ummerki sels sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Foss, 3

RA-287:014 Húsaflöt tóftir beitarhús

63°49.766N 19°53.103V




Tóft 014A, horft til norðurs



Tóft 014B, horft til austurs

"Þegar því sleppir [Innstanefi] að vestan er Húsaflötin, jafnlend og grösug, er Húsaneff fremst á henni. Þar standa fjárhús frá Fossi [...]," segir í örnefnalýsingu. Tvær tóftir eru við Húsaflöt, um 1,9 km austur af bæ 001.



Tóftirnar eru annars vegar norðan við og hins vegar norðvestan við Húsafllöt sem er flöt að ofan og sléttlend, grasi gróin. Austan við tóftirnar er allhár klettum girtur hóll. Mikill uppblástur er nærri tóftunum.


Minjarnar eru á svæði sem er um 70x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftunum tveimur verður gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingunni. Suðaustast á svæðinu er stór, einföld og grjóthlaðin tóft A sem er um 5x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 1,6 m og að innan má sjá 5-6 umför af hleðslu. Dyr eru á suður-langhlið sem eru samanfallnar. Um 50 m vestan við tóft A er hringlaga tóft B og gerði umhverfis hana. Dálítil

brekka er niður að tóftinni frá A. Tóftin er hringlaga, um 3 m í þvermál. Hún er einföld og grjóthlaðin. Dyr eru á henni til vesturs og er enn stór steinn yfir þeim en þær eru um 0,4 m á breidd og hæð. Tóftin er gróin að utan og eru hleðslur hæstar um 1,1 m, að innan má sjá 4 umför. Gerðið umhverfis tóftina liggur út frá austurhlið tóftar til beggja átta og myndar hringlaga gerði sem afmarkar svæði sem er um 6x5 m að stærð með tóftinni og snýr norður-suður. Gerðið er gróið en þó sést í grjót við norðausturhorn tóftar. Hleðslan í gerðinu er hæst um 0,3 m og er um 0,4 m á breidd. Um 16 m norðaustur af tóft A, ofarlega í brattri brekku, er gróf sem kann að vera manngerð. Ógreinilegur inngangur er í hana úr suðri og er grófin um 3 m í þvermál að innanmáli, nokkuð hringlaga. Ekki sést í grjóthleðslur og kann þetta að vera náttúrulegt. Dýpst er grófin um 1 m.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Foss, 3

RA-287:015 þúst beitarhús



Þúst 015, horft til austurs

63°49.690N 19°55.704V

"Nokkru vestar [en Fálkapúfa sem er vestur af 015] liggur grasbrekka frá norðri til suðurs, nefnist hún Borgarbrekka, fjárhús stóðu þar áður, þær eru skammt frá hraunjaðrinum," segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin í Borgarbrekku hafa verið um 1 km norðan við bæ 001 og rúma 50 m austan við vörðu 021. Ekki sést til tófta í Borgarbrekku en þar er dæld sem mögulega markar

staðsetningu beitarhúsanna.

Dældin er í aflíðandi og gróinni brekku til suðurs. Brekkan er vaxin mosa, grasi

og lyngi.

Í Borgarbrekku er að finna dæld um 40-50 m sunnan við hraunbrúnina og eru það líklega síðustu leifar beitarhúsanna. Dældin er 12x10 m að stærð og snýr norður-suður. Veggur virðist liggja til norðurs en hann verður síðan óskýr. Dældin er um 0,3 m djúp og mögulega mótar fyrir hólfaskiptingu. Inngangur hefur hugsanlega verið á suðurhlið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Foss, 3

RA-287:016 varða landamerki

"Mörkin milli Árbæjar og Foss liggja í útsynningsnef. Þar er brekka með grashvammi sunnan í, en blásið fram klettinn, sem er fremst í því. Liggja mörkin þaðan í hól, sem er landsuður af Skógsöldu og heitir Markhóll, og úr honum í Steðja og úr Markhól í vörðu, sem er fyrir vestan vellina, vestan við túnið," segir í örnefnalýsingu. Gengið var frá Árbæjarmúla að vörðu í Borgarbrekku 021 en ekki sást til vörðunnar á vettvangi. Líklegt er að hér sé átt við sömu landamerkjavörðu og skráð er í Árbæ (288:011) en hún fannst ekki heldur.

Á svæðinu þar sem varðan hefur líklega verið er mikill uppblástur og er nú að miklu leyti úfið hraun.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Foss, 3

RA-287:017 Nátthagahóll tóft+garðlag stekkur


63°49.262N 19°54.708V



Tóft og garðlag 017, horft til norðausturs

"Fjárrétt stór og stekkur eru í Nátthagahrauni og þar rétt hjá, við Eystri-Rangá, er Nátthagahóll. Parna var stíað," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Beint vestur af Sandvörðu [009] eru tveir hólur. Heitir sá nyrðri Sandbóla. Þar var stekkur [010] og stíað fram yfir aldamót, en var hætt vegna þess, hvað erfitt var að reka féð inn. Stóð réttin í laut, en féð sótti á brekkuna, svo var hún flutt að ánni." Ekki er vitað hvenær stekkurinn var fluttur. Stekkurinn er um 280 m austan við bæ 001 og um 80 m vestan við Stóruvörðu 012. Þar eru tóft og garðlag skammt austan við gróna hraunbrún sem kallast Heiðin í örnefnaskrá. Gaddavírgirðing liggur um 10 m fyrir vestan tóftina og liggur hún þvert á garðlagið. Trjám hefur verið plantað í hraunjaðarinn.

Tóftin og garðlagið eru við upphaf grasivaxins hvamms sem gengur til austurs upp í heiðarbrúnina, eða hraunjaðarinn. Svæðið er grasivaxið og slétt.



Tóft og garðlag 017

Mannvirkin eru á svæði sem er um 120x80 m stórt og snýr austur-vestur. Þar er tóft og gerði. Fá minjarnar bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er 20x9 m að stærð, er skálalaga og snýr norður-suður. Tóftin skiptist í fjögur hólfs. Hólf 1 er í miðri tóftinni. Það er 11x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er í norðvesturhorni en einnig er innangengt frá þessu hólfi inn í öll hin hólfin þrjú. Veggirnir eru um 1 m á hæð og mosavaxnir, það glittir á tveimur stöðum í grjóti. Hólf 2 er norðan við hólfi 1. Það er 3x3 m að innanmáli og op er á miðri suðurhlíð. Suðurmörk hólfsins sjást aðeins sem þýfður og gróinn bakki. Veggirnir eru um 0,8 m á hæð. Hólf 3 er austan við hólfi 1. Það er 3x3 m að innanmáli og inngangur er á miðri vesturhlíð. Grunnflötur hólfsins er um 0,4 m hærri en í hólfi 1. Veggirnir eru um 0,5 m á hæð og alveg grónir. Hólf 4 er syðst í tóftinni og er það 4x3 m að innanmáli. Inngangur er á miðri norðurhlíð og hvergi mótast fyrir grjóti. Gerði B afmarkar svæði sem er 120x80 m að stærð og snýr norður-suður. Það er ferhyrnt en hvergi mótast fyrir inngangi inn í það. Tóft A er skammt fyrir sunnan austurvegg gerðisins, því sem næst fyrir miðju þess. Veggir gerðisins eru 0,2-0,35 m á hæð og alveg grónir. Það liggur vestur undir heiðarbrúninni, meðfram brekku til suðurs niður að Eystri-Rangá og eftir sléttu túni. Gerðið er skýrast til austurs og þar er veggurinn um 0,6 m


breiður.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Foss viðb, 1; Ö-Foss, 2

RA-287:018 tóft+garðlag túngarður

63°49.219N 19°54.935V



Tóft og garðlag 018



Tóft 018, horft til suðausturs

Túngarður hefur girt af tún á Fossi. Leifar af túngarðinum og tóft við hann sjást enn um 80 m austan við bæ 001 og tæpum 60 m norðaustan við útihús 002. Á túnakorti frá 1917 virðist sem túngarður hafi verið fyrir austan, norðan og vestan bæ 001 en til suðurs hafi Eystri-Rangá verið látin ráða. Túngarðurinn afmarkaði svæði sem var um 200x140 m að stærð og snéri austur-vestur. Tóftin er ekki merkt

inn á túnakortið og líklega fallin úr notkun þá. Girðing liggur yfir vesturenda tóftarinnar og vegarslóði frá bæ 001 liggur um 5 m til suðurs.

Tóftin og garðlagið eru í grasivöxnu túni að vestan og grónum móa til austurs. Leifar túngarðs og tóftar, líklega útihúss, eru á svæði sem er 15x7 m og snýr norður-suður. Tóftinni og garðlaginu var gefinn bókstafur til aðgreiningar.


Útihús A er 5x4 m að stærð, einfalt og snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til vesturs. Útihúsið er sigið og veggir þess um 0,4 m á hæð og alveg grónir. Það sést glitta í einn stein ofan á þeim. Garðlagið liggur frá kletti um 10 m fyrir sunnan útihúsið og í boga til austurs. Garðlagið er líklega hluti af túngarði sem umlukti gamla heimatúnið. Það er 0,6 m á hæð og gróið. Það sést glitta í grjóti í suðurhluta þess en það fjarar síðan út til norðurs. Á milli útihússins og garðlagsins er mosatorfa og því óskýrt hvort þau eru sambyggð eður ei.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:019 tóftir

63°49.248N 19°54.861V



Tóft A, horft til austurs



Tóft B, horft til austurs

"Í Blesulágum bjó huldukona, sem stundum sást. Blesulágar eru fast við túnið á Fossi. Þar eru fallegir og einkennilegir klettur, sem liggja í brekku. Alltaf var gengið þar hljóðlega um," segir í athugasemdum við örnefnalýsingu. Ekki er augljóst hvar þessi staður er en um 160 m austan við bæ 001 er dálítill brekka við túnjaðar sem vísar norðvestur að túninu og eru þar nokkrir klettur sem standa upp úr brekkubrúninni. Þar er einnig tóft og aðrar ógreinilegri minjar og er minjasvæðið skráð saman hér.

Minjarnar eru í grasi gróinni brún við túnjaðar.

Tvö mannvirki eru skráð á svæði sem er um 14x4 m að stærð og snýr norður-suður. Minjarnar eru greinilegastar í norðurenda svæðisins en þar er tvískipt tóft A, líklega torfhláðin. Tóftin er öll gróin en hún er hlaðin utan í dálítinn klett sem stendur upp úr henni. Tóftin er um 3,5x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er í suðurendanum og er það vel greinilegt. Það er um 1x1 m að innanmáli, op er á því til vesturs. Hólf II er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Framhald af vesturlangvegg tóftar eða hólf II liggur vestan við hólf I en op er á honum móts við op inn í hólf I. Ef til vill er um fleiri en eitt byggingarstig að ræða. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Ógreinilegri minjar eru sunnan til en fast við tóftina. Þar er mögulega lítið hólf III, sunnan við hólf II sem er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Þar sunnan við er ógreinileg þúst B en þar virðast vera hleðslur undir sverði. Allt svæðið er vestan undir dálítilli brún og standa nokkrir klettur upp úr brúninni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Foss aths., 2


RA-287:020 tóft beitarhús

63°49.414N 19°54.101V



Tóft 020, horft til norðvesturs

Tóft er um 850 m austan við bæ 001 og um 370 m norðan við stekk 010. Tóftin er að öllum líkindum ekki mjög gömul en skráð vegna forns byggingarlags. Tóftin er í mosavöxnu hrauni þar sem mikið er um hraunhóla og lægðir inn á milli þeirra. Svæðið umhverfis tóftina er grasivaxið. Tóftin er 17x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást sex umför af grjóti í þeim. Að utan eru veggirnir alveg grónir. Það hefur verið timburgrind í þakinu og bárujárn þar yfir. Hlutar af þakinu eru enn uppi en annars



hefur það fallið ofan í tóftina og hún full af rusli. Inngangur hefur verið á miðri norðurhlíð en hann er nú fullur af steinum. Þetta hefur líklega verið beitarhús.

Hættumat: engin hætta

RA-287:021 varða landamerki

63°49.686N 19°55.780V

Í Rangvellingabók er lýsing á landamerkjum Foss. Þar segir: "Landamerki Foss voru skráð 1892 og eru þau

Þannig: "Tvær vörður [288:011] standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ, sem eru markavörður milli Árbæjar og Fosslands, úr téðum vörðum beina stefnu í hól sem varða er á á Borgarbrekkunni". Varðan í Borgarbrekkunni er um 1 km NNV við bæ 001 og rúmum 750 m norðaustan við vörðu 020.

Varðan er í gróinni brekku sem gengur til suðurs úr lítt gróinni hraunbrún. Varðan er hlaðin úr stóru og smáu hraungrýti. Hún er byggð upp á náttúrulegum hraunklettum. Varðan er um 1 m á hæð og 2 m í þvermál. Það sjást fjögur umför af grjóti í henni. Hrun úr vörðunni liggur fyrir sunnan hana og greinilegt að hún hefur verið endurhlaðin. Grjótið er vaxið skófum og mosa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS: Rangvellingabók, 92

RA-287:022 varða landamerki
63°51.010N 19°53.947V



Varða 022, horft til vesturs

Í landamerkjalyýsingu frá 1892 sem birt er í Rangvellingabók segir: "Tvær vörður standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ [RA-288], sem eru markavörður milli Árbæjar og Fosslands, úr téðum vörðum beina stefnu í hól sem varða er á á [svo] Borgarbrekkunni, aftur úr þeirri vörðu beina stefnu og sjónhending í vörðu sem er á háhraunsnefinu austur af Skógsöldu, sem er vestur- og norður-hornmark á Fosslandi." Þessi lýsing á að öllum líkindum við um sömu vörðu og getið er í örnefnaskrá Árbæjar: "Landamerki Árbæjar samkvæmt landamerkjabók Rangárvallasýslu eru þannig: Fyrst er Rauðkollur að norðan, úr Rauðkollu í vörðu, sem er uppi á háhraunsbrúninni [...]" Varða er um 3,5 km norðaustan við bæ 001 og um 1,6 km suðaustan við Tröllaskóg og er það að öllum líkindum umrædd

landamerkjavarða.

Varðan stendur geysihátt í hrauninu, á hárra hraunbrún suðaustur af Skógsöldu. Allt í kring er blásið hraun en einstaka grastorfur sjást enn.

Varðan er hlaðin á klett. Hún er sjálf um 1,2x1 m að grunnfleti, snýr norður-suður. Hrunið hefur úr henni til suðurs en hún stendur enn, er um 0,8 m á hæð og sjást 4 umför. Grjót í henni er nokkuð skófum vaxið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS: Rangvellingabók, 92; Ö-Árbær, 1

RA-287:023 heimild um kálgarð

63°49.192N 19°55.022V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 10 m sunnan við bæ 001.

Grasivaxið tún með náttúrulegum hólum og hæðum er umhverfis kálgarðinn. Túnið er lítið þýft og stutt niður á hraun.

Þar sem kálgarðurinn var er nú sléttuð flöt og engin ummerki hans sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-287:024 gata traðir

63°49.212N 19°54.951V

Á túnakorti frá 1917 eru merktar inn traðir sem liggja frá bæ 001 til norðausturs.

Grasivaxið tún með náttúrulegum hólum og hæðum er þar sem traðirnar liggja. Túnið er lítið þýft og stutt niður á hraun.

Traðirnar eru um 60 m langar, frá bæ 001 en hverfa þar sem ökuslóði sker þær. Fyrstu 5 m frá bænum 001 eru traðirnar hlaðnar upp beggja vegna við götuna en annars eru þær einfaldur hestaslóði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



Traðir 024, horft til norðurs


RA-287:025 tóft útihús

63°49.187N 19°54.978V

Tóft er um 20 m vestur af bæ 001 og rúmum 750 m VNV af rétt 026, á árbakka Eystri- Rangár sem rennur um 5 m fyrir sunnan tóftina. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og því líklega fallið úr notkun á þeim tíma.



Tóft 025, horft til suðurs



Grasivaxið tún með náttúrulegum hólum og hæðum er umhverfis útihúsið. Túnið er lítið þýft og stutt niður á hraun.


Tóftin er um 8x7 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Ekki er sjáanlegur veggur fyrir vesturhlið tóftar en aðrir veggir eru greinilegir og víða um 0,3 m að hæð. Ekki er neitt op á tóftinni nema þar sem vegginn vantar. Þeir virðast eingöngu vera hlaðnir úr torfi. Innan

tóftarinnar mótar fyrir fimm bungum eða hæðum sem snúa austur-vestur og eru allar nokkuð jafnar á lengd, breidd og hæð, eða um 5x1x0,1 m. Hugsanlega er því ekki um signa hústóft að ræða heldur gerði um e.k. ræktun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-287:026 tóft rétt

63°49.312N 19°55.438V



Tóft 026, horft til SSV

Grjóthlaðin rétt er á bökkum Eystri-Rangár, um 400 m norðvestan við bæ 001 og rúnum 250 m norðvestan við útihús 006. Réttin er um 5 m norðan við ána og hefur eflaust verið notuð sem fjárrétt, steypt fjárbað er í henni. Réttin er í grónum móa sem liggur til suðurs að Eystri-Rangá. Þar vex mosi, gras og lyng. Rof eru hér og þar í mótum.

Garðlag og rétt eru svæði sem er um 32x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Rétt A er 22x12 m að stærð og gengur garðlag B um 10 m til vesturs frá henni. Réttin skiptist í tvö hól. Hólf 1 er sunnar. Það er 21x10 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er opið til vesturs og þar hefur fénu verið smalað inn. Garðlag B hefur verið hlaðið í þeim tilgangi að beina fénu inn í réttina. Hólfið breiðkar til austurs. Veggirnir eru á bilinu 0,6-1 m á hæð og sjást mest fimm umför af grjóti í þeim. Skörð hafa myndast í veggina þar sem hleðslurnar hafa fallið niður. Hólfið er slétt og grasivaxið að innan. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það er 2x2 m að innanmáli og gengur steypt fjárbað til suðurs frá því, inn í hólf 1. Steyptar tröppur liggja upp úr fjárbaðinu inn í hólf 2. Ekki er að sjá aðrar dyr á hólfinu. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóti í þeim.

Hættumat: engin hætta


RA-287:027 tóft

63°49.180N 19°54.864V



Tóft og þúst 027, horft til suðausturs

Lítill tóft og þúst eru utan túns, um 140 m suðvestan við bæ 001. Minjarnar eru innan um lága hóla, grasi gróna, skammt norðaustan við Rangá eystri. Minjarnar eru á svæði sem er um 7x6 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Nyrst á svæðinu er tóft A sem er einföld, grjóthlaðin, og er op á henni til austurs. Hún er um 2,5x2,5 m að



stærð. Grjót sést í innanverðum veggjum en aðeins er hægt að greina tvö umför. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 0,6 m. Tóftin er að hálfu innan dálítillar kvosar sem er sunnan við tóftina og líkist helst grónu rofabarði. Kvosin er um 6x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Kantur er á

kvosinni sunnan- og austanverðri, um 0,5 m hár, óvíst er hvort hann er manngerður. Innan þessarar kvosar og um 2 m sunnan við tóft A er gróin þúst B sem er um 1,5 m á kant og óljóst op er á henni til suðurs. Mesta hæð hennar er um 0,3 m. Ekkert er vitað um hlutverk þessara mannvirkja.

Hættumat: engin hætta

RA-287:028 tóft

63°49.268N 19°54.831V



Tóft 028, horft til austurs

Í gróinni brekku, skammt fyrir austan gamla heimatúnið er tóft. Hún er um 200 m ANA við bæ 001 og rúnum 100 m norðvestan við stekk 017. Vírgirðing er um 5 m fyrir vestan tóftina sem hefur verið rétt utan gamla heimatúnsins.


Tóftin er í gróinni brekku sem liggur til norðurs frá Rangá og meðfram gamla heimatúninu. Brekkan er þýfð, vaxin mosa og grasi.

Hér er að öllum líkindum um að ræða útihús eða kvíar sem fallnar hafa verið úr notkun þegar túnakortið var gert árið 1917. Tóftin er 8x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Inngangur er á

miðri vesturhlið. Veggir tóftarinnar eru alveg gróinir og um 0,4 m á hæð. Tóftin er sigrin og orðin mjög mosavaxin. Hún stendur í hvammi sem gengur inni brekkuna. Tóftin er í litlum halla til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



RA-287:029 tóft

63°49.221N 19°54.820V



Tóft 029, horft til austurs


Þrískipt tóft er utan túns, um 170 m austan við bæ 001.

Tóftin er í hæðottum móa milli túns og túnblettis við náthagann 017. Götur liggja sitt hvorum megin við tóftina, líklega í tengslum við Fjallabaksleið eða rekstur.

Tóftin er þrískipt og gróin, er um 8x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Í vesturenda er líkt og framhald af suður-langvegg til suðvesturs eins og til innrekstrar, er hann um 2 m langur. Ekki er greinilegur inngangur í vesturenda en tóftin

er nokkuð óskýr þar. Vestasta hólfið er um 1,5x1,5 m að innanmáli, miðhólf er um 1x1,3 m, snýr eins og tóft og austasta hólfið er um 1x3 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Ógreinilegt op er í austurenda en tóftin mjókkar til þess enda. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m en hvergi sést í grjóthleðslur. Allmikið jarðfall er um 1,5 m sunnan við tóftina. Það er um 3x2 m að innanmáli og 1 m á dýpt, snýr austur-vestur. Líklegt er að tóftin sé af kvíum.

Hættumat: engin hætta




RA-288 Árbær

20 hdr. 1475/1711. Bændaeign. Skv. JÁM voru Litliskógur, Stórisikógur (Tröllaskógur) Hraunkot og Melakot eyðijarðir í Árbæjarlandi. JÁM I, 233-235. "Árbær er fyrst nefndur í kaupbréfi frá 1475, en bréf það er e.t.v. falsbréf. Næst finnst bæjarins getið í visitasubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1641. Í fyrrnefndu kaupbréfi frá 1475 er Þorsteinn Árnason í Gunnarsholti sagður selja Finni Magnússyni presti á Skúmsstöðum jörðina. Hákon Bjarnason í Haga í Holtum átti Árbæ XX hundruð og seldi hann 16. nóv. 1656 séra Jóni Daðasyni presti í Arnarbæli. Hinn 8. maí 1659 seldi séra Jón Sigurður Hákonarson á Breiðabólstað í Ölfusi hálfu jörðina og 1 ágúst 1663 galt hann Rafni Jónssyni VIII hundruð í Árbæ, en þau kaup munu hafa gengið til baka því 3. október s. á seldi séra Jón Torfa Erlendssyni sýslumanni í Þorkelsgerði hálfan Árbæ." VS: Rangvellingabók, 1-2. "Árbær lagðist í eyði árið 1899. ... Land Árbæjar er að mestu blásið hraun en gróin vallendisspilda er við Eystri-Rangá." SB V, 74. Í eyði frá árinu 1899.

Jarðamat 1849: "Tún sémileg, engjar engar. Sauðahagar góðir, en land lítið og blásið." Úttektabók 1884: "Túnið er undirorpið sandfoki, þó álfzt því ekki búinn þar af bráður voði. - - Hagar jarðarinnar eru flagbarðir og hrjóstrugir, og er það af þeim sem ennþá er lít skemmt, nokkuð víðlent, en í talsverðri hættu af sandfoki, því sandur gengur á landareignina að norðan og vestan." Fasteignamat 1940: "Er nú land jarðarinnar að mestu upp blásið, nema tún og dálítill hagspilda." VS: Rangvellingabók, 3. "Tún er þar stórt og enn óblásið og blettir af heiðinni, bæði vestan bæjar út með ánni, og að austan og ofanverðu. En að vísu er meginhluti haganna blásinn í hraun, sem enn er mjög gróðursnautt." VG: Árbók 1953, 59.

RA-288:001 Árbær bæjarhóll bústaður

63°49.495N 19°57.512V



Bæjarhóll Árbæjar 001, kálgarðar 029 og 030, auk traða 021, horft til suðurs

opin niður að á, til suðvesturs. Bærinn skiptist í 11 hólf og er hverju þeirra hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Norðvestast í bæjartóftinni er lítið hólf A sem opið er til suðvesturs fram á hlað. Það er um 4 x 1,5 m að innanmáli, sést í grjóthleðslur í veggjum. Þá eru göng D næst í röðinni sem eru um 7 m löng og liggja í suðvestur-norðaustur að hólf C sem er við enda ganganna, snýr norðvestur-suðaustur og er um 2,5 x 1,5 m að innanmáli. Inngangur í það hólf er samfallinn og göngin eru einnig mjög samfallin. Úr göngunum er einnig op til norðvesturs í hólf B, stærsta hólfíð, sem er 4 x 2,5 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Til suðausturs úr göngum er gengið í hólf E sem er mjög samfallið, það er um 3 x 1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustan við göngin er hólf F sem er opið fram á bæjarhlað, snýr suðvestur-norðaustur, er um 2,5 x 1,5 m að innanmáli. Suðaustan við hólf F er hólf G, snýr suðvestur-norðaustur, er um 3 x 2 m að innanmáli. Norðaustan við hólf F og G eru sennilega matjurtagarðar að húsabaki. Garður H skiptist í 3 beð og eru rákir þvert á hólfm sem skiptir milli beða en garðurinn snýr norðvestur-suðaustur. Þar suðaustan við er samsíða hólf I og skilur lágur veggur þau að. Það hólf er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Þá er hólf J þar sunnan við,


snýr suðaustur-norðvestur, er um 3,5 x 1,5 m að innanmáli og í suðausturenda þess er skýrt afmarkað hlaðið hólf, um 1 x 0,5 m í stefnu hólfinsins. Sést þar í hleðslur, sem standa hærra en hólfíð að öðru leyti. Að lokum er hólf K í suðausturenda bæjarins. Það er 2 x 2 m að innanmáli. Suðurveggur þess er ógreinilegur en kantur er þar niður af. Gardur L sem sést greinilega í norðvesturenda húsanna er það sem kallað er húsagardur í örnefnaskrá og umlukti bæjarhólinn að aftan. Framan við bæinn til suðvesturs eru tveir stórir kálgarðar 029 og 030 og traðir 021 sem liggja niður að Rangá eystri til suðvesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær, 2

RA-288:002 Tröllaskógur þúst býli

63°51.122N 19°55.857V



Tröllaskógur er nefndur í Njálssögu. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Stóre skógur (Tröllaskógur) er sem rúmlega hálf bæjarleið frá Litla skógi í Arbæjar landi, sem nú er haldið. Hefur án efa byggður verið til forna, og kirkja þar staðið, sem bevisa girðingar og mannabein, er uppblása í stórviðrum. Nú er bæjarstaðið og landið um kring sumpart kafið sandi, sumpart komið í blásið hraun og vatnsból ekkert og þar fyrir aldeilis óbyggilegt." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937 segir: "Bærinn Tröllaskógur hefur staðið útsunnan í öldunni. Bæjarstaðið hefur verið fallett og víðsýni mikið." Tröllaskógur er friðlýstur minjastaður sbr. Friðlýsingaskrá. Bæjarstaðið er 3,3 km norðaustan við bæ 001 og um 7,8 km norðaustan við Keldur 282:001.

Bærinn er á móbergsöldu. Allt umhverfis hana er blásið og lítt gróið hraun. Rofabörð eru suðvestan við ölduna, sandur og grös á stöku stað. Allt svæðið er uppblásið og bert. Greinilegt að grjót úr hrauninu hefur verið borið í bæjarstaðið og notað til bygginga.

FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Rangvellingabók eftir Valgeir Sigurðsson segir: "Bærinn Tröllaskógur er nefndur í Landnámabók og Njálu í sambandi við



Bæjarhóll Tröllaskógs 002D, horft til VNV



Meint fjósgrúst 002C, horft til norðausturs

Önund Kolsson sem fyrstur manna reisti þar bú um miðja 10. öld. Ekki er bæjarins getið í byggð í öðrum ritum. Bærinn stóð neðst suðvestan í öldu sem stendur upp úr hrauninu sunnan Sandgilju og Skógaralda nefnist. Kirkja var í Tröllaskógi á fyrstu öldum kristinnar." Brynjúlfur Jónsson fjallar um staðinn í Skrá sinni yfir eyðibýli: "Þar er ávöl alda úr móbergi, aflöng frá norðaustri til suðvesturs, og hefir bærinn staðið á suðvesturendanum. Aldan er hraunum girt alt um kring. Farvegur eftir uppþornaðan læk er suðaustanmegin hennar og eigi ólíkt, að annar sé hinumegin. Hraunin eru án efa eldri en Íslands bygging, og hafa fyrrum verið grasi og skógi vaxin og aldan einnig. En nú er þetta svæði örblásið fyrir löngu. Bæjarrústin er allmikil og mikið flutt í hana af hraungrjóti; en öll er hún úr lagi gengin. Þó sést, að fjósið hefir verið vestast og að eins laust frá. Standa þar tvær beizluhellur uppi. Skamt frá fjósdyrunum hafði verið brunnur, kom hann í ljós við jarðskjálftann í fyrra

(1896), því sandurinn, sem hafði fyllt hann, þéttist saman og lækkaði, svo brunnurinn varð meir en 1 al. djúpur. Hleðslan í honum var óhöggud. Nú er hann orðinn fullur aftur. Austasti hluti rústarinnar er nú ekki annað enn grjótbreiða." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók segir: "Tröllaskógs er getið í Njálu; sennilega hefur þar verið stórbýli, sbr. Litla-Skóg, nokkruð sunnar. Að líkindum hefur kirkja verið þar - mannabein hafa fundizt þar-, en farið af fyrr en kirkjumáldagar sýna, sem nú eru til." Vigfús Guðmundsson fjallar um bæinn í Eyðibýli og auðnum á Rangárvöllum: "Bæjarhúsaleifarnar eru nú, eins og á öðrum slíkum örblásnum stöðum, bala- eða hólmyndaðar, vegna þess að mesta grjóthrúgan heldur óblásinni mold þeirri úr jarðvegi, sem byggt var á, með því líka að þar grær yfir öðru hvoru á mörgum stöðum, þótt örfoka sé umhverfis. [...] Þrátt fyrir þessar ástáður hér sést þó að höfuðbólið hefir verið mikil og löng bygging, með framhlið móti ssv. Grjótdreif þess tekur nú (1946) yfir 18 faðma á lengd og allt að 12-15 faðma á breidd. Grjótið er allt aðflutt, mest hraungrjót, en líka mikið af mógrjóti ofan úr öldunni, þar eigi langt frá. Sjá má, að það hefir verið notað í dyrakampa, nærri miðsvæðis að sunnanverðu, og lagað til þess. Líklegt er, að þarna hafi verið býsna mikill skáli, auk annarra húsa og bygginga. Kirkjugarðurinn hefir verið neðan við bæinn að austanverðu. Þar hafa oft sést mannabein og verið hulin með grjóti. Sézt hefir fyrir garðinum, ferhyrindum, en varla alveg jafnhliða; mældust mér austur- og vesturhliðar 10 faðmar hvor, norðurhlið 14 og suðurhlið 12 faðmar. Salarhlið nærri miðri vesturhlið, og varla meira þaðan en 8-10 faðmar upp til bæjardyra. Kirkjurústin er lítil og óglögg, en hefir verið sunnantil við miðjan austurvegg og gafhláðið notað fyrir þann spöl úr garðinum. Hússrúst er neðan við kirkjugarðinn, sem ekki verður mæld, ef til vill af smiðju. Þar að neðan og vestanverðu hefir verið grjóti girtur akur að öllum líkindum, í góðu skjóli og halla móti sól og suðri. Virtist mér hann um 22 faðmar á tvær hliðar, en 18 og 30 faðmar hinar. Vel má vera, að austan bæjar og kirkjugarðs hafi líka verið akur; þar sjást leifar af annarri girðingu. Fjosið hefir staðið skammt nv. frá bænum. Sjást þar enn báshellur, reistar á rönd. Virðist móta fyrir sex básum við eystri vegg. [...] Brunnurinn fyrrnefndi er þarna í slakka fáum föðmum suðvestar. Og enn er ein húsarúst á bala fyrir neðan brunninn." Í grein eftir Helga Þorláksson kemur fram að alltaf hafi verið vatnsskortur á þessu svæði sem að mati Helga dregur úr líkum á því að þarna hafi verið stórbýli, hann vill meina að Tröllaskógur hafi aldrei stórbýli verið, e.t.v um 10 hdr jörð. Sjö þústir eru nú greinilegar þar sem Tröllaskógur var. Minjarnar eru á svæði sem er samtals um 100 x 50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hér verður hverri þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar og hefst lýsingin norðvestast á svæðinu. Þúst A er norðaustast á uppblásnum og lágum móbergshól. Efst í þústinni mótast fyrir steinaröðum þó ekki sé það skýrt. Þústin er 10x12 m og snýr austur-vestur. Grastorfur, móbergsgrjót og hraungrýti er að sjá í þústinni. Einstaka hellugrjót sést liggja þar líka og mótast fyrir um 5 m langri veggjahleðslu austast. Þúst B er 36 m austan við þúst A. Hún er 12x12 m að stærð og 0,8 m á hæð. Þústin er þakin hraungrýti, móbergi og hellusteinum. Grjóthrúga, frekar regluleg, er í norðurhluta hennar. Hrugan er 1,2x1 m og snýr norður-suður. Uppblásin hleðsla sést í vesturenda þústarinnar, 6x6 m að stærð. Mögulega eru fleiri hleðslur að blása upp í hólnum. Þúst C er 25 m fyrir sunnan þúst B. Þústin er grónari en umhverfið og tveir hellusteinar standa upp úr sverðinum. Grjótdreif er um alla þústina, aðallega móberg og hraungrýti. Suðausturhluti þústarinnar er um 2 m á hæð en brattari niður til norðvesturs. Þústin er 12x15 m og snýr austur-vestur. Allur hóllinn er þakinn grjóti og er líklega fjosið sem nefnt hefur verið hér fyrir ofan. Engar skýrar hleðslur sjást nema báshellurnar sem standa þverar upp úr sverðinum. Tóft D er að öllum líkindum skálarústin sem talað er um hér fyrir ofan. Hún er efst á 5 m háum hól sem snýr austur-vestur. Hóllinn er 23x23 m og uppblásinn. Tveir málmgrípir og brýni fundust liggjandi á yfirborði þústarinnar og voru hnit tekin á fundarstöðunum. Efst á hólnum er steinadreif, um 10x6 m og snýr eins og hóllinn. Í hliðum hólsins eru hleðslur að blása upp en það er óljóst þar sem hóllinn er þakinn móbergssteinum, hraungrýti og hellusteinum. Norðan úr hólnum sést hluti af garðlagi sem liggur norður-suður. Það er 6 m langt og gert úr einfaldri steinaröð. Tvö umför sjást. Þúst E er 40 m suðaustan við við þúst D. Af lýsingum Vigfúsar Guðmundssonar að dæma hefur kirkjugarður og kirkja verið á þessum stað. Þústin er 10x12 m og snýr austur-vestur. Þústin er þakin hraungrýti og er þannig frábrugðin hinum þústunum. Þústin er á lágum móbergsstalli. Inn á milli steinanna glittir í dýrabein. Engar skýrar hleðslur sjást en stærra mógrýti er þarna. Einstaka hellusteinn er í þústinni. Þúst F er 10 m sunnar en þúst E. Hún er á lágum hól sem er þakinn hraun- og móbergsgrjóti. Hóllinn er 1,2 m á hæð og 25x15 að stærð. Suðvestan til á hólnum er grasivaxið rofabarð og dýrabein sjást í henni allri. Engar skýrar hleðslur er þó þar að finna. Þúst G er 50 m austan af þúst D, á sléttu svæði á móbergsöldunni. Hún er gerð úr einfaldri röð af móbergsgrjóti og sést eitt umfar. Hún er 4x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Hún er opin til norðvesturs. Samkvæmt Elínu Ósk Hreiðarsdóttur hefur fundist ein dökkblá og einlit glerperla í Tröllaskógi sem mest líkist perlum frá Víkingaöld þó hún sé of einkennalaus til að hægt sé að fullyrða um aldur hennar. Í Tröllaskógi hefur einnig fundist heil silfurnæla í Úrnesstíl sem afhent var Þjóðminjasafninu árið 1913.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: JÁM I, 234, 278; HS: Árbók 1937-1939, 125; Friðlýsingarskrá, 67; ÍF XII, 147. VS: Rangvellingabók, 446; BJ: Árbók 1898, 21-22; VG: Árbók 1951-1952, 120-121; HB: "Byggð við Heklu", 150-152

RA-288:003 Litliskógur þúst býli

63°50.399N 19°58.234V

Í Jarðabók Árna og Páls 1709 segir: "Litli-skógur kallast pláts nokkurt í Árbæjarlandi (sem nú er so haldið). Þar sjest til tóftarbrota, so sem bygð muni í fyrri tíð verið hafa, en enginn veit að segja nær þessi jörð hefur eyðilagst, ekki heldur fyrir hverja orsök, nema hvað menn meina að vegna blásturssands skeð hafi, þykir og líklegt af því, að nú er landið fyrir norðan og útnorðan bæjarstæðið komið í sand og hraun grasslaust orðið. Þykir mönnum þessi jörð óbyggileg vegna slægjuleysis og vatnsbólís sem er ekki nær að fá en eina bæjarleið að vísu." Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937 segir: "Suðaustan-í hrauninu er Litli-Skógur. Ekki er kunnugt um hve nær hann fór í eyði." Litliskógur er 2,4 km austan við Tröllaskóg 002, 1,3 km austan við Húsbrún 007 og tæpum 1,8 km norðan við bæ 001. Vegarslóði er fast vestan við tóftirnar og liggur hann meðfram skógræktargirðingu. Innan girðingarinnar, vestan við hana, er lúpínubreiða.

Bærinn var fremst á uppblásinni hraunöldu. Þar er lítið af gróðri.

Í Rangvellingabók eftir Valgeir Sigurðsson stendur: "Litliskógur hét bær sem stóð í slakka suðaustan í brún, um það bil 2-3 km suðaustur frá Sandgili [282:080] og svipaða vegalengd suðvestur frá Tröllaskógi [002]." Vigfús Guðmundsson fjallar um bæinn í Eyðibýlum og auðnum á Rangárvöllum: "Bæjarhúsin hafa verið tvö samstæð langhús með dyr á göflum móti suðaustri. Hleðsla sést af millivegg, 4 fet á þykkt og 25 fet á lengd, og nyrðra húsið 8 fet á vidd. Hitt er enn meira hrúnið út, en sýnist þó helzt hafa verið jafnstórt. Gat líka verið sundurskipt eða með hliðardryrum, þótt ekki sjáist þess nú merki. Við næsta hól að norðaustan eru rústir í suðausturhalla, líking af þremur kofum saman, og er líklegt, að þar hafi staðið fjósið m.m. Þaðan liggur lausagrjót úr garði, 25 faðma til suðuráttar. Er það nokkrum föðmum fyrir austan aðaltúngarðinn, og kynni að vera viðbót við túnið, ef ekki úr göngugarði yfir lægð á leið í fjósið ..." Svæðið er uppblásið og lítið eftir af þeim minjum sem lýst er hér fyrir ofan. Bærinn hefur staðið í halla til suðausturs, niður hraunöldu. Það eru um 20 m fram á hraunbrúnina. Það eina sem minnir á bæinn eru hellubrot sem dreifð eru á 12x12 m svæði. Einnig er ekki jafn grýtt þar eins og svæðinu þar umhverfis. Ekki er hægt að sjá hvernig bærinn snéri en líklega hefur það verið mót suðri. Bogi Thorarensen sagði að önnur tóft ætti að vera vestar en ekkert sást til hennar. Allt svæðið er uppblásið og ekkert að sjá nema óreglulega steinadreif í hrauni.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: JÁM I, 234, 278; HS: Árbók 1937-1939, 124; VS: Rangvallabók, 276; VG: Árbók 1951-1952, 123-124

RA-288:004 heimild um fjárskýli

Í skrá Brynjólfs Jónssonar yfir eyðibýli segir: "Hraunbrúnin, sem Litli-Skógur [003] er undir gengur þaðan til suðausturs, næstum að Árbæ; eru undir henni skjól í landnyrðningi, en miður í norðanátt. Á einum stað sér þar fornlegan grjótagarðspotta, er liggur frá austri til vesturs. Engar aðrar rústir sjást þar nærri. Hygg ég þetta hafa verið skjólgarð, ætlaðan til skýlis fyrir norðanátt". Ekki er vitað hvar þessi skjólgarður var nákvæmlega en hluti hraunbrúnarinnar var skoðuð án þess að varnargarðurinn myndist.


Á svæðinu er uppblásið og gróðurlaust hraun.

Engin ummerki garðlags sáust á vettvangi en erfitt er að átta sig á því hvar það hefur verið staðsett nákvæmlega.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: BJ: Árbók 1898, 22.

RA-288:005 tóft



Tóft 005, horft til vesturs

63°49.460N 19°58.126V

Einföld tóft er um 100 m sunnan við tóft 017, um 360 m norðvestan við Jónasarvað 014 og rúnum 500 m vestan við bæ 001.

Tóftin er á gróinni heiði með náttúrulegum hólrimum. Þar vex gras og mosi.

Tóftin er 5 x 4 m að stærð, er einföld og skeifulaga. Veggirnir eru úr hraungrýti og 0,35 m á hæð. Eitt umfar af grjóti sést í þeim og hrun úr þeim inni í tóftinni. Ekki sést skýr inngangur inn í tóftina.

Hún er á lágum, náttúrulegum hól. Líklegast er hún fjárborg, gjafahringur eða heystæði.

Hættumat: engin hætta

RA-288:006 kuml legstaður

63°49.548N 20°01.084V

Í bókinni Kuml og haugfé segir: "Lengi hafa menn vitað, að leifar fornra kumla eru skammt frá Rangá eystri, um 2,5 km austur frá Keldum. Kuml þessi hafa orðið fyrirferðarmikil í íslenskum fornleifaritum, sökum þess að þau hafa verið sett í samband við bardaga Gunnars á Hlíðarenda, er óvinir hans gerðu honum fyrirsát við Knafahóla

(um 990) . Land er nú gjörblásið þarna svo og kumlin öll." Kuml hafa fundist á tveimur stöðum við Rangá eystri á tiltölulega litlu svæði. Annars vegar hafa fundist kuml í landi Keldna 282:148 og hins vegar þau kuml sem hér eru skráð í landi Árbæjar. Um 315 m skilja kumlin að. Nákvæm staðsetning dysjanna í Árbæ er ekki þekkt. Þó er vitað er að þau voru uppi á vesturbrún Árhólts, nálægt Eystri-Rangá. Þau voru um 280 m austan við vað 282:153 og um 300 m austan við Gunnarsstein 282:073.

Dysin voru í uppblásnu hraunholti. Þar eru hraunhólar, -grýti, sandur og lítið af gróðri.



FRIDLÝSTAR FORNMENJAR. Í bókinni Kuml og haugfé er samantekt á heimildum um kumlin við Eystri-Rangá: "Séra Halldór Magnússon, prestur til Keldnaþinga, ritar svo í fornleifaskýrslu 1818: "Í Árbæjar landareign, Keldna sókn, eru kallaðar Fjallmannabrúnir og í þeim einn hvammur eður vík, sem kallað var Haugsvík, en sást þó ei merki til, að þar væri haugur eður fornmannaleiði; en hér um 1800 blés þar uppi mold og sand, og þá komu þar upp bein af 5 mönnum, sem voru mjög rotin orðin; ekkert hefur þar fénað fundizt af vopnum eður öðru." [Óvíst er hvort þessi lýsing á við um kumlin í landi Árbæjar eða Keldna 282:148] Árbær er eyðibýli fyrir ofan Keldur. Örnefnið Haugsvík er nú glatað, og virðist einnig örnefnið Fjallmannabrúnir. Sennilegt mun þó, að þar sé einmitt þar, sem nú heitir Árhóltsbrún, og stafi nafnið af því, að Fjallabaksvegur 661:021 lá þarna um. Kæmi það vel saman við þá sennilegu tilgátu Kálunds, að Haugsvík sé einmitt bali sá, sem er fyrir neðan Árhóltsbrún, en hún liggur þvert norður frá Rangá, miðs vegar milli Keldna og Árbæjar. Mannabein þau, er séra Halldór nefnir, mega þá með sterkum líkindum teljast til Rangárkumla. Árið 1866 fékk Þjóðminjasafnið beinhólk með sérkennilegu kroti, m. a. tveimur tiltölulega náttúrulegum hjartarmyndum (Þjms. 329). Að sögn Sigurðar Guðmundssonar fannst hann í "dysi við Rangá, mitt á milli Keldna og Árbæjar. Dysið var hlaðið upp af steinum eða steinum hlaðið umhverfis. Steinarnir voru vatnslitnir og ólíkir hraungrjóti því, sem þar er í kring, og eru því auðsjáanlega teknir úr Rangá. Engi sáust þar mannabein, enda var þeirra eigi leitað. Dys þetta var uppi í brún eða barði, hér um bil 10 faðma frá öðrum 4 eða 5 dysjum, sem þar eru." Þess ber að gæta, að Sigurður hefur ekki sjálfur séð það, sem hann er að lýsa. [...] Skammt frá þeim [kumlum í landi Keldna 282:148], uppi í Árhóltsbrún, segir hann [Skúli Guðmundsson], að séu auðsjáanlega dys á þremur stöðum, með sams konar grjóti og er í hinum (þ.e. grjóti úr Rangá), en þar hafi ekkert fundizt. Vigfús Guðmundsson segir, að dysjaleifar þessar í Árhóltsbrún sjáist á tveimur stöðum. Loks segir Skúli Guðmundsson, að tæpum 1 km austar hafi blásið upp hauskúpu mikla. Ég svipaðist um á þessum slóðum 1948, en Gísli Gestsson gerði lýsingu og staðaruppdrátt 1954 (7. mynd).[...] Auk þessa veggja kumla geta sumir hinna fyrri höfunda sams konar ummerkja uppi í Árhóltsbrún. Sigurður Guðmundsson á eflaust við þessar leifar, og benda orð hans til, að þær hafi sést á 5-6 stöðum. Skúli Guðmundsson segir, að þær sjáist á þremur stöðum, en Vigfús Guðmundsson tveimur. Missagnir þessar stafa af því, að leifarnar eru mjög lítilfjórlegar og óskýrar. Þó er greinilegt, að steinar frá ánni liggja þarna uppi í brúninni og skera sig úr með líkum hætti og hinar kumlleifarnar. Má segja, að nú sé þetta á fjórum stöðum kringum grunna lægð. En fráleitt verður nú gengið úr skugga um, hve mörg kuml kunna að hafa verið þarna í upphafi. Ekkert hefur fundizt þarna annað en beinhólkurinn. Stílsvipur hans er af rúnsteinaætt, sem ger mun sagt síðar, og er því fremur ósennilegt, en ekki óhugsandi, að hann hafi verið í heiðnu kumli. Ber sífellt að minnast, að á þessu uppblástrasvæði, sem áður var gróið og byggt, geta fundizt hlutir nærri kumlleifum, þótt þeir hafi ekki verið í kumlunum upphaflega. Loks er þess svo að geta, að miðju vega milli kumlleifanna við Gunnarsstein og Árhóltsbrún eru bæjarrústir fornlegar [282:076] (Árbók 1951-52, bls. 125). Mættu kumlin öll hæglega vera frá þeim bæ, ef byggður var í heiðni, svo sem vel má vera." Engin ummerki dysjanna voru sjáanleg.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: KEKH, 52-56; Friðlýsingarskrá, 67.

RA-288:007 [Húsbrún] tóftir býli

63°50.732N 19°56.787V




Í grein Helgu Skúladóttur í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1937 segir: "Fyrir austan Skógslágina, en vestan Húsabrúna í Árbæjarlandi

er bæjarrúst; nafn óþekkt." Í eyðibýlaskrá Vigfúsar Guðmundssonar segir: "Húsbrún nefni ég eitt nafnlausu býlið, eins og brúnin heitir, sem það hefir staðið vestan undir. [...] Og staðurinn (ómældur) svo sem 2-3 km ssv. frá Tröllaskógi [002] og líkt asa. frá Litla Skógi [003]." Í Rangvellingabók eftir Valgeir Sigurðsson segir: "Í skrá sem séra Jón Hinriksson samdi 1794 um byggðir jarðar og óbyggðar í sóknum sínum telur hann hjáleigu frá Tröllaskógi og nefnir hana Skógslág. Engin önnur heimild getur þessa bæjar, en Skógslág heitir lægð er gengur



Bæjarhóll 007A, horft til vesturs



Meint bænhústóft 007B, horft til austurs

til suðvesturs frá Tröllaskógi. Suðurbrún Skógslágar heitir Húsbrún. Vigfús Guðmundsson nefnir eyðibýli er stóð vestan undir Húsbrún, sem hann þekkir ekki nafn á og kennir við brúnina. Bær þessi stóð um 2-3 km suðsuðvestur frá Tröllaskógi og viðlíka langt austsuðaustur frá



Þúst 007C, horft til austurs



Tóft 007D, horft til austurs

Litlaskógi. Líklegt má telja að hér sé um einn og sama bæ að ræða." Bæjarstæðið er 1,1 km suðvestan við Tröllaskóg 002 og 2,4 km norðvestan við bæ 001. Þar er bæjarhóll, blásinn að hluta. Vestan við bæjarhólinn eru meintar leifar smiðju og austan við hann meintar leifar bænhúss. Þá er ílöng tóft um 245 m sunnan við bæjarhólinn þar sem kunna að hafa verið kvíar.

Bæjarstæðið er í blásnu hrauni.

Brynjólfur Jónsson fjallar um býlið í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898 en telur það vera Litla-Skóg 003 (sjá neðanmálsgrein hjá Vigfúsi Guðmundssyni í Árbók 1951-1952, 124): "Þar heitir enn "Litli-Skógur", sést þar ein rúst nokkuð stór, melgrasi vaxin og nokkrar smærri í kring. En svo sem stekkarveg sunnar, undir sömu brún, er önnur rúst eigi öllu minni og nokkrar smærri þar hjá." Í eyðibýlaskrá Vigfúsar Guðmundssonar er leifum býlisins lýst þannig: "Gróið er yfir aðalbæjarleifarnar, sem eru á bala, laust frá brúninni. Hleðslugrjót sést þó þar og í jöðrum, sem eigi hefir getað oltið langt vegna lítils halla. Lengd rústarinnar frá sa. til nv. eru um 8 faðmar og breiddin allt að 5 faðmar. Og líkindi sýnast til þess, að hún skiptist í 4 eða 5 hússtæði og samhýsi, er þó verða ekki mæld. 8 föðmum vestar er hleðslugrjót nokkurt, líklega úr stöku húsi, er grastorfa hylur þar á milli. Að bæjarbaki sést fyrir túngarði, bogadregnum og allt að 4 föðmum frá rústinni. Og 26 föðmum austur frá bæjarrúst er greinilegra tóttarbrót rétt upp við brúnina; mælist hún 9x14 fet inni. Fágætt er það um tótt þessa, að vesturendi er opinn, og sést ekki á sömu hæð eða lítið lægra, að þar hafi nokkurt gafilhlað verið. Minnir þetta á

bænhús með stafnþili og getur hugsagt arfleifð frá kirkjunni á Tröllaskógi. Þarna nokkru norðar og líka nær bænum bólar enn á nokkru hleðslugrjóti, án þess að skipulag sjáist, en gæti verið leifar af fjósi m.m. Ennþá, nærri 150 föðmum sunnar, neðst í sömu brún, voru að öllum líkindum kvíar, í nokkrum halla til dyra, um 7x40 fet. Voru fast við túnið og notaðar fyrir túngarð, það sem þær náðu til, en hann liggur áfram frá norðurveg kvíanna 45 faðma í nnv. og svo áfram í nna. heim undir bæjarrústir að vestanverðu." Minjasvæðið er í heild um 265 x 90 m og snýr suðvestur-norðaustur. Á því fundust fjögur mannvirki og verður hverju þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar. Í norðausturenda svæðisins er bæjarhóllinn A, um 35 x 25 m að stærð og snýr austur-

vestur. Hann er um 4 m á hæð. Hóllinn er nokkuð gróinn efst en það eru rofabörð í hann á hliðunum og þar austaná sést í mikið grjót og móta fyrir hleðslu. Aðeins sést í hraungrýti. Ofan á hólnum eru nokkrar dældir og smá rofablettir. Suðvestan á hólnum er nokkuð skýrt afmarkað hól, er um 5 x 4 , m snýr norðvestur-suðaustur og er um 0,5 m djúpt. Óljóst er hvort hér hafi verið íveruhús eða hús af öðrum toga eða hvort rof hafi myndað hólfið. Það er opið til suðvesturs og við tekur rof í brekkunni fyrir neðan. Mannvistarleifar eru greinilega undir sverði á hólnum þó að ekki sjáist til útlína húsa eða veggja. Um 40 m austan við bæjarhólinn er tóft B, meint bænhústóft. Hún er um 5 x 5 m utanmáls og snýr austur-vestur. Tóftin er greinileg. Ekki er hægt að sjá fyrir vegg í vesturenda og hefur Vigfús Guðmundsson getið sér til um að þetta hafi verið bænhús með stafnpili. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er 0,3 m. Veggir tóftarinnar eru enn grónir en farið er að blása upp innan tóftarinnar og allt í kringum hana er sandur en þó er nokkur jarðvegstorfa eftir norðvestan við tóftina og kunna þar að leynast mannvistarleifar undir sverði. Í kringum þessa tóft er talsvert af brotnum hellusteinum. En ekki sést til gerðis umhverfis tóftina. Samkvæmt Boga P. Thorarensen, heimildamanni, hafa fundist ýmis ummerki smiðju, s.s. gjall, fast vestan við bæjarhólinn. Þar er allmikil grjótdreif C á svæði sem er um 10 m í þvermál og stendur lágt en er dálítill þúst engu að síður. Innan um hraungrýtið er mold og móbergshellubrot. Þarna er allur gróður horfinn að heita má. Um 245 m suðvestan við bæjarhólinn A er tóft D. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti, er 10 x 2 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hún er í brekku sem hallar til vesturs. Tóftin er að öllum líkindum sú sama og Vigfús Guðmundsson telur vera kvíar í sinni lýsingu. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og sést eitt umfar af grjóti. Ekki sést skýr inngangur inn í tóftina en hún gæti mögulega hafa verið opin til austurs.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: HS: Árbók 1937-1939, 124; VG: Árbók 1951-1952, 124; VS: Rangvellingabók, 394; BJ: Árbók 1898, 22

RA-288:008 tóftir

63°50.524N 19°56.932V



Tóft 008A, horft til SSV




Tóft 008B, horft til SSV

Tvær tóftir eru um 400 m suðvestan við Húsbrún 007 og 1,4 km suðvestan við Tröllaskóg 002.

Tóftirnar eru á uppblásnum mel fyrir neðan hraunbrún. Á svæðinu er grýttur sandur og lítið af gróðri. Þar vex helst mosi, blóðberg og gras.

Svæðið er um 75 x 22 m og þar eru tvær tóftir. Tóft A er á náttúrulegum hól, 20 x 12 m stórum, sem snýr norður-suður. Hóllinn er uppblásinn og sést á tveimur stöðum í hleðslur. Að öðru leyti er hóllinn lítt gróinn og blásið hefur úr honum miðjum. Hóllinn er 2 m hár og tóftin er 16 x 6 m stór og snýr eins og hóllinn. Hleðslan í eystri hluta hólins er 16 m en í þeim vestari 2 m. Ekki sjást fleiri hleðslur né skýr inngangur inn í tóftina. Eitt umfar af grjóti sést í tóftinni. Hóllinn er nokkuð hringlaga. Tóft B er rúmum 50 m norðaustan við tóft A. Þetta hefur að öllum líkindum verið rétt eða gjafahringur. Hún er hringlaga, um 14 m í þvermál og grjóthlaðin. Inngangur hefur líklega verið á miðri norðurhlið. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og sjást tvö umför af grjóti. Einnig hefur hrúnið úr veggjum inn í tóftina. Vestari hluti réttarinnar er óljósari en aðrir hlutar hennar. Veggir réttarinnar eru grasivaxnir þótt að uppblástur hafi greinilega verið á svæðinu. Mögulega hafa þetta verið útihús/fjárborgir frá Húsbrún 007.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Tóftir 008

RA-288:009 *Keldnavarða* varða landamerki

63°49.539N 19°58.936V

"Fyrst norður Markgilið frá Fiská og upp í Öldu[r], síðan ræður gilið og í hnúk þann, sem er sunnan við gilið, þaðan í mitt Þjófholt, þaðan í Þríhyrningsháls, svo langt suður sem maður lengst sér af Þorleifsstaðahlæði, og svo vestur yfir Þorgeirshól. Þaðan sjónhendingu í Keldnavörðu í Árbæjarlandi að Rangá. Síðan ræður áin að

*Varða 009, horft til norðvesturs*

Fossnípu, þaðan sjónhending og í Markgilsmyinni, sem fyrir er greint." Keldnavarða er við Fjallabaksleið syðri eins og hún er nú (2008), skammt austan við veginn að Fossi og Árbæ. Varðan er um 550 m vestan við vörðu 028 og um 1,2 km vestan við Árbæ 001.

Varðan er á lítilli klöpp í gróðurlitlum holtsjaðri.


Varðan er hlaðin ofan á klöpp og er um 0,7 m há og grunnflötur hennar er um 1 x 0,5 m. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er gróin neðst, nokkuð fornleg en efsta grjótið er án skófna og hefur verið bætt í hana á síðustu árum. Með klöppinni er varðan um 1,7 m á hæð og ætti að sjást nokkuð víða að.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorleifsstaðir, 1

RA-288:010 tóft

63°49.406N 19°57.468V

*Tóft 010, horft til ASA*

Lítill tóft er 10 m sunnan túngarðs 020, um 15 m norðan við árbakka Eystri-Rangár, við leið 035 og um 170 m sunnan við bæ 001.

Tóftin er í dálítilli laut milli hæða í landslaginu og framan við hana að árbakkanum er sléttur bali, hér er allt gróði í kring.

Tóftin er einföld, 4 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m, ekki sést móta fyrir grjóti í hleðslum. Umferð eftir leið

035 hefur skemmt norðausturhorn tóftarinnar. Lítið rof er á vesturvegg fyrir miðju og kann það að hafa verið inngangur. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin hefur þjónað.

Hættumat: engin hætta

RA-288:011 heimild um landamerki

63°49.447N 19°55.644V

Í örnefnaskrá segir: "Landamerki Árbæjar samkvæmt landamerkjabók Rangárvallasýslu eru þannig: Fyrst er Rauðkollur að norðan, úr Rauðkollu í vörðu [010], sem er uppi á háhraunsbrúninni, þaðan beina stefnu í vörðu við Rangá fyrir vestan Foss eða í hæsta hornið á Þríhyrningi. Þaðan ræður áin fram í Árholt, þar sem er bein stefna úr Rauðkollu, sem fyrir er greindur, í Hnauk á Vatnsdalsfjalli, þaðan beina stefnu í Rauðkoll, sem áður er nefndur." Í Rangvellingabók er lýsing á landamerkjum Foss. Þar segir: "Landamerki Foss voru skráð 1892 og eru þau þannig: "Tvær vörður standa saman niður við Rangá skammt fyrir innan múlann á Árbæ [RA-288], sem eru markavörður milli Árbæjar og Fosslands"". Landamerki Árbæjar og Foss voru líklega þar sem hrauntunga bendir suður í átt að Rangá. Vörðurnar voru um 1,5 km austur af bæ 001.

Hrauntunga teygir sig suður að Rangánni úr hraunbreiðu norður af ánni. Á um 500 m breiðu belt milli Rangár og hraunbreiðunnar er grasigróði svæði.

Engin ummerki vörðunnar sjást lengur og ekki er neitt á þessum slóðum nú (2008) sem bendir til að þar séu landamerki. Óvíst er hversvegna varðan er horfin en það að enga steinadreif er að finna gæti bent til að steinar hennar hafi verið fjarlægðir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Árbær, 1

RA-288:012 *Digravarða* varða

63°49.579N 19°56.210V

"Digravarða er á Þverbrúnum, nær Dölum. Hún er ekki hlaðin af mönnum, nema að hluta. Þetta er bjarg, sem hlaðið hefur verið ofan á. Varðan sést

*Varða 012, horft til vesturs*

trúlega enn," segir í örnefnalýsingu. Varðan er 1,1 km austan við bæ 001 og 1,3 km austan við tóft 027. Varðan er á gróinni heiði með náttúrulegum hæðum og lægðum. Einstaka klettur standa þar uppúr. Varðan er á náttúrulegum kletti sem er 1,7 m á hæð. Kletturinn er 3 m á breidd og stendur sker sig úr flötu umhverfi. Varðan sjálf samanstendur nú aðeins af þremur steinum sem hlaðnir eru þar upp. Hleðslan er 0,3 m á hæð. Grjót hefur hrunið til norðurs úr vörðunni, þar er grjótdreif. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær, 2

RA-288:013 *Þrívörður* varða

63°49.409N 19°56.213V



Vörður 013, horft til suðausturs

Í örnefnaskrá segir: "Þverbrýr ná alveg niður þangað, sem kallaður er Múli eða Árbæjarmúli. Á honum og í áframhaldi af Þverbrúnum eru Þrívörður." Þrívörður eru um 320 m sunnan við Digruvörðu 012 og 1,1 km suðaustan við bæ 001. Um 100 m fyrir austan vörðurnar er gróin heiði og hið sama má segja til vesturs, þar er gróin heiði eftir um 20 m. Þetta er mögulega endi hinna svokölluðu Þverbrúna.

Vörðurnar eru á uppblásinni hraunbrún. Þar er nú lyng, grjót og einstaka grasstoppur.

"Þær voru þrjár vörður, hlaðnar. Ekki veit Jónína, í hvaða tilgangi þær voru hlaðnar, en gizkar á, að smalar hafi hlaðið þær í hjásetu. Þegar hún kom þarna síðast, var ein varðan fallin," segir í örnefnalýsingu. Á svæðinu eru nú (2008) tvær vörður, sú þriðja er að öllum líkindum fallin. Varða A stendur á kletti og

tveir steinar eftir í henni. Afgangurinn hefur fallið niður. Svæðið er þakið grjóti og erfitt að sjá hvað er hrun og hvað ekki. Varða B er um 0,6 m há, 0,8 m í þvermál og hefur grjót hrunið úr henni. Það sjást þrjú umföng af grjóti í henni. Grastoppar vaxa hér og þar úr vörðunni. Þriðja varðan hefur að öllum líkindum verið um 4 m til vesturs frá vörðu B.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær, 2

RA-288:014 *Jónasarvað* heimild um vað

63°49.426N 19°57.689V



Vað 014, horft til suðausturs

"Dálítið suður með ánni er vað á henni [Rangá], sem kallað var Jónasarvað. ... Líklega er þetta sama vað og nefnt er Árbæjarvað á korti," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 155 m vestur af tröðum 021 og um 190 m suðvestur af bæ 001.

Rangá er um 20-30 m breið á þessum slóðum, fremur lyng og rennur til vesturs. Árbakkarnir eru grasivaxnir en árgrjót er meðfram ánni sjálfri.

Engin ummerki vaðsins sjást. Vaðið hefur verið á leið 661:028 sem lá milli Reynifells RA-284 og Árbæjar og svo áfram á Fjallabaksleið syðri 661:021. Ekki sást til gatna á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær, 2-3

RA-288:015 *"vaðið í Múlanum"* heimild um vað

63°49.284N 19°56.125V

"Annað vað var á ánni fyrir Árbæjarlandi, í Múlanum. Það hafði ekki nafn, var aðeins talað um "vaðið í Múlanum"," segir í örnefnalýsingu. Ekki sést greinilega hvar þetta vað hefur verið. Vaðið er nær Fossi en Árbæ og er um 1,2 km suðaustan við bæ 001.

Múlinn er melgróin hrauntunga sem teygir sig að ánni.

"Rauðnefsstaðafólk fór þar yfir til kirkju að Keldum, á fundi og fleira," segir í örnefnalýsingu. Leið 661:029 sem liggur m.a. frá Rauðnefsstöðum að Fossvaði 286:036 hefur að líkindum einnig legið yfir "vaðið í Múlanum".

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær, 3

RA-288:016 tóftir fjárskýli

63°49.417N 19°59.651V


"Áframhald af heiðinni eru moldarfláir og sandur, en þar fyrir neðan er graslendi með ánni, sem heitir Krókur eða Árbæjarkrókur. Þar er bugða á ánni. Fjárborg var austast á Króknum, og mótur líklega fyrir henni enn. Hún var í suður eða suðvestur frá bæ," segir í örnefnalýsingu. Tóft og uppistandandi fjárborg eru við Rangá eystri um 630 m vestan við Keldnavörðu 009 og um 1,8 km vestan við Árbæ 001.



Fjárborg 016A, horft til norðvesturs



Tóftir 016B, horft til norðurs



Minjarnar eru í dálitlum halla mót suðri á austurjaðri graslendis á árbakkanum.

Heildarstærð rústasvæðisins er um 16 x 7 m og snýr það norðvestur-suðaustur.

Borgin A er óhrunin, hringlaga og topphlaðin. Hún er 2,5 m í þvermál að utanmáli, hlaðin úr hraungrýti eins og tóftin, mosa og skófum vaxin. Hleðslan er um 1,2 m á hæð utanmáls. Lágt op er inn í borgina til norðausturs, um 0,5 m á hæð og breidd.

Hlaðinn torfkantur er meðfram allri borginni. Steinaröð tengir fjárborgina við tóft B sem er 1,5-2 m suðaustan við fjárborg. Tóftin er þrískipt, er um 11 x 6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er 1,1 m innanmáls í miðhólfi, þar sjást 5 umför. Talið frá norðvestri til suðausturs er innanmál hólfa þannig: I: 3,5 x 3 m, II: 4 x 1,5 m, III: 3 x 1 m. Öll snúa hólfin suðvestur-norðaustur og eru opin til suðvesturs, í átt að ánni. Hólfin eru vel greinileg en grjóthleðslur farnar að hrynja. Hólf III er síst greinilegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær, 3

RA-288:017 tóft

63°49.406N 19°58.112V




Tóft 017, horft til norðurs

Tvískipt tóft er um 360 m vestan við Jónasarvað/Árbæjarvað 014, rúma 450 m vestan við útihús 027 og um 530 m vestan við bæ 001.

Tóftin er í gróinni heiði með hólrimum. Einstaka steinn stendur upp úr sverðinum.

Tóftin er 10 x 9 m og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt. Hólf I er norðar í tóftinni, er 4 x 4 m að innanmáli og inngangur hefur líklega verið í norðausturhorni. Fyllt hefur verið upp í hann með hraungrýti. Veggirnir eru 1 m á



hæð og það sést í eitt umfar af grjóti í þeim. Að öðru leyti eru þeir grónir. Hólf II er suðvestan við hólf I. Það er 8 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,3 m og ógreinilegir. Þeir eru mosavaxnir en það glittir hér og þar í grjót. Enginn skýr inngangur er í hólfið, er þó kann að vera að hann hafi verið á miðri suðurhlið. Hólf II er á náttúrulegum hól, um 1,5 m háum. Suðurhlið hans er klettabelti. Tóftin öll er fremur óskýr og hefur mögulega verið fjárskýli eða aðhald.

Hættumat: engin hætta

RA-288:018 heimild um beitarhús

"Hraunið liggur síðan langt til suðvesturs, og myndast þar brún, fram af Laskhól og Skógsöldu. Í þeirri brún er útsýningsnef, vestast í Árbæjarlandi. Austast á sömu brún er Húsaneft. Á því voru fjárhús. Hraunið allt suðvestur af Tröllaskógi 002 heitir Húsahraun. Í örnefnaskrá Keldna eru nefndar Húsabrúnir í Árbæjarlandi. Jónína þekkir nafnið ekki, en það gæti átt við fyrrnefnda brún," segir í örnefnalýsingu. Óvissa er um nákvæma staðsetningu þessara fjárhúsa og ekki tókst að staðsetja þau á vettvangi. Býlið Húsbrún eða Skóglág 007 er skráð vestan undir Húsbrún sem og tóftir 008 en fjárhúsin eru sögð austast á þessari sömu brún. Af loftmynd má sjá að brúnin beygir til austurs um 1 km norðaustan við bæ 001 og liggur til austurs um 1,3 km þar sem hún virðist hverfa. Líklegt er að fjárhúsin hafi staðið sunnan undir þessari brún, ef til vill þar sem hún nær lengst í austur og þá væru þau um 2 km norðaustur af bæ.

Uppblásið hraun.

Ekki tókst að staðsetja fjárhúsin vegna óvissu um nákvæma staðsetningu en þau gætu mögulega verið á svæði

sem er um 1,3 km á lengd og á uppblásturssvæði. Ekki er hins vegar útilokað að sjáist til þeirra á vettvangi ef nánar væri leitað. Fjárhúsin eru flokkuð sem beitarhús vegna þess hve langt þau voru frá bæ 001.

Hættumat: hættu, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Árbær, 4

RA-288:019 varða óþekkt

"Áfram er hraun, ekkert nema hraun. Langt fram af Útsynningsnefi er Aurhóll, aurlitaður hóll. Ljósir litir eru í honum og ýmis litbrigði. Varða er á Aurhól," segir í örnefnalýsingu. Af loftmynd má sjá ljóst svæði í vesturjaðri Árbæjarlands en það er um 250 m langt og um 50 m breitt, snýr austur-vestur. Er Aurhóll að líkindum hæsti punktur á því svæði, um 980-1220 m norðvestan við bæ 001. Skráningarmenn áttuðu sig ekki á staðsetningu Aurhóls á vettvangi og því var ekki leitað að vörðu á honum. Ekki sást til vörðu á þessum slóðum frá Keldnavörðu 009 en hún er um 450 m sunnan við Aurhól.

Blásið hraun.

Ekki var leitað að vörðunni á réttum stað á vettvangi og getur verið að enn sjáist til hennar en mikill uppblástur hefur orðið á svæðinu og hún er til vill hrunin eða þakin sandi. Ekkert er vitað um hlutverk þessarar vörðu.

Hættumat: hættu, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Árbær, 4

RA-288:020 garðlag túngarður


63°49.459N 19°57.653V



Garðlag 020A og áföst tóft B, horft til austurs



Tóft C, horft til suðurs



Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Á 19. öld hefur túnið verið girt með torfgarði og traðir [021] heim að sunnanverðu ...". Túngarðurinn er ennþá greinilegur og hefur girt af allar hliðar túnsins nema að sunnan, þar er Rangá. Túngarðurinn er yfirleitt 100-120 m frá bæ 001.

Túngarðurinn liggur í grónu, mishæðóttu túni til suðurs og vesturs. Að norðan fer hann upp á gróið holt.

Túngarðurinn liggur umhverfis túnið á Árbæ og girðir af austur-, vestur- og norðurhliðar þess. Að sunnan hefur Rangá afmarkað túnið. Það svæði er samtals um 300 x 250 m stórt og snýr norður-suður. Hann liggur í fremur sléttu túni en fer síðan upp á holt fyrir norðan bæinn. Hann er 0,15-0,6 m hár. Víða glittir í grjóti í túngarðinum og tvær sambyggðar tóftir eru upp við hann vestan við bæ 001. Þær

fengu bókstafina B og C til aðgreiningar. Þar sem túngarðurinn liggur í sléttu túni er hann gróinn og hvergi sést skýr hleðsla. Uppi á holtinu verður túngarðurinn ógreinilegri og hverfur nánast ofan í mosa. Víða sést hann bara sem ein steinaröð þar. Austan við bæ, þar sem túngarðurinn kemur niður af holtinu, verður hann aftur gróinn og hverfur fyrir sunnan bæ. Veggirnir eru 1 m á þykkt og það sjást tvö umför af grjóti í honum. Hann er hlaðinn úr hraungrýti og árgrjóti, líklega úr Eystri-Rangá. Úr suðurhorni túngarðsins liggur 7 m langt garðlag niður að Eystri-Rangá. Tóft B er tæpum 130 m vestan við bæ 001. Þetta hefur líklega verið rétt eða kvíar. Hún er 18 x 8 m, snýr norður-suður og er tvískipt. Hólf I er sunnar, er 8 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlið. Sveigja er á suðurvegg með óvissan tilgang. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóti í þeim. Ekki er innangenget á milli hólf. Hólf II er 13 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er á miðri norðurhlið og veggirnir eru 0,7 m á hæð. Þar sést í þrjú umför af grjóti en annars eru veggirnir mosavaxnir. Tóft C er um 140 m vestan við bæ 001. Hún er 6 x 6 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Tóftin hefur verið innan túns þó ekki hafi verið innangenget í hana þaðan. Inngangur er á miðri norðurhlið sem jafnframt er hluti af túngarðinum. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og alveg grónir, hvergi sést í grjóti. Suðurveggur gengur inn í náttúrulegan hól í túninu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: VG: Árbók 1953, 59

RA-288:021 gata traðir

Í bókinni Keldur á Rangárvöllum segir: "Á 19. öld hefur túnið verið girt með torfgarði og traðir heim að sunnanverðu ..." "Traðir lágu beint frá bæ og niður að ánni og skiptu túninu í Austurtún og Vesturtún," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar hefjast sunnan við kálgarð 030 og liggja að Rangá.

Traðirnar liggja í grasivöxnu túni með náttúrulegum hólum og hæðum.

Traðirnar liggja til suðurs, niður túnið í átt til Eystri-Rangá og eru upphlaðnar að hluta. Austur- og vesturmörk traðanna eru hlaðin, um 0,4 m á hæð og alveg gróin. Hvergi sést í grjóti. Hlið hefur verið á tröðunum fast sunnan við kálgarð 029 og norðan við kálgarð 030. Þau hafa eflaust legið inn á Austur- og Vesturtún. Traðirnar eru um 4 m breiðar og 100 m langar. Ekki sjást nein för í þeim eða ummerki um ferðir þar um.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VG: Árbók 1953, 59; Ö-Árbær, 2

63°49.478N 19°57.541V



Traðir 021, horft til suðvesturs

RA-288:022 tóftaþyrping fjárhús




Tóft 022I, horft til suðurs



Tóft 022II, horft til austurs



Tóft 022III, horft til norðurs



63°49.459N 19°57.499V

"Syðst í Árbæjarlandi voru fjárhúsin," segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar eru um 65 m sunnan við bæ 001, um 50 m suðaustan við traðir 021 og rúmum 200 m sunnan við garðlag 031. Tóftirnar eru í Austurtúni.

Tóftirnar eru í grónu túni með náttúrulegum hólrimum og hólum. Túnið er vaxið mosa, grasi og svipuðum gróðri.

Svæðið er 20 x 17 m og snýr austur-vestur. Það afmarkast af 2,5 m háum hól með tóftaþyrpingu. Tóft I er 7 x 5 m stór og er nánast hringlaga. Hún snýr norður-suður og hefur líklega verið hringhlaðin. Veggirnir eru 2 m á hæð og sjást 11 umför. Þeir eru byrjaðir að slúta ofan í tóftina. Greinilegt er að þakið hefur hrunið ofan í tóftina. Inngangur er á miðri suðurhlið og gengur tóftin

inn í hólinn til suðurs. Um 2 m norðaustan við tóft I er dæld II sem tilheyrir líklega annarri byggingu og ekki virðast vera tengsl á milli þess og tóftarinnar. Dældin er 9 x 6 m og snýr austur-vestur. Suðurveggurinn hefur fallið inn í hólflið. Veggirnir eru 0,9 m á hæð og alveg grónir. Inngangur hefur verið á miðri vesturhlið, hann er óskýr. Dældin er sigin og líklega er hún ummerki um hús sem var ekki í notkun á sama tíma og tóft I. Dæld III er 3x5 m og skeifulaga. Hún er fast austan við tóft I og fast sunnan dæld II. Veggir eru 0,2 m á hæð, mosavaxnir og útlattir. Ekki er skýr hvort eða hvernig þústirnar hafa tengst saman. Það virðist þó vera opið til vesturs eða sú hlið hefur raskast þegar tóft I var byggð. Hvergi glittir í grjóthleðslur. Dæld IV er í suðausturhorni hólsins. Þar sést nú móta fyrir hleðslu sem liggur nánast í 90°gráðu horn. Veggurinn er 0,3 m á hæð og mosavaxin. Óljós hleðslubútur virðist þó vera suðurenda hólsins sem liggur austur-vestur. Hún tilheyrir líklega dæld IV. Það er greinilegt að hólinn er manngerður og geymir mörg hús eða byggingarstig.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Árbær, 3

RA-288:023 garðlag

63°49.532N 19°57.572V


Garðlag er 60 m suðaustur af útihúsi 031, um 70 m suðaustan við útihús 027 og tæpa 90 m norðan við bæ 001. Garðlagið liggur til vesturs niður mosavaxið holt.

Garðlagið liggur niður gróið holt og niður á gróið, mishæðótt tún. Holtið er mosavaxið en túnið vaxið grasi.

Garðlagið liggur til vesturs frá austurbrún holtsins og niður á tún. Í vesturenda garðlagsins sveigir það lítillega til norðurs. Garðlagið er um 12 m langt og 0,4 m á hæð. Það er alveg gróið og hvergi glittir í stein. Garðlagið kann að vera hluti af gömlum túngarði eða útfærslu á tünnum innan heimatúnsins. Það er um 70 m sunnan við túngarð 020 sem liggur þarna upp á holtið.

Hættumat: engin hætta*Garðlag 023, horft til suðurs***RA-288:024** tóft útihús

63°49.423N 19°57.469V

*Tóft 024, horft til suðurs*


Útihús er rúmum 130 m sunnan við bæ 001 og um 70 m sunnan við tóftir 033. Útihúsið hefur verið innan túns.

Tóftin er í grónu, mishæðóttu túni. Það er vaxið grasi, mosa og svipuðum gróðri.

Tóftin er 5 x 3 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og alveg grónir. Inngangur er á norðurhlið en ekki er skýrt hvort að öll hliðin var opin eða ekki. Tóftin er á 1 m háum hól og er mjög sigrin.

Hættumat: engin hætta**RA-288:025** tóft útihús

63°49.429N 19°57.382V

*Tóft 025, horft til suðausturs*

Tóftin er skammt norðvestan við túngarð 020 í Árbæ, í suðausturjaðri túnsins, um 160 m suðaustur af bæ 001.

Tóftin er á litlum hól í hæðóttu landslagi innan túns en þessi hóll sker sig úr að því leyti að á honum vex mikið af elftingu og það virðist eiga við um aðra staði á þessum

slóðum þar sem gömul mannvirki leynast. Frá tóftinni eru um 100 m niður að Rangá eystri til suðurs.

Tóftin er grjóthlaðin og einföld, 9 x 3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð utanmáls er 1 m en 1,4 m innanmáls. Sýnileg eru 5 umför. Nokkuð hefur hrunið af grjóti inn í tóftina en ekki mikið. Op er á tóftinni til norðvesturs en veggjahleðslur á þeim gaffli eru óverulegar. Á hólbarminum umhverfis tóftina og framan við hana eru smáhryggir sem minna á garðlag en óvíst að sé manggert. Ef til vill er um eldri byggingaleifar að ræða. Tóftin er í heimatúni Árbæjar og hefur án efa verið e.k. útihús.


Hættumat: engin hætta**RA-288:026** (Árbrún) þúst býli

63°49.484N 19°59.355V

*Þúst 026A, horft til suðurs**Þúst 026C, horft til norðurs*

Í eyðibýlaskrá Vigfúsar Guðmundssonar segir: "Árbrún. Gervinafn er þetta á alóþekktu býli, en dregið af því, að neðan við bæjarstaðið er snarbrött brún niður að Eystri Rangá. Drjúgum kipp er það

neðar en Árbær [001], og fyrir ofan krók á ánni, er hlíft hefir grassnoppu dálítilli, sem heitir Árbæjarkrókur." Í Rangvellingabók segir: "Við Eystri-Rangá hjá Skógarmannavaði [282:055], sem er um 1,3 km vestan Árbæjar [001] og innan landamerkjja þeirrar jarðar, hafa blásið upp rústir af fornu býli." Árbún er um 1,5 km vestur af Árbæ 001 og um 1,5 km austur af þúst 023. Bæjarstæði þetta er um 30 m sunnan við Fjallabaksleið syðri þar sem hún liggur nú (2008). Skógarmannavað er skráð samkvæmt lýsingum í heimildum og er um 5,7 km suðvestur af Árbæ. Líklega er einhver ruglingur þarna á ferðinni en Skógarmannavaðs er ekki getið í örnefnaskrá Árbæjar og aðstæður eru þannig við Árbún að ólíklegt er að þar hafi verið farið yfir Rangá eystri á vaði, þar sem háir og brattir klettur eru fram af árbakkanum.




Blásið holt á bökkum eystri Rangár. Vigfús Guðmundsson lýsir leifum býlisins þannig: "Bæjarrústin hefir líklega öldum saman verið hulin jarðvegi, en er hann blés af fyrir nokkrum áratugum fann Skúli [Guðmundsson] á Keldum þar bæjarleifar. Hefir þar verið skálabygging, um 24 fet á lengd og 9 fet á vídd, en það er óljósara. Hliðin hefir snúð að ánni, móti suðurátt. Eigi sér fyrir dyrum með vissu. En stétt hefir legið frá austurenda skálans, fáa faðma að húsi, sem nú er grjótdreif

einungis. - Þar hefir Skúli fundið kljásteyn og brot af kvarnasteini. Enn norðaustar (10-12 faðmar) má ætla, að verið hafi fjós með þar tilheyrandi byggingum. Mótar fyrir 4 rústum sambyggðum, 3 jafnvíðum, um 9 fet og í einni lengdu, 34 fet, og að auki 18x30 fet. Tún hefir verið þar alveg afgirt fram á klettabrúnir við ána á báðar hliðar, og á þriðju dagsláttu að stærð. Gata hefir legið gegnum túnið, milli fjóss og bæjar, frá Skógarmannavaði vestan við klettanefið og um hlið á túngarði að norðanverðu." Ummerki um býlirústir eru á þremur hólum og ná samtals yfir svæði sem er um 38 x 25 m að stærð og snýr austur-vestur. Hver staður fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingunni. Hóllinn sem er suðvestast á svæðinu er að líkindum bæjarhóllinn A en hann er greinilegastur. Er það að líkindum sami staður og Vigfús talar um að hafi verið skálabygging. Þar er mikið laust grjót, aðflutt úr ánni og hraungrýti. Enn er nokkuð eftir af jarðvegi á hólnum en hann er gróðurlaus. Hóllinn er 2 m á hæð og sennilega að hluta til náttúrulegur en að miklu leyti manngerður. Hann er um 15 x 12 m að stærð og snýr austur-vestur. Efst á hólnum er grjóthryggur, hleðsla, sem er um 10 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæð hleðslunnar er um 0,5 m. Annar hóll B með aðfluttu grjóti og hleðsluleifum er 28 m norðaustan við bæjarhól A. Þessi hóll er lágur og flangur, um 23 x 10 m að stærð, snýr austur-vestur. Lítil gróður er í honum en hann er grýttur og jarðvegsleifar eru innan um grjótið. Líklega hefur fjósið og tilheyrandi byggingar sem Vigfús talar um verið á þessum stað. Þriðji hóllinn C er 24 m norðvestan við bæjarhól A og 8 m suðaustan við hól B. Hann er um 8 x 6 m að stærð, um 0,5 m há, snýr norður-suður og er minnst blásinn en er þó aðeins þúst. Sunnan í honum er grjótdreif og allur jarðvegur blásinn. Í honum og í kringum hann er aðflutt grjót og augljósar mannvistarleifar í honum. Víðar gætu leynst garðlög og aðrar minjar í hraunhólunum hér í kring en ekki fundust fleiri minjar á vettvangi, þrátt fyrir leit.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs
Heimildir: VG: Árbók 1951-1952, 124-125; VS: Rangvellingabók, 531

RA-288:027 tóft útihús



Tóft 027, horft til norðausturs

63°49.548N 19°57.653V
 Einföld tóft er um 150 m norðvestan við bæ 001 og um 160 m norðan við traðir 021.

Tóftin er í grónu túni með náttúrulegum hólrimum og dældum. Túnið er vaxið grasi og mosa.

Tóftin er á náttúrulegum hólríma innan túns á Árbæ. Hún er 4 x 3 m að stærð, er einföld og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru 0,4 m á hæð og sést eitt umfar af grjóti í þeim.

Hleðslurnar eru það grónar að rétt sér í steinana. Inngangur er á miðri suðurhlið og grjót hefir hrunið inn í hana. Til norðausturs er bratt niður af tóftinni en aflíðandi til suðurs. Tóftin hefir að öllum líkindum verið e.k. útihús.

Hættumat: engin hætta

RA-288:028 varða samgöngubót

63°49.500N 19°58.263V

Vörðubrot er við leið 661:029, skammt sunnan við bíslóða sem liggur að Fossi. Varðan er um 615 m vestan við

bæ 001.

Í vestur frá vörðunni má sjá nokkrar hraunnibbur standa upp úr hæðóttu landslagi og grónu.

Varðan er um 1 x 0,6 m að grunnfleti, snýr norðvestur-suðaustur. Grjótið er meðalstórt, mjög mosa og skófum vaxið. Varðan er hrugin og er hæst um 0,5 m. Varðan er fornleg. Ekki er hægt að fullyrða um í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er þó að hún hafi varðað leið 661:029.

Hættumat: engin hætta



Varða 028, horft til vesturs

RA-288:029 gerði kálgarður
63°49.491N 19°57.539V



Kálgarður 029, horft til SSA

Fast suðaustan við bæ 001 eru tveir kálgarðar (sjá einnig 030) í framhaldi af tröðum 021 sem liggja frá Rangá eystri til norðausturs að bænum 001.

Kálgarðarnir eru framan (suðvestan) við bæjarhlaðið á grónu flatlendi. Sá kálgarður sem hér er skráður er norðvestar en kálgarður 030 og er hann um 20 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Garðurinn er trapisulaga og er skemmri langhliðin næst bænum til austurs. Garðurinn er breiðastur syðst, næst tröðunum. Garðurinn stendur enn vel en rof hefur komið í hann á nokkrum stöðum. Ekki sést í grjóti í hleðslum, þær eru vel grónar. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og mesta breidd 1-1,2 m.

Hættumat: engin hætta

RA-288:030 gerði kálgarður

63°49.487N 19°57.524V



Kálgarður 030, horft til norðvesturs

Fast suðaustan við bæ 001 eru tveir kálgarðar (sjá einnig 029) í framhaldi af tröðum 021 sem liggja frá Rangá eystri til norðausturs að bænum 001.


Kálgarðarnir eru framan (suðvestan) við bæjarhlaðið á grónu flatlendi. Sá kálgarður sem hér er skráður er suðaustan við kálgarð 029. Hann er ferhyrndur og snýr norðvestur-suðaustur. Kálgarðurinn er um 11 x 18 m að stærð og er breiðastur næst tröðum heim að bæ en mjókkar í suðausturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m og mesta breidd veggja er um 1 m. Rof er í garðinn á stöku stað en að öðru leyti er hann mjög heillegur og skýr. Hvergi sést í grjóti og er hann mjög gróinn.

Hættumat: engin hætta

RA-288:031 tóft útihús



Tóft 031, horft til norðurs



63°49.554N 19°57.627V

Tóft er um 150 m norðvestan við bæ 001, um 20 m austan við tóft 027 og 10 m sunnan við túngarð 020. Hún hefur verið innan túns. Um 50 m austan við tóftina er grasivaxið holt.

Tóftin er í grónu túni með náttúrulegum hólrimum og dældum. Túnið er vaxið grasi, mosa og svipuðum gróðri.

Tóftin er 5 x 5 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Inngangur er á miðri suðurhlið og veggirnir eru 0,9 m á hæð.

Tvö umföer af grjóti sjást í veggjum sem

eru mjög gróinir. Tóftin er byggð inn í brekku/hól til norðurs sem markar þann vegg. Þar fast fyrir norðan er dæld í hólnum, 7 x 5 m stór. Hún er ekki tengd tóftinni en líklegt má telja að mannvist leynist þar undir sverði. Ekkert grjóti sést utan í tóftinni en að innan sjást á stöku stað hleðslur.

Hættumat: engin hætta

RA-288:032 tóftir

63°49.559N 20°01.051V


Bogi Thorarensen, heimildamaður, fann tvær tóftir síðastliðinn vetur (2008) uppi á svokölluðu Árholti. Tóftirnar eru um 2,8 km vestan við bæ 001 og um 900 m NNA við Norðurborgir 284:015.

Tóftirnar eru í uppblásnu hrauni sem lítið er farið að gróa aftur.


Á svæði sem er um 25 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur eru tvær tóftir. Þær eru uppblásnar og erfitt að

koma auga á þær í uppblásnu hrauninu. Það eina sem sést af þeim er móberg og grágrýti sem liggur á uppblásnu hrauni. Ekki var hægt að áætla stærð tóftanna eða gerð. Um 20 m eru á milli steinanna, tóft B er vestar.
Hættumat: engin hættu

Túnakort fyrir Eystri-Geldingalæk



Túnakort fyrir Vestari-Geldingalæk



RA-302 Geldíngalækur

40 hdr. með Staðarkoti, heimajörðin 30 hdr. 1711: Staðarkot byggt úr jörðinni fyrir eldri manna minni. Bænhús


var á jörðinni. "Geldingalækur finnst fyrst nefndur í máldaga Oddakirkju sem talinn er frá 1270 [1270: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88]. [1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689]. [...] Um eigendur Geldingalækjar er það fyrst vitað að árið 1526 seldi Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti Runólfi Þorsteinssyni hálfa jörðina. [...] Páll prestur á Staðarstað, sonur séra Ketils Jörundssonar erfði svo Geldingalæk 40 hundruð að dýrleika árið 1670. Jón Vigfússon sýslumaður á Stórolfshvoli eignaðist Geldingalæk fyrir 24. júlí 1675 en lét hann þann dag í skiptum til Björns Nikulássonar klausturhaldara á Kirkjubæjarklaustri. Mágur Björns Nikulássonar, Björn Jónsson, síðar sýslum. á Staðarfelli, hefur síðan eignast jörðina og lét hana í skiptum 6. nóv. 1680 til Jóns Vigfússonar sýslumanns á Stórolfshvoli með samþykki konu sinnar Margrétar Nikulásdóttur." VS: Rangvellingabók, 67-68. Geldingalækjartorfa er skógarítak jarðarinnar í Næfurholtslandi, einnig á jörðin engjateig í Þykkvabæjarlandi. JÁM I, 270. Frá um 1800 til ársins 1943 voru tvö býli á Geldingalæk. "Land Geldingalækjar er að mestum hluta algróið hraun, gott til beitar og skjólgott, en mýrlendi talsvert." SB V, 55

1711: "Engjar spillast eftir hendinni og hrjóstrast upp með mosa og þýfi, halda menn það orsaki frost og vorþurkar." JÁM I, 270. SSR 1840: Eystri-Geldingalækur: "Útigangur hinn besti. Heyskapur allgóður og nægilegur. Liggur undir nokkrum áföllum af sandi, gengur þó ei mikið af sér." VS: Rangvellingabók, 70. Jarðamat 1849: Eystri-Geldingalækur: "Tún góð og engjar sæmilegar. Land gott og grösugt, en lítið. Gripagagn gott." VS: Rangvellingabók, 70. Úttektabók 1882: Eystri-Geldingalækur: "Þessi jörð hefur lítið spillst um nokkuð langan tíma og álízt vera í fullu gildi." VS: Rangvellingabók, 70 1917: Tún 5 ha, þar af 3 ha slétt, garðar 1179 m². 1940: Eystri-Geldingalækur: "Tún: Mislent, þurrrent, greiðfært og þýft. Engjar: Áveituengi, samfellt, greiðfært og þýft. Votlent. Beitiland. Meirihluti grasgefið valllendi. Skýlt. Agæt sumar og haustbeit. Létt vorbeit." VS: Rangvellingabók, 70. 1849: Vestri Geldingalækur: "Tún og engjar sæmilegar. Land í meðallagi á vetri að gæðum, eins og stærð. Gripagagn ekki gott." VS: Rangvellingabók, 486 1917: Tún 6,4 ha, þar af 3 ha slétt, garðar 1303 m² 1940: Vestri-Geldingalækur: "Tún: 1/2 vélfært, hitt greiðfært." VS: Rangvellingabók, 486.

RA-302:001 Geldingalækur bæjarhóll



Bæjarhóll 001, horft til suðausturs



Bæjarhóll 001

bústaður

63°53.160N 20°15.262V

Í Rangvellingabók segir: "Bærinn stóð upphaflega sunnan undir brún Geldingalækjarheiðar, fast við lækinn (Geldingalæk). Síðar skiptist jörðin í tvennt. Eystri-Geldingalæk [004] og Vestri-Geldingalæk [003] og stóð Eystri-Geldingalækur uppi á heiðarbrúninni skammt frá hinu forna bæjarstæði. Ekki er nú þekkt heimild um hvenær bærinn var fluttur en það hefur að líkindum átt sér stað um eða laust eftir aldamótin 1800." Í Sunnlenskum byggðum kemur fram að frá 1800 til ársins 1943 voru tvö býli á Geldingalæk. Árið 1954 var byggt nýtt íbúðarhús um 200 m í suðvestur frá því sem Vestri-Geldingalækur stóð áður og lagðist Eystri-Geldingalækur þá í eyði. Upphaflegur bær Geldingalækjar fer að líkindum í eyði um 1800 þegar jörðinni er skipt í Eystri- og Vestri-Geldingalæk. Enn sést til bæjarhóls og bæjartóftar þess bæjar. Þessi elsti bæjarhóll á Geldingalæk er að kalla má á öllu því svæði sem stendur upp úr flatlendinu milli lækjar og heiðarbrúnar neðan við Eystri-Geldingalæk þó að eitthvað af því hafi kunna að vera náttúrulegt.

Bæjarhóllinn er fast sunnan undir heiðarbrún skammt upp frá Geldingalæk. Til suðurs og vesturs er flatlent.

Bæjarhóllinn er um 60x40 m að stærð og er um 3 m á hæð. Hann snýr suðaustur-norðvestur. Stór bæjartóft er á norðvesturhluta hólins. Nokkurt rask virðist hafa orðið á hólnum en þó er þar allt gróið. Í brekkunni austan við bæjartóftina má sjá breiðar rennur á þremur stöðum sem ná upp á brekkubrún. Þær eru 1-2 m á breidd og hafa skoríð sundur stórbýfða brekkuna, líkast því að þarna hafi verið farið með jarðýtu. Eins hefur legið bíslóði að bæjarhólnum úr vestri og yfir hólinn að framanverðu og hefur hann skilið eftir sig skarð. Bæjarhóllinn er allur mjög stórbýfður sem og bæjartóftin og erfitt að greina smáatriði í henni. Bæjartóftin er um 16x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í 7 hólf. Á framhlið sem snýr mót suðvestri er fyrst að

nefna hólf I. Það er um 5x2 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur og er op á því til suðvesturs. Þar næst

suðaustan við er annað minna hólf II sem snýr eins, ógreinilegt op á er suðvesturgafli. Hólfið er um 1x3 m að innanmáli. Gengt er úr því í norðausturenda í hólf III sem er um 5x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Líklega hefur verið op á því til suðausturs en sá endi er ógreinilegur. Í framhaldi af hólfi III til suðausturs er hólf IV. Þessi tvö hólf kunna að hafa verið samtengd en eru nú aðskilin af mjórri rennu, sennilega kindagötu. Hólf IV er um 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Þar fast suðaustan við er svo hólf V. Það er um 2x1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ógreinilegt op er í suðvesturenda. Hólfið var hugsanlega endurnýtt í tíð Eystri-Geldingalækjar [004] en grjót og bárujárn er inni í því. Allbratt er upp á brekkubrún frá suðausturenda tóftar. Í norðvesturhluta tóftarinnar eru 3 hólf bakatil. Hólf VI er um 6x4 m að innanmáli, snýr nokkurn veginn norður-suður, þar norðvestan við er lítið og óljóst hólf VII sem er um 2x1 m að stærð, snýr norður-suður, óljóst op til norðurs. Enn ógreinilegra er hólf VIII en það er vestan við hólf VI og er um 2x1 m að innanmáli, varla er hægt að greina vegg. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,5 m. Mögulega er kálgarður um 10 m suðvestan við bæjarhól. Þar sést skýrt horn sem er um 16x12 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Hleðslur eru hlaupnar í þúfur. Mesta breidd veggja er 1,5 m og mesta hæð 0,2-0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VS: Rangvellingabók, 67-68; SB V, 55; Túnakort 1917

RA-302:002 þúst kirkja

63°53.156N 20°15.288V



Þúst 002, horft til suðurs

"Í túni austurbæjar eru þessi örnefni: Vestur af bænum [004] er lítill hóll, Smiðjuhóll [066], niður af honum heitir Dagteigur. Í brekkunni austur af honum eru Tóftir. Er sagt að þar hafi staðið bænhús," segir í örnefnalýsingu. Í bók Helga Hannessonar, Þykkuskinna hin síðari, er umfjöllun um bænhúsið. Þar stendur: "Geldingalækur á Rangárvöllum er að líkindum gamalt höfuðból. [...] þar stóð kirkja lengi fyrr á öldum. Ekki er mér kunnugt hvenær kirkja sú var niður lögð. En hesthús stóð á grunni hennar fram yfir aldamótin 1900. Kunnugir geta bent á tóftina á lágu hólbarði neðan við gróna bæjarrúst [001] í brekkunni framan við bæinn [004] sem síðast stóð uppi á hraunbrúninni. Kirkjutóftinni fylgdu forn álög: Henni skyldi haldið við ella myndi bónda vegna verr," Ekki er vitað nú hvar bænhúsið stóð nema að það var nærri bæ 001. Tóft

hesthússins sem talað er um í Þykkuskinnu sést ekki heldur né er hún merkt inn á túnakort frá 1917. Líklegt er þó að bænhúsið hafi verið á litlu hólbarði, um 20 m vestan bæ 001 en vegslóði liggur á milli bæjarins og hólsins. Bænhúsið hefur verið um 250 m austan við bæ 003 og um 70 m sunnan við Vesturgerði 077.

Hóllinn er í þýfðu og grasivöxnu túni sunnan undir gróinni hraunbrún sem bær 004 er á.

[1332]: [til Gunnarsholts] liggur vndir kirkia at geldinga læk. bænhus a heidi med tiund ... at ollum skylldum; Máld DI II 692 [Gunnarsholts]

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Heyrt segjast menn hafa hjer hafi fyrrum bænhús verið, en fyrir elstu manna minni er það af fallið." Hóllinn sem bænhúsið var líklega á er um 10 m í þvermál og um 1 m á hæð. Hóllinn er grasivaxinn og þýfður. Ekki sjást nein mannvirki á hólnum en teljast verður afar líklegt að hér leynist mannvist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; HH: Þykkuskinna hin síðari 43; JÁM I: 269; DI II, 692

RA-302:003 Vestari-Geldingalækur bæjarhóll bústaður

63°53.159N 20°15.609V



Bæjarhóll Vestari-Geldingalækjar 003, horft til norðausturs



"Bærinn [001] stóð upphaflega sunnan undir brún Geldingalækjarheiðar, fast við lækinn (Geldingalæk). Síðar skiptist jörðin í tvennt.

Eystri-Geldingalæk [004] og Vestri-Geldingalæk og stóð Eystri-Geldingalækur uppi á heiðarbrúninni skammt frá hinu forna bæjarstaði. Ekki er nú þekkt heimild um hvenær bærinn var


fluttur en það hefur að líkindum átt sér stað um eða laust eftir aldamótin 1800," segir í Rangvellingabók. "Frá því um aldamótin 1800 og til 1943 skiptist Geldingalækur í tvö býli er nefndust Vestari- og Eystri-Geldingalækur. [...] Árið 1954 var byggt nýtt íbúðarhús um 200 m suðvestur frá því sem Vestri-Geldingalækur stóð áður og lagðist Eystri-Geldingalækur þá í eyði," segir í Sunnlenskum byggðum. Bæjarhús Vestari-Geldingalækjar hafa verið endurnýtt sem útihús og sést sú tóft þeirra nú. Virgirðing liggur til suðurs, um 5 m austan við tóftina og núverandi fjárhús eru um 30 m sunnar. Gömul heimreið [022] að bæ liggur úr austri upp að tóftinni og er hún ennþá notuð undir búvélar. Í bókinni Þykkskinna hin síðari eftir Helga Hannesson er mynd af bænum á bls. 44. Tóftin er í sléttu, grasivöxnu túni með náttúrulegum hæðum.

Lítill ummerki bæjarhólsins eru nú sjáanleg enda var bærinn aðeins um 150 ára skeið á þessum stað. Greinilegt að bæjarhúsin hafa verið endurnýtt sem útihús eftir að þau féllu úr notkun. Bæjarhóllinn er um 35x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Í honum sést nú ein tóft, dæld og hleðsla. Var þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Þar sem bærinn stóð er nú tóft A sem er 19x15 m stór og snýr norður-suður. Tóftinni hefur greinilega verið raskað og einungis útveggirnir standa enn. Tóftin er opin til suðurs og að hluta til einnig til norðurs og þar hefur líklega verið timburþil sem nú er horfið. Veggirnir eru um 1,3 m á hæð og sjást sjö umför af grjóti í þeim. Að innan mótar fyrir bakka í grassverðinum þar sem mögulega hefur verið annað hólf. Að austan er tóftin byggð inn í bæjarhóllinn. Um 3 m fyrir austan tóftina má sjá móta fyrir hleðslu og einu hólf og telja má líklegt að þessi ummerki séu leifar húsa sem tilheyrta hafa bæjarhúsunum. Hleðsla B liggur í 90° horn fyrir austan tóft A. Norðurbakki hennar er um 5 m á lengd og 0,2 m á hæð. Austurbakki er um 8 m langur, 0,2 m á hæð og grasivaxin. Um 3 m eru á milli þessara hleðslna í norðausturhorni og tengjast þær aldrei saman. Dæld C er um 4 m fyrir sunnan hleðsluna. Hún er 5x3 m á stærð og snýr austur-vestur. Dældin 0,3 m djúp og grasivaxin. Bæjarhóllinn virðist vera um 0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 55; VS: Rangvellingabók, 67-68; Túnakort 1917; HH: Þykkskinna hin síðari, 44

RA-302:004 Eystri-Geldingalækur bæjarhóll bústaður 63°53.182N 20°15.222V



Bæjarhóll Eystri-Geldingalækjar 004, útihús 005 og kálgarðar 043 og 060



Bæjarhóll Eystri-Geldingalækjar 004, horft til suðvesturs

Í Rangvellingabók segir: "Bærinn [001] stóð upphaflega sunnan undir brún Geldingalækjarheiðar, fast við lækinn (Geldingalæk). Síðar skiptist jörðin í tvennt. Eystri-Geldingalæk og Vestri-Geldingalæk [003] og stóð Eystri-Geldingalækur uppi á heiðarbrúninni skammt frá hinu forna bæjarstæði. Ekki er nú þekkt heimild um hvenær bærinn var fluttur en það hefur að líkindum átt sér stað um eða laust eftir aldamótin 1800." Í Sunnlenskum byggðum kemur fram að frá 1800 til ársins 1943 voru tvö býli á Geldingalæk. Árið 1954 var byggt nýtt íbúðarhús um 200 m suðvestur frá því sem Vestri-Geldingalækur stóð áður og lagðist Eystri-Geldingalækur þá í eyði. Bæjarhóll Eystri-Geldingalækjar er um 320 m austan við elsta bæjarhól Geldingalækjar 001.

Bærinn stóð frammí á heiðarbrún í miðju túninu sem er mishæðótt ofan til, í heiðinni, en flatlent nokkuð neðan við heiðarbrúnina, niður við læk. Túnið er mjög þýft. Af bæjarhólnum er víðsýnt til suðurs og vesturs.

Í Rangvellingabók segir: "Eystri-Geldingalækjar finnst fyrst getið í prestþjónustubók Keldnaþings 22. mars 1803 en óbein heimild um bæinn er eldri því samkvæmt manntalinu 1816 var Kristín Loftsdóttir, sem þá var húskona á Brekkum á Rangárvöllum, fædd á Eystri-Geldingalæk 1764, og má vera að jörðinni hafi verið skipt í eystri og vestri hluta meðan bærinn stóð enn á sínum forna stað [001]." Allar byggingar virðast hafa verið rifnar og fluttar burt eða ýtt út. Enn er þó dálítill bunga á bæjarstæðinu sem er um um 20x18 m að stærð, snýr nálega norður-suður. Bungan er hæst um 1 m á hæð og er líklegt að í henni séu leifar af síðustu mannvirkjum á bæjarstæðinu sem gróíð er yfir að mestu leyti. Ekki er líklegt að mikil uppsöfnun mannvistarleifa hafi orðið á þeim tíma sem bærinn var í byggð. Í norðausturhorni bungunnar sem sést á bæjarstæðinu má sjá leifar af steypum grunni húss sem er um 5x5 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS: Rangvellingabók, 67-68; SB V, 55, Túnakort 1917

RA-302:005 tóft útihús

63°53.180N 20°15.209V



Tóft 005, horft til norðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stórt útihús um 10 m vestan við bæjarstæði 004. Þar er nú margskipt tóft.

Tóftin er uppi á heiðarbrún í þýfðu túni. Austan við hana er mjótt skarð í brúnina.

Tóftin er að mestu torf- og grjóthlaðin en einnig eru í henni steypu- og bárujárnsleifar. Hún skiptist í 7 hólf, er um 20x12 m að stærð og snýr norður-suður. Lýsingin hefst í norðurenda tóftarinnar. Þar er hólf I sem er um 1,5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er veggur á vesturgafli og hefur þar verið timburþil. Innst í hólfinu er steiptur stokkur, mögulega leifar fjárbaðs. Það er um 1x0,5 m að stærð, snýr norður-suður. Næsta hólf II til suðurs er um 6x2 m að stærð, snýr eins og opið eins. Þá er ógreinilegt hólf III sem er um

2x3 m að innanmáli, opið eins og snýr eins. Næst er hólf IV sem hefur sömu mál en er mun greinilegra. Í suðvesturenda er svo lítið hólf V sem er um 1x1 m að innanmáli opið til suðvesturs þar sem ekki er veggur, sést nokkuð af grjóti í því en lítið sem ekkert í fyrirtöldum hólfum. Á austurhlið tóftar eru tvö hólf sem standa mun neðar (suðaustar) en hin hólfín. Þar er syðst hólf VI sem er um 2x3 m að innanmáli, snýr eins og hin hólfín er fullt af steypubrotum og ekki sést inngangur. Þar ofan við til norðausturs er hólf VII sem er um 2,5x4 m að innanmáli og snýr eins og hin. Ekki er veggur á austurgafli. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,3 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:006 heimild um útihús

63°53.216N 20°15.218V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast við traðir 058 um 40 m norðan við bæ 001. Samhliða tröðum var kálgarður umhverfis tóftina sem var um 15x30 m að stærð og sneri norðaustur-suðvestur.

Þýft og mishæðótt tún uppi á heiðarbrún.

Þar sem útihúsið stóð er þúfnalaus blettur í túninu og má vera að þar hafi verið e.k. þró. Bletturinn er um 4x2 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki sjást ummerki um kálgarðinn í túninu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:007 heimild um útihús

63°53.228N 20°15.285V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m norðvestan við bæ 004.

Útihúsið var í smáþýfðu túni.

Útihúsið var fast sunnan við núverandi vegarstæði malbikaðs vegar um sveitina, innan rafmagnsgirðingar sem liggur með veginum. Ekki sést til útihússins og eru líkur til þess að tóft þess hafi verið rifin við lagningu nýs vegar með bundnu slitlagi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:008 heimild um útihús

63°53.150N 20°15.244V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 50 m sunnan við Eystri-Geldingalæk 004.

Útihúsið var í suðurjaðri bæjarhóls 001, á láglendi skammt norðan við Geldingalækinn.

Ekki sést til minja um útihúsið á yfirborði en á loftmynd má óljóst greina útlínur tóftar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:009 tóft útihús

63°53.153N 20°15.226V



Tóft 009, horft til norðausturs



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 40 m suðaustan við bæ 004. Þar sést enn tóft.

Tóftin er á jarðvegsstalli, fremur þýfðum, sunnan undir heiðarbrúninni. Allhátt og bratt er fram af stallinum á flatlendið við lækinn.

Tóftin er torfhlaðin og einföld. Hún er um 5x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Ekki er greinilegt op á tóftinni en

Líklegt er að það hafi verið í vesturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:010 heimild um útihús

63°53.223N 20°15.106V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús um 120 m vestan við bæ 004 og um 50 m vestan við kálgarð/rétt 056.


Útihúsið var í smápýfðu og mishæðóttu túni.

Ekki sést til minja um útihús á þessum slóðum en það hefur verið á mörkum ræktaðs túns á túnakorti. Líklegt er að sléttað hafi verið úr því við túnrækt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:011 tóft útihús



Tóft 011, horft til suðausturs

63°53.163N 20°15.065V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 120 m austan við bæ 004. Þar er nú tóft.

Tóftin er í smápýfðu túni, mishæðóttu, framarlega á heiðarbrún. Skammt sunnar er lág sem liggur frá suðvestri til norðausturs og virðast mörk túnsins hafa verið við hana. Þar má óljóst greina leifar af túngarði 042.

Tóftin er einföld og gróin. Hún er grjóthlaðin en ekki sést í

hleðslur. Tóftin er um 4x5 m að stærð og snýr ASA-VNV, opin til VNV. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og veggir eru um 2 m á þykkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:012 tóftir útihús


63°53.157N 20°15.032V



Tóft 012B, horft til norðausturs



Þúst 012A, horft til suðausturs



Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 150 m suðaustan við bæ 001.

Um 155 m ASA við bæ 004 eru tóft og þúst.

Minjarnar eru í smápýfðu og mishæðóttu túni, framarlega á heiðarbrún. Til VNV er allhár bakki, á honum voru gömul túnamörk og sjást þar leifar af túngarði 042.

Minjarnar eru á svæði sem er um 10x12 m að stærð og snýr nálega austur-

vestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Þúst A er um 4x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er um 0,7 m á hæð. Um 3 m norðar er einföld tóft B sem er um 6x4 m að stærð og snýr VSV-ANA. Ekki sést inngangur á henni og mesta hæð er um 0,5 m. Dálítill gróf C er um 2 m NNV við þúst A. Hún er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr NNV-SSA, er um 0,3 m djúp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:013 heimild um útihús

63°53.209N 20°15.654V


Útihús er sýnt um 100 m norðan við bæ 003 á túnakort Vestari-Geldingalækjar frá 1917. Útihúsið var undir gróinni hraunbrún sem liggur um 120 m norður frá bæ. Hraunbrúnn nær allt sunnan frá Brekkum RA-305 og norður að Eystri-Rangá. Um 5 m austan frá áætlaðri staðsetningu útihússins liggur raflína.

Þar sem útihúsið var er nú slétt, grasivaxið tún með náttúrulegum hólum.
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:014 tóft útihús



Tóft 014, horft til norðvesturs

tóftarinnar er nánast útflattur og er um 0,1 m á hæð. Tóftin er gróin en moldarflag er inni í henni, að öllum líkindum eftir kindur. Inngangur hefur að öllum líkindum verið á miðri austurhlíð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:015 heimild um útihús

63°53.188N 20°15.689V

Útihús er merkt um 80 m norðvestan við bæ 003 og 50 m sunnan við útihús 013 inn á túnakort Vestari Geldingalækjar frá 1917. Um 10 m fyrir austan áætlaða staðsetningu útihússins liggur raflína til norðurs og um 10 m sunnan við það er vegslóði. Útihúsið hefur líklega horfið við túnasléttun.

Þar sem útihúsið var er nú slétt, grasivaxið tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:016 heimild um útihús

63°53.179N 20°15.728V

Útihús er merkt um 100 m vestan við bæ 001 og 40 m suðvestan við útihús 015 inn á túnakort Vestari Geldingalækjar frá 1917. Um 5 m fyrir austan útihúsið er skurður úr áveitukerfi 032 og 30 m til austurs er raflína.

Þar sem úthúsið var er nú slétt grasivaxið tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:017 heimild um útihús

63°53.153N 20°15.687V

Útihús er merkt um 60 m fyrir suðvestan bæ 003 og 50 m fyrir ASA útihús 016 inn á túnakort Vestari Geldingalækjar frá 1917. Útihúsið hefur líklega horfið við túnasléttun.

Þar sem útihúsið var er nú slétt grasivaxið tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:018 heimild um útihús

63°53.113N 20°15.693V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 5-10 m norðan við helli 019 og um 120 m suðvestan við bæjarhól Vestri-Geldingalækjar 003.

Norðan við hellinn hefur orðið nokkurt rask vegna graftar frá hellismunnanum en þar sem útihúsið stóð er nú ógróinn vegur heim að steinsteyptum útihúsum, líklega fjárhúsum, sem eru litlu norðaustar.

Ekki sést til leifa af útihúsi á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:019 hellir bústaður


63°53.105N 20°15.698V



Op inn í helli 019, horft til ANA



Aðalrými hellis 019, hleðslur sjást í norðausturenda þar sem hann hefur hrunið



breidd. Þar er strompur í loftinu. Rétt innan við munna ganga stúkur til beggja handa út frá honum. Sú sem er til hægri handar, eða austan megin, er stærri, 7,5 x 2,5 m² með uppmjóum dyrum út í aðalhellinn. Þakið er hvelft og strompur upp úr. Þar við vegginn fann Jón Loftsson hlóðir með ösku í. Hin stúkan, sem er norðan megin við hellismunnann, er mun minni, hringmynduð, 2,5 m í þvermál. Dyrnar eru mjóar að ofan, næstum oddmyndaðar. Fyrir gaflí stúkunnar gegnt dyrunum er höggvinn bálkur í bergið. Brynjúlfur taldi að þetta væri rúmstæði, hæfilegt fyrir einn mann stóran eða tvo litla. Framan við bálkinn, til beggja enda, eru háar steinbríkur líkar rúmbríku og sitt gatið í gegnum hvora þeirra svo víð að smeygja má hendi í gegn. Á miðjum "rúmstokknum" var hnúður sem skipti honum í tvö sæti. Gat var í gegnum hnúðinn, mun þrengra en hin götin. Matthías Þórðarson, sem skoðaði hellinn 1919, taldi bálkinn hafa verið jötu og götin gerð í því skyni að binda skepnur. Ljóst er að hellirinn hefur verið mun stærri í fyrri tíð. Norðurhluti hans hefur fallið saman og þegar Brynjúlfur kom að Vestri-Geldingalæk sást móta fyrir langri dæld norður af hellinum. Þegar Brynjúlfur skoðaði hellinn fyrst var hann í vafa um að hann væri manngerður en um það sannfærðist hann síðar eftir að hann hafði skoðað fleiri hella. Hins vegar var hann viss um að fólk hefði búið í hellinum, hlóðirnar og rúmstæðið sannfærðu hann um það. Að auki heyrði hann þá sögn að einhvern tíma hefði búið það einsetukarl sem nefndur var Eiríkur rauði. Jón Loftsson hafði söguna eftir Sigurði bónda á Eystri-Geldingalæk sem þá var gamall orðinn er Jón kom að Vestri-Geldingalæk. Önnur munnmæli herma að í hellinum hafi búið sauðamaður Gunnars

Í Sunnlenskum byggðum segir: "Á Vestri-Geldingalæk er hellir sem greinilega hefur verið búið í í fyrri tíð. Munnmælasaga segir að þar hafi búið sauðamaður Gunnars Baugssonar landnámsmanns í Gunnarsholti. Jón Loftsson bóndi á Vestri-Geldingalæk 1869-1898 gróf hellinn upp og byggði forskála framan við hann. Vart voru færri en 30 tröppur niður í hellinn." Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Hellir er í túninu, brúkaður fyrir fjárhús." Hellismunninn er um 370 m suðvestan við bæ 001. Hellirinn er undir allháum hól í túninu. Grafið hefur verið frá hellismunnanum og er þar ógróið flag.

FRÍÐLÝSTAR FORNMINJAR. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Þegar inn í hellinn kemur, eru tveir litlir afhellar, sitt til hvorrar handar. Í öðrum þeirra er höggvinn rúmbálki í bergið. Uppúr þaki hins er mjór strompur hlaðinn úr hraungrjóti upp úr jörð. Við uppgröft þarna kom í ljós aska og leyfar af hlóðum. Uppúr þaki aðalhellisins er allvíður strompur (seinni tíma verk). Þar voru heybaggar látir falla niður því hellirinn var notaður sem heyhlaða eftir að hafa verið hreinsaður út. Innri endi aðalhellisins er hruninn en á yfirborði má sjá að hann hefur verið allmiklu stærri en nú. Forskálinn hrundi um eða fyrir 1960 og hefur ekki verið byggður upp síðan. Hægt er að fara í bandi niður um heystrompinn og komast þannig í hellinn. Hann er friðlýstur af þjóðminjaverði." Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Skammt frá bænum er hól og í honum manngerður hellir. Brynjúlfur frá Minna-Núpi kom í hellinn og lýsir honum í Árbók fornleifafélagsins árið 1900. Sú lýsing á vel við hellinn enn í dag, að því undanskildu að dyr hans eru saman

fallnar svo lítt mótar fyrir inngangi að utan en komast má í hann niður um stromp. Nota verður kaðal því 6 m eru niður á gólf. Það sem hér er sagt um hellinn er mest byggt á frásögn Brynjúlfs. Jón Loftsson bjó á Vestri-Geldingalæk frá 1869-98. Þegar hann hóf búskapinn hafði hellirinn lengi staðið ónotaður og var hruninn að innanverðu. Einnig voru dyr fallnar saman. Að auki hafði leysingavatn borið aur um hann allan. Jón hreinsaði hellinn, hlóð gafl úr grjóti fyrir hann að innanverðu sem enn stendur og gerði dyr á hann að framan. Að þessu loknu var hellirinn um 14 m langur frá munna að gaflí en dyraumbúnaður með þrepum að auki. Hann hækkar og víkkar er innar dregur og er hæstur og víðastur við gaflinn, 3 m á hæð og 5,7 m á

Baugssonar landnámsmanns í Gunnarsholti." Hellirinn snýr norðaustur-suðvestur. Hellismunninn er um 1,3 m á hæð. Hellirinn var stíkaður og er aðalrými hans um 10 m langt og 3-3,5 m breitt, breiðast innst (í norðausturenda), en tveir litlir hellar eru til sinnar hvorrar handar þegar komið er inn. Er sá til vinstri handar um 2x2 m að innanmáli og er um 1,5 m til lofts. Þar innst er brík úr móbergi upp úr gólfinu eins og lýst er að framan og er þar innan við rými sem er um 0,5x2 m að stærð og snýr nokkurn veginn eins og hellirinn. Í hinum afhellinum er nokkuð hærra til lofts, um 1,7 m og er hann um 3x1,5 m að innanmáli, snýr eins og hellir. Strompur er upp úr afhellinum sem er um 0,4 m í þvermál en ekki er gott að sjá fyrir myrkri hversu langur hann er. Hann er lokaður að ofanverðu. Hellirinn er hæstur í suðvesturenda þar sem eru um 2 m til lofts. Innst í hellinum hefur verið hlaðinn veggur eftir að hellirinn hrundi, m.a. úr stóru mógrýti. Þar er reglulegur hringlaga strompur og er móhellan um 1 m á þykkt og svo tekur við hraunhleðsla sem er um 1,5 m há og er reft yfir gatið að ofanverðu. Óþjöppuð mold er á gólfi hellisins, þar eru einnig viðar- og járnaleifar auk dýrabeina. Niður að hellismunna eru um 2 m af jafnsléttu umhverfis hólinn en af efstu brún hólsins eru um 5 m niður í hann. Greinilegt er að hellirinn er manngerður og sjást för í bergið eftir verkfæri. Ekki sáust í fljótu bragði áletranir en birtuskilyrði voru ekki sem best. Uppi á hólnum sést nokkurt jarðfall þar sem hellirinn hefur hrunið innst og er það um 6x3 m að innanmáli, gróíð og er um 1,5 m djúpt, snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; SB V, 13; Manngerðir hellar, 217-218; ÁG: Friðlýsingarskrá, 67 JÁM I, 270

RA-302:020 heimild um útihús

63°53.100N 20°15.785V

Útihús er merkt inn á túnakort Vestari Geldingalækjar frá 1917 um 180 m suðvestan frá bæ 003 og um 80 m norðvestan við útihús 014. Um 5 m fyrir austan þar sem útihúsið var liggur vegslóði til suðurs og trjám hefur verið plantað um 30 m til vesturs.

Þar sem útihúsið var er nú slétt, grasivaxið svæði um 30 m norðvestan við núverandi íbúðarhús.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:021 *Sótakofi* heimild

"Aftan á blaði með viðbótum og athugasemdum eru nokkur nöfn sem Bergsteinn [ekki er tekið fram hvert eftirnafn hans er] hefur ekki tekið upp en verður ekki annað séð en að þau tilheyri Geldingalækjum: [...] Sótakofi," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Hvar Sótakofi stóð nákvæmlega er ekki vitað. Hvergi er minnst á hann í öðrum heimildum og gæti hann hafa verið hvar sem er á jörðinni eða verið einn þeirra minjastaða sem þegar eru skráðir. Því reyndist ekki unnt að staðsetja kofann.

Heimildir: Ö-Geldingalækir, aths. og viðb., 1

RA-302:022 heimild um traðir

63°53.144N 20°15.564V

Heimreið er merkt til austurs frá bæ 003 inn á túnakort Vestari Geldingalækjar frá 1917. Þar sem heimreiðin lá er nú malarvegur sem lýst var áður (sjá bæ 003). Heimreiðin hefur legið niður holtið sem bær 003 stóð á. Vírgirðing er norðan og sunnan við malarveginn en hann er ekki lengur notaður sem heimreið að bænum eftir að nýja íbúðarhúsið var byggt.

Þar sem heimreiðin var er nú malarvegur í sléttu túni sem hallar til austurs.

Engin ummerki heimreiðarinnar sjást á yfirborði. Á túnakorti frá 1917 er hún sýnd um 90 m löng.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:023 heimild um hesthús

63°53.123N 20°15.441V

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var hesthús þar sem heimreið 022 að bæjarstæði 003 mætir gamla aðalveginum. Það var um 145 m suðaustan við bæjarhól Vestri-Geldingalækjar 003.

Hesthúsið var í sléttu túni við túnmörk. Geldingalækur rennur skammt vestar og núverandi vegur er þar vestan við.

Ekki sést til minja um hesthúsið. Líklegt er að það hafi verið rífið við túnaræktun eða vegagerð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:024 *Traðarhóll* örnefni traðir

63°53.035N 20°15.879V

"Á túni vestri bæjar eru þessi örnefni, byrjað syðst og farið eftir sólargangi: [...] Traðarhóll [...]" segir í örnefnalýsingu. Traðarhóll er um 555 m suðvestan við bæ 001 en engin merki traða sjást við hann.

Hóllinn er vestan við núverandi íbúðarhús, að hluta í túni en að hluta í órækt næst húsinu.

Hóllinn er langur og mjór, ekki hár. Jeppaslóði liggur eftir honum og áfram til suðvesturs. Ef til vill dregur hóllinn nafn sitt af því að leið hefur legið eftir honum heim að bæ en ekki eru lengur merki um traðir á honum

eða við hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1

RA-302:025 *Fjóshóll* þúst fjós

63°53.176N 20°15.514V

"Á túni vestri bæjar [003] eru þessi örnefni, byrjað syðst og farið eftir sólargangi: ... Norðurtún, Fjóshóll og Austurtún," segir í örnefnalýsingu. Fjóshóll er um 85 m austan við bæ 003 og 100 m austan við kálgarð 069. Staðsetning Fjóshóls er sýnd á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar.

Fjóshóll er í grasivöxnu túni sem hallar lítillega til suðurs.

Engin ummerki fjóss sjást á yfirborði en hóllinn sjálfur sést enn. Fjóshóll er um 20 m í þvermál og um 1 m á hæð. Hvergi mótar fyrir dældum, steinum eða öðru sem bent gæti til staðsetningar fjóssins en líklegt er að mannvist leynist hér undir sverði. Það er búið að slétta svæðið og fjósið hefur horfið við það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1; IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur



Fjóshóll 025, horft til norðurs

RA-302:026 heimild um kálgarð

63°53.026N 20°15.748V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 200 m suðvestan við bæ 003 og um 50 m suðaustan við útihús 020. Þar sem kálgarðurinn var er nú íbúðarhús Geldingalækjar byggt 1954.

Engin ummerki kálgarðs sjást lengur á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:027 *Torfmyri* örnefni rista

63°53.272N 20°16.192V

"Vestur frá túninu og upp með Ytri-Rangá heita Áveitur, en hét áður Grandar. Þar eru þessi örnefni: Næst túninu Mylnustykki [sjá Mylnugeira 079] [...] Torfmýri, Torfmýrarnef, Torfmýrarlækur [...]," segir í örnefnalýsingu. Torfmýri er um 790 m VNV við bæ 001.

Torfmyri er lítill blettur niður við Rangá ytri þar sem heiðarbrúnirnar byrja. Mýrin er beitarhólf fyrir hesta, hún er nokkuð blaut og smáþýfð.

Ekki sést til minja um torfskurð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1

RA-302:028 *Gömlukvíar* örnefni kvíar

63°53.242N 20°15.769V

"Vestur frá túninu og upp með Ytri-Rangá heita Áveitur, en hét áður Grandar. Þar eru þessi örnefni: Næst túninu Mylnustykki [sjá Mylnugeira 079] [...] Torfmýri [027], Torfmýrarnef, Torfmýrarlækur, Breiðidalur, Gömlukvíar [...]," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar voru Gömlukvíar í litlum hvammi vestan við Breiðahvamm. Þær voru um 440 m VNV við bæ 001.

Gömlukvíar voru að líkindum í grösugum hvammi undir brattri brekku í túnjaðri.

Ekki sést til minja um kvíar. Ef til vill hefur verið sléttað úr þeim við túnasléttun en hvammurinn sem þær voru í er utan við túngirðingu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1; IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur

RA-302:029 heimild um kálgarð

63°53.068N 20°15.630V

Kálgarður er merktur um 160 m NNA við bæ 003 og um 100 m suðaustan við kálgarð 026 á túnakort Vestari Geldingalækjar frá 1917.

Þar sem kálgarðurinn var er nú slétt og grasivaxið tún norðan við holtið sem bær 003 er byggður á.

Engin ummerki kálgarðsins sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:030 *Miðkvíanef* örnefni kvíar

63°53.245N 20°15.810V

"Vestur frá túninu og upp með Ytri-Rangá heita Áveitur [032], en hét áður Grandar. Þar eru þessi örnefni: Næst túninu Mylnustykki [...] Torfmýri [027], Torfmýrarnef, Torfmýrarlækur, Breiðidalur, Gömlukvíar [028], Norðuráveita [sjá 032], Miðkvíanef [...]," segir í örnefnalýsingu. Miðkvíar hafa líklega verið í næsta hvammi norðvestan við Gömlukvíar 028, um 475 m VNV við bæ 001.

Kvíarnar voru í grösugum hvammi norðvestan við tún, undir brattri brekku.


Ekki sést til minja um kvíar við Miðkvíanef og getur verið að sléttað hafi verið úr þeim við túnasléttun en þær voru við túnjaðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1

RA-302:031 *Fjánhúsbrekka* tóftir fjárhús

63°53.242N 20°15.597V



Tóft 031A, horft til SSA

"Vestur frá túninu og upp með Ytri-Rangá heita Áveitur [032], en hét áður Grandar. Þar eru þessi örnefni: Næst túninu Mylnustykki [079]... Torfmýri [027], Torfmýrarnef, Torfmýrarlækur, Breiðidalur, Gömlukvíar [028], Norðuráveita [061],

Miðkvíanef [030], Stórhvammur, Komputún, Fjánhúsbrekka ...," segir í örnefnalýsingu. Fjánhúsin eru tæpum 160 m SSV við bæ 003 og tæpum 80 m norðaustan við útihús 013. Fjánhúsin eru uppi á gróinni hraunbrún sem liggur til austurs eftir allri landareign Geldingalækjar. Um 20 m fyrir austan fjánhúsin er raflína.

Fjánhúsin eru í gróinni brekku með náttúrulegum lægðum og hólum. Umhverfis þau vex gras og mosi.

Þrjár þústir og ein tóft eru á svæði sem er 55x32 m og snýr norður-suður. Var öllum mannvirkjum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er í miðju svæðisins. Hún er 18x13 m stór, snýr norður-suður og skiptist í 3 hólfi. Hólf 1 er austast í tóftinni. Það er 9x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inngangur er á miðri suðurhlíð og annar á miðri norðurhlíð, inn í hólf 3. Búið er að fylla upp í báða inngangana með grjóti og hrunið hefur ofan í þá. Nokkuð af hraungrýti og járnabraki er inni í hólfinu. Veggirnir eru um 1,2 m á hæð. Í þeim sjást sex umför af grjóti og stóðarsteinar liggja ofan á þeim. Hólf 2 er vestan við hólf 1. Það er 10x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er opið til suðurs og annar inngangur er á miðjum norðurvegg, inn í hólf 3. Þann inngang er búið að fylla af grjóti og járnabraki. Veggir hólfsins eru raskaðir og rof komið í þá á nokkrum stöðum, líklega vegna ágangs sauðfjár. Veggirnir eru 1 m á hæð og sjást fjögur umför í þeim. Hólf 3 er norðan við hólfi 1 og 2. Það er 8 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hér var líklega hlaða. Hólfið var að öllum líkindum opið til vesturs en vegna hruns úr veggjum og þaki er erfitt að greina það. Gólfplöturinn er um 1 m lægri en í hinum hólfunum. Veggirnir eru um 2 m á hæð og sjást 4 umför í þeim. Að öðru leyti eru þeir grónir. Öll tóftin hefur verið fyllt af steina- og járnabraki. Um 4 m fyrir norðan tóft A er þúst B. Hún er um 5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Þústin er mosavaxin og mjög líklegt að frekari mannvistarleifar leynist undir sverði. Þúst C er um 6 m fyrir suðvestan tóft A. Hún er 15x8 m að stærð og 0,6 m á hæð. Í norðurenda hennar mótast fyrir vegg og hólfi og hefur hún því líklega verið tvískipt. Hólfið er um 4x4 m að stærð og dyr hafa verið til norðurs. Þúst D er um 18 m fyrir norðvestan tóft A. Hún er 8x6 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er 0,4 m á hæð, mosavaxin. Erfitt er að sjá mikið lag á tóftinni en mjög líklega leynast mannvistarlæg undir sverði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1

RA-302:032 *Veitan* garðlag áveita

63°52.974N 20°16.264V

"Út frá Staðarkoti er Staðarkotsmýri [...] Miðmundarimi, Heyvaðshóll [051], Steinvað [032], Veita [...], Austurveita, Veitutagl, Sundlág, Undirveita, Köllunarnef [097], Bjargveita, Bjargveitubrunn, Miðveita [...]," segir í örnefnalýsingu. Öll veituörnefnin hér að framan eru að líkindum þar sem nú eru slétt tún sunnan undir heiðarbrún og vestan Geldingalækjar en sýnilegar minjar um áveitu á flatlendinu er svokallaður Jónsgarður og Rennan auk eins garðs sem ekki er vitað til að hafi sérheiti. Áveitu vestan Geldingalækjar hefur að líkindum einnig tilheyrð stífla sem sýnd er á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar. Ekki sjást merki um þvergarða eða rennur. Sagt er frá



Rennan 032A, hluti af áveitumannvirkjum, horft til norðvesturs

stíflunni í Þykkaskinnu II: "Að fyrirsögn Jóns Einarssonar hlóð hann [Jón Loftsson] stíflugarð í lækinn, gróf meira en mannhæðar djúpan skurð á bak við bæjarhólinn [003] - og marga grynri skurði. Þannig varð "Veitan" norðan [vestan] bæjar langþráður veruleiki."

Sléttað og nokkuð flatlent tún á milli Geldingalækjar og Ytri-Rangár.

Áveitumannvirkin eru á svæði sem er um 910x210 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Rennan A er á svæði sem er um 800x40 m að stærð. Hún nær frá Geldingalæk uppi við heiðarbrúnir og liggur í túni til suðvesturs að Löngulág. Þar sem hún rennur milli Miðveitu og Norðurveitu er skurðurinn um 0,3-0,5 m breiður neðst en breiðkar upp. Hann er um 0,7-1 m á dýpt en hann er sennilega grafinn í náttúrulega dæld. Skurðurinn er gróinn og þurr. Í norðausturenda Rennu virðist hún enda við núverandi veg en þar er hún um 1 m að breidd neðst og hlaðið hefur verið með norðausturbrún hennar þar sem landið er flatlent. Rennan er samtals um 900 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Stíflan B sem minnst er á í Þykkaskinnu og sýnd er á örnefnauppdrætti er horfin, líklega undir veg. Hún var líklega um 100 m suðaustan við norðausturenda Rennu. Jónsgarður C liggur meðfram dálítilli hæðarbungu í túninu og renna er milli hæðarinnar og garðsins. Hann hefur nú verið fluttur út en sést sem lágur hryggur í túninu. Hann er um 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Garðurinn er um 160 m langur og liggur VSV-ANA. Í Miðveitu sjást óljós merki um áveitugarð D sem liggur með lágum hól í túninu frá Sundlág þar sem Renna endar og í túninu til suðvesturs. Hann er útfluttur og hverfur í túnið en sést best suðvestan við hólinn sem áður er nefndur en hann er á mörkum túns sem er í rækt og því hefur garðurinn ekki allur verið sléttaður. Garðurinn sést á 65 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er um 1,5 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Ekki sést í grjóthleðslur í garðinum og líklega er hann eingöngu torfhlaðinn. Á loftmynd sést framhald garðsins til suðvesturs í túninu og er hann um 400 m langur alls.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur; HH: Þykkaskinna, 48.

RA-302:033 *Stöðull* örnefni kvíar

63°53.261N 20°15.462V

"Vestur frá túninu og upp með Ytri-Rangá heita Áveitur [032], en hét áður Grandar. Þar eru þessi örnefni: Næst túninu Mylnustykki [079]... Torfmýri [027], Torfmýrarnef, Torfmýrarlækur, Breiðidalur, Gömlukvíar [028], Norðuráveita [061], Miðkvíarnef [030], Stórihvammur, Komputún, Fjánhúsbrekka [031], Þrengsli, Steinbogi, Renna [032], Stöðull," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Stöðulsins er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Stöðullinn var rúmum 200 m norðan við bæ 003 og rúmum 100 m austan við fjárhús 031. Um 50 m til vesturs frá stöðlinum liggur raflína og Nátthagagarður 034 er um 15 m til austurs. Á Stöðlinum voru líklega færkvíar en engin ummerki þeirra sjást nú.

Þar sem kvíarnar voru er nú grasivaxið svæði með lægðum og náttúrulegum hólum.

Engin ummerki kvíanna sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:034 *Nátthagagarður* garðlag nátthagi

63°53.441N 20°15.612V

"Vesturheiði. Hún liggur norður og norðaustur frá bænum [003], þar eru þessi örnefni: Nátthagagarður ..., " segir í örnefnalýsingu. Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er Stóri-Nátthagi og Nátthagagarður merktir inn og er hér um sama mannvirki að ræða. Stóri-Nátthagi liggur til norðurs frá garðlagi 082 og endar við Litla-Nátthaga 036, rétt suðaustan við Stekkatúnslæk.

Stóri-Nátthagi er í sléttu og grasivöxnu túni. Í túninu eru náttúrulegir hólar og hæðir. Þar vex gras og mosi.

Nátthagagarðurinn sjálfur afmarkar einungis austurhlið nátthagans. Garðurinn er tæplega 300 m langur, um 1 m á hæð, 2,5 m á breidd og snýr NNA-SSV. Hann er torfhlaðinn og grasivaxinn. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum vegna ágangs sauðfjár og hvergi glittir í grjót. Garðlag 082 afmarkar suðurhlið nátthagans, Litli-Nátthagi 036 norðurhlið og Ytri-Rangá vesturhliðina. Ekkert þessara garðlaga er samtengt og höfðu annan tilgang að auki og því ekki skráð hér.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur



Nátthagagarður 034, horft til SSA

RA-302:035 *Skutseyrardalur* örnefni ferja

63°53.353N 20°15.939V

"Vesturheiði. Hún liggur norður og norðaustur frá bænum [003], þar eru þessi örnefni: Nátthagagarður [034], [...], Skutseyrardalur, þar var ferjað á bát yfir ána," segir í örnefnalýsingu. Ferjað hefur verið yfir Ytri-Rangá og komið í land í Snjallsteinshöfða RA-454. Skutseyrardalur er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar

en ekki ferjustaðurinn. Ferjan var tæpa 300 m norðvestan við gerði 096 og um 950 m NNV við bæ 003. Þar sem ferjað var, er Ytri-Rangá 20-30 m breið og rennur til suðurs. Hún er djúp og lygn á þessum slóðum. Grónir árbakkar eru beggja vegna árinna. Fyrir neðan suðurbakkann er grasvaxið svæði sem nær alveg að ánni. Það er mýrlent og ekki mótur fyrir götum.


Engin ummerki ferjustaðarins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1; IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur

RA-302:036 Stekkatún tóft+garðlag stekkur

63°53.465N 20°15.388V



Garðlag 036H og tóft 036G



Hluti Stekkatúns þar sem öll sýnileg mannvirki 036A-H er að finna, horft til norðurs

"Vesturheiði. Hún liggur norður og norðaustur frá bænum, þar eru þessi örnefni: [...] Grjót, Litli-Nátthagi, Stekkatún, Stekkatúnslækur, Stekkatúnshvammur, Stekkatúnshvammur, Stekkatúnshvammur, Stekkatúnshvammur [...]" segir í örnefnalýsingu. Í Þykkskinnu segir: "Skammt frá þeim garði [082] - og nokkru austar, er mörg

hundruð ára gamalt garðbrot, sem sýnir að eitt sinn var garður hlaðinn frá Geldingalækjarbænum gamla [001] og alla leið norður að á. Sá garður lá yfir austanverðan svonefndan Stekkjarhvamm. En það er fallegur skjólsæll hvammur norðan undir hraunbrún út við ána. Þar hefur þótt hið besta afdrep fyrir kúr og kvíær í vondum veðrum. Enda sér þar um kvíatóft og fornar fjárborgarrústir. Jón Loftsson mun hafa ætlað sér að endurreisa hinn gamla garð - og haldið sig hafa fullan rétt til þess. Og ef til vill þeim mun fremur sem hann hlóð garð sinn nokkru vestar en hinn forni stóð." Litli-Nátthagi er í Stekkjartúni og honum tilheyra unglegur garður, sá sem Jón Loftsson hlóð vestan við eldri garð, og ógreinileg tóft en að auki eru fornlegar minjar á Stekkjartúni sem nefndar eru að hluta í Þykkskinnu hér að ofan. Minjarnar eru um 575 m NNV við bæ 001 og eru þær skráðar hér undir einu númeri.

Minjarnar eru á sléttri flöt í dalverpi. Hátt og bratt er fram af flötinni niður að Rangá ytri til norðurs. Upp af minjunum til austurs er brekka upp á heiðarbrún. Stekkatúnslækur afmarkar svæðið til suðvesturs.

Minjarnar eru á svæði sem er um 410x180 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þær eru aðgreindar með bókstaf í lýsingu. Fyrst verða taldar upp eldri minjar á svæðinu. Fornlegt garðlag A liggur frá bröttum árbakkanum til suðausturs undir heiðarbrún á um 100 m löngum kafla. Þá liggur garðurinn í hálfhring þar sem hann tengist garði utan um Stóra-Nátthaga 034. Óljóst garðlag heldur áfram frá garði utan um Stóra-Nátthaga, suðvestan við Stekkatúnslæk, til norðvesturs að Ytri-Rangá og er að líkindum hluti af gamla garðinum. Garðurinn heldur einnig áfram til SSA upp á heiðina á um 240 m löngum kafla. Þessi hluti garðsins liggur þaðan sem garðurinn beygir lengst til norðvesturs, samhliða vegarslóða á kafla

þegar komið er upp á heiðina, áleiðis heim að bæ 001, og hverfur svo að líkindum undir veginn. Garðurinn er um 2 m á breidd og 1 m á hæð, gróinn. Þar sem garðurinn er umhverfis Stekkatún afmarkar hann svæði sem er um 280x180 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þar sem gamli garðurinn mætir garðinum í Stóra-Nátthaga má greina tvær tóftir af loftmynd en þær sást ekki á vettvangi. Þær eru um 122 m suðvestan við þúst C og um 465 m norðvestan við bæ 001. Tóftirnar eru nálægt hvor annarri og eru saman um 15x7 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Austast í Stekkatúni eru fimm aðrar minjar fast VSV við garðinn. Lítil tóft B er í

innanverðu horni á garði A og er áföst honum. Hún er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er á henni sjáanlegur inngangur, mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Þúst C er um 5 m innan (suðvestan) við garðinn. Hún er um 8 m í þvermál og er um 0,7 m á hæð, algróin. Ekki sést móta skýrt fyrir hólfum en dæld er syðst í henni sem er um 1,2x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Um 10 m norðvestan við þúst C er hringlaga tóft D, líklega gerði sem er um 9x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Breidd veggja er um 2 m og mesta hæð m 0,4 m. Ekki sést greinilegur inngangur. Norðvestarlega á garði A er tóft E áföst honum sem er um 6x1 m að innanmáli, að öllum líkindum kvíar. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er opin í suðausturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Að lokum virðist vera lítil tóft F á garðinum, fast norðan við tóft E. Hún er um 3x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er norðaustur langveggur á henni en dálítil kantur er niður úr henni á þeirri hlið. Mesta hleðsluhæð er um 1 m eins og á garðinum. Ekki sáust fleiri minjar á vettvangi á svæðinu en á loftmynd sjást 4-5 tóftir um 50 m suðvestan við tóft B, innan (vestan) við Litla-Nátthagagarð H. Þessar tóftir eru mjög signar. Saman ná þær yfir svæði sem er um 35x20 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ef til vill leynast fleiri forn mannvirki í Stekkjartúni. Garðurinn H sem Jón Loftsson hlóð í Stekkjartúni eða Stekkjarhvammi á síðari hluta 19. aldar er enn vel greinilegur. Hann afmarkar svæði sem er um 110x60 m að stærð. Garðurinn er gróinn, líklega torfhláðinn. Hann liggur frá brún við Rangá eystri í norðri til SSA að brekkurótum á um 110 m löngum kafla og beygir þá til suðvesturs á um 60 m löngum kafla þar sem hann mætir Nátthagagarði 034. Garðurinn er um 1 m á breidd og er um 1 m þar sem hann er hæstur en víðast er hann mun lægri. Ógreinileg tóft G er við norðurenda garðsins. Hún er einföld, um 3x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Greinilegasti veggurinn er til austurs og er hann um 0,4 m á hæð, aðrir veggir eru útflattir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 1; HH: Þykkskinna hin síðari, 45; IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur

RA-302:037 heimild um túngarð

63°51.148N 20°15.429V

Í bókinni Þykkskinna hin síðari, eftir Helga Hannesson, stendur: "Hann [Jón Loftsson] sléttaði mikið af túni sínu og girti það með gripaheldum torfgarði. Garður sá er nú að mestu fallinn fyrir tönnum tímans og jarðýtunnar." Jón Loftsson bjó á bæ 003 á síðari helmingi 19. aldar og hefur því verið túngarður umhverfis bæinn þá. Ekki er lengur vitað hvar túngarðurinn var nákvæmlega og engin ummerki hans sjást á yfirborði. Túngarðurinn er að öllum líkindum sýndur á túnakorti frá 1917 sunnan og austan við bæ 003. Gamla heimatúnið hefur síðan afmarkast af skurði úr áveitukerfi 032 til norðurs og vesturs. Túngarðurinn afmarkaði svæði sem var um 280x260 m að stærð og snéri norður-suður.

Þar sem túngarðurinn var eru nú slétt og grasivaxin tún.

Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: HH: Þykkskinna hin síðari, 45; Túnakort 1917

RA-302:038 tóft brunnur

63°53.449N 20°15.535V



Tóft 038, horft til norðurs

Í Stekkatúnslæknum sjálfum er að finna tóft, að öllum líkindum brunnhús. Tóftin er um 550 m norðan við bæ 003 og rúnum 350 m norðaustan við ferju 035. Tóftin er skammt vestan við bugðu á læknum og lítil lækjarspræna sameinast Stekkatúnslæk fyrir sunnan tóftina.

Tóftin er í miðjum Stekkatúnslæk. Hann er um 5 m breiður á þessum slóðum og fremur grunnur. Lækurinn rennur hér til vesturs í átt að Ytri-Rangá.

Tóftin er um 3x3 m að stærð og veggir hæstir um 1 m á hæð. Tóftin er opin til suðvesturs og timburrammi er í dyrunum. Timburstoðir eru að öllum líkindum einnig í þakinu. Tóftin er grasivaxin að utan og hvergi glittir í grjóti. Að innan sést glitta í eitt umfar af grjóti í veggjunum.

Járnror liggur til austurs frá tóftinni og hverfur undir norðurbakka lækjarins sem rennur í Stekkatúnslæk. Tóftin er að öllum líkindum ekki mjög gömul en höfð hér með vegna forns byggingarlags. Hún er líklega brunnhús.

Hættumat: engin hætta

RA-302:039 heimild um landamerki

63°54.306N 20°14.219V

Í Rangvellingabók er lýsing á landamerkjum Geldingalækjar: "Fyrst að útsunnanverðu við Rangá skammt fyrir ofan Gutlfoss er djúpt gil, sem skilur Geldingalækjar- og Grákollustaðaland (sem er Gunnarsholtsteigur), úr nefndu gili liggur markið til suðurs í grjótvörðu [074], sem er á hásandbrúninni, þaðan beina línu til landsuðurs í Vakhól- hér liggja að lönd Grafarbakka og Ketilshúshaga, úr Vakhól liggur markið í stefnu til landnorðurs í Hátúnakot [303:079], þaðan sömu línu í Stelpu [301:028], sem er landnorðurstakmark- hér liggur Gunnarsholtland að austanverðu. Úr Stelpu liggur markið til útnorðurs í Stórastein og þaðan beina línu í steinhrúgu á vestri heiðarbrúninni þaðan í Heiðarlæk við vaðið [075], þaðan ræður lækurinn að Rangá, sem

ræður svo að fyrrnefndu gili." Ekki er vitað hvar varðan stóð nákvæmlega á vestari heiðarbrúninni en örnefnið Markhóll er sýnt á þessum slóðum á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar. Telja má líklegt að varðan hafi verið þar. Á merkjum Heiðar RA-301 og Geldingalækjar liggur rúmlega 3 km langur merkjagarður, 301:034, og endar hann á þessum slóðum. Garðsins er ekki getið í örnefnaskrá Geldingalækjar og möguleiki að varðan hafi verið hluti af honum eða horfið við gerð hans. Þessi steinahrúga, eða vörðubrot, var rúma 2,3 km NNA við bæ 003 og um 220 m NNA við sel 041.

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 69; IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur

RA-302:040 áletrun

Áletrun er í Stekkatúnsbergi um 660 m norðvestan við bæ 001. Stekkatúnsberg er allhátt og bratt móberg. Áletrunin er á norðanverðu berginu þar sem eru grónar malarbrekkur en sumstaðar eru berir móbergsveggir.

Áletrunin er um 10 m löng, einföld lína. Þarna virðast vera fangamörk og ártöl en ekki er gott að lesa alla stafina vegna gróðurs og veðrunar. Áletrunin er frá vestri til austurs og byrjar á stöfunum HV [...] 19 NE 25 PE [skrifað með smærri stöfum] PE 1931 [...] NE 1929 R [eða K] S 1931. Mögulega hafa börn Einars Jónssonar rist eitthvað af þessum stöfum í bergið en hann bjó á Vestri-Geldingalæk á árunum 1898-1932. Stafirnir eru víðast um 0,2 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna rofs

63°53.481N 20°15.549V



Hluti áletrunar 040, horft til SSA

RA-302:041 Selhvammur tóft sel



Seltóft 041, horft til austurs

63°54.201N 20°14.339V

"Vesturheiði. Hún liggur norður og norðaustur frá bænum [003], þar eru þessi örnefni: ... Heiðarlækur, Markhóll, Selhvammur, Selhvammsbrúnir ...," segir í örnefnalýsingu. Selið í Selhvammi er tæpa 2,2 km norðaustan við bæ 003 og 2,1 km norðaustan við tóft 096. Selið er undir gróinni brekku, í hvammi sem

gengur inn í Vesturheiði til austurs frá Ytri-Rangá og er staðsetning þess merkt inn á örnefnakort Ingólfs Einarssonar.

Selið er á grasivöxnu og smápýfðu svæði sem kallast Krókurinn og liggur meðfram Ytri-Rangá, nyrst í landi Geldingalækjar.

Selið er á lágum, náttúrulegum hól. Hóllinn er um 1,5 m hár og þar af eru uppsöfnuð mannvistarlög um 0,6 m. Tóftin er 24x16 m að stærð og snýr

norður-suður. Tóftin er mjög sigin og gróin en það sést móta fyrir einu hólfi og tveimur dældum, þar sem mögulega voru önnur hólfi. Hólf 1 er 5x4 m að innanmáli og er nyrst í tóftinni. Austurveggurinn er greinilegastur og er hann um 0,6 m á hæð. Ekki sést móta fyrir inngangi inn í hólfið. Fyrir vestan hólfið er jarðvegstorfa þar sem annað hólfi var líklega að finna. Dæld 2 er um 2 m fyrir suðaustan hólfi 1. Dældin er 8x6 m að stærð, snýr norður-suður og slétt að innan. Dældin er einungis um 0,2 m á dýpt en kantar hennar eru reglulegir. Dæld 3 er 4 m fyrir sunnan dæld 2. Hún er einungis um 0,1-0,2 m á dýpt og alveg slétt að innan líkt og dæld 2.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur

RA-302:042 garðlag túngarður


63°53.164N 20°15.050V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var túngarður meðfram norðvestur- og norðausturhlið túns Eystri-Geldingalækjar 004. Garðurinn sést lítilla meðfram norðausturhlið túnsins á milli útihúsa 011 og 012 og á alllöngum kafla meðfram norðvesturhlið túnsins.

Smápýft og mishæðótt tún. Núverandi vegur um sveitina liggur



Túngarður 042 og áföst tóft A, horft til austurs



Tóft A við garðlag 042


norðvesturjaðri túns er garðurinn greinanlegur á um 180 m löngum kafla og afmarkar þarna svæði sem er um 160x40 m að stærð. Á þessum kafla eru rétt A og ógreinileg tóft B áfastar garðinum að utanverðu. Réttin A er um 17x7 m að stærð með túngarði og snýr austur-vestur, opin til vesturs. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Túngarðurinn er á þessum slóðum um 1 m á breidd neðst, mjókkar upp og er 0,6-0,7 m á hæð. Ógreinilega tóftin B er áföst túngarðinum um 50 m austan við réttina. Garðurinn beygir til suðurs en er þar orðinn mjög ógreinilegur. Tóftin er um 5 m frá horni á túngarðinum. Hún er um 10x4 m að stærð með túngarðinum, snýr norður-suður. Hún skiptist óljóst í tvö hólf. Það nyrðra I er opið til norðurs, er um 5x2 m að innanmáli. Það syðra II er um 1,5x1,5 m að innanmáli, ekki sést op á því hólf. Mesta hleðsluhæð á tóftinni er um 0,3 m en túngarðurinn er um 0,8 m á hæð á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

fast norðvestan við túnið og hefur hluti þess og túngarðsins farið undir vegarstæðið.

Túngarðurinn sést í norðausturjaðri túns en aðeins er lítil hluti hans enn sýnilegur. Hann er hlaðinn á hólbrún og hefur samlagast henni að miklu leyti. Hann er greinanlegur á um 20 m löngum kafla sem liggur suðvestur-norðaustur. Hann er hæstur um 0,8 m og um 1 m þar sem hann er breiðastur. Ekki sjást grjóthleðslur í honum. Í



Tóft B við garðlag 042

RA-302:043 gerði kálgarður

63°53.176N 20°15.217V



Gerði 043, horft til norðvesturs

1x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur og er opið til suðausturs. Grjót sést í þessum veggjaleifum en þær eru um 0,6 m á hæð og um 0,8 m á breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stór kálgarður fast sunnan við bæjarstæði 004.

Leifar kálgarðsins sjást efst í brekku sem liggur upp á heiðarbrún, í þýfðu túni.

Kálgarðurinn er um 18x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Innri brún kálgarðsveggja er mjög óskýr en veggirnir eru um 1 m á breidd og um 1 m á hæð, þar sem þeir eru hæstir að sunnanverðu. Lítillega sést í grjóthleðslur í kálgarði. Veggjaleifar uppi á heiðarbrún kunna að tilheyra kálgarðinum en einnig getur verið að þær tilheyri öðrum mannvirkjum. Þar myndar veggur tvö horn sem eru annars vegar 2x2 m að innanmáli og er opið til norðvesturs, hins vegar er horn sem er um

RA-302:044 Fornuborgarhólar tóft+garðlag beitarhús

63°53.611N 20°13.715V



Þúst 044F í forgrunni og þúst 044C aftan við, horft til suðausturs




Tóft 044E, horft til norðurs

"Austurheiði. Norðast í henni er Stóristeinn, þá Marklág, Strýtuhóll, Steinhóll, Fornuborgarhólar [...]," segir í örnefnalýsingu. Tóftir og garðlög eru í heiðinni, nærri mörkum móti Heiði (RA-301), 200-300 m frá hraunbrún og um 1,5 km norðaustur af bæ 001. Ekki er öruggt að

minjarnar séu í Fornuborgarhólum. Samkvæmt örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar eru Fornuborgarhólar litlu suðvestar en minjarnar sem skráðar voru. Gengið var áleiðis til suðvesturs frá minjunum en ekki sáu minjar um fjárborgir þar og má því vera að örnefnið hafi verið merkt inn á rangan stað á kortinu eða að borgirnar sem örnefnið gefur til kynna séu hornar.

Minjarnar eru í gróinni heiði sem er mjög mishæðött og skiptast á lágir hólar og dældir á milli þeirra.



Á svæði sem er um 190x120 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eru þrjár tóftir, tvær þústir og þrjú garðlög. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Svæðið er afmarkað af torfhlöðnum túngarði G sem afmarkar ferkantað svæði og er víða um 0,6 m á hæð og breidd. Torf hefur verið skorið í garðinn utan hans og sést þar rás sem er um 1 m á breidd og um 0,2 m á dýpt. Garðurinn er enn vel greinilegur en rof eru víða í hann, sérstaklega á hornum og stóran kafla vantar norðaustast á suðausturlangvegg þar sem túnið hefur verið stækkað til austurs. Einnig vantar mikið af suðvesturskammvegg þar sem ekið hefur verið inn á svæðið á vélknúnum farartækjum og sést jeppaslóði liggja að þeirri hlið úr suðvestri. Þrjár tóftir, tvær þústir og lítið garðlag eru í suðurhorni túngarðsins og eru minjarnar girtar af með torfgarði H sem er samtengdur túngarðinum og er að öllu leyti eins og túngarður G. Sá garður afmarkar svæði sem er um 60x80 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vestast á þessu svæði eru tvær aðskildar en samsíða tóftir uppi á háum hól. Tóft A er um 9x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tvö greinileg hólfr sjást í henni en ekki er ólíklegt að þau hafi verið fleiri. Þau eru í norðausturenda tóftarinnar. Austara hólfið I er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinilegur veggur skilur það frá hólfi II sem er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Suðvestan við þessi hólfr er ekki hægt að sjá móta fyrir öðru rými en suðvesturveggur tóftar er þó allskýr. Tóft B er um 1 m suðvestan við tóft A. Hún er fast við

túngarð G eins og tóft A en grafið hefur verið í suðausturenda hennar við gerð garðsins. Tóftin er tvískipt og er um 6x5 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Hólfr I í suðausturenda er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, óljóst op er úr því í hólfr II sem er nokkuð ógreinilegt en er um 1x1,5 m að innanmáli, snýr eins og I. Mesta hleðsluhæð í báðum tóftum er 0,4-0,5 m. Lítillega sést í grjóti í innanverðri tóft A og einn stór steinn stendur upp úr veggjarhleðslu í tóft B. Um 12 m norðvestan við tóft A er þúst C, hún er um 3x2 m að stærð og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Þústin er suðaustast í langri dæld sem liggur til norðvesturs. Þústin er hæst um 1,5 m og áfast henni er garðlag sem liggur 3 m til norðurs og beygir svo 4 m til vesturs þar sem það hverfur í lægðina en hefur e.t.v. haldið áfram upp úr henni. Garðlagið er um 0,5 m á hæð og um 1 m á breidd. Í þústinni sést í grjóti á stöku stað. Um 2 m suðvestan við þústina er lítið garðlag D sem er um 4 m langt, liggur suðvestur-norðaustur. Það er grjóthlaðið og er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Hrunið hefur úr því til norðvesturs. Stór tóft E sem snýr norður-suður er um 10 m vestan við garðlag D. Hún er tvískipt, grjóthlaðin og hefur verið bárujárn í þakinu. Syðst í tóftinni hefur sennilega verið niðurgrafin hlaða I sem er að innanmáli um 8x5 m, um 1 m er niður í það hólfr úr nyrðra hólfinu II sem er um 13x8 m að innanmáli. Ekki eru veggir ofan jarðar í suðurenda tóftarinnar. Greinanleg eru 5 umför í innanverðum hleðslum og mesta hleðsluhæð er um 1 m. Um 6 m norðaustan við tóft E og um 30 m norðvestur af þúst C er þúst F. Þústin er í lítilli brekku og er um 5x3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Fram af hólnum til suðvesturs er um 1,5 m. Ógreinilegar grjóthleðslur má sjá í þústinni en ekki hægt að greina hólfraskiptingu. Hleðslur eru mest 0,2-0,3 m á hæð. Tóft E er greinilega yngsta mannvirkið á svæðinu ásamt gördum G og H og er líklegt að það sé leifar af beitarhúsum. Ef til vill eru þústir C og F leifar fjárborga sem Fjárborgarhólar draga nafn sitt af. Óvíst er með hlutverk annarra mannvirkja.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur

RA-302:045 *Miðmorgunsvarða* varða eyktamark

63°53.184N 20°13.815V

"Hraun. Það liggur suðaustur frá Austurheiði. Norðast í því er hraunklettur, sem heitir Stelpa [301:028]. Sunnar eru þessi kennileiti: Oddhólar [303:073], Miðmorgunsvarða ...,“ segir í örnefnalýsingu. Miðmorgunsvarða er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar og er rúmum 650 m norðaustan við fjárhús 088 og tæpum 1,5 km austan við bæ 003.

Varðan er í grónu hrauni, vöxnu mosa og grasi. Náttúrulegir hraunhólar og -klettur standa víða upp úr sverði.

Varðan er 1,5 m á hæð og 1,2 m í þvermál. Hún er hlaðin upp á náttúrulegum kletti úr hraungrýti. Það sjást sex umför af steinum í henni. Varðan er ekki gróin fyrir utan botn hennar. Varðan stendur enn á hól í



Miðmorgunsvarða 045, horft til austurs

hrauninu. Hún hefur án efa verið eyktamark líkt og nafnið ber með sér.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:046 garðlag varnargarður

63°53.184N 20°14.702V



Garðlag 046, horft til SSA

Tvískipt garðlag liggur eftir gróinni hraunbrún fyrir austan bæ 001 og enda við Geldingalækinn sjálfan. Hraunbrúnnin liggur yfir í land Gunnarsholts RA-303. Garðlagið hefst fast austan við gróið tún og liggur eftir hraunbrúninni, tekur síðan sveig til suðurs og endar við lækinn. Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er garðlag A sýnt en ekki tekið fram heiti þess.

Garðlagið liggur eftir gróinni hraunbrún, um 6 m hárrí. Lyng, mosi og gras vex í hrauninu og hraunhólar standa víða upp úr sverði.

Garðlagið er tvískipt og var hvorum hluta fyrir sig gefinn bókstafur til aðgreiningar. Þau afmarka svæði sem er um 500x300 m að stærð og snýr SSA-NNV. Garðlag A liggur til suðvesturs frá gamla heimatúni bæjar 004 og sést á um 500 m löngum kafla. Það er á milli 0,3-0,5 m á hæð, grjóthlaðið og eru náttúrulegir klettir notaðir í hleðsluna. Það sjást mest þrjú umför af grjóti í því. Garðlagið er um 0,6 m á breidd og grjótið er orðið mosavaxið. Garðlag B liggur til norðurs inn í blásið hraun, nánast frá miðju garðlagi A. Það sést á um 280 m löngum kafla og stefnir á Miðmorgunvörðu 045. Það er mun signara en garðlag A. Það er einungis

um 0,2 m á hæð og hefur eflaust verið lengra. Það sést bara ein steinaröð og eru þeir sokknir í mosa og lyng í hrauninu. Garðarnir hafa að öllum líkindum verið varnar- eða vörslugarður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:047 heimild um rétt

"Hraun. Það liggur suðaustur frá Austurheiði. Norðast í því er hraunklettur, sem heitir Stelpa [301:028]. Sunnar eru þessi kennileiti: Oddhólar [303:073], Miðmorgunsvarða [045], Vatnsdalur, Brennðavarða [303:067], Hátún [303:079], Hátúnsholt. Rétt og byrgi (stekkur) [048] er efst vestan í hraunbrúninni sunnarlega," segir í örnefnalýsingu. Öll hraunbrúnin var gengin, að Gunnarsholti RA-303, án þess að aðrar tóftir en beitarhús 088 myndust.

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2

RA-302:048 heimild um stekk

"Hraun. Það liggur suðaustur frá Austurheiði. Norðast í því er hraunklettur, sem heitir Stelpa [301:028]. Sunnar eru þessi kennileiti: Oddhólar [303:073], Miðmorgunsvarða [045], Vatnsdalur, Brennðavarða [303:067], Hátún [303:079], Hátúnsholt. Rétt [047] og byrgi (stekkur) er efst vestan í hraunbrúninni sunnarlega," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvort að réttin og stekkurinn hafi verið á sama stað en það verður að teljast líklegt. Öll hraunbrúnin var gengin, að Gunnarsholti RA-303, án þess að aðrar tóftir en beitarhús 088 myndust.

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2

RA-302:049 Hádegisvarða heimild um eyktamark

63°52.732N 20°15.404V

"Suðaustur af bæjunum [001, 004] liggur gróðurlaus Sandur. Á honum er Vakhóll og norðast Vahlág. Hásandur, Hæðir, Stórholt, Hádegisvarða ...," segir í örnefnalýsingu. Hádegisvarða er nú (júní 2009) horfin, að öllum líkindum vegna uppblásturs eða að grjót hefur verið borið úr henni. Hún var rúmum 800 m sunnan við bæ 003 og tæpum 400 m suðvestan við tóftir 055.

Þar sem varðan var er nú uppblásið holt vaxið mosa, lyngi og grasi. Hér og og þar glittir í steina.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:050 Seltour örnefni sel

63°52.115N 20°17.874V

"Framhagar. Þar er Grákollustaðagil [303:080] syðst og talið norður eftir Seltour [...]," segir í örnefnalýsingu. Seltour eru um 2,9 km suðvestan við bæ 001.

Seltour eru grasi grónir bakkar fram í Rangá ytri, allbrattir. Til suðurs og suðausturs er vindsorfinn móbergshryggur og sunnan og suðaustan við hann er uppblásturssvæði.

Ekki sjást ummerki um sel í tóunum en ef það hefur verið hér er það líklega horfið vegna uppblásturs. Frá Seltóum eru um 700 m vestur að Grákollustöðum 303:080 þar sem sagnir eru um að sel hafi verið frá Gröf.

Mögulega er örnefnið í tengslum við það sel en þó er það fulllangt frá Grákollustöðum til að það geti talist líklegt.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2

RA-302:051 *Heyvaðshóll* örnefni vað 63°52.953N 20°15.705V

"Út frá Staðarkoti [302:103] er Staðarkotsmýri ... Miðmundarimi, Heyvaðshóll, Steinvað [052], Veita [061], Efrifoss ...," segir í örnefnalýsingu. Þar sem Geldingalækur liggur í sveig, nokkuð sunnan við bæ 003, er Heyvaðshóll merktur inn á Örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Telja má líklegt að Heyvað hafi verið nærri honum. Heyvaðshóll er um 400 m SSV við bæ 003 og 100 m sunnan við Steinvað 052. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað.

Þar sem vaðið var er nú gróið, þýft og nokkuð blautt svæði. Norðan við lækinn er grasivaxið tún. Lækurinn er um 5 m breiður og 0,7 m djúpur á þessum slóðum.

Engin ummerki vaðsins sjást við lækinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:052 *Steinvað* örnefni vað 63°53.002N 20°15.718V

"Út frá Staðarkoti [302:103] er Staðarkotsmýri ... Miðmundarimi, Heyvaðshóll [051], Steinvað, Veita [061], Efrifoss ...," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning vaðsins er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Steinvað er um 300 m suðvestan við bæ 003 og 140 m sunnan við kálgarð 026. Engin ummerki gatna sjást þar nú og ekki er vitað á hvaða leið það var notað.

Þar sem vaðið var er nú gróið, þýft og nokkuð blautt svæði. Norðan við lækinn er grasivaxið tún. Geldingalækur rennur til vesturs hér og er um 5 m breiður og 0,5 m á dýpt.

Engin ummerki vaðsins sjást við lækinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:053 *Barðhesthús* heimild um hesthús 63°53.085N 20°15.870V

Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar stendur: "Barðhesthús: Var kennt við Háabarð. Horfið." Hesthúsið var rúma 250 m suðvestan við bæ 003 og rúma 70 m vestan við útihús 020. Háabarð liggur austur-vestur og er nú um 1 m hár bakki á mörkum grasivaxins túns og garðs við einbýlishúsið á Geldingalæk.

Þar sem hesthúsið var er nú grasivaxið og slétt svæði.

Engin ummerki hesthússins sjást á yfirborði

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:054 *Mjólkurhús* heimild um skemmu

Í viðbót við örnefnaskrá Geldingalækja segir: "Aftan á blaði með viðbótum og athugasemdum eru nokkur nöfn [...] ekki verður annað séð en að þau tilheyri Geldingalækjum [...] Mjólkurhús.." Hvar Mjólkurhús stóð nákvæmlega er ekki vitað en telja má líklegt að það hafi verið nærri bæ 003 eða 004. Hvergi er minnst á húsið í öðrum heimildum og gæti það hæglega verið einn þeirra minjastaða sem þegar eru skráðir á jörðinni. Frekari heimildir þarf um Mjólkurhús til þess að hægt sé að staðsetja það.

Heimildir: Ö-Geldingalækir, aths. og viðb., 2

RA-302:055 tóftir beitarhús


63°52.934N 20°15.297V

Tvær tóftir eru syðst á hól er nefnist Einbúi. Hóllinn er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar en ekki tóftirnar. Tóftirnar eru um 500 m sunnan við bæ 003 og rúmum 350 m suðaustan við kálgarð 029.

Tóftirnar eru á náttúrulegu holti sem er grasivaxið og þýft. Svæðið umhverfis holtið er mýrlent, grasivaxið og þýft.



Tóftir 055, horft til austurs



Tóftir 055

Tvær tóftir eru á svæði sem er 18x14 m stórt og snýr norður-suður. Í lýsingu hér á eftir fær hvor bókstaf til aðgreiningar. Tóft A er norðar. Hún er 14x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er byggð inn í holtið til vesturs. Tóftin virðist vera tvískipt. Hólf 1 er austar og er 8x3 m að innanmáli austur-vestur. Inngangur hefur verið á miðri austurhlíð er hann er nú ógreinilegur vegna hruns úr veggjum. Veggirnir eru um 1 m á hæð og grónir. Það sést glitta í tvenn umför af grjóthleðslum í þeim. Hólf 2 er vestar. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki er skýr veggur á milli hólfanna. Vestara hólfid er dýpra (niðurgrafið um 0,4 m) sem bendir til að það hafi verið hlaða. Veggirnir eru 1,4 m á hæð og sjást 6 umför af grjóthleðslum í þeim. Ekki er greinilegur inngangur inn í hólfid. Veggir tóftarinnar eru raskaðir og rof í þeim á nokkrum stöðum, m.a. vegna ágangs sauðfjár. Tóft B er um 7 m fyrir sunnan tóft A. Hún er 5x5 m að stærð, einföld og útflött. Tóftin er um 0,4 m á hæð og hvergi glittir í grjóthleðslur. Það rétt mótár fyrir dæld, um 0,15 m djúpri ofan á tóftinni. Hlutverk tóftanna er óþekkt en lag þeirra, staðsetning og fjarlægð frá bæ 003 bendir einna helst til að þær hafi verið beitarhús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 2; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:056 heimild um rétt

63°53.225N 20°15.168V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður eða rétt við beygju á tröðum 058 heim að Eystri-Geldingalæk 004, um 80 m norðan við hann.

Þýft tún uppi á heiðarbrún.

Ekki sést til mannvirkja við utanvert horn á tröðum. Líklegt er að minjarnar hafi horfið við túnasléttun.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:057 *Tíðavörður* heimild

63°52.636N 20°14.701V

"Austar með hæðum, við gömlu Gunnarsholtsgötu [661:032], eru tvær vörður, Tíðavörður," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Tíðavörður stóðu nema að þær voru í svokölluðum Hæðum. Staðsetning þeirra er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar og þar stendur: "Engin merki sjást um vörður (Tíðavörður). Á sínum tíma sótti Vegagerðin mikið grjót þarna upp í öldurnar (við Leirur, vestan Stórusteins). Er þá ekki ósennilegt að gott hafi þótt að grípa til vörðubrots." Vörðurnar voru um 1,6 km SSA við bæ 003 og tæpa 630 m sunnan við fjárhús 088. Þær hafa líklega verið vegvísir á gömlu Gunnarsholtsgötu 661:032 eða jafnvel eyktarmark frá Geldingalækjarbæjunum.

Tíðavörður voru austarlega á malarbrún, svo kölluðum Hæðum. Þær liggja yfir í land Gunnarsholts. Hér er nú melur, lyng og víðir.

Ekki sést til varðanna á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna efnistöku

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:058 hleðsla traðir

63°53.226N 20°15.180V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að Eystri Geldingalæk 004 úr norðvestri.

Þýft tún uppi á heiðinni.

Annar traðarveggurinn er greinanlegur frá bæjarstæði 004 til suðausturs á um 60 m löngum kafla að beygju á tröðunum til NNA en á þeim kafla og að túnmörkum er bíslóði sem heldur reyndar áfram til SSV. Traðarveggurinn er breiðastur um 2 m og hæstur um 0,5 m. Hann er siginn og ógreinilegur, liggur í ANA-VSV. Á móti traðarvegg, suðaustan við hann, er að því er virðist náttúruleg brún en á milli veggjar og brúnar eru um 3 m. Brúnin er samsíða veggnum á um 50 m löngum kafla, en endar skammt frá beygju á tröðunum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:059 heimild um kálgarð

63°53.141N 20°15.523V

Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 80 m suðaustan við bæ 003 og um 13 m norðaustan við kálgarð 029. Kálgarðurinn var fast sunnan við traðir 022 og eflaust raskast þegar vegur var lagður þar yfir þær.

Þar sem kálgarðurinn var er nú malarvegur í sléttu túni sem hallar til austurs.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:060 gerði kálgarður

63°53.176N 20°15.208V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan við útihús 005.

Leifar kálgarðsins sjást í brekku uppi á heiðarbrún, í þýfðu túni.

Kálgarðurinn er fast sunnan við tóft 005. Hann er um 10x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð

er um 0,5 m og mesta breidd veggja er um 1 m. Ekki sést grjót í veggjum en þeir eru mjög grasi grónir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:061 Bugur garðlag áveita
63°52.888N 20°15.431V



Hluti af áveitumannvirkjum 061 í Bug, horft til vesturs



Kálgarður 060, horft til norðvesturs

"Bugur var áveituengi," segir í örnefnalýsingu. Í bókinni

Þykkskinna hin síðari, eftir Helga Hannesson, segir: "Má þó vera að mest væri kapp hans [Jóns Loftssonar] við að ná áveituvatni á engjar sínar. Hann mun hafa verið á miðjum aldri er hann hófst handa um áveitu á austurengjar. Þurfti þar að hlaða upp háan stíflugarð í Geldingalækinn og allmikið af uppistöðugörðum. Á síðustu búskaparárum sínum setti hann aðra stíflu í lækinn - og náði þá einnig vatni á norðurengjar [032]. Sú áveita var á bóndavísu mikið mannvirki. [...] Má svo segja að hann [Jón Einarsson] veitti læknum á hvern einasta engjablett stóran og smáan. Sá sem skoðar verksummerki, undrast hve mikilli vinnu

hann varði til að ná vatni á mjóa mýrarein - milli túns og lækjar. Þar þurfti fyrst stíflugarð í lækinn, um það bil tíu metra langan og tveggja metra háan. Síðan langan og sumstaðar háan garð á lækjarbakkann." Á seinni hluta 19. aldar gerðu báðir bændurnir á Geldingalæk áveitu. Hér er hún skráð undir tveimur númerum, önnur austan lækjar en hin 032 vestan hans.

Áveitukerfið er í svokölluðum Bug. Það er grasivaxin, slétt og blaut mýri.

Á svæði sem er um 1000x700 m að stærð og snýr austur-vestur eru áveitugarðar, rennur og stíflur. Í lýsingunni hér á eftir er þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Allir áveitugarðarnir eru hlaðnir úr torfi og fremur umfangslitlir. Þeir eru frá 0,2-1 m á hæð, 0,3-2 m á breidd og grasivaxnir. Áveitugarður A liggur til norðausturs frá þjóðvegi, norðan undir hól sem gengur undir nafninu Einbúi. Hann er um 110 m á lengd. Garðurinn er grasivaxinn og hvergi glittir í grjót. Renna B liggur til suðurs frá norðurenda garðs A. Rennan liggur undir austurhlíð Einbúa og endar norðan við áveitugarð C. Hún er 0,3-0,4 m á dýpt, 0,3 m á breidd og um 130 m á lengd. Rennan er þurr og grasivaxin. Áveitugarður C hlykkjast til austurs frá Einbúa og endar við Geldingalæk. Hann er tæpir 800 m á lengd. Áveitugarður D liggur SSV frá garði C. Hann er um 120 m langur. Garðlagið er alveg gróið. Áveitugarður E er um 1,3 km á lengd. Hann hefst skammt suðaustan við núverandi heimreið að íbúðarhúsinu á Geldingalæk, beygir til austurs við svokallaðar Hæðir og hlykkjast að Fífulæk. Renna liggur meðfram vesturhlíð hans, líklega þar sem torfið var tekið. Sá hluti garðsins sem liggur til suðausturs kallast Buggarður og er merktur inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar. Garður F liggur austur-vestur frá norðurenda garðs D. Hann er um 20 m á lengd. Áveitugarður G liggur til suðvestur-norðaustur á milli áveitugarða C og E. Hann er ekki tengdur þeim. Hann er um 250 m á lengd. Áveitugarður H liggur austur-vestur, norðan við áveitugarð E. Hann beygir síðan til suðurs við Geldingalæk og endar skammt norðvestan við beitarhús 087. Garðlagið er tæpir 350 m á lengd. Áveitugarður I liggur NNA-SSV, milli áveitugarða C og E. Garðurinn er tengdur þeim báðum. Hann er um 200 m á lengd. Á milli áveitugarða G og I eru átta smærri garðar eða rennur. Þeir liggja allir NNA-SSV og eru álíka langir. Einungis eru milli 5-8 m á milli þeirra og sáust þeir ekki á vettvangi en fundust við yfirferð loftmynda. Er þeim hér saman gefinn bókstafurinn J til aðgreiningar. Áveitugarður K liggur til norðausturs frá áveitugarði C, skammt vestan við Geldingalæk. Hann er um 160 m langur. Áveitugarðurinn er grasivaxinn og nokkuð ógreinilegur á yfirborði. Áveitugarður L liggur fyrir norðan áveitugarð K. Hann er um 110 m langur og liggur nánast í sveig austur-vestur. Áveitugarður M er rúma 50 m norðan við áveitugarð L. Hann er rúmir 50 m á lengd og liggur austur-vestur. Áveitugarður N er norðan við Geldingalækinn, í grónu viki sem liggur að hraunbrún. Garðlagið liggur norðaustur-suðvestur og er tæpir 50 m á lengd. Áveitugarður O er norðan við garð C og vestan við garð K. Hann er um 100 m langur og liggur NNA-SSV. Áveitugarður P er um 70 m vestan við garð O. Hann er um 150 m langur og snýr NNA-SSV. Áveitugarður Q er um 90 m fyrir vestan áveitugarð P. Hann er rúmlega 130 m langur og liggur NNA-SSV. Áveitugarður R er um 40 m sunnan við Atkeldu 064. Hann er rúmlega 80 m langur og liggur norður-suður. Hann er grasivaxinn og ógreinilegur. Áveitugarður S er um 100 m vestan við áveitugarð R. Hann liggur til suðurs frá Geldingalæk og endar í sérkennilegum ferhyrningi. Garðurinn er um 230 m á lengd, siginn og grasivaxinn. Áveitugarður T liggur skammt vestan við malarveg á núverandi íbúðarhúsi á Geldingalæk. Hann liggur í sveig og er rúmir 50 m á lengd. Áveitugarður U er tæpum 10 m sunnan við garð T. Hann er rúmir 50 m á lengd og liggur austur-vestur,

skammt sunnan við lækinn. Áveitugarður V er skammt austan við garð E og liggur að vesturhlið Einbúa. Hann er um 75 m langur. Garðurinn er grasivaxinn og ógreinilegur. Áveitugarður Z er norðan við Geldingalækinn, fyrir sunnan Atkeldu 064. Garðlagið sést á um 200 m löngum kafla og hlykkjast norður-suður, meðfram lækjarbakkanum. Til austurs er það ógreinilegt og sést aðeins sem þýfður bakki, um 0,2 m á hæð. Til vesturs er garðlagið greinilegra. Þar er það um 0,4 m á hæð, 1 m á breidd og grasivaxið. Garðlagið virðist vera grjóthlaðið. Austurbæjaríteppa X er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, um 1 km suðaustan við bæ 003. Telja verður líklegt að stíflan hafi verið þar sem glittir í grjótdreif sunnan undir hraunbrúninni sem liggur þvert í gegnum land Geldingalækjar, en hún er nú horfin. Stíflan hefur legið norður-suður og þvert á Geldingalæk sem rennur austur-vestur á þessum slóðum. Garðlag 046 hefur mögulega legið frá stíflunni en það liggur upp á hraunbrúnina á þessum slóðum. Vesturbæjaríteppa Y er merkt inn á Örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar um 1 km suðaustan við bæ 003. Geldingalækur rennur hér til vesturs, er um 3 m breiður og grunnur. Hann er einungis um 0,3 m á dýpt en hægt er að komast yfir hann þurrum fótum á steinum sem hrunið hafa úr stíflunni. Stíflan er um 3 m á breidd, 10 m á lengd og um 0,5 m á hæð. Geldingalækur rennur á þessum slóðum til vesturs og stíflan liggur þvert á hann. Hún er gerð úr grjóti, torfi og timbri. Stíflan er hæst norðan við Geldingalæk en sunnan við hann er hún nánast horfin. Þrjú umför af grjóthleðslum sjást í stíflunni á norðurbakkanum og liggur stíflan að læknum frá hraunbrúninni. Ekki er ljóst hvernig hleðslan var yfir læknum sjálfum. Þar er rof í henni og lækurinn rennur í gegnum um 0,5 m breiðum farveg þar. Á suðurbakkanum er einungis grjótdreif í læknum sjálfum en bakkar hans eru um 2 m á hæð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; HH: Þykkiskinna hin síðari, 46-47; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:062 Þórhildarvað gata vað

63°52.836N 20°14.376V



Þórhildarvað 062, horft til suðvesturs

"Norðan við Buga rennur Geldingalækur, á honum eru þessi vöð: Austast Þórhildarvað, Kirkjuvað [063], Atkelda [064] og Kúavað [065] [...] Um Þórhildarvað er sögn, að kona með því nafni hafi notað það, því hún vildi ekki fara sömu leið [102] og aðrir til kirkju," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Þórhildarvaðs er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Vaðið er um 1,2 km austan við bæ 003 og rúmum 100 m suðaustan við beitarhús 087.

Geldingalækur er víðast djúpur og vatnsmikill. Þar sem vaðið var á honum er hann hinsvegar grunnur og bakkar hans lágir og grasivaxnir.

Geldingalækur rennur til vesturs á þessum slóðum. Planki hefur verið settur yfir lækinn, skammt sunnan við vaðið. Geldingalækur er um 1 m á breidd og 0,2 m á dýpt þar sem vaðið er.

Lækjarbotninn er grýttur og auðveldur yfirferðar. Rof er á vesturbakka lækjarins og liggja kindagötur að vaðinu. Gatan var skráð undir númerinu 102 og hefur eflaust verið notuð af smölum og öðru heimilisfólki á Geldingarlækjarbæjunum enda afar hentugt að fara yfir vatnsmikinn lækinn á þessum slóðum ásamt því að hafa verið leið umræddrar Þórhildar til kirkju.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:063 Kirkjuvað heimild um vað

"Norðan við Buga rennur Geldingalækur, á honum eru þessi vöð: Austast Þórhildarvað [062], Kirkjuvað, Atkelda [064] og Kúavað [065]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Kirkjuvað lá yfir Geldingalæk en telja má líklegt að það hafi verið notað á leið 090 til kirkju, annað hvort í Geldingalæk eða í Gunnarsholti 303:002. Samkvæmt örnefnalýsingu virðist Kirkjuvað hafa verið austan við Atkeldu 064 og vestan við Þórhildarvað 062. Á því svæði er lækurinn 3-5 m á breidd, 0,5-1 m djúpur og lygn. Hvergi sést til gatna á þessum slóðum né geta heimildir þeirra. Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt.

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3

RA-302:064 Atkelda heimild um vað

63°53.127N 20°15.127V

"Norðan við Buga rennur Geldingalækur, á honum eru þessi vöð: Austast Þórhildarvað [062], Kirkjuvað [063], Atkelda og Kúavað [065]," segir í örnefnalýsingu. Atkelda var um 400 m ASA við bæ 003 og um 220 m austan við Kúavað 065. Vaðið er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Á þeim slóðum sem vaðið var á læknum er hann um 10 m breiður, um 0,5 m djúpur og rennur til vesturs. Engar götur liggja að læknum né eru til heimildir um leiðir á þessum slóðum. Vaðið hefur mögulega verið notað á leið 090 sem lá á þessum slóðum.

Beggja vegna lækjarins er grasivaxið, blautt og þýft svæði.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:065 *Kúavað* heimild um vað

63°53.135N 20°15.395V

"Norðan við Buga rennur Geldingalækur, á honum eru þessi vöð: Austast Þórhildarvað [062], Kirkjuvað [063], Atkelda [064] og Kúavað," segir í örnefnalýsingu. Staðsetning vaðsins er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Vaðið er rúmum 180 m suðaustan við bæ 003 og um 100 m austan við kálgarð 059. Vaðið hefur að öllum líkindum raskast þegar núverandi þjóðvegur var lagður og það lent undir honum. Nú er komið stórt rör þar sem lækurinn tók áður sveigju til suðurs og vegurinn liggur þar yfir. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað. Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:066 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja

63°53.199N 20°15.295V

"Í túni austurbæjar [004] eru þessi örnefni: Vestur af bænum er lítill hóll, Smiðjuhóll ...," segir í örnefnalýsingu. Smiðjuhóll er merktur inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, uppi á hraunbrúninni sem liggur þvert gegnum land Geldingalækjar. Smiðjan var rúma 250 m austan við bæ 003 og um 15 m norðaustan við Vesturgerði 077. Þar er nú grasvaxið og þýft svæði en ekki mótár fyrir eiginlegum hól né tóftum. Þar mótár hins vegar fyrir grasivöxnum bala sem liggur austur-vestur, er um 20x12 m að stærð og gæti gefið staðsetningu smiðjunnar til kynna. Þjóðvegur er um 40 m vestan við áætlaða staðsetningu smiðjunnar og er gaddavírsgirðing á milli þeirra. Engin ummerki smiðjunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:067 *Hjalli* tóft hjallur

63°53.182N 20°15.284V



Tóft 067, horft til norðurs



"Upp af þeim [002] heitir Hjalli. [...] En uppi á brekkubrúninni er austast Fjánhúsgerði [068], en vestar Bali, Smiðjuhóll [066] og Hjallberg," segir í örnefnalýsingu. Hjalli er rúmum 260 m austan við bæ 003 og um 120 m norðaustan við Kúavað 065. Tóftin sést enn og er á grasivaxinni hraunbrún sem hallar til suðurs og er

merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Um 50 m til vesturs af Hjallanum liggur þjóðvegur og gaddavírsgirðing nánast mitt á milli þeirra.

Tóftin er efst á grasivaxinni hraunbrún. Allt svæðið er grasvaxið og þýft.

Tóftin er 5x3 m að stærð, snýr norður- suður og er einföld. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og sjást tvenn umför af grjóthleðslum í þeim. Tóftin er opin til suðurs og hrunið hefur úr veggjum inn í hana. Tóftin er þýft að innan og grasivaxin. Fyrir norðan tóftina er náttúrulegur bakki sem liggur að henni. Tóftin er byggð inn í hann að norðan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:068 *Fjánhúsgerði* tóft fjárhús

63°53.301N 20°14.688V

"En uppi á brekkubrúninni er austast Fjánhúsgerði [...]" segir í örnefnalýsingu. Af lýsingunni að dæma var Fjánhúsgerði frammi á heiðarbrún. Á örnefnakorti Ingólfs Einarssonar er Fjánhúsgerði hins vegar merkt miðja vegu milli Fögrubrekkuhóls og Eystri-Geldingalækjar 004, alllangt frá heiðarbrún. Á vettvangi fannst hvorki fjárhús né gerði á því svæði sem kannað var. Hins vegar sést ferkantað fyrirbæri á loftmynd, fast norðaustan við tún Eystri-Geldingalækjar 004, og kemur staðsetning þess heim og saman við staðsetningu Fjánhúsgerðis á örnefnakorti. Fyrirbærið er um 535 m norðaustan við bæ 001.

Meintar minjar eru skammt utan við tún í mishæðóttri heiði, á mörkum milli gróðurlendis og uppblásturssvæðis.


Lítið er hægt að segja um meint mannvirki af loftmyndinni annað en stærð þess. Það er um 15x5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3

RA-302:069 gerði kálgarður

63°53.155N 20°15.625V



Gerði 069, horft til NNW


Kálgarður er merktur á túnakort Vestari Geldingalækjar frá 1917, um 1 m fyrir sunnan bæ 003. Kálgarðurinn var fyrir sunnan og vestan bæ 003 og hefur norðurveggur hans varðveist að hluta. Um 7 m fyrir sunnan kálgarðinn liggur vegslóði, yfir traðir 022. Kálgarðurinn er í sléttu og grasivöxnu túni.

Segja má að kálgarðurinn hafi verið L-laga, vestan og sunnan við bæ 003. Á túnakortinu er kálgarðurinn sýndur afmarka svæði sem er 40x30 m. Það rétt mótar fyrir norðurhlið kálgarðsins sem grasivöxnum og þýfðum bakka í annars sléttu túni. Sá hluti kálgarðsins sem ennþá sést er 14x8 m að stærð, snýr austur-vestur og er fyrir vestan bæ 003. Suðurhluti kálgarðsins er nú alveg horfinn, eflaust vegna túnasléttunar. Norðurveggurinn er um 0,3 m á hæð, grasivaxinn og siginn. Það mótar einungis fyrir hinum veggjunum sem bakka í grasinu og hvergi sést glitta í grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-302:070 tóft brunnur



Tóft 070, horft til austurs

63°53.141N 20°15.373V

Tóft, að öllum líkindum brunnhús, er um 200 m ASA við bæ 003 og rúma 10 m austan við stíflu 081. Um 5 m vestan við tóftina liggur gaddavírgirðing og þjóðvegur þar vestar. Tóftin er að öllum líkindum ekki mjög gömul en er skræð vegna forns byggingarlags. Tóftin er í grasivöxnu og sléttu túni, fast norðan við

Geldingalæk. Tóftin er 6x4 m að stærð, snýr austur-vestur, er einföld og hálfhringlaga. Veggirnir eru um 1,1 m á hæð, alveg grónir og hvergi sést glitta í grjóti. Vesturhlið tóftarinnar virðist röskuð en inngangur hefur líklega verið þar, ekki sjást op á öðrum hliðum. Þakið er hálfhrunið en hefur verið úr bárujárn og timbri. Járnror liggur til suðurs frá tóftinni og endar í Geldingalæk sem bendir til þess að hér hafi verið brunnhús.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

RA-302:071 Svíragarður heimild um túngarð

63°53.060N 20°15.599V

"Í túni vesturbæjar: Svíragarður, túngarður," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar liggur malarvegur yfir Svíragarð og hefur hann verið norðvestan við Geldingalæk, um 330 m suðvestan við bæ 001.

Mjó landræma er á milli túns og lækjar og liggur gamli sveitavegurinn þar enn á kafla. Nokkuð hátt er fram af honum að læknum til suðurs og suðausturs. 2-3 reiðgötur liggja samhliða veginum, alldjúpar og er breitt bil milli þeirra sem minnir á garðlag. Grasi gróið er á svæðinu.

Ekki sést til garðsins.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3

RA-302:072 tóft útihús

63°53.165N 20°15.305V

Tóft er um 250 m austan við bæ 003 og um 20 m norðan við hólinn þar sem bænhús 002 var líklega áður. Tóftin er að öllum líkindum ekki mjög gömul, timbur og bárujárn sjást ennþá í þakinu. Hún er höfð hér með vegna forns byggingarlags og hefur líklega verið útihús.



Tóft 072, horft til austurs

Útihúsið er í grasivöxnu og þýfðu túni sunnan undir gróinni hraunbrún sem bær 004 stendur á.

Útihúsið er 3x2 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Það er grasivaxið og hálfhringlaga. Inngangur hefur verið á vesturvegg. Veggirnir eru 0,6 m á hæð og sjást þrjú umför af grjóthleðslum í þeim. Þak hefur verið yfir útihúsinu og er það hálfhrunið ofan í það.

Hættumat: engin hætta

RA-302:073 Staður bæjarstæði býli 63°52.157N 20°17.602V

"Við Framhaga: Staður, aðrir segja Lyngstaður, var eyðibýli nálægt Lynghól," segir í örnefnalýsingu. Býlið var um 2,7 km suðvestan við bæ 001.

Á milli gilja er mjó ræma af graslendi og er Lynghóll hæsti hluti þess, norðaustast. Gróðurtorfa er eftir efst á hólnum, allstór. Allt í kring er uppblástur en neðan við hann til norðvesturs, niður að Rangá ytri, er gróin brekka. Suðvestan við Lynghól er mikil móbergsalda sem er vindsorfin og skilur hún á milli graslendisbakkans og gróðurlauss melbakka sem liggur upp á sléttar og gróðurlausar flatir sem verið er að rækta upp að hluta.

Gengið var umhverfis Lynghólinn en engin ummerki um býlið fundust. Það hefur mögulega verið suðvestan undir Lynghól, milli hans og móbergsöldunnar. Engar aðrar upplýsingar fundust um þetta býli og ekkert er vitað um aldur þess.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 4

RA-302:074 heimild um landamerki 63°51.695N 20°16.771V

Landamerkjum Geldingalækjar er lýst í Rangvellingabók: "Fyrst að útsunnanverðu við Rangá skammt fyrir ofan Gutlfoss er djúpt gil, sem skilur Geldingalækjar- og Grákollustaðaland (sem er Gunnarsholtsteigur), úr nefndu gili liggur markið til suðurs í grjótvörðu, sem er á hásandbrúninni, þaðan beina línu til landsuðurs í Vakhól- hér liggja að lönd Grafarbakka og Ketilshúshaga, úr Vakhól liggur markið í stefnu til landnorðurs í Hátúnakot [303:079], þaðan sömu línu í Stelpu [301:028], sem er landnorðurstakmark- hér liggur Gunnarholtsland að austanverðu. Úr Stelpu liggur markið til útnorðurs í Stórastein og þaðan beina línu í steinhnúgu á vestri heiðarbrúninni [039], þaðan í Heiðarlæk við vaðið [075], þaðan ræður lækurinn að Rangá, sem ræður svo að fyrrnefndu gili. [...] Á milli Gunnarholts og Ketilshúshaga eru mörkin úr svokölluðum Vakhól í Tittlingagil sem lítill lækur kemur úr og rennur í Hróarslæk, ræður svo téður Hróarslækur vestur að miðju Hellisnesi og bera þrjár vörður [303b:014, 015, 016] saman upp á sandnefi því er lengst skagar fram, frá vörðum þeim sjónhengin í Há-Snjallsteinhöfða að vörðu þeirri sem byggð er úr hraungrjóti og stendur nokkuð framur en á miðjum sandi, hornmark á milli Geldingalækjar og Grafarbakka; þaðan sjónhending í fyrrnefndan Vakhól," Grjótvörðan sem hér er lýst er nú horfin. Þar eru nú mörk grasivaxins túns og mosavaxinnar heiðar. Vörðan var um 2,9 km suðvestan við bæ 003 og um 1,2 km suðaustan við Hjáleiguvað 094.

Þar sem vörðan var vex nú víðir, mosi og lyng á uppblásnum sandi.

Engin ummerki vörðunnar sjást lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 69, 216

RA-302:075 Krókvað gryfja vað 63°54.337N 20°14.278V



Krókvað 075, horft til austurs

Í landamerkjaskrá frá 1916 sem birt er í Rangvellingabók segir: "Fyrst að útsunnanverðu við Rangá skammt fyrir ofan Gutlfoss er djúpt gil, sem skilur Geldingalækjar- og Grákollustaðaland [303:080] (sem er Gunnarsholtsteigur), úr nefndu gili liggur markið til suðurs í grjótvörðu [074], sem er á hásandbrúninni, þaðan beina línu til landsuðurs í Vakhól. Hér liggja að lönd Grafarbakka og Ketilshúshaga. Úr Vakhól liggur markið í stefnu til landnorðurs í Hátúnakot, þaðan sömu línu í Stelpu, sem er landnorðurstakmark. Hér liggur Gunnarholtsland að austanverðu. Úr stelpu liggur markið til útnorðurs í steinhnúgu [039] á vestri heiðarbrúninni, þaðan í Heiðarlæk við vaðið. Þaðan ræður lækurinn að Rangá, sem ræður svo að fyrrnefndu gili." Í örnefnaskrá Víkingslækjarlands segir: "Vestan

við Freysteinholt var vað á Víkingslæk [300:023]. Lá ferðamanna vegur [661:006] upp (norður) Geldingalækjarheiði austan Hundhóls, niður á krókin og yfir Heiðarlæk á Krókvaði, og síðan yfir Heiðarnes að áðurnefndu vaði." Vaðið er um 2,3 km norðaustur af bæ 001.

Vaðið er við utanverðan krók á Heiðarlæk. Til austurs eru brattar brekkur og eru djúpir skorningar í brekkunni í landi Geldingalækjar þar sem bíslóði hefur legið en þarna eru margir skorningar, sumir ógrónir. Uppi á heiðarbrúninni sést bíslóðinn meðfram merkjum en ekki sjást götur þar.

Þar sem vaðið er á læknum er gróið skarð, um 2x2 m að stærð. Ekki sjást aðrar götur í námunda við vaðið, ef frá er talinn bíslóðinn sem áður er nefndur, en götur á leið 661:006 sjást hins vegar vel um 380 m suðvestan við

vaðið og stefna þær á það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 69; Ö-Víkingslækjarland, 2-3

RA-302:076 náma mógrafir

63°52.772N 20°16.727V

"Mótak er í landareigninni," segir í Sunnlenskum byggðum. Mógrafir eru niður við Rangá ytri, fyrir neðan Köllunarnef 097 til norðvesturs. Þær er um 1,3 km suðvestan við bæ 001.

Mógrafirnar eru í halla upp frá Rangá í grösugum móa, lítið blautum.

Mógrafirnar eru um 60x30 m að stærð, snúa norður-suður og dýpstar eru þær um 0,6 m. Þær eru grónar og nokkuð þurrar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB V, 55



Mógrafir 076, horft til suðvesturs

RA-302:077 Vesturgerði garðlag



Garðlag 077, horft til norðvesturs

63°53.192N 20°15.299V

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu Geldingalækjar er Vesturgerði talið upp í túni eystri bæjar 004. Vesturgerði er um 80 m vestan við bæ 004 og um 70 m norðvestan við hjalla 067. Vesturgerði er sunnarlega á holtinu sem bærinn 004 er á, grasivaxin hraunbrún er þar niður til suðurs.

Vesturgerði er í brekku til suðurs í grasivöxnu en þýfðu túni.

Gerðið sjálft er nú horfið en telja má líklegt að garðlag sem liggur norður-suður á þessum slóðum hafi verið hluti af því. Garðlagið er um 8 m langt, 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Vestan við það er slétt, grasivaxið svæði. Tæpum 10 m sunnan við slétta svæðið, mótár fyrir öðrum bakka í grasinu sem gæti markað annan vegg gerðisins en þetta er mjög óljóst. Bakkinn er einungis um 0,15 m á hæð og

grasivaxinn. Miðað við þetta má áætla að gerðið hafi verið um 10x8 m að stærð og snúið austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Geldingalækir, aths. og viðb., 1

RA-302:078 heimild um stekk

"Drjúgum spöl norðar [en Húsadalur 303:087 í Gunnarsholtslandi], í sömu brún, í landi Geldingalækjar og í klettaklauf, er fornleg bygging, vafalaust fjárrétt með stekk eða fjárbyrgi litlu þar hjá, og haganlega notaðir klettir í hleðslur á báðum stöðum," segir í í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1952. Þessar minjar hafa verið í hraunbrúninni sem liggur þvert í gegnum land Geldingalækjar, austan úr landi Gunnarsholts. Þetta eru mögulega sömu minjar og rétt 047 og stekkur 048 en það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda. Öll hraunbrúnin var skoðuð án þess að það sæist til tófta nærri henni aðrar en beitarhús 088. Hraunbrúnin hefur blásið upp en gróður er að ná sér þar aftur á strik.

Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 15nm

RA-302:079 Mylnugeiri örnefni mylla

63°53.176N 20°15.726V

Samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar var Mylnugeiri um 380 m vestan við bæ 001.

Mylnugeiri hefur að líkindum verið við Rennu 032 og er tún beggja vegna við hana. Renna er nú þurr áveituskurður og hefur verið fyllt upp í hann þar sem geirinn hefur verið.

Ekki sést til minja um myllu á þessum stað en mögulega hefur uppfyllingin í rennunni verið í tengslum við hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:080 varða

63°53.449N 20°14.617V



Varða 080, horft til austurs

Varða er um 115 m suðaustan við Miðheiðargötur 083 og um 750 m norðaustan við bæ 001.

Varðan er á háum hól og sést víða að. Til vesturs af hólnum er gríðardjúpt jarðfall sem stefnir áfram til vesturs nokkurn spöl en grynnist eftir því vestar kemur.

Varðan er úr hraungrýti, skófum vöxnu. Í henni sjást 4 umför hleðslu. Varðan er um 1 m í þvermál og um 0,8 m á hæð. Hún virðist standa á grjótagrunni sem er um 2x3 m og snýr austur-vestur. Vestast er dálítill gryfja, um 1x0,5 m að innanmáli og um 0,3 m djúp, snýr norður-suður.

Hleðsla grunnsins er um 0,2 m á hæð. Mögulegt er að hér hafi verið annað grjóthlaðið mannvirki, t.d. fjárborg eða smalakofi og að varða hafi verið hlaðin upp úr rústum þess. Ekki er hægt að segja nánar til um hlutverk mannvirkisins.

Hættumat: engin hætta

RA-302:081 heimild um áveitu

63°53.138N 20°15.382V

Á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar er sýnd stífla við Kúavað 065. Stíflan var tæpum 200 m ASA við bæ 003 og rúnum 10 m austan við Kúavað 065. Um 10 m vestar liggur þjóðvegur en lagning hans hefur mjög líklega raskað stíflunni.

Þar sem stíflan var er nú malbikaður þjóðvegur og vegöxl austan hans.


Engin ummerki stíflunnar sjást lengur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:082 tóft+garðlag vörslugarður

63°53.240N 20°15.492V



Í bók Helga Hannessonar, Þykkskinna hin síðari, segir: "En garður sem hann [Jón Loftsson bóndi á Vestari-Geldingalæk á síðari hluta 19. aldar] hlóð heiman frá túni og hugðist enda norður við Rangá stendur að mestu leyti óhaggaður - þrjú til fjögur hundruð metra langur - og meira en axlarhár." Garðlagið sést enn og liggur frá þjóðvegi til austurs og allt að Ytri-Rangá til vesturs. Mögulega

hefur verið bætt við garðinn eftir daga Jóns. Garðlagið liggur eftir gróinni hraunbrún sem liggur þvert í gegnum land Geldingalækjar. Tóft er sambyggð garðlaginu austarlega.

Tóftin og garðlagið eru í þýfum móa með náttúrulegum hólum og lægðum.

Garðlagið er 0,5-1 m á hæð, gróid og rof eru víða í því. Það liggur austur-vestur og sést á um 650 m löngum kafla og er mest um 2 m breitt. Það hefst skammt vestan við þjóðveg og endar niður við Ytri-Rangá. Garðlagið myndar suðurhlið Stóra-Nátthaga 034 en er ekki sambyggt honum. Tóft er sambyggð garðlaginu nálægt austurenda. Tóftin er um 5 m í þvermál, er háfhringlaga og einföld. Ekki mótar fyrir skýrum inngangi inn í tóftina enda líklegt að hún hafi fyllst af sandi sem blásið hefur úr Vesturheiði. Veggir tóftarinnar eru 1 m á hæð og alveg grónir mosa og grasi. Telja verður líklegt að þetta hafi verið vörslugarður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH: Þykkskinna hin síðari, 45



Garðlag og tóft 082, horft til suðurs

RA-302:083 Miðheiðargötur gata leið

63°53.765N 20°14.329V



Miðheiðargötur og varða 083, horft til norðausturs

Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt leiðin Miðheiðargötur í Austurheiði. Miðheiðargötur sjást meðal annars við Digruvörðu. Hún varðar líklega leiðina og er hér skráð með henni. Leiðin hefur legið frá bæ 001 til norðausturs í átt að Heiði RA-301 og hefur líklega legið á leið 661:006 sem lá áfram til norðausturs á milli bæja meðfram Ytri-Rangá.

Göturnar liggja eftir hæðóttri og gróinni heiðinni, skammt suðaustan við veginn sem liggur um sveitina.

Göturnar eru 5-8 talsins á svæði sem er um 6-10 m breitt. Þær eru um 0,2-0,5 m á breidd og eru dýpar um 0,3 m. Göturnar eru grónar og liggja nokkurn veginn norðaustur-suðvestur. Digravarða er niðurfalinn og stendur varla steinn yfir steini. Grjótið er að mestu blágrýti en eitt stórt hraungrýti er efst. Varðan er gróin neðst, Hún er um 1,2 m í

þvermál en mesta hæð hennar um 0,4 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:084 tóft mylla

63°52.973N 20°14.465V

Mylla er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, sunnan undir hraunbrún sem liggur þvert í gegnum

land Geldingalækjar. Myllan er rúmum 980 m suðaustan við bæ 003 og rúmum 50 m norðan við Austurbæjaríteppu 061.



Mylla 084, horft til suðurs

Myllan er á grasivöxnum tanga sem gengur til suðurs út í Geldingalæk. Myllan er á litlum tanga á norðurbakka Geldingalækjar þar sem lækurinn rennur í krappri beygju. Myllan er á vesturhlið tangans. Ekki er hægt að áætla nákvæma stærð myllunnar, hún hefur verið byggð inn í tangann. Nú hefur hrunið yfir mylluna og jarðfall ofan í hana. Það eina sem sést af henni er grjóthleðsla, um 1,2 m á hæð, timbur- og bárujárnsleifar. Hún hefur líklega verið um 6x3 m að stærð og snúið austur-vestur miðað við jarðfallið að dæma.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:085 gata leið

63°54.167N 20°14.745V



Leið 085, horft til norðurs

Götur liggja frá Breiðabakkavaði 092 við Ytri-Rangá til norðausturs og tengjast leið 661:006 skammt norðan við Klif. Leiðin liggur úr Holta- og Landsveit yfir Ytri-Rangá á leið 661:006 sem liggur til norðausturs upp með Ytri-Rangá á bæina sem þar eru. Ekki liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um legu leiðarinnar.

Göturnar liggja um flatlandan en þýfðan móa.


Mest áberandi eru göturnar þar sem leiðin tengist leið 661:006. Þar má sjá 6-8 götur á um 5 m breiðu svæði. Götunum fækkar eftir því sem nær dregur ánni og á allöngum kafla liggur leiðin í rennu sem hefur að líkindum myndast vegna þess að vatn rennur þar undir og kemur fram sem uppspretta við Ós, þar sem Breiðabakkavaði 092 hefur að líkindum verið. Göturnar eru um 0,2 m að dýpt og breidd og rennan er um 0,4 m

á breidd og dýpt.

Hættumat: engin hætta

RA-302:086 tóft

63°53.229N 20°15.471V



Tóft 086, horft til suðurs

Tóft er um 60 m suðvestan við stöðul 033 og um 170 m norðaustan við bæ 003. Tóftin er um 15 m sunnan við garðlag 082 og er á gróinni hraunbrún norðaustan við bæ 003.

Tóftin er í grónu hrauni með náttúrulegum lægðum og hólum. Hún stendur í sléttum og grasivöxnum bala.

Tóftin er 5x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlið og eru veggirnir

mosavaxnir, hvergi glittir í grjót. Veggirnir eru um 0,6 m á hæð en tóftin er suðvestan undir náttúrulegum hól, uppi á hraunbrúninni. Ekki er ljóst hvaða tilgangi tóftin hefur þjónað.


Hættumat: engin hætta

RA-302:087 tóft beitarhús

63°52.878N 20°14.466V



Tóft 087, horft til suðausturs



Fjánhús er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, skammt vestan við svokallaðan Fífulæk. Í bókinni Þykkaskinna hin síðari, eftir Helga Hannesson, segir: "Hátún heitir hraunbrúnin skammt norðaustur frá botni Geldingalækjar. Þar stóð sauðahús [088] austurbæjarbónda, fjarri öllum öðrum fjárhúsum. Jón Loftsson

ágirntist sauðahaga Jóns bónda í austurbænum. Hann reisti ærhús á mótis við Hátún, rétt fyrir vestan lækinn."

Beitarhúsin eru um 1 km suðaustan við bæ 003 og um 100 m norðaustan við Þórhildarvað 062. Um 70 m norðan en beitarhúsið rennur Geldingalækur til vesturs, undir gróinni hraunbrún. Tóftin er byggð inn í lágan, náttúrulegan hól til norðurs.

Beitarhúsið er á sléttu, grónu og þýfðu svæði.


Beitarhúsið er 18x8 m að stærð, er tvískipt og snýr austur-vestur. Tóftin er sigin og gróin að utan. Hvergi sést glitta í grjóthleðslur. Hólf 1 er vestast í tóftinni. Það er 10x3 m að innanmáli, austur-vestur og eru veggirnir um 0,5 m á hæð. Inngangur hefur líklega verið á miðri vesturhlið en það svæði er nú þýft og hann orðinn ógreinilegur. Hólfíð er grasvaxið að innan og ekki sést hvort að garðar hafa verið þar. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 4x4 m að innanmáli og hvergi sést móta fyrir inngangi. Ekki eru skýrar hleðslur þar heldur er þetta dæld. Dældin er um 0,4 m dýpri en gólflöturinn í hólfi 1 og eru veggirnir um 1 m á hæð. Þetta hefur verið hlaða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur; HH: Þykkuskinna hin síðari, 48

RA-302:088 tóftir beitarhús

63°52.834N 20°13.945V



Tóftir 088, horft til suðurs

Sauðahús eru merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar, skammt norðan við gróna hraunbrún. Í bókinni Þykkuskinna hin síðari, eftir Helga Hannesson, segir: "Hátún heitir hraunbrúnnin skammt norðaustur frá botni Geldingalækjar. Þar stóð sauðahús

austurbæjarbónða." Sauðahúsin eru um 1,2 km suðaustan við bæ 004 og rúmum 350 m austan við Þórhildarvað 062.

Beitarhúsin eru í grasvöxnum bala í uppblásnu hrauni sem farið er að gróa aftur. Hraunið er vaxið mosa, lyngi og grasi. Inn á milli hraunkletta koma sléttir grasflákar, sandur og hraungrýti.

Tvær tóftir eru á svæði sem er 18x15 m og snýr austur-vestur. Tóft A er norðar. Hún er 18x6 m að stærð, snýr austur-vestur og er tvískipt. Hólf 1 er vestar. Það er 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Inngangur er á miðri vesturhlið en hrúnið hefur ofan í hann. Garði, um 0,3 m á hæð, liggur eftir suðurvegg hólfsins. Aðrir veggir eru um 1,8 m á hæð og sjást sjö umför af grjóthleðslum í þeim. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 6x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðri austurhlið og standa þær enn uppi, um 1 m á hæð. Ekki sést móta fyrir garða í þessu hólfi. Veggirnir eru 1,7 m á hæð og sjást fjögur umför af grjóti í þeim. Hrúnið hefur inn í hólfið, beint aftan við innganginn. Ekki er innangengt á milli hólfa. Tóftin er byggð inn í lágan hól að norðan. Tóft B er um 3 m fyrir sunnan tóft A. Hún er 6x5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er grjóthlaðin og ekki sést móta fyrir inngangi. Hann hefur þó líklega verið á norður- eða suðurvegg. Veggirnir eru um 1,8 m á hæð og sjást sjö umför af grjóthleðslum í þeim. Hrúnið hefur úr suður- og norðurvegg inn í hólfið og þeir því aðeins um 1 m á hæð. Ekki sést móta fyrir garða eða öðru slíku og telja má líklegt að hér hafi verið rétt, hlaða eða stekkur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH: Þykkuskinna hin síðari, 48; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:089 Mógil náma mógrafir

63°52.838N 20°15.773V

"Mótak er í landareigninni," segir í Sunnlenskum byggðum. Örnefnið Mógil er merkt á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar á svæði sem gengur undir nafninu Bugur. Þar sem lækurinn sem rennur í gilinu, fellur í Geldingalæk eru mógrafir. Mógrafirnar eru um 600 m sunnan við bæ 003 og rúma 350 m NNV við Hádegisvörðu 049.

Mógrafirnar eru í þýfðu, grasvöxnu og sléttu túni með blautum mýrarflákum.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 500x480 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er hálfhringlaga. Mórinn var tekinn norðan við lækinn í Mógili og eru fjölmargar mógrafir á svæðinu. Mógrafirnar renna mikið saman en einnig má sjá stakar grafir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB V, 55; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:090 heimild um leið

"Um Þórhildarvað [062] er sögn, að kona með því nafni hafi notað það, því hún vildi ekki fara sömu leið [102] og aðrir til kirkju," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar leiðin að kirkju lá en telja verður

líklegt að hér sé verið að tala um kirkjuna í Gunnarsholti 303:002. Telja verður líklegt að Kirkjuvað 063 hafi verið notað á þessari leið og hún legið yfir svokallaða Buga.

Begga vegna lækjarins er grasivaxið, blautt og þýft svæði þar sem vöð 062, 063, 064 og 065 voru.

Engin ummerki leiðarinnar sjást nú.

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3

RA-302:091 *Hólmavað* heimild um vað 63°53.547N 20°15.421V

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Geldingalækja segir: "Hólmavað, vað yfir Hólmana, framanvert við Vondanef [...]." Vaðið er um 730 m norðaustan við bæ 001. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var.

Vaðið er sunnan við Vondanef en það er snarbrött grjótbrekka niður í á. Vestan við það er áin straumhörð og nokkuð um flúðir. Austan við vaðið er dálítill halli upp í Stekkatúnsdý sem er mjög blaut djúamýri.

Ekki sjást merki um vaðið á þessum stað og ekki sjást götur liggja að því. Áin er allbreið og djúp á þessum stað en ekki ýkja straumhörð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Geldingalækir, aths. og viðb., 1

RA-302:092 *Breiðabakkavað* heimild um vað 63°54.143N 20°15.095V

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Geldingalækja segir: "Fyrir innan Króklæk - Breiðabakkavað, efst." Vaðið er um 1,8 km norðaustan við bæ 001. Vaðið er líklega á leið 085 sem tengist leið 661:006 skammt norðan við Klif. Leið 085 liggur úr Holta- og Landsveit yfir Ytri-Rangá á leið 661:006 sem liggur til norðausturs upp með Ytri-Rangá á bæina sem þar eru. Ekki liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um legu leiðarinnar.

Vaðið er við svokallaðan Ós en þar rennur fram uppspretta.

Ekki sjást skýr merki um vaðið við bakkann en lægð er í hann á móti hinum megin árinna. Af Krókbrún sjást götur eftir Króknum úr norðaustri og virðast þær fara ofan í rennu sem liggur frá ósnum. Áin er djúp og breið á þessum stað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Geldingalækir, aths. og viðb., 1

RA-302:093 heimild um vað 63°53.484N 20°15.593V

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Geldingalækja segir: "Hólmavað [091], vað yfir Hólmana, framanvert við Vondanef, og annað undan Stekkatúnsbergi yfir Austastaál, úr útsuðurshorni Eystrihólma yfir Miðál og skammt frá tagli Ytrihólma yfir Utastaál." Vaðið er um 660 m norðvestan við bæ 001 og um 185 m suðvestan við Hólmavað 091.

Snarbratt er niður úr Stekkatúnsbergi að ánni en örlítið undirlendi. Ekki sjást götur liggja að því. Áin er vatnsmikil og straumhörð en ekki mjög breið.

Ekki sjást ummerki um vað á þessum stað. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var en mögulega hefur það verið á sömu leið og Hólmavað 091 þar sem stutt er á milli þeirra.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Geldingalækir, aths. og viðb., 1

RA-302:094 *Hjáleiguvað* örnefni vað 63°52.042N 20°18.049V

Hjáleiguvað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar í svokölluðum Seltóum 050 við Ytri-Rangá. Vaðið er um 2,9 km VSV af bæ 003 og 155 m norðaustan við Eyrarvað 095. Ekki er vitað af hvaða hjáleigu nafn vaðsins er dregið en líklega var hún í landi Árbæjar RA-415. Engin ummerki um leið eru á þessum slóðum né geta heimildir hennar. Vaðið hefur þó mögulega verið notað á leið 661:018 sem lá þar rétt austar.

Þar sem vaðið var eru nú grónir bakkar Ytri-Rangár. Bakkarnir eru um 5 m háir, grasivaxnir.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:095 *Eyrarvað* örnefni vað 63°51.994N 20°18.194V

Eyrarvað er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar við Ytri-Rangá. Það er um 3 km VSV við bæ 003 og 1,3 km vestan við Staðarkot 302:103. Ytri-Rangá rennur til vesturs á þessum slóðum og er um 30 m breið. Eyri er í ánni þar sem vaðið var og er hún tengd landi með vegslóða. Engin ummerki gatna sjást liggja að vaðinu né heldur er vitað á hvaða leið það var notað. Vaðið var mögulega notað á leið 661:018 sem lá skammt austar.

Grasivaxnir bakkar eru niður að Ytri-Rangá, um 7 m háir og nokkuð brattir. Þar vex mosi, gras, hvönn og annar gróður.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:096 garðlag

63°53.242N 20°15.915V

Stutt garðlag er um 555 m VNV við bæ 001.

Garðlagið er á milli sléttis túns og grasi gróinnar brekku sem nær upp á heiðarbrún.

Garðlagið er um 6 m langt, 2 m breitt og er um 0,6 m á hæð. Það snýr norður-suður. Garðlagið er ekki hluti af túngarði umhverfis heimatún en hefur að líkindum annað hvort verið vörslugarður eða áveitugarður og þá tilheyrir Veitunni 032.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Garðlag 096, horft til suðurs

RA-302:097 Köllunarnef örnefni ferja

63°52.779N 20°16.644V

Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt örnefnið Köllunarnef á milli Undirveitu og Bjargveitu við Ytri-Rangá en örnefnið bendir til þess að þar hafi verið kallað á ferju. Köllunarnef er um 1,1 km suðvestan við bæ 001.

Köllunarnef er suðvestast í sléttu túni og fram af því til vesturs er hár bakki í stöllum niður að ánni.


Ekki sjást minjar um ferju niður við á eða götur en víða hefur verið hægt að leggja við. Líklega var það þó auðveldara Geldingalækjarmegin því hinum megin eru bakkarnir brattari.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

RA-302:098 tóft+garðlag beitarhús


63°52.541N 20°16.237V



Tóft 098A



Tóft 098B



Tóft 098C

Á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar er merkt sauðahús sunnan við Miðrotagil. Þar er garður umhverfis allstóran völl og fjárhús áfast honum en þar að auki eru tvær tóftir rétt utan garðs. Minjarnar eru um 1,4 km suðvestan við bæ 001. Um þessi sauðahús segir í bókinni Þykkaskinna hin síðari: "Sauðahús Vestri-Geldingalækjar stóð suður á svonefndum Rotum, alllangt suðvestur frá bænum. Jón Einarsson [á Eystri-Geldingalæk] flutti ærhús sitt þangað - og setti það niður svo að segja við sauðahús nafna síns. Af þessu leiddi eðlilega aukinn erill og óþægindi fyrir fólk og fénað, en engan ávinning."



Tóft 098A, horft til suðausturs



Tóft 098B, horft til suðausturs

Minjarnar eru á miklu flatlendi á milli langs malarhryggjar og gils sem liggur út í Rangá ytri. Gilið er rétt norðvestan við garðsenda (D í lýsingu) og er þar rofabarð. Við austurhorn garðsins er afrennslí úr mýri sem er þar sunnan við og rennur vatnið í litlu gili meðfram garðinum í fyrrnefnt gil sem svo liggur í Rangá. Gróið er hér allt í kring.

Á svæði sem er um 170x200 m að stærð og snýr norður-suður er túngarður og þrjár tóftir. Minjarnar fá í lýsingunni hér á eftir bókstafi til aðgreiningar. Garðurinn D sem er umhverfis völlinn og tóft A afmarkar svæði sem er fimmhyrnt, um 115x115 m að stærð. Garðurinn er úr torfi og er mest um 1 m á breidd og um 0,8 m á hæð þar sem hæstur en hann mjókkar upp. Rof er í hann á nokkrum stöðum en hann er þó fremur heillegur enn. Torfið í garðinn hefur verið stungið upp utan við hann á um 1 m breiðu svæði og er það um 0,2 m á dýpt. Tóft A er í suðausturenda gerðisins og liggur garðurinn út frá henni. Hún er um 15x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt, torf- og grjóthlaðin. Í suðausturenda er niðurgrafið hólf I sem er um 3x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Í því eru hleðslur enn háar og

sjást 7 umför hleðslu í veggjum. Nokkuð hefur hrunið inn í það af grjóti og einnig eru bárujárnsleifar inni í því. Norðvestan við hólfi I er hólfi II, upp í það eru um 0,3 m. Það er öllu ógreinilegra, veggir signir og ekki sést í



Tóft 098C, horft til suðausturs


hleðslur. Það er um 3x7 m að innanmáli, snýr eins og I. Rof er í báðum langveggjum fyrir miðju tóftarinnar sem kunna að hafa verið op inn í tóftina en einnig kann að hafa verið op í norðvesturenda. Mesta hleðsluhæð að utan er m 1,2 m. Stór en ógreinileg tóft B er um 60 m suðvestan við tóft A, um 9 m SSA við garð D, utan hans. Tóft B er um 10x10 m að stærð. Hún skiptist í 3 hólfi. Í suðausturenda er hólfi I sem er um 3x4 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Ógreinilegt op er á milli þess og hólfs II sem er í norðurhorni tóftar. Það er um 1,5x3 m að innanmáli og ógreinilegt op er á því til norðvesturs, en hólfið snýr norðvestur-suðaustur. Suðvestan við hólfi II er hólfi III. Það er um 1x2 m að innanmáli, snýr eins og II. Óljóst op er á því til norðvesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m en nokkur uppsöfnun mannvistarlaga virðist undir tóftinni. Óljóst garðlag liggur frá tóft til suðurs, er um 4 m langt og um 0,7 m breidd og um 0,3 m á hæð. Tóft C er um 30 m sunnan við tóft B. Hún er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Rof er í langveggjum tóftar. Hún er um 8x5 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m, óvída sést í grjót. Ógreinilegt op er á tóft til norðvesturs. Meðfram langveggjum tóftar er renna eða dæld þar sem mögulega hefur verið stunginn mór eða hleðslutorf. Þrjár greinilegar grafir eru suðvestan við tóftina. Þær eru um 2x1 m að innanmáli og tvær snúa eins og tóft en sú í miðið snýr suðvestur-norðaustur. Ógreinilegri og grynnri grafir eru við vestur- og suðurhorn. Grafirnar eru um 0,4 m á dýpt. Austan við tóft er ein löng gryfja sem liggur milli tóftar og vegarslóða, hún er um 8x1,5 m að innanmáli og er dýpst um 0,5 m.

Heimildir: IE-Örnefnauppráttur, Geldingalækur; HH: Þykkuskinna hin síðari, 48

RA-302:099 þúst útihús



Þúst 099, horft til SSA



63°53.169N 20°15.587V


Þúst eða hól er um rúnum 25 m norðaustan við bæ 003 og um 40 m norðaustan við kálgarð 069. Um 10 m vestan þústina liggur gaddavirsgirðing austur-vestur. Þústin er á sama holti og bæ 003 og er mjög líklega af útihúsi. Þústin er á holti í sléttu og grasivöxnu túni.

Þústin eða hóllinn er um 16x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslur hennar eru mest um 0,7 m á hæð og

mótar fyrir tveimur dældum og hleðslu. Dæld 1 er í norðvesturhorni þústar. Hún er 4x2 m á stærð, snýr austur-vestur og er mest 0,5 m á dýpt. Ekki er ólíklegt að hólfið hafi verið opið til vesturs. Um 5 m löng hleðsla liggur um 4 m fyrir austan hólfið, til austurs Dæld 2 er fast sunnan við hana. Dæld 2 er 3x2 m að stærð, snýr austur-vestur og afmarkar að öllum líkindum innanmál hólfs. Steinadreif liggur frá þessum stað til austurs, niður holtið. Telja má líklegt að þeirri tóft sem var á þessum stað hafi verið rutt niður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-302:100 gryfja



Gryfjur 100, horft til norðausturs

63°52.914N 20°16.257V

Þrjár alldjúpar gryfjur eru í Miðveitu við Jónsgarð (sjá 032) um 930 m suðvestan við bæ 001.

Gryfjurnar eru í sléttu túni.

Gryfjurnar eru á svæði sem er um 6,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur virðast umhverfis gryfjurnar og eru þær 0,3-0,5 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð. Á milli gryfjanna er 0,5 - 1 m. Gryfjurnar eru um 2 m á lengd og um 1,5 m á breidd. Þær

eru um 0,7 m á dýpt, ógrónar að innan. Óvíst er hvaða hlutverki þær hafa gegnt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-302:101 gerði kálgarður

63°53.251N 20°15.666V

Gerði er um 180 m norðan við bæ 003 og um 60 m norðvestan við fjárhús 031. Gerðið stendur á gróinni hraunbrún sem hallar til vesturs niður í svokallaðan Breiðdal sem sýndur er á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar. Gerðið er á skjólsælum stað og afar líklegt að það hafi verið kálgarður.

Gerðið er í gróinni brekku, um 0,5 m hárrí. Brekkan er vaxin grasi og mosa.

Gerðið er 15x13 m að stærð, einfalt og snýr austur-vestur. Gerðið er ferhyrningslaga, veggirnir eru um 0,3 m á hæð og alveg grónir. Inngangur er í suðvesturhorni gerðisins. Að innan er gerðið slétt, grasivaxið en ekki mótár fyrir beðum inni í því. Gerðið er í halla til vesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur



Gerði 101, horft til norðurs

RA-302:102 heimild um leið

"Um Þórhildarvað [062] er sögn, að kona með því nafni hafi notað það, því hún vildi ekki fara sömu leið [090] og aðrir til kirkju," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar leiðin að kirkju lá en telja verður líklegt að hér sé verið að tala um kirkjuna í Gunnarsholti 303:002. Telja verður líklegt að leið umræddrar Þórhildar hafi verið austar en leið 090 sem lá m.a. yfir Kirkjuvað 063. Ekki sést til þessarar leiðar nú.

Begga vegna lækjarins er grasivaxið, blautt og þýft svæði.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Geldingalækir, 3

RA-302:103 Staðarkot bæjarstæði býli

63°52.370N 20°16.872V



Bæjarstæði Staðarkots 103, horft til norðurs

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Jarðardýrleiki x [hundruð]. Er bygt úr jörðunni Geldingalæk fyrir elstu manna minni og reiknast fjórðungur jarðarinnar. [...] Túnið spillist af blástri og brotnar niður eftir hendinni þar sem undan blæs. Engjar litlar sem voru hrjóstrast upp og eru orðnar að litlu gagni,." Í örnefnaskrá segir: "[...] Staðarkot. Það eyðilagðist 1789, mun hafa verið byggt úr Gunnarsholti og kennt við þann stað, en síðan lagzt til Geldingalækjar [RA-302]." Hér hefur eitthvað skolast til hjá höfundu örnefnaskrárinnar ef marka má upplýsingar úr Jarðabók Árna og Páls. Brynjúlfur Jónsson segir í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags: "Staðarkot var við Rangá móts við Snjallsteinshöfðahjáleigu [RA-455]. Það eyddist af sandfoki 1788. Grastorfa hylur rústina að nokkru." Staðarkot var um 1,8 km SSV við bæ 001 og 1,4 km vestan við Hádegisvörðu

049. Staðarkot er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar. Staðarkotsgil er um 30 m vestan við þar sem bærinn var. Bærinn var sunnan undir náttúrulegum höfða eða hól.


Þar sem Staðarkot var er nú stórþýft og grasivaxið svæði. Það er slétt en náttúrulegir rimar liggja þar austur-vestur.

Í Rangvellingabók segir: "Staðarkot var hjáleiga frá Geldingalæk og stóð á hól syðst á svonefndum Rotum um tvo kílómetra suðvestur frá Geldingalæk. Staðarkots finnst fyrst getið í manntalinu sem skráð var 1703, en 1789 fór það í eyði." Þar sem Staðarkot var er nú grastorfa sem er um 20 m í þvermál og gengur til vesturs út úr þýfðum móanum. Hún er um 1 m á hæð og hálfhringlaga. Þetta er eina upphækkunin á svæðinu en samkvæmt Boga Thorarensen á bæjarhóllinn enn að sjást. Ekki komu skrásetjarar þó auga á það við vettvangsrannsókn. Fyrir vestan grastorfuna er uppblásinn melur sem nær fast að Staðarkotsgili.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 17; JÁM I, 269; Ö-Geldingalækir, 2; VS: Rangvellingabók, 396; IE-Örnefnauppdráttur, Geldingalækur

Túnakort fyrir Gunnarsholt



RA-303 Gunnarsholt

80 hndr 1475. DI V, 791. 1711: Jarðadýrleiki að fornu 60 hndr., með Kornbrekku og afbýlinu Gunnarholtshjáleigu vestari, en dýrleiki heimajarðarinnar er nú aðeins 20 hndr. Jarðarinnar getið í Njálu ÍF XII, 52.

Jarðarinnar getið í Landnámu, er þangað flutti Gunnar Baugsson. ÍF I, 352. aq. 1186: Teitr prestur Hauksson bjó þar; Guðmundarsaga dýra, Sturl, 124, Sturlungasaga, 161 [sbr. Konungsannáll, Isl. Ann, 119] c. 1200: Jarðarinnar er getið í Kirknaskrá Páls biskups DI XII, 7 [1332]: Máldagi kirkjunnar. "aa fiordung j heima landi oc kotbreckum

Þangat liggur vndir kirkia at gelldinga læk. bænhus a heidi med tiund oc iij bæir adrir at ollum skyllidum" DI II, 692 [1367]: Máldagi kirkjunnar. "a fiordung j heimalande" DI III 217 1397: Máldagi kirkjunnar. "a fiordung j heimalandi oc Kotbreckum med ollum gognum oc gjædum þeim sem þar liggia til" DI IV, 84-85 1398: Runólfur Jónsson, Björg Skeggjádóttir kona hans og sonur þeirra Hallur djákni selja Árna Einarssyni jörðina. "Skyllde [seljandi] taka under sier j landzverdid það ádurgreint lausagotz sem kirkian átte. Sagde [seljandi] ad Gunnarsholt ætte [torfgrafir, fiskveiði, skóga, fjöru, hellunám, hrossbeit, eyju í Rangá og geldfjárrekstur]" DI III, 635-636 1553: Máldagi DI XII, 653-654 1575: Máldagi DI XV 664.

"Heimild um fyrstu byggð í Gunnarsholti er að finna í Landnámabók sem segir frá Gunnari Baugssyni er fyrstur reisti þar bú, en elsta samtímaheimild sem getur bæjarins er kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 og litlu yngri eru Oddaverjabátur og Guðmundarsaga dýra. [...] Gunnar Baugsson hefur vafalaust verið eigandi Gunnarsholts er hann bjó þar. Á 12. og 13. öld mun jörðin hafa verið í eigu Oddaverja og fyrir 1332 hafði kirkjan í Gunnarsholti eignast fjórðung í heimalandi. Þorsteinn Nikulásson og niðjar hans sem bjuggu í Gunnarsholti á 14. og 15. öld sýnast líklegir til að hafa verið eigendur jarðarinnar, þó kaupgerningur gerður í Ási í Holtum 7. okt 1398 segir annað [sjá DI III, 635]. Samkvæmt honum seldi Runólfur Jónsson Árna Einarssyni Gunnarsholt ásamt Kotbrekkum og Grákollsstöðum. [...] Kaupbréfið frá 1398 er að ýmsu öðru leyti tortryggilegt og ekki ólíkt því að vera falsbréf, og er vafasamt að það sé að nokkru hafandi. Maður að nafni Loftur Þorsteinnsson átti Gunnarsholt fyrir 1475. Fjórðungu þess gaf hann Ingigerði konu sinni í fjórðungsgjöf en hinn hlutann erfði Loftur sonur hans. Að Lofti Loftssyni látnum erfði afi hans Þorsteinn Árnason jörðina. Þorsteinn seldi síðan Gunnarsholt 12. júní 1475 Ingigerði tengdadóttur sinni og Guðmundi Jónssyni föður hennar. Þorsteinn skildi af sér í kaupgerningnum allan kirkjureikningin fyrir sig og Snorra heitinn Jónsson mág sinn [...]. Næsti eigandi Gunnarsholts sem þekktist var Gísli Björnsson í Gerðum í Landeyjum, sem seldi Árna Gíslasyni presti í Holti undir Eyjafjöllum jörðin 10. jan. 1595 [...]. Árni prestur í Holtum andaðist 1621 og hefur sonur hans Ólafur, síðar bóndi í Gunnarsholti, þá eignast jörðina að mestu eða öllu leyti." VS: Rangvellingabók, 129-130. Gunnarsholtshjáleigna getið 1707 og 1803. Jörðin á skógarítak í Næfurholtslandi í Gunnarsholtstorfu, einnig á jörðin ey í Ytri Rangá og 6 hrossa beit í Kirkjubæjarmýri, hellutak í Kirkjubæjargili og mógröf í Helluvaðslandi, nautabeit í Norðurkinn (staðsetning hennar ekki þekkt) og eyðilandið Grákollustaði, torfstungu í Brekkulandi, veiði í Hróarslæk, reka í Eystri-Landeyjum. JÁM I, 246. "Land jarðarinnar er annarsvegar flatar vallendisgrundir, hinsvegar örfoka hraun og sandar. Hefur það land nú verið grætt upp að mestu." SB V, 70 SSR 1840: "Sandur gengur þar mikið á og enginn veit nær það fer af með öllu. Landkostir eru þar einnig þeir

bestu meðan nokkur skiki er eftir." VS: Rangvellingabók, 132. Endurmat Gunnarsholts 1884: "Allir hagar jarðarinnar fyrir norðan túnið gjöreyddir. Túnin sjálf liggja í krika undir hárrí sandbrún sem er rétt í fokveðurstöðunni og er öll grasrót á þeim sandétin. Fyrir sunnan og vestan bæinn er sem stendur nokkuð stórt graslendi sem í fyrra og í ár hefur tekið sig talsvert aftur, en er þó rólaust og sundurétið og í bráðum voða af sandfoki. Á túnunum er eins og nú er nokkur reytings heyskapur, en að öllum líkindum enginn til frambúðar." VS: Rangvellingabók, 132. 1917: Túni 3,5 ha, þar af 3 ha slétt, garðar 1420 m² 1940: "Túni: Flatlend. Sendinn jarðvegur. Þurrilent, vélfært. Engjar: Samfelldar að mestu, vélfærar þurrar. Beitiland: Flatlent vallendi. Gott til greipbeitar." VS: Rangvellingabók, 132.

RA-303:001 *Gunnarsholt* bæjarhóll bústaður

63°51.902N 20°12.367V



Bæjarhóll Gunnarsholts 001, horft til norðvesturs

"Bærinn stendur nú á sínum fjórða stað. Á árunum 1854-1925 stóð hann á hól austast í landareigninni þar sem nú eru starfsmannabústaðir frá Akurhól [sjá fornleif 004], en 1928 hófst búskapur á þeim stað er bærinn stendur nú," segir í Sunnlenskum byggðum. "Bæjarstæði elzta Gunnarholts er spöl vestar [en kirkja 002]. Þar er nú allstór ávalabingur," segir í örnefnalýsingu. Í Rangvellingabók segir: "Bærinn stóð upphaflega sunnan í holti um 300-400 metra norður frá núverandi bæ. Sá bær lagðist í eyði 1836, en aftur var byggð upptekin á jörðinni 1839 og bærinn þá reistur austan við lækinn sem rennur neðan elsta Gunnarsholts [003]. Þar stóð hann til ársins 1854 er hann var fluttur austur á háan hól [004] við landamerki Brekkna [RA-304]. Sá bær lagðist í eyði 1925

en 1928 reisti Sandgræðslan bæ þar sem hann enn stendur [...]" Að sögn heimildarmanns var elsta bæjarstæði Gunnarsholts þar sem nú eru fjögur íbúðarhús starfsmanna Sandgræðslunnar að Gunnarsholti, sem liggja í röð frá suðaustri til norðvesturs, suðvestan í holtinu. Við byggingu Norðurbæjar II, eins íbúðarhúsanna, var komið niður á veggjarhleðslur úr hraungrýti og bein en heimildamenn greinir á um hvort þau voru manna- eða dýrabein. Ef um mannabein var að ræða er líklegast að komið hafi verið niður á kirkjuna 002 en ef beinin voru dýrabein var mögulega komið niður á öskuhaug og jafnvel önnur bæjarhús. Hér er elsta bæjarstæðið skráð og eru öll bæjarstæðin skráð í tímaröð. Það næstelsta er númer 003 og næstýngsta bæjarstæðið er númer 004. Yngsta bæjarstæðið er frá 1928 og er ekki skráð þar sem það fellur ekki undir lög um fornleifar.

Sléttur bakki er í holtsbrún þar sem íbúðarhús starfsfólks landgræðslunnar standa en norður af þeim er aflíðandi holtið sem hallar til suðurs. Þar er grasi gróíð og mikill trjágróður.

Í skrá Brynjúlfs Jónssonar yfir eyðibýli sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1898 segir: "Sunnan í því [holtinu sem bærinn er kenndur við] stóð bærinn Gunnarsholt. Þar var kirkjustaður fram til 1837, þá var bærinn færður undan sandfoki, kirkjan lögð niður og sóknin lögð til Keldna [RA-282]. Eigi var þó bærinn færður lengra en austur í lögðina, sem þar verður næst fyrir austan holtið. Þar stóð hann fram til 1854. Þá var honum eigi lengur vært þar, og var hann þá færður yfir á austasta holtið. Þar stendur hann enn. Graslendi er enn kringum miðbæjarrústina, og er hún varla nema hálf-fallin. En holtið, sem elzti bærinn var á, er örblásið norðan og vestan til. Bæjarrústin er í hlé sunnan í því og hefir orðið sandorpin. En síðustu árin hefur brekkan gróíð upp aftur. Sér því lítt til rústa. Fjós og heygarður var uppi á hryggnum; þar er ógróíð og sést grjótdreifin." Í grein Vigfúsar Guðmundssonar um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir m.a.: "En sunnan í, þar sem bærinn stóð er nú yfirgróíð og svo mjög upphækkað, að þar er aðeins aflíðandi hólbunga, en mótár ekki fyrir húsarústum svo að lýst verði. En þar er nú samfelldur grasbali og hnjótagróður að norðan og austan, og sést þar á staka steina. Byggingasvæðið virðist vera um 23 fm. til austurs og 18. fm til suðurs. Óvíst er þó hvort kirkjugarðurinn er þar með talinn, nema þá að litlu leyti. Þá er og lítil húsrúst þarna sv. við. En um 13 fm austar og hærra eru dreifar af grjóti og hellublöðum, ef til vill leyfar af fjósi o.s. frv. [...] Garðar allir eru horfnir, enda hafa þeir víst verið úr torfi að mestu leyti, því að grjótaust er þar á holtinu. Norðaustan til á holtinu sjást stakir steinar nokkurn veginn í röð, er ætla má að séu leyfar af túngarði, og stefna þeirra er svo sem hefði garður verið 50-60 m norður frá bænum. Og enn lítið austar á flötu holtinu eru helluklumpar og blöð, leyfar af kofa." Í Skýrslu um Forngripasafn Íslands I segir frá grip sem fannst árið 1866 í rústum Gunnarsholts gamla: Þjms. 358: "Forn SYLGJA úr kopar með þorni. Hún er 1 þumlungur og 6 línur þvert yfir, með opi á hliðinni [...] en í staðinn fyrir hnúða þá eru á báðum endum hringsins tvö drekahöfuð eða ormahöfuð, sem horfa saman. Hringurinn er digrastur í miðju, en mjókkar til beggja enda, og er allur með þverliðum. Hringurinn er mjög slitinn. Þornið hefir eflaust upphaflega verið með drekahöfði, en þornið, sem nú fylgir, er auðsjáanlega talsvert yngra en

hríngurinn, og er lítið sem ekkert slitið, enda er það úr öðrum málmum. Sylgja þessi fannst í rústunum á Gunnarsholti gamla, í Rangárvallasýslu." Hringnællunnar er einnig getið í bókinni Kuml og haugfé og er þar sýnd mynd af henni. Ekki sést til bæjarhóls Gunnarsholts. Um 20 m ofan við Norðurbæ II, þar sem komið var niður á hlaðinn vegg, hækkar brúnnin ofan við húsin nokkuð og er líklegt að þar séu minjar um elsta bæinn en rask hefur óneitanlega orðið talsvert við byggingu íbúðarhúsanna. Hæðin í brúnninni sem um ræðir er um 40x15 m að stærð og snýr ASA-VNV. Frá húsunum upp á hæðina eru 3-4 m. Á henni sjást engin merki um byggingar og er hún slétt að ofan. Ógreinilegar þústir og greinilegur grunnur (líklega ungur) eru á svæði um 45 m norðvestan við meintan bæjarhól (sjá fornleif 074).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 70; Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 6; VS: Rangvellingabók, 129; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 15-16; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 7; Skýrsla FÍ I, 142-143; KEKH (1956), 317, 318

RA-303:002 heimild um kirkju

63°51.903N 20°12.425V

"En hún [kirkjan] var aftekin með konungsbréfi 1837, en rifin 1838 og sóknin lögð til Keldna. Kirkjan var mjög lítil, einkum kórinn, t.d. varð fólkið að standa uppi á bekkjum, meðan presturinn útteildi því sakramenti, og aumast gat hann snúið sér við í grátunum. Nú er slétt flöt, þar sem kirkjan stóð, og sér engin merki hennar," segir í örnefnalýsingu. Við byggingu Norðurbæjar II var komið niður á veggjarhleðslur úr hraungrýti og bein en heimildamenn greinir á um hvort þau voru manna- eða dýrabein. Mögulega hefur verið komið niður á kirkjuna 002 en einnig kann þarna að hafa verið um hluta af bæjarhúsum að ræða. Reynir Þorsteinsson, heimildamaður, greindi frá því að afi sinn hefði munað eftir því að legsteinar í kirkjugarðinum stæðu upp úr sandinum. Minnismerki er um kirkjuna litlu suðaustan við meintan bæjarhól 001 en það er ekki endilega á þeim stað þar sem kirkjan stóð enda ekki vitað hvar hún stóð nákvæmlega þó líklegast hafi það verið mjög nærri elsta bæjarstaðinu 001.

Röð húsa er nú þar sem kirkjan hefur mögulega staðið og ofan við þau til norðurs er aflíðandi holt sem hallar til suðurs. Þar er mikill trjágróður, sem og sunnan við húsin og niður að Gunnarsholtslæk.

aq. 1186: Teitr prestur Hauksson bjó þar; Guðmundarsaga dýra, Sturl, 124, Sturlungasaga, 161 [sbr. Konungsannáll, Isl. Ann, 119]

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7

[1332]: aa fiordung j heima landi oc kotbreckum

Þangat liggur vndir kirkia at gelldinga læk. Bænhus a heidi med tiund oc .iiij bæir adrir at ollum skyllidum; Máld DI II 692

[1367]: a fiordung j heimalande

les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 217

1397: a fiordung j heimalandi oc Kotbreckum med ollum gognum oc giædum þeim sem þar liggia til

Þangad liggur vnder kirkia ad Gielldingalæk. Bænhvs a Heidi med tiund oc .iiij. Bæer adrer ad skyllidum ollum ccc, voru er Þorsteinn gaf.

C. J vadmälum. Er giefid var med lyke Valgierdar.

Hefur aukist j Gunnarsholtti sydann Snori Jonsson keypti jordina eitt asaudar kugilldi oc .iiij. Hundradz hestar.

Vppa .ix. Ar sydann kirkiann var metin reiknadist portio Ecclesiae .xiiij. Aurar a hvert ár.

So micid atte kirkiann j Gunnarsholtti firir jnnann sig er Pietur Þorsteinsson slepti. Enn Snorri Jónsson tok með [ornamenti talið aftur, Það sem á milli ber er að 2 mssuklæði, serkur, kantarakápa, tabulum, kola, kertahjálmur, glergluggur, 2 borðar og vatnsketill hafa tapast en við bæst Péturs líkneski og 10 bækur vondar og nokkrar skrár] Gaf Snorri Jonsson kirkiunni Jons lyknesi með alabastrum. Jngibiorg kvinna hans Pieturs lykneski með alabastrum; Máld DI IV 84-85 [allur seinni hluti máldagans (Þ.e. Frá ccc. Voru) er eflaust miklu yngri en Vilchin, nema Runólfur og fjölskylda og Oddur á undan þeim hafi átt jörðina í undraskamman tíma hver um sig] 7.10.1398: Runólfur Jónsson, Björg Skeggjadóttir kona hans og sonur Þeirra Hallur djákni selja Árna Einarssyni jörðina. Seljandi jarðarinnar sagði

ad j Gunnarzhollte ætte ad vera prestur og diakne. Og kirkian ætte þar fiordung j heimalande j Kotbreckum og xij. Kyr. Xxx. Asaudar. Iiijc. J vadmälum og hrossum. Skillde hann og af sier kirkiu Reikning allan smäan og storan. Og Þad sem ornamentum ber til. Um so langan tíma sem hann hafde bued j Gunnarsholte. Og Oddur Arnason hafde a hann skilid i Þeirra kaupe.

Skyllde [seljandi] taka under sier j landzverdid þad ädurgreint lausagotz sem kirkian ätte.

Sagde [seljandi] ad Gunnarsholt ætte [torfgrafir, fiskveiði, skóga, fjöru, hellunám, hrossbeit, eyju í Rangá og geldfjárrekstur]; DI III 635-636

1553: Máld DI XII 653-654

1575: Máld DI XV 664

1709: Þar er alkirkja og embættað Þriðja hvern helgan dag af prestinum að Keldum; JbAM I: 244

7.6.1837: Kirkja í Gunnarsholti tekin af; (PP, 65) [konungsbréf]. Ekki sést til kirkju eða kirkjugarðs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5-6; Sturlunga saga (1988), 124; Sturlunga saga I (1946), 161; Konungsannáll IA, 119; JÁM I, 244; PP, 65; DI II, 692; DI III, 217, 635-636; DI IV, 84-85; DI XII, 7, 653-654; DI XV, 664;

RA-303:003 Gunnarsholt bæjarstæði bústaður 63°51.853N 20°11.583V



Bæjarstæði Gunnarsholts 003, horft til

"Bærinn stendur nú á sínum fjórða stað. Á árunum 1854-1925 stóð hann á hól austast í landareigninni þar sem nú eru starfsmannabústaðir frá Akurhól, en 1928 hófst búskapur á þeim stað er bærinn stendur nú," segir í Sunnlenskum byggðum. Í örnefnaskrá segir að bærinn standi á Gunnarsholtshól sem hét áður Akraholt og er Akrahlíð sunnan í hólum. Í Rangvellingabók segir: "Bærinn stóð upphaflega sunnan í holti um 300-400 metra norður frá núverandi bæ. Sá bær lagðist í eyði 1836 [sjá 001], en aftur var byggð upptekin á jörðinni 1839 og bærinn þá reistur austan við lækinn sem rennur neðan elsta Gunnarsholts. Þar stóð hann til ársins 1854 er hann var fluttur austur á háan hól [004] við landamerki Brekkna [RA-304]. Sá bær lagðist í eyði 1925 en 1928 reisti Sandgræðslan bæ þar sem hann enn stendur [...]" Í

grein Vigfúsar Guðmundssonar um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1953 segir: "Eftir að jörðin hafði verið 3 ár í eyði (1836-39) lét jarðeigandinn byggja lítinn og lélegan bæ til bráðabirgða, 1839. Settur var hann neðan við lækinn fyrrnefnda á sléttuna, mikið nær Kornbrekkum [RA-305] en gamla bænum." Bæjarstæðið er um 645 m ASA við bæ 001.

Allnokkur hæð í túni, skammt suðaustan við Gunnarsholtslæk.

Í skrá Brynjúlfs Jónssonar um eyðibýli sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898 segir: "Sunnan í því stóð bærinn Gunnarsholt. Þar var kirkjustaður fram til 1837, þá var bærinn færður undan sandfoki, kirkjan lögð niður og sóknin flutt til Keldna. Eigi var þó bærinn færður lengra en austur í lægðina, sem þar verður næst fyrir austan holtið. Þar stóð hann fram til 1854. Þá var honum eigi lengur vært þar, og var hann þá færður yfir á austasta holtið. Þar stendur hann enn. Graslendi er enn kringum miðbæjarrústina, og er hún varla nema hálf-fallin." Hóllinn sem bærinn stóð á er að líkindum að miklu leyti náttúrulegur og er búið að slétta oft yfir hann og plægja. Hann er um 50x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 3 m á hæð. Í miðjum hólum er dæld þvert í hann og skiptir honum í tvo hólkolla. Ekki sjást nein merki um mannvirki á hólum.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 70; Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3; VS: Rangvellingabók, 129; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 15-16; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 10

RA-303:004 Gunnarsholt bæjarstæði bústaður 63°51.727N 20°11.228V



Bæjarstæði Gunnarsholts 004, horft til suðurs



"Bærinn stendur nú á sínum fjórða stað. Á árunum 1854-1925 stóð hann á hól austast í landareigninni þar sem nú eru starfsmannabústaðir frá Akurhól, en 1928 hófst búskapur á þeim stað er bærinn stendur nú," segir í Sunnlenskum byggðum. "Bærinn [001] stóð upphaflega sunnan í holti um 300-400 metra norður frá núverandi bæ. Sá bær lagðist í eyði 1836, en aftur var byggð upptekin á jörðinni 1839 og bærinn [003] þá reistur austan við lækinn sem rennur neðan elsta Gunnarsholts. Þar stóð hann til ársins 1854 er hann var fluttur austur á háan hól við landamerki Brekkna. Sá bær lagðist í eyði 1925 en 1928 reisti Sandgræðslan bæ þar

sem hann enn stendur," segir í Rangvellingabók. "Gunnarsholtshóll, sem nú er nefndur, hét áður Akraholt og Akrahlíð sunnan í honum [...] Fram af bænum var kálgarðurinn [020]," segir í örnefnaskrá. Þriðja bæjarstæðið er um 1 km suðaustan við bæ 001 og um 60 m suðaustan við Nýjagerði 026. Þar eru nú tvö starfsmannahús frá Landgræðslunni og malarplan fyrir norðan þau, uppi á háu holti eða hól.

Þar sem bærinn var hafa verið byggð tvö hús og malarplan er fyrir norðan þau. Umhverfis íbúðarhúsin eru skrudgarðar með trjám og blómabeðum.

Brynjúlfur Jónsson segir í grein sinni frá 1898 í Árbók hins íslenska fornleifafélags: "Sunnan í því stóð bærinn Gunnarsholt [001]. Þar var kirkjustaður fram til 1837, þá var bærinn færður undan sandfoki, kirkjan [002] lögð niður [...] Eigi var þó bærinn færður lengra en austur í lægðina [003], sem þar verður næst fyrir austan holtið. Þar stóð hann fram til 1854. Þá var honum eigi lengur vært þar, og var hann þá færður yfir á austasta holtið. Þar stendur hann enn. Graslendi er enn kringum miðbæjarrústina [003], og er hún varla nema hálf-fallin. En holtið, sem elzti bærinn var á, er örblásið norðan og vestan til. Bæjarrústin [001] er í hlé sunnan í því og hefir orðið sandoprin. En síðustu árin hefur brekkan gróid upp aftur. Sér því lítt til rústa. Fjós og heygardur var uppi á hryggnum; þar er ógróid og sést grjótdreifin." Vigfús Guðmundsson skrifaði grein árið 1953 í Árbókina. Þar segir: "Flutti hann [Einar Guðmundsson] því bæinn árið 1854 á hól einn stóran, sem er lítið suðaustar og við landamerki Brekkna. Gerðist hann þar athafnamaður mikill, græddi tún og girti um holtið, sem þá var hrjóstrugt að ofan. [...] Gerði hann því brunn [19] innan túngarðs [039], sunnan við holtið. Fyrir utan þetta og bygging bæjarins [...] Hlóð hann torfgarð [Gerðisgarð 023?] mörg hundruð faðma, niður frá túni og vestur reitina alla, með skurði, er hann veitti læknum í, fyrir vesturendann," Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði. Honum hefur verið raskað með byggingu tveggja starfsmannahúsa. Umhverfis húsið er stétt til norðurs en brött brekka til suðurs. Fyrir norðaustan húsin, fast austan við malarplanið sést glitta í steypuklumpa. Hóllinn, eða holtið sem bærinn var á er um 8 m hár, 100-150 m í þvermál og grasivaxinn. Heimatúnið er ofan á þessum hól og liggur niður austurhliðar hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 70; Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3; VS: Rangvellingabók, 129; B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 15-16; Túnakort 1917; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 10-11

RA-303:005 heimild um útihús 63°51.725N 20°11.268V

Útihús er merkt rúmum 30 m vestan við bæ 004 og rúmum 10 m sunnan við útihús 006 inn á túnakort frá 1917. Norðan og vestan við hefur trjám verið plantað og gerður skrudgarður umhverfis starfsmannahústaðina. Hellustétt umhverfis vestara húsið er um 5 m austan við þar sem útihúsið stóð.

Þar sem útihúsið var er nú slétt grasivaxið svæði. Tré eru norðan og vestan við. Landi hallar til suðurs um 5 m frá þeim stað sem útihúsið stóð.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-303:006 heimild um útihús 63°51.730N 20°11.260V

Útihús er merkt um 25 m VNV við bæ 004 og 12 m norðan við útihús 005 inn á túnakort frá 1917. Hellulögð stétt að ónýtu íbúðarhúsi (Akurhóli) liggur yfir svæðið þar sem útihúsið stóð. Það var um 10 m vestan við vestari starfsmannahústaðinn.

Þar sem útihúsið var er nú slétt svæði með hellulögðum göngustíg og fíflabreiðum.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-303:007 heimild um útihús 63°51.722N 20°11.334V

Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 90 m VSV við bæ 004 og um 60 m vestan við útihús 006. Engin ummerki útihússins sjást nú og líklegt að það hafi verið sléttað út.

Þar sem útihúsið var er slétt svæði í halla til suðurs. Þar vex gras.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

RA-303:008 heimild um fjárhús 63°51.740N 20°11.162V

"Austurtún lá fyrir austan bæinn, þar stóðu hrútakofi og tryppakofi," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 60 m austan við bæ 004 og allar líkur eru á að það sé fyrrnefndur hrúta- eða tryppakofi (sjá einnig 009) en ekki er hægt að fullyrða hvor kofinn sé líklegri. Þar sem útihúsið var hallar túninu til norðurs niður af holtinu sem bær 004 er á.

Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:009 heimild um útihús

63°51.746N 20°11.115V

"Austurtún lá fyrir austan bæinn, þar stóðu hrútakofi og tryppakofi," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 100 m austan við bæ 001 og um 30 m sunnan við útihús 008. Útihúsið var efst á holtinu sem bær 004 er á. Líklegast er að útihúsið sem merkt er á túnakortið sé annað hvort hrútakofinn eða tryppakofinn (sjá einnig 008) en ekki er hægt að ákvarða hvor kofinn var á þessum stað.

Þar sem útihúsið var er nú slétt og grasivaxið tún í halla til norðurs niður holt.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:010 Þvergarður heimild

"Þá tekur við Heimragerði [028] og liggur alllangt út með læknum (töluvert úr fyrir bugðuna á læknum) út að Þvergarði, sem liggur frá læknum í Gerðisgarð [023]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Þvergarður lá. Hann hefur þó legið norður-suður að öllum líkindum, á milli Gerðisgarðs til suðurs og Gunnarsholtslækjar að norðan. Ekki er vitað hver tilgangur garðsins var en líklegt er að þetta hafi verið vörslugarður.

Á þessum slóðum eru byggingar tengdar Landgræðslunni, slétt tún, skjólbelti og vegir.

Engin ummerki Þvergarðs sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:011 Hólmavað örnefni vað

63°51.089N 20°13.902V

"Garðsendi [023] liggur heim að túnhól. Samhliða læknum er Langalág lítið ofar, þá eru Hólmar og Hólmavað, Stekkur [017] og Stekkjalágar þar umhverfis," segir í örnefnalýsingu. Hólmavað er um 2,5 km vestan við bæ 004 og um 150 m norðaustan við Skollagróf 661:009. Á þessum slóðum eru fjórir hólmar í Hróarslæk og vaðið að öllum líkindum kennt við þá. Um 4 m háir bakkar eru norðan við Hróarslæk og síðan slétt graslendi að læknum. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið var notað né geta heimild þess. Lækurinn rennur til vesturs og er um 10 m breiður og fremur grunnur á þessum slóðum.

Gróinn mói er sunnan lækjarins er grasivaxnir bakkar norðan hans.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 1-2

RA-303:012 gata leið

63°52.007N 20°11.427V



Leið 012, horft til norðausturs

Götur sjást um 70 m norðan við Stöðul 045 og Fjánhól 046. Óvíst er hvert göturnar liggja.

Á þessum slóðum er uppblásin heiðarbrún sem gróin er aftur að hluta.

Göturnar liggja til norðausturs og líklega eru þær ekki mjög fornar vegna þess að svæðið sem þær liggja um hefur blásið upp og gróið aftur. Leiðin þarf hins vegar ekki að vera ung. Leiðinni var fylgt á um 230 m löngum kafla en sést halda áfram til norðausturs. Á honum suðvestast er ein djúp gata sem er um 0,3 m á dýpt og breidd, gróin að mestu. Á þessu svæði hefur landið gróið upp. Þegar komið er norðaustar, upp á Kornbreknaheiði er minna gróið upp og verður leiðin óskýrari þar.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

RA-303:013 Helluvað þúst

63°51.095N 20°13.057V



Helluvað 013, horft til austurs

vað

"Garðsendi [023] liggur heim að túnhól. Samhliða læknum er Langalág lítið ofar, þá eru Hólmar og Hólmavað [011], Stekkur [017] og Stekkjalágar þar umhverfis. Helluvað ber sennilega nafnið, síðan hellur hafa verið fluttar þaðan frá Kirkjubæ, því Gunnarsholt átti hellutak þar. Suðvestur af vaðinu er Helluvaðskrókur," segir í örnefnalýsingu. Helluvað er um 1,6 km suðvestan við bæ 001.


Vestan við vaðið er Krúhólmi og annar minni er norðan við það. Dálitill tangi er á milli hólmanna og er vaðið á honum, grónum. Lækurinn er allbreiður á þessum slóðum, 20-30 m og eru dálitlar flúðir í honum.

Gróid rof er í lækjarkakkana við vaðið en það virðist ekki vera notað lengur. Ógreinilegar götur liggja frá því til norðvesturs en víða á Húsanesi suðvestan við vaðið eru reiðgötur sem enn eru í notkun.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 1-2

RA-303:014 tóft beitarhús



Tóft 014, horft til NNW

63°51.092N 20°13.354V

"Garðsendi [023] liggur heim að túnhól. Samhliða læknum er Langalág lítið ofar, þá eru Hólmar og Hólmað [011], Stekkur [017] og Stekkjalágar þar umhverfis. Helluvað [013] ber sennilega nafnið, síðan hellur hafa verið fluttar þaðan frá Kirkjubæ, því Gunnarsholt átti hellutak þar. Suðvestur af vaðinu er Helluvaðskrókur. Þar voru

lambhús í seinni tíð. Rústir þeirra eru nú austast í suðurgirðingunni, suður af brúnni," segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um 1,7 km suðvestur af bæ 001.

Tóftin er sunnan í grónum jarðvegsbakka og sunnan við hana er þýfður mói að Hróarslæk en norðan við hana er slétt tún, notað til grasþökuframleiðslu.

Tóftin er einföld og grafin inn í jarðvegsbakka að því er virðist. Hún er um 3x1 m að innanmáli og snýr NNW-SSA. Mesta hleðsluhæð veggja er um 0,5 m og er tóftin opin til SSA. Hún er svo til algróin og ekki sést í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 1-2

RA-303:015 Húsanes heimild um beitarhús

63°51.188N 20°13.613V

"Við Húsanes er Háihóll að austanverðu og Viðarhóll fyrir sunnan nesið vestan króksins. Nesið gengur dálítið til suðurs, það er kennt við fjárhúsin, sem staðið hafa uppi á brúninni skammt þaðan," segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar beitarhúsin hafa staðið nákvæmlega en þau hafa líklega verið um 1,6 km suðvestan við bæ 001.

Uppi á brúninni norðan við Húsanesið eru slétt tún en þýfður mói er sunnan við hana að Hróarslæk.

Ekki sést til minja um beitarhúsin og hafa þau líklega horfið vegna uppblásturs eða verið rifin við sléttun túna. Ekki er útilokað að umrædd beitarhús séu þau sömu og eru skráð á númer 014 og eru um 275 m suðaustar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 2

RA-303:016 Húsavað heimild um vað

63°51.050N 20°13.379V

"Við Húsanes [015] er Háihóll að austanverðu og Viðarhóll fyrir sunnan nesið vestan króksins. Nesið gengur dálítið til suðurs, það er kennt við fjárhúsin, sem staðið hafa uppi á brúninni skammt þaðan. Þarna er vað á læknum, sem heitir Húsavað," segir í örnefnalýsingu. Húsavað er tæpa 2,2 km VSV við bæ 004 og rúma 350 m austan við Stekkjarhól 017. Vaðið var notað á leið 661:014, yfir Hróarslæk og í land Eystri Kirkjubæjar RA-278. Leiðin liggur að vaðinu úr norðaustri en engin ummerki gatna sjást sunnan lækjarins. Gatan hverfur við bakka Hróarslækjar. Hróarslækur er um 10 m breiður hér, um 0,4 m djúpur og rennur til vesturs.

Þýfður mói er norðan við Hróarslæk en sunnan við hann er þýft jarðfall.

Engin ummerki vaðsins sjást.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 2

RA-303:017 Stekkjarhóll örnefni stekkur

63°51.046N 20°13.807V

"Stekkjardalur skerst inn í brúnina upp af Stekkjartanga, er allhá hólstrýta í tanganum, nefndur Stekkjarhóll, og Stekkjarof vestan í honum. Hefur sjálfsagt verið fært þar frá, þótt ekki sé það í manna minnum," segir í örnefnalýsingu. Stekkjarhóll er tæpa 2,5 km VSV við bæ 004 og rúma 120 m suðaustan við Hólmað 011. Vesturhlíð Stekkjarhóls hefur rofnað vegna ágangs Hróarslækjar. Tvær hundapúfur eru efst á hólnum. Hvergi mótar fyrir mannvirkjum í hólnum en grasvaxinn hvammur er fast sunnan við hann. Þar gæti mögulega hafa verið fært frá.

Stekkjjarhóll er vestarlega á sléttu og þýfðu nesi sem gengur til suðurs út í Hróarslæk.

Engin ummerki stekkjjar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 2

RA-303:018 *Tappagerði* heimild

"Útsuður af bænum [004] fyrir neðan túnið, var Tappagerði. Þar voru tættur, sem hétu Smiður (Snúður?) [042] og Sjómi [043]. Áttu þessi nöfn að vera eftir tveimur samnefndum nautum, sínu frá hvorum bæ," segir í örnefnalýsingu. Fyrir suðaustan holtið sem bærinn 004 var á, hafa verið miklar framkvæmdir í gegnum tíðina og svæðinu mikið breytt. Þarna standa nú hús sem tilheyra Akurhól og vegur sem liggur að bænum Kornbrekkum, nýbýli sem byggt var 1949 í landi Brekkna RA-304. Sveinn Runólfsson, heimildamaður, kannast ekki við tóftir á þessum slóðum og ekki reyndist unnt að staðsetja þær.

Svæðið sem um ræðir er slétt, grasivaxið og þar er m.a. hesthús, malarplan og stærri skemmur sem tilheyra Landgræðslunni.

Engin ummerki Tappagerðis sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-303:019 heimild um brunn

63°51.707N 20°11.220V

Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum: "Flutti hann [Einar Guðmundsson] því bæinn [004] árið 1854 á hól einn stóran, sem er lítið suðaustar og við landamerki Brekkna [RA-304]. Gerðist hann þar athafnamaður mikill, græddi tún og girti um holtið, sem þá var hrjóstrugt að ofan. [...] Gerði hann því brunn innan túngarðs [039], sunnan við holtið." Um 40 m voru frá bæ 004 til suðurs, fram á holtsbrúnina og á túnakorti frá 1917 er ekki sýndur túngarður þar. Vigfús Guðmundsson er því að öllum líkindum að vísa í aðra útfærslu túngarðsins en var 1917. Telja má líklegt að brunnurinn hafi verið á holtinu eða fyrir sunnan það. Brunnurinn var um 35 m sunnan við bæ 004 og um 60 m vestan við Akurgerði 025. Að sögn Sveins Runólfssonar, heimildamanns, hefur öllu þessu svæði verið raskað og hann man ekki eftir neinum minjum á þessum slóðum.

Þar sem brunnurinn var er nú grasivaxin hlíð í slakka til suðurs. Trjám hefur verið víða verið plantað á svæðinu.

Engin ummerki brunns sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 10-11

RA-303:020 hleðsla kálgarður

63°51.736N 20°11.222V



Hleðsla 020, horft til vesturs

"Fram af bænum [004] var kálgarður ...," segir í örnefnalýsingu. Kálgarðurinn er merktur inn á túnakort frá 1917 um 3 m norðan við bæ 004 og um 100 m vestan við útihús 007. Bílastæði við starfsmannabústaði í Gunnarsholti eru nú þar sem kálgarðurinn var.

Innan kálgarðsins er nú slétt malarplan. Vegur að starfsmannabústöðunum liggur til austurs að planinu.

Kálgarðurinn er um 16x10 m að stærð á túnakortinu. Nú (2009) sjást leifar á svæði sem er um 50x20 m að stærð og snýr norður-suður og er hér ekki um sömu útfærslu að ræða. (Sjá teikningu 004). Á svæðinu eru leifar kálgarðsins og tvær sambyggðar tóftir. Var þeim gefin bókstafur til aðgreiningar. Útihúsin eru ekki sýnd á túnakorti frá 1917 og því líklega fallin úr notkun þá. Kálgarður A er syðstur. Norður- og

austurhlið kálgarðsins sjást enn en hinar eru horfnar. Norðurhliðin er um 50 m löng og liggur austur-vestur. Hún er um 2 m há til austurs og lækkar til vesturs. Þar er hún um 1 m. Ekki sjást skýrar hleðslur við norðurmörk kálgarðsins en víða glittir í grjót og steypu, sem tilheyra eflaust nýrri framkvæmdum og benda til þess að kálgarðurinn sé töluvert raskaður. Austurveggurinn er um 16 m langur, snýr norður-suður og lækkar mikið til suðurs. Hann er um 2 m hár að norðan en um 0,2 m að hæð í suðri. Tvær tóftir eru við norðurhlið kálgarðsins. Ekki er vitað hvaða tilgangi þær þjónuðu. Tóft B er um 10 m austan við vesturmörk kálgarðsins. Hún er 4x3 m að stærð, snýr austur-vestur og veggirnir eru um 0,3 m á hæð. Tóftin er einföld og hefur verið grjóthlaðin. Veggirnir eru grónir og glittir í grjót á stöku stað. Tóft C er 2 m fyrir austan tóft B. Hún er 4x4 m að stærð og vex tré upp úr henni miðri. Veggirnir eru 0,3 m á hæð. Enginn inngangur er greinilegur á tóftunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:021 *Fálkakofi* heimild um útihús

63°51.753N 20°11.069V

"Fram af bænum [004] var kálgarður [020], en uppi á háhólnum, fyrir austan bæinn, Fálkakofi og Hólhesthús [022]," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Fálkakofi var eða hvort hann var sambyggður Hólhesthúsi. Líklega var kofinn á hæsta hólnum austan við bæ 004. Samkvæmt því var Fálkakofi rúmmum 130 m austan við bæ 004 og um 40 m austan við útihús 009. Svæðið fyrir austan bæ 004 hefur allt verið sléttað og engin ummerki tófta sjást þar.

Þar sem Fálkakofi var er nú slétt og grasivaxið tún efst á Gunnarsholtshól.

Engin ummerki Fálkakofa sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:022 *Hólhesthús* heimild um hesthús 63°51.747N 20°11.069V

"Fram af bænum [004] var kálgarður [020], en uppi á háhólnum, fyrir austan bæinn, Fálkakofi [021] og Hólhesthús," segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Hólhesthús var eða hvort það var sambyggt Fálkakofa. Hólhesthús var rúmum 130 m austan við bæ 004 og um 40 m austan við útihús 009. Svæðið fyrir austan bæ 004 hefur allt verið sléttá út og ekki sést til tófta þar.

Þar sem Hólhesthús var að öllum líkindum er nú slétt og grasivaxið tún efst á Gunnarsholtshól.

Engin ummerki Hólhesthúss sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:023 *Gerðisgarður* heimild um varnargarð 63°51.651N 20°12.504V

"Garðsendi liggur heim að túnhól [...] Garðurinn, sem nefndur var Gerðisgarður, var heiman frá hól og vestur að sandi. Hlóðu hann Halldór í Gunnarsholti og Guðmundur á Kornbrekkum [RA-305] til varnar búpeningi á engjar og tún," segir í örnefnalýsingu. Gerðisgarður lá vestur frá bæ 004 og að svæði sem kallað er Gunnarsholtsveita [059] á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar frá 1990. Fyllt hefur verið í svæðið þar sem Gerðisgarður var að sögn Sveins Runólfssonar, heimildamanns. Fast sunnan við þar sem Gerðisgarður var liggur Heklubraut nú og síðan lá garðurinn til vesturs yfir gróin tún að bæ 004. Birki hefur verið plantað í skjólbelti norðan við þar sem Gerðisgarður lá að stórum hluta.

Svæðið þar sem Gerðisgarður var er nú að mestu slétt og grasivaxið. Það er í vegarkanti Heklubrautar og fer síðan yfir á grasivaxið tún.

"Nú er garðurinn orðinn að djúpu jarðfalli vestan til, og liggur brú yfir það á leiðinni heim að bænum," segir í örnefnalýsingu. Gerðisgarður var hlaðinn úr sniddu sem tekin var beggja megin við hann og mynduðust þannig rennur beggja vegna við hann að sögn Sveins. Það olli því að með tímanum leitaði vatn, sem kom niður Gunnarsholtið, að garðinum og gróf rennurnar niður. Það útskýrir jarðfallið sem talað er um að ofan. Ekki er vitað hvar garðurinn kom upp að bæ 004. Öll ummerki Gerðisgarðs eru nú horfin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 1, 3; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:024 *Langagerði* heimild 63°51.760N 20°11.248V

"Þessi gerði eru fyrir neðan og vestan kálgarðinn [020]: Langagerði liggur austur og vestur neðan við garðinn [020] og upp að brekkunni ..., " segir í örnefnalýsingu. Langagerði var um 60 m norðan við bæ 004 og tæpa 80 m norðvestan við útihús 008. Gerðið var í halla til norðurs, niður Gunnarsholtshól þar sem bær 004 var, í átt að túngarði 039. Ekki er vitað hversu stórt gerðið var eða hvort það var innan gamla heimatúnsins.

Þar sem gerðið var er nú slétt tún með kjarrgróðri á stöku stað.

Engin ummerki Langagerðis sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:025 *Akurgerði* heimild um akur 63°51.706N 20°11.148V

"Þessi gerði eru fyrir neðan og vestan kálgarðinn [020]: Langagerði [024] liggur austur og vestur neðan við garðinn [039] og upp að brekkunni, Akurgerði liggur upp og niður sunnan í hólnum og Nýjagerði [026] vestar," segir í örnefnalýsingu. Akurhlíð er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar, sunnan við bæ 004 og líklegt að þar hafi Akurgerði verið. Að sögn Sveins Runólfssonar, heimildamanns, hefur öllu þessu svæði verið raskað og hann man ekki eftir neinum minjum á þessum slóðum. Akurgerði var um 80 m suðaustan við bæ 004 og um 70 m sunnan við útihús 008.

Þar sem gerðið var er nú grasivaxin hlíð í slakka til suðurs. Trjám hefur verið víða verið plantað á svæðinu.

Engin ummerki Akurgerðis sjást á lengur á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:026 *Nýjagerði* heimild 63°51.697N 20°11.198V

"Þessi gerði eru fyrir neðan og vestan kálgarðinn [020]: Langagerði [024] liggur austur og vestur neðan við garðinn [039] og upp að brekkunni, Akurgerði [025] liggur upp og niður sunnan í hólnum og Nýjagerði vestar," segir í örnefnalýsingu. Að sögn Sveins Runólfssonar, heimildamanns, hefur öllu þessu svæði verið raskað og hann man ekki eftir neinum minjum á þessum slóðum. Nýjagerði var um 60 m sunnan við bæ 004 og um 50 m vestan við Akurgerði 025. Ekki er vitað hversu stórt gerðið var eða hvernig það var gert.

Þar sem gerðið var er nú grasivaxin hlíð í slakka til suðurs. Trjám hefur verið víða verið plantað á svæðinu. Engin ummerki Nýjagerðis sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:027 heimild um traðir

63°51.739N 20°11.160V

"Austur af túninu var kallað Mói. Þar var tröðin, notuð áður bæði frá Gunnarsholti og Brekkum [RA-304] [...] Bilið milli túngarðanna [039,] voru Traðirnar. Þær lágu niður túnið," segir í örnefnalýsingu. Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags stendur: "Líka mótar fyrir tröðum vestur frá bænum [009], niður eftir hólnum." Á túnakorti frá 1917 eru traðirnar merktar austur heimatúnið og eru þar um 130 m langar. Túnið fer hækkandi til austurs en lækkar aftur þegar komið er niður holtið sem bær 004 stóð á. Líklegt er að traðirnar hafi horfið við túnasléttun. Það er greinilegt að að einhverjum tímupunkti hafa þær legið þvert í gengum túnið en heimreiðin að vestanverðu var líklega fallin úr notkun þegar túnakortið var gert.

Þar sem heimreiðin lá er slétt, grasivaxið tún. Túnið er á náttúrulegu holti.

Engin ummerki heimreiðar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3-4; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 11; Túnakort 1917

RA-303:028 Heimragerði örnefni

"Austur af túninu var kallað Mói. Þar var tröðin [027], notuð áður bæði frá Gunnarsholti og Brekkum. Þá tekur við Heimragerði og liggur alllangt út með læknum (töluvert úr fyrir bugðuna á læknum) út að Þvergarði [010], sem liggur frá læknum í Gerðisgarð [023]," segir í örnefnalýsingu. Heimragerði hefur að öllum líkindum verið norðvestan við bæ 004 og legið að Gunnarsholtslæk. Ekki er hægt að staðsetja gerðið nánar án frekari heimilda.

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3

RA-303:029 Ytragerði heimild

63°51.696N 20°12.436V

"Fyrir vestan hann [010] eru tvær Mjóuskákar og tvær Breiðuskákar og vestur af þeim tvær Möðruskákar. Sunnarlega í þeim eru Gróttulágar og Krókalágar vestur af. Í Gróttulágum stendur bærinn nú á fjórða staðnum. Þessi Möðruskák var líka nefnd Ytragerði," segir í örnefnalýsingu. Fjórða bæjarstæði Gunnarsholts var tekið í notkun 1928 og standa nú byggingar Landgræðslunnar á sömu slóðum. Ytragerði var um 1 km VNV við bæ 004 og um 100 m norðaustan við Gerðisgarð 023. Ekki er vitað nánar um legu eða stærð gerðisins sem nú er horfið undir byggingar.

Þar sem Ytragerði var hefur orðið mikið rask. Þar er búið að reisa mikið af byggingum, slétta garðflatir, gera vegi og bílastæði.

Engin ummerki Ytragerðis sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 3-4

RA-303:030 Stöðulskálar heimild

63°51.768N 20°12.155V

"Norður og vestur af þeim [029] og húsinu voru tveir Stöðulskálar; er þar enn nefnt Stöðull og Stöðulgata [032], frá því að Gunnarsholt eldra [001] var í byggð. Þar eru og torfkvíar [031] norður og vestur af húsinu," segir í örnefnalýsingu. Óljóst er hvers konar mannvirki Stöðulskálar voru eða hvar þeir stóðu nákvæmlega. Líklegast er þó að þeir hafi verið um 300 m suðaustan við bæ 001.

Sléttað tún og skógræktarreitir eru þar vestan við.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:031 Stöðull heimild um kvíar

63°51.768N 20°12.149V

"Norður og vestur af þeim [029] og húsinu voru tveir Stöðulskálar [030]; er þar enn nefnt Stöðull og Stöðulgata [032], frá því að Gunnarsholt eldra [001] var í byggð. Þar eru og torfkvíar norður og vestur af húsinu," segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst hvar kvíarnar hafa verið nákvæmlega en líklegast hafa þær verið um 310 m suðaustan við bæ 001.

Sléttað tún og skógræktarreitir eru þar vestan við.

Ekki sést til minja um kvíar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:032 Stöðulgata gata leið

63°51.770N 20°12.144V

"Norður og vestur af þeim [029] og húsinu voru tveir Stöðulskálar [030]; er þar enn nefnt Stöðull [031] og Stöðulgata, frá því að Gunnarsholt eldra [001] var í byggð. Þar eru og torfkvíar [031] norður og vestur af húsinu," segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar Stöðulgata hefur legið nákvæmlega en líklegast hafa þær verið í námunda við stöðulinn um 310 m suðaustan við bæ 001.

Sléttað tún og skógræktarreitir eru þar vestan við.

Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:033 *Toppur* tóft

"Þá er í skákunum smáhóll, sem mun vera gömul tóft, hann heitir Toppur. Sennilega hefur [þar verið] nauta- eða uxakofi frá elzta bænum," segir í örnefnalýsingu. Ekki var hægt að staðsetja tóft þessa með neinni vissu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:034 *Snjallsteinshöfðavað* heimild um vað 63°51.973N 20°18.303V

Bogi Thorarensen, heimildamaður, sagði að vað hefði verið yfir Ytri-Rangá, nærri Grákollustöðum 080. Það gekk undir nafninu Snjallsteinshöfðavað. Vaðið var um 5,8 km vestan við bæ 004 og um 140 m norðvestan við brú 035. Ekki er vitað á hvaða leið vaðið var notað né sést til gatna á svæðinu. Leið 661:018 liggur hér skammt austur og vaðið mögulega notað á henni.

Grasivaxnir bakkar eru niður að Ytri-Rangá, um 7 m háir og nokkuð brattir á þessum slóðum. Þar vex mosi, gras, hvönn og annar gróður.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

RA-303:035 *Grákollustaðadraugur* heimild um brú 63°51.917N 20°18.181V

Í bók Helga Hannessonar, Þykkskinna, segir: "Austanmegin Ytri-Rangár, bæjarleið neðar en Geldingalækur [RA-302], stóð til forna bærinn Grákollustaðir [080]. Sú jörð mun hafa farið í eyði um miðja seytjándu öld. Vafalaust af völdum uppblásturs. [...] Fyrrum lágu reiðgötur [661:018] milli Helluvaðs [RA-307] og Geldingalækjar [RA-302] um garð á Grákollustöðum [080] og kerrubraut [661:018] var lögð þá leið er akvegur var kominn austur að Rangá hjá Ægissíðu. Þá var gerð grjótblú á Kaplagjótu, gilskoru, sem nær neðan frá Rangá upp á sandbrún. Grjótið var rífið úr rústum Grákollustaða. Sagt er að auk annarra steina færi í brúna helmingur af fornum kvarnasteini. Annar helmingur kvarnarinnar liggur enn hjá gömlu rústunum. Mönnum þótti reimt við Kaplagjótu. Mörgum var óljúft að fara þar yfir þegar myrkt var af nóttu og viku af vegi upp fyrir gilbotninn. Engar sagnir eru kunnar um upphaf reimleikans," Að sögn Boga Thorarensen, heimildamanns, sjást steinar í brúnni enn. Kaplagjóta er merkt inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar af Geldingalæk. Nú sést ekkert grjót í Kaplagrjótu. Gjótan er um 1-2 m á dýpt, rúmir 2 m á breidd og skerst inn í sandbrúnina frá Ytri-Rangá. Gjótan er full af gróðri, m.a lúpínu svo ekki sést ofan í hana á köflum. Brúin var um 5,7 km vestan við bæ 004 og um 140 m sunnan við Snjallsteinshöfðavað 034.

Kaplagjóta skerst inn í uppblásna sandbrún sem byrjuð er að gróa aftur. Gjótan, eða gilið sjálft, er grasivaxið og vex þar mikið af lúpínu.

Engin ummerki brúarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH: Þykkskinna, 84-85

RA-303:036 heimild um fjárskýli

"Í dölunum [Húsadölunum 060 og 063] hafa staðið fjárborgir, og er þar nú örnefnið Borgir á tveimur blöðkuhólum, sem sennilega hafa gróið upp af tóftunum," segir í örnefnalýsingu. Hér er að öllum líkindum átt við Austur- og Vestur-Húsadal en örnefnið dalir eru hvergi þekkt annarsstaðar í Gunnarsholti. Í hvorugum dalnum eru melgresishólar né aðrir staðir sem gætu veitt vísbendingar um staðsetningu borganna. Miðað við lýsinguna ættu borgir að hafa verið í báðum dölunum (sjá einnig 064). Bæði var gengið eftir hraunbrúninni meðfram dölunum sem og ofan í þeim. Melgresi vex þar víða en ekkert sem benti til mannvirkja. Þetta svæði hefur blásið upp en er byrjað að gróa upp aftur. Ekki er hægt að staðsetja fjárborgirnar nánar án frekari heimilda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7

RA-303:037 heimild um lambhús 63°51.764N 20°11.085V

"Austurkinn suðaustan í móti, Lambhústún var norðan í móti. Það lá austur og vestur. Á Lambhústúni var lambhús og merakofi [038]," segir í örnefnalýsingu. Lambhústún var norðaustan við bæ 004 miðað við lýsingar í örnefnaskrá. Það var um 140 m austan við bæ 004 og rúma 100 m sunnan við Kornbrekkur 305:001. Ekki er

vitað hvort að tóftirnar voru sambyggðar en engin ummerki tófta sjást á þessum slóðum og líklegt að þær hafi horfið við túnasléttun. Ekki er útilokað að útihús 008 gæti verið umrætt lambhús en það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.

Þar sem lambhúsið var er nú slétt og grasivaxinn brekka sem hallar til norðurs.

Engin ummerki lambhúss sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:038 heimild um hesthús

63°51.765N 20°11.086V

"Austurkinn suðaustan í móti, Lambhústún var norðan í móti. Það lá austur og vestur. Á Lambhústúni var lambhús [037] og merakofi," segir í örnefnalýsingu. Lambhústún var norðaustan við bæ 004 miðað við lýsingar í örnefnaskrá. Hesthúsið var um 140 m austan við bæ 004 og um 50 m norðan við fjós 041. Líklegt er að tóftirnar hafi horfið við túnasléttun. Ekki er útilokað að útihús 009 gæti mögulega verið umrætt hesthús en það er ekki hægt að staðfesta án frekari heimilda.

Þar sem hesthúsið var líklega er nú slétt og grasivaxinn brekka sem hallar til norðurs.

Engin ummerki hesthúss sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:039 garðlag túngarður

63°51.781N 20°11.252V



Túngarður 039, horft til austurs

"Bilið milli túngarðanna voru Traðirnar [027]," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 afmarkaði túngarðurinn norður-, norðaustur- og norðvesturhliðar gamla heimatúnsins. Hann afmarkaði af svæði sem var 260x90 m stórt og snéri austur-vestur. Greinilegt er að túngarðurinn á túnakortinu tók nokkrum breytingum þar sem lýsing hans er frábrugðin í örnefnaskrá. Af henni má ráða að fleiri einn túngarður hafi verið á svæðinu. Túngarðurinn liggur meðfram Heklubraut og er norðurhlið hans varðveitt að hluta.

Túngarðurinn liggur sléttu og grasivöxnu túni.

Túngarðurinn sést norðan við bæ 004 á rúmlega 200 m löngum kafla. Túngarðurinn er um 5 m sunnan við Heklubraut (sem er malarvegur). Gaddavírgirðing hefur verið sett ofan á túngarðinn og kann það að hafa stuðlað að varðveislu hans. Túngarðurinn er mosavaxinn og algróinn. Hvergi sést glitta í grjót. Hann er um 0,2-0,4 m á hæð. Í austur- og vesturenda þess hluta sem er varðveitt sést aðeins mosi í grasivöxnu túni. Girðingin hefur náð yfir stærra svæði en túngarðurinn. Afgangurinn af túngarðinum hefur að öllum

líkindum verið sléttaður út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4; Túnakort 1917

RA-303:040 Húsadalur bæjarstæði býli

Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1953: "Húsadalur [060, 063] hefur verið kölluð lægðin nýnefnda milli hrauns og holts, og gera sumir það líka að bæjarnafni. [...] Hús gátu hafa verið þar til nafngjafar, t.d. beitarhús fyrir naut [...] Nafn þetta gef eg næstu rúst, þótt mikið sé fjær Gunnarsholti en ávísað Húsadalsnafn. Húsadalur. Þar er eg í engum vafa að telja enn eitt afbýli Gunnarsholts, með því að "sjón er sögu ríkari". Hvammurinn mjór og lítill liggur upp í hraunbrúnina, nýlega nefndu. [...] Á barði nokkru, rétt efst í dalverpi þessu og laust innan við girðinguna, fann eg eftir eigin leit og án tilvísunar, rúst svo vel sýnilega, að ekki er vafi um bæjarstæði. Að vísu er þar gróður vaxinn yfir til бага, þó sést fyrir grjóthleðslu og virðist mér marka vel fyrir skálatótt, um 40 fet á lengd og 8 fet á vídd innan veggja. Dyr hafa líklega verið á suðurhlið, en þar er mest hulið jarðvegi og litlu neðar sést laust grjót undir rofbakka. Norðan við rúst þessa að austanverðu sést vel fyrir húsgarði. Og svoltið lægra fyrir norðan vesturenda skálans mótar fyrir öðrum húsrústum, fjósi og heystæði sennilega." Ekki er hægt að staðsetja býlið án nánari upplýsinga en býlið virðist hafa verið undir hraunbrún þeirri er liggur þvert í gegnum land Gunnarsholts og síðan Geldingalækjar. Svæðið hefur blásið upp og síðan gróið aftur og því gætu aðstæður hafa breyst mikið frá því að Vigfús fór þar yfir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 14

RA-303:041 Fjósakinn örnefni fjós

63°51.736N 20°11.084V

"Fjósakinn hét austan Traðanna (027) " segir í örnefnalýsingu. Fjósakinn er um 120 m austan við bæ 004 og um

60 m suðaustan við traðir 027. Fjósakinn var að öllum líkindum í suðausturhorni holtsins sem bær 004 stendur á. Svein Runólfsson, heimildamaðinn, minnir að hér hafi verið tóftir en hann er ekki viss um nákvæma staðsetningu þeirra. Hann taldi að bærinn 004 hefði staðið hér og hafði það eftir Þorsteini Oddsyni fyrrum bónda á Heiði RA-415. Líklegt er að hér sé um misminni að ræða hjá Þorsteini og verður að teljast ólíklegt að bærinn hafi staðið þar vegna stærðar heimatúnsins og frekar hafi verið um útihús að ræða sem fallið hefur verið úr notkun þegar túnakortið var gert.

Þar sem fjósið var er nú slétt tún í halla til suðurs. Það eru dældir á þessum slóðum og líklega leynist hér mannvist undir sverði.

Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:042 *Smiður* heimild um fjós

"Útsuður af bænum [004] fyrir neðan túnið, var Tappagerði [018]. Þar voru tættur, sem hétu Smiður (Snúður?) og Sjómi [043]. Áttu þessi nöfn að vera eftir tveimur samnefndum nautum, sínu frá hvorum bæ," segir í örnefnalýsingu. Fyrir suðaustan holtið sem bærinn stendur á hafa verið miklar framkvæmdir í gegnum tíðina og svæðinu mikið raskað. Þarna standa nú hús sem tilheyra Akurhól og vegur sem liggur að bænum Kornbrekkum sem er nýbýli sem byggt var 1949 í landi Brekkna RA-305. Sveinn Runólfsson, heimildamaður, kannaðist ekki við tóftir á þessum slóðum. Ekki er hægt að staðsetja fjósið án frekar heimilda.

Svæðið sem um ræðir er slétt, grasvaxið og þar er m.a. hesthús, malarplan og stærri hús sem tilheyra Landgræðslunni.

Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:043 *Sjómi* heimild um fjós

"Útsuður af bænum [004] fyrir neðan túnið, var Tappagerði [018]. Þar voru tættur, sem hétu Smiður (Snúður?) [042] og Sjómi. Áttu þessi nöfn að vera eftir tveimur samnefndum nautum, sínu frá hvorum bæ," segir í örnefnalýsingu. Fyrir suðaustan holtið sem bærinn stendur á hafa verið miklar framkvæmdir í gegnum tíðina og svæðinu mikið breytt. Þarna standa nú hús sem tilheyra Akurhól og vegur sem liggur að bænum Kornbrekkum RA-305 sem er nýbýli sem var byggt 1949 í landi Brekkna RA-304. Sveinn Runólfsson, heimildamaður, kannaðist ekki við tóftir á þessum slóðum. Ekki var hægt að staðsetja fjósið án frekar heimilda.

Svæðið sem um ræðir er slétt, grasvaxið og þar er m.a. hesthús, malarplan og stærri hús sem tilheyra Landgræðslunni.

Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4

RA-303:044 *Stöðulgötur* gata leið

63°51.962N 20°11.395V

"Upp á Hábrekku lágu Stöðulgötur, því Stöðull [045] var uppi á brekkunni," segir í örnefnalýsingu. Uppi á brekkunni er blásið hraun sem er verið að græða upp. Á staðnum sem lýst er í örnefnaskrá eru hólur nærri suðvesturbrún sem samkvæmt örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar eru Stöðulhóll og Fjánhóll. Á upprættinum er Fjánhóll 046 litlu norðar en hinn hóllinn og er stuðst við það við staðsetningu minjanna en ekki sést til neinna minja í þessum hólum vegna uppblásturs. Stöðulgötur voru um 800 m austan við bæ 001.

Göturnar lágu um blásna hraunhóla sem teknir eru að gróa. Til suðvesturs eru grónar brekkur og skógarreitir.

Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:045 *Stöðull* örnefni kvíar

63°51.969N 20°11.421V

"Upp á Hábrekku lágu Stöðulgötur [044], því Stöðull var uppi á brekkunni," segir í örnefnalýsingu. Þar segir einnig: "Þar lá Stöðulgata upp á Hábrún, en svo nefnist brúnnin uppi. Stöðullinn var uppi á Hábrún." Uppi á brekkubrúninni er blásið hraun sem er verið að græða upp. Á staðnum sem lýst er í örnefnaskrá eru hólur nærri suðvesturbrún sem samkvæmt örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar eru Stöðulhóll og Fjánhóll 046. Á upprættinum er Fjánhóll litlu norðar en hinn og er stuðst við það við staðsetningu minjanna en ekki sést til neinna minja í þessum hólum vegna uppblásturs. Hnit á kvíum er tekið um 785 m austan við bæ 001.

Kvíarnar voru þar í blásnum hraunhólum sem teknir eru að gróa. Til suðvesturs eru grónar brekkur og skógarreitir.

Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4, 7; IE-Örnefnauppdráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:046 *Fjánhóll* heimild um lambhús 63°52.000N 20°11.408V

"Beint norður af bænum, skammt þaðan, voru Stöðulhólar [sjá 045] og Fjánhóll. Þar voru lambhús uppi á brekkunni og ærhús [047] nokkuð innar," segir í örnefnalýsingu. Uppi á brekkunni er blásið hraun sem er verið að græða upp. Á staðnum sem lýst er í örnefnaskrá eru hólar nærri suðvesturbrún sem samkvæmt örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar eru Stöðulhóll og Fjánhóll. Á uppdrættinum er Fjánhóll litlu norðar en hinn og er stuðst við það við staðsetningu minjanna en ekki sést til neinna minja í þessum hólum vegna uppblásturs. Samkvæmt þessu hefur lambhús verið um 800 m austan við bæ 001.

Lambhús voru í blásnum hraunhólum sem teknir eru að gróa. Til suðvesturs eru grónar brekkur og skógarreitir. Ekki sést til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4-5; IE-Örnefnauppdráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:047 *Ærhúshólar* heimild um fjárhús

"Beint norður af bænum, skammt þaðan, voru Stöðulhólar [sjá 045] og Fjánhóll [sjá 046]. Þar voru lambhús [046] uppi á brekkunni og ærhús nokkuð innar," segir í örnefnalýsingu. Þar segir einnig: "Nokkuð innar [en fjárskýli 071] eru Ærhúshólar. Þar voru ærhús, en lambhúsin [046] stóðu frammi á brún austan Stöðuls [045]." Gengið var um allstórt svæði til norðausturs frá Stöðli 045 (Stöðulhólum) eða um 500 m. Svæðið austan og suðaustan við hann var einnig gengið en ekki sáust ummerki um ærhús og því ekki hægt að staðsetja þau með innan við 50 m skekkju.

Fjárhúsin voru í uppblásnu hrauni sem verið er að græða upp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 4-5, 7; IE-Örnefnauppdráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:048 gata leið

63°51.906N 20°11.501V

Gata sést á stuttum kafla vestan við Tortuvað 061. Ekkert er vitað um hvaðan eða hvert gatan lá. Mögulega hefur hún legið frá býlinu Tortu 062 en ómögulegt er um það að segja hvert hún lá. Gatan er um 720 m austan við bæ 001.

Gatan er við lækjamót Tortulækjar og Gunnarsholtslækjar og eru grónir bakkar til suðurs og norðurs, sýnu brattari sunnan við en hærri norðan við. Til norðurs er skógivaxið nes, líklega Lækjarnef, og til suðurs er sléttá tún.

Norðanmegin við Gunnarsholtslæk sést gata liggja upp á Lækjarnef og liggur hún til vesturs, er um 1 m á breidd, um 0,4 m á dýpt og sést á 20-30 m kafla. Þegar komið er upp á nefið sést ekki til hennar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Leið 048, horft til norðvesturs

RA-303:049 varða

63°52.146N 20°11.071V



Varða 049, horft til vesturs

Varða er á Kornbrekkuheiði um 1,2 km austan við bæ 001.

Varðan er á blásnum hraunhól í hrjóstrugu hraunlendi sem gróið er að hluta.

Varðan er allfornleg, mjög skófum og mosa vaxin. Hún er niðurfallin að hluta en enn sjást 4 umför af grjóthleðslu. Hóllinn sem varðan er á snýr norður-suður og er varðan á honum miðjum, á austurbrún. Varðan er um 1 m á kant og er hæst um 0,7 m. Holrými er í hleðslunni og því ef til vill líklegra að hér hafi verið refagildra. Einnig er mögulegt að varðan hafi verið við Heiðargötu 050.

Hættumat: engin hætta

RA-303:050 *Heiðargata* varða leið

63°52.974N 20°11.900V

"Nokkuð vestar [en Fornibær 305:001] er Lækjarnef og Heiðargata. Hún er aflögð, síðan sandgirðingin kom," segir í örnefnalýsingu. Ekki sést skýrt móta fyrir götum á þessum slóðum en leiðin er mörkuð af vörðum og sést á köflum sem mosagróin gróf í hrauninu. Varðan sem er næst bæ 001 er um 1,8 km norðaustan við hann.

Leiðin liggur að mestu í grónu hraunlendi.

Leiðinni var fylgt á um 450 m löngum kafla og á honum stefnir



Vörður við Heiðargötu 050, horft til norðurs

hún norðvestur-suðaustur. Ekki er víst að leiðin liggi á milli Gunnarsholts og Heiðar [RA-301] því hún stefnir suðaustur fyrir Gunnarsholt. Mögulega var hún hluti af lengri leið eða þjóðleið en það er ekki vitað. Sem fyrr segir sáust ekki götur á leiðinni enda allt uppblásið og gróið aftur að hluta á svæðinu sem leiðin liggur um. Sumstaðar er gróin gróf á milli varða sem er um 1 m á breidd og 0,1 m á dýpt. Alls sáust sex vörður við leiðina en að auki er varðan á Gægi 076 við leiðina en ekki víst að hún hafi varðað hana. Öllum vörðunum eru gefnir bókstafir í lýsingunni hér á eftir til aðgreiningar. Varða A er skammt norðaustur af Oddhólum. Hún er ferköntuð, vandlega hlaðin og stendur enn. Hún er um 0,6 m á kant og um 0,8 m á hæð, 5 umför. Hlaðin úr hraungrýti, mosavöxnu. Önnur varða B er um 70 m sunnan við vörðu A, stendur á lítilli hraunklöpp (eins og hin). Hún er um 1 m á kant og er um 0,9 m á hæð. Hún er hlaðin úr hraungrýti, mosa og skófum vöxnu. Hrunið hefur úr henni til austurs. Í vörðunni sjást 5 umför af grjóthleðslu. Um 90 m sunnar er varða C. Hún er á litlum kletti, er um 0,8 m í þvermál og um 0,9 m á hæð. Í henni sjást 4 umför af grjóthleðslu. Lítillega hefur hrunið úr vörðunni til suðvesturs. Næsta varða D er um 65 m sunnar. Hún er lítil, niðurfallin en er á allháum kletti. Hún er um 0,6x0,4 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð 0,6 m og mest 4 umför af grjóthleðslum sjást. Varðan er vaxin skófum og mosa. Næsta varða E er um 30 m sunnar. Varðan er um 1 m í þvermál og um 1,2 m á hæð. Mest sjást 5 umför af hleðslu. Varðan er ekki mjög skófum vaxin nema efst. Um 80 m sunnan við vörðu á Gægi 076 er enn ein varðan F á litlum hraunhól. Hún er um 0,5x0,7 m að stærð snýr suðaustur-norðvestur. Varðan er um 0,8 m á hæð, gróin og 5 umför af hleðslu sjást í henni.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5

RA-303:051 *Glampakofi* heimild um hesthús

63°51.906N 20°11.481V

"Niður með Gunnarsholtslæk að austan er rúst af kofa, er hét Glampakofi. (Einar Guðmundsson byggði hann yfir reiðhest sinn)," segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar kofi þessi hefur staðið en líklegast er þó að hann hafi verið á lækjarbakka um 725 m austan við bæ 001 og um 130 m norðaustur frá bæjarstæði 003.

Gróinn, flatur lækjarbakki er þar sem kofinn stóð. Nokkuð jarðrask hefur orðið við líklegan stað og má þar sjá til austurs stórgrýti og steypubrot sem sléttað hefur verið yfir og er gróið að hluta. Sunnan við bakkann er sléttað tún í rækt.

Ekki sést til kofans og er líklegt að hann hafi verið rifinn. Lækjarbakkinn er dálítið hærri þar sem kofinn hefur að líkindum staðið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5

RA-303:052 *Geldingalækjarvað* þúst vað

63°51.865N 20°11.610V



Geldingalækjarvað 052, horft til NNV

"Beint vestur af gamla bænum [003] er Geldingalækjarvað á læknum og Geldingalækjargötur [053] út frá því," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er fast vestan við hólinn sem bær 003 stóð á.

Vaðið er við gróna lækjarbakka sem eru sýnu hærri og brattari sunnan við lækinn. Til norðurs er skógrækt en til suðurs er Norðurtún.

Vaðið sést sem dálítið gróið skarð í suðurbakkann, er síður greinilegt á nyrðri bakka. Skarðið er um 2 m á breidd og um 3 m á lengd, snýr NNV-SSA eins og stefna vaðsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5

RA-303:053 *Geldingalækjargötur* gata leið

63°51.865N 20°11.643V

"Beint vestur af gamla bænum [003] er Geldingalækjarvað [052] á læknum og Geldingalækjargötur út frá því," segir í örnefnalýsingu. Götunar voru um 55 m austan við bæ 003 og lágu að líkindum frá næstelsta bæ Gunnarsholts að Geldingalæk eins og nafnið bendir til.

Götur sjást á norðurbakka Gunnarsholtslækjar þar sem er lág hæðarbunga og gróið skóglendi.

Ekki sést til gatna á leiðinni þegar komið er upp úr vaðinu á norðurbakka. Þar skammt norðar er gróinn jeppaslóði og kann hann að liggja að hluta yfir götunarnar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5

RA-303:054 *Stöðulvað* heimild um vað

63°51.787N 20°12.126V

"Fyrir austan Mangavelli er Kirkjuflöt [sjá 002], og er Stöðulvað niður af henni (Stöðullinn [055] var fyrir neðan lækinn)," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var um 290 m suðaustur frá bæ 001.

Þar sem vaðið var eru bakkar lækjarins grónir og fremur lágir. Á einum stað er dálítið jarðfall, ógróið en tengist líklega ekki vaðinu. Kirkjuflöt er til norðurs og tún til suðurs. Þau eru slétt og grasi gróin en Kirkjuflöt er ekki í rækt.

Ekki sést til vaðsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5

RA-303:055 heimild um kvíar

63°51.771N 20°12.125V

"Fyrir austan Mangavelli er Kirkjuflöt [sjá 002], og er Stöðulvað [054] niður af henni (Stöðullinn var fyrir neðan lækinn)," segir í örnefnalýsingu. Stöðullinn var líklega um 315 m suðaustan við bæ 001.

Kvíarnar voru þar sem er sléttað tún um þessar mundir og skógræktarblettir eru þar vestan við.

Ekki sést til minja. Líklegt er að þessi stöðull sé sá sami og skráður er á númer 031 og/eða 030 en þar sem líklegt er að stöðlarnir hafi færst til eins og bæjarstæðin er þessi stöðull skráður sérstaklega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5

RA-303:056 *Kirkjuvað* heimild um vað

63°51.840N 20°12.316V

"Fyrir austan Mangavelli er Kirkjuflöt [sjá 002], og er Stöðulvað [054] niður af henni (Stöðullinn [055] var fyrir neðan lækinn). Nokkuð vestar er Legsteinavað eða Kirkjuvað, eins og það hét, meðan kirkjan stóð þar," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 100 m sunnan við kirkju 002 og um 120 m suðaustan við bæ 001. Líklegt er að vaðið hafi verið þar sem vegur liggur yfir lækinn heim að húsum sunnan við bæjarhól 001, um 120 m suðaustan við bæ 001.

Nokkuð aflíðandi og grónir bakkar liggja að læknum við vaðið og trjágróður er mikill allt um kring.

Þar sem vaðið hefur verið er nú malbikaður vegur og rennur lækurinn í gegnum ræsi undir honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 5

RA-303:057 *Heygarður* örnefni heygarður

63°51.946N 20°12.450V

"Tveir hólar, Heygarður og Lambhús [058] austar, eru norður af bænum [001]," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 100 m norðvestan við bæjarhól 001.

Hóllinn er í grónu skóglendi skammt sunnan við hestabeitarhól.

Ekki sést til minja á eða við hólinn en hann er allur vel gróinn og tré vaxa á honum og umhverfis hann.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar


Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 6

RA-303:058 *Lambhús* þúst lambhús

63°51.920N 20°12.332V



Gerði og þúst 058, horft til suðurs



Gerði og þúst 058

"Tveir hólar, Heygarður [057] og Lambhús austar, eru norður af bænum [001]," segir í örnefnalýsingu. Fast suðaustan undir hólum Lambhús er gerði og innan þess er lítil þúst. Minjarnar eru um 45 m norðaustan við bæ 001.

Hóllinn rís hátt í grónu holti og er trjágróður allt um kring.

Hóllinn Lambhús er allhár og stór. Hann er um 26x22 m að stærð, snýr

austur-vestur og er 3-4 m á hæð. Hóllinn er vel gróinn. Á honum er mikil mosaþemba en einnig gras og sina. Hann er allsléttur að ofan og hallar til suðurs þar sem hann er aflíðandi en allbratt er niður af honum til annarra átta. Ekki sést til mannvirkjaleifa á hólum en mögulegt er að þær kunni að leynast undir sverði. Fast við hólinn að suðaustanverðu er gerði og innan þess er þúst. Svæðið allt er um 22x15 m að stærð og snýr norður-suður. Gerðisveggirnir eru breiðastir um 1,5 m og hæstir um 0,5 m. Tveggja metra breitt trjábelti sker mitt svæðið en það liggur austur-vestur. Þústin innan gerðisins er um 12 m löng og um 3 m á breidd en trjábeltið sker hana einnig. Ekki er hægt að sjá hólfaskiptingu eða skýrar útlínur. Þústin mjókkar til norðurs, hún er hæst um 0,7 m. Svæðið er allt þakið mosa, sinu og grasi.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 6

RA-303:059 *Gunnarsholtsveita* heimild um áveitu

63°51.339N 20°12.980V

"Gunnarsholtsveita heitir einu nafni allt graslendi Gunnarsholts. Hún er yfirleitt sléttlend og mishæðalaus. Áður hét hún Hrísteigur, og bendir nafn það til, hvernig gróður hefur þróast þar. Áttu þá Kirkjubæjarbændur skógarítak þar, en í stað þess átti Gunnarsholt beit fyrir 6 hross í Kirkjubæjarmýri, bæði sumar og vetur.

Ókunnugt er, hvenær nafnaskiptin urðu; mun veitan hafa hækkað mikið síðan af sandburði úr hrauninum og lækur grafizt niður, svo nú er ókleift að ná áveitu á veituna," segir í örnefnalýsingu. Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni: "Flatlendið frá litla læknum að Hróarslæk er mörg hundruð dagsláttur að stærð. Mun það allt heita einu nafni Veita (Gunnarsholtsveita), og dregur nafn sitt af áveitu þar á fornum öldum. Fram yfir síðastliðin aldamót hafa sést þar áveitusokkar víðsvegar, og mun enn sjást vottur af leifum þerra og rása eftir veituvatnið. Vatnið var tekið upp í landi Brekkna [RA-304] (Klofalæk)," Bakkar Hróarslækjar eru um 3 m háir og slétt graslendi er meðfram læknum sjálfum allt heim að Gunnarsholtinu sjálfu. Gunnarsholtsveita er gríðarstórt svæði eða um 2,5x1,4 km og snýr austur-vestur. Þar sjást ekki nein ummerki um áveitu enda svæðið blásið upp og verið ræktað upp aftur.

Í Gunnarsholtsveitu eru nú slétt og grasivaxin tún sem meðal annars eru notuð til þökugerðar. Skjólbelti og skurðir aðskilja túnin.

Engin ummerki áveitunnar sjást á yfirborði.

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 1; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 8

RA-303:060 *Austur-Húsadalur* örnefni 63°52.094N 20°11.722V

"Útnorður af Lækjarbotninum gengur alldjúpur dalur milli hrauns og holts, það er Austur-Húsadalur," segir í örnefnalýsingu. Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1953: "Húsadalur hefur verið kölluð lægðin nýnefnda milli hrauns og holts, og gera sumir það líka að bæjarnafni. [...] Hús gátu hafa verið þar til nafngjafar, t.d. beitarhús fyrir naut,". Austur-Húsadalur er um 800 m norðan við bæ 004 og tæpa 180 m vestan við Gunnarshól 070. Ekki er að sjá neinar tóftir í Austur-Húsadal og ekki ljóst hvaðan örnefnið er komið. Mögulega er það dregið af fjárborgum 064 eða að báðir húsadalirnir (sjá 063) hafi dregið nafn sitt af sama mannvirki.

Austur-Húsadalur er sléttlendur og gróinn. Hann hefur blásið upp og gróið aftur. Þar vex nú mosi, lyng, víðir og melgresi.

Austur-Húsadalur hefst við lækjarbotn Gunnarsholtslækjar og liggur til norðurs, milli Gunnarsholts og hrauns austan þess. Dalurinn er breiðastur í suðri og mjókkar til norðurs. Ekki var að sjá neinar tóftir eða leifar af öðrum mannvirkjum í dalnum á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 6; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 14

RA-303:061 *Tortuvað* þúst vað 63°51.904N 20°11.488V

"Útnorður af Lækjarbotninum gengur alldjúpur dalur milli hrauns og holts, það er Austur-Húsadalur [060]. Í þeim dal kom upp Tortulækur og féll í Gunnarsholtslæk við Lækjarnef. [...] Tortutangi og Ófeigsteigur eru áfastir honum, en fram af Lækjarbotni að vestan er Tortuvað, er á læknum vestan við Glampakofa [051]," segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 720 m austan við bæ 001.

Vaðið er við lækjamót Tortulækjar og Gunnarsholtslækjar og eru grónir bakkar til suðurs og norðurs, sýnu brattari sunnan við en hærri norðan við. Til norðurs er skógivaxið nes, líklega Lækjarnef, og til suðurs er sléttuð tún.

Ummerki vaðsins sjást beggja vegna við það; á norðurbakka er dálítið skarð í bakkann, um 0,5 m breitt og um 1 m á dýpt. Norðanmegin sést gata 048 liggja upp á Lækjarnef.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 6

RA-303:062 *Torta* heimild um býli 63°52.150N 20°11.947V

"Útnorður af Lækjarbotninum gengur alldjúpur dalur milli hrauns og holts, það er Austur-Húsadalur [060]. Í þeim dal kom upp Tortulækur og féll í Gunnarsholtslæk við Lækjarnef. [...] Tortutangi og Ófeigsteigur eru áfastir honum, en fram af Lækjarbotni að vestan er Tortuvað [061], er á læknum vestan við Glampakofa [051]. Þessi Tortunöfn eru kennd við eyðibýlið Tortu, er stóð í norðausturhorninu á holtinu. Ekki er kunnugt um hennar fyrstu byggð eða eyðiár," segir í örnefnalýsingu. Í Rangvellingabók segir: "Munmæli herma að tæpan einn kílómetra norð-norðaustur frá Gunnarsholti elsta [001] hafi verið býli sem heitið hafi Torta, en engin sjást þar nú merki byggðar." Torta var um 1 km NNA við bæ 004 og rúmum 350 m norðvestan við Gunnarshól 070. Engin ummerki býlisins sjást lengur og ekki er vitað nákvæmlega hvar það var. Býlið stóð í norðausturhorni Gunnarsholts eins og áður sagði en svæðið hefur blásið upp og þar er örfoka melur. Staðsetning býlisins er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar.

Uppi á Gunnarsholtinu, þar sem Torta var, eru stór blágrýtisbjörg, steinar, mosi og lyng.

Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 6; VS: Rangvellingabók, 131; IE-Örnefnauppdráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:063 Vestur-Húsdalur örnefni

63°52.292N 20°11.938V

"Fyrir norðvestan holtið, milli holts og alda, er Vestur-Húsdalur," segir í örnefnalýsingu. Vigfús Guðmundson segir í grein sinni: "Húsdalur hefur verið kölluð lægðin nýnefnda milli hrauns og holts, og gera sumir það líka að bæjarnafni. [...] Hús gátu hafa verið þar til nafngjafar, t.d. beitarhús fyrir naut." Vestur-Húsdalur er norðan við Austur-Húsdal 060 og um 1,2 km norðan við bæ 004. Ekki er vitað af hvaða húsum örnefnið er dregið en mögulega er verið að vísa í sömu hús og Austur-Húsdalur dregur nafn sitt af. Vestur-Húsdalur er merktur inn á örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar af Gunnarsholti.

Vestur-Húsdalur er hefur blásið upp en byrjaður að gróa upp aftur. Þar vex lyng, víðir, lúpína og birki.

Engin ummerki tófta sjást á yfirborði á svæðinu. Vestur-Húsdalur liggur til vesturs frá hraunbrún, fyrir norðan hólinn Einbúa og endar við Gunnlaugsskóg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 14; Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:064 heimild um fjárskýli

"Í dölunum [Húsadölunum 060 og 063] hafa staðið fjárborgir, og er þar nú örnefnið Borgir á tveimur blöðkuhólum, sem sennilega hafa gróið upp af tóftunum," segir í örnefnalýsingu. Hér er að öllum líkindum átt við Austur- og Vestur Húsdal en örnefnið dalir eru hvergi þekkt annarsstaðar í Gunnarsholti. Í hvorugum dalnum eru melgresishólar né aðrir staðir sem gætu veitt vísbendingar um staðsetningu borganna. Miðað við lýsinguna ættu borgir að hafa verið í báðum dölunum (sjá einnig 036). Bæði var gengið eftir hraunbrúninni meðfram dölunum sem og ofan í þeim. Melgresi vex þar víða en ekkert sem benti til mannvirkja. Þetta svæði hefur blásið upp en er byrjað að gróa upp aftur. Ekki er hægt að staðsetja fjárborgirnar nánar án frekari heimilda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7

RA-303:065 heimild um mógrafir

63°52.177N 20°12.631V

"Mótak er í landareigninni og dálftill skógarteigur," segir í Sunnlenskum byggðum. "Vestarlega á Leirum er mólalda. Þar var mór tekinn, og sést móta fyrir mógröfum. Þrjú stungulög voru niður að mónum og hann svo þrjú stungulög, en ekki var hann góður," segir í örnefnalýsingu. Mógrafasvæðið var líklega 600-800 m norðan við bæ 001.

Allblaut mýri milli móöldu og hraunbrúnar, víði vaxin og nokkuð um birkigróður einnig.

Ekki sést til mógrafa á svæðinu en það er mjög gróið og þýft en flatlent.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7; SB V, 70

RA-303:066 Borgarhvammur heimild um fjárskýli

"Leiruhvammur og Borgarhvammur ganga inn í hraunbrúnina. Þar voru fjárborgir frá Gunnarsholti," segir í örnefnalýsingu. Óvíst er hvar Borgarhvammur var nákvæmlega en hann var líklega um 1,1 km norðvestan við bæ 001 en ekki var hægt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju.

Skóglendi er með hraunbrún frá merkjum móti Geldingalæk að Gunnarsholti sem bær 001 stóð á. Allgróið hraun er þar norðan við og gróið sléttlendi sunnan við.

Gengið var ofan og neðan við hraunbrúnina en ekki sáust merki um borgir. Margir hvammar ganga inn í hraunbrúnina og ekki liggur ljóst fyrir hvar Borgarhvammur var nákvæmlega en mikill skógur vex sunnan undir hraunbrúninni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7

RA-303:067 Brenndavarða heimild um landamerki

63°52.534N 20°13.240V

"Í Fífulækjarbotnum eru upptök Fífulækjar eða Geldingalækjar, sem er sami lækur, en heitir svo út í Bugbotn. Botnakvosir við mörk neðan við Brennduvörðu í mörkum," segir í örnefnalýsingu. Á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar af Geldingalæk stendur: "Bren[n]davarða: Líklega austur í hrauni, í örnefnaskrá nefnd milli Vatnsdals og Hátúns [079]. Varðan á Hátúnahól?" Svo virðist vera sem merki Gunnarsholts og Geldingalækjar RA-302 hafi áður verið nokkru vestar en þau eru nú. Gengið var að Hátúnahól en ekki sáust nein ummerki um vörðu þar. Sveinn Runólfsson, heimildarmaður, kannaðist ekki við Brennduvörðu né að varða hafi verið á þeim slóðum sem lýst er í örnefnaskrá. Varðan hefur því verið horfin fyrir hans minni en telja má líklegt að nafn hennar sé dregið af hraunbrúninni sem hún stóð á. Brenndavarða var um 2,2 km norðvestan við bæ 004 og rúmum 250 m suðaustan við Hátún 079.

Þar sem varðan var er úfin hraunbrún sem liggur þvert í gegnum allt land Gunnarsholts, Geldingalækjar og endar við Ytri-Rangá. Hraunbrúnin er lítið gróin á svæðinu sem varðan stóð á og úfnir hraunhólar víða. Á svæðinu vex lyng, mosi og víðkjarr inn á milli sandfláka.

Engin ummerki vörðunnar sjást lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:068 *Smalahvellur* varða



Smalahvellur 068, horft til norðausturs

"Austur frá Kornbrekkutúni, uppi á brún, er hóll með vörðu, nefndur Smalahvellur," segir í örnefnalýsingu. Líklegt er að Smalahvellur sé um 1,5 km austur frá bæ 001, þar sem nú er hundapúfa.

Blásinn hraunhóll sem er að gróa upp, á mörkum milli hrauns og graslendis.

Undir hundapúfu er lítil grjótpúst og eru það líklega leifar Smalahvells. Pústin er á tiltölulega lágum hraunhól og stendur ekki hátt. Pústin undir þúfunni er um 1,2x1 m og snýr norður-suður. Mesta

hæð um 0,4 m. Pústin er öll gróin og ekki sjást hleðslur. Ekki er vitað í hvað tilgangi varðan var hlaðin en þarna kann að hafa verið smalakofi áður og varðan hlaðin upp eftir að hann hrundi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7

RA-303:069 *Bæjarvarða* varða óþekkt

"Vestur af honum [Smalahvelli 068] er Bæjarvarða," segir í örnefnalýsingu.

Varðan hefur að líkindum staðið í blásnu hrauni sem er að gróa upp.

Gengið var nærri brúnum Hábrekku frá Smalahvelli 068 til vesturs að Fjánhól 046 og Stöðulhólum 045 en ekki sást varða á svæðinu. Hún kann að vera horfin vegna uppblásturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7

RA-303:070 *Gunnarshóll* gripir legstaður

63°52.108N 20°11.514V

Í skýrslu um forngripasafn I segir: "FJAÐRASPIJÓTSODDUR. Nokkuð er ryðgað framan af oddinum og aptan af falnum. Gat sést gegnum falinn fyrir geirnagla. Falurinn á að hafa verið allt að því hálfu lengri, er það fannst. Spjót þetta fannst uppblásið í jörðu hérumbil 100 faðma frá hól þeim, er Gunnarshóll heitir, og nú er upp blásinn, skammt frá Gunnarsholti hinu forna [001]. Hóll þessi er kenndur við Gunnar Baugsson í Gunnarsholti, afa Gunnars á Hlíðarenda." Gunnarshóll er um 750 m norðan við bæ 004 og um 800 m NNA við bæ 001. Gaddavírsgirðing liggur norður-suður fast við austurenda hólins. Á svæðinu er mikið um hraunhóla en farið var eftir örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar við staðsetningu hans.

Gunnarshóll er í uppblásnu hrauni sem gróið hefur aftur. Það er nú mosavaxið með lyngi. Hraunhólar eru víða á þessum slóðum.

Gunnarshóll er hraunhóll sem hefur blásið upp en byrjaður er að gróa aftur. Hóllinn er um 2 m hár, 40x30 m í þvermál og snýr austur-vestur. Hóllinn er náttúrulegur en ekki er vitað nákvæmlega hvar spjótsoddurinn fannst.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýrsla FÍ I, 71; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:071 heimild um fjárskýli

"Skammt norðar [en Stöðul 045] er Gaddhóll; vestan í honum er stór gjafahringur, hringhlaðinn, eindyra, rúmaði að sögn um 1000 fjár," segir í örnefnalýsingu. Gengið var um allstórt svæði til norðausturs frá Stöðli 045 (Stöðulhólum) eða um 500 m. Svæðið austan og suðaustan við hann var einnig gengið en ekki sáust ummerki um gjafahringinn og ekki hægt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju.

Blásið hraun sem verið er að græða upp.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 7; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:072 *Gunnarholtshjáleiga vestari* heimild um býli

63°52.060N 20°12.576V

"Suðvestur af holtinu er Hjáleigutún og Hjáleigubakkar með læknum. Gunnarholtshjáleiga vestri stóð vestan í holtinu. Sá bær fór í eyði 1829 af sandfoki, sem gekk fram fyrir vestan bæinn," segir í örnefnalýsingu. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Er annað afbýli ogso í túninu. Engin man þess fyrstu bygging." Vigfús

Guðmundsson segir í grein sinni frá 1953: "[...] stóð vestast í túni gamla Gunnarsholts [001], og var um 40 fm. á milli bæja." Gunnarsholtshjáleiga vestari var um 1,26 km norðvestan við bæ 004 og tæpa 700 m norðan við Ytragerði 029. Staðsetning býlisins er sýnd á örnefnauppdrætti Ingólfs Einarssonar af Gunnarholti. Bæjarhóllinn hefur líklega horfið vegna uppblásturs eða túnasléttunar.

Þar sem hjáleigan var er nú grasvaxið tún sem hallar til vesturs og norðvesturs niður af Gunnarholti. Það glittir í steina víða í holtinu.

Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 246; Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 6; IE-Örnefnauppdráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1953, 12

RA-303:073 Oddhólar þúst fjárskýli

63°52.974N 20°12.056V

"Frá Gunnarsholti liggur Langalág til Oddhóla. Þeir eru alllangt vestar og utar. Hólarnir eru þrír, Ytrihóll, Miðhóll og Fjárhúshóll. Þar voru fjárborgir frá Gunnarsholti til 1860, er fé hrakti frá þeim suður í Tröllkonugil [307b:007], sem skilur Varmadalssbug og Grafarnes," segir í örnefnalýsingu. Fjárskýlin eru um 2,4 km norðan við bæ 004 og 1,3 km norðan við Vestur-Húsadal 063. Vírgirðing á mörkum Geldingalækjar RA-302 og Gunnarsholts liggur um 80 m til vesturs frá Oddhólum. Hólarnir eru merktir inn á örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar.



Oddhólar 073, horft til norðurs

Oddhólar eru í uppblásnu hrauni. Þar er mikið

um hraunkletta sem standa upp úr sverði, sandfláka, lyng, hraungrýti og mosa.


Þrír hólur eru á svæði sem er 60x40 m stórt og snýr austur-vestur. Var þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar í eftirfarandi lýsingu. Ytrihóll A er um 10 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Efst á honum er um 6x5 m dæld sem er mögulega útlínur fjárborgar. Meðfram dældinni mótar fyrir grjóthleðslu, um 0,2 m á hæð og inngangur gæti hafa verið til austurs. Þetta er þó mjög óljóst og hóllinn uppblásinn. Dældin er full af sandi og vaxin mosa og lyngi. Hraungrýti er víða en hvergi sjást skýrar hleðslur. Miðhóll B er stærstur hólanna þriggja. Hann er um 4 m hár og um 30 m í þvermál. Hóllinn er um 7 m norðan við hól A. Þar er ekki að sjá nein ummerki fjárborgar og er mikið um hraunkletta á hólnum. Efst á hólnum er hrúga af stóru hraungrýti en hún er að öllum líkindum náttúruleg. Fjárhúshóll C er rúmum 60 m austan við hól A og B. Hann er um 12 m í þvermál, 2 m á hæð og gróinn. Þar vex lyng, mosi og víðir. Hraungrýti er í hlíðum hólans og ekki er hægt að sjá ummerki um fjárborg. Hóllinn er þó nokkuð flatur að ofan sem gæti bent til borgarinnar.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 8; IE-Örnefnauppdráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:074 tóft+garðlag

63°51.920N 20°12.402V



Garðlag 074A og þústir 074B, horft til norðvesturs

Ógreinilegar þústir og greinilegur grunnur (líklega ungur) eru á svæði um 45 m

norðvestan við meintan bæjarhól 001.

Minjarnar eru inni á skógræktarsvæði á aflíðandi holti.

Svæðið allt er um 34x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess er garðlag, tvær þústir og húsgrunnur. Minjarnar fá hér bókstafi til aðgreiningar. Austast er garðlag A sem liggur á milli tveggja trjábelta en þau afmarka svæðið til norðurs og suðurs. Garðlagið liggur í norðvestur-suðaustur, er um 20 m langt og um 1,5-2 m á breidd. Það er algróið en finnst fyrir grjóti undir sverði. Garðurinn er hæstur um 0,6 m. Tré vaxa á garðinum. Allstór þúst B er fast sunnan við garðinn, hún er um 8x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hæst er hún um 0,6 m. Hún er gróin en finnst fyrir grjóti undir sverði. Um 2 m vestar er önnur minni þúst C sem er um 7x3 m að stærð og snýr eins, er um 0,4 m á hæð. Um 6 m norðvestar er svo kantur sem líklega hefur verið nýlegur grunnur húss D sem hefur verið rífið eða flutt. Kanturinn er um 4x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæst er fram af honum til suðurs, 0,7 m. Kanturinn hverfur í lítinn halla til suðurs. Tré vaxa við báðar skammhliðar hans. Ekkert er vitað um aldur eða hlutverk minjanna en mögulega eru þetta leifar útihúsa sem tilheyrðu elsta bænum 001.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-303:075 heimild um kálgarð

"Frá Gunnarsholti liggur Langalág til Oddhóla. Þeir eru alllangt vestar og utar. Hólarnir eru þrír, Ytrihóll, Miðhóll og Fjárhúshóll. Þar voru fjárborgir [073] frá Gunnarsholti til 1860, er fé hrakti frá þeim suður í Tröllkonugil [307b:007], sem skilur Varmadalsbug og Grafarnes. Þar var lítill kartöflugarður, og hafa sézt merki hans til þessa," segir í örnefnalýsingu. Oddahólar og nánasta umhverfi þeirra var rannsakað á vettvangi án þess að leifar kartöflugarðs kæmu í ljós. Hann er að öllum líkindum horfinn vegna uppblásturs og nákvæm staðsetning hans er nú týnd.

Á svæðinu sem kartöflugarðurinn var er mikið um hraunhóla- og grýti, mosa, lyng og víði.

Engin ummerki kartöflugarðs sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 8

RA-303:076 *Gægir* varða samgöngubót

63°52.854N 20°11.741V



Varða 076 á Gægi, horft til norðurs

"Stelpa er hraunklettur (í mörkum milli Gunnarholts, Heiðar [RA-301] og Geldingalækjar [RA-302]). [...] Við Heiðargötu [050] norðanvert, í landsuður frá Stelpu, er hóll með stórum kletti og vörðu á, sem heitir Gægir, góður sjónarhóll yfir hraunið," segir í örnefnalýsingu. Varðan er um 1,9 km norðaustan við bæ 001.

Varðan stendur hátt á kletti ofan á hraunhól í grónu hrauni að mestu.

Varðan er gróin og fornleg, er um 0,5 m í þvermál og hæð, sjást 3 umför. Er við Heiðargötu 050. Líklegt er að varðan hafi haft hlutverkið samgöngubót þar sem hún sést víða að og af Gægi er gott útsýni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 8

RA-303:077 *Kornbrekkuhús* heimild um fjárhús

"Landnorður af Gægi [076] eru Kornbrekkuhús, þar voru sauðahús frá Kornbrekkum [305:001]," segir í örnefnalýsingu. Á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar eru Kornbrekkuhús sýnd á suðurbrún Valahryggs, skammt sunnan við merki Gunnarholts og Heiðar RA-415. Þessi hraunbrún var skoðuð án þess að nokkuð sæist til Kornbrekknahúsa eða annarra mannvirkja. Nánari heimildir um staðsetningu húsanna þarf til þess að hægt sé að hnitsetja þau. Hraunbrúnin er uppblásin og hrjóstrug.

Svæðið sem Kornbrekkuhús voru á er uppblásið. Þar eru sandflákar, hraunklettar, mosi og lyng.

Engin ummerki tófta sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 8; IE-Örnefnauppráttur, Gunnarsholt og Reyðarvatn

RA-303:078 *Kolagrafarholt* örnefni kolagröf

63°52.474N 20°11.409V

"Austur af þeim [Kornbrekkuhúsum 077] er Kolagrafarholt, þar hefur sjálfsagt verið gert til kola áður fyrr," segir í örnefnalýsingu. Kolagrafarholt er að líkindum um 1,3 km norðaustan við bæ 001.

Kolagrafarholt er ekki afgerandi í landslaginu. Þar hækkar landið lítilllega og þar er úfið hraun en mosagróið að mestu leyti og vex þar nokkur víðigróður.

Gengið var um allstórt svæði en ekki sáust afgerandi ummerki um kolagrafir. Víða eru grónar dældir og lautir milli hraunhóla þar sem kann að hafa gróið yfir kolagrafir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gunnarsholt og Brekkur, 8

RA-303:079 Hátún heimild um býli

63°52.580N 20°13.540V


"Í suður frá Oddhólum [073] á Hraunbrúninni er Hátúnahóll. Þar var eyðikot, er Hátún hét, hjáleiga frá Gunnarsholti," segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Hátún stóð, Hátúnahóll er nú innan marka Geldingalækjar RA-302 en á örnefnaupprætti Ingólfs Einarssonar er býlið merkt á núverandi merkjum þessara jarða. Líklega hefur það verið í viki suðaustan við Hátúnahól, sunnan undir hraunbrúninni. Þar er slétt, gróð svæði en hvergi sést móta fyrir bæjarhól eða öðru sem gæti staðsett býlið betur. Hátún var um 2,5 km NNV við bæ 004 og um 260 m vestan við Brennduvörðu 067.

Hátúnahóll er í hraunbrún sem liggur þvert í gegnum land Gunnarsholts og Geldingalækjar. Hraunbrúnin er uppblásin á þessum slóðum en gróður er að ná sér aftur á strik. Fyrir sunnan hraunbrúnina er grasivaxinn, grunnur dalur sem nær allt að Geldingarlækjarbæjum.

Í Rangvellingabók segir: "Í viki sem gengur inn í hraunbrúnina nær miðja vegu milli Gunnarsholts og Geldingalækjar er hóll með bæjarrústum. Um hólinn eru nú landamerki milli þessara jarða en fyrr meir mun þar hafa tilheyrt Gunnarsholti. Munnmæli herma að bær þessi hafi heitið Hátún en hans finnst hvergi getið í ritum fyrr en Brynjúlfur frá Minnanúpi ritaði þátt um eyðibýli á Rangárvöllum." Landamerkin liggja nú austar en hér er lýst. Engin ummerki býlisins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu**Heimildir:** Ö-Gunnarsholt viðb., 1; VS: Rangvellingabók, 158**RA-303:080 Grákollustaðir** bæjarstæði býli

63°51.805N 20°18.649V



Í skrá Brynjúlfs Jónssonar yfir eyðibýli sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898 segir: "Grákollustaðir eru og taldir til Gunnarsholtstorfunnar; þeir stóðu út við Rangá, litlu ofar enn á móts við Árbæjarhelli í Holtum. Þar sér nú ekki til rústa, en blásið hafa þar upp brot úr kvarnasteini." Jörðin er nefnd í sölubréfi Gunnarholts frá 1398. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 á Gunnarsholt eyðilandið Grákollustaði. Á sama stað segir: "Grákollsstader. So er kallað landpláts nokkurt við Grafarland grasivaxið, eignað Gunnarsholti, sem áður um getur. Þykjast nokkrir heyrt hafa þar muni í gamladaga hafa bær verið, aðrir sel síðar frá Gröf, og muni þá í leyfi Gunnarholts eiganda hafi brúkað verið. Þar sjest nú ekki nema til nokkurra uppgröinna tóftarbrota, en í úngdæmi manna vottaði þar til túngarðs myndar. Slægjuland er ekkert og landið víða umhverfis blásið og í þann máta óbyggilegt." "Inn með Ytri-Rangá í Helluvaðslandi er eyðibýli, sem heitir Grákollustaðir," segir í örnefnalýsingu Helluvaðs. Grákollustaðir eru um 5 km vestan við bæ 001.

Mínjar um Grákollustaði sjást við samnefnt gil sem uppspretta rennur um til Rangár ytri, suðaustan og norðvestan við um 50 m breiðan jarðvegstanga sem er enn óblásinn og liggur að Grákollustaðgili. Umhverfis tangann er allt uppblásið og hvergi sést í mannvirki uppi á tanganum en þar liggja þó götur 661:018.

Í grein Vigfúsar Guðmundssonar um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum sem birtist í Árbók hins íslenska


fornleifafélags 1951-1952 segir: "Bæjarrústin mun vera svo sem 100 faðma frá Rangá hér um bil miðja milli Árbæjar og Snjallsteinshöfða, sem eru þar andspænis utan ár. En þó er nokkur vafi um bæjarstæðið sjálft, því að þar sjást nú litlar leyfar eftir. [...] Líklegasta



Grjóthrúga sunnan við hól á svæði B, horft til austurs



Hóll á svæði B, mögulega bæjarhóllinn, horft til suðausturs



Tóft C, höggvin út í móberg, horft til suðausturs

bæjarstaðið tel eg á bala dálitlum sem að miklu er hulinn rotinni grastorfu, með litlum nýgræðingi í kring, innan um hellublöð og smásteina [...], sem auglýsir einhverja byggingu fyrrverandi. Varla sést þar þó nokkur nothæfur hleðslusteinn, enda burt flutt það nýtilega, m.a. til brúar yfir grafskurð á veginum að Geldingalæk [661:018], og þar með grafin brot af kornkvörn, sem á þessum slóðum hafði áður fundizt. - Vatnsból er þarna gott og nærtækt, lítil lind, sem kemur undan balanum að norðanverðu. [...] Ofan við lindina er leysingavatnið af flata sandinum þar í nánd að mynda foss, þar sem það mylur sandsteins- eða móhellubrúnina á leið sinni. Upp með rás þessari, fáa tugi faðma, eru hellubrot, að líkindum leyfar af kofa eða fjósi." Í landamerkjabréfi Gunnarsholts frá 1890 sem m.a. er birt í Rangvellingabók segir: "Svo fylgir téðri jörð [Gunnarsholti] fyrrnotuð selstöð, sem heitir Grákollustaðir, og

liggur hún vestur við Ytri-Rangá og sunnan að fyrrnefndu stykki liggur Helluvaðsland, norðan að Geldingalækjarland og autan að liggur Grafarbakkaland." Í Rangvellingabók segir: "Grákollustaðir sem fyrr nefndust Grákollsstaðir, stóð um 100 metra frá Ytri-Rangá, nær miðja vegu milli bæjanna Árbæjar og Snjallsteinshöfða, sem eru þar handan árinna. Grákollustaða finnst fyrst getið í getið í kaupbréfi Gunnarsholts frá 7. október 1398 en óvíst er að það sé traust heimild, en sölubréf sömu jarðar frá 12. júní 1475 er næstelsta heimild sem getur þess bæjar. Brynjólfur biskup Sveinsson getur jarðarinnar sem byggðar við visitasú í Odda 1641, en litlu síðar mun hún hafa lagst í eyði [...]" Í sömu heimild kemur fram að jörðin hafi tilheyrt Helluvaði frá 1902. Minjar um býli á Grákollustöðum eru á svæði sem er um 260x140 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Fyrst er að nefna svæði A sem er um 75x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er fast suðaustan við jarðvegstangann. Þar eru hellusteinsbrot á stóru svæði og á því hefur Bogi Thorarensen, heimildamaður, séð brunna steina og fundið tvo kljástaina. Steinarnir eru mjög dreifðir og flestir smáir, ekki er hægt að sjá útlínur húsa eða aðra gripi á svæðinu. Um 60 m norðaustan við svæði A er svæði B sem er um 65x30m að stærð og snýr nálega norður-suður. Mest er um laust grjót á nyrðri hluta á svæðisins en allra nyrst er hóll sem jarðvegur er enn á og hrynur hellugrjót úr honum í tvö lítil gil beggja vegna við hann sem sameinast í Grákollustaðagili. Hóllinn er um 16x20 m að stærð, snýr austur-vestur. Hann er um 2 m á hæð. Lítið er eftir af gróðri á hólnum og hætt við að allur jarðvegur blási burt innan fárra ára. Fast sunnan við hólinn er nokkuð mikið af hellugrjóti og hrúga slíkra steina er um 13 m sunnan við hann. Hrúgan er um 1x1,5 m að stærð og um 0,2 m á hæð, snýr norður-suður. Tveir hraungrýtissteinar eru við suðaustur- og norðausturhornin á hrúgunni. Mögulega er þetta samfallið þak úr einhverri byggingu sem tilheyrir hefur bænum. Vigfús Guðmundsson telur að bærinn sjálfur hafi staðið hér samanber tilvísun hér að ofan. Um 20 m norðan við svæði B er tóft C en í henni eru tvö rými höggvin út í móberg á vesturbrún Grákollustaðagils. Saman eru þau um 4x7 m að stærð og snúa norður-suður. Hólf I er um 3x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Dálítil gróðurtorfa er í miðju hólfinu. Hólf II er fast norðan við I og snýr eins. Það er aðeins vestar og er um 2x6 m að innanmáli. Hólfið er sléttfullt af jarðvegi og gróðri og ekki hægt að sjá dýpt þess en hólf I er dýpst um 0,2 m. Hólfin eru opin til austurs þangað sem þau halla, niður að gilinu og eru að brotna niður í það. Mikið af hellugrjóti hefur hrunið niður í gilið suðaustan við hólf I. Allt umhverfis er uppblásið nema ofan í gilinu sjálfu. Um 5 m vestan við tóft C er greinilegasta grjótdreifin á svæðinu en þar er hellugrjót en einnig hleðslugrjót, að því er virðist. Á einum stað er dálítil grjóthrúga sem er um 1 m í þvermál og um 0,3 m á hæð en ekki er víst að hún sé óhreyfð. Svæðið er um 35x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er staðsett norðaustan í gróðurtorfunni. Um 10 m vestan við svæði D sést enn dreif af hellugrjóti, smáu, og liggur hún meðfram gróðurtorfunni, svo að segja óslitið, á um 190 m löngu svæði sem er 5-10

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: B J: "Skrá yfir eyðibýli ..." Árbók 1898, 17; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 162; DI III, 635; JÁM I, 245, 268-269; Ö-Helluvað, 1; VS: Rangvellingabók, 123-124

RA-303b Gunnarsholt (Grafarbakki)


Talin 20 hdr 1711, Skálholtskirkjueign. "Grafarbakki stóð á sandöldu norðan Hálækjar, rösklega einn kílómetra norðaustur frá Gröf. Elsta heimild um þennan bæ er skrá um jarðir Skálholtsstóls frá árinu 1589, en árið 1813 blés upp hjá bænum kuml tveggja manna frá því fyrir kristnitöku, sem sýnir að þá hefur verið hafin þar byggð." VS: Rangvellingabók, 121. Í eyði frá árinu 1788. "Land jarðarinnar varð að mestum hluta örfoka sandur, og nú nytjaður sem grænfóðursakur, en sneið af landareign meðfram Hróarslæk er gróin. [...] Jörðin er nú nytjuð frá Gunnarsholti." SB V, 53.

1711: "Af túninu er hlaupin grasrót, sem orsakast af brattlendi miklu og vatnsaga, sýnist frammeðis horfa til meiri spjalla. Engjum grandar og Hróarslækur." JÁM I, 252. 1834: "Túnstæðið með öllu uppblásið í sandi og háan melhól." VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum." Árbók 1951-1952, 158.

RA-303b:001 *Grafarbakki* bæjarhóll bústaður 63°50.495N 20°17.799V



Bæjarhóll Grafarbakka 001, horft til suðurs



Um mögulegan kumlfund í landi Grafarbakka segir í bókinni Kuml og haugfé: "Í fornleifaskýrslu sinni frá 1818 getur séra Halldór Magnússon, prestur til Keldnaþinga, um tvö kuml [009] í landi eyðijarðarinnar Grafarbakka á þessa leið: "Þar í Gunnarsholtssókn var bær, sem hét Grafarbakki, Skálholtsstólsjörð, er fór af með öllu fyrir sandblástri 1787 og hefur ei verið byggð síðan. Bærinn stóð á háum hól eða hæð, og hefur því blásið þar upp mold og sandur niður í stóramöl; meðan moldin var fyrst að blása, fannst þar oft eirpjatla, sumar stærri, en aðrar, með eirnögglum, ónýtt til smíða, brot af eirskeifu hef ég heyrt, að þar fundizt hafi. Næstliðið sumar fannst hellir [líklega sami og 010] þar undir, sem bærinn stóð, ei fundust dyr hans, og ekki var hann stór, en sjáanlegt er, að hann af mönnum klappaður er, ekkert fémett fannst í honum." Í Þykkuskinnu segir þetta um bæinn á Grafarbakka: "Bærinn stóð hátt á suðvesturenda ölduhryggs sem gengur fram milli Hróarslækjar að sunnanverðu og Hálækjar norðanmegin. Hann beygir á móts við bæjarstæðið og rennur til suðurs, niður í Hróarslæk, eftir djúpu gili. Af öldunni er allur jarðvegur blásinn burt að undanskildum rúmlega 100 fermetra af gömlum húsagarði bæjarins. Sú torfa rís um það bil tvo metra yfir auðnina. Í kringum hólinn liggur dreif af gömlu, ljótu og smáu hleðslugrjóti." Bæjarhóll Grafarbakka er um 5,2 km suðvestan við Gunnarsholt 303:001.

Bærinn stóð á hárrí og mjórri öldu og rennur Hálækur norðan og vestan við það. Aldan er nær öll blásin niður í mel en nú vex þar lúpína.

Nokkur jarðvegstorfa er eftir óblásin þar sem bærinn stóð eins og fram kom að ofan. Torfan er grasi vaxin, nokkuð flöt og smáþýfð að ofan. Ofan á hana hefur verið steypt járnror. Torfan er um 2 m á hæð og er um 13x11 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Allbratt er niður af

torfunni. Torfan er breiðust í suðausturenda en mjókkar til norðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: KEKH (1956), 43-44; HH: Þykkuskinna hin síðari, 292

RA-303b:002 *Hellisnes* bæjarstæði bústaður 63°50.471N 20°16.908V



Bæjarstæði 002, horft til norðurs

"Á sandinum milli Hellisness og Hálækjarstykkis hefir Skúli á Keldum fundið bæjarrúst, en ekki er kunnugt um nafn þess býlis," segir í örnefnalýsingu. Í Rangvellingabók segir: "Nær miðja vegu milli þess sem bæirnir Ketilshúshagi [RA-306] og Grafarbakki [001] stóðu fyrrum gengur nes út í Hróarslæk sem Hellisnes heitir, og eru landamerki jarðarinnar nú um það mitt. Ofanvert í Hellisnesi, innan landamerkja Grafarbakka, undir brún hárrar sandöldu eru leyfar fornrar byggingar sem eru ekki ólíkar því að vera bæjarleifar." Samkvæmt landamerkjum Grafarbakka frá 1890 er þetta meinta bæjarstæði og Hellisnes 002 innan landamerkja Grafarbakka og því eru þau skráð undir þeirri jörð. Hins vegar virðast landamerkin hafa verið litlu vestar fáum árum áður því í landamerkjalyýsingu fyrir

Ketilshúshaga frá 1885 og birt er í Rangvellingabók segir að landamerkin séu vestanvert við Hellisnes og þá átt við nesið sjálft. Ef til vill eru það eldri landamerki sem Helgi Hannesson hefur þekkt og því ályktar hann að minjarnar hafi tilheyrt Ketilshúshaga frekar en Grafarbakka. Það er hins vegar ekki vitað hversu gömul þessi

landamerki eru, sbr. sögnina um landamerkjagarð 017 í austanverðu Hellisnesi. Sumarbústaðahverfið Ketlubýggð er nú í landi Grafarbakka og teygir sig út á Hellisnesið. Sumarbústaður, byggður á stultum, stendur nú um 100 m austan við bæjarstæðið og trjám hefur verið plantað um 30 m vestar, innan lóðamarka annars sumarbústaðs. Um 5 m fyrir sunnan bæjarstæðið er snarbrött brekka með móbergshömrum niður að Hróarslæk, hún er um 10 m á hæð. Bæjarstæðið er á malaröldu sem gengur til norðurs upp frá Hróarslæk. Það er tæpa 750 m austur af bæ 001 og um 230 m austan við sæluhús 004.

Hellisnef er á malaröldu sem gengur upp af Hróarslæk. Þar vex nú lúpína og gras í smá toppum. Svæðið hefur blásið upp en er nú farið að gróa aftur.

Vigfús Guðmundsson segir í grein sinni frá 1953: "Á mel þessum, upp við hábrúnina, er einföld dreif úr blágrýti, klumpum og nokkrum hraunsteinum [...] og þó að nú orðið sjáist ekki meiri sönnunargögn, verður varla efað, að þarna hefir staðið bær á fornum öldum. [...] Vatnsvegur hefir verið nokkuð langur og brattur, í litla lind rétt við lækinn, vestast undir neðri brúninni. Hellishola, lík og brunnur væri, er þarna skammt suðaustar, í sömu landareign. Vottar fyrri dyrum undir móbergsbrík, og kann að hafa verið notuð hellisholan fyrir kindur eða á annan hátt. Þar af hefur nesið fengið nafn. Á öðru nefi á sömu hæð, drjúgum spöl vestar, næst nefi austan við Hálækjarstykkið, er önnur rúst [006] á sama hátt útflemt á með, um 11x13 faðmar. Tel ég líklegra, að þar hafi verið fjós og heystæði frá hinu bæjarstæðinu, heldur en smákot tvö svo nálægt. Og hefir þá verið nokkur stórbæjarbragar á einbýlinu. Hjá vestri rústinni gat ekki verið tún nema lítið og bratt. Hærra og brattara er þar líka að vatni í læknum, en á hinum staðnum." Einu ummerki bæjarstæðisins er steinadreif á uppblásnu svæði. Hún er á svæði sem er um 30x14 m og snýr austur-vestur. Þar er að finna blágrýti, smáa hellusteina og hraungrýti. Þetta eru án efa leifar bæjarstæðisins en ekki er hægt að sjá neitt sem líkist hleðslum, hólfum eða öðrum mannvirkjum. Steinarnir eru flestir litlir en inn á milli eru stærri steinar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 5; VS: Rangvellingabók, 216, 531; VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 159-160

RA-303b:003 Skurður renna áveita

63°50.261N 20°17.822V



Renna 003, horft til suðurs

"Nokkuð vestur af henni [Lindinni] er Fimmhundraðardý, [...]. Í stykkinu miðju er smágróf, sem nefnd er Skurður. Er hann að líkindum mannaver, gerður til að ræsa dýið fram," segir í örnefnalýsingu. Renna er um 440 m sunnan við bæ 001.

Rennan er í mýri sem þurrkuð hefur verið upp að miklu leyti. Mýrin er smáþýfð og grasi vaxin.


Rennan er um 300 m löng og liggur norður-suður. Hún er grunn og sést aðallega af því að í henni eru færri þúfur en umhverfis hana. Renna er 2-3 m á breidd og um 0,2 m á dýpt. Hún liggur úr litlum grónum skorningi við suðvesturhorn túns sem hætt er að heyja og að öðrum skorningi í norðri sem liggur í breiða rennu til suðvesturs og skilur lífittinn tanga með tóft 007 því sem næst frá landi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 6

RA-303b:004 Lækjamót tóft sæluhús

63°50.451N 20°17.184V



Tóft 004, horft til suðausturs

"Lækurinn er nú allur niðurgrafinn og ekki Hálækur lengur. Lækjamót, svo var nefndur frálegukofi frá Keldum. Stóð hann þó drjúgan spöl s(uð)s(uð)v(estur) frá mótum Hálækjar og Hróarslækjar. Þetta var torfkofi og reis hann ekki úr rústum eftir jarðskjálftana 1912. Þegar búið var í honum var hann tjaldaður og prýddur innan. Fleti tvö voru í kofanum

fyrir karla og konur," segir í örnefnalýsingu. Lækjarmót eru um 230 m vestan við bæjarstæði 002 og um 500 m austan við bæ 001. Tóftin er inni á lóð sem tilheyrir niðurníddum sumarbústað sem ekki er í nothæfu ástandi. Á lóðinni hefur mikið af trjám verið plantað nærri tóftinni.

Tóftin er á sléttu svæði þar sem er mosi, trjágróður og gras. Tóftin er mjög gróin og við það að hverfa. Trjám hefur verið plantað um 3 m sunnan við tóftina.

Tóftin er sigrin og nánast útfloft. Það sést móta fyrir austur- og vesturvegg. Tóftin hefur verið um 3x3 m að stærð

og sést suðurveggurinn sem smá bakki inn á milli birkitrjáa. Veggirnir eru um 0,4 m á hæð og alveg grónir. Hvergi sést móta fyrir grjóti. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir hvar gengið var inn í tóftina.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 6

RA-303b:005 *Gilsbakki* tóft sæluhús

63°50.397N 20°17.761V



Tóft 005, horft til vesturs

"Krókur nefnist þar sem beygjan er á Hálæknum til suðurs og Bakki eða Bakkastykki niður með honum að vestanverðu. Þar var frálegukofi frá Reyðarvatni, sem kallaður var Gilsbakki. [...] Í Austureyri (Reyðarv.) og Vestureyri (Keldna) stóðu skamt hver frá öðrum eldri frálegukofar frá hvorum bæ og báru hvor sitt nafn, Aftanköld (frá Reyðarvatni), Nepja frá Keldum [007]," segir í örnefnalýsingu. Austarlega í Grafarnesi, fast vestan við lækinn sem rennur í Hróarslæk er tóft. Hún er um 180 m sunnan við bæ 001 og um 1,2 km ANA við Gröf 307b:001.

Tóftin er á gras- og lyngivöxnum bakka lækjarins. Vestar er grasflöt og þá þýfður mói.

Tóftin er við það að hverfa í gras og lag hennar því nokkuð óljóst.

Hún virðist vera einföld, um 7x6 m stór, snýr norður-suður. Op er á miðjum austurvegg hennar. Hleðsluhæð veggja tóftarinnar er mest um 1 m, hvergi sér í grjóti í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en Bogi Thorarensen, heimildamaður taldi líklegt að hér hafi verið veiðikofi við lækinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 6-7

RA-303b:006 heimild um fjós

63°50.363N 20°17.692V

Í grein Vigfúsar Guðmundssonar um eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum segir: "Á öðru nefi á sömu hæð, djúgum spöl vestar, næst nefi austan við Hálækjarstykkið, er önnur rúst [sjá einnig 017] á sama hátt útflemt á með, um 11x13 faðmar. Tel ég líklega, að þar hafi verið fjós og heystæði frá hinu bæjarstæðinu, heldur en smákot tvö svo nálægt. Og hefir þá verið nokkur stórbæjarbragur á einbýlinu. Hjá vestri rústinni gat ekki verið tún nema lítið og bratt. Hærra og brattara er þar líka að vatni í læknum, en á hinum staðnum," Mögulega hafa þessar minjar verið um 670 m vestan við Hellisnes 002 og um 260 m sunnan við bæ 001.

Sumarbústaðaland er undir brúninni sem bærinn stóð á og umræddar minjarnar hafa verið á. Þar er mikil byggð og gróður og búið að slétta flatir innan lóða og ýmislegt rask orðið.


Ekki sést til minja en skoðað var svæði neðan sumarhúsalóða niður að læk. Þar er allbreið grasspilda, nokkuð flöt en hallar að læknum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 159-160

RA-303b:007 *Nepja* tóft sæluhús

63°50.212N 20°17.774V



Tóft 007



Tóft 007, horft til VSV

"Í Austureyri (Reyðarv.) og Vestureyri (Keldna) stóðu skamt hver frá öðrum eldri frálegukofar frá hvorum bæ og báru hvor sitt nafn, Aftanköld (frá Reyðarvatni) [005], Nepja frá Keldum," segir í örnefnalýsingu. Tóft er um 350 m sunnan við tóft 005 og um 250 m sunnan við bæ 001.

Tóftin er á grasivöxnu,

sléttu svæði sem teygir sig til austurs, vesturs og suðurs að læknum. Norðar er þýfður mói og þá mýri.

Tóftin er á dálitlum hól á flatlendu svæðinu. Hóllinn er um 10x14 m stór og um 1 m há. Tóftin er í norðvesturhorni hans. Hún er um 4x3 m stór og snýr austur-vestur. Op er austarlega á norðurvegg hennar. Tóftin er að hluta stungin niður í hólinn. Hleðslur hennar eru um 0,6 m háar ef mælt er innan frá en að utan eru þær um 0,3 m háar, hvergi sér í grjóti í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af lagi og staðsetningu hennar að dæma hefur hér hugsanlega verið einhvers konar kofi, smala- eða veiðikofi. Hóllinn er líklega að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög og sennilegt að hér hafi verið byggingar í langan tíma.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 7

RA-303b:008 *Geldingaborgir* örnefni fjárskýli 63°50.491N 20°18.348V
"Kálfabugur er fyrir ofan Bjalla, nálægt mörkum Kirkjubæjar og Reyðarvatns. Þar eru Geldingaborgir," segir í örnefnalýsingu. Geldingaborgir hafa að líkindum verið uppi á sandbrún eða sunnan undir henni, um 450 m vestur frá bæ 001.

Há brún er upp á sléttendar flatir. Til suðurs er mýri sem búið er að þurrka og rækta að hluta. Til austurs er sumarbústaðaland. Brekkurnar eru sandi orpnar á köflum.

Ekki sést til minja og kannaðist Bogi Thorarensen, heimildamaður, ekki við að hafa séð borgir á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Vestri-Kirkjubær og Strönd, 7

RA-303b:009 kuml legstaður

Í bókinni Kuml og haugfé segir: "Í fornleifaskýrslu sinni frá 1818 getur séra Halldór Magnússon, prestur til Keldnaþinga, um tvö kuml í landi eyðijarðarinnar Grafarbakka á þessa leið: "Þar í Gunnarsholtssókn var bær, sem hét Grafarbakki, Skálholtsstólsjörð, er fór af með öllu fyrir sandblástri 1787 og hefur ei verið byggð síðan. Bærinn stóð á háum hól eða hæð, og hefur því blásið þar upp mold og sandur niður í stóramöl; meðan moldin var fyrst að blása, fannst þar oft eirpjatla, sumar stærri, en aðrar, með eirnöglum, ónýtt til smíða, brot af eirskeifu hef ég heyrt, að þar fundizt hafi. Næstliðið sumar fannst hellir [líklega sami og 010] þar undir, sem bærinn stóð, ei fundust dyr hans, og ekki var hann stór, en sjáanlegt er, að hann af mönnum klappaður er, ekkert fé mátt fannst í honum. Líka hafa fundizt í sömu jarðar landeign uppblásin bein af tveimur mönnum nú fyrir 5 árum og hestbein með hjá öðrum þeirra; hjá öðrum áðurnefndum beinum fannst lítið af ryðguðu járn, sem sýndist af lögun vopni." Aðrar heimildir eru ekki um fundinn, en sýnilega eru þetta forn kuml, og kynni járníð að hafa verið spjót. Ekki er nein nánari vitneskja um fundarstaði beinanna og því ekki hægt að staðsetja hann með innan 50 m skekkju. Bogi Thorarensen, heimildamaður, vissi ekki hvar þau hafa verið en taldi líklegt er að þau hafi fundist á sama nesi og bærinn 001 stóð á.

Heimildir: KEKH, 43-44

RA-303b:010 hellir 63°50.495N 20°17.742V

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Helgi Hannesson getur um tvo gamla hella á Grafarbakka, báða fulla af sandi. Annar er í melbrúninni austan við bæjarhólinn [001], algjörlega horfinn sjónum manna." Hellirinn hefur líklega verið um 45 m austan við bæ 001.

Melbrúin er gróin að miklu leyti og er lúpína farin að láta til sín taka þar. Enn eru þó ógrónar sandskriður í brúninni.

Ekki sjást ummerki um helli í brúninni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Manngerðir hellar, 223; FFI, 176

RA-303b:011 hellir 63°50.644N 20°17.394V

Í bókinni Manngerðir hellar segir: "Helgi Hannesson getur um tvo gamla hella á Grafarbakka, báða fulla af sandi. Annar er í melbrúninni austan við bæjarhólinn [010], algjörlega horfinn sjónum manna. Hinn er í örfoka móbergsöldu kippkorn norðaustur frá bænum. Strompur á honum, ennþá opinn, vísar á hvar hann var. Grasblettur norðvestan í melbrúninni blasir við af Gunnarholtsvegi og sýnir hvar forskálinn var. Þessi hellir virðist hafa verið nokkuð stór." Óljóst er af lýsingu hvort móbergsaldan sem hellirinn var í er á sama nesi og bærinn eða norðan við lækinn. Líklegur staður er í melöldu sem er um 430 m norðaustan við bæ 001. Hún er sunnan við læk og er að mestu gróðurlaus og án einkenna. Ekki sjást merki um helli þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Manngerðir hellar, 223

RA-303b:012 heimild um landamerki 63°50.154N 20°17.760V

Landamerki Grafarbakka frá 1890 er lýst í Rangvellingabók: "Niður með Hróarslæk, er skilur löndin milli Grafarbakka og Kirkjubæjar [RA-278], er þúfa með aðbornum steinum rétt norðan við þjóðveginn [núverandi þjóðvegur sem liggur til norðausturs frá þjóðvegi 1]. Hún er mark milli jarðanna Grafarbakka og Grafar [RA-307b]." Varðan var um 720 m suðvestan við töft 004 og tæpa 650 m sunnan við bæ 001. Bakkar Hróarslækjar eru um 3 m háir og nokkuð brattir niður að læknum á þessum slóðum. Líklegt má telja að grjótið hafi verið nýtt í aðrar byggingar.

Þar sem varðan var er nú grasivaxið svæði í halla til suðurs. Svæðið er gróið, þar vax mosi og grasi.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 122

RA-303b:013 varða landamerki

63°50.464N 10°18.497V

Landamerki Grafarbakka frá 1890 er lýst í Rangvellingabók: "Niður með Hróarslæk, er skilur löndin milli Grafarbakka og Kirkjubæjar [RA-278], er þúfa [012] með aðbornum steinum rétt norðan við þjóðveginn [núverandi þjóðvegur sem liggur til norðausturs frá þjóðvegi 1]. Hún er mark milli jarðanna Grafarbakka og Grafar [RA-307b]. Þaðan bein lína á "litla vörðu", er stendur uppi á sandbrún vestnorðanvert við Grafarnes." Varðan var um 830 m norðvestan við vörðu 012 og um 570 m vestan við bæ 001.

Þar sem varðan stóð er nú gróin móbergsbrún. Hún er grasivaxin en víða glittir í sand.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 122

RA-303b:014 heimild um landamerki

63°50.569N 20°16.752V

Landamerki Grafarbakka frá 1890 er lýst í Rangvellingabók: "Niður með Hróarslæk, er skilur löndin milli Grafarbakka og Kirkjubæjar [RA-278], er þúfa [012] með aðbornum steinum rétt norðan við þjóðveginn [núverandi þjóðvegur sem liggur til norðausturs frá þjóðvegi 1]. Hún er mark milli jarðanna Grafarbakka og Grafar [RA-307b]. Þaðan bein lína á "litla vörðu" [013], er stendur uppi á sandbrún vestnorðanvert við Grafarnes. Þaðan bein lína í norðurenda Vörðufells, allt út að Ytri-Rangá, þaðan bein lína í Vakhól uns mætist þverlína þaðan eftir greindri línu í þrjár vörður [015, 016], sem þá bera hver í aðra og liggja niður á móbergsnef það, sem gengur suður í mitt Hellisnesið. Nær sú lína niður að Hróarslæk. Þaðan ræður nefndur lækur alla leið að fyrrgreindri þúfu." Líklegt er að vörðurnar hafi verið rifnar niður og steinarnir endurnýttir. Varðan var rúma 850 m austan við bæ 001 og rúma 200 m NNV við Hellisnes 002.

Þar sem varðan var er nú uppblásinn melur sem byrjaður er að gróa aftur. Þar vex lyng og víðir.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 122

RA-303b:015 varða landamerki

Landamerki Grafarbakka frá 1890 er lýst í Rangvellingabók: "Niður með Hróarslæk, er skilur löndin milli Grafarbakka og Kirkjubæjar [RA-415], er þúfa [012] með aðbornum steinum rétt norðan við þjóðveginn [núverandi þjóðvegur sem liggur til norðausturs frá þjóðvegi 1]. Hún er mark milli jarðanna Grafarbakka og Grafar. Þaðan bein lína á "litla vörðu" [013], er stendur uppi á sandbrún vestnorðanvert við Grafarnes. Þaðan bein lína í norðurenda Vörðufells, allt út að Ytri-Rangá, þaðan bein lína í Vakhól uns mætist þverlína þaðan eftir greindri línu í þrjár vörður [014, 016], sem þá bera hver í aðra og liggja niður á móbergsnef það, sem gengur suður í mitt Hellisnesið. Nær sú lína niður að Hróarslæk. Þaðan ræður nefndur lækur alla leið að fyrrgreindri þúfu." Líklegt er að vörðurnar hafi verið rifnar niður og steinarnir endurnýttir. Ekki er vitað hvar varðan var nákvæmlega en hún hefur verið fyrir norðan vörðu 014.

Þar sem varðan var er nú uppblásinn melur sem byrjaður er að gróa aftur. Þar vex lyng og víðir.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 122

RA-303b:016 varða landamerki

Landamerki Grafarbakka frá 1890 er lýst í Rangvellingabók: "Niður með Hróarslæk, er skilur löndin milli Grafarbakka og Kirkjubæjar [RA-415], er þúfa [012] með aðbornum steinum rétt norðan við þjóðveginn [núverandi þjóðvegur sem liggur til norðausturs frá þjóðvegi 1]. Hún er mark milli jarðanna Grafarbakka og Grafar. Þaðan bein lína á "litla vörðu" [013], er stendur uppi á sandbrún vestnorðanvert við Grafarnes. Þaðan bein lína í norðurenda Vörðufells, allt út að Ytri-Rangá, þaðan bein lína í Vakhól uns mætist þverlína þaðan eftir greindri línu í þrjár vörður [014, 015], sem þá bera hver í aðra og liggja niður á móbergsnef það, sem gengur suður í mitt Hellisnesið. Nær sú lína niður að Hróarslæk. Þaðan ræður nefndur lækur alla leið að fyrrgreindri þúfu." Líklegt er að vörðurnar hafi verið rifnar niður og steinarnir endurnýttir. Ekki er vitað nákvæmlega hvar varðan stóð nákvæmlega en hún hefur verið fyrir norðan vörður 014 og 015.

Þar sem var var er nú uppblásinn melur sem byrjaður er að gróa aftur. Þar vex lyng og víðir.

Engin ummerki vörðunnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: VS. Rangvellingabók, 122

RA-303b:017 heimild um landamerki

63°50.420N 20°16.648V

Í grein Vigfúsar Guðmundssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1951-52 er talað um merkjagarð í landi Grafarbakka: "Landamerki milli Ketlu [RA-306] og Grafarbakka eru í nesi [Hellisnesi] þessu miðju, eftir árið 1890. - en eftir gamalli sögn hafði þarna verið landamerkjagarður að austanverðu í nesinu, sem nú sést ekkert

eftir af." Á Hellisnesi eru nú þrjár sumarbústaðir og skjólbelti umhverfis þá. Svæðið hefur blásið upp en síðar verið grætt upp aftur og er grasivaxið. Mjög líklegt er að bygging þeirra hafi raskað garðlaginu, ef eitthvað hefur verið eftir af því. Garðlagið var tæpum 1 km austan við bæ 001.

Þar sem garðlagið var er nú slétt, grasivaxið svæði umhverfis sumarbústaðalóðir. Svæðið hefur blásið upp og síðan gróið aftur.

Engin ummerki garðlagsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: VG: "Eyðibýli og auðnir á Rangárvöllum" Árbók 1951-1952, 159

RA-303b:018 *Ketilhúshagi* bæjarstæði bústaður 63°50.468N 20°17.000V

Í bókinni Þykkiskinna hin síðari, eftir Helga Hannesson, segir: "Elstu rústir í Ketlulandi eru að ætlan minni [Helga Hannessonar] þar við fossinn [neðri-Ketlufoss]. Á örfoka móbergshjalla, sunnan undir lágri brekku liggur dreif af hleðslugrjóti bornu upp frá læknum." Meint elsta bæjarstæði Ketilhúshaga er um 1 km vestan við Ketilhúshaga 306:001 og um 1 km austan við bæjarhól Grafarbakka 001. Ekki er vitað á hvaða tíma þessi bær var í notkun eða hvort að um bæ er að ræða yfirhöfuð. Það þarf frekari rannsóknir á svæðinu til þess að skera úr um það. Ekki eru til heimildir um hjáleigur á svæðinu en bærinn virðist hafa verið fluttur nokkrum sinnum samkvæmt Helga Hannessyni en aðrar heimildir geta þess ekki. Samkvæmt landamerkjum Grafarbakka frá 1890 er þetta meinta bæjarstæði og Hellisnes 002 innan landamerkja Grafarbakka og því eru þau skráð undir þeirri jörð. Hins vegar virðast landamerkin hafa verið litlu vestar fáum árum áður því í landamerkjalytingu fyrir Ketilhúshaga frá 1885 og birt er í Rangvellingabók segir að landamerkin séu vestanvert við Hellisnes og þá átt við nesið sjálft. Ef til vill eru það eldri landamerki sem Helgi Hannesson hefur þekkt og því ályktar hann að minjarnar hafi tilheyrt Ketilhúshaga frekar en Grafarbakka. Það er hins vegar ekki vitað hversu gömul þessi landamerki eru sbr. sögnina um landamerkjagarð 017 í austanverðu Hellisnesi.

Skógi vaxin sumarbústaðarlóð er þar sem bærinn var líklega. Áður var á svæðinu mikill uppblástur en er nú uppróið þar sem sumarbústaðarlönd eru niður við Hróarslæk. Allbratt er niður að læknum og fossinum sem er suðvestan við bæjarstæðið.

Í Þykkiskinnu hinni síðari segir ennfremur: "Þegar ég kom þar í fyrsta sinni, fyrir um 30 árum [óvíst er hvenær það var nákvæmlega, mögulega í kringum 1950], var hún 10-12 faðma löng en langtum mjórri. Nær suðurjaðri hennar og austurenda lágu steinar í nokkrum grónum röðum. Líklega undirstöður fornra veggja. Nú hefur nokkuð af þessu grjóti verið flutt á brott. Þar með rauðleitur hellusteinn, með skállaga dæld í annarri hliðinni. [...] Efst í halla vestan hjallans bryddir á grjóti, óbyggjandi úr fornri bæjarrúst: 1. Brunníð smágrjót, líklega úr hlóðum eða smiðju. 2. Nokkrir kljástear úr eygðu grjóti. 3. Brot úr nokkrum kvarnarsteinum. Þar á meðal þriðjungur af fallega kúptri lítilli yfirkvörn. Öll brotin úr íslensku hrauni, orðinn [svo] þunn af sliti." Ekki sést til minja um þetta bæjarstæði enda allt öðruvísi umhorfs nú (2009) en þegar Helgi var á vettvangi.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: HH: Þykkiskinna hin síðari, 301-302; VS: Rangvellingabók, 216

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.